Fornleifaskráning í Hvítársíðuhreppi



Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson

Fornleifastofnun Íslands
FS283-04161
Reykjavík
2005

Forsíðumynd er af Franzhelli í Kalmanstungulandi (MH-002:124)

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit:

I. INNGANGUR....4

II. BYGGÐASAGA....5

III. FORNLEIFASKRÁNING OG LÖGGJÖF UM MINJAVERND....8

IV. FORNLEIFASKRÁ....12

MH-002 Kalmanstunga....12
MH-002b Kalmanstunga (Arnarvatnsheiði)....55
MH-003 Fjósatunga....67
MH-004 Þorvaldstaðir....91
MH-005 Hallkelsstaðir....101
MH-006 Kollstaðir....111
MH-007 Gilsbakki....124
MH-007b Gilsbakki (selland)....155
MH-008 Bjarnastaðir....160
MH-009 Kirkjuból....169
MH-010 Hvammur....176
MH-011 Haukagil....185
MH-012 Sámsstaðir....197
MH-012b Sámsstaðir (selland)....206
MH-013 Háfafell....207
MH-014 Þorgautsstaðir....215
MH-015 Tóptahringur....229
MH-016 Fróðastaðir....230
MH-017 Síðumúli....241
MH-017b Síðumúli (selland)....253
MH-018 Síðumúlaveggir....256

V. FORNLEIFAR OG BYGGÐ....267

Bæjarhólar og býli....267
Kirkjur og mannabein....270
Útihús og túngarðar....272
Stekkir og kvíar....273
Sel og beitarhús....275
Mótekja og torfrista....276
Refagildrur....277
Hellar....279
Leiðir og vöð....280
Sæluhús....281

VI. NIÐURSTÖÐUR....282

Tölfræði og hættumat....282
Kynning og varðveisla....286

HEIMILDASKRÁ....289

FORNLEIFAKORT....294

I. Inngangur

Haustið 2004 fór fram fyrri áfangi aðalskráningar í Hvítársíðuhreppi. Skráning fór fram annars vegar dagana 17.-27. ágúst og hins vegar frá 6. september til 12. nóvember og voru heimalönd allra jarða hreppsins skráð. Seinni og jafnframt loka áfangi aðalskráningar fór fram sumarið 2005, dagana 17., 25.-27.júní, 2.-3. júlí og 22.-23. ágúst. Í seinni áfanganum voru afréttarlönd hreppsins skráð og telst aðalskráningu Hvítársíðuhrepps lokið.

Könnun á ritheimildum svæðisins, svæðisskráning, var gerð áður en aðalskráning hófst. Leiddi hún í ljós 606 þekkta minjastaði á 17 jörðum. Við vettvangsvinnu fjölgaði minjastöðum mikið, bæði vegna ábendinga frá staðkunnugum og eins vegna þess að minjastaðir, sem áður voru óþekktir, fundust við vettvangsgöngu skrásetjara. Á vettvangi voru því samtals skráðir 783 minjastaðir eða að meðaltali 46 staðir á jörð og er það tæp 30% fjölgun minjastaða frá svæðisskráningu.

Skýrsla þessi er byggð upp eins og aðrar skýrslur um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli), og þá er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (3. kafli). Í kjölfarið fylgir ítarleg skrá yfir fornleifar (4. kafli). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á *Jarðatali Johnsens* frá 1847. Á undan minjaskrá hverrar jarðar er annars vegar gert grein fyrir því hvenær jarðanna er getið fyrst í heimildum og í hvaða fornritum öðrum þeirra er getið auk þess sem fjallað er um afbýli, hjáleigur, bænhús og kirkjur ef einhver eru til að varpa ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Hins vegar er fjallað um landslag á jörðunum, gróðurfar og túnasléttun og aðra þætti sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Aftast í skýrslunni eru fornleifakort sem sýna dreifingu minjastaða. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Að lokum eru svo settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa í hreppnum (6. kafli).

Ágústa Edwald fornleifafræðingur gerði svæðisskráningu fyrir Hvítársíðuhrepp sem byggði m.a. á heimildakönnun á nokkrum jörðum í hreppnum sem nemendur í námskeiðinu *Aðferðir í fornleifafræði* í Háskóla Íslands höfðu gert vorið 2003. Vettvangsvinna var að mestu unnin af Ágústu en Rúnar Leifsson fornleifafræðingur skráði fornleifar í landi Kalmanstungu og Elín Ósk Hreiðarsdóttir skráði hluta fornleifa á Þorvaldsstöðum og á Gilsbakka. Ágústa sá að mestu um frágang og ritaði einnig skýrsluna. Allt verkið var unnið undir stjórn Elínar Óskar Hreiðarsdóttur. Skrásetjarar vilja koma á framfæri þökkum til

heimildamanna sinna fyrir dygga aðstoð og hlýjar móttökur. Sérstakar þakkir eru færðar til Ólafs Kristóferssonar í Kalmanstungu og Snorra Jóhannessonar á Augastöðum fyrir ómetanlega aðstoð við vettvangsvinnu og ýmislegt eftirlæti.

II. Byggðasaga

Hér verður fyrst gerð grein fyrir landnámi í Hvítársíðu eins og sagt er frá því í Landnámabók en á grunni þess og staðsetningu kumla og kirkna er hægt að setja fram tilgátur um hvaða jarðir byggðust fyrst. Kuml eru auðsjáanlega vísbending um byggð fyrir árið 1000, en kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin hafa verið reist skömmu eftir kristnitöku. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Af fleiri atriðum má ráða í þróun byggðar, t.d. bæjanöfnum, dreifingu bæja og landamerkjum.

Þeir bæir/bæjarörnefni á skráningarsvæðinu sem koma fyrir í Landnámu eru: Kalmanstunga, Sturlustaðir, Bjarnastaðir í Tungunni litlu, Brenna, Þorvaldsstaðir (nefndir Þorvarðsstaðir í Landnámu), Gilsbakki, Þorgautsstaðir og Síðumúlaveggir (nefndir Veggir í Landnámu). Einnig er bær neðan Kollshamars nefndur. Um landnám á svæðinu segir Landnáma:

> *"Maðr hét Kalman .... En síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá, er hann hafði farit suðr í hraun að hitta friðlu sína, ok er haugr hans á Hvítárbakka. Hans son var Sturla goði, er bjó á Sturlustöðum uppi undir Tungufelli upp frá Skáldskelmisdal, en síðan bjó hann í Kalmanstungu. Hans son var Bjarni ... Þá eignaðisk Bjarni Tunguna litlu og ofan um Grindr ok Sölmundarhöfða. Kýlan hét bróðir Kalmans; hann bjó fyrir neðan Kollshamar. Hans son var Kári ... Þjóðólfr, son Karla, drap Kýlan Kárason í Kýlanshólmum. Síðan brenndi Þjóðólfr Kára inni, þar sem nú heitir á Brennu. Bjarni Sturluson tók skírn ok bjó á Bjarnastöðum í Tungunni litlu og lét þar gera kirkju. ... Sonr Þorsteins og Lopthænu var Hrosskell, ... Hallkell hét son þeira. Hrosskell ... nam hann Hvítársíðu milli Karrár ok Fljóta; hann bjó á Hallkelsstöðum ok Hallkell son hans eptir hann ... Hrosskell gaf land Þorvarði ... hann bjó á Þorvarðsstöðum ok átti Fljótsdal allan upp með Fljótum. Hrosskell gaf Þorgauti skipverja sínum land niðri í Síðu; hann bjó á Þorgautsstöðum. Börn þeira Hallkels og Þuríðar váru þau Þórarinn ok Finnvarðr, Tindr ok Illugi enn svarti ..."*[1]

Illugi svarti sem hér er á minnst bjó á Gilsbakka[2], samkvæmt Landnámu. Síðumúlaveggja er einnig getið í Landnámu en þar segir að Ísröður, sá er nam land á Ísröðarstöðum, hafi verið faðir Þorbjarnar föður Ljóts á Veggjum[3]. Langflest þeirra bæja/bæjarnafna sem getið er á

[1] ÍF I, 81-83
[2] ÍF I, 54
[3] ÍF I, 85

svæðinu eru þekkt en örnefnin Sturlustaðir og Skáldskelmisdalur þekkjast nú ekki né heldur örnefnið Kollshamar. Samkvæmt þessu eru landnámsbæir í Hvítársíðu sem nú eru þekktir Kalmanstunga og Hallkelsstaðir. Þorvaldsstaðir og Þorgautsstaðir hafa þá byggst á svipuðum tíma og Hallkelsstaðir en Brenna, Bjarnastaðir, Gilsbakki og Síðumúlaveggir eru byggðir af annarri eða þriðju kynslóð landnámsmanna.

Þriggja jarða í hreppnum er fyrst getið í Íslendingasögum. Það eru Fljótstunga Fróðastaðir og Síðumúli. Fróðastaða og Síðumúla er getið í Heiðarvígasögu. Hún er oftast talin til elstu Íslendingasaga fyrir þær sakir að í henni sé ekki að sjá nein áhrif frá öðrum sögum og er þá ályktað að hún sé rituð um 1200.[4] Þó hefur verið bent á hugsanleg áhrif Laxdælu á söguna en þá mun hún vera yngri eða frá síðari hluta 13. aldar.[5] Fljótstungu er getið í Grettissögu sem fellur í flokk yngstu Íslendingasaga. Hún er jafnan talin rituð í upphafi 14. aldar[6]. Fljótstungu er einnig getið í Sturlungu, í Þórðarsögu kakala, í tengslum við atburði sem áttu að gerast árið 1243.[7] Jarðanna Háafells og Sámsstaða er fyrst getið í Sturlungu, í Þorgils sögu skarða. Háafells er getið í frásögn af atburðum árið 1255 og Sámsstaða í tengslum við atburði sem taldir eru hafa gerst árið 1252.[8] Fjögurra jarða á skráningarsvæðinu er fyrst getið í fornbréfum. Það eru Kolsstaðir, Bjarnastaðir, Kirkjuból og Hvammur. Kolsstaða er fyrst getið í máldaga Gilsbakkakirkju frá 1463, Bjarnastaða í máldaga sömu kirkju frá 1397 og Kirkjubóls í máldaga kirkjunnar frá 1499. Þá er Hvamms fyrst getið árið 1527 þegar Teitur Þorleifsson greiðir konu sinni Ingu Jónsdóttur fyrir jörðina.[9]

Af þessum heimildum má ráða að langflestir bæir hreppsins hafi verið byggðir fyrir 13. öld, þ.e. áður en Landnáma, Heiðarvígasaga og Sturlunga voru ritaðar. Hversu löngu fyrir ritun verkanna og hvaða bæir byggðust fyrst er vandi að fullyrða. Leiða má líkum að því að Kolsstaðir, Bjarnastaðir og Kirkjuból, hafa byggst seinna en aðrar jarðir, enda lengi útjarðir Gilsbakkakirkju. Erfitt er að segja til um hvenær jörðin Hvammur byggðist, þó þögn sé um hana í heimildum þar til 1527 er líklegt að hún hafi byggst þó nokkru fyrr.

Engin kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu og því er ekki hægt að tímasetja byggðina með ótvíræðum hætti fyrir 1000. Telja má líklegt að jarðir, þar sem guðshús voru, hafi í það minnsta verið komnar í byggð á 11. öld og er það besta tiltæka vísbendingin um elstu jarðir hreppsins. Kirkjustaðir voru þrír í hreppnum, Kalmanstunga, Gilsbakki og

[4] Íslensk bókmenntasaga II, 1993, 113
[5] Íslensk bókmenntasaga II, 113.
[6] Íslensk bókmenntasaga II, 1993, 144.
[7] Sturlungasaga, 1988, 492.
[8] Sturlungasaga, 1988, 592, 689.
[9] DI IX, 1909-13,403

Síðumúli. Öruggt er að bænhús voru á Sámsstöðum og Þorgautsstöðum og eru máldagar beggja bænhúsa varðveittir. Í Jarðabók Árna og Páls segir að munnmæli séu um bænhús á Haukagili og styður örnefnið Bænhúshóll það. Bænhúsörnefni eru einnig þekkt á Bjarnastöðum og Kirkjubóli. Af þessum heimildum má ætla að Kalmanstunga, Gilsbakki, Síðumúli, Þorgautsstaðir, Sámsstaðir og jafnvel Haukagil séu elstu byggðu jarðir hreppsins.

Ályktanir um byggðaþróun má einnig draga af dýrleika jarða. Dýrleikinn var fasteignamat sem virðist hafa verið fastsett mjög snemma, a.m.k. þegar á 12. öld og má því hafa hann sem vísbendingu um misjöfn gæði jarðanna allt frá fyrstu tíð. Sennilegt verður að telja að dýrustu jarðirnar séu á þeim stöðum sem bestir voru til búsetu og því líklegir til að hafa byggst fyrst. Í töflunni hér að neðan eru teknar til samanburðar þrjár heimildir um fasteignamat.

Nafn jarðar	Dýrleiki **1686**/eigandi[10]	Dýrleiki **1709**/eigandi[11]	Dýrleiki **1847**/eigandi[12]
Kalmanstunga	30/Skálholtsstóll	30/Skálholtsstóll	30/Bændaeign
Fljótstunga	20/Konungseign	20/Konungseign	20/Bændaeign
Þorvaldsstaðir	13/Konungseign	16/Konungseign	16/Bændaeign
Hallkelsstaðir	10/Konungseign	10/Konungseign	10/Bændaeign
Kolsstaðir	10/Gilsbakkakirkja	12/Gilsbakkakirkja	12/Gilsbakkakirkja
Gilsbakki	20/Beneficium*	óviss/Beneficium	Óviss/Beneficium
Bjarnastaðir	20/Gilsbakkakirkja	20/Gilsbakkakirkja	20/Gilsbakkakirkja
Kirkjuból	10/Gilsbakkakirkja	10/Gilsbakkakirkja	10/Gilsbakkakirkja
Hvammur	10/Konungseign	10/Konungseign	10/Bændaeign
Haukagil	20/Húsafellskirkja	16/Húsafellskirkja	20/Gilsb.pr. lénsj.
Sámsstaðir	30/Bændaeign	40/Bændaeign	40/Bændaeign
Háafell	20/Bændaeign	16/Bændaeign	20/Bændaeign
Þorgautsstaðir	30/Bændaeign	24/Bændaeign	24/Bændaeign
Fróðastaðir	23/Síðumúlakirkja	16/Síðumúlakirkja	20/Síðumúlakirkja
Síðumúli	50/Bændaeign	60/Bændaeign	60/Bændaeign
Síðumúlaveggir	20/Bændaeign	16/Síðumúlaveggir	16/Bændaeign

*Jörðin er eign Gilsbakkakirkju, en var höfuðbýli og því nefnt beneficium, aðrar jarðir í eign hennar teljast vera útjarðir og því skráðar eign Gilsbakkakirkju.

Meðaldýrleiki jarða í hreppnum, byggður á meðaltali dýrleika á hverri jörð úr heimildunum þremur er 21 hdr. Þær jarðir sem eru yfir meðaltali að dýrleika, og því líklega þær jarðir er byggðust fyrst, eru Kalmanstunga, Sámsstaðir, Þorgautsstaðir og Síðumúli. Það kemur vel heim og saman við þær heimildir sem fyrr voru ræddar og fellur sérstaklega vel að dreifingu kirkna og bænhúsa, að undanskildum Gilsbakka. Fasteignamat Gilsbakka skekkist þó af þeim

[10] BL, 149.
[11] JÁM IV, 258-276

sökum að það er ekki gefið upp árin 1709 og 1847 og er eflaust of lágt árið 1686. Það skýrist af því að tíund var ekki greidd af kirkjujörðum og fasteignamat var óþarft þar sem enginn tíund var greidd. þeim hluta jarðarinnar sem kirkjan átti en fasteignamat byggðist á greiddri tíund.

Athyglivert er að jarðirnar Hallkelsstaðir og Síðumúlaveggir sem nefndar eru í Landnámu eru tiltölulega litlar jarðir og lágt metnar, sér í lagi Hallkelsstaðir. Orri Vésteinsson hefur bent á að það sé í raun algengt í Landnámabók að smábýli í nágrenni kirkjustaða séu látin vera landnámsjarðir og líklega sé þar um einskonar fræðaminni að ræða. Orri bendir þó á að það sé í sjálfu sér líklegt að menn hafi ekki alltaf búið til lengdar á þeim stöðum sem þeir völdu fyrst, ekki hafi alltaf verið hægt að sjá fyrir hvar væri best að búa og aðstæður gátu breyst eftir því sem landsvæðið í kring byggðist.[13]

Að samanlögðu má leiða líkum að því að Kalmanstunga, Gilsbakki, Sámsstaðir og Þorgautsstaðir séu elstu byggðu jarðir hreppsins. Þegar kort af svæðinu er skoðað kemur einnig í ljós að þessar jarðir dreifast nokkuð jafnt um sveitina. Þó er ekki hægt að útiloka að bæirnir í Gilsbakka og Síðumúla hafi flust þangað frá Hallkelsstöðum og Síðumúlaveggjum eftir að byggð tók að þéttast og þær jarðir séu því réttilega landnámsjarðir líkt og greint er frá í Landnámu. Fljótstunga, Þorvaldsstaðir, Hallkelsstaðir, Hvammur, Haukagil, Háafell, Fróðastaðir og Síðumúlaveggir hafa þá líklega byggst fljótlega út frá áðurnefndum jörðum sem hafa orðið einskonar byggðakjarnar. Að lokum hafi svo jarðirnar Kolstaðir, Bjarnastaðir og Kirkjuból byggst en haldist í eigu Gilsbakka fram eftir öldum. Byggð hefur haldist nokkuð stöðug í hreppnum frá upphafi. Nokkur eyðibýli eru þó þekkt. Af þeim eru Brenna, Kötlutún, Bjarnastaðir og Höggvandastaðir talin vera elst en eins og áður sagði er Brennu og Bjarnastaða beggja getið í Landnámu. Þessi býli tilheyra stærstu jörðum hreppsins, Kalmanstungu og Gilsbakka og ýta ennfremur undir þá ályktun að þær séu elstu jarðirnar á skráningarsvæðinu. Tvenn býli á svæðinu eru talin vera frá 17. öld og eru þau bæði í landi Síðumúla. Önnur býli eru yngri og hafa einungis verið í byggð í stuttan tíma. Nánari umfjöllun um býli er í fimmta kafla undir *Bæjarhólar og býli*.

III. Fornleifaskráning og löggjöf um minjavernd

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í

[12] JJ, 124
[13] Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinsson, 1999, 15-16.

þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“ Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Er fornleifakönnunin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa. Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra

Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er… Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.“

Við skráningu á fornleifum notar Fornleifastofnun Íslands staðlað kerfi þar sem hver sýsla hefur skammstafað heiti (MH, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-002:017 er Hraungarðarétt í Kalmanstungu). Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð.

Fjallað er um hverja fornleif eins og dæmið hér að neðan sýnir



Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild


um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu séu til heimildir um staðinn, en minjar hafi ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar sýnilegar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnit staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap, og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu eru minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum verði raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

IV. Fornleifaskrá

MH-002 Kalmanstunga



30 hdr. 1709. Kirkjueign. Skálholtsstólseign. Einnig nefnd Galmanns Tunga. Jarðarinnar er getið í Landnámabók: "Maðr hét Kalman...síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta, Kalmanstungu alla...ok bjó í Kalmanstungu." - ÍF I, 81 og einnig í Sturlungu: "Nikulás átti bú í Kalmanstugu..." - Sturl II, 935.

"Kötlutún, forn eyðihjáleiga ekki bygð í 100 ár eður lengur. Eru hjer þó ljós byggíngamerki, og allmenníngsrómur sá, að hjer hafi hjáleiga verið, en ekki eru hjer túngarðsleifar ... Brenna, annað fornt eyðibýli hjer í landinu, sem og meinast verið hafa hjáleiga og ekki bygt í 100 ár eður lengur. Ljós eru hjer byggíngamerki, tóftarústir og garðaleifar ... Litlatunga, fornt eyðiból hjer í heimalandinu og eru munnmæli að hjer hafi kirkja verið. Sjást þar og nokkur merki, að þar sem landið blæs upp í einum stað og menn ætla að kirkjan hafi verið og líkindi eru til kirkjugarðsins, koma upp mannabein. Er og á þessu plátsi miklar girðíngar so menn ætla hjer hafi að fornu stór bær verið ... Halldórstopter heita norðan við Fljótið, við kletta þá, sem Kleppar heita. Ekki vita menn að þar hafi nokkurntíma bygð verið eður sjeu þar seltóftir, þó líklegra þyki af rústaleifum, að þar muni sætur verið hafa." - JÁM, 259-60. Í Landnámu segir: "Hans [Sturlu goða] son var Bjarni, er deildi við Hrólf enn yngra ok sonu hans um Tunguna Litlu; þá hét Bjarni að taka kristni; eptir þat braut Hvítá út farveg þann, er nu fellr hon. Þá eignaðist Bjarni Tunguna litlu ok ofan um Grindr ok Solmundarhofða." - ÍF I, 81.

28. febrúar 1398 selur Hallur Svarthöfðason Jóni Gilssyni jörðina Kalmanstungu í Borgarfirði, en Jón lætur í mót jarðirnar Sámsstaði, Skarðshamra og Kleppstíu. Þar segir: "Ero þessi jtok j jordina. Gilsbacki æ skogh ofuan fræ hæfua rauni med vestrkuisl. Enn fliotz tunghu menn vpp fræ hæfua rauni oc til Rissgautu gegnt rafna biargargili oc hrishogg j kleppaskogh annat huart til sels ædr stecka oc eigi lenghr enn kælmanstunghumonnum endiz til sels. sambeit æ fliotztunghu hæls vpp ath læk þeim er fellr or þorgeirs tiorn fram j fliot [eiga biarnarstadir og halkelsstadir skog) j millum nordr klifs oc skridu vpp af selja tunghu." - DI III, 625

2. júní 1497 gefur Eiríkur Sumarliðason prestur Guðnýju Þorleifsdóttur hálfa jörðina Kalmanstungu í tíundargjöf. "...gudnýu þorleifsdottur j sina tiundargiof. Epter þui sem landzlaugin ut uisa at madur megi med laugum gefa af erfdagozi. Alla halfa jordina kalmannzstungu..." - DI VII, 346.

Jarðarinnar er getið í jarðakaupsbréfi Teits Þorleifssonar og konu hans Ingu Jónsdóttur, 24. apríl 1527: ,"Teitr Þorleifsson geldr Ingu Jónsdóttir konu sinni jarðirnar Asgeirsá í Víðidal með ánenfndu búi og ítökum, Lækjamót í Víðidal, Krossanes á Vatnsnesi og eyðikotið minni Ásgeirsá, fyrir þær hennar jarðir og lausagóz, er hann hafði áðr í burtu feingið í Borgarfirði: hálfa Galmanstungu, Fljótstungu, Þóroddsstaði, Kornslæk og Hvamm í Hvítársíðu." - DI. IX. 403-404.

1528, sáttagerð Ögmundar, biskups í Skálholti og Jóns á Hólum: "hann [Jón] skyllde hafa jordina Galmars Tungu til byggingar og hallda gardinn og kirkiuna rielega ok skiællega ok giallda af . ccc. arliga vorum umbodsmanni..." - DI IX, 411-12.

31. mars 1528: "...magnuse biornssyni jordina alla steinstadi j tungusueit...upp j uerdit fyrir þau ui tige hundrada er biskupinn var honum skylldugur fyrir halfua kalmaztungu." - DI IX, 445-6.

16. mars 1558: "Einar bóndi Oddsson og Jón Ólafsson lúka Jóni biskupi Arasyni, í umboði Teits bónda Þorleifssonar og Ingu Jónsdóttur konu hans, jörðina Víðifell...og jörðina Ytravatn...Hér með skyldi Jón biskup taka að sér jörðina Kalmanstungu með tólf kúgildum..." - DI IX, 348-9.

Kalmanstungudómur, 23. júlí 1530, vegna spjalla á krikjunni í Kalmanstungu, skort og fordjörfun á bókum hennar og skrúða og um reikningsskap krikjunnar fornan og nýjan: "...leizt oss greind jord alldrei hafa matt sleiazt eda burtfazt at ospurdum skalholltzbiskupi. Þui dæmsum uier heimalandet þar æfuenliga eign heilagrar skalhollzkirkiu og biskupen mega at sier taka j næstu fardögum." - DI IX, 541-3.

31. júlí 1538, samþykkt tólf klerka, samankallaðra af Ögmundi biskupi í Skálholti: "...þui dæmdum uier þessa adurskrfada garda Galmanstungu og Mýrar vera æfinlega eign Skálholtzkirkiu..." - DI X, 374-6.

1540: Ögmundur biskup í Skálholti gefur Þorsteini Þórðarsyni systursyni sínum Kalmanstungu: "...þvi gefvm vier honvm og favm j sin þionvstvlavn til fvllrar eignar og frials forrædis jordina alla galmastvngv..." - DI X, 552.

"...sá hluti þess [lands Kalmanstungu], sem lá norðan Norðlingafljóts og austan Reykár var seldur í tveimur áföngum, fyrir og eftir síðustu aldamót, er í eigu Reykdælinga og Hálssveitinga og nýtt sem afréttur og til silungsveiði...Henni [jörðinni] var skipt í tvö lögbýli um 1930, en þó er meirihluti lands sameign býlanna" Ö-Kalmanstunga, 2001, 1.

1367: "xci. Þetta gotz atte mariu kirkia j Galmastungu þa er Brandur Hallsson liet lausa enn Svarthofde so hanns tok med j messuklædum." - DI III, 224.

1397: "CXL Galmastunga. Þetta er goss kirkiunnar j Galmastungv þa er Brandur Hallson liet laust enn Svarthofdi son hanz tok vid j messvklædum hinum bestv med pellshokle fordvkumm oc hlodumm. onnur med hvijtum buckrams hokli oc brestur þar med hofud lynid. tuenn messoklædi med fvstans höklumm raudum oc einn hokull laus. ij alltarisklædi med pell. er annad med gullhlodumm. iij lektarar. kantarakapa oc fontklædi. tiolld vmm alla kirkiu. salun. merki oc dvkur laus oc stola laus. dvkar iij glitader oc einn ovijgdur sloppur. kaleikur. skrijn lijtid. Mariuskriptt forn. Pieturs lykneski nytt oc pollaksskriptt. krossar iiij. kiertistikur ij. med messing oc ein stor med jarn oc iiij litlar med jarn. kola. vattzkietill. mvnnlaug oc iiij kluckur oc bialla. paxspiolld iij. messoklæda kista olæst. xviij bækur vondar oc fornar. v merkur vax. stolar tueir. lektarar ij. þielahogg. glerglugg. alltarisstein. Jtem land ad Vellankotlu. asaudar kugilldi oc iiij kýr. v hross oc jarnfestur. glodarkier oc elldberi." - DI IV, 124.

1469: "Anno domini M. cd. Lx. nono. reiknadist suo miklir peningar kirkiunnar i kalmanstungu. Jn primis a hon land allt ath uellankotlu. tuen messukledi ath ollu. oc hinn þri[di] hokull laus. slopp oc kantara kapu. duk

glitadan. alltariskledi tuo. oc er annat uont. fonz umbuningr uondr. glodarker oc elldberi. skrin litid. kalekur med patinu. alltaris stein .ij. kertastikur med kopar. oc .iij. med iarn. tiolld vm alla kirkiu .iiij. kluck[u]r. mariuskript. peturs likneski. þorlaks likneski iij. krossar. merki. ij. paxblod. missali per anni circulum. de sanctis et de tempore. lesbok fra de trinitate oc til aduentu de sanctis et de tempore. qvomune subfragie. capitularius. .viij. skræd[u]r vondar. mariusaga. peturs saga. Messofata kista. stolar tveir. eirn lektari. þelahogg. glergluggr. laus stola. alltarisbok. kola oc vatzketill. xiij. kýr oc lx. asaudar. einn hest. oc ij. hross gelld. eina vod. .xvj. merkr vax. iij. gelldfiar kugilldi. porcio fallin sidan arni bondi jonsson medtok. halft sionda hundrad. oc eitt hundrad i mortualia. Lagdi greindr arni bondi til kirkiunnar salltara godan med mariu salltara ottusangsbok de tempore fra adventu oc fram yfir paskadaginn. siekuensiubok per anni circulum de sanctis. processiunal oc kirial. uoru þessar fim bækur metnar fyrir .ccc. med þeirri litlu kirkiubot sem hann ha[f]di giort. Jtem gaf arne heitin jonsson kirkiune æsaudar kugilldi vndir sik. annat asaudar kugilldi vndir faud[u]r sinn jon. hit þridia vndir mod[u]r sina katerinu." - DI V, 556-7.

1575, Visitatiu Boken Anno 1575: " I Galmastunga. Kirkian Galmastungu a Land ad Wellankautlu. Jtem .iiij. kirkiukugilldi .ij. kyr og .ij. asaudarkugilldi. Jtem i daudu. eitt kier og tekur halffa fiordu tunnu. Jtem i kirkiunni ein messuklædi sæmelig. og eirn gamall hökull farænligur og verid kostuligur. Jtem sildurkaleikur lijtill. beygd patinan. Jtem .x. bokaskrædur. Jtem glodarkier ærelaust. Jtem ein klucka lijtil heil vppi. og onnur kolfflaus. ij. brotnar i sundur. eitt alltarisklædi ærelaust. Jtem kirkiann vel standande. ij Bæier til kirkiusoknar og a kongur bada. Jtem lausagotz. xxx c. Og .iij c." - DI XV, 552-3.

1725, "Þesse eru landamerke stadarens efter Kaupbrefe Halls Svarthofda sonar, og Jons Gilssonar, Hvors Copia ad liggur bæde i Skal Hollte, og lyka ä Kyrkiunne i Kalmanstungu af Dato 1398 rædur Hafurgil ur Jókle, og framm í Hvytä, Enn Hvytä rædur ofann til Gunnlaugs Hófda, enn Vestur Kvyssl rædur upp til Hafa Rauns, fra Hafa Raune, og upp ad Vidgelme frä Vidgelme, og upp i giled, fyrer Nedann Kleppaskög ur gilenu og í Hamartiórn, þä ur Hamrenum er stendur fyrer utann Hamartiorn og i Axlartiórn, þä rædur giled ur Axlartiorn og framm i Dalsä, þä rædur Dalsä uppi Þorvardsstada Vótn, ur Þorvardsstada Vótnum, og uppi Arnarstein, þä i Svinalæk, þä i Ulfsvatns ärlön, þä rædur ulfsvatns ä upp ad Gnupsdala gótu, þä Gnupdalagótur Nordur i lækenn, er fellur ür Leyrutiórn enne Nyrdre, þä austur efter riggium i Vórduna fyrer Nordann torfavótn, þä ur Vórdunne siönhending i millum arfa vatns Hid efsta, og Hlydar Vatns, fyrir Nordann Hävada vatn, upp i Vesturhæd, þä ur Hædenne austur i Endann ä Rettavatne, enn Sydra, þä austur efter Heide fyrer nordann Alfta vatn i Jokuls Enda, þä rada Jóklar f(yrer) Sunnann Ball Jókul i Hafra ärgil; Eru þesse Jtók i Jórdena; Gilsbacke ä skog ofann frä Hafa Hraune med Vestur Kvysl, enn fliöts tungumenn upp frä Hafa Hraune, og til Rissgótu, giegnt Rafna biargargile, og Hryshogg i Kleppa skög, annadhvort til Sels eda stecka og eige leingur enn Kalmanstungu mónnum endest til Sels, Sambeyt i fliötstungu Häls, uppad læk þeim er fellur ür Þorgeyrstiórn framm i fliöt (eige Biarnarstader og Halldelsstader Skög) i millum Nordur Klifs ogskridu upp ad Seliatungu. Portio Kyrkiunnar stendur fyrer Vyne og bakstre, og ef nockud geingur af, þä er þad Henne til vidhallds. Þessu til merkis eru underskrifud Nófn þeirra sem Kyrkiuna ad Kalmanstungu skodudu nærstlidenn 22 Septembris, tveim dógum Syder Hier ad Skalholte A° 1725:/ Jon Arnason, Olafur Gissursson, Erlendur Nicholasson, Jon Andresson" Útdráttur úr vísitazíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1742, 552-553.

"Kirkjustaður annecteraður með Húsafelli og Stóra Ási." JÁM IV, 258.

21. ágúst 1812 var Kalmanstunga lögð til Gilsbakka þegar Húsafellskirkjustaður var lagður niður. - DI I, 593.

Tún 8,1 ha; 6/7 hluti sléttur; Garðar 400 m2. - Túnakort 1917.

"Skógur er nægur til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar...Torfrista og stunga ónýt, og er það einasta til torfs, sem stúngið er úr móum og vallendi á hús og hey. Móskurður til eldiviðar meinast verið hafa, brúkast ei. Silúngsveiðivon á fjalli í stöðuvötnum og lækum, hefur áður að góðu gagni verið , en brúkast nú lítt fyrir fjarlægðar sakir. Eggver af álft hefur og verið við stöðuvötn á fjöllum að góðu gagni, fer nú mjög til rýrðar en brúkast þó. Álftaveiði á sumur við sömu vötn var gagnvæn, brúkast nú lítt fyrir fólksfæði, þykir og fara til rýrðar þó til sje reynt. Grasatekja á sama fjalli, Arnarvatnsheiði, hefur næg verið en brugðist í nokkur ár, og brúkast af mörgum í heimildarleysi og óþakklæti, so og silúngsveiði. Engjum grandar vatnsfall, sem heitir Fljót, með landbroti og grjóts og sands áburði, og so öðru engjatakmarki skriður úr brattlendi, hverttveggja til stórmeina." - JÁM IV, 259.

"Kalmanstungu var skipt í tvö býli eftir 1930....Land Kalmanstungu I...Mjótt láglendi þurrlent milli ár og hlíðar. Norðan við Tungu austan til víðáttumikvalllendisengjar véltækar, með fram fljótinu. Neðar er fjallshlíðin brött að fljótinu, skriðurunnin eða skógi vaxin til skiptis. Háslinn austan Tungu er norðvestan bæjar mýrlendur. Kand þess abýlis er allt neðan við bæ. Gamla túnið niður í átt til Hvítár. Nýrækt þessa býlis er í höllunum austan í Tungu...Kalmanstunga II. Land þessa býlis liggur ofan og austan bæjar að fjallgiðingu. Með Hvítá er misbreið ræma að brekkurótum, valllendisgrundir.Suðurhlíð á hásli og Strút, brött, mikið gróin, hækkar austur. Mýrar uppi á hálsinum en blásið, er hærra dregur. Hraun norðan við hálsinn, en grundir næst Strút og norðurbrekkur grónar, valllendi og lyngmóar. Nýrækt á grundum sunnan og norðan Strúts og á framræstri mýri á hálsinum....Hluti af jörðinni norðan fljóts var seldur í tveimur áföngum...Kalmanstutna á þó alla veiði í spildunni, sem síðar var selld og ¼ í hinni, og er þetta fjöldi silungsvatna. Lítilsháttar silungsveiði í fljótinu." - BB III, 32-33.

MH-002:001 *Kalmanstunga* bæjarstæði bústaður 64°43.815N 20°47.831V



Bærinn í Kalmanstungu, 1892



Bærinn í Kalmanstungu, 1899



Lýsiskolan



Steinbrotið

"Hóllinn (Bæjarhóll) er fyrir sunnan núverandi íbúðarhús og garða." segir í örnefnaskrá. Síðast torfbærinn stóð um 12 m SSV frá gróðurhúsi sem er áfast íbúðarhúsinu var byggt 1905.
Bæjarhóllinn var sléttaður á árunum 1930-33. Eflaust hafa byggingar hinna gömlu -æjarhúsa spannað nokkuð stórt svæði í gegnum tíðina. Allt frá þeim stað er núverandi íbúðarhús standa og til suðvesturs út í garðinn og sennilega alla leið suðvestur á tún. Í garðinum vaxa tré er ógna þeim hleðsluleifum og fornleifum sem kunna að leynast undir sverði.
"Þar var gamla bæjarstæðið áður en steinhús var byggt 1905" segir í örnefnaskrá. Ekki sést til eldri bæja. Þegar Kalman Stefánsson, ábúandi í Kalmannstungu, byggði gróðurhús áfast íbúðarhúsinu frá 1905 að suðvestan fyrir nokkrum árum kom hann niður á gólflag. Síðasti torfbærinn sem stóð í Kalmannstungu var lengra til suðvesturs og gólflagið því líklega frá eldra byggingarstigi. Þó má vera að bakhús gamla bæjarins hafi náði yfir þetta svæði. Þegar sléttað var úr bæjarhólnum fannst gömul lýsiskola og annar forngripur, unnið brot úr steingrip, gegnum borað, fannst í lækjarbakkanum að bæjarbaki á árunum 1965-68.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Kalmanstunga, 2001, 3.

MH-002:002 *Kirkjugarður* heimild um kirkju 64°43.832'N 20°47.764'V



Kirkjutóftin um 1930, horft til VSV

"Kirkjugarður er hið forna kirkju- og kirkjugarðsstæði, beint austur af penings-húsum Kalmanstungu " segir í örnefnaskrá. Kirkjan var um 20 m suðaustan við hlöðu sem var byggð 1910 (sjá MH-002:003).
Búið er að slétta kirkjutóftina og garðinn en það gert 1951. Nú er staðurinn hluti af heimatúninu.
"Vel sást fyrir kirkjutóft og kirkjugarðs-veggjum að hluta til, þar til sléttað var yfir hvorttveggja eftir seinni heimsstyrjöld. Þar voru fornir legsteinar, og munu hafa verið fluttir í Þjóðminjasafnið syðra, þegar sléttað var yfir. Vísu hef ég (M.S.) lengi kunnað sem mér var sagt að letruð væri á stein í garðinum, svona: Eilífur Eilífsson í upprisu dýrðarvon sjö sinnum sólu fegri, í sælu ævinlegri." Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni sást enn um helmingur hins hringlaga garðs og vel sást fyrir kirkjutóftinni áður en sléttað var yfir 1951. Rúnasteinn fannst í kirkjugarðinum um miðja 20. öld og er getið um fundinn í Hundrað ár í Þjóðminjasafni: "...árið 1951 reis sá úr moldu sem honum getur örugglega vitni borið, nefnilega rústasteinninn sjálfur...Við jarðrask á hinum gamla kirkjugarði [í Kalmanstungu] 1951 fundu bændur þar sexstrendan grágulan stuðlabergsdrang, ættaðan frá Baulu í Norðurárdal, rúmlega hálfan annan metra á lengd. Á tveimur samliggjandi hliðum hans er skýrt og auðlesið rúnaletur, er þannig hljóðar: Hér hvílir Jón Gilsson Finnssonar. Les þú eina paternoster fyrir sál hans...má örugglega telja að þessa borgfirsku rúnasteina frá 15. öld". Í bréfi frá Ólafi Kristóferssyni, bónda í Kalmanstungu, til skrásetjara, dagsettu 1. mars 2005 segir enn

fremur: “ Við sléttunina fundust tveir legsteinar fornir. Sá yngri er settur yfir Anrgrím Eyleifsson bónda í Kalmanstungu. Á steininum er eftirfarandi áletrun: “Arngrímur Eyleifsson ; í lífs-upprisuvon ; hvílir hér hægt í guði ; hans sál er í fögnuði. Christi fæðingu frá ; full 16 hundruð má ; og 90 telja ; til sín réð guð hann velja. So skín í sönnum frið ; sál hans lambsins stól við ; 7 sinnum sólu fegri ; í sælu afinlegri.” Arngrímur var sonur Eyleifs Sveinssonar og Helgu Guttormsdóttur sem bjuggu í Kalmanstungu. Hann var fæddur 1650, bjó í Kal. 1675-1690, varð úti í pálsmessuveðrinu 1690, ókv. og barnl.. Steinninn yfir Arngrími var alltaf sýnilegur, en talinn vera yfir Eilífi Eilífssyni.... Eldri steinninn er settur yfir Jón Gilsson bónda í Kalmanstungu. ...Jón Gilsson bjó í Kalmanstungu frá 1398 og líklega til d.d. 1429.”
1367: "xci. Þetta gotz atte mariu kirkia j Galmastungu þa er Brandur Hallsson liet lausa enn Svarthofde so hanns tok med j messuklædum." - DI III, 224.
1397: "CXL Galmastunga. Þetta er goss kirkiunnar j Galmastungv þa er Brandur Hallson liet laust enn Svarthofdi son hanz tok vid j messvklædum hinum bestv med pellshokle fordvkumm oc hlodumm. onnur med hvijtum buckrams hokli oc brestur þar med hofud lynid. tuenn messoklædi med fvstans höklumm raudum oc einn hokull laus. ij alltarisklædi med pell. er annad med gullhlodumm. iij lektarar. kantarakapa oc fontklædi. tiolld vmm alla kirkiu. salun. merki oc dvkur laus oc stola laus. dvkar iij glitader oc einn ovijgdur sloppur. kaleikur. skrijn lijtid. Mariuskriptt forn. Pieturs lykneski nytt oc pollaksskriptt. krossar iiij. kiertistikur ij. med messing oc ein stor med jarn oc iiij litlar med jarn. kola. vattzkietill. mvnnlaug oc iiij kluckur oc bialla. paxspiolld iij. messoklæda kista olæst. xviij bækur vondar oc fornar. v merkur vax. stolar tueir. lektarar ij. þielahogg. glerglugg. alltarisstein. Jtem land ad Vellankotlu. asaudar kugilldi oc iiij kýr. v hross oc jarnfestur. glodarkier oc elldberi." - DI IV, 124.
1469: "Anno domini M. cd. Lx. nono. reiknadist suo miklir peningar kirkiunnar i kalmanstungu. Jn primis a hon land allt ath uellankotlu. tuen messukledi ath ollu. oc hinn þri[di] hokull laus. slopp oc kantara kapu. duk glitadan. alltariskledi tuo. oc er annat uont. fonz umbuningr uondr. glodarker oc elldberi. skrin litid. kalekur med patinu. alltaris stein .ij. kertastikur med kopar. oc .iij. med iarn. tiolld vm alla kirkiu .iiij. kluck[u]r. mariuskript. peturs likneski. þorlaks likneski iij. krossar. merki. ij. paxblod. missali per anni circulum. de sanctis et de tempore. lesbok fra de trinitate oc til aduentu de sanctis et de tempore. qvomune subfragie. capitularius. .viij. skræd[u]r vondar. mariusaga. peturs saga. Messofata kista. stolar tveir. eirn lektari. þelahogg. glergluggr. laus stola. alltarisbok. kola oc vatzketill. xiij. kýr oc lx. asaudar. einn hest. oc ij. hross gelld. eina vod. .xvj. merkr vax. iij. gelldfiar kugilldi. porcio fallin sidan arni bondi jonsson medtok. halft sionda hundrad. oc eitt hundrad i mortualia. Lagdi greindr arni bondi til kirkiunnar salltara godan med mariu salltara ottusangsbok de tempore fra adventu oc fram yfir paskadaginn. siekuensiubok per anni circulum de sanctis. processiunal oc kirial. uoru þessar fim bækur metnar fyrir .ccc. med þeirri litlu kirkiubot sem hann ha[f]di giort. Jtem gaf arne heitin jonsson kirkiune æsaudar kugilldi vndir sik. annat asaudar kugilldi vndir faud[u]r sinn jon. hit þridia vndir mod[u]r sina katerinu." - DI V, 556-7.
1575, Visitatiu Boken Anno 1575: " I Galmastunga. Kirkian Galmastungu a Land ad Wellankautlu. Jtem .iiij. kirkiukugilldi .ij. kyr og .ij. asaudarkugilldi. Jtem i daudu. eitt kier og tekur halffa fiordu tunnu. Jtem i kirkiunni ein messuklædi sæmelig. og eirn gamall hökull farænligur og verid kostuligur. Jtem sildurkaleikur lijtill. beygd patinan. Jtem .x. bokaskrædur. Jtem glodarkier ærelaust. Jtem ein klucka lijtil heil vppi. og onnur kolfflaus. ij. brotnar i sundur. eitt alltarisklædi ærelaust. Jtem kirkiann vel standande. ij Bæier til kirkiusoknar og a kongur bada. Jtem lausagotz. xxx c. Og .iij c." - DI XV, 552-3.
"Kirkjustaður annecteraður með Húsafelli og Stóra Ási." JÁM IV, 258.
21. ágúst 1812 var Kalmanstunga lögð til Gilsbakka þegar Húsafellskirkjustaður var lagður niður. - DI I, 593.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 2-3. og Hundrað ár í Þjóðminjasafni, 89. DI I, III ,IV, V. JÁM IV. Ólafur Kristófersson. Bréf til skrásetjara, dagsett 1. mars 2005.

MH-002:003 heimild um fjós 64°43.831'N 20°47.819'V



Hlaðan, horft til suðurs yfir Kalmanstungu

Inn á túnakort frá 1917, er “Hlaða” merkt fast norðan bæjarins (001). Um er að ræða sambyggð gripahús: hlöðu, fjárhús, hesthús, fjós og haughús. Húsin voru reist árið 1910. Þau standa enn undir þaki og eru í notkun en eru farin að láta á sjá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-002:004 *Hólhesthús* heimild um hesthús 64°43.832'N 20°47.902'V
Hesthús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 60 m norðvestur af íbúðarhúsi frá 1905, vestan bæjarlækjar, á Hesthúshól.
Húsið var innan túns, á Hesthúshól.
Sést ekki til. Útihúsið var samkvæmt Ólafi Kristóferssyni hesthús sem þó var stundum notað sem lambhús. Á þeim stað sem húsin stóðu er nú bátslaga þúst, sem er um 8 X 4 m á stærð og snýr NA-SV. Þúst þessi tengist þó útihúsinu ekki neitt heldur er stafar af tilfærslu jarðvegs af hálfu heimildamanns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-002:005 *Harðhaus* heimild um fjárhús 64°43.840'N 20°47.625'V
Útihús sem merkt er inn á túnakort frá 1917 er um 130 m austur af íbúðarhúsi frá 1905.
Þau voru rifin um eða fyrir 1927, en þá voru húsin sem nú standa á þessum stað byggð.
Samkvæmt heimildamanni var útihúsið fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-002:006 heimild um leið 64°43.857'N 20°47.829'V
Upp að íbúðarhúsinu frá 1905 og eflaust einnig torfbænum (MH-002:001) lá gata sem merkt er inn á túnakort frá 1917. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni var gatan nánast á sama stað og núverandi heimreið liggur en vaðið þar sem farið var yfir lækinn var rétt ofan við núverandi brú.
Yfir götunni er malarvegur (heimreiðin).
Sést ekki til.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-002:007 *Lambhylur* þjóðsaga sögustaður 64°43.577'N 20°47.576'V



Lambhylur, horft til norðausturs

"Lambhylur er í Hvítá niður af túni Kalmanstungu I. austast" segir í örnefnaskrá. Túngirðing Kalmanstungu nær að austanverðu alla leið niður að Lambhyl. Fast norðan við hylinn eru gamlir brúarstólpar hlaðnir og steyptir.
Lambhylur er í Hvítá SSV af Hraunsnefi. Árbakkinn við Lambhyl er hraun með einstaka gróðurskellum.
"Þar segir munnmælasögnin að Kalman, landnámsmaður í Kalmanstungu hafi drukknað í ánni, er hann var að finna frillu sína, sem hefur þá líklega átt heima í Geitlandi eða annarsstaðar sunnan ár" Við Lambhyl eru steyptir og hlaðnir brúarstólpar, reistir um eða fyrir 1930. Þeir eru leifar lausabrúar sem notuð var til að auðvelda vetrarbeit sauðfjár frá Kalmanstungu í Geitland. Brúin var notuð fram undir 1970.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001,3.

MH-002:008 *Brenna* garðlag býli 64°43.149'N 20°49.770'V



Garðbrotið norðan Geitakofans, horft til norðurs

"Brenna er leifar af fornu eyðibýli í hlíðarrótinni fram undan Skágili, nokkuð vestan við Blettinn" segir í örnefnaskrá. Brennu er getið í Jarðabók Árna og Páls: "Brenna, annað fornt eyðibýli hjer í landinu, sem og meinast verið hafa hjáleiga og ekki bygt í 100 ár eður lengur. Ljós eru hjer byggíngamerki, tóftarústir og garðaleifar." Brennu er einnig getið í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1893: "Brenna heitir enn eyðihjáleiga frá Kalmanstungu, sunnan undir felli því, er myndar Kalmanstunguna ...hefr Brenna staðið þar í gilhvammi nokkurum á grænni flöt, sem auðsjáanlega er uppgróin skriða..." Brenna er 85 m NV við Geitakofann (MH-002:046) og 390 m VNV af sumarbústað Zimsen við Bjarkargil. Grasivaxin hlíð. Náttúrulegur birkiskógur í kring.

"Gilið hefur borið skriðu yfir húsarústir og túnblettinn, en þó sést vel fyrir túngarðsrúst. Girtur túnblettur og sleginn árlega, fram undir miðja 20. öld (vél-tækur að nokkru). Tún nú aflagt og girðing fjarlægð." segir í örnefnaskrá. "Svo segir í Landn. (s.st.): "Kýlan hét bróðir Kalmans; hann bjó fyrir neðan Kollshamar; hans son Kári...brendi Þjóðólfr Kára inni, þar sem nú heitir Brenna...Þar sér enn fyrir rúst, enn næstum er hún horfin; nokkuð glöggvar sér þar á einum stað fyrir túngarði. Hvítá rennur fyrir neðan" segir í Árbók. Ekki sést lengur til húsarústar en leifar af þremur túngarðsbrotum sjást, sem geta verið leif sama garðs þó svo þau tengist ekki lengur. Garðbrot MH-002:008 a-b er 20 m langt, lágt og algróið. Ekki sést í grjót. Það er fast suðvestan við vegslóða sem er norðaustan við Brennu. Garðbrot MH-002:008 c-d er 10 m langt, það liggur NNV-SSA og er undir þykkum birkiskógi austan Brennu. Garðbrotið er vel grasigróið og lágt. Garðbrot MH-002:008 e-f er fast norður frá Geitakofan (MH-002:046) og í 8 m til norðausturs. Í þessu garðbroti sést grjót af sömu tegund og er í tóft Geitakofans, sem styrkir þá tilgátu að efni úr garðinum hafi verið notað í kofann. Fleiri garðbrot eiga að vera hér að finna samkvæmt Ólafi Kristóferssyni en skrásetjari kom þó ekki auga á þau við yfirferð sína.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 6. JÁM. IV, 259. Árbók, 1893, 75.

MH-002:009 *Tæpagata* gata leið 64°42.840'N 20°51.127'V

Í yngri örnefnaskrá Kalmanstungu segir: "Við Tæpugötu liggur Farvegurinn fast upp að hlíðinni...Topps-flöt, lítill harðbakki alveg neðan við Tæpugötu, þar sem Farvegurinn beygir frá hlíðinni" Tæpagata sést á um 1250 m kafla vestur með hlíð Tungunnar frá Brennu (MH-002:008) og Geitakofanum (MH-002:046) fyrir neðan Skágil.

Ógróin fjallshlíð og gamall árfarvegur.

Slóðinn sem sést nú á þessum slóðum er heldur óverulegur og er líkastur rolluslóða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001,6.

MH-002:010 *Fjárhúsbót* heimild um fjárhús 64°42.804'N 20°51.443'V

Í örnefnaskrá frá 2001 segir: "Fjárhúsbót tekur við vestan við bæturnar neðan við Tæpugötu [MH-002:009], upp af Fjárhúslág og Litlutungu." Fjárhúsbót er um 250 m V af Tæpugötu (MH-002:009) og um 570 m NNV af Bjarnastöðum (MH-002:048).

Fjárhúsbót er gróin birkiskógi.

Engin fjárhústóft er í Fjárhúsbót og Ólafur Kristófersson kannast ekki við að tóftir hafi verið á þessu svæði. Í örnefnalýsingu frá 2001 segir um Fjarhúsbót: "Dregur væntanlega, eins og lágin, nafn af fjárhúsinu á Bjarnastöðum." og verður að teljast líklegt að tilgátan sé rétt og bótin dragi nafn sitt af fjárhúsinu á Bjarnastöðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,3; Ö-Kalmanstunga, 2001, 9.

MH-002:011 *Fjárhellir* hleðsla fjárskýli 64°42.396'N 20°53.367'V



SSV munninn, horft til austurs



NV munninn, horft til suðausturs

Í örnefnaskrá Kalmanstungu frá 2001 segir: "Fjárhellir(inn) (Hellirinn), gamall fjárhellir alveg við ána, nú að mestu leyti hruninn." Hellirinn er um 260 m suðaustur af Hestsvaði (MH-002:014) og um 340 m suður af Hlöðugili.
Hellirinn er í gróinni hlíð er nær niður að Hvítá.
"Í Hlöðugili hefur sennilega verið sleginn sléttur blettur og heyið flutt að fjárhelli, sem er þar við ána. Var fé stundum hýst þar" segir í svörum við spurningum örnefnastofnunar um örnefni í Kalmanstungu. Í örnefnalýsingu segir ennfremur um notkun hellisins: "Líklega hefur hann síðast verið notaður 1897, þegar landnámsmenn í Bugakoti (Fljótsbakka) gáfust upp á búskap á útmánuðum, vegna þess að heyin fóru í svell og eyðilögðust. Þá kom Sveinn Halldórsson með kindur þeirra ofan að Kalmanstungu og hafði þær við hellinn og hélt þeim þar til beitar um daga, en gisti á Húsafelli" Tveir munnar eru á hellinum. Annar snýr í SSV og opnast að Hvítá. Sá er stór, um 8 m breiður en 2.1 m á hæð. Hlaðið hefur verið þvert yfir munnann til að skapa fjáraðhald. Hleðslan er nokkuð gróf úr fremur stórum grjót-og hraunhnullungum. Hleðslan er um 8 m löng, um 1 m á hæð og um 1 m breið. Hinn munninn er norðvestan í hellinum og er mun minni, eða um 1.5 m á breidd og 1 m á hæð. Fyrir norðvestari munnann er að hluta hrunið og hann liggur auk þess hærra uppi en hinn munninn og stutt göng liggja frá honum og til suðausturs, ofaní hellinn. Fé hefur eflaust verið smalað inn í hellinn um norðvestur munnann, en mun greiðfærara er að honum en stærri munnanum sem snýr að Hvítá. Hellirinn sjálfur er um 9 X 8 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Lofthæð inni í hellinum er víðast lítil eða um 1-1.30 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,3; 2001, 7 og svör við spurningum Örnefnast., 1.

MH-002:012 *Hlöðugil* örnefni hlaða 64°42.578'N 20°53.297'V
"Hlöðugil...Það er mest þessara gilja [skriðugiljanna í suðurhlíð Tungunnar], greinist í tvær kvíslar þegar kemur upp í skóginn." segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Í Hlöðugili hefur sennilega verið sleginn sléttur blettur og heyið flutt að fjárhelli, sem er þar við ána." Hlöðugil er um 340 m NNA af Fjárhelli (MH-002:011) og um 670 ASA af Þjófaborg (MH-002:015).
Í gilinu er þykkur birkiskógur
Ekki er vitað til þess að hlaða hafi verið í Hlöðugili og ekki sést til neinnar tóftar þar. Hugsanlega er nafnið tilkomið vegna þess að áður hafi einhvertíma verið sleginn blettur við gilið. Ólafi Kristóferssyni finnst líklegt að nafnið Hlöðugil sé hljóðbreyting af upprunalegra nafni sem sé "Huðnugil" eða "Höðnugil" (ung kvengeit) og gilið tengist því ekki hlöðu á neinn hátt enda gilið ólíklegt hlöðustæði. Einning nefndi Ólafur fleirtöluorðið "hlöð" í merkingunni fjárborg, sem hugsanlegan stofn örnefnisins en Fjárhellirinn (MH-002:011) er skammt frá gilinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 3 og svör við spurningum Örnefnast.,1.

MH-002:013 *Snorrahlaup* þjóðsaga
"Austan við tunguna [Litlutungu] eru í ánni strengir, sem nefndir eru Stokkar. Einhvers staðar á þeim mun vera Snorrahlaup" segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt. Ólafi Kristóferssyni er Snorrahlaup á Hvítá eflaust einhvers staðar milli Hestvaðs (MH-002:014) og Brúarstöplanna (MH-002:053), en þar á milli er víðsvegar stutt á milli árbakkanna og mögulegt fyrir fífldjarfa að hoppa yfir ána. Snorrahlaup er því líklegast á Hvítá milli hnitanna 64°42.462'/20°53.655' og 64°42.400'/20°51.773'
"... Snorrahlaup [er] kennt er við Snorra, prest á Húsafelli sem á að hafa stokkið þar yfir." segir í örnefnaskrá Hraun, malar og sand árbakkar. Víða þrengist Hvítá á því svæði sem Snorrahlaup er talið vera á og verður áin þá að sama skapi straumharðari í þrengingunum.
.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,3 og 2001,7.

MH-002:014 *Hestavað* heimild um vað 64°42.462'N 20°53.655'V
"Hestavað er á ánni neðan við Hlöðugil, litlu ofar en láglendi þrýtur með suðurhlíðinni." segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 260 m norðvestur af Fjárhelli (MH-002:011) og um 530 m SA af Þjófaborg (MH-002:015).
Hraun, malar og sand árbakkar.
"Þar var farið yfir í Húsafellsskóg. Vaðið þótti misgott, þ.e. breytti nokkuð botnlagi frá einum tíma til annars." segir í örnefnaskrá. Á þeim slóðum er Hestavað hefur verið er Hvítá lygn og breið. Ekki sést slóði við vaðið en nákvæm staðsetning þess var fengin frá Ólafi Kristóferssyni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 8.

MH-002:015 *Þjófaborg* örnefni aftökustaður 64°42.670'N 20°54.117'V
"Þar á [Tungusporðinum (þar sem árnar mætast)] er dálítið áberandi klettahóll, ekki hátt uppi, er heitir Þjófaborg. Rétt við borgina norðan við sporðinn kemur svo gil niður í fljótið, sem heitir Þjófagil" segir í örnefnalýsingu. Þjófaborg er um 670m í VNV frá Hlöðugili (MH-002:012) og um 780 m NV af Fjárhelli (MH-002:011).
Klapparhóll vestast á Tungunni.
"Tilgáta er að gilið og borgin dragi nafn af aftöku þjófa. Engin sögn er til um slíkt svo vitað sé." segir í örnefnalýsingu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 4 og 2001, 10.

MH-002:016 *Smiðjuás* örnefni smiðja 64°43.282'N 20°52.895'V
"Smiðjuás er allhár skógivaxinn tunguhryggur meðfram fljótinu austan Rauðkúlu" segir í örnefnaskrá. Þar segir jafnframt: "Af afstöðulýsingu má ætla, að þetta sé Seljatunga sú, sem nefnd er á fornum bréfum, enda er Háahraun hér á móti. Hnit var tekið á miðjum Smiðjuás, 920-930 m SV frá Norðurkastsgil (MH-002:051) og um 1,35 km N af Hlöðugili (MH-002:012).
Smiðjuás er vaxinn þykkum og ógreiðfærum birkiskógi.
Varðandi það hvort að á Smiðjuási/Seljatungu hafi verið sel eða smiðja er sagt í örnefnaskrá frá 2001: "..Hitt er mönnum illskiljanlegt, að hér hafi verið haft í seli, því hvorki er hér líklegt að verið hafi hentugt beitiland málnytupeningi, né gott að gæta hans...Fremur mætti geta þess til að hér hafi verið beitarhús og vetrarsel í þeim skilningi, en ekki mun það stutt neinum þekktum minjum. Nafnið Smiðjuás styðst ekki heldur við neinar slíkar minjar. Þó að hér hafi verið gnægt eldiviðar til rauðablásturs, er æðilangt í rauðamýri..." Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni ábúanda í Kalmanstungu hefur aldrei sést til tófta eða annarra fornleifa á ásnum. Ekki er líklegt að smiðja hafi verið reist á þessum slóðum þar sem ásinn er langt frá bæ, um 4,1 km VSV frá MH-002:001 og nokkuð ógreiðfært er að honum. Mun léttara hefði verið að flytja eldsneyti frá hinum skógivaxna Smiðjuás heldur en að flytja hráefni úr rauðamýri til hans. Ólafur Kristófersson gat sér þess helst til að nafnið sé þannig tilkomið að smiðja sem staðsett hafi verið í nágrenninu, þar sem gott hafi verið til fanga með mýrarrauða hafi átt skógarítak í Smiðjuási.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 10.

MH-002:017 *Hraungarðarétt* tóft rétt 64°44.306'N 20°49.775'V




Hluti réttarinnar, horft til SSA


"Austan í Hraungörðunum er Hraungarðarétt" segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir ennfremur: "Hraungarðar eru hraunbríkur við Fljótið rétt við brúna og liggur vegurinn yfir þá austanverða, en sá hluti, sem sundurdráttarrétt var í, er þó austan við veginn" Réttin er

um 70 m sunnan við brúna yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu, fast austan við þjóðveg. Úfinn hraungarður á gróinni grasflöt austan við þjóðveginn.
"Frálausir dilkar virðast hafa verið a.m.k. norður með bungunni austan vegar, e.t.v. víðar, en eru löngu aflagðir" segir í örnefnaskrá. "Þar mun hafa verið réttað fénaði af Arnarvatnsheiði áður en Fljótstungurétt var byggð. Tunguréttir eru nefndar í fjallskilatilskipun Ólafs Stephensen, og talið að þær séu þetta. Hér var rekið að fé í heimalands smölun vor og haust, allt fram yfir 1940" segir enn fremur í örnefnalýsingu. Inni í réttinni eru víða grjóthnullungar er hafa hrunið úr henni. Réttin er hlaðin úr stóru til meðalstóru grjóti og eru umför mest 5. Þar sem hleðslur hækka náttúrulega hraungarða verður mest hæð þeirra 1,8 m samanlagt, en hleðsluhæð ein og sér fer mest í 1 m. Réttin nær yfir svæði sem er um 24x13 m og er hún greinanleg í fjögur hólf sem hér verða aðgreind með bókstaf. Stærsta hólfið, a, er vestast. Það er um 15x12 m stórt, snýr austur-vestur. Austan við a er hólf b, sem er 9x3 m stórt og snýr norður-suður. Austan við b er hólf c. Það er 4x4 m stórt. Opið er á milli hólfa a og b og einnig á milli b og c. Fjórða hólfið d er sunnan við a, það er um 4x2 m stórt, snýr austur-vestur. Ekki er opið úr því hólfi í önnur hólf. Um 16 m norðan við réttina, vestan undir bungunni er önnur tóft, eflaust einn af frálausu dilkunum sem um getur í örnefnaskrá. Hún er um 14x6 m stór, tvískipt og snýr norður-suður. Syðra hólfið er mun stærra, snýr eins og tóftin og er um 10x3 m stórt, ekkert op er á því. Nyrðra hólfið snýr hins vegar austur-vestur, það er um 6x4 m stórt, opið til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,4 og 2001, 12.

MH-002:018 *Nátthagar* gerði nátthagi 64°44.282'N 20°49.837'V




Nátthaginn, horft til vesturs



"Nátthagar eru tveir, annar milli hraunbríkanna [Hraungarðar] vestan við veginn, og eru hleðslur um þvera spilduna milli þeirra; hinn austan vegar og hefur Fljótið brotið sig drjúgum inn í hann." segir í örnefnaskrá. Nátthaginn er fast vestan þjóðvegar, um 120 m suðvestan við brúna yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu.
Hraungarðar á grasigrónu engi. Þjóðvegur liggur þver yfir hraungarðanna.
Því sem næst ferningslaga hagi, afmarkaður með náttúrulegum hraungörðum og hleðslum. Hleðsluhæð mest 1,50 m og 4 umför. Haginn er 30x29 m stór. Stærsti hlaðni garðurinn myndar vesturmörk hagans og er hann 29 m langur, 1 m breiður og 1 m hár. Að austan markast haginn í dag af þjóðvegi, en garðurinn sem markaði austurhlið nátthagans var rétt við vesturskant vegarins. Haginn er allur eitt rými, utan eitt hólf sem myndað er með hleðslu uppvið náttúrulegan hraungarð á norðurmörkum hagans. Hólf þetta er 7x4 m að stærð og er opið til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 12.

MH-002:019 *Nátthagar* garðlag nátthagi 64°44.277'N 20°49.732'V





Nátthaginn, horft til suðurs

"Nátthagar eru tveir, annar milli hraunbríkanna [Hraungarðar] vestan við veginn, og eru hleðslur um þvera spilduna milli þeirra; hinn austan vegar og hefur Fljótið brotið sig drjúgum inn í hann."segir í örnefnalýsingu. Nátthagi er fast austan þjóðvegar, 120 m sunnan við brúna yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu.
Grasivaxið engi austan við þjóðveg og sunnan við Norðlingafljót.
Nátthaginn afmarkast að sunnan af náttúrulegum hraungarði sem snýr austur-vestur og að austan af hlöðnum garði sem snýr hornrétt á hraungarðinn og liggur norður-suður. Tvær hliðar, vestur- og norðurhlið, vantar, og hafa þær farið undir veg eða skemmst af Norðlingafljóti. Hlaðna hliðin er 13 m löng, 1 m breið og 0,5 m há. Hleðslan er tvískipt; að vestanverðu (á þeirri hlið sem snýr inn í hagann) er steinhleðsla en austurhlið garðsins er úr torfi og er vel gróin. 2 umför eru eftir af hleðslunni. Nátthagarnir voru samtengdir, hlaðinn garður á milli (í vesturkanti vegarins). Eystra hólfið tengdist réttinni (MH-002:017) bæði að norðan og austan. Fljótið hefur brotið af haganum að austan og tekið hluta af garðinum. Að sögn heimildamanns hafa hleðslur að norðan fordjarfast vegna vegagerðar, auk þess voru suður og austur hliðar nátthagans voru stórskemmdar með grjótnámi Vegagerðarinnar um 1960.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 12.

MH-002:020 *Snasavað* heimild um vað 64°44.333'N 20°50.720'V
"Í Fljótstungulandi, er hraunbunga, sem nefnd er Snasi, og austan við Lambhólma er svo vað á fljótinu, er heitir Snasavað" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnalýsingu var vaðið einnig nefnt Lambhólmavað. Vaðið er á Norðlingafljóti, um 680 m norðvestan við nátthaga vestan þjóðvegs (MH-002:018).
Grasivaxinn árbakki.
Vaðið er ekki notað í dag, enda er steypt brú yfir ánna um 730 m austar. Þar sem Snasavað hefur áður verið virðist áin þó vera ágætlega góð yfirferðar, ekki of djúp né straumhörð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 5 og 2001, 12.

MH-002:021 *Bogavað* heimild um vað
"Undan Breiðalandi er vað, sem nefnt er Bogavað" segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar vaðið hefur nákvæmlega verið. Samkvæmt örnefnaskránni sem Ari Gíslason skráði eftir Kristófer Ólafssyni má ráða að vaðið hafi verið einhvers staðar milli Snasavaðs (MH-002:020) og brúarinnar yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu. Þar á milli eru um 730 m. Þessu vaði er alveg sleppt í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001.
Grasivaxinn árbakki Norðlingafljóts.
"[Bogavað] heitir eftir manni, er rétt var farinn þar í fljótið og var byrjaður að kalla á hjálp" segir í örnefnaskrá. Ólafur Kristófersson er ekki viss að um hefðbundið vað sé að ræða. Hann telur frekar að staðurinn kunni að vera tengdur atviki er umræddur Bogi álpaðist út í Norðlingafljót á stað sem ekki er hentugur til vaðs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,5

MH-002:022 *Eyravað* heimild um vað 64°44.301'N 20°49.595'V
"Undan Þórðarteig er vað í ánni, er heitir Eyravað" segir í örnefnaskrá. Eyravað var um 180 m suðaustan við brúna yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu og um 140 m austur af Hraungarðarétt (MH-002:017).
Sand-og malareyri og gróið engi í kring
Áin er eflaust hentug til vaðs á þessum slóðum því þar er hún nokkuð breið og grunn og mikið um malareyrar sem og malarhólma út í ánni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 5

MH-002:023 *Jarpur* varða 64°44.006'N 20°48.205'V
"Upp á því [Sýrholti] er varða, er heitir Jarpur" segir í örnefnaskrá. Varðan sést vel frá bæ og þjóðvegi og er í 440 m NNV af íbúðarhúsunum í Kalmanstungu.
Kringum vörðuna er melur með einstaka grasbölum.
"Þar undir [Jarpi] er heygður reiðhestur Ólafs [Stefánssonar] í



Varðan, horft til norðurs

Kalmannstungu;sér hann þaðan vel yfir land sitt og hlaupateiga." segir í örnefnaskrá. Jarpur er hlaðinn úr meðalstóru grjóti. Hann er 1,5 m á hæð og þvermál hans að neðan er 3x2 m austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 5

MH-002:024 *Kleppavað* heimild um vað 64°45.569'N 20°46.600'V
Kleppavað er á Norðlingafljóti, um 250 m sunnan við enda Krókkasts og um 270 m SA við Kleppasel (003:014). Bakkar fljótsins eru grónir á þessum stað, hærri norðan megin en lágir að sunnan.
Ekki sést til slóða að vaðinu. Þar sem vaðið hefur verið er áin nokkuð breið, frekar grunn og lygnari en víðast annarsstaðar í nágrenninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 5

MH-002:025 *Kerling* heimild 64°43.881'N 20°46.662'V
"...aðeins norðan hans [Tjaldsteins] er vörðubrot, sem nefnt er Kerling" Kerling var alveg við bakka Hvítár, sunnan við Harðageira. Ólafi Kristófersyni rámar í að vörðubrot hafi áður verið á þessum stað en ekki sjást leifar þess nú.
Bakki Hvítár, grasivaxinn og með grjóthnullunga á stangli.
Sést ekki til
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 6

MH-002:026 *Fornistekkur* heimild um stekk 64°43.914'N 20°46.147'V
"Austan við Votageira er svo Fornistekkur" segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni var stekkurinn því sem næst á miðju túni milli Hvítár og brekku, um 160 m suðaustan við kofatóft (MH-002:108) og um 1,34 km ANA frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Engin merki um stekkin sjást nú en þar sem hann var eru sléttað tún. Í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001 kemur fram að stekkurinn er þegar horfinn þá.
Ekki sést til fornleifar vegna túnsléttunnar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 6 og 2001, 15 og Ö-Kalmanstunga, 2001, 15.

MH-002:027 *Veitur* örnefni áveita 64°43.869'N 20°45.723'V
"Austan við hana [Stekkjargrund] er svo raklendi, nefnt Veitur" segir í örnefnaskrá. Líklega hefur áveita áður verið á því svæði sem ýmist var nefnt Veitur eða Veita. Svæðið orðið að túni, fast VSV við Stóraketil. Veita er um 1,67 km austur af íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Sléttað tún er nú á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ,6 og 2001, 15.

MH-002:028 *Brúarstöplar* hleðsla brú 64°43.830'N 20°45.851'V



Stöplarnir, horft til suðvesturs

"Brúarstöplar eru manngerðir, sinn hvoru megin árinnar niður undan Veitu [MH-002:027] ofan við Veitufoss" Brúin var yfir Hvítá um 600 m beint suðvestur af Stórakatli og um 620 m VSV af rústahólnum í Kötlutúni (MH-002:030).
Kalmanstungumegin er stöpullinn á berghólma í Hvítá, sem þó tengist landi ef lítið er í ánni. Stöpullinn sunnan meginn við ánna er þó landfastur.
"Notaðir áður fyrir lausabrú" Stöplarnir eru úr hlöðnu grjóti og steypu. Ekki er sjáanlegt steypustyrktarjárn. Grunnflötur stöplanna er um 1,6x1,2 m og eru þeir um 1,5 m háir. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu voru stöplarnir reistir á fyrri hluta 20. aldar. Þeir eru leyfar lausabrúar sem notuð var til að auðvelda vetrarbeit sauðfjár far Kalmanstungu í Geitland – Brúin var notuð fram undir 1970.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 15.


MH-002:029 heimild um stekk 64°44.061'N 20°45.294'V
"Austan við Stóra-Ketilinn er lækur, er heitir Kötlutúnslækur, hann kemur ofan úr Stóra-Katli, en uppi í

hvamminum er gamall stekkur" segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er nú horfinn en var í austanverðum Katlinum, um 2,06 km ANA frá íbúðarhúsum Kalmanstungu og um 250 m NNV frá rústahól í Kötlutúni (MH-002:030).
Í botni ketilsins er ræktað tún (nú aflagt) og er líklegt að ef stekkur hafi verið í Katlinum að hann hafi horfið við ræktunina. Nokkuð er af grjóthruni úr hlíðum Ketilsins, sem eru víðast ógrónar.
Ekki sést til stekkjarins. Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu fannst hugsanlegt að tilvist stekkjarins í Katlinum væri byggð á misskilningi en átt væri við Kötlutúnsrústina í örnefnaskránni.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Kalmansunga, KÓ, 6

MH-002:030 *Kötlutún* tóft+garðlag býli 64°43.950'N 20°45.122'V




Tóftirnar, horft til suðurs



"Kötlutún er brött brekka og rústir af fornu eyðibýli, sem eru austan við lækinn og Stóraketil skammt frá ánni." segir í örnefnaskrá. Á þessum stað sjást bæði túngarðsleifar og rústahóll. Hóllinn er um 200 m austur af Stórakatli og 2,16 km ANA af íbúðarhúsum Kalmanstungu, en SSA-endi túngarðsbrotsins er tæpum 30 m NNA frá rústahólnum.
Rústahóllinn er í grasigróinni hlíð sem teygir sig niður að Hvítá. Kötlutúns er getið í Jarðabók Árna og Páls: "Kötlutún, forn eyðihjáleiga ekki bygð í 100 ár eður lengur. Eru hjer þó ljós byggíngamerki, og allmenníngsrómur sá, að hjer hafi hjáleiga verið, en ekki eru hjer túngarðsleifar" Í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001 segir: "Jarðabókin 1709 segir þar ekki hafa verið byggð í 100 ár eða lengur, en hafa verið hjáleigu. Þess hefur verið getið til að hér hafi verið Sturlustaðir, sem Landnáma nefnir og segir Sturlu (goða?) Kalmansson hafa byggt, en flutt sig heim í Kalmanstungu, þegar Kalman féll frá. Væri þá Stóriketill Skáld- eða Skallskelmisdalur en Tungufell Strúturinn. En þetta er aðeins tilgáta. Vellankötlunafn, sem fyrir kemur í fornbréfum hefur mönnum líka dottið í hug að tengja Kötlutúni, en það er jafnóviss tilgáta". Þar sem býlið hefur verið er stór og óreglulegur rústahóll. Hóllinn er 30 m NA-SV x 20 m NV-SA að stærð. Hann er mest 2 m á hæð. Rústahóllinn er þýfður en í honum eru 4-5 greinileg hólf, þarf af er hið syðsta langskýrast og er það sennilega yngst auk þess sem það er stærst. Það er 8 x 2 m að innanmáli. Hólfin tvö þar norðan við eru hvort um sig 6 x 1,20 m að innanmáli. Vestasta hólfið í hólnum er 5 x 2,5 m að innanmáli. Líklega eru leifar gamals túngarðs tæpum 30 m NNA frá rústahólnum. Garðurinn er siginn og lítur út fyrir að vera gamall. Hann fylgir gömlum lækjarfarvegi í stefnunni NNV-SSA upp hlíðina og er um 30 m langur. Í SSA enda garðsins er greinileg grjóthleðsla, 1,8 m löng, en afgangur garðbrotsins er gróinn. Allt í allt nær rústahóllinn og garðbrotið yfir svæði sem er um 50 m norðursuður og um 20 m austurvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 15. JÁM, IV, 259.

MH-002:031 *Tæpagata* gata leið 64°43.950'N 20°44.823'V
"Tæpagata er einstigi á klapparkasti við ána, rétt austan við Kötlutún" Í Kalmanstungu eru tvær Tæpugötur (sjá einnig 009). Sú sem hér er skráð sést fast vestan við Litla Ketil og 240 m austur af rústahólnum í Kötlutúni.
Gatan liggur í brattri og hárri malarhlíð sem liggur niður í Hvítá.
Götuslóði er á þessum stað. Um er að ræða lítinn troðning sem líkist helst rolluslóða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 16.

MH-002:032 tóft 64°43.923'N 20°44.416'V




Tóftin, horft til norðausturs

Austan við Ketilinn er grasi vaxin flöt, er heitir Litla-Ketilsflöt; á henni er rúst eftir kofa varðmanna í kláðaverðinum" segir í örnefnaskrá. Kofatóftin er á grasflötinni fast austan Litla Ketils, hjá Hraungrýti sem þar er. Hún er um 2,71 km austur frá íbúðarhúsum Kalmanstungu og 325 m ASA frá Tæpugötu (MH-002:032).
Tóftin er á grasivaxin flöt milli hlíðar og Hvítár. Hraungrýti á stangli.
Lítil og tilgengin kofatóft. Tóftin er hlaðin úr meðalstóru hraungrýti og er hún vel gróin. Hún er 2 x 1,5 m að innanmáli. Hleðsluhæð er 0,5 m og sjást 2 umför af grjóti. Dyr eru á suðaustur hlið tóftarinnar. Önnur kofatóft (MH-002:062) er um 25 m norðaustur af þessari.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 6

MH-002:033 *Tjaldhóll* heimild um tjaldstæði 64°43.902'N 20°47.866'V
"Kirkjubrekka nær vestur að læk, en vestan við hann er þar á móti hóll, er heitir Tjaldhóll" segir í örnefnaskrá. Túngirðing liggur yfir hólinn þveran frá norðri til suðurs og er því hluti hólsins innan túns.
Grasivaxinn hóll. Víða skagar í gegnum gróðurinn berg og stórt grjót.
"Ef til vill hafa þar tjaldað ferðamenn" segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 6


Hóllinn, horft til norðausturs

MH-002:034 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 64°43.832'N 20°47.902'V


Hesthúshóll, horft til NNV

"Hesthúshóll er efst á Hesthúsavelli, neðan við heimreiðina." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er fast vestan við bæjarlækinn, um 60 m beint vestur af íbúðarhúsunum sem eru austan lækjar.
Engin merki sjást um hesthúsið en þar sem það stóð er grasivaxinn hóll í túni. "Þar stóð til skamms tíma hesthús og hlaða úr torfi. Leifar af fleiri torfhúsum voru neðar á vellinum fram um miðja öldina" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Engi merki hesthússins sjást nú þó hóllinn sé enn stæðilegur. Hann er sléttaður. Skráðar eru nokkrar byggingar sem stóðu áður á vellinum og hólnum: (MH-002:004), (MH-002:094), (MH-002:095), (MH-002:096), (MH-002:097) og (MH-002:098).
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 3.

MH-002:035 *Torfabæli* örnefni bústaður 64°44.263'N 20°34.874'V
"Upp með Hvítá, þegar dregur aftur frá Hafrafelli, eru svo þrjú grassvæði, er öll heita Torfabæli" segir í örnefnaskrá. Torfabæli er um 5 km suðaustur frá Draugagili, handan við Hallmundarhraun sem er á milli.
Torfabæli eru þrír grónir grasblettir milli Skógarhlíðarhrauns vestanmegin og jökuls til austurs, nálægt upptökum Hvítár. Neðsta bælið er sunnan Hvítár og tilheyrir Geitlandi.
"Um uppruna þessa Torfabælisnafns er ekki nein vissa; sagt er, að þar hafi eitt sinn búið karl með þessu nafni" segir í örnefnaskrá. Engar mannvistarleifar eru í Torfabæli og það er ekki sennilegur staður fyrir mannabústað. Ólafur Kristófersson gat sér þess til að í Torfabæli hefðu ef til vill verið varðkofar sem tengdust kláðaverðinum, eins og víða meðfram ofan verðri Hvítá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 8

MH-002:036 gata leið 64°45.362'N 20°45.740'V

"Inn eftir, neðan hlíðar [Stórugilshlíðar], liggur gamall vegur" segir í örnefnaskrá. Gatan var neðan Stórugilshlíðar, 220 m suðaustan við Gjána (MH-002:103).



Leiðni við Neðri Fugleyrar, horft til NNV

Leiðin neðan Stórugilshlíðar tengist þeirri leið er liggur yfir Neðri Fugleyrar (64°46.544'N/20°43.754'V). "Neðri-Fugleyrar eru grasfitjar þar sem Fljótið hefur fyllt með framburði í hraunið því nær þvert yfir...Vegurinn lá um þær á moldargötum frá Strút að Fljóti" segir í örnefnaskrá. Þar liggur gatan NNV-SSA, frá Strút að Norðlingafljóti. Grunnur götuslóðinn er nokkuð greinilegur. Leirkenndur jarðvegur hylur hraunið. Á honum vaxa skellur af grasi, lyngi og mosa.
"Nú hefur verið lagður malborinn vegur upp hraunið fyrir sunnan Surtshelli og er nú aflögð að mestu gamla hestagatan um Neðri-Fugleyrar." segir enn fremur í örnefnaskrá. Leiðin sem greina má á Neðri Fugleyrum tengist leiðinni yfir Þorvaldsháls (64°49.824'N/20°36.733'V). "Þorvaldsháls er löng jökulalda er liggur SV-NA milli hrauns og Norðlingafljóts, víða grýtt að ofan en gróin í brekkum að sunnan [...] talinn klukkutíma lestagangur eða 5 km að lengd, ef farinn var endilangur, en þetta þótti einkar seinfarin leið. Leiðin á og um Arnarvatnsheiði lá eftir hálsinum endilöngum, en Tvídægruleið (Núpdælagötur) hluta leiðar, þ.e. að Núpdælavaði. Nú hefur verið lagður akfær vegslóði eftir hrauninu sunnan við hálsinn, með því að aka á það möl og ferðir eftir gömlu götunum um Þorvaldsháls lagzt af" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Göturnar eru greinilegar víða, t.d. austarlega á Þorvaldshálsi, 70 m fyrir norðan Mangastein (MH-002:070).
Greinilegar hestagötur, þýfðar og vaxnar lyngi og hreindýramosa.
Leiðin er greinileg og liggur norðaustur-suðvestur. Víða hafa hestagöturnar á Þorvaldshálsi þó vikið fyrir jeppaslóðum. Leiðin um Þorvaldsháls var vörðuð og standa vörðurnar flestar enn. Vörðurnar eru misstæðilegar, flestar um 1 m á hæð. Ekki sést alls staðar á milli þeirra en vegalengdin á milli þeirra er æði misjöfn.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 20, 21,22 ; KÓ, 9.

MH-002:037 *Brunnar* lind áfangastaður 64°46.288'N 20°43.617'V
"Brunnar (Gvendarbrunnar) er forn áningarstaður á grasfitjum við lindarlæk norðan við Strútinn, þar sem leiðin beygir frá hlíðinni í átt að Norðlingafljóti." segir í örnefnaskrá. Brunnarnir eru fast norðan við veginn inn að Surtshelli (MH-002:039), skilti merkir staðinn.
Brunnarnir eru lindarlækur sem rennur í gegnum litla grasflöt, skammt norðan við Strút og fast sunnan við mosavaxna breiðu Hallmundahrauns
"Lindin talin vígð af Guðmundi biskupi Arasyni, eins og mikill fjöldi annarra" segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 20.

MH-002:038 *Draugagil* þjóðsaga draugur 64°46.022'N 20°40.200'V



Draugagil (merkt með rauðu), horft til suðvesturs



Draugagil, horft ti vesturs

"Nokkuð austur af henni [Stóruskriðu] er gil, sem nefnt er Draugagil" segir í örnefnaskrá. Draugagil er stórt gil á austanverðum Strút. Það er um 2,8 km austur af Gvendarbrunnum (MH-002:037).
Djúpt og hrikalegt móbergsgil. Mikil hrunhætta er í gilinu.
"Þar er sagt, að Snorri á Húsafelli hafi komið fyrir um 70 draugum."segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni ábúanda í Kalmanstungu er líklegt að þjóðsagan hafi það hlutverk að halda fólki frá gilinu enda sé ekki hættulaust að vera þar á ferð sökum grjóthruns.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 9

MH-002:039 *Surtshellir* hellir áfangastaður 64°46.892'N 20°43.427'V



Surtshellir, horft til suðausturs

"Surtshellir er spölkorn sunnan vegarins, er liggur til Arnarvatnsheiðar, og er í norður frá Gvendarbrunnum" segir í örnefnalýsingu. Nú hefur verið lagður nýr vegur sunnan hellisins og er leiðin að hellinum vel merkt með skiltum. Surtshellir er um 6,69 km norðaustur frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Surtshellir er stór hraunhellir í Hallmundarhrauni. Stór gjá, um 15 m djúp og inn af henni eru 4 hellismunnar.
"Surtshellir er einn frægasti hraunhellir landsins, og eru op hans, fjögur að tölu meðfram götu, sem liggur upp hallandi hraun frá Neðri-Fugleyrum og að Fljótinu nokkru ofar og sameinast þar aðalveginum... Drápsgjá er annað opið austan frá Surtshelli, stórt op þar sem hellisþakið hefur fallið niður. Þar er þverhnípt og hátt og illkleift niður að fara í hellinn, en þjóðsagan segir að þar hafi Hellismenn rekið fram af fé það, er þeir stálu til að skera. Beinahellir (Vígishellir) er afhellir innan við Drápsgjá, til vinstri þegar inn úr henni kemur og nær þangað dagsbirta. Þar eru hleðslur nokkrar sem vitna um mannavist, en ekki síður beinahrúga mikil, sem í var mikið af heillegum beinum fram á miðja 20.öld, en eru nú lítið orðin nema mylsna af traðki og illri umgengni.... Ranghali liggur héðan til hliðar við aðalhellinn, út í þriðja opið. Rauðihellirinn (Rauður) er til hægri þegar komið er inn úr Drápsgjá, á móti Beinahelli.... Þar er þó líka svolítið af beinum. Ísahellir er í vesturhluta hellisins, vestan við vestasta opið, en um það op er einnig auðveld innganga í hellinn. Hér eru miklar ísmyndanir." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Þar segir ennfremur: "Nafnið Vígishellir á Beinahelli mun ekki vera upprunnið á Kalmanstungu, þar sem hann var aldrei kallaður annað en Beinahellir; Matthías Þórðarson nefndi Rauðahelli Rauð." Rauðihellir er nefndur Beinahellir í örnefnaskrá Kristófers Ólafssonar en Rauðihellir í örnefnaskrá frá 2001, þar sem segir að ekki hafi tíðkast í Kalmanstungu að nefna hann Beinahelli, þó í honum sé svolítið af beinum.
Hættumat: stórhætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ, 9 og 2001, 21.


MH-002:040 *Litli geitakofi* tóft geitakofi 64°43.535'N 20°47.734'V



Tóftin, horft til vesturs



Tóftin, horft til austurs




"Litli geitakofi...rétt vestan við lækinn, efst í Lambabæli" segir í örnefnaskrá. Tófti Litla geitakofar eru um 10 m vestan við bæjarlæk og um 75 m norðan við mót bæjarlækjar og Hvítár.
Tóftin í grónum móa, umhverfis er lyng og birki í kring. Djúp hola er fast upp við kofarústina að norðan.
"Litli geitakofi, rúst af geitakofa" segir í örnefnaskrá. Innanmál kofans er 3,5 m AV x 2,4 m NS. Hleðslur eru 1,50 m háar og eru þær 4 umför af meðalstóru til stóru grjóti. Stór náttúruleg klöpp myndar suðurvegg geitakofans. Dyr hafa verið á vesturvegg kofans, en nú er hrunið upp í þær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 3.

MH-002:041 tóft 64°43.470'N 20°47.710'V



Tóftin, horft til VNV



Tóftin er um 125 m SSV af Geitakofanum (MH-002:040) og um 650 m SSA frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Rústin er í móa, gróin lyngi.
Innanmál tóftarinnar er 6 m NV-SA x 2,5 m SV-NA og umför af grjóti eru 1-2. Víða eru gloppur í útlínum veggja og hrunið grjót á víð og dreif í kringum og inni í tóftinni. Eina sem eftir er eru grónar grjótundirstöður veggja. Tóftin er tvískipt, stærra hólfið er 3,5 m á lengd en minna 2 m á lengd. Erfitt er að greina op á veggjum eða á milliveggnum því grjótið í tóftinni er mjög gengið til. Tóftin er hugsanlega leifar stekkjar, en hlutverk hennar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 3.


MH-002:042 *Sigurðarstekkur* örnefni stekkur 64°43.855'N 20°48.399'V
"Sigurðarstekkur er lítill gras- og lynghvammur í nyrðri bakka Engjalækjar, neðan við Norðurbakka-túnið" segir í örnefnaskrá. Litlar klappir eru í bakka Engjalækjar sunnan við Sigurðarstekk. Engar leifar sjást um stekkinn en hann hefur verið um 450 m norðvestan við íbúðarhús í Kalmanstungu, upp með Engjalæk.
Lítill grasi- og lyngivaxinn hvammur á norðurbakka Engjalækjar
"Þar eru ekki sjáanlegar rústir" segir í örnefnaskrá. Ólafur Kristófersson ábúandi í Kalmanstungu veit ekki til þess að rúst hafi nokkurn tímann verið á svæðinu sem kallað er Sigurðarstekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 4.

MH-002:043 *Vínartún* heimild um hesthús 64°43.844'N 20°47.973'V
"Vínartún er neðsti hluti túnsins fyrir norðan Engjalæk" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Þar segir ennfremur: "...kennt við hesthús, sem kallað var Vín og stóð þar nálægt horninu, þar sem vegurinn beygir niður vestan Bæjarlækjar. Það var byggt úr torfi og grjóti um 1936, en er nú jafnað við jörðu fyrir alllöngu." Húsið var beint vestan við Hesthúshól (MH-002:034), austast á túninu vestan þjóðvegar, nálægt þeim stað er vegurinn sveigir niður, vestan bæjarlækjar. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni var húsið notað jöfnum höndum sem fjárhús og hesthús en þó frekar sem hesthús á seinni tímum.
Slétt og grænt tún.
Engar leifar hesthússins sjást nú. Ekki er vitað að eldra hús hafi verið á þessum stað og því telst staðurinn ekki til fornleifa samkvæmt strangri túlkun Þjóðminjalaga.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 4.

MH-002:044 tóft 64°43.057'N 20°48.950'V

"Skollhóll er allhár gróinn klapparhóll eða höfði, laus frá Tungunni, rétt við veginn á hægri hönd, þegar farið er frá bæ niður að brúnni á Hvítá og að Húsafelli. Uppi á hólnum norðan í er kofarúst" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu. Kofarústin er um 280 m ASA frá sumarbústaði Knut Zimsen (sem er neðan við Bjarkargil).





Tóftin, horft til norðurs

Rústin er í NNAverðri hlíð Skollhóls, inni í þéttum birkiskógi og stafar henni mikil hætta af þeim sökum.
Tóftin gæti verið af varðkofa úr fjárkláðanum þó hennar sé hvergi getið í upptalningu á þeim. Frá henni er ekki langt upp á topp Skollhóls, en þaðan er gott útsýni yfir umhverfið. Tóftin er hlaðin úr meðalstóru grjóti, innanmál hennar 3 x 2 m og snýr því sem næst A-V. Hleðsluhæð er mest 0,5 m og umför af grjóti 3. Grjóthleðslan sést best í innanverðum veggjunum, en að utanverðu er torfhleðsla. Dyr eru á norðurvegg tóftarinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 5.

MH-002:045 heimild um leið 64°43.069'N 20°48.999'V


"Skollhóll er allhár gróinn klapparhóll eða höfði, laus frá Tungunni, rétt við veginn á hægri hönd, þegar farið er frá bæ niður að brúnni á Hvítá og að Húsafelli...Enn fyrr lá gatan um skógarsund milli hólsins og fjallshlíðarinnar....Milli Hóls og Borga, sundið milli Skollhóls og Hlíðar, þar sem gatan lá lengi vel." segir í örnefnaskrá.
Þéttur birkiskógur er nú á þessum slóðum.
"Skollhóll var notaður sem viðmiðun í hinu forna þjóðleiðakerfi um landið, þannig, að þaðan var talið jafnlangt, ein þingmannaleið, að Búðará við Arnarvatn stóra, á Hofmannaflöt í Þingvallasveit, Mannamótsflöt við Hestháls og Hestaþingseyrar við Norðurá." segir í örnefnaskrá. Ekki sést móta fyrir götu, við vettvangsathugun en samkvæmt Ólafi Kristóferssyni er gatan greinileg milli Hóls og Borga sem og gatan sem liggur austan og sunnan við hólinn.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001,5.

MH-002:046 *Geitakofi* tóft geitakofi 64°43.113'N 20°49.696'V

"Geitakofinn er rúst af geitakofa, ásamt hlöðukríli, sem byggður var í búskapartíð Ólafs Stefánssonar, um 1920, en hann átti nokkrar geitur um árabil. Kofinn er byggður í túngarðsendanum í Brennu, trúlega úr efni úr garðinum. Þar munu geiturnar hafa legið við opið" segir í örnefnaskrá. Kofinn er um 320 m vestur með hlíð Tungunnar frá sumarbústað Knut Zimsen (sem er niður undan Bjarkargili).



Tóftin, horft til NNA




Tóftin er undir rótum Tungunnar. Birkitré eru nálægt en vaxa þó ekki á rústinni.
Geitakofinn og hlaðan eru sambyggð og samtals 17,5 x 10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Stærra hólfið, tóft geitakofans, er að innanmáli 7 x 2 m. Hlaðan er að innanmáli 3 x 3 m. Hleðsluhæð veggja er mest 1,5 m og umför eru 6. Innrabyrði veggja eru úr grjóti en hið ytra úr torfi. Dyr eru á VNV vegg geitakofans. Ekkert greinilegt op er á útvegg hlöðunnar, né á milli hlöðunnar og geitakofans en samkvæmt Ólafi Kristóferssyni og Ragnheiði Kristófersdóttur voru dyr á milli hlöðunnar og kofans og á norður gafli hlöðunnar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 6.


MH-002:047 *Kolakjallarinn* örnefni kolagröf 64°42.612'N 20°51.466'V

"Skessukatlar eru djúpir katlar í farveginum norður af hrauni, sem er neðst í Sveltinu...Kolakjallarinn er dýpsti

skessuketillinn kallaður" segir í örnefnaskrá. Kolakjallarinn er um 230 m norðaustur af Litlatunguvaði (MH-002:049) og 220 m SSV af tóft af varðkofa (MH-002:079).
Kolakjallarinn er gamall árbotn úr bergi.
Kolakjallarinn svokallaði var aldrei nýttur til eldsneytisöflunar, enda ekki nothæfur til þess. Áin rann um farveginn sem hann er í til um 1930 og á þeim tíma var fólk hætt að gera til kola í Kalmanstungu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 6.

MH-002:048 *Bjarnastaðir* tóft+garðlag býli 64°42.518'N 20°51.728'V







Tóft 1, horft til austurs



Tóft 2, horft til norðausturs



Kirkja, horft til austurs

Bjarnastaðir eru rústasvæði um 290 m suðvestur af Skessukatli (MH-002:047) og um 3,91 km suðvestur frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Á svæðinu eru tvær tóftir og s.k. kirkja. Tóftirnar tvær (MH-002:048 b og c) eru grónar og standa á mörkum uppblásins rjóðurs og þétts birkiskógar. Birki vex á hluta tófar (MH-002:048c). Þar sem meint kirkja er sögð hafa verið (MH-002:048d) er allt blásið niður í urð og grjót.
Í Landnámu segir: "Hans [Sturlu goða] son var Bjarni, er deildi við Hrólf enn yngra ok sonu hans um Tunguna Litlu; þá hét Bjarni að taka kristni; eptir þat braut Hvítá út farveg þann, er nu fellr hon. Þá eignaðisk Bjarni Tunguna litlu ok ofan um Grindr ok Solmundarhofða." - ÍF I, 81. "Bjarnastaðir eru fornt eyðibýli í Litlutungu, skammt neðan við Farveginn." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Þar segir ennfremur: "Þar er nú uppblásið rjóður í skóginn, vegna nálægðar við ána, og fundust þar til skamms tíma mannabein í sandinum, en torfundin munu þau nú orðin. Síðar hefur verið byggt fjárhús á rústum Bjarnastaða og er rúst af því greinileg. Líklegt er að efni úr bæjarrúst haf verið notað í fjárhúsið. Sést fyrir túngarðsleifum" Bæjarins er getið í Jarðabók Árna og Páls: "Litlatunga, fornt eyðiból hjer í heimalandinu og eru munnmæli að hjer hafi kirkja verið. Sjást þar og nokkur merki, að þar sem landið blæs upp í einum stað og menn ætla að kirkjan hafi verið og líkindi eru til kirkjugarðsins, koma upp mannabein. Er og á þessu plátsi miklar girðíngar so menn ætla hjer hafi að fornu stór bær verið" Í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1893 birtist stutt úttekt á Bjarnastöðum. Þar segir: "Tungan litla er hraunland, mest alt skógi vaxið, enn þó blásið austantil. Þar sjást grjótrústir eigi alllitlar; þó sést eigi tóftaskipun með vissu, enda hefir sauðahús verið bygt á seinni tímum ofan á þá. sem líklegust er til að hafa verið bæjarrústin. Mannabein höfðu blásið þar upp; man gamalt fólk eftir leifum af þeim; enn nú eru þær horfnar." Guðmundur Ólafsson og Paul Buckland mældu upp rústirnar og teiknuðu áriði 1989 og grófu prufuholu. Árið 2000 grófu Guðrún Sveinbjarnardóttir og Helgi Þorláksson könnunarskurð í tóftir B og C (MH 002:048B og 048C) og samkvæmt Ólafi Kristóferssyni tók Guðmundur Ólafsson bein er fundust hjá hinni meintu uppblásnu kirkju og gætu verið ættuð úr gröfum eða kumlum um 1999. Engar niðurstöður þessara athugana hafa komið út. Rústasvæðið spannar 62 m N-S og 23 m A-V. Tóft B(MH-002:048b) er sú stærri af tóftunum tveimur. Þar sjást leifar af fjárhúsum sem byggð voru ofan á yfir eldri minjar. Tóftin er 12,5 x 2,5 m að innanmáli og hleðsluhæð er mest um 1 m. Hún snýr nokkurnveginn NA-SV og er eitt hólf með op á SV vegg. Tóft C (MH-002:048c) er öllu minni og er um 30

m norðaustar en B. Tóft C er 4 x 1,5 m að innanmáli og mesta hleðsluhæð veggja er 0,30 m. Tóftin snýr nokkurn veginn NA-SV og er eitt hólf, en ekki er ljóst hvar dyr hafa verið á henni. Í báðum tóftunum glittir í steinhleðslur, en ekki er unnt að greina fjölda umfara. Hin svonefnda kirkja (MH-002:048d) er um 25 m suðaustan við tóft B. Það svæði er algerlega uppblásið og það eina sem eftir stendur er grjót, þ.e. hellulögn sem gæti verið ættuð úr gólfi og umgjörð kringum hana úr dreif af líparítsmulningi. Ólafur Kristófersson ábúandi í Kalmanstungu setti fram þá tilgátu að líparítsmulningurinn væri ættaður úr torfi sem hafi verið skorið í Tungunni (en það er líparítfjall) og að bærinn hafi upphaflega staðið þar sem líparítið er. Þegar svo fjárhúsin hafi verið byggð hafi bæjarrústin verið örblásin og hentugt að sækja í hana hleðslugrjót til fjarhúsanna. Hellustéttin er slitrótt, en hægt er að rekja hana í um 5 m austur-vestur og er hún um 1,5 m breið. Árið 1947 fann Ólöf Kristófersdóttir engilsaxneskan silfurpening sleginn Aðalráði II ráðalausa sem ríkti frá 978-1016. Myntin fannst á uppblásna svæðinu hjá stéttinni (MH-002:048d). Peningurinn var festur á lykkju og honum hefur þannig verið breytt í kingu. Ekki er ósennilegt að myntin sé ættuð úr kumli.
Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001,7. JÁM, IV, 259. Árbók, 1893, 76. ÍF I, 81.

MH-002:049 *Litlutunguvað* heimild um vað 64°42.495'N 20°51.550'V
"...Litlutunguvað, sem er á ánni aðeins austan við Farveg" segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt, en það var um 150 m austan við Bjarnastaði samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu. Vaðið var á Geitá og síðar á Geitá og Hvítá eftir að Hvítá var breytt um 1930, vaðið var rétt austan við gömlu ármótin.
Árbakkinn er sandborið hraun. Ekki eru skýr merki um vaðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 7.

MH-002:050 *Litlutungugata* heimild um leið 64°42.495'N 20°51.550'V
"...Litlutungugata sem liggur sunnan um Húsafellsskóg að vaðinu [Litlutunguvaði 049]" segir í endurskoðari örnefnalýsingu frá 2001. Nákvæm staðsetning leiðarinnar er ekki þekkt, en það hefur legið að vaðinu sem var um150 m austan við Bjarnastaði samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu. Gatan liggur frá Húsafelli og að vaðinu en ekki er talað um Litlutungugötu eftir að kemur norður fyrir ána. Samkvæmt Ólafi Kristórferssyni er gatan sýnileg á köflum í Húsafellsskógi.
Eftir að hrauninu sleppir tekur við birkiskógur.
Ekki sést til götunnar Kalmanstungumegin. Leiðin hefur á sínum tíma verið ein af nokkrum leiðum milli Kalmanstungu og Húsafells.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 7.

MH-002:051 gata leið 64°43.618'N 20°52.036'V
"Norðurkastsgil er austan við Norðurkastið, tvær kvíslar ofanað, en sameinast í víðu skriðugili niður að fljótinu. Milli þeirra er hátt og bratt nef og liggur þar sniðgata eða einstigi upp úr eystri gilkvíslinni upp nefið." segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Norðurkastsgil er fast við þann stað er Norðlingafljót sveigir upp að vestanverðri Tungunni.
Hlíðar gilsins og nefsins eru brattar og í þeim möl.
"Er það eina leiðin með hesta upp af neðanverðu flatlendinu norðan Tungu upp á hana." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Einstigið er er greinilegt en er þó lítið meira en rolluslóði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 11.

MH-002:052 *Síkiskjaftsvað* heimild um vað 64°44.201'N 20°51.031'V
"Síkiskjaftsvað er á Fljótinu við Síkiskjaftinn" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Síkiskjaftsvað er um 350 m suðvestur með Norðlingafljóti frá Snasavaði (MH-002:020).
Grasivaxinn árbakki.
Ekki er greinilegt nákvæmlega hvar vaðið hefur verið á ánni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 12.

MH-002:053 hleðsla brú 64°42.400'N 20°51.773'V



Brúarstólpinn, horft til norðausturs

"Leifar brúarstöpla úr steinsteypu eru skammt neðan við Farveginn" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Stöpullinn er um 50 m austur af enda túngarðs Bjarnastaða við Hvítá (MH-002:083n).
Brúarhleðslan er á bergi sem er þverhnípt. Um 2 m eru ofan í Hvítá.
"Þar var ætlunin að gera göngubrú, snemma á 20. öld, en áin mun hafa skemmt syðri stöpulinn ófullgerðan" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Stöpullinn er steyptur, en hlaðið er að honum meðalstóru grjóti að norðan til styrktar. Ekki sést steypujárn í stöplinum. Brúarstöpullinn er 4 m á lengd austurvestur, 2 m á breidd norðursuður og um 1.8 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 7.

MH-002:054 *Engjasteinar* heimild um manndómsraun 64°44.229'N 20°49.556'V



Engjasteinar, horft til suðurs

"Engjasteinar, stórir lausir steinar á Þórðarteigi skammt frá vegi undir Fálkakletti" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Steinarnir eru 8 m norður frá þjóðvegi og um 160 m suðaustan við Nátthaga MH-002:019 sem er austan þjóðvegar.
Grasivaxið engi.
"...taldir hafa verið eitthvað notaðir sem aflraunasteinar. Steinarnir eru taldir hafa verið nefndir Fullsterkur, Hálfsterkur og Amlóði" segir í örnefnaskrá. Á þessum stað eru 4 misstórir steinar.
Hættumat: hætta, vegna vegargerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 13.

MH-002:055 *Hraungarðavað* heimild um vað 64°44.345'N 20°49.797'V
"Hraungarðavað var á broti sem var alveg ofan við Hraungarðahyl." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá. Vaðið var nokkrum metrum, ofar, austar, en þar sem nú er brúin yfir Norðlingafljót milli Kalmanstungu og Fljótstungu. Brúin er um 120 m norður af Hraungörðunum (MH-002:018 og 019).
Beggja vegna brúarinnar (sem er steinsteypt) er grasivaxinn árbakki.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 13.

MH-002:056 *Brú* heimild um leið 64°43.889'N 20°48.058'V
"Brú(in) var lengi notað sem örnefni um veginn frá rótum Sýrholts og heim að Bæjarlæk" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Þjóðvegurinn sem liggur nú sunnan við Sýrholt og austur að bæjarlæk og heimreið Kalmanstungu var lagður eftir henni svokölluðu Brú, samkvæmt Ólafi Kristóferssyni ábúanda í Kalmanstungu.
Undir vegi.
"Gamla hestagatan heim að Kalmanstungu lá utan í rótum Sýrholts og krækti upp fyrir blauta mýri austur að læknum og síðan niður af honum. Á fyrrihluta þessarar aldar (3. áratug?) var grafinn skurður yfir mýrina frá Sýrholti og vegur gerður meðfram skurðinum, þar sem hann er enn og var jafnan talað um Brúna eins og örnefni. Síðar var annar skurður grafinn sunnan við Brúna" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá. Ekki sést lengur til þessa gamla vegar en þjóðvegurinn vestur frá heimreiðinni þar sem gamli vegurinn var áður.
Hættumat: hætta, vegna vegargerðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001,14.

MH-002:057 *Kvíar* heimild um kvíar 64°43.881'N 20°47.823'V
"Kvíar voru þar sem lækurinn kemur fram úr gilinu ofan bæjar, austan megin. Nú horfnar og með öllu slétt yfir." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Kvíarnar voru um 100 m norður frá íbúðarhúsinu frá 1905 í Kalmanstungu. Ekki er fyllilega ljóst hve langt austur frá bæjarlæknum kvíarnar voru því þeirra sjást ekki lengur merki, en eflaust hefur það ekki verið meira en um 5 m.
Grasivaxinn lækjarbakki.
Engin merki kvíanna sjást nú á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 15.


MH-002:058 *Kvíasneið* gata leið 64°43.890'N 20°47.799'V
"Kvíasneið, brött gata upp úr læknum ofan bæjar, upp á vesturenda Kirkjubrekku" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Gatan var á Kvíasneið í vesturhlíð Kirkjubrekku, en það er brekkan austan megin

lækjarins.
Grasivaxin vesturhlíð Kirkjubrekku.
Gatan er gróin en greinileg í hlíð Kirkjubrekku. Kvíasneið hefur legið niður, vestur Kirkjubrekku og vestur að kvíunum (MH-002:057) sem voru vestan við Kirkjubrekku og austan við bæjarlæk.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 15.

MH-002:059 *Hestleiðið* áletrun legstaður 64°43.897'N 20°40.545'V




Hestaleiðið,horft til suðurs



"Hestleiðið er undir Skógarhlíð austantil...Steinn er á leiðinu og letruð á vísa..." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Hestleiðið er rúma 3 km frá varðmannakofunum (MH-002:032 og MH-002:062) austur með hlíð Strúts. Grasivaxin ræma milli fjalls og hrauns.
"Þar er talið grafinn sé hestur sem einhver varðmanna í kláðaverðinum (1875-1876) missti. Steinn er á leiðinu og letruð á vísa, en mun nú lítt læsileg því steinninn er mjúkur og veðrast. Eitthvað greindi menn þó á um þá sögn, hvort hér hefði verið dysjaður hestur eða ekki. Vísan var skrifuð upp af Þorsteini Jakobssyni snemma á 20. öld og er varveitt í Kalmanstungu í þeirri uppskrift, á þessa leið: "Áður á Ísaláði - örðugt að manna vörðu - stóðu feður þar flóðin - fram hrundu, jöklum undan, - Seinni öld öðru valdi - áforms bundinn á grundu - vakir hér von með spaka - Varna sauðum til nauða. Anno 1857" [StGr=Einr=Agr.] Ekki er hún mjög auðskilin og má vera að letrið hafi þá þegar verið farið að snjást." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. "Leiðið" er torfstallur með ferhyrndum steini á toppnum. Stallurinn er 3 x 2 m að stærð en steinninn 1 x 0,5 m. Hæð er mest 1.1 m.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 19.

MH-002:060 tóft sæluhús 64°43.912'N 20°40.536'V

"Rúst varðkofa er hjá Hestaleiðinu"segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Rústin er um 30 m norðaustur af Hestaleiðinu (MH-002:059), uppi í hlíðinni.
Tóftin er grasivaxin en í kring er birkiskógur sem ógnar tóftinni.
Tóftin er sigin, þúfótt og illa farin. Hún er orðin nokkuð óljós, sérstaklega sunnanmegin. Tóftin er að utanmáli um 6 m löng NS og 5 m breið AV og standa torfhleðslur hennar í 0,3 m. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og er op á veggnum milli hólfa. Nyrðra hólfið er greinilegt, um 2 m langt AV og 1,5 m breitt NS. Stærð syðra hólfsins er óljós þar sem suðurveggur tóftarinnar er ógreinanlegur, þó sést að syðra hólfið er um 2 m langt AV.





Tóftin, horft til SSV


Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 19.

MH-002:061 *Skottugjá* þjóðsaga draugur 64°46.430'N 20°43.658'V

"Skottugjá er gjóta í hraunhaftinu norðan við Brunna." segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu. Skottugjá er um 260 m norðan við Gvendarbrunna (MH-002:037). Þegar keyrt er framhjá Gvendarbrunnum til austurs sveigir vegurinn fljótlega til norðurs í átt að Norðlingafljóti. Um 250 m norðar sveigir vegurinn aftur til austurs. Fast norðan við þá beygju er Skottugjá.
Hraungjóta, að hluta gróin.
"Þar var talið að Hvítárvallaskotta hefði fleygt hesti úr klyfjalest ofan í gjána og áttu menn fullt í fangi að ná honum upp. Skotta var talin hafa verið mjög heimilisföst í Kalmanstungu í búskapartíð Jóns Árnasonar stúdents, sem hún fylgdi síðan að Leirá. Kona Jóns var afkomandi Sigurðar sýslumanns á Hvítárvöllum, sem Skotta var upphaflega send" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá. Skottugjá er 4 X 2 m og liggur austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 20.

MH-002:062 tóft 64°43.934'N 20°44.395'V

Varðkofatóft er um 25 m norðaustur af annarri varðkofatóft (MH-002:032), á grasflöt fast austan Litla-Ketils.
Tóftin er á grasivaxinni flöt milli hlíðar og Hvítár, þar eru hraungrýti á stangli.
Tóft annars tveggja varðkofa á þessum slóðum, hinn er (MH-002:032) og er um 25 m suðvestar. Tóftin er lítil, 2 x 2 m að innanmáli og 0,4 m á hæð. Hún er ójöfn og þýfð og nærri alveg yfir gróin. Á einum stað í suðausturenda tóftarinnar glittir í hraungrýtishleðslu. Op er á tóftinni á suðvesturhlið, reynar virðist þann vegg alveg vanta.





Tóftin, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:063 *Bugavað* heimild um vað 64°47.634'N 20°42.587'V

"Bugavað er á Fljótinu á Fugleyrum" segir í örnefnaskrá. Tveir staðir eru kallaðir Bugavað og eru báðir skráðir undir þessu númeri. Norðaustara vaðið, a, er um 900 m NNA frá Stefánshelli (MH-002:064) og er það sunnan við þann stað er Bugakot stóð (002b:001). Suðvestara vaðið, b, er um 1,5 km suðvestan við a, á neðri Fugleyrum. Vaðið er við laxveiðistað nr. 59, sem merktur er með skilti.
Grasivaxinn árbakki.
"...og var einkum farið á hestum til Fiskivatns og Kleppavatns. Svo er að skilja, að ekki eigi allir við sama stað með þessu nafni, ýmist talið beint norður af götunni, sem liggur frá Brunnum norður að Fljótinu, eða talsvert austar, ekki allfjarri þar sem Bugakot stóð á norðurbakkanum. Eru því e.t.v. tvö vöð með þessu nafni)" segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 20-12.

MH-002:064 *Stefánshellir* hellir 64°47.177'N 20°43.014'V

"Stefánshellir er mikill hraunhellir austan Surtshellis og mun aðeins stutt niðurhraun skilja þá að." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Hellirinn er 7,32 km norðaustur af íbúðarhúsum Kalmanstungu. Skilti vísar veginn. Varða er svo hlaðin ofan við hellisopið. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu var áður mikið af dropasteinum í Stefánshelli áður en fólk fór að fara um hann að ráði en nú hafa þeir verið brotnir og bornir burt.
Úfið og stórgrýtt hraun. Líkast því að hraunið hafi brotnað upp eða hrunið, því allt í kring eru stór hraungrýti í stöflum. Hellismuninn er hola skáhallt niður til norðvesturs.



Hellirinn, horft til norðvesturs

"Stefán Ólafsson, síðar bóndi í Kalmanstungu, fann hann um 1920. Þess varð þó vart að einhver hafði áður kannað hann. Sést það á vörðubrotum er þar höfðu verið hlaðin. Sagnir munu líka hafa lifað á Krókbæjum í Hvítársíðu um einhverjar týndar hellishvelfingar á þessum slóðum. Stefánshellir er aðgengilegastur til skoðunar allra stóru hraunhellanna hér vegna þess hve hann er sléttur í botn og laus við hrunurðir" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 21.

MH-002:065 *Kleppavatnsvað* heimild um vað 64°48.050'N 20°41.267'V

"Kleppavatnsvað er á Fljótinu á Fremri-Fugleyrum" segir í örnefnaskrá. Vaðið er 1,3 km norðaustur af (efra) Bugavaði (MH-002:063a). Vegslóði liggur að vaðinu.
Malaslóði liggur að vaðinu. Grýttur og grasivaxinn árbakki er við ána á þessum stað.
"Nú notað mikið við flutninga fjár í afrétt og þegar farið er til veiða í Kleppavatni og Fiskivatni. Akfært" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Sést til vegslóða að vaðinu sitthvoru megin árinnar. Áin er nokkuð, breið, grunn og lygn þar sem Kleppavatnsvað er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 22.

MH-002:066 *Vopnalág* þjóðsaga vígi 64°48.516'N 20°40.310'V



Vopnalág, horft til suðvesturs

"Vopnalág er skeifumynduð lág, ca. 300 m löng en eins til tveggja metra djúp, í móavirki milli Fljóts og hraunsins, neðan við þar sem Fljótið beygir fyrir endann á Þorvaldshálsi" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Vopnalág er 1150 m norðaustur frá Kleppavatnsvaði (MH002-065). Vegur er fast norðaustan við Vopnalág og er lágin merkt með skilti.
Vopnalág hálfhringlaga og er algróin.
"Hér segir þjóðsagan að ráðist hafi verið á Hellismenn er þeir sváfu og hvíldu sig eftir smalamennsku á heiðinni, sumir felldir hér, en aðrir eltir víðsvegar og drepnir"
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 22.

MH-002:067 hleðsla 64°43.930'N 20°44.401'V



Hleðslan, horft til austurs

Hlaðnir hliðstólpar eru fast sunnan við varðkofatóft (MH-002:062). Stólparnir tengjast girðingu sem sett var snemma á 20. öld, hún lá niður hlíðina á sama stað og núverandi girðing (ca. 200 m austan við stólpana), en ekki beint í ána eins og nú er, heldur niður með henni spölkorn frá bakkanum og að stólpunum. Síðan var girðingarspotti frá stólpunum og út að ánni.
Stólparnir eru á grasivaxin flöt milli hlíðar og Hvítár, þar er hraungrýti á stangli.
Hliðstólpar eru hlaðnir úr stóru hraungrýti. Hleðslan er 4 umför og 1,5 m á hæð. Stólparnir snúa norður-suður. Sá syðri er 6 m langur en sá nyrðri er 3 m langur, á milli þeirra er 2 m bil.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:068 *Fyrirsát* þjóðsaga 64°48.656'N 20°40.022'V



Fyrirsát, horft til vesturs

"Við suðurenda hans [Þorvaldsháls] er lægð, þar sem mætist háls og hraun. Þessi lægð heitir Fyrirsát" segir í örnefnaskrá. Fyrirsát er um 350 m norðaustur frá Vopnalág (MH-002:066).
Gróin lág í hrauninu sem snýr austur-vestur og er mest 2 m djúp.
"Er talið það dragi nafn að því, að þar hafi útilegumenn, t.d. Hellismenn, setið fyrir ferðamönnum, er þeir annað tveggja komu af hálsinum á suðurleið eða lögðu á hann á norðurleið" segir í örnefnaskrá
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, KÓ., 10.

MH-002:069 *Núpdælavað* heimild um vað 64°49.550'N 20°38.968'V
"Núpdælavað er á Fljótinu framan við Bjarnafoss." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Vaðið var um 1,9 km NNA við Fyrirsát (MH-002:068), en nákvæm staðsetning vaðsins er ekki ljós.
Grýttur og grasivaxinn árbakki.
"Þaðan liggja Núpdælagötur norður" segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 22.

MH-002:070 *Mangasteinn* þjóðsaga 64°49.814'N 20°36.697'V
"Mangasteinn er stór klettur eða steinn á melhól á miðjum hálsi. Mangapollur er ...[norðvestan] undir Mangasteini" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Mangasteinn er um 1,6 km norðaustur frá tóft (MH-002:104).
Mangasteinn er á mosa- og lyngvaxinni jökulöldu.
"Til þeirra liggur þessi atburður: Magnús hét maður (vinnumaður í Kalmanstungu?) sem fór ásamt tveim öðrum til veiðiskapar fram á heiði. Voru það þeir Sigurður Bjarnason í Hraunsási, síðar bóndi þar, og Ólafur Hannesson, þá á Húsafelli. Magnús var nokkuð við skál. Lauk því svo að hann valt sem dauður væri ofan í tjörnina. Þeir félagarnir drógu hann á þurrt og hagræddu honum undir steini þessum, breiddu yfir hann og héldu til byggða og sögðu karl dauðann. Og taldi Ólafur að þó hann hefði ekki verið steindauður þá (þegar þeir skildu við hann), væri hann eflaust steindauður núna. Næsta morgun var svo lagt af stað að sækja líkið. En þá mættu þeir, sem sækja skyldu, karli afturgengnum á Fugleyrunum og hann lifði í mörg ár eftir þetta" segir í endurskoðaðri


örnefnalýsingu frá 2001. Mangasteinn er stór eða um 5 x 4 m að stærð og um 4 m hár
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 23.

MH-002:071 *Húsfellingavað* heimild um vað 64°50.510'N 20°37.036'V
"Húsfellingavað er á Fljótinu heldur austar en miðja vegur milli Núpdælavaðs [MH-002:069] og ármóta Norðlingafljóts og Refsveinu" segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt en það hefur þó verið nálega 1,3 km norður af Mangasteini (MH-002:071).
Jökulurð og grasivaxinn árbakki. "Nafnið er sagt ungt, þó eldra en elstu menn um miðja 20.öld. Líklegt er að Húsfellingar hafi fyrstir farið þar á leið til veiða" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 23.

MH-002:072 *Helluvað* heimild um vað 64°51.087'N 20°33.744'V
"Helluvað er á Fljótinu norðaustan við Þorvaldsháls" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Bílslóði sem liggur út í Norðlingafljót þar sem vaðið er og auk þess skilti vísar á vaðið. Það er 3,32 km norðaustur af Mangasteini (MH-002:070).
Slóði í lyng-og grasigrónu hrauni.
"Þar liggur hin forna þjóðleið um Arnarvatns- og Grímstunguheiði og Stórasand yfir Fljótið, upp í Arnarvatnshæðir. Nú ökuleið" segir í örnefnaskrá. Sést til vegslóða sitthvorumeginn árinnar við vaðið. Áin er nokkuð, breið, grunn og lygn þar sem vaðið er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 23.


MH-002:073 *Eiríksgnípa* þjóðsaga 64°48.029'N 20°31.346'V
"Eiríksgnípa er mikil klettaborg ofarlega í undirhlíð jökulsins móti norðvestri" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001. Eiríksgnípa sést víða að þar sem hún skagar út úr hlíðinni undir Eiríksjökli. Gnípan er um 5,4 km suðaustur af Mangasteini (MH-002:070) og um 8 km norðaustur af Draugagili (MH-002:038).
Móbergsklettaborg sem skagar útúr hlíð Eiríksjökuls.
"Þjóðsagan um Hellismenn segir Eirík Hellismann haf komizt fóthöggvinn úr höndum byggðamanna í Vopnalág og farið handahlaupi austur að gnípunni og lifið hana og forðað sér þannig. Síðan komizt ofan aftur en hinir voru þá horfnir, komizt úr landi og leitað hefnda löngu síðar á þeim er sveik þá félaga" segir í endurskoðaðri örnefnalýsingu frá 2001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 24-25.

MH-002:074 *Halldórstóftir* tóft býli 64°46.072'N 20°46.084'V
"Rústir Halldórsstaða eru uppi undir Kleppnum fyrir ofan hraunsundið..."segir í Árbók hins íslenzka fornleifafélags. Er norður af Hraunkarli (norðan megin við fljótið, en Hraunkarl er í landi Kalmanstungu sunnan við Norðlingafljót).
Grasigróin brekka, en rústin er á nærri 10 m hárri brún ofan við Norðlingafljót.





Rústahóllinn, horft til suðurs





Tóft B, horft til N


Halldórstóftum er lýst í grein í Árbók hins íslenzka fornleifafélags frá 1893. Þar segir: "... hraunsundið þaðan austur að Strútnum, sem vel má kalla dal, hafi heitið Skáldskelmisdalur, og Sturlustaðir hafi verið þar, sem nú heita Halldórstóftir, eyðihjáleiga frá Kalmanstungu, er var í byggð á fyrri hluta 18. aldar...Er aðalrústin norðanmegin við dálítinn læk, er þar fellr ofan; er þar græn tóft, eigi allfornleg og eigi allstór; en hún sýnist byggð ofan á aðra stærri og fornlegri; fleiri rústum sér þar fyrir; enn allar eru þær óglöggvar og ekki hægt að lýsa þeim...nafnið Halldórstóftir mun komið af því að sá er bygði hafi heitið Halldór og bygt á gömlum tóftum." Enn eru leifar Halldórstófta á þessum stað. Þar er óreglulegur rústahóll með tveim augljósum hólfum. Samtals er hóllinn 23 x

20 m að utanmáli en um 2 m á hæð. Nyrðra hólfið er 7 x 1,5 m að innanmáli, en hið syðra 6 x 3 m að innanmáli. Ekki eru op milli hólfa og ekki sést í grjóthleðslur. Halldórstóftir eru rústahóll og því er afar líklegt að undir yngstu tóftunum sem hólfin tilheyra séu eldri fornleifar. Um 50-60 m vestan við rústahólinn, fast vestan við læk sem rennur niður hlíðina er önnur tóft, B. Hún er á grasivöxnu smáþýfðu svæði. Tóftin snýr norður-suður. Hún er um 11x8 m stórt, opin til suðurs. Tóftin er stungin niður og er hæð veggja um 1 m ef mælt er innan frá en einungis um 10 cm að utan. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Samvkæmt Ólafi Kristóferssyni skoðaði Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur Halldórstóftir að tíunda áratug síðustu aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Árbók, 1893, 74-5.

MH-002:075 heimild um fjós 64°43.780'N 20°47.813'V
Útihús (fjós og hlaða) var tæpum 100 m SSA af íbúðarhúsum í Kalmanstungu. Teikning af húsunum er í ritinu *Íslenskt þjóðlífi í 1000 ár,* II bindi á blaðsíðu 508.
Sléttað tún eru nú á þessum slóðum og engin ummerki um húsið sjást.
Óvíst er hversu gamalt húsið var en þó ljóst að það var eldra en 100 ára. Löngu búið að slétta yfir.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Íslenskt þjóðlíf í 1000 ár, II. bindi, 508.

MH-002:076 tóft 64°42.883'N 20°50.355'V



Tóftin, horft til norðurs



Tóft er fast norðan við gamlan árfarveg Hvítár og tæpum 300 m norðvestur af enda brúarinnar yfir Hvítá milli Kalmanstungu og Húsafells.
Tóftin er lyngivaxin og er fast sunnan við birkiskóg. Fyrir sunnan tóftina er hraunmelur.
Mjög sigin og óskýr, lítil tóft. Útlínur hennar markast af tilgenginni og lágri tveggja umfara grjóthleðslu. Innanmál tóftarinnar er 3 x 2 m og er hún 0,20 m á hæð. Tóftin er einföld og ekki er hægt að greinan á henni op.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-002:077 tóft stekkur 64°42.402'N 20°52.359'V
Tóft er um 460 m vestur af brúarstöplum (MH-002:053) yfir Hvítá en um 30 m norðvestur af ánni. Tóftin er 800 m austur af Fjárhelli (MH-002:011).
Tóftin er í útjaðri birkiskógar. Birki, lyng og mosi vex á tóftinni. Henni stafar mikil hætta af trjágróðri.
Tóftin er nokkuð gróin. Nú sjást einungis grjóthleðslur í henni en ekkert torf (ef það hefur einhvertíma verið). Tóftin er í heild 5 X 2 m að innanmáli og skiptist í tvö hólf. Útlit hennar og staðsetning minnir einna helst á stekk. Stærra hólfið er austar og er 2,5 x 2 m að innanmáli. Vestara og minna hólfið er 2 x 2 m að innanmáli. Hleðslur eru mest 0,7 m. Óvíst er hvort op hefur verið milli hólfa eða hvar dyr hafa verið. Tóftin snýr nokkurn veginn austur-vestur.



Tóftin, horft til austurs



Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-002:078 tóft 64°42.735'N 20°51.350'V


Tóftin, horft til norðvesturs




Tóft er um 260 m suðvestur af Tæpugötu (MH-002:009) og um 830 m VSV af annarri tóft (MH-002:076).
Tóftin er inni í þéttum birkiskógi. Hún er gróin grasi, en einnig vex birki á henni norðaustanverðri og er hún í stórhættu af þeim sökum.

Rústin er af varðkofa frá því úr fjárkláðanum á 19. öld. Tóftin lítil, 2,5 x 2 m í innanmál og eru hleðslur mest 0,4 m á hæð. Varðkofarnir eru tveir hlið við hlið og er vestari kofinn (MH-002:079) er 16 m í VSV frá þessum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-002:079 tóft 64°42.723'N 20°51.371'V

Tóft er um 15 m VSV frá tóft (MH-002:078).
Tóftin er inni í þéttum birkiskógi. Hún er gróin grasi, en einnig vex birki á henni allri og er hún í stórhættu af þeim sökum.
Rúst varðkofa úr fjárkláðanum á 19. öld. Tóftin lítil, 3 x 2 m að innanmál og hleðslur eru mest 0,5 m á hæð. Varðkofarnir eru tveir hlið við hlið, hinn kofinn (MH-002:078) er um 15 m í ANA frá þessum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar




Tóftin, horft til norðausturs


MH-002:080 garðlag 64°42.838'N 20°51.000'V


Garðbrotið, horft til suðurs

Garðbrot er rúmum 100 m austur af Tæpugötu (MH-002:009) og um 520 m VSV af tóft (MH-002:076) á norðurbakka Gamla Farvegar.
Garðbrotið er við kjarr í þéttum birkiskógi.
Garðlagið er hlaðið úr hraungrýti, torfhleðslur að mestu horfnar. Lyng, birki og mosi grær yfir garðbrotið. Hægt er að greina 2 umför af hraungrýtishleðslum. Garðurinn er 7 m langur og 1,50 m breiður. Mesta hleðsluhæð er 1 m. Ekki er vitað hvaða tilgangur garður þessi þjónaði og sökum þétts birkiskógar á svæðinu við garðbrotið er ekki vitað hvort rústir af honum séu að finna á fleiri stöðum.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


MH-002:081 hleðsla rétt 64°44.160'N 20°51.502'V


Aðhaldið, horft til austurs



Aðhald er um 380 m vestur af Síkiskjaftsvaði (MH-002:052) og um 700 m suðvestur af Snasavaði (MH-002:020). Í Engjahrauni, skammt frá Norðlingafljóti.
Mosavaxið hraun og birki. Birki vex ofan í aðhaldinu.
Á þessum stað er náttúruleg lægð í hrauninu. Hlaðið hefur verið grjóti upp í austur- og vesturhliðar lægðarinnar og þær þanning hækkað. 2 m breiður inngangur er á vesturhlið. Að innanmáli er aðhaldið 6 x 4.5 m og 2 m djúpt en hleðslur eru mest 3 umför.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-002:082 gerði 64°44.308'N 20°48.846'V



Torfhlaðið gerði er austan undir Fálkakletti, norðan þjóðvegar og um 590 m austur af Engjasteinum (MH-002:054). Það er um 590 m austan við Nátthaga sem er austan þjóðvegar (MH-002:019).
Grasivaxin hlíð milli þjóðvegar og engis.
Gerðið er sporöskjulaga og er í hlíð fyrir sunnan og suðaustan stór engi. Hugsanlega hefur gerðið verið heystæði. Útlínur gerðisins eru óljósar og hlaupnar í þúfur og ekki er hægt að greina op á því. Innanmál gerðisins er 15 x 12 m og mesta hæð torfhleðslna er 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:083 garðlag túngarður 64°42.559'N 20°51.696'V



Hluti garðlagsins, horft til vesturs

Garðlagið er ekki samfellt heldur samanstendur af 14 garðbrotum. Norðurendi garðlagsins, brot sem hefur kennitöluna (MH-002:083a), er um 49 m norðaustur af tóft c á Bjarnastöðum (MH-002:083c) og um 210 m suðvestur af Kolakjallaranum (MH-002:047). Suðurendi garðlagsins, brot sem hefur kennitöluna (MH-002:083n) er fast norðan við Hvítá og um 50 m vestur af brúarstólpa (MH-002:053).

Garðurinn er liggur í gegnum þykkan birkiskóg og stafar honum mikil hætta af þeim sökum.. Hægt er að rekja suðurenda garðsins að Hvítá (MH-002:083n). Víðast er gróið yfir garðinn, á honum vex birki en auk þess lyng og mosi.

Garðurinn er fornlegur. Hann hefur líklega verið gamli túngarður Bjarnastaða (Bjarnastaðir eru innan garðlagsins). Nú eru aðallega eftir grjóthleðslur af garðinum og víða eru talsverðar gloppur í honum, sérstaklega vegna þess að á köflum hverfur hann á kaf í gróður. Á einstaka stað má enn sjá leifar af torfhleðslu. Garðurinn er þó að mestu hlaðinn úr hraungrýti. Hann stendur hæst um 1 m, en er víðast lægri. Alls má rekja garðinn á um 390 m löngum kafla (þó eru víða í honum gloppur) og er garðurinn um 1,5 m breiður. Garðlagið virðist afmarka fornt tún að vestan og norðan, en austur-og suðurhlið garðsins vantar og virðist Hvítá hafa afmarkað þær hliðar túnsins. Þó einungis norður-og vesturhlið garðsins séu skráð hér, má sjá að garðurinn í heild sinni hefur afmarkað svæði sem var ekki minna en um 300 m norðursuður og um 160 austurvestur. Líklega má finna fleiri brot er tilheyra garðinum en þykkur birkiskógur á svæðinu torveldar rannsókn.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-002:084 gerði kálgarður 64°43.106'N 20°49.683'V


Kartöflugarður far því snemma á 20. öld er fast austan við Geitakofann (MH-002:046) og um 110 m suðaustur af Brennu (MH-002:008).

Gerðið er grasivaxið. Það er við birkiskóg og vex birki alla leið að austurhlið garðsins og er hann í mikill hættu af þeim sökum.

Gerðið er ferningslaga 19 X 10 m að innanmál og er mjög vel greinilegt. Mesta hæð þess er hæð 0,8 m. Gerðið er hlaðið úr torfi og snýr nokkurn veginn norðaustur suðvestur.




Gerðið, horft til norðurs



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-002:085 hleðsla 64°42.879'N 20°50.347'V





Hleðslan, horft til suðausturs


Um 2 m löng hraungrýtishleðsla er 5 m suður af tóft (MH-002:076).

Hleðslan er á mörkum hraunmela og birkiskógar fast við Gamla Farveginn.

Veggurinn er hlaðinn utan í stórt hraungrýti. Hann er 2 m langur, 0,5 m breiður og 0,8 m hár. Ekki er skýrt í hvaða tilgangi hann hefur verið hlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-002:086 tóftir 64°43.924'N 20°45.039'V






Tóftirnar, horft til ASA

Tóft er um 80 m suðaustur af rústahólnum í Kötlutúni (MH-002:030), um 180 m VSV frá Tæpugötu (MH-002:031) og um 2,22 km ANA af íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Grasigróin hlíð við bakka Hvítár.
Signar og þýfðar tóftir sem samtals eru 13 x 3 m að innanmáli og snúa nokkurn veginn norðvestur suðaustur. Frá suðvesturhlið tóftarinnar er óljós útbygging, breidd hennar er um 1,5 m en lengd er óljós. Tóftirnar gætu verið af beitarhúsi og gæti staðsetning þeirra miðað við bæ verið vísbending um það. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni tilheyra tóftirnar Kötlutúnssvæðinu. (MH-002:030)
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:087 tóft 64°43.925'N 20°44.924'V






Tóftin, horft til SSA

Tóft er um 90 m austan við tóft (MH-002:086) og 90 m suðvestur af Tæpugötu (MH-002:031).
Grasigróin hlíð við bakka Hvítár.
Tóftin er sigin og að miklu leyti gróin inn í umhverfið. Hún er að innanmáli 4 x 2 m og hleðslur eru mest 0,3 m á hæð. Suðurveggur tóftarinnar er sérstaklega ógreinilegur. Tóftin snýr nokkurn veginn norðursuður og virðist vera einföld. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar í henni og ekki er hægt að greina op á veggjum, þó er suðurveggur það ógreinilegur að ef op hefði verið á honum sæist það ekki í dag. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni tilheyrir tóftin Kötlutúnssvæðinu (MH-002:030).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:088 tóft rétt 64°43.809'N 20°47.007'V





Réttin, horft til austurs

Réttartóft er fast ANA af austasta enda garðlags (MH-002:107) og 650 m austur af íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Réttin er á grónum árbakka Hvítár fast austan við Hraunsnef.
Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu er tóftin af rétt. Réttin er að innanmáli 15,5 m NA-SV og 4,5 m NV-SA. Lítil rétt sem skiptist í 2 hólf, nú sjást engöngu í henni 1-2 umför af meðal stóru hraungrýti. Op er á milli hólfa og á norðaustur, suðaustur og norðvestur veggjum tóftarinnar. Þó ber að hafa í huga að mikið grjót vantar í réttarústina og því er upprunalegt form hennar og lag óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:089 mannvirki brú 64°43.765'N 20°47.060'V




Brúarstólpinn, horft til suðausturs

Gömul göngubrú var yfir Hvítá á Hraunsnefi. Enn má sjá brúarstólpa um 95 m suðvestur af rétt (MH-002:088) og um 540 norðaustur af Lambhyl (MH-002:007)
Brúin lá yfir Hvítá. Á þessum slóðum er bert hraun, en mosa- og grasflákar hafa sumstaðar náð bólfestu.
Gömul göngu- og fjárbrú. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu eru þetta leifar lausabrúar úr timbri sem notuð var til að auðvelda vetrarbeit sauðfjár frá Kalmanstungu í Geitland. Brúin var aflögð um eða fyrir 1930. Sjálf brúin er löngu hrunin en eftir eru einungis hluti af steyptri undirstöðu stólpans Kalmanstungumegin.
Hættumat: hætta, vegna rofs

MH-002:090 hús hesthús 64°43.873'N 20°47.690'V

Hesthúskofi er í túni Kalmanstungu, um 65 m norður af Harðhaus (MH-002:005). Hann var oftast notaður sem hesthús en einnig sem hænsnakofi á tímabili.
Kofinn og allt umhverfi hans er gróið. Hann er á aflíðandi grasi grónu svæði, uppi á Kirkjubrekku austarlega.
Hlaðið var í gömlu hesthústóftina um 1960 og sett á hana járnþak. Kofinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er enn undir bárujárnsþaki, en er þó byrjaður að síga til. Grjóthleðslan er 8 umför. Kofinn er að utanmáli um 8 x 6,5 m, en hafa ber þó í huga að hann grær inn í brekku að NA og NV. Kofinn snýr NA-SV.






Hesthúsið, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:091 tóft hænsnakofi 64°43.879'N 20°47.709'V



Tóftin, horft til norðausturs




Tóft er í túni Kalmanstungu tæpum 20 m norðvestur af hesthúskofa sem enn er undir þaki (MH-002:090).
Tóftin er í gróinni hlíð uppi á Kirkjubrekku milli (MH-002:090 og 112). Nú er geymt mikið af járni og viði í tóftinni en timbur og járnþil var á henni að sunnan.
Á þessum stað var gömul tóft sem hlaðið var í um 1940 og hún þá gerð að hænsnakofa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:092 *Barónskofi* frásögn fjárhús 64°43.866'N 20°47.583'V

Barónskofi var í túni Kalmanstungu, um 70 m austur af Harðhaus (MH-002:005)
Þar sem húsið stóð er hávaxið gras og þykkur gróður hylur svæðið.
Barónskofi var fjárhús/hesthús úr torfi byggður af Jóni Barón á fyrri hluta 20. aldar. Úr honum hefur verið sléttað og engin ummerki um kofann sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-002:093 tóft 64°43.883'N 20°47.557'V





Tóftin, horft til norðausturs

Sóttvarnarhús var byggt í túni Kalmanstungu, um 90 m norðaustur af Harðhaus (MH-002:005).
Enn sjást leifar hússins í gróinni hlíð. Tré vex í norðanverðri tóftinni.
Tóftin er 9 x 6 m að innanmáli og hleðslur eru mest um 1,6 m á hæð. Hún er hlaðin úr torfi, ekki sést í grjóthleðslur. Tóftin er af sóttvarnarhúsi úr mæðuveikiárunum. Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður og er einföld. Svo virðist sem suðurvegg tóftarinnar vanti. Verið getur að suðurveggur hafi verið úr timbri eða hreinlega að byggingin hafi aldrei verið kláruð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:094 frásögn fjárhús 64°43.778'N 20°47.881'V
Á Hesthúsvelli var áður tóft, um 110 m suðvestur af íbúðarhúsunum í Kalmanstungu og um 10 m vestur af bæjarlæk. Húsin voru því sem næst í beinni línu suður af rafmagnsstaur á Hesthúshól.
Þar sem húsin stóðu eru nú sléttuð tún.
Ólöf Kristófersdóttir frá Kalmanstungu man eftir tóft á þessum stað sem var aflöng og mjó. Hún telur líklegast að hún hafi verið af fjárhúsum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-002:095 frásögn fjárhús 64°43.772'N 20°47.902'V
Ólöf Kristófersdóttir frá Kalmanstungu man eftir tóft á Hesthúsvelli um 130 m suðvestur af íbúðarhúsum í Kalmanstungu en tæpum 30 m vestur af bæjarlæk.
Þar sem tóftin var eru nú slétt tún.
Allar leifar tóftarinnar hafa verið sléttaðar í tún en samkvæmt heimildamanni var á þessum stað tóft, heldur styttri en MH-002:094, líklega af fjárhúsum.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-002:096 frásögn leið 64°43.815'N 20°47.910'V
Ólafur Kristófersson í Kalmanstungu hefur það eftir fyrri ábúanda að gata hafi legið heim að Kalmanstungubæ úr vesturátt. Gatan lág yfir Hesthúsvöll, um 50 m suðvestan við rafmagnsstaur á Hesthúshóli.
Rennislétt tún og engin merki götunnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-002:097 frásögn hesthús 64°43.822'N 20°47.880'V
Ólöf Kristófersdóttir frá Kalmanstungu, man eftir tóft, líklega af hesthúsi, á Hesthúsvelli, um 30-50 m suður af rafmagnsstaur á Hesthúshóli.
Þar sem tóftin var eru nú sléttuð tún.
Samkvæmt heimildamanni var tóftin aflöng og snéri austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar


MH-002:098 frásögn hænsnakofi 64°43.825'N 20°47.921'V
Ólafur og Ólöf Kristófersbörn, muna eftir kofatóft, á Hesthúshóli, um 40 m VSV af rafmagnsstaur sem nú stendur á hólnum. Þetta var hænsnakofi hlaðinn úr torfi og grjóti, en suður gafl úr timbri.
Þar sem kofinn var eru nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:099 frásögn smiðja 64°43.859'N 20°47.873'V
Útihúsasamstæða, smiðja, hestarétt og hrískofi, var á milli heimreiðarinnar að Kalmanstungu og núverandi norðurgirðingar Hesthúsvallar. Um 100 m norðvestur frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Byggingarnar voru þar sem nú malarvegur (heimreiðin), gróinn vegkantur og túngirðing og viku þær fyrir

vegagerð.
Smiðjan var vestust, hún var reist á fyrri hluta 20. aldar, þá kom hestaréttin sem var eldri en smiðjan, hugsanlega frá lokum 19. aldar og austast var Hrískofinn líklega frá svipuðum tíma og réttin. Austurveggur smiðjunnar var steinsteyptur, milli smiðjunnar og hestaréttarinnar. Suðurgafl hennar var úr timbri en norðurgafl,vesturveggur og þak úr torfi. Vesturveggurin var í beinni línu við landamerkjagirðingu sem liggur norður yfir Tjaldhól. Hestaréttin var hlaðin úr torfi og ef til vill grjóti. Hrískofinn var hlaðinn úr torfi með grjóti neðst í veggjum. Fast austan við Hrískofann var kálgarður, hann náði niðurundir læk.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


MH-002:100 *Skeljalágarvað* heimild vað 64°44.648'N 20°47.566'V
"Undan Skeljalág er vað á Norðlingafljóti austan við Hríshólmann og heitir Skeljalágarvað" segir í örnefnaskrá. Skeljalágarvað er um miðja vegu milli Krókkasts og Hríshólmans um 2 km SSV við Kleppavað (024).
Bakkar fljótsins eru lágir og grasivaxnir beggja vegna, en land hækkar fljótt sunnan við og að norðan breiðir hraunið úr sér litlu norðar.

MH-002:101 heimild stekkur 64°43.373'N 20°47.793'V
"Lambabæli er lítið skógarnef á hrauni neðan við Móa, niður að ánni ...Rúst sér þar fyrir, sem talin er vera af stekk" segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 50 m vestan við Norðlingafljót á móts við Lambalæk. Um 200 m sunnan við tóft 041, um 300 m sunnan við Litla Geitakofann (040) og um 1,6 km ANA við Geitakofann (046).
Stekkurinn er í jaðri birkiskógar.
Tóftin er einföld, um 5 x 4 m að stærð, snýr austur-vestur. Dyr eru á tóftinni vestast á norðurhlið. Hún er hlaðin úr hraungrýti og standa hleðslur hennar nú hæstar um 80 cm í vesturveggnum en austurveggurinn er lægstur, um 20 cm hár.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar





Stekkurinn, horft til suðvesturs

MH-002:102 *Silungakofi* frásögn útihús 64°43.862'N 20°47.830'V
Útibúr, nefnt Silungakofi, var við lækinn þar sem nú er malarbílastæði norður af heimreiðarbrúnni í Kalmanstungu.
Þar sem kofinn var er nú sléttað malarbílastæði.
Silungakofi var útibúr. Hann snéri norður-suður og var um 4,5 x 4 m að utanmáli. Kofinn sést á gamalli ljósmynd frá um 1950. Ragnheiður Kristófersdóttir, fædd 1932, sagði frá því að fast austan við Silungakofann hafi verið gryfja, gömul súrheystóft þegar hún var að alast upp í Kalmanstungu. Engin ummerki gryfjunnar sjást nú á sléttuðu malarplaninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Silungakofinn, horft yfir bæjarstæðið


MH-002:103 *Gjáin* náttúrumin rétt 64°45.468'N 20°45.835'V
"Gjáin er stór hraungjá, skútir langleiðina í kring, skammt frá brekkurótum austan við Stóragil. Var notuð um skeið sem aðrekstraraðhald við rúningu og slíkt." segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Gjáin er um 200 m norður af Stóragili.
Fast sunnan og austan Gjárinnar er gróið beitarland en norðar og vestar er mosavaxið hraun.




Gjáin, horft til norðurs

Gjáin er náttúruleg lægð í hrauninu sem hefur verið nýtt sem aðrekstraraðhald. Veggir hafa verið hlaðnir inni í henni til að stúka af bása. Einnig hafa lóðréttir barmar lægðarinnar sumstaðar verið hækkaðir með hleðslum. Lægðin er dýpst um 2,3 m. Hleðslur eru mest 5 umför og eru hæst 1,6 m á hæð. Hleðslurnar eru úr litlu sem stóru grjóti. Gjáin er um 43 m löng en 20 m breið. Við austurvegg eru tvö hólf sem eru 6 x 4 m og 3 x 2 m að stærð. Ólafur Kristófersson ábúandi í Kalmanstungu hefur þá tilgátu að Gjáin kunni að vera Fornuréttir sem Eggert og Bjarni lýsa í ferðasögu sinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 17.

MH-002:104 tóft 64°49.148'N 20°38.039'V



Tóft er um 10 m norðan við svonefnda Grjóthóla sem eru sunnan í Þorvaldshálsi og 150 m norðaustur frá malarnámu sem þar er. Hún er um 1,6 km suðvestur af Mangasteini (MH-002:070) og um 12,6 km norðaustur af íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Tóftin er í lyngivaxinni brekku.
Tóftin er lítil, aðeins 2 x 1,5 m að innanmáli og 0,20 m á hæð. Hún er sigin og fornleg og vel er gróið yfir hana. Hægt er að greina 2 umför af grjóthleðslum í tóftinni, en óljóst er hvar op hefur verið á henni. Tóftin er afskekkt, langt frá bæ og langt frá öðrum tóftum. Ekki er ljóst til hvers hún hefur verið notuð, en hugsanlega er um rúst smalakofa að ræða.
Hættumat: engin hætta

MH-002:105 *Úlfsvatnsvað* heimild um vað 64°50.939'N 20°35.126'V
"Úlfsvatnsvað er á fljótinu á ökuleiðinni til Úlfsvatns, spölkorn vestan ármóta Fljóts og Refsveinu" segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 2001. Úlfsvatnsvað er Norðlingafljóti um 1,1 km vestur frá Helluvaði (MH-002:072).
Grýttur jeppaslóði er liggur ofan í Norðlingafljót þar sem vaðið var á fljótinu Í kring er hraun og jökulurð, en árbakkinn er grasivaxinn.
Grýttur jeppaslóði er augljós sitthvoru megin við vaðið. Áin er nokkuð lygn og grunn þar sem Úlfsvatnsvað er.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kalmanstunga, 2001, 23.

MH-002:106 garðlag 64°43.802'N 20°47.020'V
Garðlag er í Hraunnefi, fast suðaustan við hlöðu og fjárhús sem þar eru.
Miðja garðsins er um 570 m austur af íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Garðurinn er í lyng-og mosavöxnu hrauni. Hvítá rennur sunnan og austan við.
Garðlagið liggur um 180 m leið frá NNA til SSV og á um það bil miðjum garðinum liggur til austurs um 90 m langur garður eða afleggjari sem er þvert á NNA-SSV garðlagið. Það mætti því segja að garðlagið í heild sinni sé þriggja arma og liggja armarnir þrír til NNA, SSV og austurs. Austasti armurinn tengist rétt (MH-002:088) með stuttu garðbroti sem liggur frá austasta hluta garðlagsins að réttinni. Búið að fjarlægja töluvert grjót úr hleðslunni til að nýta í annað. Víðast eru 2 umför af hleðslu eftir og er garðurinn 0,5 m hár. Partur af NNA hluta garðlagsins er þó ósnortinn, þar eru 6 umför af hleðslu og nær hún þar 1,6 m hæð. Garðurinn er í heild um 269 m langur og um 1 m á breidd og spannar svæði sem er um 150 m norðursuður og um 150 m austurvestur. Garðlagið er hlaðið á hraunbreiðu sem er fremur gróðursnauð. Hlutverk garðlagsins hefur eflaust verið að mynda aðhald fyrir réttina (MH-002:097) og sf til vill einnig til varnar túninu.


Garðlagið, horft til norðvesturs


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:107 garðlag túngarður 64°43.883'N 20°47.777'V
Garðlag liggur til vesturs, fast vestan við torfkofa (MH-002:112), í túni Kalmanstungu.
Garðurinn er í gróinni og þýfðri brekku.
Sigið og þýft garðbrot sem liggur í um 25 m austur-vestur. Það er mest um 0,2 m á hæð en um 1 m á breidd. Aðeins má greina grjóthleðslur í austasta hluta garðsins. Sennilegt er að það sé leifar gamals túngarðs Kalmanstungu.


Garðlagið, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:108 tóft 64°43.966'N 20°46.305'V






Tóftin, horft til vesturs

Kofatóft er í brekku vestur af Fornahvammi, um 660 m norðaustur af hlöðu í Hraunsnefi.
Gróinn hvammur í grasigróinni hlíð.
Rúst torfkofa sem er enn að hrynja. Vegghleðslur eru mest 1,8 m á hæð og er kofarústin hlaðin úr torfi. Kofinn er að innanmáli um 6 m á lengd A-V og um 3,5 m á breidd N-S og er einfaldur. Um meters breitt op er nú greinilegt á austurvegg rústarinnar en samkvæmt Ólafi í Kalmanstungu voru dyr á austur- og vestur gafli kofans. Þak hans er fallið og er hann fullur af torfhruni að innan. Kofinn var byggður sem hrossaskjól á fyrrihluta 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:109 hús útihús 64°43.689'N 20°47.850'V






Kofinn, horft til suðausturs

Kofarúst af kartöflukofa stendur undir þaki fyrir neðan heimatúnið í Kalmanstungu, um 260 m suður frá íbúðarhúsunum á bænum.
Kofinn er í grónum haga, þar sem hrossbeit er, sunnan við girðingu heimatúns.
Torfkofi undir þaki, byggður á fyrri hluta 20. aldar. Kofinn er að hrynja, en hluti þaks er enn haldið uppi af járn og viðargrind. Mest hæð undir þaki er 1,7 m. Kofinn er að innanmáli um 4,5 m AV og um 2,5 NS. Kofinn er einfaldur og úr torfi, en viðar-og járngrind heldur uppi bárujárnsþaki. Dyr eru á vesturhlið kofans. Samkvæmt Ólafi Kristóferssyni í Kalmanstungu var kofinn endurbyggður um eða fyrir 1960. Tekið var ofan af tóftinni og reistir í henni samanboltaðir braggabogar, ofan á bogana var þéttraðað birkilurkum og ofan á lurkana voru settir tómir áburðarpokar og gamalt bárujárn. Síðan var torf lagt ofan á bárujárnið og grasið látið snúa niður, þá kom þykkt moldarlag og að endingu torf með grashliðina upp. Svipaðri aðferð mun hafa verið beitt á aðra kofa en þeir eru nú allir horfnir. Upphaflegi kofinn hafði tvöfaldar útidyr, það er að segja útidyr og þá litla forstofu framan við kofann sjálfan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-002:110 hleðsla hlóðir 64°43.677'N 20°47.803'V



Hlóðir eru í farvegi gamla bæjarlækjarins, sem nú er þurr, um 40 m suðaustur af kofa sem enn hangir uppi (MH-002:109).
Hlóðirnar eru í grónum haga.
Hlóðirnar voru nýttar til ullarþvottar við bæjarlækinn. Hlóðinar eru við gamlan og þurran farveg bæjarlæks Kalmanstungu og ganga um 1 m NA inn í lækjarbakkann. Hlóðinar eru um 0,2 m djúpar og 0,5 m breiðar NV-SA. Grjóthleðsla er greinileg í NV og NA hlið hlóðanna, en hún er eitt umfar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:111 brú brú 64°43.856'N 20°47.843'V

Gamalt brúarstæði er fast sunnan við heimreiðarbrúnna yfir bæjarlækinn, um 80 m NNV frá íbúðarhúsum Kalmanstungu.
Gróinn lækjarbakki er beggja vegna lækjar.
Á þessum stað var gömul göngubrú, en skömmu fyrir 1960 var brú fyrir bifreiðar byggð á sömu undirstöðum. Göngubrúin var úr grind af bíl, birkiröftum og torfi. Árið 1974 var brúarstæðið fært örlítið til norðurs og núverandi brú tekin í gagnið en brúin á gömlu undirstöðunum rifin.



Brúin, horft yfir bæjarstæðið




Leifar brúarstæðisins, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:112 hús 64°43.879'N 20°47.745'V



Kofinn, horft til NNA



Kofarúst er tæpum 30 m vestur af tóft af hæsnakofa (MH-002:091).
Rústin er í grónum haga.
Torfkofi, sem að hluta til er undir þaki en er töluvert hruninn. Viðargrind heldur enn uppi hluta þaks. Innanmál kofans er 4 x 1,8 m og hæsti punktur frá þaki utanverðu er um 2 m. Nú er kofinn næstum fullur af torfhruni, sem og brotajárni og viði. Kofinn snýr NV-SA og dyr eru á SA vegg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:113 heimild um heygryfja 64°43.859N 20°47.823V

Ólafur Kristófersson í Kalmanstungu man eftir súrheystóft um 80 m norðan við bæ (001).
Við suðvesturhorn bragga á sléttu malarstæði.
Ragnheiður Kristófersdóttir, systir Ólafs, fædd 1932 og alin upp í Kalmanstungu man eftir byggingunni þegar hún var í notkun. Hún hélt að hætt hafi verið að nota hana fyrir 1940 en sagði að tóftin hefði staðið lengur. Hún var úr torfi og voru veggirnir um það bil axlarháir. Þakið var úr birkiröftum og torfi. Dyr voru á tóftinni sem var niðurgrafin en Ragnheiður mundi ekki hvort hlaðið hafi verið upp með veggjum gryfjunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-002:114 renna áveita 64°43.899N 20°47.814V



Rennan við Bæjarlækinn, horft til suðurs

Fyrir norðan kvíarnar (057), vestan undir Kvíasneið var Bæjarlækurinn stíflaður og renna eða skurður grafinn, vestan með Kvíasneið (002), neðan undir Kirkjubrekku og austur fyrir Harðhaus (005).
Enn sér móta fyrir skurðinum, hann er víðast á grasivöxnu svæði.
Skurðurinn er um 240 m langur. Hann liggur til suðurs með austurbakka Bæjarlækjarins en beygir til austurs neðan við Kirkjubrekku. Þá liggur hann áfram til austurs. Skurðurinn er misgreinilegur. Fast austan við lækinn, vestan undir Kvíasneið er um 1 m breið og 40 cm djúp rás sem grynnist og mjókkar þar til hún hverfur í gras. Aftur sér fyrir skurðinum sunnan undir Kirkjubrekku þar er lág dæld um 15 cm djúp. Austar hefur verið grafið upp úr skurðinum og hann því allgreinilegur. Sá skurður liggur þó lengra til austurs en áveiturennan gerði. Hún náði nokkrum metrum austur fyrir Harðhaus þar sem hún fjaraði út. Rennan var grafin til að veita vatni úr Bæjarlæknum á móana sem voru austan þáverandi túns.
Ólafur Kristófersson í Kalmanstungu man eftir þverrásum sem lágu frá rennunni út á móana en ekki sér fyrir þeim þar sem nú er þar slétt tún. Rennan mun hafa verið grafin fyrir 1917, en hún er merkt inn á túnakort af

Kalmanstungu sem teiknað er það ár.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort, 1917.

MH-002:115 þúst óþekkt 64°42.565N 20°52.024V

Neðst og vestast í Fjárhúsbót sér móta fyrir hraungrýti sem myndar hólf eða þúst. Þústin er um 4 km suðvestan við bæ (001) og um 1 km austan við tóftina í Hlöðugili (116).
Þústin er í birkiskógi.
Þústin er einföld, um 4 x 2 m stór og snýr SSA-NNV. Hún er opin til suðurs. Hleðslurnar eru úr hraungrýti og torfi. Þær eru hæstar um 20 cm nyrst í tóftinni en það gæti stafað af því að þar vex birkitré á hleðslunum. Annars staðar eru þær um 10 cm háar. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er hér um einhvers konar fjáraðhald að ræða.





Þústin, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-002:116 tóft óþekkt 64°42.516N 20°53.381V

Neðst og austarlega í tungunni á milli Hlöðugiljanna, í bakkanum á eystra gilinu er tóft. Hún er um 1 km vestan við þústina í Fjárhúsbótinni (115) og um 5 km suðvestan við bæ (001).
Tóftin er í birkiskógi.
Tóftin, er einföld og um 3,5 x 2,5 m stór og snýr norður-suður. Op er sunnarlega á vesturvegg. Hleðslur hennar eru mun hærri ef mælt er innan frá en að utan, og er hún því niðurgrafin. Hleðslurnar eru um 20-30 cm að utan en um 1m að innan. Hvergi sér í grjót í tóftinni.





Tóftin horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna tjárækar

MH002:117 tóft stekkur 64°43.954N 20°45.886V


Tóftin, horft til norðurs



Um 1,6 km austan við bæ (001) og um 600 m vestan við Kötlutún (030) er tóft í miðri hlíð sem kölluð er Brekkur. Svæðið þar sem tóftin er nefnist Stekkjarhóll svo nær öruggt er að um stekk er að ræða.
Tóftin er í grasivaxinni brekku, nokkuð þýft er umhverfis hana en slétt tún sunnar niður að fljóti. Framan við tóftina er kvos í hlíðinni.
Tóftin er um 8 x 8 m stór, tvískipt. Hólfin eru svipað stór, bæði opin til suðurs. Hleðslur tóftarinnar eru signar en þó vel greinilegar, hæstur er milliveggurinn um 40 cm en vesturveggurinn er lægstur um 20 cm. Tóftin er í talsverðum halla til suðurs og svo virðist sem hún hafi að hluta til verið stungin inn í brekkuna til norðurs, þar er veggjarhæðin um 1 m ef mælt er innan frá en litlar sem engar hleðslur greinilegar að utan. Hér og þar glittir í hraungrýti í tóftinni en engar eiginlegar grjóthleðslur sjást. Um 10 m SA við tóftina er allmikið barð og sér þar á stöku stað í hraungrýti en en ekkert byggingarlag er á því. Hugsanlegt er að þar hafi verið önnur bygging en einnig má vera að grjótið sé afgangs byggingarefni sem dregið hafi verið þangað til byggingar tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta

MH002:118 hleðsla áveita 64°44.263N 20°49.382V



Hluti áveitumannvirkjanna, horft til austurs




Hluti áveitumannvirkjanna, horft til SSV

Áveituskurðir eru allvíða með suðurbökkum Norðlingafljóts, á Þórðarteig og í Niðurengjum í landi Kalmanstungu. Greinagerð um mælingar á áveituskurðunum og uppistöðugörðum, dagsett 5. apríl 1922, er varðveitt er hjá Búnaðarfélagi Íslands. Þar segir: Í krika þeim sem myndast austanvið Gullteig - þar sem Fljótið beygir fyrir engjarnar, er grjóteyri stórgrýtt upp við brekkurnar. Fljótið hefir fyrir skömmu runnið þarna meðfram brekkunum alla leið að engjabakkanum, þar sem hann nemur við brekkurnar og rennur í vöxtum, en grjótruðningsstífla hefir myndast um mynni þessarar brekkukvíslar þó lægðin meðfram brekkunum og bakkanum sé enn. Haganlegast til að ná vatni upp á engið er að veita vatni í þessa fyrrverandi kvísl en setja í hana stíflugarð neðar ... svo vatnið hækki í þessari kvísl." Á Þórðarteig eru nú slétt tún austan vegar sem liggur yfir Fljótið en austan hans eru Niðurengjar sléttar og grónar.
Í greinagerðinni segir enn fremur: "Útbúningur til þess að veita vatni í gömlu kvíslina yrði með þeim hætti; að ryðja þyrfti skurð úr árbugðunni inn í gl. kvíslarfarið meðfram brekkunni og setja í skurðop þetta einskonar flóðgátt ... botn skurðmynnisins þarf að vera 0,5 metra neðanvið venjulegt vatnsborð í ánni og breiddin milli kampa 1,5 metra. En yfirborð kampanna sé jafnhátt eyrinni, svo minnt viðnám sé, þegar áin í flóðum fer þar yfir. Hafa þarf föls í miðjum kömpunum, svo rennt verði láréttum plönkum niður í opið. ... Stíflugarðurinn í "þurrkvíslinni" ... Tryggast er að gera hann nokkru hærri en bakkann og eyrina við hinn endann, svo áin fari ekki yfir hana á vöxtum í þýðri jörð. Garðurinn hlaðist úr því jarðefni, sem þarna er við hendina, og þarf að gæta þess vel að þjappa hann vel um leið og mokað er í hann. Best að í hann fari sem þéttast leirkendast efni. Ef það þykir ekki tiltakanleg fyrirhöfn, vildi ég helst, að báðar hliðarnar yrðu hlaðnar með torfi og grjóti en séð verði um , að yfirborðið verið sæmilega þétt, svo ekki grafist hann holur. Með því móti yrði að hafa fláann sem svaraði því, að steinarnir bindust vel. Verði hann þakinn, þá má fláinn ekki var minni en 1: 1,0 og breiddin að ofan 1,5 metrar. ... Lítilsháttar vatnsrás væri rétt að gera gegnum stíflugarðinn, þó ekki niður í lágdraginu, heldur þar sem garðurinn er lægri svo lágdragið fyllist frekar af framburði - fyrir vatn það er síga kann um skurðinn efra, þó stíflaður sé. Áveituskurðurinn grafist í gegnum bakkann frá stíflunni ... þó þannig helst að skurðopið nemi ekki alveg við "kant" stíflunnar. Botnbreidd hans sé 1,6 metrar og flái 1:1,0. .... Uppistöðugarðarnir. Alls er gert ráð fyrir 8 uppistöðuhólfum og ætti að vera hægðarleikur að veita vatninu eftir engjunum úr einu hólfinu á annað þegar það á annað borð er komið uppá engið. Garðhæðin er reiknuð aðeins sú hæð, sem garðarnir eiga að halda djúpu vatni, en við hleðlsun þarf að gera þá það hærri að þeir signir verði svo háir að batnið belgist ekki yfir þá í vindum."
Áveitumannvirkin sem nú eru greinileg eru á fjórum stöðum á engjunum. Á mörkum Gullteigs og Þórðarteigs er garðstubbur, um 13 m langur sem liggur austur-vestur, um 200 m sunnan við Fljótið. Hann er um 40 cm breiður og 15 - 20 cm hár. Neðst á Þórðarteig liggur svo garður í sveig frá fljótinu í vestur og þá suðvestur. Garðurinn er lægri vestan til, einungis um 20 cm hár og um 30 cm breiður en hækkar til austurs, þar sem hann er breiðastur um 1-1,2 m og hæstur um 1,2 m. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og hvergi sér í grjót. Stungusár er allvíða greinilegt sitt hvoru megin við garðinn, greinilegra austantil. Áin hefur brotið af garðinum á um 40 m löngu svæði , auk þess er skarð í hann um 5 m austan við veg þar sem ekið hefur verið yfir hann. Um 40 m vestan við veg, þar sem hann liggur yfir Norðlingafljót, eru áveituskurðir sem liggja þvers og kruss um engjarnar svo erfitt er að átta sig á því hvernig þeir hafa virkað en þeir ná yfir svæði sem um 160 x 430 m stórt (austur-vestur). Skurðirnir eru að meðaltali um 5 -10 cm djúpir og um 20 cm breiðir en víða eru þeir mun ógreinilegri en á stöku stað eru þeir allt að 20 cm djúpir og 70 cm breiðir. Þá var loks áveitugarður um 30 m austan við Norðlingafljót við Síkiskjaftinn en hann var stækkaður og ruddur á árunum 1960-65. Sá garður liggur suðvestur-norðaustur á sléttum eyrum. Hann er um 1-1,3 m á hæð og svo breiður að aka má eftir honum, um 3-4 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Mælingar á áveituskurði og uppistöðugörðum á Norðurengjar í Kalmanstungu, Búnaðarfélag Íslands 1922.

MH002:119 hleðsla rétt 64°44.515N 20°48.480V





Réttin, horft til ANA

Lítil grjóthlaðin tóft er á Stokkflöt, hólma í Norðlingafljóti, um það bil mitt á milli kvísla, vestarlega í apalhraunsbletti. Tóftin er um 760 m VSV við Skeljalágarvað (100) og um 1,4 km NNV við bæ (001) hlaðin upp við strýtumyndaðan klett.
Tóftin er í mosa- og kjarrivöxnu hrauni.
Tóftin er einföld, um 3 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Op er á tóftinni í suðvesturhorni hennar. Hún er hlaðin úr hraungrýti og eru hleðslurnar hæstar um 20 cm ef mælt er utan frá en hærri að innan eða um 30 cm. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en nær örugglega er hér um einhverskonar fjáraðhald eða rétt að ræða.
Hættumat: engin hætta

MH-002:120 varða samgöngubót 64°44.934N 20°40.948V
Landmælingarvarða er á Strútskolli. Hún var reist af landmælingamönnum danska herforingjaráðsins í byrjun 20. aldar. Varðan var ekki skoðuð á vettvangi en hnit var tekið á toppi Strútsins af korti.

MH-002:121 varða samgöngubót 64°45.700N 20°31.178V
Á brún jökulsstalls Eiríksjökuls, við uppgönguna, eru vörður. Vörðurnar voru ekki skoðaðar á vettvangi en hnit var tekið af korti.

MH-002:122 *Hallmundarhellir* mannvirki útilegumannabústaður 64°49.894N 20°29.211V



Hleðslur í Hallmundarhelli



Hallmundarhellir

Í grein Gísla Gestsonar í Útilegumönnum og auðum tóttum segir:"Hellir í ofanverðu Hallmundarhrauni fundinn 1956, um 20 mínútna gang frá Syðra Sauðafjalli í stefnu frá Eiríksnípu á mitt Sauðafjall syðra." Hallmundarhellir er um 750 m suðvestan við Sauðaskál (123), 3,4 km SSA af Kútstjörn (002b:007) og um 18,5 km NA af bæ (001).
Hellirinn er í gróðursnauðu, sandorpnu helluhrauni.
Kalman Stefánsson bóndi í Kalmannstungu fann Hallmundarhelli árið 1956 og gerði þjóðminjaverði viðvart. 12. júlí 1958 gerðu Gísli Gestsson og fleiri athuganir í hellinum, mældu og ljósmynduðu og 1. september sama ár kom Gísli Gestson þar aftur með Guðmundi Kjartanssyni jarðfræðingi, þeir athuguðu gólf og tíndu saman bein. Í áðurnefndri grein Gísla segir: "... Þar er niðurfall í hruninu, um 20 m vítt, og nær 40 m langt og stefnir frá austri til vesturs. Austur úr katli þessum gengur hellir, víður og hár fremst, en þrengist og lækkar austur eftir og er aðeins mjó tota austast og gjóta undir gólfi hennar, en þunnt gólfið, svo að ekki er hættulaust að fara í gjótuna. Alls er hellirinn nær 40 m langur. 15 m innan við hellisopið hefur verið hlaðinn garður þvert yfir hellinn, þar sem hann er rúmlega 6 m víður. Syðst er garður þessi tæp mannhæð, en við norðurvegg er hann um 2,75 m hár. Að ofan er garðurinn víðast nær 1 m breiður, en ekki verður nú séð, hve þykkur hann er að neðan. Hvergi er minna en mannhæð frá garðinum upp í hellisrjáfrið. Dyr eru á garðinum, rétt norðan við miðju, 0,75 m víðar. Innan á garðinum er gert

þrep neðarlega, og sé staðið á þrepinu, sést vel út yfir garðinn. Við nyrðri hellisvegginn, tveimur m innan við garðinn, er svo sem flet á gólfinu, að innanmáli um 1,7x1,2 m. Vestan að fletinu er fremst einn langur, vellagaður steinn, en uppi við hellisvegginn hlaðin bríkog rís hella þar upp við hana innanverða. Eystri langveggur er hleðsla, alla leið um það bil hnéhá. Framan við fletið er aðeins ein steinaröð, og taka steinarnir vart upp fyrir botn fletsins, sem er nokkuð hnökróttur á að liggja. Allur er frágangur fletsins hinn lögulegasti. Innan við fletið er gerð lítil kró. Hún nær jafnlangt fram á hellisgólfið og fletið, en nær hvergi út að hellisveggnum. Króin er að innanmáli nær 1,2 m löng og 0,75 m breið fremst, en bogadregin hleðsla er að innra horni hennar. Virðist kró þessi óhæf sem svefnstaður, og er alls óljóst til hvers hún hefur verið notuð. Veggir króarinnar eru allt að hnéháir, en hún er alveg opin fram á hellisgólfið. Við syðra hellisvegg er afmarkað svo sem flet, með einfaldri steinaröð, 1,3 x 1,0 m að stærð. Það er óljóst, en ótvírætt mannaverk eru þó á því. Loks er óvönduð hleðsla fyrir innsta kima hellisins, og má vera að hún sé sett til varnar því að farið sé þangað inn, enda er það ekki hættulaust vegna þess hve hellisgólfið er þunnt þar. Víða á hellisgólfinu, einkum í fleti og kró við norðurvegg og þar í grennd, var talsvert af kindabeinum, jafnt hausbein og leggir sem önnur bein, og voru flest leggbein brotin til mergjar. Einnig fundust þar nokkrar hrosstennur. Ekki voru þar þó nein ókjör af beinum, svo að þau lægju í hrúgum, en talsvert var þó af beinum í flestum gjótum í gólfinu. Beinin voru mörg mjög fúin, en sum voru þó næsta heilleg. Í fletinu við norðurvegg fundust tvær litlar pjötlur úr eir eða látúni og rétt þar hjá brotið brýni úr flögubergi, svo mjótt, að það hefur vart verið nothæft til að brýna annað með en skónálar. Innan við innri króarvegginn voru lítilfjörlegar eldleifar í gólfinu, viðarkolamolar og aska. Hvergi annarsstaðar í hellinum fundust nein merki eftir eld. Hellisgólfið er á að gizka 8-10 m neðar en yfirborð hraunsins, en það er á þessum slóðum í 460 m hæð yfir sjávarmál. Er því næsta kalt í hellinum og lítill gróður þar niðri, helzt skófir og dálítill mosi. Ekki er hægt að sjá, að gróður á hleðslum sé að neinu ráði minni en á veggjum hellisins né rjáfri. Hraunketillinn fyrir framan hellinn má heita fullur af allgrófum foksandi. Þaðan liggur brött sandbrekka niður í hellinn og hrynur sandurinn jafnt og þétt niður brekkuna, og að sama skapi færist sandskaflinn innar í hellinn. Hann er nú kominn yfir garðinn miðjan og talsvert inn á gólfið fyrir innan hann, svo að aðeins endar garðsins mega teljast sýnilegir niðurúr, en að utan sést aðeins efst á ytri brúnir hans út við hellisveggina.". Enginn sandur er á hellisgólfinu sjálfu innan við skaflinn og er byggðin þar því eldri en skaflmyndunin. Gísli Gestsson ályktar útfrá þykkt skaflsins að ekki geti verið minna en 300 ár frá því mannvirkin voru gerð en telur þó að þau séu miklu eldri. Þá finnst honum lýsing Grettis sögu á staðsetningu Hallmundarhellis vísa á svipaðar slóðir og þessi hellir er og af því mun stafa nafngiftin. Í Grettissögu hittir Grettir 'Lopt' (Hallmund) á Kili, þeir stympast og aðspurður um heimaslóðir sínar kveður Loptr: " Ætlak hreggs/í hrunketil/steypi niðr/frá stórfrerum;/þar má hængr/hitta grundar/lítinn stein/ok land hnefa." ÍF VII, 176. Grettir lét sér ekki skiljast hvar Loptr byggi og hann kvað því enn: "Esat mér dælt/at dylja þik,/ef þú vill/vitja þangat;/þat 's ór byggð/ Borgfirðinga,/þars Balljökul/bragnar kalla" ÍF VII, 177. Hallmundur kemur Gretti til hjálpar í bardaga við Þóri úr Garði: "Hallmundur sagði: "Þat vil ek nú, at þú komir til heimkynna minna, því at þér mun langt þykkja hér á heiðinni." Grettir kvezk þat gjarna vildu. Nú fóru þeir báðir samt suður undir Balljokul; þar átti Hallmundr helli stóran ok dóttur gilda vexti ok skoruliga. Þau gerðu vel við Gretti, ok græddi hon þá báða. Þar dvalðisk Grettir lengi um sumarit. Hann kvað flokk um Hallmund, ok er þetta þar í: Hótt stígr hollum fæti/Hallmundr í sal fjalla." ÍF VII, 184


Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÚAT, 43-47 , ÍF VII, 176-177 , 184.

MH-002:123 *Sauðaskál* hleðsla 64°50.265N 20°28.830V



Hleðslur í Sauðaskál



Í grein Gísla Gestsonar í bókinni Útilegumenn og auðar tóttir segir:"Um tíu mínútna gang nær Syðra Sauðafjalli [en Hallmundarhellir (122)] í sömu stefnu er dálítil skál í hrauninu, sporöskjulöguð. Skálin er með grjótbörmum, sem sumstaðar eru þverhníptir efst. Í þeim enda skálarinnar sem veit að Eiríksgnípu, er dálítill hellir ... Við austurhlið hellisins eru hlaðnir tveir veggir." Sauðaskálin er um 750 m austan við Hallmundarhelli (122).

Skálin er í sandorpnu hrauni. Við suður brún hennar er gróinn grasbakki, sundurskorinn af kindagötum.

Í vesturenda skálarinnar, sem snýr austur-vestur er hellisskúti og við suðaustuvegg hans er hlaðið lítið byrgi. Byrgið snýr austur-vestur og er um 2 x 3 m stórt, dyr eru á því á austurvegg þess móts hellismunnanum. Hleðslur byrgisins eru lágar, 40 cm eða um þrjú umför. Hlutverk þess er ekki þekkt en ljóst er að hér ættu sauðaþjófar hægt um að grípa fé þegar það leitar ofan í skálina, í skjól fyrir flugum og hita. Í fyrrnefndri grein Gísla Gestsonar segir um byrgið: "Heillsopið er 15-16 m vítt og dýpt hellisins inn í botn um helmingi lengri. Hellisgólfið er allmiklu lægra en skálin fyrir utan, en miðbik skálarinnar er um það bil eins djúpt. Allt

hellisgólfið er stórgrýtt. Við austurhlið hellisins eru hlaðnir tveir veggir, sem mynda eins og þríhyrning við vegg hellisins rétt innan við opið. Hleðsla þessi er mjög mosavaxin og um það bil hnéhá, og virðast hafa verið dyr móti hellisopinu. Dyraveggurinn er um 2,6 m langur og hinn veggurinn ívið lengri. Berghlið þríhyrningsins var um 2,6 m."
Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÚAT, 48

MH-002:124 *Franzhellir* hleðsla útilegumannabústaður 64°52.286N 20°17.728V



Hrosshauskúpur í Franzhelli



Hleðslur fyrir hellismunna Franzhellis



Hlóðir í Franzhelli



Fleti í Franzhelli

Í grein Gísla Gestssonar í Útilegumönnum og auðum tóttum segir: " Franzhellir er um 7 mínútna gang frá uppsprettunum [sunnan við Reykjavatn]. Hann er utan í hraunhól, sem varða er á, og snýr hellisopið mót norðri." Franzhellir er um 1 km austan við suðaustur horn Reykjavatns og um 200 m ASA af Eyvindarholu (125). Hann er um 10 km austan við Hallmundarhelli (122).
Hellirinn er norðvestan í hraunbungu í mosavöxnu, en víða ógrónu helluhrauni sem þakið er hraunbungum og sprungum.
Franzhellir er opinn móts norðvesturs. Opið er um 5-6 langt en hlaðið hefur verið fyrir það að hluta. Hleðslan er um 2 m löng og um 1, 8 m há að innan en tæpur metri að utan. Til móts við opið inni í hellinum er hraunsylla og á henni þrjár hrosshauskúpur. Austan við sylluna eru bein á víð og dreif. Undir henni er smá skúti, þar sem sagt er að Franz hafi falið sig þegar Hvítsíðingar hugðust handtaka hann. Vestar í hellinum eru hlaðnar hlóðir og þar vestan við hlaðið fleti. Innst í fletinu eru leifar að hrísi. Um 10 m sunnan við munna Franshellis er varða. Kristleifur Þorsteinsson kannaðir Franzhelli haustið 1882. Í grein hans sem nefnist Útilegumenn og útilegumannatrú segir hann svo frá: "Þegar inn kom, varð mér fyrst fyrir að telja sjö hrosshöfuð, sem raðað var í glufu eina gegnt inngánginum. Í hinum enda hellisins var rúmstæði hellisbúa á dálitlum stalli og grjótbálkur, sem hefði mátt kallast rúmstokkur, hlaðinn fyrir framan. Rétt við rúmið voru hlóðir og svo nærri , að vel gat hellisbúi hlynnt að eldamennsku án þess að þurfa að rísa á fætur. Yfir hlóðasteinana var lögð hringmynduð hella þannig, að potturinn féll niður í hæfilegt op. Beint yfir hlóðunum var strompur. Bæði í rúmstæðinu og rétt við það var mikill bingur af viðarrusli, sem molnaði allt, er við því var hreyft. Hrærði ég nokkuð í því til að vita, hvort nokkuð fyndist þar fémætt, og kom ekki annað upp en einn stafur úr mataraski. Nokkru síðar fann þar annar maður, Sigurður Helgason, bóndi á Hömrum, naglbítsgarm. Mikil hrúga var gegnt rúminu af beinum, mest úr kindum. Lítið bar þar á hrossabeinum öðrum en hausunum. Þó man ég eftir einni mjöðm, sem á voru axarför. Sýndi það að slátrarinn hafði þó haft öxi í búi sínu" Úr byggðum Borgarfjarðar, II, 301. Í Árbók Ferðafélagsins frá frá 1962 segir um Franzhelli: "Þetta bæli er kennt við síðasta útileguþjóf, sem sagnir fara af á Íslandi, Jón Franz. Hann var þjófur af Snæfellsnesi og hafði flúið á fjöll ... haustið 1814 sáu leitarmenn mann á hesti uppi undir Eiríksjökli. Þegar hann varð var við mennina, sló hann truntuna og hleypti norður fyrir fjallið, en þeir eltu hann ekki. Síðar um haustið var folaldsmeri stolið úr húsi í Fljótstungu um nótt. Þá var föl á jörðu, og voru rakin för frá húsinu allar götur upp á Þorvaldsháls eða 10-15 km, og þar fannst folaldið skorið á háls. Síðar um haustið fóru tveir menn frá Húsafelli á ísaveiðar fram að Reykjavatni. Þeir fundu þá för eftir mann og reykjarilm úr hrauninu. Við það fóru þeir til byggða og sögðu frá þessum ummerkjum. Hreppsstjóri Hvítsíðinga, Jón Auðunsson, safnaði þá liði og fór með sex manna flokk að Reykjavatni. Þeir röktu för mannsins að hellinum og handtóku hann þar. Jón þessi Franz var 27 ára, þegar þetta gerðist. Síðan var hann 20 ár í Brimarhólmi. Eftir það kom hann til Íslands og fór á sveit sína á Snæfellsnesi, og þar þótti Borgfirðingum fróðlegt að sjá hann, þegar þeir fóru í skreiðarferðir undir jökul. Þarna var hann þá eins og forngripur, þegar var fyrir löngu komið úr móð að leggjast út"

Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÚAT, 51. Úr byggðum Borgarfjarðar II, 301. ÁFÍ, 1962, 31.

MH-002:125 *Eyvindarhola* hleðsla útilegumannabústaður 64°52.304N 20°17.983V



Ólafur Kristófersson og Snorri Jóhannesson rannsaka Eyvindarholu



Hlaðinn stöpull, í Eyvindarholu

Í grein Gísla Gestsonar í Útilegumönnum og auðum tóttum segir: "Um tveggja mínútna gang aðeins norðan við vestur frá Franzhelli [002:124] er Eyvindarhola ofan í lágan hraunhól með tveimur vörðum á." Eyvindarhola er um 200 m VNV við Franzhelli (002:124), og um 410 m NNA við Beinaholu (126) ofan í dálítilli hraunbungu.
Holan er í hálfgrónu helluhrauni.
Holan er um 1,5 m í þvermál og í henni er hlaðinn um 1,2 m hár stöpull. Framan við hann er holan dýpri og hugsanlegt er að þar hafi verið hægt að smjúga niður. Fast við holuna er um 60 cm há varða og um 8 m suðaustan við hana önnur svipuð að stærð. Kristleifur Þorsteinsson segir frá holunni á þessa leið: "Hún hefur orðið þannig til frá náttúrunnar hendir, að gat hefur fallið á hola hraunbungu. Verður svo hellisskúti undir gjárbarmana á alla vegu. Í gjá þessa er hlaðinn grjótstöpull, sem nær jafnhátt yfirborði hraunsins. Á einn veg stöpulsins er op svo vítt, að maður getur auðveldlega rennt sér þar niður. Beint undir þessu opi gengur þrep út úr stöplinum, sem stíga má á, áður en komið er á gólf holunnar, sem er nokkru meira en mannhæðar djúp. Við niðurgönguopið var hella, sem féll vel yfir það og maður, sem renndi sér niður, gat um leið dregið helluna yfir. Hellan var úr hraungrjóti, alveg samstæð við bunguna, sem holan var í. Allur stöpullinn var þakinn mosa á yfirborðinu. Sáust því engin missmíði á hrauninu, er hellan var dregin yfir. Ennþá er stöpullinn óhaggaður, eins og hann hefur verið frá fyrstu hendi. En hellan er brotin fyrir fáum árum"
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Kristleifur Þorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 302. ÚAT, 57.

MH-002:126 *Beinahola* hellir 64°52.123N 20°18.289V



Snorri Jóhannesson í Beinaholu



Skúti með beinum ofan í Beinaholu

Í grein Gísla Gestsonar í Útilegumönnum og auðum tóttum segir um Beinaholu: "Um 7 mínútna gang litlu sunnar en vestur frá Franzhelli [002:125] er holan, sunnan til á stórri sléttri hraunbreiðu, sem er umkringd úfnu hrauni á allar hliðar. Nálægt miðri hraunsléttunni er dálítil grasflöt og skammt sunnan við hana er holan rétt við brún úfna hraunsins. Fast við holuna að vestanverðu eru tveir grasbollar í hraunsléttunni." Beinahola er um 520 m suðvestan við Franshelli (002:124), um 410 m SSV við Eyvindarholu (002:125) og um 830 m ASA við suðausturhorn Reykjavatns.

Holan er í sléttu ógrónu hrauni.,
Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur fann holuna í ágúst 1951 þegar verið var að svipast um eftir Eyvindarholu. Í Útilegumönnum og auðum tóttum segir: "Beinahola líkist Eyvindarholu að því leyti, að hún er neðanjarðar hellir með gati upp úr í miðju. Opið er um 1 m á lengd og 60 cm á breidd. Undir opinu er hellisgólfið á kafi í mosa, en þegar lengra dregur frá, er það alþakið stórgrýti. Hellirinn er eins og sporaskja í lögun, um 10 m á lengd og 8 m á breidd. Gólfið er hæst undir opinu, en lækkar á alla kanta frá því.. Sama er að segja um hellisloftið, en þó er hæst undir loft hjá opinu. Þar er rúmlega einn og hálfur metri af gólfinu upp að yfirborði hraunsins. Í holunni er mikið af beinum, bæði úr kindum og stórgripum, og eru mörg beinin brotin til mergjar. Þegar komið er að, ber mest af krúnu af nautgrip, sem er rétt undir opinu og er eins mosavaxin og steinarnir í kring. En engin mannvirki var að sjá í helli þessum. ... Sum beinin eru brotin til mergjar. Ekki voru þar heldur neinar heillegar beinagrindur, eins og verið hefði, ef skepnur hefðu hrapað ofan í holuna og drepist þar." Holan er um 1 x 50 m stór og um 1,6 - 1,7 m djúp en ofan í henni eru skútar til norðurs og vesturs sem eru dýpri. Ofan í holunni er mikið af beinum, meðal annars nautgripahauskúpa, leggjar- og mjaðmabein. Innst í norðurenda holunnar er lítil hleðsla, 1 m löng og um 30 cm há. Líklega er hér um einskonar forðabúr að ræða fremur en mannabústað þó ekkert verði fullyrt í þeim efnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÚAT, 60.


MH-002:127 *Reykjavatnsskáli* tóft sæluhús 64°52.658N 20°18.563V



Reykjavatnsskáli, horft til ANA



Snorri Jóhannesson og Ólafur Kristófersson á við Reykjavatnsskála, horft til vesturs



Um 950 m NNV frá Franzhelli (002:124), 15 m norðan við Reykjavatn og um 6,3 km ASA við skálann í Álftakrók (002b:008) er kofatóft.
Tóftin er á lágum, gróskumiklum hól. Umhverfis er þýfður mói, gróinn melur til norðurs en ASA við er allblautur flói.
Tóftin er einföld og snýr nálega austur-vestur. Hún er um 5 x 4 m að stærð með opi vestast á suðurvegg. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og þó víða sé gróið fyrir grjótið má greina 3-4 umför. Hleðslurnar eru hæstar um 1,6 m að austan og vestan. Þak kofans hefur fallið ofan í hann en það hefur verið úr timbri og torfi sem nú liggur inni í tóftinni. Skálans við Reykjavatn er getið í frásögn af handtöku Jóns Franz veturinn 1814. Kristleifur Þorsteinsson segir svo frá í grein sinni Útilegumenn og útilegumannatrú: "Jóni hreppsstjóra Auðunssyni var nú strax tilkynnt, hvers þeir Húsafellsbræður hefðu orðið vísir þar við Reykjavatn ... Komst Jón með flokk sinn að kvöldi dags í Reykjavatnsskála. Þar héldu þeir kyrru fyrir, þar til birta tók að morgni næsta dags." Úr byggðum Borgarfjarðar, II. Í Byggðum Borgarfjarðar segir um Reykjavatnsskála: "Þar gistu Fljótadragamenn fram yfir 1950, en síðastliðin 35 ár hafa þeir gist í Álftakróksskála. Árið 1946 var hann fallinn að kalla, en reft var yfir hann aftur." BB III, 360.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Úr byggðum Borgarfjarðar II, 306-307. BB III, 360.

MH-002:128 *Vaðið á fossbrúninni* heimild um vað 64°52.954N 20°19.314V
Í örnefnaskrá Kalmanstungu segir: "Reyká rennur úr Reykjavatni í Norðlingafljót ... Í henni er foss og vað á fossbrúninni, nafnlaust, en kallað "vaðið á fossbrúninni."" Vaðið á fossbrúninni er um 800 m norðvestan við Reykjavatnsskála (002:127).
Hér rennur áin um gróna móa en skammt vestan við tekur við flói. Bakkar hennar eru lágir en botninn allgrýttur.
Heimildir:Ö-Kalmanstunga, 2001, 26.


MH-002:129 *Virkishólar* tóft óþekkt 64°53.044N 20°20.103V



Virkishólar, horft til NNA



Virkishólar, horft til vesturs



Virkishólar er um 1,4 km norðvestan við Reykjavatnsskála (002:127) og um 650 m norðvestan við vaðið yfir Reyká (002:128).
Virkishólar eru hólrani austan og sunnan við Reyká. Raninn er að mestu hálfgróinn melur, nokkuð grýttur en vestast þar sem hann er einna hæstur er hann gróinn.
Vestast á Virkishólum eru leifar mannvirkis en byggingarlag þess er ekki skýrt. Svo er sem stungið hafi verið niður með brún hólsins sem hér myndar nálega 90° horn, við brún hólsins er stungan um 10 m löng austur-vestur og um 6 m norður-suður. Þar ofan við er svo einnig sem skeifulaga dæld hafi verið stungin niður. Dældin er um 5 x 3 m stór, snýr suðvestur-norðaustur og um er 40-50 cm djúp. Loks er T-laga torfhleðsla innan hennar sem skiptir dældinni í þrjú hólf. Torfhleðslan er um 20-30 cm há, 5 m löng norðaustur-suðvestur og um 2 m löng norður-suður. Hlutverk þessa mannvirkis er ekki þekkt en ef marka má heiti hólanna mætti ætla að hér hafi menn varist enda sér vel til allra átta ofan af Virkishólum.

Hættumat: engin hætta

MH-002:130 *Dragatangi* heimild um tjaldstæði 64°54.206N 20°13.046V
Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir :"Í Neðri-Fljótadrögum (Neðridrögum) er tangi, Norðlingafljót á aðra hlið en tjörn á hina. Heitir þar Dragatangi. Þar var sameiginlegur náttstaður Vatnsdælinga og Borgfirðinga, nóttina áður en réttað var í Réttarvatnstanga." Dragatangi er um 5 km SSA við Réttarvatnstanga (002b:013).
Tanginn var ekki skoðaður á vettvangi, en hnit á honum var tekið af korti. Kunnugir segja að engar minjar séu í tanganum.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 18-19.

MH-002b Kalmanstunga (Arnarvatnsheiði)


Mörk milli Arnarvatnsheiðar og Hallmundarhrauns eru um Norðlingafljót. Árið 1880 seldi Stefán Ólafsson bóndi í Kalmanstungu Hálsasveit og Reykholtsdalshreppi alla Arnarvatnsheiði frá Svínalæk og eins og grös náðu milli Norðlingafljóts og merkjalínu þeirrar er skilur milli Sunnlendinga- og Norðlendingafjórðungs. Veiðirétt í öllum vötnum á hinu selda svæði til móts við kaupendur áskildi Stefán sér og erfingjum sínum. Söluverðið var þrjú þúsund krónur. Landspildan frá Svínalæk að landamerkjum Fljótstungu, er var undanskilin [kaupunum], nefndist Bugar. Af því landi hafði Kalmannstungubóndi engar nytjar. Fáum árum síðar lét Ólafur Stefánsson í Kalmanstungu þetta land af hendi til sömu sveita fyrir mjög sanngjarnt verð." - GR II, 331

"Arnarvatnshæðir eru víða blásnar og grjótberar efst, en milli þeirra flestra eru hin bestu gróðurlönd og utan í þeim eru brekkur, bollar og lautir með angandi sumargróðri. Hæðirnar hafa verið að blása upp á umliðnum öldum. Má sjá víða háar gastorfur með stórum víðihríslum, sem eru smám saman að missa fótfestu og haldstyrk í einangruðum og hrörnandi jarðvegi." GR III, 146. Gamlir og skjarrir sauðir úr Borgarfirði "héldu sig í stórum hópum á Tvídægru norðanverðri, því að þar eru hagar allir betri en sunnan við merkin." - GR III, 165 - "Sunnan og suðaustan við Langajörva er víðáttumikið flatlendi, 500 m yfir sjávarmál, sem heitir Fljótsdrög. Takmarkast þau af Langjökli og Hallmundarhrauni að austan og sunnan. Fljótsdrög eru víða blautlend mjög með gróðurmiklum flóum, tjörnum, lónum og jökulkvíslum, sem í vatnavöxtum flæða víð vegar um sanda og aura. Gróður er þar mikill og stórvaxinn, og sækir sauðfé þangað mjög ... Fjöldi svana hefur þar bólfestu á sumrum, einnig lómar, himbrimar o.m.fl. fuglar. Veðursæld er óvenjuleg í Drögunum." GR IIII, 221

MH-002b:001 *Bugakot* tóftir bústaður 64°47.661N 20°42.744V



Tóft A, horft til vesturs






Tóft B, horft til austurs

Tóft E, horft til austurs



Tóft F, horft til norðurs





Tóft C, horft til norðurs



Tóft G, horft til suðurs



Tóft D, horft til austurs



Tóft H, horft til suðurs

Sunnan undir Kleppatagli, neðst í Fremri-Bugum, um 1,5 km norðan við Surtshelli (002:039), norðan Norðlingafljóts eru rústir Bugakots, um 8,2 km NNA við bæ (002:001).

Tóftirnar eru á svæði þar sem skiptist á gróinn melur, nokkuð þýfður og votlendisspildur.

Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir: "Upp frá Kleppunum er graslendi nokkuð lágt með fljótinu og heitir Bugar og er vanalega skipt í Neðri-Buga og Fremri-Buga. Þessar grasflesjur með fljótinu freistuðu tveggja manna til að setjast þar að og byggja í Fremri Bugum 1899-1901. (Eða þar um bil). Þeir hétu Sveinn, vanalega nefndur Buga-Sveinn síðan, og Tófu-Siggi, alþekkt refaskytta. Ekki varaði byggð þeirra lengi, því á

góu fluttu þeir til bæja, vegna þess að þá vantaði ýmislegt smávegis, svo sem hey, mat og eldivið ... Rústirnar eftir býlið heita Bugakot." Þorvaldur Thoroddsen var á ferð í Fremri Bugum sumarið 1898, í ferðabók sinni segir hann: "Fórum við síðan sem leið liggur upp á Fugleyrar, fram hjá Surtshelli, og svo upp með Norðlingafljóti sunnanverðu. Hjá fljótinu, nærri Fugleyrum, var verið að byggja nýbýli; annars er hér engin byggð á heiðum aðeins afréttarlönd". Á um 200 x 200 m stóru svæði í Fremri-Bugum eru 8 byggingar sem eflaust tengjast býlinu. Þær eru misjafnar að stærð og gerð og eflaust hafa sumar bygginganna aldrei verið fullgerðar. Byggingarnar verða hér merktar með bókstaf til aðgreiningar. Bygging A er lágur grasivaxinn stallur, um 10 cm hár, sem snýr austur-vestur, um 10 x 6 m að stærð. Meðfram suðurbrún stallsins er grjótröð og í norðausturhorni hans eru þrír stórir steinar. Austarlega á stallinum má sjá móta fyrir skeifulaga torfhleðslu, um 3 x 3 m stórri, opinni til suðurs. Torfhleðslan er um 30 cm há. Um 8 m norðvestan við A er bygging B. Þar er um 4 x 4 m stór stallur með um 30 cm hárri torfhleðslu við norðurbrún, en grjótröðum við aðrar brúnir. Stallurinn er um 10 cm hár. Bygging C er um 30 m SSV við B. Hún er einna heillegust allra bygginganna á svæðinu, tóft af fjárhúsi. Tóftin snýr norður-suður. Hún er um 10 x 8 m stór, tvískipt. Hólfin eru svipuð að stærð og bæði með opi á miðjum suðurvegg, en ekki er op á milli hólfa. Torfhlaðnar jötur eru í báðum hólfum upp við millivegginn. Hleðslur tóftarinnar eru um 60-70 cm háar þar sem þær eru hæstar og allvíða glittir í grjót í þeim. Bygging D er um 60 m norðvestan við byggingu C. Eflaust hefur aldrei verið lokið við gerð hennar en þar má greina það sem líklega hefur verið upphaf að fjárhúsi, neðsta umfar tvöfaldra grjóthleðslna og torfhlaðins milliveggjar. Tóftin snýr norður-suður, um 9 x 7 m stór, opin til suðurs. Hleðslur torfveggjarins eru um 20 cm háar. Bygging E er um 65 m norðan við byggingu B, lítil tóft hlaðin úr torfi neðst og þá grjóti. Tóftin snýr austur-vestur og er um 5 x 4 m stór með ógreinilegu opi í suðvesturhorni. Hleðslur hennar eru um 50 -70 cm háar. Bygging F er um 160 m norðan við E. Þar er stór steinn uppi á melhól og sunnan undir honum lágar grjóthleðslur. Hleðslurnar eru um 15 cm háar og mynda lítið hólf um 3 x 3 m stórt, opið til suðurs. E.t.v. hefur Tófu-Siggi komið sér upp skotbyrgi á þessum stað. Byggingar G og H eru fast við bakka Norðlingafljóts. Bygging G er um 55 m SV við H og um 40 m ASA af C. Hún er fremur ógreinileg enda á þýfðu svæði. Tóftin snýr norður-suður, um 9 x 5 m stór. Hleðslur hennar eru hæstar um 40-50 cm. Við austurvegg hennar er rás, þar sem hugsanlegt er að byggingartorfið hafi verið stungið upp. Bygging H er um 55 m norðaustan við G og um 55 m ASA við A. Hún snýr einnig norður-suður og er svipuð að stærð og G, um það bil 9 x 5 m. Hugsanlegt op er á tóftinni í suðausturhorni hennar. Hleðsluhæð tóftarinnar er um 40 cm. Rásir eru hvort tveggja austan og vestan við tóftina líkt og er við austurvegg G og hefur þar líklega verið stungið upp torf.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 7. Þorvaldur Thoroddsen. 1913. Ferðabók: skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1896, 90.

MH-002b:002 tóft rétt 64°49.175N 20°40.142V



Tóftin, horft til suðurs



Um 500 m austan við þar sem Svínalækur rennur í Norðlingafljót úr Þorgeirstjörn, fast norðan við fljótið er tóft. Hún er um 3,5 km norðaustan af Bugakoti (001) og um 6 km suðvestur af tóftinni við Bleikjupoll (005).

Tóftin er í grasivöxnum hvammi sunnan undir bröttu barði á bökkum Norðlingafljóts.

Tóftin snýr suðvestur-norðaustur og er um 10 x 8 m stór, tvískipt. Eystra hólfið er stærra um 10 x 4 m stórt og snýr eins og tóftin, ógreinilegt op er á miðjum vesturvegg þess. Vestara hólfið snýr einnig suðvestur-norðaustur og er um 5 x 4 m stórt það er opið á miðjum suðurvegg. Stóru grjóti hefur verið hlaðið ofan á hleðslur eystra hólfsins en ekki þess vestara og því er það mun skýrara og hleðslur þess hærri eða um 40-50 cm. Hleðslur vestara hólfsins eru signar og einungis um 20 cm háar. Bæði hólfin eru byggð upp við barðið að norðanverðu. Líklega tengist grjóthleðslan endurnýtingu tóftarinnar og hefur þá einungis eystra hólfið verið nýtt. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en leiða má líkum að því að á seinni stigum hafi eystra hólfið verið notað sem rétt, enda var þá hlaðið fyrir op þess. Frumhlutverk tóftarinnar allrar hefur e.t.v. verið sel eða sæluhús.

Hættumat: engin hætta


MH-002b:003 hleðsla rétt 64°47.382N 20°44.418V



Réttin, horft til vesturs



kassinn, horft ofan á



Um 380 m austan við flugvélarbrak (004) og um 1,5 km vestan við Bugakot (001) er grjóthlaðin rétt.
Réttin er í grasivaxinni, aflíðandi brekku sunnan undir urðarholti. Umhverfis er mosavaxinn melur.
Réttin snýr ASA-VNV. Hún er einföld, um 8 x 5 m stór með opi í suðausturhorni. Réttin er hlaðinn upp við holt og myndar það norðurvegg hennar. Hún er hlaðin úr stóru grjóti og víðast stendur einungis eitt umfar. Hleðslurnar eru hæstar um 30 cm. Skammt frá opinu á réttinni í suðausturhorni hennar er einskonar grjóthlaðinn kassi. Grjóthellur hafa líklega verið lagðar ofan á kassann en hafa nú hrunið ofan í hann. Í botni kassans er einnig stór hella. Kassinn hefur eflaust verið nýttur sem einskonar geymsla.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:004 sögustaður herminjar 64°47.299N 20°44.851V




Horft yfir svæðið til norðurs

Austan við Kleppana, vestan í Kleppataglinu um 770 m vestan við Urðarhól og um 1,8 km VSV af Bugakoti (001) er brak úr þýskri herflugvél sem skotin var niður árið 1942.
Brakið er dreift um hálfgróinn mel.
Leifar úr brakinu eru á víð og dreif um melinn en þéttastar á um 100- 150 fermetra stóru svæði. Lítið er eftir af brakinu en upp úr 1950 var stór hluti þess fjarlægður, fluttur til Reykjavíkur og bræddur. Í bókinni "Vígdrekar og vopnagnýr; Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið" er fjallað um atburðinn sem gerðist 24. október 1942. Þar segir: "Ratsjárstöðvar Bandaríkjamanna fylgdust með þýsku flugvélinni þennan morgun ... Ratsjárstöðvunum gekk þó misvel að fylgjast með ferðum flugvélarinnar og misstu af henni á köflum ... Flak ...[hennar] fannst ekki fyrr enn tveimur dögum síðar og flutti Stefán Jónsson, bóndi í Kalmanstungu, leitarflokk bandarískra hermanna yfir Norðlingafljót. Voru líkin fjarlægð úr flakinu og jarðsett að Brautarholti á Kjalarnesi fjórum dögum síðar."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Friðþór Eydal. 1998. Vígdrekar og Vopnagnýr..., 237,238.

MH-002b:005 tóft óþekkt 64°5



Tóftin, horft til suðurs



Neðst í Hæðarsporði um 30 m austan við Bleikjupoll og vestan við Tjörnina í Hæðarsporði er tóft. Hún er um 3 km vestan við Kútstjörn (007), 5 km norðvestan við Hallmundarhelli (002:122) og um 17, 5 km norðaustan af bæ (002:001).
Tóftin er vestan í lágan hól, fast austan undir stærri hól. Svæðið er grasivaxið en fast sunnan við það er blautur flói.
Tóftin snýr nálega norður-suður. Hún er um 12 x 5 m stór, tvískipt. Nyrðra hólfið er mun minna, um 4 x 4 m stórt. Syðra hólfið snýr eins og tóftin, það er um 8 x 5 m stórt. Hugsanlega hefur verið opið á milli hólfa á miðjum millivegg en hann er nokkuð sigin svo erfitt er að fullyrða um það. Syðra hólfið er með op á miðjum suðurvegg. Tóftin er töluvert niðurgrafin, hún er um 60 cm djúp syðst en grynnkar til norðurs. Engar hleðslur eru greinilegar að utan. Dýpst er tóftin að austan, um 1,4 m vegna hólsins sem þar er en hann er líklega myndaður úr uppkastinu úr tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en af

staðsetningu hennar bendir til að um sel gæti verið að ræða.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:006 gata leið 64°55.079N 20°23.407V



Hluti leiðarinnar, horft til norðurs

Þegar komið er yfir Helluvað (002:072), (samanber leið 002:036) liggur gamli vegurinn til austurs og norðausturs, sunnan Kútstjarnar (007). Þá til norðausturs, með austurhlið Núpatjarnar og í Álftakrók. Þaðan liggur leiðin norðan við Mordísarvatn, sunnan við neðstu Leggjarbrjótstjörnina en norðan við þá í miðið og þá efstu. Þá liggur hún með ásnum norðan við Hvannamó og þaðan annars vegar að Sesseljuvík í Arnarvatni Stóra og hins vegar að Skammá. Leiðin úr Álftakrók og að Arnarvatni er oft kennd við lækinn sem hún liggur yfir og nefnd Leggjarbrjótur.
Leiðin er ekki greinileg allsstaðar enda liggur hún víða um grýttan mel. Um 2 km norðvestan við Réttarvatnstanga (002b:013) sést þó vel til hennar en þar eru 4-6 samhliða paldrar þar sem leiðin liggur yfir hálfgróinn mel. Einnig má greina hana á stöku stað annarsstaðar til að mynda við Álftakrók. Leiðin er vörðuð á 200-250 m millibili og standa flestar vörðurnar vel. Þær eru stæðilegri eftir því sem norðar dregur enda betra hleðslugrjót á þeim slóðum.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:007 *Kútstjörn* heimild um áfangastað 64°51.618N 20°30.853V
Í örnefnaskrá Arnarvatnheiðar segir: "Nokkuð fyrir ofan Hæðarsporð liggur hann [gamli vegurinn (006)] hjá smátjörn, er þar graslendi og smá uppsprettulind. Tjörnin heitir Kútstjörn. Þar þótti sjálfsagður áningarstaður hjá ferðafólki." Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en samkvæmt kunnugum eru þar engar minjar. Hnit var tekið á Kútstjörn af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 16.

MH-002b:008 *Álftakróksskáli* tóftir sæluhús 64°53.240N 20°26.389V




Skálatóftin, horft til VNV



Hesthústóftin, horft til ASA

Álftakróksskáli er um 500-600 m austan við Núpatjörn. Tóft gamla skálans er um 5-10 m vestan við núverandi skála, um 2 km suðvestur af skálanum í Krummavatnshæðum (011) og um 6,3 km VNV af skálanum við Reykjavatn (002:127).
Skálinn er á grónu holti en fast norðan og sunnan við hann er blautur flói.




Skálatóftin snýr norður-suður. Hún er um 10 x 5 m stór með dyrum nyrst á vesturvegg. Hleðslur tóftarinnar eru nokkuð háar, hæstar um 1,3 m og má greina 7 umför grjóts innan frá en gróið er yfir grjóthleðslurnar utan frá. Í norðvesturhorni tóftarinnar stendur hella út úr hleðslunum, ofan við þriðja umfar, einskonar borð. Fyrir nokkrum árum (2005) var hreinsað út úr tóftinni sem hafði verið fyllt af rusli. Þegar allt rusl hafði verið fjarlægt var skafið inn úr rústinni til að fjarlægja glerbrot og var sá jarðvegur urðaður sunnan við rústina. Um 100 m SSV við skálatóftina er hesthús, enn undir þaki. Hesthúsið snýr austur-vestur og er um 12 x 8 m stórt. Það er hlaðið úr grjóti, 5-7 umför. Hleðslurnar eru hæstar um 1,3 m. Húsið er með bárujárnsþaki og torfþekju sem að mestu leyti hefur lekið niður. Lofthæð þess er um 1,6 m upp í sperrur en um 2,5 upp í rjáfur. Vesturgafl hússins er úr bárujárni og þar eru dyr í norðvesturhorninu. Fast austan við hesthúsið er grjóthlaðin rétt, hún snýr norður-suður, 8 x 3 m stór, með opi í suðvesturhorni. Líklega hefur einnig verið op á réttinni í norðausturhorni en þar er nú upprétt hella í bilinu. Hleðslur réttarinnar eru um 1 m háar. Í Byggðum Borgarfjarðar segir um skála í Álftakrók:"Tveir leitarskálar,

sem nú eru notaðir, voru byggðir 1957 úr timbri og bárujárni ... Álftakróksskálinn var stækkaður 1982 . Báðir voru þessir skálar byggðir hjá eldri skálum, sem voru hlaðnir úr torfi og grjóti. ... Skálinn [torfskálinn] í Álftakrók var byggður árið 1914 þar sem hann er nú."
Hættumat: engin hætta

MH-002b:009 *Klettvað* heimild um vað 64°54.383N 20°15.171V
Í örnefnaskrá Kalmanstungu segir: "Þá er þar vað á fljótinu austur undir svonefndum Neðridrögum. Þetta vað heitir Klettvað." Vaðið var ekki skoðað á vettvangi en hnit var tekið af korti. Klettvað er um 1,7 km VNV við Dragatanga (002:130) og um 3,8 km sunnan við Réttarvatnstanga (013).
Heimildir:Ö-Kalmanstunga, KÓ, 11.

MH-002b:010 tóftir sæluhús 64°53.461N 20°30.157V




Tóft A, horft til suðurs



Tóft B, horft til norðurs

Um 5 m sunnan við Arnarvatn litla, norðan Refsveinuóss eru tóftir. Þær eru um 3 km austan við Álftakróksskála (008) og um 2,7 km suðaustur af tóftinni í Austurriðatanga (019).
Tóftirnar eru tvær á svæði sem er um 60 x 30 m stórt, snýr norður-suður. Þær eru hér aðgreindar með bókstöfum. Tóft A er á grasigrónum hól sem er á mosavöxnum og þýfðum mel en tóft B er á melnum.
Tóft A er niðurgrafin norðan í grasigróinn hól. Hún er um 4 x 2 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er opin til norðurs. Grjóthleðslur eru greinilegar í austur- og vesturvegg tóftarinnar. Svo virðist sem stungið hafi verið niður í hólinn fyrir tóftinni og grjót hlaðið upp með sárinu. Þó má vera að vesturveggurinn sé að öllu leyti hlaðinn upp því vestan við hann er lægð í hólnum. Lægðin er líklega fremur náttúruleg en annað hólf tóftarinnar þar sem hún hefur ekkert sérstakt byggingarlag og þar sér hvergi í grjót. Tóftin er 1-1,2 m djúp, sem er og hæð vesturveggjarins. Tóft B er mjög sigin og ógreinileg, fremur dæld en tóft. Hún er um 50 m NNA við tóft A. Dældin snýr austur-vestur og er um 3 x 2 m á stærð. Ekki sér í grjót í henni. Hér mun vera um veiðikofa að ræða og er líklegt að tóft A hafi tekið við af tóft B frekar en að þær hafi verið í notkun á sama tíma, enda er tóft B óskýrari og fornlegri.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:011 tóft sæluhús 65°54.110N 20°27.762V



Skálatóftin, horft til austurs



Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir: "Vestast í þeim [Krummavatnshæðum], stutt frá læknum, er rúst af leitakofa, sem þar var." Tóftin er um 2 km norðan við skálann í Álftakrók (008), um 3,1 km suðvestan við kofatóftina við Veiðitjörn (012) og um 2,2 km norðaustan við tóftina við Arnarvatn litla (010).


Tóftin er í grónum móa milli lágra urðarása sem liggja austur-vestur, nær þeim nyrðri.

Tóftin er einföld, um 12 x 8 m stór og snýr austur-vestur. Hún er öll hlaðin úr flötum hellum sem gnótt er af í nágrenninu. Hleðslurnar eru hæstar um 1,5 m. Tóft skálans var breytt um 1953-54 þegar suðurveggurinn var færður um 1-1,5 m sunnar. Hann er nú lægri en aðrir veggir eða um 1,1 m hár og öllu verr hlaðinn. Því má ætla að upphaflega hafi skálinn verið um 12 x 6,5 m að stærð. Nú eru dyr í norðvesturhorni tóftarinnar og líklega hafa þær einnig verið þar í upphaflega skálanum. Í norðurvegg tóftarinnar eru tveir skápar í hleðslunum og svo mun einnig hafa verið í suðurveggnum áður en hann var fluttur. Um skálann segir í Byggðum Borgarfjarðar: "Á fyrstu árum aldarinnar var byggður leitarskáli í hæðunum austan við Arnarvatn litla. Hann var grjóthlaðinn og töluvert mannvirki, en staðsetning hans var ekki góð. Erfitt var að finna hann í dimmviðri og vatn ekki nærri. Hann var notaður í fáein ár. Síðar var oft geymt fé í skálatóftinni í seinni leitum."

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 17. BB III, 360.

MH-002b:012 tóft sæluhús 64°55.465N 20°25.380V





Tóftin, horft til austurs

Um 3,1 km norðaustan við kofann við Krummavatnshæðir (011) og um 7 km VSV við Réttarvatnstanga (013) er lítil kofatóft, um 20 m norðan við Veiðitjörn, þar sem tangi gengur út í hana.

Kofatóftin er á mörkum mels og móa í þýfðum, grasi- og mosavöxnum móanum.

Tóftin er um 6 x 6 m stór, hlaðin úr torfi og grjóti og glittir í grjóthleðslurnar hér og þar. Hún er nokkuð sigin og standa hleðslurnar hæst um 40 cm. Norður- og austurveggir hennar eru hæstir en vesturveggurinn lægstur. Dyr eru í suðvesturhorni tóftarinnar. Norðan við hana er dálítill þúfnakragi og sést þar í grjót svo nokkurt byggingarlag virðist á.. Hugsanlega er þetta annað hólf kofans en einnig er hugsanlegt að upphaflega hafi hann verið um 9 x 6 m stór og þúfnakraginn þá verið norður veggur hans, hann hafi síðar verið minnkaður í þá stærð sem hann er nú.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:GR II, 362

MH-002b:013 *Réttarvatnstangi* hleðsla rétt 64°56.316N 20°16.860V




Réttarvatnstangi, horft til suðvesturs



Hluti réttarinnar, horft til NNA

Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir: " Frá Merkjasteini ... Norðvestast á Svörtuhæð [014] liggja merkin í stefnu austur í Réttarvatn í tanga sem gengur suðvestan í vatnið og heitir Réttarvatnstangi" Austast á tanganum er hlaðin rétt. Réttin er um 7 km ANA af skálanum við Veiðitjörn (012) og um 3,8 km norðan við Klettvað (009).



Tanginn er vaxinn mosa og grasi, smáþýfður á köflum.

"Hann [Réttarvatnstangi] er mjög mjór framan til. Þangað var leitað stórt svæði til allra átta og dregið sundur. Þangað komi gangnamenn frá Borgfirðingum, Miðfirðingum, Víðidælingum og Vatnsdælingum. Var þar margt manna samankomið og glatt á hjalla, þegar vel viðraði. Var snemma hlaðinn garður yfir tangann og bætt aðstaðan um aldamót og síðar 1920. Þegar sauðfjárveikivarnargirðingarnar voru settar upp um 1948-1949, lagðist réttarhald hér niður og söknuðu þess margir." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Í Göngum og réttum segir um Réttarvatnstanga: "Frá vestri liggur Réttartangi, sem skiptir vatninu nær því í tvennt. Er hann svo einkennilegur að lögun, að líkast væri, að við myndun landsins væri til þess ætlast, að fé væri aðskilið þar. Þar sem aðaltanginn byrjar, er örmjótt eiði, 2-3 m breitt, fram á aðaltangann sem er um 5-6 þúsund fermetrar að flatarmáli og myndar fleyg fram í vatnið. Bakkar tangans eru nokkuð háir og stórgrýttir. Á þessum tanga hefir fé verið réttað frá ómunatíð. Árið 1918 voru byggðir réttarveggir og fengnar grindur til betri aðstöðu. Þangað til hafði fé verið réttað þannig, að menn stóðu í þéttri röð yfir tangann í tveim töðum, og höfðu féð í kvínni. Var sú aðstaða óhæg einkum í illviðrum og þegar öldugangur var mikill á vatninu." Réttin er eitt hólf, um 20 x 18 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún er mun breiðari í vesturendanum, um 18 m en mjókkar til austurs þar sem hún er einungis um 6 m breið. Réttin er opin til austurs og um 6 m breitt op er á austurhlið hennar. Einnig er op austast á norðurvegg hennar en þar hefur verið annað hólf úr trégrindum sem nú eru að mestu leyti fallnar. Réttin er hlaðin úr grjóti. Hleðslan er tvöföld um 4-5 umför og um 1,1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 18 og GR III, 234.

MH-002b:014 áletrun landamerki 64°56.758N 20°21.634V



Steinninn, horft til vesturs



Áletrunin, "LM"

Í landamerkjalýsingu heiðarlands Reykholts- og Hálsahreppa frá 1884 segir: "...norðurenda Gunnarssonavatns upp Svörtuhæð í stein merktan L.M.". Landamerkjasteinninn á Svartarhæð (Svörtuhæð) er um 3,8 km vestan við Réttarvatnstanga (013) og um 3,8 km norðaustan við tóftina við Veiðitjörn (012).

Steinninn er á hálfgrónum mel um það bil á miðri Svartarhæð. Steinninn er um 1,3 m langur (norður-suður), um 0,7 m breiður og 1 m hár. Ofan á honum er lítil varða þakin skófum. Áletrunin er ofarlega og norðarlega á vesturhlið steinsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkja lýsing heiðarlands Reykholts- og Hálsahreppa, nr. 242, 1884.

MH-002b:015 áletrun landamerki 64°55.396N 20°35.595V



Snorri og Ólafur við steininn, horft til vesturs



Áletrunin, "L M"

Í landamerkjalýsingu Arnarvatnsheiðar í örnefnaskrá heiðarinnar segir:" ... norður í austurhorn Urðhæðarvatns, þá beint í landamerkjastein á Hraungörðum". Steinninn er um 2,4 km norðvestan við Úlfsvatnsskála í Austurlækjarbrekkum (020) og um 1,2 km NV við réttina við Hávaðavatn (016).


Steinninn er á grónum malarhól, umhverfis er þýfður mói.

Steinninn stendur upp á rönd. Hann er hæstur nyrst, um 3 -4 m. Hann er um 3 m langur (norður-suður) og um 2 m breiður. "L M" er klappað í steininn norðarlega á vesturhlið hans.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 1-2.

MH-002b:016 *Hávaðavatnsrétt* hleðsla rétt 64°55.029N 20°34.274V





Réttin, horft til norðurs

Um 1,2 km suðaustan við merkjasteininn í Hraungörðum (015), fast vestan við Hávaðavatn og um 1 km NNV við skálann við Úlfsvatn (020) er grjóthlaðin rétt þar sem Borgfirðingar og Miðfirðingar réttuðu.

Réttin er á grýttum og sumstaðar velgrónum mel. Melurinn er mjög grýttur fast vestan við réttina en gróinn í aðrar áttir.

Réttin var byggð á 4. áratug 20. aldar og er því ekki fornleif í lagalegum skilningi. Byggingarefni og -lag hennar ásamt hlutverkinu er þó í anda eldri tíma og því er hún skráð hér. Réttin er um 22 x 20 m stór og snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Lítið hólf er í suðvesturhorni hennar. Það er um 8 x 8 m stórt og op er inn í aðalhófið á miðri austurhlið. Op er á aðalhólfið austast á suðurvegg. Þar framan við er hlaðinn garður niður að vatninu sem auðveldað hefur rekstur inn í réttina. Hann er um 11 m langur og um 0,4 m hár. Réttin er öll hlaðin úr flötum hellum og standa veggir hennar hæst um 1-1,2 m. Talsvert hefur hrunið úr réttinni og er austurveggurinn verst farinn. Gólfið í réttinni er grýtt og mjög ójafnt. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir um réttina: "Árið 1933 var byggð sundurdráttarrétt við Syðra-Hávaðavatn. Með samkomulagi við Húnvetninga var, fram undir fjárskipt, smalað til hennar svæði norðan við Kvíslavatn og í Urðhæðum, norður af Ketilvatni. Tilgangurinn var að fækka því fé, sem annars yrði rekið til réttar í Miðfirði eða suður í Borgarfirði, í áttina frá sínum heimasveitum."

Hættumat: engin hætta

Heimildir:BB III, 359.

MH-002b:017 *Austurriðatangi* heimild um vörslugarð 64°54.046N 20°33.312V

"Austurriðatangi heitir langur tangi, sem gengur fram í vatnið [Úlfsvatn] austanvert. Fyrir ekki löngu var hlaðinn garður yfir hann og geymt í honum fé í seinni göngum" segir í örnefaskrá Arnarvatnsheiðar. Í frásögn frá heiðarleitum í Göngum og réttum segir: "Út í Úlfsvatn gengur örmjór tangi, er nefnist Austurriðatangi. Hafði einhvern tíma fyrir löngu verið hlaðinn garður þvert yfir tangann, en nú [1887] var hann fallinn. Rákum við nú kindurnar út í tanga þennan og tókum síðan til við garðhleðslu. Sóttist okkur verkið fljótt því nóg var af hleðslugrjóti". Austurriðatangi er nær í beina stefnu austur frá Mókolli (022), um 800 m.

Austurriðatangi gengur fram í Úlfsvatn austanvert, hann er þýfður vaxinn grasi og lyngi.
Ekkert garðlag sést lengur í tanganum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 12-13. GR II, 362

MH-002b:018 tóft óþekkt 64°54.046N 20°33.312V



Tóftin, horft til NNA



Austurriðatangi gengur út í Úlfsvatn austanvert. Í honum sunnanverðum, um 900 m sunnan við Úlfsvatnsskála (020) er lítil tóft ekki fornleg.
Tóftin er í þýfðum, grasi og lyngivöxnum tanganum.
Tóftin snýr nálega austur-vestur. Hún er 4 x 2 m stór, einföld en mjókkar til vesturs. Dyr eru á miðjum austurvegg hennar. Svo er sem stungið hafi verið með hliðum náttúrulegrar lægðar og svo grjóti hlaðið upp með norðurhlið hennar. Hleðslan er úr flötum hellum, um 3 umför mest 15 cm á hæð. Lægðin er dýpst þar sem hleðslan er um 50 cm. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en vel má vera að hún tengist fjárvörslu í tanganum, samanber 002b:017.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:019 tóftir sæluhús 64°54.532N 20°33.390V



Skálatóftin, horft til austurs





Hesthúsið, horft til austurs





"Norðvestan við Austurlæk, skammt frá því hann fellur í vatnið [Úlfsvatn], eru Austurlækjarbrekkur. Þar er leitamannahús..." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Tóft af leitarmannakofa er um 2 m sunnan við skálann sem nú er í notkun við Úlfsvatn, um 1 km SSV við réttina við Hávaðavatn (016) og um 1,4 km norðaustan við eldri skálatóft við vatnið (021).
Tóftin er sunnan í lágum hól sem núverandi skáli stendur á, á mörkum mels og móa.
Kofinn er einfaldur, snýr austur-vestur. Hann er um 5 x 9 m stór með dyrum í suðausturhorni. Kofinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og standa hleðslurnar hæst um 1,2-1,3 m, mest 15 umför. Hann er að hluta stunginn inn í hólinn að norðan og vestan. Norðurveggurinn er um 1,2 m hár að innan en einungis um 70 cm ef mælt er utanfrá og vesturveggurinn er enn lægri en þar er engin hleðsla greinileg utanfrá. Fyrir fáeinum árum (nú 2005) var hreinsað inn úr rústinni sem hafði verið fyllt af rusli og þá var tyrft yfir vesturvegginn sem var hruninn því mikið af glerbrotum voru í honum og umhverfis hann. Hesthúskofi, enn undir þaki, er um 90 m suðvestan við skálatóftina. Hann er einfaldur, snýr austur-vestur og er um 12 x 7 m stór. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og standa hæst um 1,1-1,2 m, mest 7 umför. Þakið er úr bárujárni með torfþekju. Tvennar dyr eru á hesthúsinu í syðst og nyrst á vesturgafli þess. Á vesturgaflinum er einnig gluggi ofan við dyrnar. Um skála hjá Úlfsvatni segir í Byggðum Borgarfjarðar III: "Tveir leitarskálar, sem nú eru notaðir, voru byggðir 1957 úr timbri og bárujárni. [...] Báðir þessir skálar voru byggðir hjá eldri skálum, sem voru hlaðnir úr torfi og grjóti. Úlfsvatnsskáli var færður til þess staðar árið 1919 og gamli skálinn við Mókoll [002b:023] lagður af."
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 13 og BB III, 360.

MH-002b:020 *Mókollur* þjóðsaga draugur 64°54.023N 20°34.403V




Steinninn, horft til VSV

"Á holti spöl fyrir vestan Gvendarlón er stór steinn stutt frá vatninu og heitir Mókollur. Þar segir sagan, að draugur hafi verið kveðinn niður" segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Mókollur er um 200 m austan við sæluhústóft (002b:021) og um 1,2 km suðvestan við skála sem nú er í notkun.
Steinninn er á beru malarholti. Umhverfis skiptast á holt, þúfnabakkar og mýrarspildur.
Steinninn er allstór hæstur til austurs, um 2 x 2 m í flatarmál og um 1,5 m hár. Ofan á Mókolli eru þrír minni steinar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 13.

MH-002b:021 tóft sæluhús 64°53.965N 20°34.606V



Tóftin, horft til norðurs



"Skammt vestan við Mókoll [020] er smáflöt á vatnsbakkanum og var þar lengi skáli, sem gangnamenn og veiðimenn gistu í." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Tóftin er um 190 m vestan við Mókoll (020), um 1,4 km suðvestur frá tóftinni í Austurlækjarbrekkum (019) og um 30 m norðan við Úlfsvatn.
Tóftin er á grónum mel við vatnið
Tóftin snýr austur-vestur. Hún er einföld, um 7 x 5 m stór með dyrum í suðvesturhorni. Hún er hlaðinn úr torfi og grjóti og standa hleðslurnar hæst um 1,5 m, mest 10 umför. Hólf eru inn í hleðslurnar í vestur, austur og suðurveggjum. Í Göngum og réttum segir um kofann: "Var þá [1887] og enginn leitarmannakofi á leitarsvæðinu, nema smákofi skammt frá Úlfsvatni, sjálfsagt gamall veiðimannakofi.". Árið 1898 koma þar eftirleitarmenn á Húksheiði og hitta fyrir menn sunnan af Hvítársíðu sem voru við dorg upp um ís og segja þeir svona frá skálanum í Göngum og réttum "var þarna hlýtt, svo að ekki hefi ég átt þar aðra betri nótt. Þótt kofi þessi sé alls ekki mjög kaldur á eyðikofavísu, er þar sjaldnast notalegt að leggjast fyrir sveittur og blautur og voru hlýindin í þetta sinn okkur kærkomin." Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Úlfsvatnsskáli var færður til þess staðar [í Austurlækjarbrekkur, sbr. 002b:020] árið 1919 og gamli skálinn við Mókoll lagður af. Ýmsir urðu varir við draugagang í gamla skálanum."Í frásögnum af fjallaferðum Stefáns Jónssonar í Göngum og réttum segir hann frá ókyrrð í skálanum: "Það var einhvern tíma á fyrsta tug þessarar aldar, að við Hallgrímur Einarsson fórum tveir saman í eftirleit sem oftar. ...Rákum við svo þessar 13 kindur með okkur suður í Úlfsvatnsskála, en þar var náttstaður ákveðinn ... Þegar mér var að renna blundur á brá þóttist ég heyra einhvern umgang í fjarska. Var jörð freðin, en við lágum með vanga við kofagólf, svo eyrað var næmt fyrir hljóðum. Eftir örstutta stund rýfur Hallgrímur þögnina og spyr, hvort ég heyri ekkert. Ég sagði sem var, en hvorugur okkar gat greint, hvers konar hljóð þetta væri. Þó fannst okkur líkast því, sem ríðandi maður færi að kolanum, en það þótti okkur næsta ótrúlegt .... Alltaf virtist undirgangurinn úti færast nær og nær, uns við þóttumst glöggt heyra, hvernig hvassar skaflaskeifur kurluðu freðna jörðina, er gesturinn reið heim að austurstafni skálans. Þar virtist okkur hann stíga af baki, en hesturinn frísa og hrista sig, svo að glöggt þóttumst við heyra hringla í beisli og reiðveri. ... Við félagar lágum þó kyrrir og biðum átekta, enda gerðum við fastlega ráð fyrir, að hurð yrði þá og þegar knúin og gengið inn, því að hverjum, sem úti var, gat ekki dulist, að innan kofaveggja væri lifandi vera eða verur fyrir, sem ugglaust mundi sýna vegmóðum ferðalang gestrisni. ...Morguninn efir rannsökuðum við nákvæmlega allt umhverfi skálans, en sáum ekki svo mikið sem eitt hóffar né heldur mark eftir skeifuskafl" Mun þetta ekki vera einsdæmi um að menn yrðu draugagangs varir í skálanum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 13. GR II, 355 og GR III, 184-185 , 195-196.

MH-002b:022 gata leið 64°53.959N 20°34.787V



Gatan, horft til vesturs

"Vestan við gamla skálann [021] er smá vík, sem nefnist Skálavík, tanginn vestan við hana heitir Rass. Rétt fyrir ofan hann, við götuna er smábrekkubarð..." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Gatan sem hér um ræðir liggur um gróna móa frá skálanum (021) til vesturs með Úlfsvatni að Gilsbakkaá, þar sem hún sameinast Núpdælagötum (025).
Greinilegur slóði er frá skálanum, um 20 cm djúpur og um 15 cm breiður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 13.

MH-002b:023 *Þiðrikstjörn* þjóðsaga 64°52.237N 20°37.861V

"Þiðrikstjörn er lítinn spöl sunnar [en Þiðrikstjarnar-lækur sem fellur í Úlfsvatnsá]. Hún er kennd við hellismanninn sem þar var felldur" segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar.
Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim. ...Þiðrik var drepinn við Þiðrikstjörn" Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en hnit var tekið á tjörninni af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 10. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-002b:024 tóft smalakofi 64°53.027N 20°34.306V



Tóftin, horft til NNV



Norðaustan við Stóra lón, sunnan við Úlfsvatn er kofatóft uppi á stórgrýttum malarhól. Hún er um 1,7 km sunnan við eldri skálatóftina við Úlfsvatn (021) og um 3,1 km VSV við tóftirnar við Arnarvatn litla (010).
Tóftin er á stórgrýttum mel, sunnan við hann er grasivaxið svæði en melurinn teygir sig lengra í aðrar áttir.
Tóftin er einföld,snýr norður-suður og er um 5 x 3 m stór. Byggingarlag hennar er fremur ógreinilegt en svo virðist sem austurveggurinn sé að mestu hruninn. Að vestan er allmikið barð þar sem glittir í grjót það er um 60-70 cm hátt. Kofinn hefur líklega verið opinn til suðurs en norður- og suðurveggir tóftarinnar eru lágir og ógreinilegir hæstir um 10 cm.
Hættumat: engin hætta

MH-002b:025 *Núpdælagata* gata leið 64°52.855N 20°37.255V



Leiðin þar sem hún sést við Úlfsvatn, horft til austurs

Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Núpdælagötur lágu frá Núpdælavaði [002:069] ofan við Bjarnafoss í Norðlingafljóti, austan við Þorgeirsvatn, um Hagldamóa og vestan við Úlfsvatn, norður með Urðhæðavatni að austan og norður yfir Hraungarða vestan við Nyrðra-Hávaðavatn, og áfram sem leið liggur til Austurárdals eða Núpsdals í Húnavatnssýslu. Núpdælagötur voru farnar, þegar fé var rekið suður úr Miðfjarðarrétt, allar götur suður að Norðlingafljóti, en farið vestur yfir Svínalæk venjulega leið til Fljótstunguréttar."
Núpdælagötur greinast frá leiðinni yfir Þorvaldsháls (002:036) sunnan við Núpdælavað (002:069) þar sem þær liggja til norðurs yfir vaðið. Leiðin er greinileg víða. Hún sést vel sunnan við Úlfsvatn þar sem um 30 samhliða paldrar eru greinilegir, einnig sést hún þar sem hún lá yfir Silungalæk og við Hagldamóatjörn.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:BB III, 358.

MH-002b:026 *Þorvaldsvatnatangi* heimild um tjaldstæði 64°49.300N 20°45.848V
Síðasti náttstaður Heiðarleitarmanna fyrir 1887 var í Þorvaldsvatnatanga er gengur út í Neðra-Þorvaldsvatn "Tjaldstaður í Þorvaldsvatntanga var á urðarholti, en mýrarfen umhverfis. Hesthagar eru þar nauðaómerkilegir " segir í Göngum og réttum
Uppúr 1887 var þessi tjaldaður lagður niður og safnið rekið beint niður í Svelg við Fljótstungurétt á þriðja degi segir í Göngum og réttum. Tanginn var ekki skoðaður á vettvangi en samkvæmt kunnugum eru þar engar minjar. Hnit var tekið á tanganum af korti.
Heimildir:GR II, 355-57

MH-002b:027 *Arnarsteinn* þjóðsaga 64°51.196N 20°41.341V




Arnarsteinn úr fjarlægð, horft til SA yfir Grunnuvötn

"Sunnan Neðra-Grunnavatns er stór og blautur flói með mörgum tjörnum. Sunnan hans og vestan til er á urðarholti mjög stór, stakur steinn sem heitir Arnarsteinn. Hægt er að komast upp á hann og sér þá yfir mikinn hluta Vörðuflóasvæðisins. Steinninn er klofinn í miðju, og segir, að hér sé kóngsdóttir og kóngssonur í álögum og leysist þau, ef maður smjúgi í gegnum sprunguna, en ekki er það fært eins og nú er." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Steinninn er um 1,8 km SSA við tóftirnar í Skálatanga (007b:011) og um 3,4 km suðvestan við Þiðrikstjörn (026).
Steinninn var ekki skoðaður á vettvangi en hnit var tekið á honum af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 10.

MH-002b:028 heimild um landamerki
Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir: "Allt þetta land tilheyrði áður Kalmanstungu...til er merkjabréf frá 1398, þar sem þetta svæði [Arnarvatnsheiði] er innan merkja Kalmanstungu, og koma þar fram önnur kennileiti en hér: ...þá austur eftir Hryggjum í vörðuna fyrir norðan Torfavatn". Örnefnið Torfavatn er nú ekki þekkt en hugsast má að það hafi verið þar sem nú heitir Arfavatn en ekki er hægt að fullyrða um það.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 2

MH-003 Fjósatunga

Fljótstunga - túnakort 1917



20 hdr. 1709. Konungsjörð. "Árið 1808 þann 19. ágúst er jörðin seld en er þá nefnd Fjósatunga. Það nafn er ekki til nema í Jarðatali Johnsens frá 1847. Mat jarðarinnar er 1709 20 hdr. , sama 1861 en 1932 þá er hún 56 hdr." Ö-Fljótstunga. Jarðarinnar er getið í Grettissögu, þar segir: "Þeir riðu suðr heiði þá, er Tvídægra heitir. Áivangar váru litlir á fjallinu, ok riðu þeir mikinn ofan í byggðina. Ok er þeir kómu ofan í Fljótstungu, þótti þeim mál at sofa, ok hleypðu beizlum af hestum sínum ok létu ganga með söðlum" - ÍS VI bls. 40. Einnig er jarðarinnar getið í Sturlungu. Jarðarinnar er getið í jarðakaupsbréfi Teits Þorleifssonar og konu hans Ingu Jónsdóttur, 24. apríl 1527: ,"Teitr Þorleifsson geldr Ingu Jónsdóttir konu sinni jarðirnar Asgeirsá í Víðidal með ánenfndu búi og ítökum, Lækjamót í Víðidal, Krossanes á Vatnsnesi og eyðikotið minni Ásgeirsá, fyrir þær hennar jarðir og lausagóz, er hann hafði áðr í burtu feingið í Borgarfirði: hálfa Galmanstungu, Fljótstungu, Þóroddsstaði, Kornslæk og Hvamm í Hvítársíðu." - DI IX 403-404. 12. janúar 1532 gefur Einar Oddsson krikjunni á Hofi í Vantsdal kolviðargerð upp á tvo hesta árlega í Fljótstunguskóg uppá þann part er tilheyrði hálfri jörðinni Fljótstungu er Einar átti. - DI IX 608. Jörðin er á skrá frá árinu 1541 yfir þær jarðir "...er Ögmundur biskup átti í

Vestfjörðum og í Borgarfirði, og teknar voru án dóms og laga undir kongsvaldið ...fliotztvnga. j. kugilldi. jc." - DI X 678-679. Jarðarinngar er getið í veitingabréfi Kristjáns III til Daða Guðmundssonar bónda, fyrir nokkrum jörðum leigulaust, árið 1553. - DI XII, 522-523.
Tún 5,1 ha. (4.7+0,4) , hluti sléttur: 2/5, kálgarður 700 m2. - Túnakort 1917. "Afrétt engin og gengur geldfé og lömb í heimalandi. Skógur til eldiviðar bjarglegur alt til þessa, til kolgjörðar eyddur. Torfstunga lítt nýtandi, rista engin nema hvað stungið er úr mosum og valllendi sem þó er grýtt og sendið. Grastekja valla teljandi, brúkast ei. Túninu grandar grjótfok (sem eru þunnar leirhellur léttar) til stórskaða, og sérstaklega síðasta vetur. Engjunum grandar Fljót og Dalsá með grjóti og sandi til stórbaga og eyðileggingar. Hætt er kvikfje á vetur fyrir stórviðrum. Vetrarríki er mikið af norðri og því þarf oft að þiggja haga af Kalmanstungu, en hefur þó ei viss tollur fyrir goldist, nema óákveðin góðvilji eftir samkomulagi. Vatnsból bregst sumar og vetur, og er á vetur ómögulegt að afla vatns í heimalandi, og hefur því jafnan verið vatnað kvikfje í annara vantsbólum, sem þó er óbærilega erfitt fyrir fannalögum og svellum, og ekki fært nema í bestu veðráttu. Ef þetta bregst þá verður að þíða snjó og klaka fyrir menn og kvikfé. Kirkjuvegur og hreppamanna flutningur torsóktur oft vetur og vor yfir fljótið. Hætt er húsum og heyjum fyrir austurs og landsuðurs veðrum. Hætt er kvikfé fyrir hraungjótum." - JÁM IV, 260-261. "Land jarðarinnar um 2070 ha, liggur milli Litlafljóts og Norðlingafljóts. Undirlendið sunnan og neðan við Fljótstunguháls er að miklu leyti þakið hrauni en valllendisbakkar með fljótunum og skógur í jöðrum. Hálsinn er langur fellsrani, sem gengur fram úr heiðarhásléttunni, nokkuð berangurslegur að ofan og norðan í næsta bæ en annars gróinn í hlíðum. Uppi á hálsinum innan til eru sund og flóar en jörðin annars mjög þurrlend. Skógarspillda í suðurhlíð féll að mestu af maðki fyrir um aldarfjórðungi, grær nú upp á ný. Bærinn stendur hátt framan í hálsendanum og blasir við neðan frá þjóðveginum. Gamla túnið bratt en neðan brekku slétt valllendi, Svelgurinn, nú að mestu tún. Í hrauninu inn með hálsi er Víðigelmir, einn stærsti hraunhellir landsins. Fljótstungurétt er í hrauninu suður af bæ. Dálítil silungsveiði er í Norðlingafljóti.... Handan Norðlingafljóts er Kalmanstunguland, Gilsbakka að neðan (um þvert hraunið), Hallkelsstaða- og Þorvaldsstaðalönd handa Litlafljóts. Að innanverðu (á hálsinum) tekur við heiðin, land Reykholts- og Hálsahreppa." BB.II, 24.

MH-003:001 *Fljótstunga* bæjarhóll bústaður 64°44.974N 20°50.636V



Fljótstunga, horft til austurs

Gamli bærinn í Fljótstungu stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Það er á talsverðum hól, um 450 m austan þjóðvegar sem liggur um Síðuna. Íbúðarhúsið var byggt um 1930. Það er steinsteypt á tveimur hæðum og er neðri hæðin að hluta grafin niður í hólinn. Árið 1960 var byggt við húsið að norðan en viðbyggingin er einungis á einni hæð.
Íbúðarhúsið stendur á grasivöxnum hól í hlíð sem hallar til vesturs. Framan við það er um 6 m breiður stallur í hlíðinni, um 13 m norðan við íbúðarhúsið standa útihús á sama hól. Ofan við bæinn taka við grasivaxnir móar en neðan sléttuð tún.
Í gamla bænum var baðstofa syðst, þá stofa með risi og svo skemma og fjós. Bæjarhóllinn er um 15 x 40 m stór og snýr nokkurn vegin norður/suður, hann er hæstur frá vestri, um 3 m. Austurbrún hólsins er ógreinileg enda hóllinn í hlíð sem hallar til vesturs. Austan við núverandi íbúðarhús, fast upp við það er upphækkun sem nær um 2 m sunnar en húsið sjálft. Hún er um 1,5 m breið, aftan við viðbygginguna er hún hæst og þar sér í grjót. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags greinir Brynjúlfur Jónsson frá fornleifafundi í Fljótstungu, þar segir: "Vorið 1905 var grafið fyrir kjallara í Fljótstungu í Hvítársíðu. Á svo sem 2 ál. dýpt undir yfirborði varð fyrir hellulagt gólf. Hellurnar voru smáar og þunnar, úr ljósleitri blágrýtistegund; en höfðu mjólkurhvítan lit á yfirborði, sem náði vel 1 línu inn í steinninn. Sá hvíti liggur náði líka inn í allar sprungu í hellunum. Svipaður litur kemur á steina í sumum uppsprettulindum. En eigi vita menn af stað þar nærri, sem svo mikið af slíku grjóti fæst úr. Hellurnar voru eins og límdar saman með eins konar steinlími og með sama steinlími var sléttað yfir alt hið hellulagða gólf. Á einum stað fundust þar leifar af afli, og hafði hér verið smiðja. Aflinn var líka límdur með sama steinlíminu. Eru enn til molar úr því í Fljótstungu til sýnis. Eigi eru þeir harðari en svo, að þá má mylja milli fingra sinna. Sandtegundin , sem notuð hafði verið í steinlímið, er grá að lit. Hún finnst hjá Þórgautsstöðum. Hvað haft hefir verið sem bindiefni í steinlímið er ekki hægt að segja. Líklega hefir það verið fengið frá útlöndum, en notað sparlega og límið því orðið laust í sér. Öðrumegin við aflinn varð fyrir hrúga af mjög smágjörvum sandi, sem virtist hafa verið notaður fyrir steypusand; sáust í honum örsmáar koparagnir hér og hvar. Bendir það á koparsteypu. Veggja-undirstöður sáust norðan- og austanmegin gólfsins, en sunnan- og vestanmegin var ekki grafið út fyrir þær. Stærð tóftarinnar verður því ekki ákveðin. En austanmegin hennar urðu fyrir undirstöður annarrar tóftar, og var ekki heldur grafið

út fyrir hana austanmegin. Þar sást á einum stað standa stórker í heilu líki. Það var svo fúið, að það varð að hismi, er við það var komið. það var að innan fyllt af mold, sem von var; en er nær dró botninum, var moldin blandin hvítu efni. En ekki var hægt að ná því sérstöku. Er líklegt, að skyr hafi verið í kerinu. - Á einum stað kom fyrir í moldinni járn, sem líktist skegghnífsblaði. Það var ryð eitt og fór í mola, er á því var tekið. Einnig fundust þar tveir skeifu-helmingar, sinn af hvorri skeifu. Þeir voru líka orðnir ryð eitt að kalla mátti. Skeifurnar höfðu verið 5-boraðar og var eitt gatið fyrir tánni. Þar höfðu þær brotnað um. Eigi höfðu þær verið stærri en skeifur nú."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Árbók, 1906, 29-30.

MH-003:002 heimild um eldhús 64°44.979N 20°50.607V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 6 m ANA við bæ (001). Þar var eldhús og taðgeymsla
Þar sem húsið stóð er nú slétt tún.
Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) man eftir húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:003 heimild um fjárhús 64°45.062N 20°50.705V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 130 m NNV við bæ (001). Þar voru fjárhús.
Þar sem húsið stóð er nú steinsteypt fjárhús á stalli í brekkunni norðan og vestan við bæinn. Ofar eru grasivaxnir móar, en fyrir neðan sléttuð tún.
Ekkert sér fyrir húsinu enda vék það fyrir þriggja bursta fjárhúsi með hlöðu á bak við. Ekkert sér fyrir því húsi heldur enda var það fjárhús sem enn stendur (byggt 1930), byggt á sama stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:004 heimild um hrútakofa 64°45.073N 20°50.692V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 150 m norðan við bæ (001) og um 20 m austan við útihús (003). Þar var hrútakofi.
Þar sem hrútakofinn var er nú sléttur stallur í hlíðinni, ofan við núverandi fjárhús. Grasivaxið og smáþýft svæði.
Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) man vel eftir hrútakofanum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:005 heimild um hesthús 64°45.082N 20°50.717V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 200 m NNA við bæ (001) og um 20 m norðan við útihús (003). Þar var hesthús.
Þar sem hesthúsið var er nú malar- og moldarsvað, norðan núverandi fjárhúsa.
Heygarður var sambyggður hesthúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:006 heimild um traðir 64°44.954N 20°50.757V
Á túnakort frá 1917 eru merktar traðir upp að bænum frá VNV í gegnum túnið.
Þar sem traðirnar lágu er nú heimreið að bænum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:007 varða 64°45.106N 20°50.212V

"Beint upp af bænum er hóll, sem heitir Sjónarhóll, þangað er oft farið til að sjá vítt um", segir í örnefnaskrá. Sjónarhóll er um 400 m ANA við bæ (001). Á honum er varða.
Sjónarhóll er malarhóll uppi á hálsinum. Í kringum Sjónarhól er hálfgróinn melur. VNV við hann er grasivaxinn slakki og austan við hann mýrarsund.
Varðan er næstum þríhyrnd, um 1 m á kant og um 1,2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7.



Varðan, horft til norðurs

MH-003:008 *Kvíagata* heimild um leið 64°44.952N 20°50.452V

"Frá bænum, ofan við Hamravöll og Kisuríki, er gata , sem heitir Kvíagata", segir í örnefnaskrá. Kvíagata lá frá bæ (001) og að kvíunum (025).
Þar sem gatan lá er grasivaxin hlíð.
Engin ummerki götunnar sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 2.

MH-003:009 *Fornaból* þúst kvíar 64°45.069N 20°50.586V

"Efri hluti túnsins er nefndur Upptún, og á því eru þrír hólar;...er nyrstur Grjóthóll. Ofan við Grjóthól upp að túngarði [010]er dálítill slakki, sem heitir Fornaból, þar eru rústir og hafa einhvern tíma verið kvíar", segir í örnefnaskrá. Fornaból er um 180 m ANA við bæ (001) og um fast norðan við ytri túngarðinn (010).
Fornaból er grasivaxinn slakki en ofar er ber melur.





Þústin, horft til norðurs

"Þar eru rústir og hafa einhvern tíma verið kvíar", segir í örnefnaskrá. Engar greinilegar tóftir eru í slakkanum en þó er þar dálítil dæld sem hugsanlega er leifar kvíanna. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) sagði frá því að Halldór Helgason frá Ásbjarnarstöðum hafði byggt hús í Fornabóli á árunum 1908-10. Engin ummerki þess húss sáust, nema ef dældin skyldi vera leifar þess. Það hefur líklega verið rifið til grunna. Dældin er um 5 m löng og 3 m breið og um 80 cm djúp þar sem hún er dýpst. Hún snýr ANA/VSV. Engar hleðslur eru greinilegar meðfram dældinni eða í henni og hvergi sér í grjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 2.

MH-003:010 garðlag túngarður 64°44.987N 20°50.497V



Túngarður efri bogi, horft til norðausturs

"Efst og austast í Hamravelli er lítill blettur, nærri þríhyrndur milli gamalla túngarða; heitir hann Kisuríki ... Ofan við Grjóthól, upp að túngarði...", segir í örnefnaskrá. Tvö garðlög eru í hlíðinni austan við bæ og liggja í boga niður hana. Austasti og efsti hluti þeirra er sameiginlegur, hann er um 100 m ofan, austan, við bæ (001). Efra garðlagið liggur annars vegar niður norðanverða hlíðina, í norðurhlíð Grjóthóls, og kemur þar í girðingu sem liggur norðan við núverandi fjárhús. Þar hverfur það, um 20 m norðan við fjárhúsin. Hinsvegar liggur það niður suðurhlíð Fljótstunguhálsins þar til það hverfur um 4 m frá norðurbrún Hallmundarhrauns. Neðra garðlagið liggur í hlíðum Grjóthóls og niður Kinn annars vegar, þar til það hverfur austan við fjárhúsin og hins vegar í SSV niður Fljótstunguhálsinn og hverfur ofar- og austarlega í Hamravelli.

Garðlagið liggur alls staðar í grasivaxinni hlíð.

Um tvo túngarða er að ræða, sem mynda misstóra hálfboga þvert yfir hálsinn fyrir ofan bæ (001). Þeir eru einn og sami garðurinn á um 60 m kafla um 100 m fyrir austan bæ (001). Þar er garðurinn mjög greinilegur, um 1 m á hæð og 1 m breiður, eins og efri boginn er nær alls staðar. Nyrðri armur neðri bogans liggur í NNV yfir Grjóthól og niður Kinn. Hann er mun ógreinilegri en efri boginn, mest um 40 cm hár og um 1 m breiður. Syðri armur hans er enn ógreinilegri, víðast hvar er hann einungis um 10 cm hár, en hæstur um 70 cm á stuttu bili. Efri boginn er stærri, alls um 380 m langur, nyrðri armur þess neðra er um 150 m og sá syðri um 130 m. Hvergi sér í grjót í garðlögunum. Þar sem garðlögin enda norðan við bæ hefur þeim verið raskað við sléttun og byggingar en ekki er hægt að fullyrða um hvort svo hafi einnig farið sunnan við bæ, þar sem þar hefur ekkert greinilegt rask farið fram. Vel má hugsa sér að túngarðurinn hafi upphaflega einungis myndað hálfhring aftan við bæ (001). Ytri boginn kemur vel heim og saman við mörk túns í Fljótstungu eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fljótstunga, 2. Túnakort, 1917.



Þústin, horft til vesturs

MH-003:011 *Kvíar* þúst kvíar

"Upp og austur af Faxadal er ... mýrarslakki, er heitir Kvíar", segir í örnefnaskrá. Um 810 m VSV við Dalsel (004:021), norðan Sandfjallahryggs og um 2 km norðan við bæ (001) er fagurgræn þúst, um 150 m sunnan við gilbarminn, þar sem Litlafljót rennur, neðarlega og vestarlega í Kvíamýri.

Mýrin er vaxin grasi og ýmsum valllendisgróðri og í henni renna margar lækjarsprænur. Neðar tekur við melur upp að gilinu sem fljótið rennur í og ofar er hlíð Sandfjallahryggjarins vaxin mosa og lyngi. Þústin er milli tveggja mýrarlækja í smá halla, aflíðandi til norðurs.

Ekkert sérstakt byggingarlag er að sjá á þústinni, og engar hleðslur eru greinilegar, hvorki úr torfi né grjóti. Hún er um 5,5 x 2 m breið, snýr VNV/ASA og er hæst um 20 cm. Þústin er á grænum bletti sem er um 8 m langur og 3,5 m breiður. Líklega hafa kvíarnar sem mýrin er kennd við verið þarna. Það er ólíklegt að kvíarnar hafi verið nýttar frá bænum, þar sem þær eru um 2 km norðan við hann. Andrésarsel (052) er hins vegar um 770 m norðan við kvíarnar og Siggusel (013) um 1 km NNA við þær. Hugsanlega eru kvíarnar tengdar veru eða jafnvel búsetu þar. Þær eru þó einnig lengra frá þessum stöðum en almennt gerist um kvíar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Fljótstunga, 4.

MH-003:012 garðlag varnargarður 64°44.147N 20°51.717V



Garðurinn, horft til norðurs


"Fossinn eða flúðin í Norðlingafljóti rétt austan við Snasa nefndist Fossinn við garðsendann frá Hallkelsstöðum", segir í örnefnaskrá. Fossinn við garðsendann (garðsendinn við fossinn) er um 30 m suðaustan við sumarhús sem þar stendur við fljótið, um 1,8 km suðaustan við bæ (001).

Garðurinn er á norðurbakka Norðlingafljóts, vaxinn mosa og lyngi. Norðan og austan við garðinn er grasivaxið svæði.

Garðurinn myndar eins konar rófu með fljótinu. Hann er um 2 m breiður og um 70 cm hár þar sem hann er hæstur, en hann lækkar og verður ógreinilegri til norðurs. Garðurinn er alls um 100 m langur, allur vaxinn lyngi og mosa líkt og umhverfið næst ánni, en sker sig úr graslendinu norðar. Garðurinn er nokkuð blásinn á þeirri hlið er snýr að fljótinu. Garðurinn er lágur og breiður og erfitt er að átta sig á hvort um er að ræða manngerðan varnargarð, sem hefur sigið, eða einungis náttúrumyndun, sem áin hefur myndað. Örnefnið Fossinn við garðsendann, bendir þó heldur til þess fyrra.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Ö-Fljótstunga, viðauki frá Hallkelsstöðum.



MH-003:013 *Sel* tóftir sel



Selið, horft til SSV

"...Selmýri. Hún nær ... frá því móts við Dalfoss og fram að Sellæk. En Sellækur rennur heiman við selið, þetta sel er stundum aðeins nefnt Sel, en svo er það einnig oft nefnt Siggusel", segir í örnefnaskrá. Selið er um 3,2 km norðan við bæ (001), um 450 m norðar og lengra upp með Litlafljóti en Dalsel (004:021). Selið er beggja megin Sellækjar, rétt austan við austurjaðar Selmýrar.

Selið er í þýfðum grasivöxnum móa, fast norðan við þýfða og lyngivaxna hlíð Selfjalls. Vestan við er mýri en norðar heldur móinn áfram að gilinu sem Litlafljót rennur í.


Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "...frá þessum rústum [052] eru aðrar selrústir kallað Selið um 300 m frá hinum , undir Selfjalli og standa við Selgil, sem kemur úr Selflóakeldu. Í þessum rústum sjást hleðslur og umhverfis þær grænkar fyrr á vorin, en landið umhverfis þær" Alls eru í selinu fimm tóftir á svæði sem er um 28 x 20 m stórt og snýr norður/suður. Tóftunum er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Sunnan Sellækjar eru fjórar tóftir, (a)- (d). Vestasta tóftin (a) er minnst. Hún er 3 x 2 m að stærð og snýr norður/suður. Tóftin er einföld og op er á henni vestast á norðurvegg. Hún hefur verið hlaðin

úr torfi og grjóti en grjóthleðslurnar eru að miklu leyti hrundar inn í tóftina. Hleðslur hennar eru hæstar um 40 cm. Um 4 m austan við (a) er önnur tóft (b), mun stærri. Hún er um 10 x 5 m stór og snýr NNV/SSA. Hún er einföld, opin á tveimur stöðum, sunnarlega á austurvegg og austarlega á norðurveggnum, þar er þó einnig mögulegt að brotnað hafi úr tóftinni. Víða sér í grjót í hleðslunum sem eru mjóar og fremur signar, hæstar um 60 cm. Um 1 m norðan við þessa tóft (b) er enn ein tóftin (c). Hún er um 4 x 5 m stór, einföld og snýr eins og (b). Hún er opin á miðjum norðurvegg og út frá vesturvegg hennar er L-laga veggjahleðsla til vesturs og norðurs. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 40 cm og hvergi sér í grjót í þeim. Um 6 m austan við tóft (c) er fjórða tóftin (d), sunnan Sellækjar. Hún snýr NNA/SSV, er um 6 x 3 m stór, einföld og opin til norðurs. Vesturveggur hennar er örlítið lengri en sá eystri. Hleðslur tóftarinnar eru mjög signar, hæstar um 20 cm og hvergi sér í grjót í þeim. Norðan Sellækjar er stærsta tóftin (e), um 5 m norðan við (c). Hún er um 9 x 11 m að stærð, snýr austur/vestur og skiptist í fjögur hólf. Tóftin er að nokkru leyti hlaupin í þúfur og byggingarlag hennar því ekki mjög skýrt. Hún virðist skiptast í fjögur hólf og eru þau hér merkt með tölustöfum til aðgreiningar. Syðst í tóftinni er lítið hólf (1) um 2 x 3 m stórt. Það er í raun L-laga hleðsla til suðurs og austurs, út frá aðaltóftinni. Þar sér hvergi í grjót. Hólfið norðan við (2) snýr austur/vestur það er um 4 x 3 m stórt, með opi til norðurs vestast á norðurvegg. Þar sér víða í grjót í hleðslum. Tvö hólf (3) og (4) eru vestan við (2), þau eru hvort um sig um 3 x 2 m stór og hvergi opin. Hólf (3) er norðan við hólf (4), það snýr norður/suður. (3) snýr hinsvegar austur/vestur. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 60 cm, sem helgast að nokkru leyti af þýfinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 4. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 11073.

MH-003:014 *Kleppasel* tóft sel 64°45.702N 20°46.751V



Tóftin, horft til SSV



"Vestan undir Köstunum er sel, er heitir Kleppasel", segir í örnefnaskrá. Kleppasel er um 280 m norðan við Kleppavað (002:024), um 830 m SSV við Halldórstóftir (002:074) og um 3,4 km norðaustan við bæ (001). Selið er í grasivöxnum þýfðum hvammi í suðurhlíð Fljótstunguháls. Það er fast austan við læk sem þar rennur, Sunnar eru grasivaxin börð niður að jafnsléttu, vestar er kjarrskógur en norðar er hlíðin vaxin hrískum og lyngi.
Tóftin er um 8x5 m stór, snýr austur-vestur. Hún er opin vestarlega á suðurhlið. Tóftin er stungin inn í hlíðina til norðurs en aðrir veggir eru hlaðnir úr torfi, mest 0,8 m á hæð. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Engar aðrar greinilegar byggingarleifar eru í hvamminum en ekki er óhugsandi að einhverjar hleðslur hafi orðið þýfi að bráð
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 5.

MH-003:015 *Víðgelmir* hellir bústaður 64°45.025N 20°48.116V

Víðgelmir



horft til suðausturs



horft til SSV

"...suðurundir svonefndu Fjárhúsgili ... er hellir, Víðgelmir", segir í örnefnaskrá. Víðgelmir er um 2 km austan við bæ (001) og um 300 m sunnan við veg sem liggur að honum.
Hellirinn er í mosagrónu helluhrauni. Að honum liggur stígur í hrauninu og niður í hann eru tröppur. Hellirinn er samkvæmt grein Guðmundar Ólafssonar úr Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1998 "allt að 1,6 km langur og 16 m hár og mun vera einn stærsti hraunhellir á Íslandi eða um 148.000 m3."
Í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1904 skrifar Brynjúlfur Jónsson: "...þá skal ég einnig geta þess, að í sama hrauni er, á móts við Fljótstungu, annar hellir, sem heitir Víðgelmir. Hann er ærið langur og all-djúpur, en ekki svo víður sem af nafninu mætti ráða. Hann hefir engar dyr, en göt hafa brotnað á hann. Er þar urð undir og má þar sums staðar komast ofan. Hinn sami loftstraumur í hraunsteypunni, sem myndaði Surtshelli, viðist einnig að hafa myndað þennan helli; mun hann að því leyti framhald hans." Í Árbók félagsins frá 1909 skrifar Matthías Þórðarson um hellinn: "Víðgelmir. Brynjúlfur Jónsson... kallar hann Víðgemlir og í sumar heyrði ég hann ávalt nefndan Víðgeymir en hvorttveggja er afbökun úr hinu forna nafni hans, er finnst í kaupbréfi frá 1398. Hellirinn er skammt fyrir sunnan veginn, sem liggur á milli Fljótstungu og Kalmanstungu í Hallmundarhrauni. Ég rannsakaði helli þennan ... í sumar. Var mér sagt að hann væri geysilangur og hefði enginn fyndið botn í honum enn svo kunnugt væri ... Víðgelmir er víðast afarvíður og hár. Op hans er mjög vítt og langt, stór dæld í hrauninu þar sem loft hellisins hefir fallið niður að botni á all-löngum kafla nálægt norðurenda hellisins. Hellirinn skiftist við það í tvennt, norðurhellir, sem er að eins stuttur skúti, og suðurhellir, sem raun varð á að var geysilangur. Um önnur op en þetta eina er eiginlega ekki að ræða. Fremst í suðurhellinum er sem stór pallur, er nærri því lokar hellinum, og verður þar að eins þröngur gangur inn hægra megin. Á gólfinu þar sjást leifar af fornum þvergarði, er byggður hefir verið til varnar yfir þveran ganginn. Lítil smuga, örmjó er vinstra megin við þennan pall eða í gegnum hann, og eru í henni 3-4 rammgerðar fyrirhleðslur. Bendir hvorttveggja á, að lagst hafi verið út í hellinn ... Engar sagnir munu lengur til var um hver eða hverir hafi lagst út í Víðgelmi; að líkindum sekir menn, skóggagnsmenn. Hellir þessi er þó merkilegur fyrir fornfræðina, en engu að síður mun hann merkilegur þykja fyrir jarðfræðina og myndunarsögu hrauna sérstaklega." Matthías Þórðarson skrifar enn ítarlegar um rannsókn sína í Skírni, árið 1910: "Þvergarður. Á botninum var allmikið grjót, og við nánari athugun sást brátt, að það hafði verið samanborið í garð um þveran ganginn framan til. Allur var garður þessi hruninn eða rifinn niður aftur. ... Á inneftirleiðinni hafði eg veitt því eftirtekt, að smuga ein lág og mjó var út úr veggnum vinstra megin hér framan til og hugði eg að eg skyldi aðgæta hana betur. Eg gerði það nú og er eg kom að henni aftur á úteftir-leiðinni og varð þess brátt var, að hlaðið var stórum steinum fyrir op hennar eða upp í hana. Eg tók að bisa við að koma steinunum út, og veittist það erfitt, því að hér var svo þröngt, að ekki varð náð til öðruvísi en að bogra á hnjánum. Það mikið gat eg þó fært til steinana, að eg gat skriðið inn; en er eg lýsti fyrir mér inn í smuguna sá ég aðra hleðsluna litlu innar, - eða utar réttara sagt, því að nú tók mig að gruna að smuga þessi væri jafnhliða ganginum, er við höfðum gengið um inn í hellirinn, og þvergarðurinn var í. Eg smaug því öfugur fram í aðalhellirinn aftur og lagði steinana líkt og áður voru þeir. Við gengum nú út í gegnum ganginn og upp á þverpallinn, sem eg gat um, og eftir honum út að veggnum. Meðfram veggnum var hér gjá eða glufa niður, um 5-6 álna djúp og mjög þröng. Lét eg mig síga hér niður í og smaug inn eftir skorunni; hún lokaðist brátt yfir höfði mér. - - Varð eg hér lítið eitt var við bein; virtust þau vera forn og fúin sauðabein; eitthvað lítils háttar varð eg var við bein á ganginum. - Eg smaug nú inn smuguna og kom brátt að þverhleðslu, mjög rammgjörðri; væri það torvelt að flytja mjög til þá steina, er hér voru lagðir. Lýsti eg inn eftir smugunni og sá að hún mjókkaði nokkuð, - en þó var hún ekki eins mjó hér og hún var innan til, því nú vissi eg að þetta var allt sama smugan. Sá eg hér inni eina hleðsluna enn og þar svo stóran stein, að mig furðaði mjög á, að unt hefði orðið að koma honum þangað inn; - og það var þó bersýnilegt, að hingað var hann kominn af mannavöldum, - og það þá auðvitað þeirra manna, er áttu líf sitt að verja." Í Útilegumönnum og auðum tóttum segir: "í Víðgelmi eru leifar fornra beina, og í smugu einni mjög þröngri, sem liggur til vinstri handar, þegar inn er komið og opnast í aðalhellinn nokkru innar, fann Matthías Þórðarson fjórar fyrirhleðslur. Telur hann fullvíst, að þær séu eftir sakamenn, sem lagzt hafi út í hellinn og átt hendur sínar að verja. Einnig talar Matthías um leifar af þvergörðum í aðalhellinum. En ekki þori ég að fullyrða, að grjótdreifar þær, sem hann á við, séu mannaverk. ... Engar sagnir eru til um útilegumenn í Víðgelmi" ÚAT. Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur rannsakaði Víðgelmi árið 1993 og birti grein um þá rannsókn í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1998. Áður en Guðmundur fór á vettvang í desember 1993 höfðu hellarannsóknarmenn komið auga á syllu og helli út frá henni, með mannvistarleifum í, inni í aðalhellinum. Syllan og hellirinn er um 100 m innan við hliðið sem nú er að hellinum, í um 3 -5 m hæð yfir aðalgólfi hans. Guðmundur rannsakaði sylluna og hellinn og fann þar eldstæði, leðurpjötlur, sörvistölur og hleðslu, sem hann telur að hugsanlega geti verið upphaf af rúmbálki sem aldrei varð. Einnig fundust í helllinum dýrabein, sem flest reyndust vera kýrbein. Hvort tveggja viðarkol úr eldstæðinu og dýrabein voru send til geislakolsaldursgreiningar og benda þær niðurstöður til að hafist hafi verið að í hellinum á síðari hluta 10. aldar. Guðmundur kemst enn fremur að þeirri niðurstöðu að hellisbúinn hafi ekki dvalið lengi í Víðgelmi, þar sem engin gólfskán er í hellinum og enginn umbúnaður er um eldstæðið svo dæmi séu nefnd. Rannsóknir á dýrabeinunum sem fundust í hellinum leiddu í ljós að öll beinin voru af matarlitlum hlutum nautgrips, skönkum, rifjum og hlutum úr höfuðbeinum. Þrátt fyrir það var augljóst að þau hefðu verið höfð til matar, á sumum þeirra voru hnífsmörk og sum höfðu verið brotin til mergjar. Sörvistölurnar sem fundust í hellilnum benda fremur til

þess að þar hafi verið kona á ferð, þó ekki sé hægt að útiloka að þær hafi verið bornar af karlmanni. Í lok greinar sinnar segir Guðmundur: "Beinleifarnar eru óvenjulegar. Þetta virðast vera verstu og kjötminnstu bitarnir af skepnunni. Það gæti bent til þess aðhellisbúinn hafi þurft að hnupla matarleifum eða dvalist hér með vitund einhvers heima á næsta bæ, sem færði honum matarleifarog sláturfanga sem minnst hætta var á að yrði saknað. Sörvistölurnar benda fremur til þess að þarna hafi kona verið á ferð, en eru reyndar engan veginn sönnun fyrir því. Kannski færði kona af bænum hellisbúanum mat. Flestar tölurnar voru dreifðar í sprungum við eldstæðið og í því, líklega voru þær hluti af festi sem hefur slitnað. Við fáum aldrei að vita hvort því hafa valdið ryskingar eða faðmlög. Spurningum um hvaða atburður átti sér stað hér á sylluinni fyrir um þúsund árum verður aldrei svarað með fullri vissu. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hér er sennilega um að ræða einn sérstæðasta og merkasta fornleifafund síðari ára." Ekki var farið niður í hellinn við vettvangsskoðun.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Árbók 1904, 16 , 1909, bls.48-49 og 1998, bls. 125-140. Ö-Fljótstunga, 5 og frásögn Guðrúnar Jónsdóttur. ÚAT: Ólafur Briem. 1959. Útilegumenn og auðar tóttir. Bls.42. Matthías Þórðarson. Í Skírni 1910, Tveir hellar í Hallmundarhrauni. Bls. 330-351.

MH-003:016 *Skeggjabunga* heimild um legstað 64°44.984N 20°48.251V



Skeggjabunga, horft til VSV

"Rétt vestan við Víðigelmi er hraunbunga, sem nefnd er Skeggjabunga þar fundust bein niðri í djúpri hraunholu 1927, eru taldar miklar líkur fyrir, að bein þessi séu úr Skeggja þeim, er Grettir vó fyrstan manna, enda kemur staðurinn einkennilega vel við Grettlu. Fékk hraunbunga þessi nafn, er beinin fundust", segir í örnefnaskrá. Skeggjabunga er um 100 m vestan við Víðgelmi (015).
Hraunbungan er í mosavöxnu helluhrauni. Að henni liggur stígur í hrauninu.
Í frásögn Guðrúnar Jónsdóttur, sem varveitt er á Örnefnastofnun segir: "Skammt frá Víðgelmi eru móarnir, þar sem Grettissaga segir, að Grettir hafi vegið Skeggja húskarl. Jón bóndi sagði að fyrir fjórum árum (1924) hefðu fundizt þarna mjög gömul mannabein í djúpri hraunsprungu. Beinin voru úr stórum manni og hafið sá haft skögultönn. Greinilegt far eftir axarhögg sást í hauskúpunni. Taldi Jón bóndi, að þarna hefðu fundizt bein Skeggja húskarls frá Ási í Vatnsdal, þess er Grettir vó og sannaði þessi fundur frásögn Grettlu. Beinin voru flutt til Reykholts eftir boði séra Einars Pálssonar og grafin þar." Í Grettissögu segir svo frá er Grettir vó Skeggja: "Þeir riðu suðr heiði þá, er Tvídægra heitir. Áivangar váru litlir á fjallinu, ok riðu þeir mikinn ofan í byggðina. Ok er þeir kómu ofan í Fljótstungu, þótti þeim mál at sofa, ok hleypðu beizlum af hestum sínum ok létu ganga með söðlum ... Söðull var undir kviði niðri á hesti Grettis, en í brott malrinn. ferr hann nú ok leitar ok fann eigi. Sér hann nú hvar maðr gengr ... ok kveðst Skeggi heita ... Ganga þeir nú um hríð, en er minnst varði, tekr Skeggi á ráð upp eftir móunum ok grípr þar upp malinn ... Skeggi mælti: "Of fjarri er nú Auðunn at kyrkja þik sem við knattleikinn." "Vel er þat," sagði Grettir, "en eigi muntu mik kyrkja, hvern veg sem hitt hefir verit." Skeggi greip þá öxi og hjó til Grettis. En er Grettir sá þetta, þreif hann vinstri hendi öxarskaftit fyrir framan hendr Skeggja svá hart, at þegar varð laust. Grettir setti þá sömu öxi í höfuð honum, svá at þegar stóð í heila. Fell húskarl þá dauðr til jarðar ... Grettir kvað þá vísu: Hygg ek, at hljóp til Skeggja ; harmatröll með för rammri, ; blóð vas á gunnar Gríði ; gráðr, fyr stundu áðan. ; Sú grein of haus hánum ; harðmynnt ok lítt sparði, ; vask hjá viðreign þeira, ; vígtenn ok klauf enni." ÍS. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) sagði frá því að beinin úr Skeggjabungu hafi verið grafin með Guðbrandi Guðmundssyni (f. 20.06.1860 - d. 9.09.1923) í Reykholtskirkjugarði. Í hraunbungunni eru margar djúpar sprungur og fast sunnan við hana er allmikil lægð í hrauninu. Vörðubrot er efst á bungunni, það er um 70 cm á hæð og um 80 cm á lengd og um 50 cm á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 6 og frásögn Guðrúnar Jónsdóttur. ÍS VI: Íslendinga sögur VI bindi, Grettissaga, bls 40-43.

MH-003:017 *Bergþórshellir* hellir 64°44.918N 20°48.548V




"Í stefnu heim beina línu við Víðigelmi [015] um Skeggjabungu [016] er hellir, sem nefndur hefur verið Bergþórshellir eftir Bergþór í Fljótstungu er fann hann", segir í örnefnaskrá. Bergþórshellir er um 260 m vestan við Skeggjabungu (016), um 400 m vestan við Víðgelmi (015) og um 1,6 km ASA við bæ (001).
Hellirinn er í mosavöxnu helluhrauni.
"...hellir þessi er vistlegur, ca. 10 metra langur, þröngar dyr, sem hlaðið hefir verið í, þar voru bein inni og lurkar, sem nota hefur átt til eldiviðar", segir í örnefnaskrá. Ekki var farið inn í hellinn við vettvangsskoðun. Um 4 m frá opi hellisins er varða. Hún er um 1 m á hæð og um 60 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 6.

Bergþórshellir, horft til suðvesturs

MH-003:018 *Stekkurinn á Bökkunum* tóft stekkur 64°44.380N 20°49.668V

"Þá taka við Stokkflatarbakkar móts við Stokkflöt, sjá Kalmanstungu, og ná niður að Stekk, sem er aðgreindur frá öðrum stekkjum sem Stekkurinn á Bökkunum, en hann er móts við Hraungarða í Kalmanstungu... ", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 100 m ANA við þjóðveg þar sem hann liggur yfir Norðlingafljót og um 1,3 km SSA við bæ (001). Hann er um 80 m frá suðurjaðri hraunsins og um 60 m norðan við Norðlingafljót.





Stekkurinn fyrir miðri mynd, horft til austurs

Stekkurinn er á grasivöxnu svæði, milli ár og mosavaxins helluhrauns.
Þar sem stekkurinn er á grasbakkanum gægjast tvö hraunbelti upp úr grasinu. Þau eru samhliða, liggja norður/suður. Hraunbeltin liggja mishátt í landslaginu og mynda lægð sín á milli. Veggir stekkjarins eru byggðir ofan á þau. Hann 26 x 8 m stór og snýr norður/suður. Hann er tvískiptur. Syðra hólfið er mun stærra, um 6 m á breidd og 22 m langt. Það er hlaðið úr torfi og grjóti, og sums staðar má greina allt að þrjú umför. Veggir þess eru fremur háir. Nyrst eru þeir um 1,3 m háir, mælt innan frá, en ef mælt er utan frá er eystri veggurinn mun hærri eða mest um 1,2 m á hæð. Þar sem hraunbeltin liggja mishátt, lækka veggirnir til suðurs. Vestari veggur hólfsins nær lengra til suðurs en sá eystri, um 4 m, þar eru þó ekki háar hleðslur. Við suðurenda eystri veggjarins er steinaröð þvert yfir stekkinn, líklega einskonar milliveggur. Flestir steinarnir eru mjög stórir. Hólfið er opið til suðurs. Nyrðra hólfið er mun minna. Það er um 3 m á breidd og um 4 m langt, opið er á milli hólfanna en auk þess er nyrðra hólfið opið til norðurs. Það virðist eingöngu byggt úr torfi. Eystri veggur þessa hólfs er vart greinanlegur en vestari veggurinn er um 80 cm hár. Hraunbeltin sem veggirnir eru hlaðnir á ná lengra bæði til norðurs og suðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 6.

MH-003:019 *Helguhóll* heimild um huldufólksbústað

"Sunnan við Folaldadalsklett er á hálsbrún strýtumyndaður hóll með smávörðu á, heitir Helguhóll; þar bjó álfkona með þessu nafni", segir í örnefnaskrá. Helguhóll er um 1,6 km norðaustan við bæ (001), um



Helguhóll, horft til ANA

550 m ANA við vörðuna á Svarthóli (020) og um 400 m vestan við Skriðugil.
Helguhóll er malarhóll sem stendur hátt upp úr landslaginu. Suðvestan í honum eru klappir. Austan við hólinn er berangurslegur melur að gilinu en ofan og vestan hans skiptast á móar og mýrar.
Varðan er efst á hólnum. Hún er um 50 cm há, ferhyrnd um 70 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 6.

MH-003:020 varða 64°45.273N 20°49.521V



Varðan, horft til vesturs

"Ofan við Hamar er svo hóll, er heitir Svarthóll, og kringum hann Svarthólsmýri... ", segir í örnefnaskrá. Svarthóll er um 150 m ANA við Smásteinahól (022) og um 1 km ANA við bæ (001). Á honum er varða.
Hóllinn er grýttur og brattur til suðurs og í hlíðum hans eru svartir steinar. Til norðurs er berangurslegur melur, vaxinn mosa og lyngi á stöku stað en sunnan við hólinn skiptast á melar og mýrar.
Varðan erum 1,1 m á hæð, ílöng, um 1,5 m löng og 1 m á breidd.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7.

MH-003:021 *Fjárhúsagil* örnefni fjárhús 64°45.120N 20°49.145V
"Heiman við Skriðugil er svo svæði , sem nefnt er Tunga ... Þessi Tunga nær heim að Fjárhúsgili", segir í örnefnaskrá. Fjárhúsgil liggur norður/suður niður suðurhlíð Fljótstunguháls, um 2 km ASA við bæ (001) og um 200 m ASA við Hamarinn (057).
Fremur er um að ræða lægð heldur en gil í hlíðinni. "Gilið" sem og hlíðin beggja vegna við það er algróin, vaxin grasi og lyngi. Að öllum líkindum hefur einhvern tíma runnið lækur í Fjárhúsgili, en nú er það alveg þurrt.
Engar tóftir eða hleðsluleifar eru við eða neðan gilsins. Í miðri hlíðinni beygir gilið eilítið til austurs og smá stallur myndast í hlíðinni. Þar má hugsa sér að hús hafi staðið. Fleiri staðsetningar hússins koma vel til greina við gilið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga,7.

MH-003:022 *Smásteinahóll* þjóðsaga 64°45.221N 20°49.670V




Varðan, horft til VSV

"Ofan við Hamar er svo hóll , er heitir Svarthóll, og í kringum hann er Svarthólsmýri, sem nær upp að Löngubrekku og Smásteinahól; þar eru hnöttóttir smásteinar, er læknuðu blóðuppgang í gamla daga, ef þeir voru geymdir í munninum", segir í örnefnaskrá. Smásteinahóll er um 900 m austan við bæ (001) og um 500 m ANA við Sjónarhól.
Smásteinahóll er dálítill malar- og klappar hóll sem stendur upp úr berangurslegum melnum í kring. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) taldi að Lífsteinahellan í landi Fljótstungu sem getið er í Þjóðsögum Jóns Árnasonar hefði verið á Smásteinahól. Í þjóðsögunni segir: "Oddur biskup Einarsson var einu sinni á vísitatsjuferð sinni nótt í Kalmanstungu, en það var aðfarnótt Jóns messu skírara. Um morguninn fyrir sól fór hestadrengur hans að smala hestum þeirra biskups. Hann fór norður á engjar og norður yfir Norðlingafljót og upp í hálsinn fyrir austan Fljótstungu. þar varð fyrir hönum hellusteinn. Á hellusteininum vóru nokkrir smásteinar sem voru á sífelldum hlaupum um helluna. Þeir ýmist hoppuðu hvur yfir annan eða hlupu hvur í kringum annan eins og þegar lömb leika sér um stekk. Þeir voru bleikleitir, en þó með ýmsum litum og á ýmsri stærð. Hönum varð starsýnt á þetta furðuverk. Þegar hann hafði horft á þetta stundarkorn tók hann einnhvurn minnsta steininn, fór með hann heim og sýndi biskupi. Biskupi þótti vænt um

steininn og sagði það væri "lífsteinn", hann gaf honum í staðinn tuttugu hundraða jörð og lét á sér heyra að sér hefði þótt vænt um, hefði hann fært sér helluna með öllu saman; þá hefði hann mátt biðja konung einnar bænar, hvurrar sem hann hefði helzt viljað. Þá vildi drengur fara aftur og sækja helluna, en það sagði biskup verða mundi til einskis; því nú væri hellan með steinunum hvorfin og mundi sjálfsagt flytja sig þar eð hún hefði misst einn steininn. Þar að auki sæist hún ekki nema á Jónsmessumorgun." Á Smásteinahól er varða, hlaðin ofan á klöpp. Hún er, ásamt klöppinni, um 1,8 m á hæð, en sjálf aðeins um 60 cm há. Varðan er næst kringlótt, um 80 cm í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7. JÁ: Jón Árnason. Þjóðsögur og ævintýri, I bindi, 651.


MH-003:023 *Stekkur* tóft+garðlag stekkur 64°45.071N 20°49.822V



"Vestan við Hamarinn er Stekkur, þar var stíað síðast milli 1890 og 96", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 670 m ASA við bæ (001), um 350 m vestan við Hamarinn og um 320 m ASA við Sjónarhól.
Stekkurinn er á grasivöxnum hól sem stendur upp úr þýfðum móanum í kring. Neðar, sunnar, er melur að vegi sem liggur meðfram hrauninu að Víðgelmi og ofar, norðar, er lyngivaxin brekka.
Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: " Stekkur. ca 800 m ANA frá bæ, áberandi hleðslur og á vorin grænka rústir og umhverfi þeirra löngu á undan landinu í kring" Stekkurinn er 8 x 6,5 m stór, snýr norður/suður og er tvískiptur. Eystra hólfið er lengra en eilítið mjórra, í því má sjá grjóthleðslur, að innan í öllum veggjum og að utan í eystri vegg. Hólfið er opið á miðjum suðurvegg en grjót hefur hrunið fyrir opið. Minna hólfið er einnig opið á miðjum suðurvegg. Í því má sjá grjóthleðslur að utan á suðurveggnum og að innan í norðurvegg. Út frá stekknum er hlaðinn grjótgarður sem liggur um 4 m til suðurs frá suðvestur horni vestara hólfsins, beygir svo til austurs og heldur áfram eina 7 m, beygir þá til norðausturs og heldur áfram um 4 m. Garðurinn myndar þriðja hólfið framan við stekkinn, og op er á því að norðan, við eystri útvegg stekkjartóftarinnar. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 80 cm en grjótgarðurinn er hæstur um 60 cm, mest um 3 umför, en víðast einungis einföld röð steina. Hugsanlegt er að vestur- og jafnvel suðurhliðar grjótgarðsins hafi einnig verið hlaðnar úr torfi en líklegra er að þar hafi steinarnir einungs sigið niður í jarðveginn og því virðist nú sem torf sé á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:024 *Stekkjargata* heimild um leið 64°44.984N 20°50.295V
"Hjá Stekknum [023] er gömul gata er heitir Stekkjargata, og eftir henni heim á Kvíarnar [025]", segir í örnefnaskrá. Stekkjargata lá milli Stekkjar (023) og Kvía (025). Um 440 m eru á milli þeirra og eru kvíarnar VSV við stekkinn.
Á milli stekkjarins og kvíanna skiptast á grasivaxin svæði, berir melar og einstaka mýrarkeldur.
Engin ummerki götunnar sáust.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7

MH-003:025 *Kvíar* tóft kvíar 64°44.989N 20°50.338V




"Hjá Stekknum [023] er gömul gata er heitir Stekkjargata, og eftir henni heim á kvíarnar: Kvíar þar var síðast kvíað 1906", segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 200 m ASA við bæ (001) og um 440 m VSV við stekkinn (023).
Kvíarnar eru á stalli í



Kvíarnar, horft til SSA

brekkunni sem er grasigróinn og smáþýfður. Neðar, sunnar, taka við sundurskornir melar en ofar, norðar, grasbrekka.
Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Kvíar eru hér ca 3-400 metra í NA frá bæ greinilegar rústir og grænka ennþá fyrr en landi í kring." Kvíarnar eru 7 x 5 m að stærð og snúa norður/suður. Þær eru einfaldar með opi vestast á suðurvegg. Austurveggur þeirra er aðeins lengri en sá vestari, hann er um 7 m langur en hinn um 6 m. Tóftin er að hluta niðurgrafin þannig að hleðslur eru hæstar um 60 cm, ef mælt er utan frá, en mun hærri eða um 1,1 m, þegar mælt er innan frá. Tóftin virðis aðeins vera hlaðin úr torfi, hvergi sér í grjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:026 *Brekkustekkur* tóftir stekkur 64°44.961N 20°49.968V






Stekkurinn, horft til suðurs

"Austan Lambahrauns er Brekkustekkur á Brekkutekkseyri, heldur austur af Túnkvíslinni", segir í örnefnaskrá. Brekkustekkur er í brekkurótum, rétt norðan vegar sem liggur að Víðgelmi, þar sem þremur steinum hefur verið raðað hver ofan á annan fast við veginn. Stekkurinn er um 530 m suðaustan bæ(001), um 300 m SSA við Sjónarhól og um 240 m VSV við stekk (023).
Stekkurinn er á litlum hól á grasivöxnu svæði, sléttu til austurs en þýfðu til vesturs. Ofan við stekkinn eru grasbrekkur í suðurhlíð Fljótstunguháls.
Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Brekkustekkur. Vallgrónar rústir ca 400 m frá bæ í SA skammt frá stekkjarrústunum eru leifar af grjóthleðslu (rétt)" Stekkurinn er 5 x 5 m stór og einfaldur. Þrjú op eru á stekknum, eitt austast á suðurvegg og tvö á vesturvegg, syðst og nyrst. Stekkurinn að dálitu leyti afmyndaður af þýfi og gæti eitthvert opanna orsakast af því. Hleðslur stekkjarins eru hæstar um 60 cm og hvergi sér í grjót í þeim. Vestsuðvestan við stekkinn, neðan við hólinn er röð af steinum sem myndar ferhyrning með opi austast á suðurvegg. Ekki er hægt að tala um eiginlegar grjóthleðslur þar sem steinarnir eru sokknir í gras- og mosavaxinn jarðveginn. Í norðausturhorni ferhyrningsins er hins vegar torfhleðsla og í henni sér í grjót. Ferhyrningurinn er um 8 x 4 m stór og snýr austur/vestur. Torfhleðslan í norðausturhorni hans er um 60 cm há þar sem hún er hæst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:027 *Fljótstungurétt* gerði rétt 64°44.640N 20°50.671V




Fljótstungurétt, horft til vesturs



"...heiman sjáum við Fljótstungurétt suður í hrauninu", segir í örnefnaskrá. Réttin er í hrauninu, um 300 m vestan við þjóðveg og um 600 m suðvestan við bæ (001).
Réttin er hlaðin í mosavöxnu helluhrauni, fast vestan við dálítinn hrauná sem þar liggur norður-suður. Upp að réttinni og vestan við hana er vegslóði.
Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Fljótstungurétt fyrst byggð um 1850, í núverandi mynd 1892. Notuð ennþá, safngerði hlaðið 1930, allt úr hraungrjóti" Réttin er samtals 115 x 80 m stór, snýr nálega austur/vestur. Í norðvesturhorni hennar er stórt hólf, um 50 x 30 m stórt, austur/vestur, almmenningur og við austurenda þess er gangur sem liggur austur/vestur. Hann er um 50 m langur og 10 m breiður, út frá honum eru minni hólf, fimm, sunnan við og fjögur norðan við. Hólfin sunnan við ganginn snúa austur/vestur og eru öll svipað stór um 5 x 12 m. Hólfin norðan við ganginn snúa hins vegar austur/vestur, þau eru einnig svipuð að stærð, um 10 x 5 m. Réttin er öll hlaðin úr hraungrjóti og á hólfunum eru hlið úr viði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:028 *Tíðagata* gata leið 6°44.6484N 20°50.273V



Tíðagata, horft til suðvesturs

"Austan hennar [Fljótstunguréttar 027] sjáum við allskýra götur yfir hraunið, Tíðagötu. Mun heita svo síðan tíðir voru sóttar að Kalmanstungu. Vegurinn er nú lagður yfir hana að nokkru leyti", segir í örnefnaskrá. Um 50 m vestan við þjóðveg milli Fljótstungu og Kalmanstungu þar sem blindhæð er á honum er Tíðagata mjög greinileg í hrauninu. Hún beygir þar dálítið til vesturs en heldur svo áfram í suður í átt að Kalmanstungu. Þetta er um 670 m SSV við bæ (001).
Gatan liggur um mosavaxið helluhraun.
Gatan hefur sorfið upp úr hrauninu, á henni er enginn mosi og sumstaðar er í henni möl og sandur, þar sem mest hefur verið sorfið úr hrauninu. Gatan er um 1 m breið.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7.

MH-003:029 *Hrískimagata* heimild um leið 64°44.609N 20°50.918V
"Vestan réttarinnar [Fljótstunguréttar 027] er svo önnur gata, er heitir Hrískimagata", segir í örnefnaskrá. Hrískimagata lá þvert yfir hraunið frá norðurjaðri þess og suður yfir að Norðlingafljóti. Hún lá um 200 m vestan við Fljótstungurétt (027).
Gatan lá um mosavaxið helluhraun.
Engin ummerki götunnar sáust í hrauninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 7.

MH-003:030 *Hraungata* heimild um leið 64°44.419N 20°52.964V
"...það [Hraungata] er aðalgatan, sem svo liggur niður Bungur, en það er nafn frá Hallkalsstöðum á hraunhólum þeim er gata liggur eftir", segir í örnefnaskrá. Hraungata lá í norðurjaðri hraunsins, þar sem þjóðvegur um Síðuna liggur nú. Bungur eru um 2,1 km suðvestan við bæ (001). Gatan hefur eflaust verið aðalgatan á milli bæjana í vestanverðum króknum.
Gatan lá yfir mosavaxið hraunið. Á þessum slóðum eru margar hraunbungur í því.
Engin ummerki götunnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 8.

MH-003:031 *Eyjahvarfsgata* heimild um leið 64°44.624N 20°51.880V
"Upp af Leirkimum taka við Flatir og Flatakimar þar upp við hraunið. Yfir neðri hluta hraunsins liggja götur; eru það Eyjahvarfsgata suður úr Eyjahvarfi... ", segir í örnefnaskrá. Eyjahvarfsgata lá þvert yfir hraunið, suður úr Eyjahvarfi og að Norðlingafljóti. Þar sem gatan lá suður úr hvarfinu var hún um 250 m sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna og um 1,2 km suðvestan við bæ (001).
Eyjahvarf er grasivaxið svæði milli þjóðvegar og hrauns, vaxið birkitrjám næst hrauninu. Gatan lá úr því og yfir mosavaxið hraunið.
Engin ummerki götunnar sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 9

MH-003:032 *Leirkimagata* gata leið 64°44.512N 20°52.215V




Leirkimagata, horft til suðurs

"Upp af Leirkimum taka við Flatir og Flatakimar þar upp við hraunið. Yfir neðri hluta hraunsins liggja götur;... Leirkimagata, er liggur neðst suður í Djúpabolla, neðanverum við Bugnaflöt", segir í örnefnaskrá. Leirkimagata liggur þvert yfir hraunið norður/suður, frá þjóðvegi sem nú liggur um Síðuna, um 1,2 km vestan við afleggjarann að Þorvaldsstöðum og um 300 m vestan við þar sem Eyjahvarfsgata (031) lá úr Eyjahvarfi.
Gatan liggur í mosa- og lyngivöxnu helluhrauni.
Gatan er nú malarslóði, um 1-2 m á breidd. Hún er vörðuð nyrst í hrauninu og svo langt sem augað eygir til suðurs. Vöðurnar standa þó ekki þétt alls staðar. Vörðurnar eru smáar, hlaðnar úr hraungrjóti, flestar um 50 cm á hæð og um 50 cm breiðar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 9.

MH-003:033 *Brunnhúsflöt* örnefni brunnur 64°45.049N 20°50.711V
"Brunnhúsflöt er í túninu, milli fjárhúsa og túngirðingar, ofan við götuna frá fjárhúsunum", segir í örnefnaskrá. Brunnhúsflöt er um 15 m sunnan við núverandi fjárhús, ofan við veg sem liggur að þeim, um 100 m NNV við bæ (001).
Flötin er sléttur stallur í brekkunni norður og vestur af bæ. Þar er möl og grasblettir hér og þar.
Engin ummerki húss eða brunns sjást á Brunnhúsflöt. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) sagði að ekkert væri vitað um örnefnið, hvort þar hefði einhvern tíma verið brunnur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 10.


MH-003:034 *Gvendargata* heimild um leið 64°44.834N 20°51.494V
"Gvendargata var áður í hrauninu, þar sem vegurinn liggur nú milli Eyjahvarfs og Svelgs (Jón Bergþórsson hefur heyrt að hún sé kennd við Guðmund Böðvarsson, afabróðir alnafna hans á Kirkjubóli)", segir í örnefnaskrá. Gvendargata var þar sem þjóðvegurinn liggur yfir hraunið milli tveggja grasigróinna bletta, þar sem norðurjaðar hraunsins er sunnar. Um 250 m vestan við þar sem afleggjarinn að Þorvaldsstöðum og Fljótstungu liggur frá þjóðveginum. Hugsanlega hefur þessi gata tengst Hraungötu (030).
Gatan hefur legið yfir mosavaxið hraunið.
Engin ummerki götunnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 10.


Hellirinn, horft til vesturs


Horft inn í hellinn til VSV

MH-003:035 *Fjárhellir* hellir fjárskýli 64°44.960N 20°49.174V
"Fjárhellir er í hrauninu suður undan Fjárhúsgili, er þó fremur skúti en hellir", segir í örnefnaskrá. Fjárhellir er um 130 m sunnan við veg, sem liggur að Víðgelmi, beint suður af Fjárhúsgili. Hann er um 380 m SSA við Hamarinn og um 1 km ASA við bæ (001).
Hellirinn er í mosavöxnu helluhrauni. Framan við op hans, sem snýr til austurs, er mikið berjalyng.
Hellirinn ekki mjög breiður, líklega um 2,5 m en virðist vera nokkuð langur, a.m.k. 15 m og liggja í sveig frá norðri til austurs. Op hellisins er nyrst í honum, móts austri. Það er um 1 m á breidd og fast sunnan við það, innan við hellismunann er hleðsla. Hún er um 60 cm há og jafnbreið hellinum. Hellinum hefur verið skipt í tvö hólf með henni. Erfitt að sjá hvar farið hefur verið inn í hólfið sunnan munnans. Ef til vill hefur einungis nyrðra hólfið verið nýtt og hleðslan komið í veg fyrir að fé leitaði lengra inn í hellinn. Norðan við munann er varða, hlaðin úr hraungrjóti. Hún er um 1 m á hæð, um 1 m löng og 60 cm breið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 11.

MH-003:036 *Hellir* hellir fjárskýli 64°44.347N 20°53.124V




Hellirinn, horft til ASA

"Austur af Hringskjafti andspænis Fremrilæk er fjárhellir með hleðslum og skútum venjulega nefndur Hellir", segir í örnefnaskrá. Hellirinn erum 15 m sunnan við þjóðveg, til móts við gil sem er fast austan túns á Hallkelsstöðum. Hann er um 2,2 km VSV við bæ (001).
Hellirinn er í mosa- og lyngvöxnu helluhrauni. Birkirjóður eru bæði 20 m austar og 40 m vestar.
Hellirinn er hringlaga dæld eða gat í hraunið og úr því eru skútar undir hraunið, að norðan, sunnan og austan, þar sem stærsti skútinn er. Hlaðið hefur verið meðfram vesturbarmi gatsins og aðeins austan og sunnan við það. Hleðslurnar á vesturbarminum eru hæstar um 1,2 m en að austan og sunnan eru þær hæstar um 20 cm. Dældin er grasigróin og op er niður í hana frá vesturbarmi gatsins, þar sem op er á hleðslunum. Dældin er um 6 x 11 m stór, snýr norður/suður og ummál hennar er um 30 m. Samtals er lengd hleðslnanna í kringum hana um 18,5 m. Um 6 m norðan við Hellinn er varða. Hún er um 1 m á hæð og um 50 cm breið. HVAÐAN ER ÞETTA 14 OG 8 M HÉR AÐ NEÐAN ÞÁ?
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, viðauki frá Hallkelsstöðum.


MH-003:037 *Hólagata* gata leið 64°44.279N 20°53.292V
"Vestan við Hring og Hringsrófu er götuslóði suður yfir hraunið, ýmist nefnd Hólagata, eða Hrísgata", segir í örnefnaskrá. Vestan við Hring og Hringsrófu, rétt sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna er slóði í hrauninu, um 2,5 km suðvestan við bæ (001).
Slóðinn liggur í mosa- og lyngivöxnu helluhrauni.
Slóðinn er varla meira en kindagata, liggur NNV-SSA yfir hraunið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, viðauki frá Hallkelsstöðum.

MH-003:038 frásögn 64°44.982N 20°50.604V
Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) man eftir tóft sem var aftan, austan, við bæ (001) um 20-30 m sunnan við heygarðinn (043).
Þar sem tóftin var er nú slétt tún.
Tóftin sneri austur/vestur í stefnu að bænum. Hún var um 8-10 m löng með opi. Páll sagði að hún hafi verið nokkuð greinileg og áberandi lægð hefði verið á milli veggjahleðslnanna. Þar sem tóftin var er nú smá mishæð í sléttu túninu en ekki mótar fyrir neinu byggingar- eða tóftarlagi. Óvíst er hvernig bygging stóð þarna. Páll hallaðist helst að því að þar hafi verið eldri bær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-003:039 *Smiðjuásvað* heimild vað 64°43.391N 20°52.804V
"Austast við Smiðjuás í Kalmanstungu er Smiðjuásvað á Norðlingafljóti", segir í örnefnaskrá. Smiðjuásvað er um 50 m ASA við vörðu (064), um 730 m vestar í Norðlingafljóti en Norðurkastsvað (040) og um 3,4 km VSV við bæ (001).
Hér rennur fljótið til vesturs. Norðurbakkinn er vaxinn grasi og lyngi og nokkuð þéttvaxinn birki fast við ána. Suðurbakkinn er nokkuð brattur. Möl, mosi og lyng eru næst ánni en ofar eru birkitré.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, viðauki frá Hallkelsstöðum.

MH-003:040 *Norðurkastsvað* heimild um vað 64°43.673N 20°52.160V
"Norðurkastsfoss nefnist flúð í Norðlingafljóti rétt ofan við Norðurkastsgil í Kalmanstungu, ofan við hann er Norðurkastsvað, gott vað á fljótinu", segir í örnefnaskrá. Norðurkastsvað er um 2,7 km VSV við bæ (001) og um 950 m vestar í Norðlingafljóti en Fossinn við garðsendann (012).
Hér rennur áin til suðurs. Vestan hennar er lyngi-, grasi- og kjarrivaxinn bakki og vestar birkitré. Austurbakkinn er hærri og brattur ofan við Norðurkastsfoss næst gilinu. Hann er vaxinn mosa og grasi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, viðauki frá Hallkelsstöðum.

MH-003:041 hleðsla rétt 64°45.175N 20°48.075V





Réttin, horft til norðausturs

Um 4 m SSA við bílastæði við Víðgelmi er hlaðin rétt. Hún er í norðurjaðri Hallmundarhrauns til móts við Skriðugil, um 2 km ASA við bæ (001).
Réttin er í jaðri mosavaxins helluhrauns, á lyngivöxnu svæði. Norðar tekur við grasi- og lyngivaxin slétta að Fljótstunguhálsi.
Réttin er einföld, um 8 x 6 m stór og snýr austur/vestur Suður- og austurveggir hennar eru fast upp við hraunið. Op er á réttinni í norðausturhorni hennar. Frá opinu er stígur inn í réttina sem liggur þvert yfir hana og út úr henni í suðausturhorninu. Þar er þó ekki op á réttinni en hleðslur að hluta til hrundar. Hleðsluhæð réttarinnar er mest um 80 cm.
Hættumat: hætta, vegna rasks

MH-003:042 frásögn hjallur 64°44.972N 20°50.609V
Hjallur var um 6 m VSV við bæ (001).
Þar sem hjallurinn var eru nú sléttuð tún.
Þar sem hjallurinn var er dálítil hæð í túninu um 4 x 4 m að stærð. En engin skýr ummerki hjallsins eru greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-003:043 frásögn heygarður 64°44.992N 20°50.588V
Heygarður var um 40 m ANA við bæ (001).
Þar sem heygarðurinn var stendur nú sumarbústaður úr timbri með verönd til vesturs og suðurs. Hann er heitir Heygarður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-003:044 frásögn brunnur 64°44.988N 20°50.608V
Brunnhús var um 12 m ANA við bæ (001).
Þar er nú moldarflag, vaxið arfa og illgresi í sléttu túninu.
Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) að þessi brunnur hefði jafnan verið notaður þegar hann var í Fljótstungu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-003:045 frásögn brunnur 64°45.032N 20°50.726V
Brunnur var efst í Túnmýrinni, um 80 m norðvestan við bæ (001) og um 30 m sunnan núverandi fjárhúsa.
Þar sem brunnurinn var er nú mikið og hátt gras og nokkuð þýft.
Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) sagðist ekki muna eftir því að brunnurinn í Túnmýrinni hefði verið notaður, nema ef til vill í miklum þurrkum, t.d. árið 1920.
Hættumat: engin hætta


MH-003:046 *Hamar* heimild um huldufólksbústað 64°44.928N 20°50.619V
"Þar fyrir ofan [Níuálnaslægju], sunnan við bæinn, er svo Hamravöllur; dregur hann nafn sitt af Klettabelti , sem er sunnan undir túninu og heitir Hamar; þar var huldufólk talið búa í fyrndinni", segir í örnefnaskrá. Hamar er sunnan undir Fljótstunguhálsi, um 90 m sunnan við bæ (001) og um 40 m norðan við norðurjarðar

Hallmundarhrauns.
Suðurhlíð hálsins er á þessum stað brött og grasivaxinn og á um 15 m löngu svæði, næst beint sunnan við bæ (001) er klettabelti, Hamar. Fast upp við Hamarinn er grasivaxið svæði og suðvestan við hann eru ræktuð tún.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 2

MH-003:047 frásögn lambhús 64°44.950N 20°50.763V
Lambhús var um 110 m vestan við bæ (001) og um 2 m sunnan við heimreið að bænum.
Þar sem lambhúsin voru er nú slétt tún, aðeins aflíðandi til vesturs. Túnið er brattara ofan og neðan við þar sem húsið stóð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-003:048 *Gamli nátthagi* heimild um nátthaga 64°44.918N 20°51.004V
"Gamli nátthagi er norðan við Nónhraun, milli þess og lítillar hraunbungu sunnan vegarins", segir í örnefnaskrá. Gamli nátthagi var við lítinn hraunblett, rétt sunnan við núverandi heimreið þar sem nú stendur minnismerki um ábúendur í Fljótstungu. Það er um 30 m norðan við Nónhraun og um 300 m VSV við bæ (001).
Hraunbungan stendur upp úr sléttu túninu sem er allt í kring.
Engar hleðslur sjást í námunda við bunguna enda haginn verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 10.

MH-003:049 *Nátthaginn* hleðsla nátthagi 64°44.855N 20°50.949V




"Nónhraun er á Svelgnum. Suður af því er Nátthaginn", segir í örnefnaskrá. Vestan og sunnan við Nónhraun, vestast í túni, um 350 m VSV við bæ (001) eru leifar Nátthagans. Hann er um 450 m NNV við Fljótstungurétt (027).
Austan og norðan við nátthagann er Nónhraun. Vestan við hann er grasivaxið svæði milli túns og vegar en innan hans er sléttað tún sem heldur áfram til suðurs.
Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Enn nátthagar tveir sá fyrri byggður skömmu fyrir 1880. Í þeim var fjársafn af Arnarvatnsheiði geymt nóttina fyrir réttardaginn. Þeir eru nýttir sem tún en sér fyrir grjóthleðslum á köflum en vegagerðin hefur tekið mikið grjót úr þeim til sinna þarfa. Þessir nátthagar stóðu nokkur hundruð m frá réttinni" Nónhraunið er L-laga og nátthaginn er í L-inu þ.e. sunnan og vestan við hraunið. Einungs tveir veggir þess eru sýnilegir. Suðurveggurinn er mjög greinilegur, um 44 m langur og hæstur um 1 m. Austurveggurinn sést einnig en er mun ógreinilegri. Þar eru einungis nokkrir steinar í röð, oft bil á milli þeirra. Hann er um 22 m á lengd. Ekkert er eftir af vesturveggnum en aðeins sést móta fyrir norðurveggnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 10. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:050 *Nýi-Nátthagi* hleðsla nátthagi 64°44.848N 20°50.884V
"Nónhraun er á Svelgnum. Suður af því er Nátthaginn [049] og austur af því Nýi-Nátthagi, þar sem sefnið var geymt nóttina fyrir Fljótstungurétt [027]", segir í örnefnaskrá. Leifar Nýja Nátthaga eru fast austan við Nónhraun, um 300 m suðvestan við bæ (001) og um 450 m norðan við Fljótstungurétt (027).
Leifar austur- og vesturveggjar hagans eru í sléttu túni, vesturveggurinn fast upp við hraunið. Leifar suðurveggsins eru hinsvegar á grasivöxnu svæði rétt utan túns.

Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Enn nátthagar tveir sá fyrri byggður skömmu fyrir 1880. Í þeim var fjársafn af Arnarvatnsheiði geymt nóttina fyrir réttardaginn. Þeir eru nýttir sem tún en sér fyrir grjóthleðslum á köflum en vegagerðin hefur tekið mikið grjót úr þeim til sinna þarfa. Þessir nátthagar stóðu nokkur hundruð m frá réttinni" Þrír veggir nátthagans eru enn greinilegir og af þeim má ráða að nátthaginn hefur verið um 40 x 45 m stór og snúið, austur/vestur. Vesturveggurinn sem er fast upp við hraunið er best varðveittur. Hann er um 20 m langur og 1 m hár þar sem hann er hæstur. Eystri veggurinn er um 40 m langur. Hann er einungis einföld röð steina en sums staðar er talsvert bil á milli þeirra þar sem grjótið hefur verið tekið og nýtt í annað. Sömu sögu er að segja með suðurvegginn, sem er um 45 m langur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 10. Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:051 garðlag áveita 64°44.948N 20°50.058V
Áveitugarður er um 75 m vestan við Brekkustekk (026) og um 460 m ASA við bæ (001). Þar var vatni úr Norðlingafljóti veitt á tún.
Garðurinn liggur norður/suður í grasivöxnum, smáþýfðum móa. Hann liggur fast frá veginum, sem liggur að Víðgelmi, og að hlíðinni. Handan vegarins er hraun en hlíðin er ber melur.
Garðurinn er um 20 m langur og um 1,5 m breiður. Hann er hæstur um 70 cm vestan megin en hærri til austurs þar sem vatninu hefur líklega verið veitt, þar er hann um 1 m á hæð. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) taldi að garðurinn hefði verið byggður á árunum 1920-30, og sagði að einnig hefði verið byggðir garðar norðan við bæ þar sem veitt var úr Litlafljóti. Ekki er augljóst hvernig þessi garður hefur virkað þar sem hann er nokkuð langt frá Fljótinu, Túnkvíslin hefur hins vegar runnið norðan við hann. Garðurinn er eingöngu hlaðinn úr torfi. Garðurinn er ekki fornleif í lagalegum skilningi, en er merkileg heimild um forna búskaparhætti.
Hættumat: engin hætta

MH-003:052 *Andrésarsel* tóftir sel 64°46.528N 20°49.694V




Selið, horft til suðvesturs


Selið, horft til ANA

"Upp undir fossinum [Dalfossi] eru gamlar selrústir, en ekki mun það sel hafa verið notað lengi ... Erlingur Jóhannesson á Hallkelsstöðum [f.1915] hefur það eftir móður sinni, Halldóru Sigurðardóttur frá Þorvaldsstöðum að Selið við Dalfossinn hafi verið nefnt Andrésarsel",


segir í örnefnaskrá. Á móti Dalseli á Þorvaldsstöðum (004:021) , hinum megin við Litlafljót eru selrústir. Þær eru um 3 km ANA við bæ (001), fast vestan við Litlafljót og um 8 m norðan við Dalfoss.
Tóftirnar eru í grasi- og lyngivöxnum móa á árbakkanum. Sunnan við er brött brekka.
Tóftirnar eru fjórar, allar nálægt hvor annarri á svæði sem er 17 x1 3 m stórt og snýr norður/suður. Hverri tóft er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Sú minnsta (a) er nyrst. Hún er einföld og snýr NNV/SSA, með opi á miðjum suðurvegg. Tóftin er um 3 x 3 m að stærð og hleðslur hennar eru hæstar um 40 cm. Önnur tóft (b) er um 1 m sunnan við (a). Hún er einföld, snýr suðaustur/norðvestur og er 5 x 4 m stór. Hleðslur hennar eru hæstar um 50 cm. Op er á henni á vestast á norðurvegg og snýr að tóftinni norðan við hana (a). Um 1 m suðaustan við þessa tóft (b) er þriðja tóftin (c). Hún er stærst tóftanna eða 8 x 5 m stór. Hún snýr NNA/SSV og er einföld. Op er á tóftinni austast á suðurvegg hennar. Um 4 m vestan við hana (c) er loks fjórða tóftin (d). Hún er einföld með opi vestarlega á norðurvegg. Tóftin er um 4 x 4 m stór. Hleðslur hennar eru hæstar um 50 cm. Allar tóftirnar virðast eingöngu vera byggðar úr torfi, hvergi sér í grjót eða grjóthleðslur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fljótstunga, 4 og viðbætur frá Hallkelsstöðum.

MH-003:053 hús hænsnakofi 64°44.979N 20°50.551V
Um 40 m ASA við núverandi íbúðarhús í Fljótstungu, fast framan við túngarð (055) og sunnan við A-bústaði er hænsnakofi í austurjaðri túnsins.
Fast neðan (vestan) við hænsnakofann er sléttað tún. Ofar, austar, er aflíðandi brekka, grasivaxin og nokkuð þýfð.
Kofinn er úr torfi, eins konar hóll, þar sem veggir eru hlaðnir úr torfi og þakið klætt með því. Dyr eru á kofanum til vesturs og gluggi til suðurs. Í kringum gluggann er bárujárn. Framan við kofann hefur verið byggt vírnetsbúr, því hann var nýttur af núverandi ábúendum. Kofinn sjálfur er um 2,5 m breiður, um 3 m langur, um 1,1 m á hæð. Líklega eru þakgaflar kofans úr timbri og þakið úr bárujárni, en hvergi sér í annað byggingarefni en torf.
Hættumat: engin hætta

MH-003:054 *Sneið* gata leið 64°45.537N 20°50.497V
Sneið er gömul leið sem liggur frá mynni Drangagil og inn dalinn sem Litlafljót rennur í, norðanmegin Fljótstunguháls, yfir Rjúpnagil og áfram inn Þorvaldsstaðadal.
Austan mynni gilsins er grasivaxið svæði þar sem gatan er greinileg, er þar möl sem flæðir úr gilinu en lengra til austurs tekur við ber melur og þar hverfur gatan.
Þar sem gatan er greinileg er hún um 1,5 m breiður slóði.
Hættumat: engin hætta

MH-003:055 garðlag túngarður 64°44.987N 20°50.057V
Um 40 m ofan, austan, við bæ (001) eru leifar af gömlum túngarði í brekkunni fast ofan við tvo samfasta A-bústaði.
Garðurinn er í grasivaxinni brekku. Um 4 m vestan við hann eru slétt tún.
Garðurinn er um 26 m langur, liggur norður/suður í dálitlum sveig. Garðurinn er um 1 m hár ef mælt er vestan við hann, en vart greinilegur úr austri, mest um 10 cm hár, þar sem hann liggur í hlíð sem hallar til vesturs. Hvergi sér í grjóthleðslur í garðinum sem er um 1-1,5 m breiður. Staðsetning garðsins kemur ekki saman við túnamörk eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917 og er hann því líklega eldri en það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-003:056 tóft útihús 64°44.949N 20°50.699V





Kofinn, horft til ANA

Kartöflugeymsla úr torfi og grjóti er í túninu um 70 m vestan við bæ (001) og um 6 m austan við sumarbústaði sem standa neðan, vestan, bæjar.
Geymslan er í rennisléttu túni, í talsverðum halla til vesturs.
Geymslan hefur verið grafin inn í brekkuna sem hún stendur í, og grjóti svo hlaðið í skurðinn og torfi ofan við. Tóft hennar er um 2,5 m breið og um 4,5 m löng, snýr austur/vestur. Að utan er hleðsluhæðin mest um 1,4 m, mælt vestan við, en einungis um 30 cm ef mælt er ofan, austan, við hana. Að innan eru hleðslurnar hins vegar um 1,6 m háar. Dyr hafa verið á geymslunni til vesturs. Þak geymslunnar er alveg hrunið og hún er ekki lengur í notkun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-003:057 varða 64°45.136N 20°49.415V
Um 1 km ASA við bæ (001) og um 270 m sunnan við vörðuna á Svarthól (020) er Hamarinn og á honum varða.
Varðan er efst á klettabelti sem rís hátt í landslaginu. Klettabeltið er í hlíð sem hallar til suðurs. Ofan við hann er grýtt hlíðarbrúnin og þá mýrarslakki en neðan grasi- og lyngivaxinn mói.
Varðan er stæðileg, um 1,1 m á hæð, sem næst ferhyrnd um 70 cm á kant.
Hættumat: engin hætta



Varðan, horft til austurs

MH-003:058 varða 64°45.628N 20°48.658V
Um 2 km norðaustan við bæ (001) og um 380 m ANA við Helguhól er klettabelti um 60 m vestan við Skriðugil. Á beltinu miðju er varða.
Klettabeltið liggur VNV/ASA. Allt í kringum það er berangurslegur melur með grasi- og lyngivöxnum blettum á stöku stað.
Varðan er um 1,2 m á hæð, um 1,2 m löng og 70 cm breið.
Hættumat: engin hætta

MH-003:059 tóft stekkur 64°44.955N 20°50.529V
Rétt utan túngirðingar, um 90 m ASA við bæ (001), í næst beinni stefnu suður frá hænsnakofanum (053) um 50 m sunnar er tóft. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) taldi að þar hefði verið stekkur.
Tóftin er ofarlega í grasivaxinni hlíð sem hallar eilítið til suðurs.
Tóftin er um 6 x 3 m stór og snýr norður/suður. Á einum stað glittir í grjót í hleðslunum og sums staðar má finna fyrir því í botni tóftarinnar. Hleðslur stekkjarins eru nokkuð signar og hann að hluta afmyndaður af þýfi. Norðurveggur hans er illgreinanlegur. Op virðast vera á þremur stöðum á tóftinni, tvö á austurhlið hans, annað á henni miðri og hitt norðarlega, og eitt á suðurveggnum miðjum. Hugsanlegt er að sums staðar hafi brotnað úr tóftinni, fremur en að þar séu raunveruleg op. Engin merki eru um skiptingu stekkjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



MH-003:060 varða 64°45.158N 20°48.219V
Um 30 m sunnan við veg sem liggur að Víðgelmi, er stöndug varða á hraunbrún, SSV við Skriðugil. Varðan er um 100 m vestan við réttina við bílastæðið (041).
Varðan er í hraunjaðrinum á mosavöxnu helluhrauni. Til suðurs heldur hraunið áfram en norðar er grasi og lyngivaxinn mói að hlíðinni.
Varðan er ferhyrnd um 1 m á kant og um 1,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta



Gildran, horft til austurs



Gildran, horft til norðurs

MH-003:061 hleðsla refagildra 64°44.947N 20°49.316V

Refagildra er í Hallmundarhrauni um 140 m sunnan við veg sem liggur að Víðgelmi, um 355 m beint suður af Hamrinum (sjá fornleif nr.057) og um 100 m vestan við Fjárhelli (035).

Refagildran er í mosavöxnu helluhrauni.

Í svari við fyrirspurn um rústir frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Árni Þorsteinsson: "Þá er hér stæðileg refagildra, en frá henni hefi ég sagt í öðrum fyrirspurnum héðan" Gildran er hlaðin úr hraungrjóti, snýr norður/suður með opi í báða enda. Hella er fyrir opinu sunnan megin. Gildran er um 2 m löng, um 1 m breið og 70 cm á hæð. Op hennar eru um 30 cm há og 10 cm breið. Gildran er hlaðin úr hraunhellum. Veggir hennar hafa verið hlaðnir fyrst og myndað einskonar stokk, opinn í báða enda. Þá hefur nokkrum lögum af hellum verið hlaðið ofan á, sem mynda þak. Páll Bergþórsson frá Fljótstungu (f. 1923) taldi að gildran hefði verið byggð á árunum 1930-40. Hún er því ekki fornleif í lagalegum skilningi. Gildran er hins vegar byggð með gömlu lagi (á sama hátt og refagildrur í Gilsbakkalandi sem munu vera mun eldri), er fulltrúi gamalla búskaparhátta og því skráð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árni Þorsteinsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 11073.

MH-003:062 varða 64°45.080N 20°48.759V



Varðan, horft til ANA

Varða er í jaðri Hallmundarhrauns um 35 m sunnan vegar sem liggur að Víðgelmi. Hún er um 500 m suðaustan við Hamarinn (sjá fornleif nr. 057) og um 400 m ANA við Fjárhellinn (035), 1,5 km ASA við bæ (001).

Varðan er í mosa- og lyngivöxnu helluhrauni. Skammt norðar tekur við grasi- og lyngivaxið svæði upp að vegi.

Varðan er stæðileg, um 1,3 m á hæð. Hún er því sem næstum ferhyrnd um 80 cm á kant.

Hættumat: engin hætta

MH-003:063 varða 64°45.460N 20°49.622V



Varðan,.horft til VNV

Um 360 m NNA við Svarthól (sjá fornleif nr. 020) og um 480 m norðvestan við Helguhól (019) er gróið vörðubrot. Það er um 70 m vestan við botn Drangagils.

Vörðubrotið er mjög gróið og í raun fremur lítill grashóll sem stendur upp úr mel.

Vörðunibbinn er um 70 cm hár, um 1,2 m langur og 40 cm breiður. Grjót gægist upp úr honum víða.

Hættumat: engin hætta

MH-003:064 varða 64°43.403N 20°52.864V

Stæðileg varða er um 750 m norðan við Norðurkastsvað (040) og um 20 m norðan við Norðlingafljót. Hún er norðan við birkitré sem vaxa fast við ána og um 3,4 km VSV við bæ (001).
Varðan er í mosavöxnu helluhrauni. Víða í kringum hana eru birkihríslur á stangli og um 5 m sunnan er þéttvaxið birki við árbakkann.
Varðan erum 1,45 m á hæð, ferhyrnd um 40 cm á kant. Hún er vel hlaðin úr stórum og ferhyrndum steinum. Hún er 6 umför og einungis eru tveir steinar í hverju umfari, fyrir utan þar efsta þar sem er einn.
Hættumat: engin hætta



Varðan,.horft til norðurs

MH-003:065 *Skriðustekkur* frásögn stekkur 64°45.306N 20°48.189V


Stekkur var á Skriðugilseyri, sunnan við mynni Skriðugils, um 2 km ANA við bæ (001).
Á eyrinni er nú talsvert stórt malarplan þar sem malarnám hefur verið í gilinu. Á planinu eru nokkrir malarhólar.
Engar rústir eru á eyrinni eða í námunda við hana og hefur stekknum líklega verið raskað við malarnámið.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku

MH-003:066 hleðsla skotbyrgi 64°45.065N 20°47.285V

Um 670 m austan við Víðgelmi (015) og um 2,7 km ANA við bæ (001) eru hleðslur í Hallmundarhrauni.
Hleðslurnar eru í velgrónu, mosa- og lyngivöxnu helluhrauni.
Hleðslurnar mynda lítið hólf, um 4 x 2 m að stærð. Það snýr VSV-ANA. Hólfið er einfalt og ekkert greinilegt op er á því. Það er hlaðið úr hraungrýti og standa hleðslurnar hæstar um 60-70 cm. Aðeins hefur hrunið úr þeim að norðanverðu. Líklega er hér um skotbyrgi að ræða en þekkt greni eru í nágrenninu.
Hættumat: engin hætta

MH-004 Þorvaldstaðir

Þorvaldsstaðir - túnakort 1917



16 hdr. 1709. Konungseign. Einnig Þorvarðsstaðir. "... hefur jörðin í öndverðu heitið Þorvarðsstaðir, en hefur síðan breyzt í framburði í Þorvaldsstaði, og hefur það orðið snemma, því að þetta nafn kemur þegar fyrir í Melabók." - Árbók 1923, 38. Jarðarinnar er getið í Landnámabók: "... þá er þar váru drepnir átján Hellismenn, en Auðun Smiðkelsson brenndu þeir inni á Þorvarðsstöðum.... Hrosskell gaf land Þorvarði, föður Smiðkels, föður þeirra Þórarins ok Auðunar, er réðu fyrir Hellismönnum; hann bjó á Þorvarðsstöðum ok átti Fljótsdal allan upp með Fljótum." - ÍF I, 75, 83. Jarðarinnar er einnig getið í Bárðar sögu Snæfellsáss og í Heiðarvígasögu, þar segir: "Sú kona bjó þar it næsta, er Þorfinna hét; hon var kölluð skáldkona; hon bjó á Þorvarðsstöðum" - ÍF III, 298. 1541 er gefin út "skrá um jarðir þær, er Ögmundr biskup átti í Vestfjörðum og í Borgarfirði, og teknar voru án dóms og laga undir kongsvaldið." Meðal þeirra voru Þorvaldsstaðir. - DI X, 678-679. Í leigna, landskyldu og skreiðargjaldsreikningum Kristjáns skrifara af, meðal annarra, konungsjörðum í Borgarfirði 1548-49 segir: "Jtem mett Torualdstedom ij legekior. xviij foer. Landskyldt lxxx alner." - DI XII, 130-131. 10. mars 1553 sendi Kristján III veitingabréf til Daða bónda Guðmundssonar fyrir nokkrum jörðum leigulaust þar á meðal voru Þorvaldsstaðir. - DI XII, 522. "Tíunda júní 1913 keyptu svo hrepparnir [Reykholtsdals- og Hálsahreppar] spildu úr Þorvaldsstaðalandi, sem er "austan við línu úr Árnesgili, þar sem það kemur í Litlafljót, og sjónhending í Skammárós, þar sem hún fellur í Lambá" eins og segir í afsalsbréfi. Landeigandi Þorvaldsstaða og seljandi var Jón Magnússon, bóndi í Stóra-Ási." BB III, 353.

Tún 4,3 ha., hluti sléttur 2/5, kálgarður 240 m2. - Túnakort 1917. "Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Rif hrís lítið til eldiviðar. Engjar fordjarfar stórlega Dalsá með grjóti og sandi, og eru mestan part eyðilagðar. Vetrarríki

er mikið, vide Fljótstungu supra. Hætt er kvikfje fyrir stórviðrum. Kirkjuvegur torsóktur ut supra á Kalmanstúngu." - JÁM, IV, 262. "Landið er að langmestu leyti gróið, valllendi í börðum og með lækjum og í dalbrekkunum, en undirlendi er lítið. Flóar miklir norðan brúna o.v. Bærinn stendur í hallandi túni skammt frá Litlafljóti. En nýrækt mikil hefur verið gerð nokkuð vestan bæjar, þar sem áður voru móar og mýri á hallalitlum palli í framhaldi af Hallkelsstaðaflóa. Silungsveiði er í Hólmavatni. Þorvaldsstaðaland var miklu stærra, náði fram að Arnarsteini við Grunnuvötn á Tvídægru, en 1913 seldi þáverandi eigandi norðausturhluta landsins Reykholtsdals- og Hálsahreppum, sem hafa nýtt það sem afrétt." - BB III, 40.

MH-004:001 *Þorvaldsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°45.188N 20°51.243V

"Bærinn stendur í brekku sem hallar niður að Litlafljóti... ", segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn á Þorvaldsstöðum var nálega þar sem íbúðarhúsið stendur nú, um 140 m norðan við Litlafljót.

Á bæjarhólnum stendur nú steinsteypt íbúðarhús útihúsasamstæða. Íbúðarhúsið er ekki með kjallara en hefur verið grafið inn í bæjarhólinn að norðan.

Íbúðarhúsið og útihúsasamstæðan eru á geysistórum hól sem að hluta er náttúrulegur. Hann er um 70 x 25 m að stærð, snýr austur/vestur. Lítil hæð, um 15-20 cm há er einnig frá heimreið að íbúðarhúsinu og austur/vestur eftir lengd íbúðarhússins, fast upp við það. Hvorki er hægt að sjá norður- né vesturbrún **Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Þorvaldsstaðir, 1



Þorvaldsstaðir, horft til norðurs

MH-004:002 heimild um útihús 64°45.192N 20°51.261V

Útihús var áður um 10 m norðvestan við gamla bæinn (001) og var það merkt inn á túnakort frá 1917. Húsið hefur verið nyrst í bakgarði núverandi íbúðarhúss.

Þar sem útihúsið stóð er bakgarður núverandi íbúðarhúss. Útihúsið hefur verið nálægt runnum sem eru í norðurjaðri garðsins.

Engin ummerki um húsið eru sjáanleg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

MH-004:003 heimild um útihús 64°45.194N 20°51.381V

Fjárhús eru merkt á túnakort Þorvaldsstaða frá 1917, um 90 m norðvestan við bæ (001). Nú standa þar steypt fjárhús og stór hlaða.


Þar sem fjárhúsin stóðu eru steyptar byggingar á hæð í hlíð sem hallar til suðurs.


Engin ummerki eru um þessi fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

MH-004:004 *Stekkur* tóft stekkur 64°45.074N 20°52.030V





"[Stekkjargil] er talsvert gil og á upptök sín í Meratjarnarflóa og Meratjarnarhlíð. Vestan við Stekkjargil uppi á Barðabrúninni er rúst af gömlum Stekk; vestan við rústina er lítil graslág, sem heitir Stekkjarlág, vestan við hana Stekkjarholt.... Heiman við Stekkjargil neðan við Barðabrún er smáskorningur, sem einnig nefnist Stekkjarlág", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 650 m vestan við bæ (001), en um 450 m norðan við Litlafljót. Hann er 20-30 m vestan við Stekkjargil.

Stekkurinn er í aflíðandi hlíð til suðurs. Grasivaxinn mói er umhverfis. Um120 m norðar hafa tún verið framræst og ræktuð.

Stekkjartóftin er 11 x 6 m að stærð og snýr norður/suður. Hún er tvískipt. Stærra hólfið er norðar og snýr norður/suður en það minna sem er sunnan við það snýr austur/vestur. Op er á miðjum norðurvegg nyrðra hólfsins og á vesturvegg þess syðra. Ekki er op á milli hólfa. Syðra hólfið gæti verið tvískipt en þar er mikill þúfnabakki og er erfitt að greina nákvæma lögun. Tóftin öll er á kafi í grasi og því ekki hægt að greina veggjaskipan nákvæmlega. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur sjást hér og þar og eru mest þrjú umför og 1 m á hæð. Austan við syðra hólfið er þúfnabakki og töluvert grjót, hugsanlegt er að þar hafi verið hleðsla. Um 12 m norðan við tóftina er ræktarleg hæð, græn og gróðursæl og sker hún sig nokkuð úr umhverfinu. Hún er um 15 m í þvermál. Ekki er ólíklegt að þar hafi einhvern tíma verið mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 2

MH-004:005 *Litlistekkur* heimild stekkur 64°45.070N 20°51.706V

"...sunnan í Barðabrún eru í brekku fornar rústir, sem heita Litlistekkur", segir í örnefnaskrá. Litlistekkur er nú alveg horfinn. Hann var fast austan Grafarlækjar, neðan í brekkubrún.

Þar sem stekkurinn var er grasi- og lyngivaxinni hlíð, aflíðandi til suðurs að Litlafljóti.

Gengið var með öllum austanverðum læknum en engar rústir fundust. Heimildamaður, Halldór Sigurðsson (f. 1958), man ekki eftir tóft á þessum stað. Nákvæm staðsetning er ekki kunn. Ekki ljóst hvort aðeins hefur gróið yfir tóftarbrotið. Ekkert umrót á þessum slóðum nema mógrafirnar (sjá 006).

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 2

MH-004:006 *Grafarlækur* náma mógrafir 64°45.072N 20°51.727V



Mógrafirnar, horft til norðvesturs

"Rétt austan við hann [Litlastekk 005] er lækur, sem hét Litlilækur, en breytti um nafn, er farið var að taka mó við upptök hans, og nefnist nú Grafarlækur", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar sjást enn, fast austan við Grafarlæk. Þær eru um 200 m VNV við bæ (001) og 100 m norðan við Litlafljót.

Aflíðandi, grasgefin brekka er beggja vegna Grafarlækjar. Við lækinn er deiglent en lengra frá læknum taka við grónir móar.

Grafirnar liggja samsíða læknum. Um er að ræða nokkrar grafir (3-4). Svæðið er samtals 25 x 11 m að stærð norður/suður. Grafarnar eru grónar og þurrar og um 0,4 m að dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 2

MH-004:007 frásögn útihús 64°45.177N 20°51.279V

Samkvæmt Halldóri Sigurðssyni voru tóftir um 30 m vestan við lóðarmörk núverandi íbúðarhúss á Þorvaldsstöðum.

Þar er nú dálítil dældótt hæð í sléttu, aflíðandi túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-004:008 *Vörðumelur* heimild 64°45.347N 20°52.575V
"Fyrir ofan graslendið í tungunni [Litlutungu] er melur milli giljanna, sem heitir Vörðumelur. Þar sést fyrir vörðubroti", segir í örnefnaskrá. Á Vörðumel sést móta fyrir vörðubrotum á tveimur stöðum. Melurinn er um 1100 m norðvestan við bæ (001). Nyrðra brotið (A) er um 12 m austan við vegslóða sem liggur þvert yfir Litlutungu og til norðurs upp á afréttarlandið, og 10-20 m vestan við eystra gilið sem afmarkar Litlutungu. Syðra brotið (B) er um 50 m suðvestan við það nyrðra, um 4 m vestan við vegslóðann.
Vörðumelur er gróinn mosa og lyngi, ofan er lyngivaxin fjallshlíð, neðar eru sléttuð tún.
Nyrðra vörðubrotið er eitt umfar, um 80 x 70 cm að stærð, ferhyrnt. Syðra brotið er grónara og fornlegra en hitt, einfalt grjótlag. Það er um 80 x 40 cm að stærð og snýr norður/suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 3

MH-004:009 *Gildruholt* hleðsla refagildra 64°45.303N 20°51.730V
"Fyrir ofan Fjárhúskeldu, sem er fyrir ofan Þorvaldsstaðatún ... Eru þrjú smáholt í röð, sem Gildruholt heita. Þar mun hafa verið tófugildra til forna og holtin fengið nafn af því", segir í örnefnaskrá. Tófugildra er á vestasta holtinu, um 300 m NNV við núverandi fjárhús.
Holtið er hálfgróið grasi, lyngi og mosa og nokkuð grýtt. Gildran er á miðju holtinu.
Gildran hefur verið hlaðin milli tveggja stórra steina. Ekki er hægt að greina lag hennar þar sem hún er alveg hrunin og er nú einungis grjótdreif á mill steinanna. Gildran hefur snúið austur/vestur og nær grjótdreifin yfir svæði sem er um 1 m á breidd, 2,5 m á lengd og 60 cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 4.


Gildran, horft til austurs


MH-004:010 *Digravarða* varða 64°45.586N 20°51.431V
"Fyrir ofan Gildruholtin [sjá 009] er Langabrekka ... Ofan við hana heitir brúnin Löngubrekkubrún. Austur af henni hækkar hæðin og heitir þá Digruvörðuhæð og austast á henni Digravarða... ", segir í örnefnaskrá. Digravarða er digur og stöndug varða. Hún sést vel frá bæ (001) og víða að. Hún er austast á Digruvörðuhæð, um 850 m norðaustan við bæ (001).
Varða er á mosagrónum mel. Umhverfis er ýmist mosagrónir smásteinar og ber melur. Gott útsýni er til allra átta frá vörðunni.
"... Digravarða hlaðin úr dröngum úr líparíti, 5-6 köntuðum dröngum, sem margir eru alllangir, svo sumir voru notaðir yfir fjárhúsdyr, meðan byggt var úr torfi og grjóti. Var allmikið af þeim á þessari hæð", segir í örnefnaskrá. Vörðunni hefur sjálfsagt verið haldið til fram eftir 20. öld. Flestir steinarnir í henni eru þó vaxnir skófum og virðist hún gróin í grunninn. Varðan er ferhyrnd, um 1,5 m á kant og 1,5 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 4


Digravarða, horft til suðausturs

MH-004:011 *Daníelsvarða* varða 64°45.528N 20°51.614V
"Vestast á Digruvörðuhæð er annað smávörðubrot, sem heitir Daníelsvarða", segir í örnefnaskrá. Daníelsvarða er á vesturbrún Digruvörðuhæðar, um 700 m NNA við bæ (001) og um 200 m vestan við Digruvörðu (010).
Varða er á mosavaxinni hæð á berum grjótmel.
Varðan er um 1 x 1,5 m að stærð, um 9 umför eru greinanleg. Hún er um 1,2 m á hæð, hlaðin úr strendingslaga grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 4


Varðan horft til austurs

MH-004:012 *Kofalækir* þúst 64°45.357N 20°50.943V






Þústin, horft til norðausturs

"Í Digruvörðuflóa safnast vatn í tvo smálæki, Kofalæki, sem renna vestan Löngubrekkubrúnar niður á mýrlendi, sem heitir Skriða... ", segir í örnefnaskrá. Kofalækir renna saman í hlíðinni og svo sem einn lækur út í Litlafljót um 400 m suðaustan við bæ (001). Ekki er greinileg kofatóft við lækinn en um 40 m austan við hann, á eyrum Litlafljóts er óljós hleðsla, sigin og ógreinileg. Er hún hugsanlega leifar mannvirkis, sem þó hefur aldrei verið mikið.
Tóftin er í lyngi- og mosavöxnum, aflíðandi móa til suðurs.
Um er að ræða 3 x 6 m stóra, L laga hleðslu eða uppkast. Engu líkar en að stungið hafi verið innan úr tóftinni og hrúgað upp veggjum að austan og norðan. Hæð frá innri brún er um 1 m en um 20 cm utan frá. Inni í tóftinni er deiglent. Ekki er óhugsandi að þarna hafi einungis verið stunginn mór en aldrei verið mannvirki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 4

MH-004:013 tóft smalakofi 64°46.356N 20°50.955V






Kofinn, horft til suðausturs

"Austast á Dýjabrekkubrún austur við Fanngil er hóll, sem heitir Fanngilshóll. Rétt norðvestan hans er rúst af gömlum smalakofa frá þeim tímum, er fráfærur voru þjóðarvenja", segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er um 2,2 km NNA við bæ (001), í um 700 m beinni loftlínu norðvestan við Litlafljót.
Smalakofinn er á mosa- og grasivöxnum hól sem stendur upp úr mosa- og lyngivöxnum melnum í kring. Ofar, norðar, tekur við grasi- og lyngigróinn halli með deiglendisköflum.
Smalakofinn er því sem næst kringlóttur að utan en ferhyrndari að innan. Þvermál hans er um 1,5 m. Um 2-3 umför af hleðslum eru greinileg og er hleðsluhæðin mest um 30 cm. Hugsanlegt op er í norðvesturhorni í smalakofans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir,5

MH-004:014 *Torfdalur* örnefni rista 64°45.262N 20°51.196V
"Rétt austan við túnið [Þorvaldsstaðatún] er smáslakki, sem Torfdalur heitir, og eftir honum Torfdalsskurður... ", segir í örnefnaskrá. Um 400 m norðaustan við bæ (001) er smá slakki, Torfdalur, sem gengur norður/suður niður hlíðina fast austan við ræktuð tún.
Torfdalur er grasi gróið og fremur þýft svæði austan við sléttuð tún. Slakkinn er sléttur og mosavaxinn í botninn. Ekki sjást nein ummerki um torfristu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 6

MH-004:015 *Kvíahóll* örnefni kvíar 64°45.248N 20°51.207V
"...Torfdalsskurður [014], ofan við hann smámýrarblettur, sem heitir Kvíabotnar, en suðvestan við þá er smáhóll við túnið sem hét Kvíahóll", segir í örnefnaskrá. Kvíahóll eru lágar hæðir fast austan við tún. Ekki má greina miklar hæðir á þessum slóðum en smáhæðir eru greinanlegar á aflíðandi svæði sem er á kafi í grasi um 100 m NNA við bæ (001).
Hæðirnar eru í aflíðandi hlíð til suðvesturs.
Engin ummerki um kvíar sjást. Halldór Sigurðsson man ekki eftir kvíum á þessum stað og hafa þær verið horfnar fyrir hans minni. Ekki er ólíklegt að þær hafi verið vestan hæðanna, þar sem nú eru tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 6

MH-004:016 *Heyvegur* gata leið 64°45.536N 20°51.314V
"Efst í [Hæðinni] sunnan við Gildruholt [009] og Digruvörðu [010] var aðalvegurinn inn á hálsinn og var kallaður Heyvegur", segir í örnefnaskrá. Heyvegurinn lá utan í hæðinni fyrir ofan bæ (001) sem Digravarða er á, um 200 m sunnan við hana. Þar má sjá móta fyrir skorningi í hæðinni allt frá Gildruholti og áfarm.
Digruvörðuhæð er ber melhóll en neðar er hlíðin grónari. Í slóðanum er lyng og möl.
Slóðinn sést sunnan í brekkunni við Digruvörðuhæð en það má greina óljósa götur hér og þar inn eftir. Slóðinn er víða um 1,5 m breiður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 6


Heyvegur, horft til norðurs

MH-004:017 *Miðgötur* gata leið 64°46.495N 20°50.683V
"Miðhlíðis [í Hæðinni] voru Miðgötur. Eftir þeim var að vetrinum oft rekið fé til beitar fram á Dalinn...svæðið frá Pálsvörðu [019] austur að Fanngili heitir Dalbarmur , og nær það upp að Eystri-Sandhólum, en um þá liggja Miðgöturnar...og liggja þær yfir Fanngilið móts við Sandhólana, en illt er þar yfir fyrir hesta", segir í örnefnaskrá. Miðgötur eru framhald Heybandsvegar (016) til austurs og norðausturs. Göturnar voru kindagötur sem notaðar voru við að smala og reka fá til beitar. Þær eru að jafnaði um 400 m ofan við Litlafljót.
Göturnar liggja á mosavöxnum mel.
Götuslóðinn er ekki merkilegt mannvirki en víða má sjá grunna slóða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 6 og 7.

MH-004:018 *Illadý* lind vatnsból 64°45.260N 20°31.025V
"Í neðanverðri hæðinni skammt frá Litlafljóti eru þessi örnefni: Illadý, rétt fyrir innan Torfadalinn [014]", segir í örnefnaskrá. Illadý er rétt vestan við lækinn sem rennur austan við Torfdalinn í Litlafljót. Dýið er um 140 m sunnan við dalinn og um 80 m norðan við Litlafljót.
Dýið er á grasivöxnu og þýfðum móa með deiglendum blettum. Skammt fyrir neðan tekur við mýrlendi að ánni.
"Ef mikil þurrkatíð gekk eða mikil frost og langvinn voru að vetri til, þá var þar eina lindin, sem aldrei þraut, og var stundum sótt þangað vatn frá Þorvaldsstöðum og Fljótstungu", segir ennfremur í örnefnaskrá. Illadý er um 2 m breið dæld í grasivöxnum móa og seytlar vatn um hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 6

MH-004:019 *Pálsvarða* varða 64°45.891N 20°50.623V
"Á vesturbakka hans [Pálsvörðulækjar] er lítið vörðubrot, Pálsvarða", segir í örnefnaskrá. Pálsvarða er greinileg víða að þó hún ekki sé hún mikil um sig. Hún er um 1,9 km NNA við bæ (001), á brúninni norðan við Litlafljót.
Varðan er á mosa- og lyngivöxnum hól. Sunnar tekur við þverhnípt gil að Litlafljóti.
Varðan er á stórum steini sem er um 2 x 1 m að stærð. Hann er 40-50 cm hár. Varðan sjálf er um 60 cm há og 70-80 cm í þvermál. Hún er ekki mjög fornleg.


Varðan, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 7


MH-004:020 *Tæpagata* gata leið 64°46.630N 20°49.993V
"Þar sem Kambgilið fellur í Fljótið, fer það niður allmikla kletta. Neðarlega í þeim er þó götuslóð, þar sem fé fer oft eftir og heitir Tæpagata", segir í örnefnaskrá. Tæpagata er ofan við gilið og liggur yfir lækinn sem rennur í það, áður en bakkar hans hækka og Kambgilið verður til. Hún er 2,6-2,8 km NNA við bæ (001). Þar sem gatan liggur yfir lækinn eru bakkar hans grónir lyngi og grasi og lækjarbotninn mjög grýttur. Beggja vegna lækjarins liggur gatan á grasivöxnu svæði.
Gatan er mjór kindaslóði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðri, 8

MH-004:021 *Dalsel* tóft sel 64°46.352N 20°49.630V


Selið horft til austurs


Selið horft til austurs

"Vestan í Dalkastinu er allstór brekka, Dalbrekka, og í henni fornar seltættur, sem Dalsel heita", segir í örnefnaskrá. Selið er um 2,8 km norðaustan við bæ (001), nokkurn veginn til móts við sel frá Fljótstungu (003:013). Það er 100-150 m vestan við Dalfoss.



Selið er í grasi gróinni brekku sem hallar nokkuð bratt til suðurs að fljótinu. Fast austan við það er djúpt gil og rennur lækur í botni þess að fljótinu. Svæðið er skjólsælt og vel afmarkað. Af ánni til suðurs, giljum til austurs og vesturs og brattri brekku til norðurs.
Selið er 13 x 6 m að stærð, tvískipt og snýr ASA/VNV. Stærra hólfið snýr eins og tóftin en það minna þvert á það. Op er vestarlega á suðurvegg stærra hólfsins og hugsanlegt er að annað op hafi verið á miðjum vesturvegg þess en þar sem mikið hefur brotnað af honum til vesturs (því hann stendur á blábrún gils) er ekki hægt að fullyrða um það. Minna hólfið er opið til suðurs. Í norðurvegg minna hólfsins má sjá grjóthleðslur en annarsstaðar er gróið yfir þær. Tveir steinar eru á botni stærra hólfsins og hafa þeir vafalaust hrunið úr veggjum þess. Veggir tóftarinnar eru mjög breiðir, allt að 2 m en mest um 1 m háir.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 9

MH-004:022 *Magnúsarsel* heimild sel "Rétt austan við Dalkastið kemur lækur niður í dalinn, sem á upptök sín skammt ofan við Dalbarminn í mýrlendu svæði austan Sellækja. Í valllendisbrekku austan við lækinn, á Dalbarminum, eru tættur af gömlu seli og heitir Magnúsarsel", segir í örnefnaskrá. Selið fannst ekki við vettvangsskoðun þrátt fyrir að tvisvar hafi verið leitað að því. Mýrarnar austan austasta sellækjarins voru gengnar austan hans frá Dalseli og um 1 km upp með læknum í NNV og norðvestur. Einnig var gegnið um 1 km í austur eftir hlíðinni sem hallar að Litlafljóti, fram og til baka, mismunandi hátt í hlíðinni. Halldór Sigurðsson ábúandi á

Þorvaldsstöðum kannaðist ekki við selið en ábendingar fengust frá Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka og Erlingi Jóhannessyni frá Hallkelsstöðum sem báðir könnuðust við selið.
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 9

MH-004:023 *Álftasundsvegur* gata leið 64°45.917N 20°53.916V
"Álftasundsvegur heita gamlar götur, sem liggja frá Hallkelsstöðum og til Hólmavatns eða nánar að Lóninu, sem er suður vestur úr Hólmavatni. Þar er Álftasund í Gilsbakkalandi. Þar var stundum heyjað í gamla daga. Götur þessar koma inn í Þorvaldsstaðaland norðan við Merkjastein, liggja norðaustur brúnina norðvestan við Steinsund og svo skáhallt niður hallann niður í Gilsdrögin", segir í örnefnaskrá. Göturnar eru greinilegar um 850 m norðvestan við vörðu (024) og um 330 m norðaustan við Hallkelsstaðaþúfu (005:021).
Göturnar liggja um mel sem er að hluta vaxinn mosa. Mosagróðurinn er kræklóttur, víða skín í beran mel og grunnt er á beran jarðveg.
Um fimm, grunnir, samhliða paldrar eru greinilegir. Þeir sjást á um 30 m kafla í Hallkelsstaðalandi þar sem þeir stefna í ANA yfir merkin. Í Þorkelsstaðalandi breyta þeir um stefnu og stefna til norðausturs. Þar eru þeir greinilegir á um 25 m kafla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 11

MH-004:024 varða 64°45.758N 20°52.887V
Um 60 m vestan við veg sem liggur upp að Hólmavatni, og um 30 m norðvestan við Árhnúkagil er vörðubrot.
Vörðubrotið er á lítilli hæð sem er vaxin mosa og lyngi og rís lágt á miðjum mel milli vegar og gils.
Vörðubrotið er gróið, um 30-40 cm á hæð og um 1,5 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta


Varðan, horft til norðurs


MH-004:025 hleðsla smalakofi 64°47.605N 20°53.167V
"Við Hvannalækinn rétt fyrir neðan Hvannalækjarkrók er rúst af gömlum smalakofa, sem mun þó aldrei hafa verið fullgerður, en á þessu svæði var oft setið yfir kvíaánum frá Þorvaldsstöðum, meðan fráfærur tíðkuðust", segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er um 150 m austan við veg sem liggur að veiðihúsi við Hólmavatn, um 300 m norðan við Vestri Hvannalæk.
Kofinn er á stórum steini á lágu mosa- og lyngivöxnu holti. Grjóthnullungar eru á víð og dreif.
Steinninn sem kofinn er á er um 2 m á kant. Sjálfur "kofinn" er einungis stök hleðsla sem er um 60 cm breið og um 40 cm há. Hún líkist í raun ekki smalakofa en hugsanlegt er að hún hafi átt að vera upphafið að slíkum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 12


Smalakofinn, horft til SSA

MH-004:026 varða 64°45.632N 20°51.655V
Vörðubrot er um 200 m norðaustan við Digruvörðu (010) og um 900 m NNV við bæ (001).
Vörðubrotið er á lágri hæð á mosavöxnum mel.
Vörðubrotið er ferningslaga um 1,2 m á kant og um 60 cm á hæð.
Hættumat: engin hætta


Varðan, horft til norðvesturs

MH-004:027 *Leynir* tóft býli 64°45.145N 20°51.399V



"Austan (Rönkulágar) er hóll, sem heitir Nónhóll. Þá tekur við slakki, sem heitir Leynir. Þar voru bæjartættur. Þar var eitt sinn kot samnefnt slakkanum og hét Leynir", segir í örnefnaskrá. Leynir er um 150 m suðvestan við bæ (001) og um 160 m norðan við Litlafljót. Fast vestan við vestustu tún við bæ rennur lækur og tóftin er fast vestan við hann.
Svæðið við Leyni er á kafi í grasi og tóftin sömuleiðis. Umhverfis er nokkuð þýft og hallar land í átt að ánni.
"Ekki var það lengi í byggð, einn ábúandi í nokkur ár, Jón, er síðar fór til Ameríku frá Suddu... ", segir í örnefnaskrá. "Leynir. Húsmennskubær í túnjaðri Þorvaldsstaða, í samnefndri lág vestan bæjar. Þar dvöldu árin 1878-1888 hjónin Jón Jónsson og Sigurbjörg Steingrímsdóttir, sem síðar bjuggu í Suddu í Reykholtsdalshreppi. Ekki bjuggu aðrir í Leyni fyrr eða síðar", segir í Byggðum Borgarfjarðar. Tóftin er illgreinanleg þar sem hún er á kafi í grasi. Hún er um 5,5 x 3,5 m að stærð og snýr norður/suður. Tóftin virðist einföld en veggir eru mikið hrundir og alveg grónir grasi og engar grjóthleðslur sjást. Op hefur hugsanlega verið í suðvestur horni tóftarinnar. Hleðsluhæðin er um 70 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 14; BB III, 41

MH-004:028 frásögn fjós 64°45.197N 20°51.191V
Fjós var sunnan undir hlaðvarpanum, um 30-50 m sunnan austurhlið núverandi útihúsasamstæðu. Fjósið var um 40 m ASA við bæ (001).
Þar sem fjósið var eru aflíðandi tún, frá hlaðvarpanum og suður að Litlafljóti.
Ekki sjást nein ummerki um fjósið, enda hefur svæðið oft verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-004:029 heimild um leið 64°45.169N 20°51.287V
"Fyrir austan Leyni hét áður Smiðjutunga, milli Leynis og bæjar. Tungan takmarkaðist af götu, er lá á ská út túnið þvert gegnum það og er á líkum stað og hún var áður", segir í örnefnaskrá. Gatan lá til vesturs frá bæ (001) þar sem nú eru rennislétt tún.
Þar sem gatan lá eru nú sléttuð aflíðandi tún til suðurs.
Eilítil dæld liggur til vesturs í túninu á þessum stað. Dældin er nálægt því að vera samsíða núverandi heimreið að Þorvaldsstöðum en er að minnsta kosti um 30 m norðar. Engin greinileg gata er á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 14

MH-004:030 *Kvíagata* heimild um leið 64°45.222N 20°51.207V
"Austan við lautina [Lág] heitir Uppbelti, og neðar er Niðurbelti. Skiptist það um Kvíagötu", segir í örnefnaskrá. Kvíagata lá frá bæ (001) og að kvíunum (015). Kvíarnar eru horfnar og sömuleiðis gatan. Hún lá í beina línu frá bæ til austurs að kvíunum, að mestu þar sem eru slétt tún.
Slétt tún eru þar sem gatan lá.
Engin ummerki götunar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 14

MH-004:031 frásögn mógrafir 64°45.828N 20°51.458V
"Fyrir ofan Digruvörðuhæð [010] austanverða eru sandhryggir, gamlir jökulruðningar, og heita Sandhólar og milli þeirra Sandhólakelda... ", segir í örnefnaskrá. Sandhólar eru raðir hóla sem mynda hálfhring, að vestan, sunnan og austan og afmarka mýrarsvæði þar sem var mótekja. Mýrarnar eru um 1,1 km NNA við bæ (001).
Þýft og grasi gróið mýrarsvæði. Smálækir renna um mýarnar hér og þar. Ofar tekur við lyngivaxinn mói sem hækkar til norðurs. Sandhólarnir gera mýrina skjólsæla.
Engar skýrar mógrafir eru í mýrinni en víða má sjá dældir sem gætu verið ummerki mótekju. Halldór Sigurðsson mundi sérstaklega eftir gröfum norðauastarlega í mýrinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir, 5

MH-004:032 *Eystrivegur* gata leið 64°46.458N 20°50.684V
"Austur af Fanngilsbotnum, skammt frá götuslóðum, sem liggja frá Fanngilshól (efri) og norður hjá Seyrtjörn,

um allt norður í Hvannalækjarkrók (svo), heitir sá vegur Eystrivegur... ", segir í örnefnaskrá. Eystrivegur var líkt og Miðgötur (017) smalagötur, kindaslóðar sem voru farnir við smölun að hausti og til að reka fé til beitar. Göturnar lágu frá Miðgötum skammt frá Fanngili .
Göturnar lágu á svæði þar sem er mosagróinn melur.
Engar skýrar götur eru á þessum slóðum en hugsanlega er óljós kindaslóði sem liggur frá Miðgötum í þessa átt síðustu leifar gatnanna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir aths. og viðb., 1-2

MH-004:033 *Vestrivegur* heimild um leið 64°45.284N 20°52.295V
"...en Vestrivegur er beint upp frá Þorvaldsstöðum (hjá Gildruholtum fyrir ofan Kofalæki og) upp með Stekkjargili, yfir brúnirnar fyrir austan Steinsund og þar norðaustur að Hólmavatni (í Gilsbakkalandi)", segir í örnefnaskrá. Gatan lá framhjá Gildruholti og til norðurs á bakka Stekkjargils. Líklega á svipuðum stað og vegur liggur nú upp að Hólmavatni.
Vegurinn hefur að mestu leyti legið um lyngivaxna móa og mýrarsund.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir aths. og viðb., 2

MH-004:034 *Erlingsvarða* heimild 64°46.510N 20°51.125V
"Varðan, sem ég vildi nefna, fyrir austan Fanngilsbotna, heitir Erlingsvarða, (hlaðin af Erlingi heitnum Sigurðssyni á Þorvaldsstöðum)", segir í örnefnaskrá. Erlingsvarða var austan við Fanngil, um 2,5 km NNA við bæ (001) og um 300 m norðan við smalakofa (013). Nákvæm staðsetning hennar er ekki kunn.
Fast austan við Fanngilið er grasi gróið deiglendi en vestan þess er melur sem verður að teljast líklegri staðsetning vörðunnar.
Varðan er löngu horfin og engin ummerki hennar sjást nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorvaldsstaðir aths. og viðb., 2

MH-004:035 varða 64°046.813N 20°49.989V
Lítil varða hlaðin á stórum steini er um 3.2 km NNA bæ (001) og um 560 m norðvestan við Dalsel (021).
Umhverfis vörðuna er mosa- og lyngivaxinn melur.
Varðan er á um 40 cm háum steini sem er ferhyrndur og um 1 m á kant. Varðan sjálf er um 40 cm á hæð og um 80 cm í þvermál.
Hættumat: engin hætta



Varðan, horft til norðurs

MH-004:036 heimild um smiðju 64°45.201N 20°51.280V
"Smiðjuhóll er á Lágarbrúninni vestanverðri rétt við bæinn, þar var smiðja áður fyrr", segir í örnefnaskrá. Smiðjan var tæpum 40 m NNV við bæ (001). Hún var 20-30 m ofan við norðurmörk baklóðar íbúðarhússins á Þorvaldsstöðum.
Þar sem smiðjan var er nú slétt tún.
Engin merki sjást um smiðjuna í túninu en Halldór Sigurðsson segir hleðslugrjót oft koma upp á þessum stað þegar slegið er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö- Þorvaldsstaðir, 14.

MH-004:037 heimild um traðir
Traðir eru merktar á túnakort frá 1917, að bænum úr suðri.
Þar sem traðirnar lágu liggur nú heimreið að Þorvaldsstöðum.
Engin ummerki traðanna sjást, hafa þau eflaust horfið við gerð núverandi heimreiðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-005 Hallkelsstaðir

Hallkelsstaðir - túnakort 1917



10 hdr. 1709. Konungseign. Jarðarinnar er getið í Landnámu: "Hallkell hét son þeira. Hrosskell fór til Íslands ...síðan nam hann Hvítársíðu milli Kjarrár ok Fljóta; hann bjó á Hallkelsstöðum..." - ÍF I, 83. Einnig í Heiðarvígasögu og í Harðarsögu. 3. janúar 1525 selur Ögmundur biskup í Skálholti Gissuri Sighvatssyni alla jörðina Stóra-Botn í Hvalfirði fyrir jörðina Hallkelsstaði í Hvítársíðu. - DI IX, 262. Jöðin er á skrá frá árinu 1541 yfir jarðir sem Ögmundur biskup átti og teknar voru án dóms og laga undir konungsvaldið. - DI X, 679. Þá er hennar getið í leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningi Kristjáns skrifara frá árinu 1548-9, 1549-50, í afgjaldsreikningi hans frá 1550 og í leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningi Eggerts Hannessonar fógeta frá 1552. - DI XII, 132, 147, 167, 392.

Tún 4.2 ha; 2/3 slétur: Garðar 221 m2. - Túnakort, 1917. "Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Rifhrís lítið til eldiviðar. Skógarhögg til raftviðar á jörðin í takmörkuðu plátsi í Kalmanstúngulandi uppfrá Seljatúngu milli Norðurklifs og Skriðu. Hann er nú gjöreyddur. Engjar öngvar enma það lítð sem hent er úr hagbeitarmýrum. Hætt er kvikfje á vetur fyrir hraungjám og stórviðrum. Hætt er húsum og heyum fyir stórviðri aaf suðri" - JÁM , 262. "Land jarðarinnar um 500 ha...Ofan bæjar er breiður, flatur flói, nú að hluta til orðinn að túni. Norðan flóans er ávöl hálsbunga, Hallkelsstaðaheiði...Norðan heiðarinnar nær landið ofan í Hólmavatnsdal, og er þar grösugt land en nokkuð votlent. Mótak var í flóanum ofan bæjar." - BB III, 28

MH-005:001 *Hallkelsstaðir* bæjarstæði bústaður 64°44.415N 20°53.547V



Hallkelsstaðir, horft til norðurs

Gamli bærinn á Hallkelsstöðum stóð nálega þar sem núverandi íbúðarhús er en náði örlítið austar, um 280 m norðan við þjóðveg sem nú liggur um Síðuna.
Þar sem bærinn stóð er nú steinsteypt og klætt íbúðarhús án kjallara. Húsið stendur á stalli í brekku sem hallar til suður. Umhverfis húsið er hellulögð gangstétt og austan við það er einnig bílastæði. Vestan við íbúðarhúsið er steinsteypt útihús. Neðan við húsin er svo sléttað aflíðandi tún.
Engin ummerki bæjarins sjást né heldur er bæjarhóll greinanlegur. Stallurinn sem íbúðarhúsið og útihúsið vestan við það standa á snýr austur/vestur. Hann er um 34 m langur og 16 m breiður og um 1 m hár. Ekki er vitað til þess að bærinn á Hallkelsstöðum hafi staðið annars staðar svo líklegt er að bæjarhóllinn hafi verið sléttaður að minnsta kosti að hluta, eða honum rutt fram. Engar minjar komu upp við byggingu íbúðarhússins sem nú stendur á bæjarstæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-005:002 heimild um fjárhús 64°44.448N 20°58.653V
Fjárhúsin voru þar sem núverandi fjárhús eru um 60 m norðvestan við bæ (001).
Fjárhúsin eru í hlíð ofan við bæinn sem hallar til suðurs, allt í kringum þau eru sléttuð tún.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-005:003 heimild um fjárhús 64°44.363N 20°53.706V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 100 m VSV við bæ (001) en um 7 m sunnan við heimreið að bænum. Á þessum stað voru fjárhús.
Þar sem húsið var eru nú sléttuð tún sem hallar lítillega til suðurs.
Rústir hússins voru greinilegar fram á þriðja áratug 19. aldar hafa síðar horfið í sléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917


MH-005:004 heimild um traðir 64°44.385N 20°53.664V
Inn á túnakorti frá 1917 eru merktar traðir heim að bænum, úr vestri.
Þar sem traðirnar voru er nú malarvegur heim að bænum. Ofan og neðan hans eru sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-005:005 *Krákslág* þjóðsaga 64°44.285N 20°54.443V
"[Litli Skógur] takmarkast að ofan af Krákslág, grasigróinni dæld, sem liggur hér á ská upp hlíðina. Í henni segir þjóðsaga að einn Hellismanna hafi verið drepinn", segir í örnefnaskrá. Hnit var tekið sunnarlega í Krákslág um 750 m vestan við bæ (001) og um 310 m VNV við Lækjarvörðu (009).
Krákslág er grasivaxin dæld. Ofar er mosa- og lyngivaxinn melur og neðar skiptast á grasbalar og hálfgróinn melur.
Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Krákur var drepinn í Krákslág fyrir utan Hallkelsstaði." JÁ
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 2. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-005:006 *Lubbagata* gata leið 64°44.204N 20°54.136V
"Þar ofan við [Grýlugat] utan í Kastinu liggur götuslóði sem heitir Lubbagata", segir í örnefnaskrá. Lubbagata liggur ofarlega í Kastinu í skriðubrún. Hnit var tekið á austarlega á slóðanum um m 610 m, suðvestan við bæ (001).

Slóðinn liggur í beru melkasti. Ofar er melurinn hálfgróinn mosa og lyngi. Fast neðan við kastið rennur Litlafljót. Gatan er mjór slóði sem liggur austur/vestur í Kastinu sem aðskilur Litla Skóg og Djúpadal. Erlingur Jóhannesson sagði slóðann sjaldfarinn. Örnefnið mun vera tiltölulega nýtt, kennt við hund, Lubba, sem sást oft á gangi hér. Slóðin mun þó vera eldri en örnefnið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 2

MH-005:007 *Nátthagi* gerði nátthagi 64°44.239N 20°54.020V





Nátthaginn, horft til suðvesturs

"Að austanverðu við hann [Smalalæk] er slétt flöt í dalmynninu og þar á Nátthagi hlaðinn úr grjóti", segir í örnefnaskrá. Nátthagi er í Djúpadal austan við Smalalæk, þar sem hann rennur í Litlafljót. Um 5 m ofar en afleggjarinn að Hallkelsstöðum. Hann er um 500 m suðvestan við bæ (001).
Nátthaginn er í grasivöxnum dal. Barmar dalsins eru grónir að hluta og í botni hans er brött grasigróin brekka, Brött (008). Austurhlíð dalsins er gróin grasi og lyngi en sú vestari mosa og lyngi til hálfs.
Nátthaginn er um 50 x 20 m að stærð og snýr norður/suður. Hann er hlaðinn úr grjóti. Hleðslurnar liggja upp brattan dalbarminn vestan megin. Suðurhluti hans er horfinn, líklega vegna vegagerðar. Ekki er gott að segja til um hvar op hafa verið á nátthaganum þar sem víða er hrunið úr honum og má einnig ætla að eitthvað af grjóti hafi verið fjarlægt úr honum og nýtt í annað. Nyrst í haganum eru tvö lítil hólf, það syðra er um 5 x 7 m að stærð og það nyrðra um 4 x 6 m. Þar er hleðsluhæðin mest, um 1,2 m en lægstar eru hleðslurnar í veggnum sem liggur upp hlíðina eða um 20 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 2

MH-005:008 *Brött* álagablettur 64°44.291N 20°54.011V
"Fyrir enda dalsins milli Litlalækjar og Smalalækjar er brött brekka sem heitir Brött, hana má ekki slá, mun það koma niður á ábúendum Hallkelsstaða er útaf því er brugðið", segir í örnefnaskrá. Brött er snarbrött brekka í botni Djúpadals, ofan við þar sem Litlilækur rennur í Smalalæk, um 440 m VSV við bæ (001).
Brekkan er grasivaxin en fast vestan við hana eru klettar sem Neðrifoss steypist fram af. Djúpidalur er grasigróinn og lyng og mosi vex upp hlíðar hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 2

MH-005:009 *Lækjavarða* varða 64°44.381N 20°54.121V

"Vestan við Litlalæk ofantil er Lækjavarða", segir í örnefnaskrá. Lækjarvarða er um 450 m SSV við stekkinn (014) og 460 m vestan við bæ (001).

Varðan er á mosa- og lyngivöxnum mel sem hallar lítillega til suðurs. Melurinn er á milli tveggja lækja sem renna í litlum giljum. Ofar heldur melurinn áfram en neðar, þar sem lækirnir koma saman, er grasi vaxið.

Varðan er hringlaga, um 1,1 m á hæð og 1,1 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3



Lækjarvarða, horft til norðurs

MH-005:010 *Kúavað* heimild um vað 64°44.314N 20°53.972V

"Skammt ofan við Efrifoss er svonefnt Kúavað á Smalalæk", segir í örnefnaskrá. Kúavað er á Smalalæk um 10 m ofan við Efrifoss, um 400 m VSV við bæ (001).

Smalalækur rennur til suðurs í litlu gili og steypist svo niður í tveimur fossum áður en hann rennur um Djúpadal. Vaðið er ofan við efri fossinn. Þar er gilið vaxið grasi og lyngi en báðum megin við það er hálfgróinn melur.

Á þessum stað er lækurinn mjór og grunnur og gilbarmarnir aflíðandi. Greina má slóða báðum megin við lækinn, þeir eru hvorki djúpir né breiðir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3

MH-005:011 *Króksstaðir* varða leikvöllur 64°44.495N 20°54.056V

"Norðvestan á Pálslindarmel er vörðubrot, sem kallað er Króksstaðir, þar var leikstaður barna", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 430 m norðvestan við bæ (001) og um 300 m SSA við stekkinn (014).

Varðan er á hálfgrónum mel. Fast upp við vörðuna er melurinn velgróinn, mosa og lyngi.

Fremur er um grjótdreif en eiginlega vörðu að ræða. Hún er um 30 cm há, um 1 m löng austur/vestur en 60 cm breið norður/suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3



Varðan, horft til austurs

MH-005:012 *Lækjargata* gata leið 64°44.426N 20°54.033V

"Talsvert ofan við mót Smalalækjar og Pálslindarlækjar á að giska 300 metra, liggur heybandsgata vestur yfir Lækjartunguna", segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Erlingi Jóhannessyni fyrrverandi bónda á Hallkelsstöðum var heybandsgatan oft nefnd Lækjargata. Hún liggur yfir Pálslindarlæk um 160 m norðar en þar sem hann rennur í Smalalæk. Hún er 380 m VNV við bæ (001).

Gatan liggur um grasivaxið svæði næst læknum en beggja megin við hann liggur hún um hálfgróinn mel.

Gatan er mjög greinileg næst læknum, beggja vegna við hann. Hún er um 1,2 m breið og hefur augsýnilega verið ekin í seinni tíð. Hún er einnig mjög greinileg þar sem hún liggur yfir Smalalæk.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3

MH-005:013 *Stekkjarvað* heimild um vað 64°44.454N 20°53.782V

"Þar sem hún [heybandsgatan (012)] liggur yfir Smalalækinn heitir Stekkjarvað, það hefur verið á leiðinni í Stekkinn", segir í örnefnaskrá. Stekkjarvað er á Smalalæk um 240 m norðar en þar sem Pálslindarlækur rennur í hann, um 200 m norðan við bæ (001).


Þar sem heybandsvegurinn (Lækjargata (012)) liggur yfir Smalalæk er nær ekkert vatn í honum, heldur er þar fremur votlend dæld. Þar sem slóðinn liggur yfir hann er þó þurrt og er ekki óhugsandi að torf hafi verið hlaðið yfir hann á þessum stað.

Slóðar eru greinilegir beggja vegna lækjarins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3

MH-005:014 *Stekkurinn* tóft stekkur 64°44.610N 20°54.310V




Horft inn í stekkinn til austurs

"Fyrir ofan Heimriblett tekur við Stekkjarmói stórþýfður, efst í honum var Stekkurinn, þar til hann var lagður niður", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 700 m NNV við bæ (001), um 300 m suðaustan við Náttmálavörðu (016). Stekkurinn er á lítilli hæð í grasivöxnum móa. Norðar heldur móinn áfram en austan og vestan við sekkinn er mýri.
Stekkurinn er þrískiptur, um 14 x 7 m að stærð og snýr austur/vestur. Vestasta hólfið eru m 4 x 4 m að stærð með opi nyrst á vesturvegg og á austurvegg svo innangengt er frá því yfir í miðjuhólfið. Miðhólfið er stærst, um 5 x 7 m að stærð. Það er opið vestast á norðurvegg. Austasta hólfið er um 3 x 7 m að stærð, ekkert op er greinanlegt á því en norðurveggur þess er óskýr og því hugsanlegt að þar hafi verið op. Stekkurinn er byggður úr torfi og grjóti. Víða glittir í grjót og grjóthleðslur eru greinilegar í norðurvegg miðhólfsins, allt að fjögur umför. Þar er hleðsluhæð stekksins mest um 1,2 m en víðast eru hleðslurnar lægri, um 40 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3

MH-005:015 *Gvendarbrunnur* lind 64°44.603N 20°54.325V
"Vestanvert við Stekkjarmóann er dý, sem nefnt er Gvendarbrunnur, og upp af honum mýrarslakki, sem nefndur er Gvendarrófa", segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er um 7 m vestan við stekkinn (014), fast vestan við hæðina sem stekkurinn er á.
Pollurinn er í mýri sem teygir sig til suðurs og aðeins til norðurs milli Stekkjarmóans og gróins mels.
Gvendarbrunnur er lítill gruggugur pollur í mýrinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 3-4

MH-005:016 *Náttmálavarða* varða eyktarmark 64°44.673N 20°54.649V


Varðan, horft til norðurs

"Nokkru norðar og vestar en Stekkurinn [014] er Náttmálavarða, þar voru talin náttmál frá Hallkelsstöðum", segir í örnefnaskrá. Náttmálavarða er um 300 m norðvestan við stekkinn (014) og um 1 km norðvestan við bæ (001).
Varðan er á litlum grashól á berangurslegum mel. Allt í kring skiptast á mosa- og lyngivaxnir móar og mýrarspildur.
Varðan er mjög gild, nánast hringlaga. Hún er um 1,2 m á hæð og um 1,7 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 4

MH-005:017 varða landamerki 64°45.369N 20°55.393V

"...landamerkin milli Kollstaða og Hallkelsstaða liggja í sjónhending yfir flóann...og upp í Heiðarstapa. Heiðarstapi er hóll með vörðu á", segir í örnefnaskrá. Heiðarstapi er á merkjum Gilsbakka, Kolsstaða og Hallkelsstaða upp á há-heiðinni, um 2,3 km NNV við bæ (001)

Varðan er á mosavöxnum mel.

Varðan er um 1,2 m á hæð, næst hringlaga, um 1,2 m í þvermál. Merkjagirðingin er girt í hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 4



Varðan, horft til NNA

MH-005:018 *Langamelsvarða* varða 64°44.721N 20°54.320V

"Austan Stekkjargilsins er melur, sem heitir Langimelur, nálægt honum miðjum er Langamelsvarða á stórum steini", segir í örnefnaskrá. Langamelsvarða er um 25 m austan við Stekkjargilið, um 210 m norðaustan við stekkinn (014) og um 840 m norðan við bæ (001).

Varðan er á berum mel, ofar er hann gróinn mosa og lyngi. Neðan við melinn er mýri að framræstu og sléttuðu túni.

Varðan er einungis fáir steinar ofan á einum stórum steini. Stóri steinninn er um 1,1 x 0,7 m á breidd, snýr austur/vestur. Vörðubrotið sjálft er hins vegar um 40 cm hátt, 70 cm langt og 20 cm breitt, snýr eins og steinninn. Varðan er að einhverju leyti hrunin og má sjá grjótdreif suðvestan við stóra steininn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 4



Vörðubrotið, horft til norðurs

MH-005:019 náma mógrafir 64°44.925N 20°53.681V

"Milli þeirra [Ytriklofa og Eystriklofa] er í Heiðarrótunum gamlar mógrafir og rúst af kofa sem mór var geymdur í og nefnist Mókofi", segir í örnefnaskrá. Tóftin af Mókofanum er um 200 m suðaustan við Spóholtsvörðu (025) og um 1 km norðaustan við bæ 001. Um 10 m suðvestan við tóftina eru mógrafir.

Tóftin er í heiðarrótum í stórþýfðum og grasivöxnum móa, en mógrafirnar eru í mýri sem hefst fast sunnan tóftarinnar.

Tóftin er 4 x 3 m stór, einföld og snýr norður/suður með opi vestast á suðurvegg. Tóftin er að hluta niðurgrafinn þannig að hleðsluhæð hennar mæld utan frá er um 30 cm en ef mælt er innan frá er hún um 80 cm. Mókofinn er eingöngu hlaðinn úr torfi. Mógrafirnar eru á svæði sem er 40 x 5 m stórt og snýr norður/suður. Þær eru um 20-30 cm djúpar, fremur blautar. Erlingur Jóhannesson (f.1915) man eftir því að mór var tekin á þessum stað í nokkur ár. Mórinn hafi verið geymdur í kofanum og dreginn heim á sleða á veturna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 5



MH-005:020 heimild um fjós 64°44.419N 20°53.518V

"Niðurundan fjósinu er Fjóshóll... ", segir í örnefnaskrá. Fjósið var þar sem núverandi fjós er, Um 2 m austan við núverandi íbúðarhús sem stendur nálega þar sem gamli bærinn stóð.

Núverandi fjós er steinsteypt með bárujárnsþaki. Það í sléttu túni, fyrir framan það er hellulagt.

Engin ummerki eldra fjóss sjást.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:021 *Hallkelsstaðaþúfa* varða 64°45.837N 20°54.303V



Varðan, horft til vesturs

"Norðvestur af Rauðkugilsdrögum vestan Álftasundsvegar [004:023] er hóll með vörðubroti og heitir Hallkelsstaðaþúfa", segir í örnefnaskrá. Hallkelsstaðaþúfa er um 800 m vestan við veg sem liggur að Hólmavatni, um 1,4 km SSV við merkjapunkt Hallkelsstaða, Gilsbakka og Þorvaldsstaða.
Vörðubrotið er á grasivöxnum hól sem er á mosavöxnum mel. Allt í kring er þýfður mosa og lyngi vaxinn mói.
Vörðubrotið gægist upp úr grashólnum austanverðum, það er um 70 cm hátt, um 1 m langt og 30 cm breitt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 7

MH-005:022 *Fjárgötur* heimild um leið 64°45.832N 20°54.316V
"...rétt vestan við hana [Hallkelsstaðaþúfu 021] eru gamlir götuslóðar, sem heita Fjárgötur, þar var leiðin í yfirsetuna í gamla daga ", segir í örnefnaskrá. Fjárgötur voru um 5 m vestan við Hallkelsstaðaþúfu (021), á vesturjaðri þess mels sem hún er á.
Göturnar lágu um mosa og lyngivaxinn mel, norðan og sunnan við er þýfður mói.
Aðeins sést móta fyrir slóða á melnum en hann hverfur þegar komið er niður í móann. Nú er slóðinn ekki umfangsmeiri en kindagötur og erfitt er að segja til um með fullri vissu hvort þessi slóði sé þær Fjárgötur sem getið er um í örnefnalýsingu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 7

MH-005:023 hús smiðja 64°44.433N 20°53.550V



Smiðjan, horft til norðurs

Um 16 m norðan við bæ (001) er steinsteypt útihús með tveimur burstum og bárujárnsþaki. Torf og grjóthleðslur eru utan um útveggi.
Húsið stendur í sléttu túni.
Húsið var notað sem reykhús og smiðja. Það er steinsteypt en með útveggjum eru torf og grjóthleðslur. Þakið er úr bárujárni en klætt með torfi. Einar dyr og einn gluggi er á hvorri burst. Austari burstin hefur líklega verið reykhús þar sem strompur er á þaki hennar. Húsið snýr austur/vestur. Útihúsið er ekki merkt á túnakort frá 1917 og því verið byggt eftir að það var gert.
Hættumat: engin hætta

MH-005:024 *Kofaholt* heimild um smalakofa
"Á Sveinsstíg, örskammt frá merkjum er holt, sem heitir Kofaholt. Þar var yfirsetukofi ", segir í örnefnaskrá. Kofaholt fannst ekki þrátt fyrir að Sveinsstígur væri genginn frá merkjum við Þorvaldsstaði að merkjum móts Gilsbakka, um 10 m sunnan við merkjagirðinguna og til baka ofar í hlíðinni.
Heimildamaður, Erlingur Jóhannesson, fyrrverandi bóndi á Hallkelsstöðum (f. 1915) gat ekki staðsett holtið nákvæmar en gert er í örnefnalýsingu, sagði það vandfundið og kofarústina mjög ógreinilega. Magnús Sigurðsson, bóndi á Gilsbakka (f. 1924) hélt að kofatóftin hefði verið úr torfi og væri nú alveg horfin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 7

MH-005:025 *Spóholtsvarða* varða 64°45.012N 20°53.890V



Varðan, horft til norðurs

"Austan til í suðurjaðri Flóans er ... Spóholt. Á því er varða sem heitir Spóholtsvarða", segir í örnefnaskrá. Spóholtsvarða er á Spóholti um 640 m ANA við Langamelsvörðu (018) og um 1,1 km norðaustan við bæ (001).
Spóholtið er berangurslegur melur sem hallar til suðurs. Neðan við hann er mýri en ofar hálfgróinn melur upp að heiðarbrún.
Varðan er smá, um 50 cm á hæð, 1 m löng og 40 cm breið. Hún er


talsvert hrunin og má sjá grjótdreif í kringum hana. Varðan er á fremur stórum steini sem er um 15 cm hár, þríhyrndur um 1 m á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 7

MH-005:026 heimild um fjárhús 64°44.340N 20°53.682V
" Vestasti hluti Niðurtúnsins litlu ofan við Litla-Leyni heitir Tóftartún, þar voru fjárhús til forna. Tóftarhóll heitir þar sem tóftin var", segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin voru suðvestarlega í túni, um 180 m suðvestur af bæ (001).
Sléttuð tún eru þar sem húsið var en lítill hóll greinilegur þar sem húsin stóðu. Hóllinn er sléttur í toppinn. Umhverfis er aflíðandi tún.
Fjárhúsin voru rústir þegar Erlingur Jóhannesson (f. 1915) man fyrst eftir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 10

MH-005:027 *Gamli brunnur* brunnur vatnsból 64°44.406N 20°53.538V
" Niðurundan fjósinu [020] er Fjóshóll og niðurundan honum Brunnhúsflöt kennd við gamalt vatnsból sem þar er og nefnt Gamli brunnur", segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er um 20 m neðan við bæ 001.
Brunnurinn er í sléttu túni sem hallar til suðurs.
Erlingur Jóhannesson man eftir því að yfir brunninum var brunnhús en engin merki þess sjást nú. Brunnurinn er nú steinsteyptur með tréhlemmi yfir. Ofan við brunninn liggja plaströr ofan í jörðina svo greinilegt er að hann er enn í notkun og að eitthvert rask hefur átt sér stað hér til viðbótar við túnasléttun. Brunnurinn er ferhyrndur um 70 cm á kant.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:028 öskuhaugur 64°44.415N 20°53.496V
Um 40 m austan við bæ (001) og um 20 m sunnan við fjós (020) hefur verið öskuhaugur. Þar er nú er hóll í túninu, fast neðan við stallinn sem íbúðarhúsið og fjósið standa á.
Hóllinn er í sléttu túninu, hann er gróinn grasi, arfa og illgresi.
Hola hefur verið grafinn í hólinn og má þar sjá í sniðinu viðar- og móöskulög. Í litlum moldarhaug á hólnum, líklega uppkast úr holunni, sést í bein, brennd bein, gler og leirkerabrot. Hóllinn er um 7 m breiður og 12 m langur, um 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-005:029 *Strókur* heimild um huldufólksbústað 64°44.415N 20°53.496V
" Austast í Höfðanum, niðri í Merkjagilinu rétt niður við Fljót er stakur uppmjór klettur, sem heitir Strókur. Þar var talin Huldufólksbyggð", segir í örnefnaskrá. Kletturinn er mjög neðarlega í gilinu miðju, um 10 m norðan við Litlafljót. Um 1,2 km suðaustan við bæ (001).
Kletturinn er um það bil í gilinu miðju, vestan við lækinn sem rennur í því. Gilið er vaxið grasi og lyngi.
Kletturinn er alltstór, breiður neðst og mjókkar upp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 8


Strókur, horft til norðurs

MH-005:030 *Tóftarhóll* heimild 64°44.655N 20°52.779V
"Austarlega á fyrrnefndir Höfðabrún er Langimelur. Rétt vestan við neðri enda hans heitir Tóftarhóll, þar er nú fremur hvilft en hóll, en ætla má að þegar nafnið var gefið hafi tóftaleifar myndað smáhól", segir í örnefnaskrá. Tóftarhóll er austarlega á svæði sem nefnt er Höfði, um 750 m norðaustan við bæ (001) og um 400 m vestan við Merkjagil.
Á þessum slóðum er grasivaxin hvilft. Ofar er Langimelur, berangurslegur melur, og þá mýri. Neðar er graslendi. Hvorki sást til tóftar né hóls við vettvangsskoðun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 8

MH-005:031 *Gunnlaugsstekkur* tóft stekkur 64°44.481N 20°52.956V



"Talsvert vestar [en Skálarbarð] og niður undir Fljóti er vallendishvammur og stekkjarrúst, sem heitir Gunnlaugsstekkur og hvammurinn sjálfur gengur undir sama nafni", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 25 m norðan við Litlafljót, um 780 m vestan við Merkjagil og um 480 m suðaustan við bæ (001).
Stekkurinn er í grasivöxnum hvammi sem hallar eilítið til suðurs. Sunnar rennur Litlafljót og handan þess er mosavaxið helluhraun. Norðan við hvamminn er mosa og lyngivaxinn melur.
Stekkurinn er um 6 x 6 m stór og virðist tvískiptur. Stærra hólfið er syðst og það er opið til suðurs. Norðan við það virðist vera lítið hólf en það er illgreinanlegt, ekkert op er á því, hvorki út úr tóftinni né á milli hólfa. Hleðsluhæð stekkjarins er mest um 30 cm. Hann er ekki mjög greinilegar þar sem hann er vaxinn grasi og mosa líkt og umhverfið og að einhverju leyti hlaupinn í þúfur. Hvergi sér í grjót í stekkjartóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 8

MH-005:032 gata leið 64°44.484N 20°52.964V
"Þar [í Gunnlaugsstekk 031] liggja reiðgötur heim að bænum", segir í örnefnaskrá. Göturnar liggja fast norðan við stekkinn (031).
Göturnar liggja í grasi, mosa og lyngivöxnum hvammi til VNV að bænum um lyngivaxinn mel.
Gatan er mjög greinileg fast norðan við stekkinn (031), þar eru 3-4 djúpir, samhliða paldrar. Mesta dýpt þeirra er um 40 cm. Austan við stekkinn sveigja þeir niður að Litlafljóti en vestan sjást þeir halda áfram upp hlíðina í hátt að bænum og er gatan greinileg langleiðina þangað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 8

MH-005:033 *Þvottasteinn* heimild um þvottastað 64°44.460N 20°53.262V
"Skammt ofan við Efrifoss er stór steinn á brúninni vestan við lækinn og nefnist hann Þvottasteinn, þar hjá var áður oft þveginn þvottur í læknum", segir í örnefnaskrá. Þvottasteinn er fast vestan við Fremrilæk, norðan við Efrifoss, um 250 m norðvestan við Gunnlaugsstekk (031) og um 240 m austur af bæ (001).
Fremrilækur rennur í gili að Litlafljóti, alveg við lækinn í gilbotninum vex gras og lyng en gilbarmarnir eru hálfgrónir melar. Lækurinn er mjór þar sem hann rennur í gilinu, ágætlega straumharður og sumstaðar tiltölulega djúpur.
Þvottasteinninn er fremur stór og beint neðan við hann er djúp í læknum sem vel hefur hentað til þvotta.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:034 heimild um vað 64°44.479N 20°53.269V
"Nokkur ofar [en Þvottasteinn 033], skammt ofan við vaðið þar sem reiðgatan [032] liggur yfir lækinn er bungu vaxinn melhóll og heitir Melhóll", segir í örnefnaskrá. Vaðið er á Fremrilæk um 250 m austan við bæ (001).
Beggja vegna lækjarins er hálfgróinn melur og grónir grasbalar hér og þar.
Þar sem gatan liggur yfir lækinn er hann grunnur, eins og víðast annars staðar. Slóði er greinilegur austan lækjarins, að öllum líkindum framhald götu (032).
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:035 *Lambhúshóll* heimild um fjárhús 64°44.372N 20°53.658V
"... Litlu ofan við Litla-Leyni heitir Tóftartún, þar voru fjárhús til forna [026]. Tóftarhóll heitir þar sem tóftin var. Lambhúshóll er þar nokkru austar og ofar, spölkorn neðan við heimreiðina", segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með fullri vissu hvar Lambhúshóll var, þar sem túnið hefur verið sléttað. Það er að auki á kafi í grasi svo erfitt er að koma auga á mishæðir í því. Lítil hæð er þó greinanleg um 120 m suðvestan við bæ (001) og er líklegt að þar hafi Lambhúshóll verið. Það er um 15 m sunnan við heimreiðina að bænum.
Slétt tún
Engin ummerki fjárhúsa sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 10

MH-005:036 *Strákabuna* heimild um þvottastað 64°44.589N 20°53.305V
"Þar örlitlu ofar [en Melhóll] og aðeins utan við náttúrulega farveginn er smáfossbuna gjörð af mannahöndum og heitir Strákabuna, þar var leikstaður drengja en nú er þar stundum skolaður þvottur", segir í örnefnaskrá. Strákabuna er alveg horfinn svo erfitt er að staðsetja hana með vissu. Hún hefur þó líklegast verið ofan við Melhól, rétt utan við Fremrilæk, um 200 m norðan við vaðið (034) og um 370 m ANA við bæ 001.
Hér rennur lækurinn í smá gili sem er grasivaxið, ofan við það er graslendi en hér og þar skín í beran melinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9


MH-005:037 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 64°44.432N 20°53.563V
"Beint upp af bænum er Hesthúshóll", segir í örnefnaskrá. Hesthúshóll er um 20 m norðan við bæ (001), fast vestan við smiðju og reykhús (023).
Hóllinn er fremur lítil hæð en hóll. Hún er í sléttu túni ofan við bæ (001), aflíðandi til suðurs.
Á hólnum var hesthús. Hann er um 10 m langur austur/vestur en ekki er unnt að greina norður mörk hans sem túnið hallar til suðurs. Engin ummerki hesthússins eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:038 *Kvíar* heimild um kvíar 64°44.464N 20°53.465V
"Enn austar [en Garðflöt] er Kvíahóll þar voru Kvíar", segir í örnefnaskrá. Kvíahóll er um 110 m ANA við bæ (001) um 10 m norðvestan við kálgarð sem nú er í austurjaðri túns.
Hóllinn er í sléttu túni.
Kvíahóll er um 10 x 6 m að stærð og snýr norður/suður. Hann er mest um 1, 5 m á hæð. Kvíarnar voru á hólnum, en engin ummerki þeirra sjást sökum sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:039 heimild um hesthús 64°44.477N 20°53.435V
"Nokkru austan bæjar [001], neðan götu [004] er hólkúpa sem heitir Megra, þaðan og austur að túngirðingu heita Hesthúsaflatir", segir í örnefnaskrá. Hesthús voru ofan við Hesthúsaflatir, ofan við þar sem nú er kálgarður í austurjaðri túns, um 150 m ANA við bæ (001).
Þar sem hesthúsin voru er nú slétt tún.
Hesthúsin voru í eystri túnjaðrinum alla búskapartíð Erlings Jóhannessonar (f. 1915), þau voru síðar rifin og svæðið þar sem þau stóðu sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-005:040 *Súrgryfjuhóll* heimild um heygryfja 64°44.428N 20°53.421V
"Suðaustur af Megru er Súrgryfjuhóll", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Súrgryfjuhóls er ekki kunn enda búið að slétta yfir hann sem og önnur kennileiti sem vísað gætu á hann. Hann hefur verið í austanverðu túninu um 100 m ANA við bæ (001)
Slétt tún, aflíðandi til suðurs.
Engin ummerki heygryfjunnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hallkelsst., 9

MH-006 Kollstaðir



12 hdr. 1709. Kirkjueign. Gilsbakkakirkjueign. Einnig ritað Kolstaðir. Jarðarinnar er getið í máldaga krikjunnar á Gilsbakka árið 1463: "...a krikian þar heimaland allt. biarnarstadi oc kollstadi." - DI V, 404. Einnig í virðingu á stað og krikju í Reykholti og skrá um muni kirkjunnar árið 1569: "Siguati a Kollstaudum iiij leigd jord firir x. u." - DI XV, 269. Í vísitasíubók fyrir Gilsbakka frá árinu 1575: "Jtem aa kirkian Kolstede og Kirkiubol badar logbylis jerder." - DI XV 554. "Kolsstaðir voru orðnir eign Gilsbakkakirkju 1463 smkv. máldaga hennar. Hér bjó sami ættleggur óslitið frá því í lok 18. aldar til 1983. Keypti páverandi íbúi jörðina 1909 er kirkjustaðir voru seldir." - BB III.
Tún 5.1 ha., 2/3 sléttir, kálgarður er um 220 m2. - Túnakort, 1917. " Fóðrast kanniii kýr, xx lömb, i hestur. Öðrum hestum og rosknu fé vogað einungis á útigang, og hestum í burt komið þá að skerpir. Afrétt engin, og gengur peningur stundum í heimalandi. Skógur til raftviðar valla teljandi, en til kolgjörðar og eldiviður nægur. Torfrista og stunga lök og erfið til að sækja. Engjar þær einar sem hent er innan um skógarrunna. Landþröng er mikil og kaupir ábúandi haga árið um kríng af Gilsbakka og geldur fyrir x álnir árlega, áður hefur stundum goldist xx álna beitartollur til Gilsbakka. Hætt er kvikfé fyrir hraungjám." - JÁM IV, 263. "Land jarðarinnar, um 640 ha, er hrauni þakið hallandi undirlendi milli Litlafljóts og hlíðarinnar, skógi vaxnar, grösugar hlíðar móti suðri/suðaustri. Blásin brún umhverfis Kolstaðahnúka upp af bæ og að baki hennar flatur flói, blautur en grösugur, ofan hans grónir hallar upp til Hallkelsstaðaheiðar" - BB III, 35.

MH-006:001 *Kollstaðir* bæjarhóll bústaður 64°43.852N 20°55.533V



Bæjarhóllinn á Kolsstöðum, horft til norðurs

"Gamla bæjarstæðið var hátt í heimatúni, og þar var reist timburhús á sama stað 1931 ... Nú 1994 hafa allar byggingar á gamla staðnum verið jafnaðar við jörðu, nema ein steinsteypt hlaða", segir í örnefnaskrá. Bærinn stóð um 160 m norðan þjóðvegar sem nú liggur um Síðuna. Í aflíðandi hlíð Síðufjallsins, um 900 m ANA við núverandi íbúðarhús á Kolsstöðum (sjá 005).
Bæjarhóllinn er á stalli í brattri hlíð Síðufjalls. Stallurinn er grasivaxinn og neðan við hann eru sléttuð tún, óslegin og smáþýfð. Ofar í hlíð Síðufjallsins skiptast á grónir grasbalar og hálfgróinn melur.
Bæjarhóllinn er 50 x 30 m að stærð, og snýr austur/vestur. Síðasti torfbærinn stóð aftarlega á honum og enn sér móta fyrir götu (003) sem lá framan við bæinn. Hóllinn er á kafi í grasi og engar tóftir eru greinilegar á honum þó víða glitti í grjót. Hóllinn er mest um 3 m á hæð frá suðri. Nú er steinsteypt hlaða fast vestan við hólinn. Tveir kjallarar voru undir síðasta torfbænum sem þarna stóð og þegar íbúðarhús var byggt þar árið 1931 var annar þeirra undir því húsi. Þegar grafið var fyrir því kom upp steinausa. Steinsteypta íbúðarhúsið sem síðast stóð á bæjarhólnum á Kollstöðum var síðar brennt í æfingu slökkviliðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnkort 1917; Ö-Kollstaðir.

MH-006:002 heimild um smiðju 64°43.854N 20°55.575V
Á túnakort frá 1917 er merktur kofi sambyggður bæ (001), vestan við. Þorkell Sigurðsson fæddur á Kolstöðum 1923 telur að smiðja hafi verið fast vestan bæjar en hún hefði þó ekki verið sambyggð honum líkt og sýnt er á túnakortinu. Smiðjan hefur staðið um 10 m sunnan við þar sem nú er steinsteypt hlaða.
Þar sem smiðjan var er nú grasivaxið, smáþýft svæði.
Í smiðjunni voru til dæmis geymd reiðtygi, amboð og fiskmeti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnkort 1917

MH-006:003 *Húsagötur* gata leið 64°43.837N 20°55.594V
"Húsagötur liggja milli gamla bæjarstæðisins og beitarhúsanna [004 og 005], beina leið eftir litlu þrepi ofarlega í hlíðinni", segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1917 er merkt gata neðan við bæ, til austurs og vesturs. Nú sér fyrir götunni fast sunnan við þar sem bærinn stóð, og slóði liggur þaðan bæði til vesturs að Húsatúni, þar heitir hún Húsagötur og til austurs.
Þar sem gatan lá er grasigróin hlíð, hallar til suðurs. Birki vex neðan götunnar á dálitlum kafla, milli Húsa- og Heimatúns.
Slóðinn sem nú sést er ekki nema að litlu leyti sú gata sem merkt er á túnakortið, hann er bílfær á köflum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnkort 1917. Ö-Kolsstaðir, 9.

MH-006:004 heimild um beitarhús 64°43.603N 20°56.590V
"En árið 1978 var tekið í notkun nýtt íbúðarhús ... sem stendur á hól austast og efst í gamla húsatúninu ... sem fjárhúsin (beitarhúsin) hafa staðið frá ómunatíð ... Húsatún var upphaflega lítil túnspilda í kringum og neðan við beitarhúsin, ofan við skóginn. ... Ærhúsin voru í tvennu lagi á hólnum og alldjúp lág á milli. Tvö hús saman voru á vestari hólnum og þar standa núverandi fjárhús.", segir í örnefnaskrá. Vestari húsin voru um 950 m austan við bæ (001).
Á vestari hólnum er nú stór steinsteypt bygging, byggð sem fjárhús, á malarplani. Allt í kringum húsið er grasi vaxið svæði og sunnan við það hallar landi til suðurs. Hæðin getur vart talist eiginlegur hóll lengur, fremur stallur í hlíðinni.
Í umfjöllun um Kolstaðahnúka í örnefnaskránni er vísað í munnmæli um Koll á Kollstöðum sem sagt var frá í fyrri örnefnaskrá og þar segir meðal annars: "Bærinn var áður þar sem beitarhúsin eru. Hnúkarnir hafa þá heitið Kollshamar og bærinn Kollshamar. Túngarður, er þarna var, var sléttaður í tíð þess bónda, sem nú er þar (þ.e. Sigurðar Guðmundssonar). Var vatnsbólið uppsprettulind í túninu" Um Húsatún skrifar Sigurður Guðmundsson í Borgfirzka blöndu: "Hér á Kolstöðum hafa verið og eru enn beitarhús. Til þeirra er um 10-12 mínútna gangur frá bænum. Fyrr á öldum hefur bærinn staðið þar, sem beitarhúsin eru, en af einhverjum ástæðum færður þangað,

sem hann stendur nú. Greina mátti gömul túngarðsbrot og túnstærð, þar til landið var tekið til ræktunar. Einnig mátti glöggt sjá, hvar bærinn hafði staðið. Tær uppsprettu lind sem aldrei þraut var fram undan gamla bæjarhólnum ... Fyrst þegar ég man eftir, voru þarna þrír kindakofar og hrútakofi að auki. Allir stóðu kofar þessir einir og sér eins og algengt var í þá daga." BOBL. Það er því ljóst að bærinn á Kolsstöðum hefur staðið í Húsatúni áður en hann var reistur í Heimatúni þar sem hann stóð þegar heimildamaður, Þorkell Sigurðsson (f. 1923) og faðir hans Sigurður Guðmundsson mundu fyrst eftir. Hvort hann hefur staðið þar sem fjárhúsin standa nú og beitarhúsin tvö (004) stóðu áður, þ.e. á vestari hólnum eða á þeim eystri, þar sem íbúðarhúsið stendur nú og Heimastahús (005) stóð áður er ekki vitað. Báðum þessum hólum hefur nú verið raskað að miklu leyti, og þó ekki fari sögur af því að menn hafi komið niður á mannvistarlög við það rask er víst að þau leynast í þeim báðum, þeim mun meira á þeim stað sem bærinn stóð. Engin ummerki túngarðs sáust í túninu í kringum íbúðarhúsið og fjárhúsin, né heldur uppsprettulind, enda hefur svæðinu öllu verið umturnað að miklu leyti, við túnasléttun og landslagshönnun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnkort 1917, Ö-Kollstaðir, 1 og 6. BOBL II, 38-39.

MH-006:005 *Heimastahús* heimild um beitarhús 64°43.621N 20°56.521V
"En árið 1978 var tekið í notkun nýtt íbúðarhús ... sem stendur á hól austast og efst í gamla húsatúninu ... sem fjárhúsin (beitarhúsin) hafa staðið frá ómunatíð ... Húsatún var upphaflega lítil túnspilda í kringum og neðan við beitarhúsin, ofan við skóginn. ... Ærhúsin voru í tvennu lagi á hólnum og alldjúp lág á milli ... Á eystri hólnum var eitt hús, Heimstahúsið. Var ekki grunlaust um að þar væri reimt á tóftinni. Nýja íbúðarhúsið stendur þar nú", segir í örnefnaskrá. Íbúðarhús, byggt 1978 stendur nú á eystri hólnum þar sem Heimastahúsið var, um 890 m vestan við bæ (001).
Þar sem Heimastahúsið stóð er nú steinsteypt íbúðarhús á talsvert stórum hól og verönd allt í kring um það.
Í umfjöllun um Kolstaðahnúka í örnefnaskránni er vísað í munnmæli um Koll á Kollstöðum sem sagt var frá í fyrri örnefnaskrá og þar segir meðal annars: "Bærinn var áður þar sem beitarhúsin eru. Hnúkarnir hafa þá heitið Kollshamar og bærinn Kollshamar. Túngarður, er þarna var, var sléttaður í tíð þess bónda, sem nú er þar (þ.e. Sigurðar Guðmundssonar). Var vatnsbólið uppsprettulind í túninu" Um Húsatún skrifar Sigurður Guðmundsson í Borgfirzka blöndu: "Hér á Kolstöðum hafa verið og eru enn beitarhús. Til þeirra er um 10-12 mínútna gangur frá bænum. Fyrr á öldum hefur bærinn staðið þar, sem beitarhúsin eru, en af einhverjum ástæðum færður þangað, sem hann stendur nú. Greina mátti gömul túngarðsbrot og túnstærð, þar til landið var tekið til ræktunar. Einnig mátti glöggt sjá, hvar bærinn hafði staðið. Tær uppsprettu lind sem aldrei þraut var fram undan gamla bæjarhólnum ... Fyrst þegar ég man eftir, voru þarna þrír kindakofar og hrútakofi að auki. Allir stóðu kofar þessir einir og sér eins og algengt var í þá daga." BOBL. Það er því ljóst að bærinn á Kolsstöðum hefur staðið í Húsatúni áður en hann var reistur í Heimatúni þar sem hann stóð þegar heimildamaður, Þorkell Sigurðsson (f. 1923) og faðir hans Sigurður Guðmundsson mundu fyrst eftir. Hvort hann hefur staðið þar sem fjárhúsin standa nú og beitarhúsin tvö (004) stóðu áður, þ.e. á vestari hólnum eða á þeim eystri, þar sem íbúðarhúsið stendur nú og Heimastahús (005) stóð áður er ekki vitað. Báðum þessum hólum hefur nú verið raskað að miklu leyti, og þó ekki fari sögur af því að menn hafi komið niður á mannvistarlög við það rask er víst að þau leynast í þeim báðum, þeim mun meira á þeim stað sem bærinn stóð. Engin ummerki túngarðs sáust í túninu í kringum íbúðarhúsið og fjárhúsin, né heldur uppsprettulind, enda hefur svæðinu öllu verið umturnað að miklu leyti, við túnasléttun og landslagshönnun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnkort 1917, Ö-Kollstaðir, 1, 6. BOBL II, 38-39.

MH-006:006 heimild um ristu 64°43.575N 20°56.868V
"Sundin liggja vestur af húsunum, út að Merkjalæk og eru hallaminni pallur en Hlíðin fyrir neðan og Brekkurnar fyrir ofan. Þar skiptust á rauðamýrarsund og strjálir runnar. Það land er nú allt framræst og orðið að túni ... Rist úr Flóa og í Sundum", segir í örnefnaskrá. Sundin eru vestan við Húsatún, um 200 m vestan við beitarhúsin (004) og um 1,15 km vestan við bæ (001).
Sundin eru nú framræst og sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 6.

MH-006:007 *Holaðisteinn* náttúrumin 64°43.300N 20°56.649V



Holaðisteinn, horft til suðurs

"Holaðisteinn er sérkennilegur steinn jarðfastur, reyndar hraunblaðra, í hraunjaðrinum vestan við Stekkjareyri, stuttan spöl frá veginum", segir í örnefnaskrá. Holaðisteinn er um 15 m sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna, í hraunjaðri um 1,35 km suðvestan við bæ (001).
Steinninn er í mosa- og lyngivöxnu hrauninu, næst veginum vaxa birkitré.
"Upphaflega var lítið gat á kolli blöðrunnar ("steinsins"). Þorsteinn Hjálmarsson ... missti eitt sinn smalaprik sitt þarna niður. Þá tók hann sig til og víkkaði gatið úr, svo að lokum komst fullorðinn maður niður um gatið. Holrúm steinsins tekur slíkum undir hendur uppréttum, en setjist hann á hækjur sínar er hann falinn", segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 1,5 x 1 m austur/vestur. Á honum er gat sem er um 30 x 40 m stórt og þar niður er steinninn holur, holan er dýpri en sá hluti steinsins sem sést á yfirborðinu. Steinninn er um 70 cm hár en holan um 1,2 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 4.

MH-006:008 *Torfabrunnur* brunnur brunnur 64°43.908N 20°55.408V



Torfabrunnur

"Torfabrunnur var vatnsból, sem gert var að ég (Þ.S.) held 1929, ca. 70 m NV frá hesthúsi [022] og lögð þaðan vatnsleiðsla í bæ [001] og fjós [011]", segir í örnefnaskrá. Torfabrunnur er um 30 m norðaustan við hesthús (022) og um 140 m ANA við bæ (001).
Brunnurinn er í grasivaxinni kvos í hlíðinni. Fast suðaustan við hann er blautt dý og plastdunkur sem slanga liggur upp úr.
"Torfi Magnússon bóndi í Hvammi í Hvítársíðu (f. 17.11. 1897, d. í jan. 1983) gróf brunninn. Sá brunnur þornaði í miklum þurrkum á sumrin og frostum á vetrum. Vatnsleiðslan var þá framlengd í annað dý austar og gerður þar brunnur sá, er síðar var vatnsból heimilisins og er nú nýttur fyrir hluta sumarhúsasvæðisins", segir í örnefnaskrá. Brunnurinn virðist ekki vera mjög djúpur, en vatn var í honum þegar hann var skoðaður í október 2004, þrátt fyrir talsverð frost. Brunnurinn er ílangur um 1,5 x 0,7 m austur-vestur. Hlaðið er með hliðum hans og eru um þrjú umför greinileg. Nú liggja tvær spýtur og bárujárnsplata yfir brunninum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 2

MH-006:009 heimild um hrútakofa 64°43.590N 20°56.634V
Sigurður Guðmundsson skrifar um Húsatún í Borgfirzkri blöndu, þar segir: "Fyrst þegar ég man eftir voru þarna þrír kindakofar og hrútakofi að auki. Allir stóðu þessir kofar einir sér og nokkurt bil á milli, eins og algengt var í þá daga" BOBL. Hrútakofi með rétt í kring var um 20 m suðvestan við beitarhúsin á vestari hólnum í Húsatúninu (004), um 1 km vestan við bæ (001).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: BOBL II, 39.

MH-006:010 *Lambhúshóll* heimild um lambhús 64°43.797N 20°55.565V
"Lambhúshóll er allhátt hólbarð í túnbrekkunni norðanverðri. ... Þar var lambhús fyrrum en tóftir þess horfnar við túnsléttun", segir í örnefnaskrá. Lambhúshóll er um 80 m suðvestan við bæ (001), vestarlega og neðarlega í túni.
Þar sem lambhúsið var er grasivaxin hólbunga í sléttuðu túninu framan við bæ. Túninu hallar nokkuð bratt til suðurs.
Þorkell Sigurðsson man eftir kálgarði á Lambhúshól, eftir að lambhúsið var rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,2

MH-006:011 heimild um fjós 64°43.864N 20°53.517V
"Fjósatunga er þríhyrna austan í bæjarhólnum neðan götu [003], markast af götu austur úr túni að ofan, mýri að

austan og brunngötu (nú horfinni) [012] að sunnan", segir í örnefnaskrá. Fjós var norðan við Fjósatungu, ofan götu (003), um 10 m austan við bæ (001).
Þar er nú sléttur blettur fast austan við bæjarhólinn (001).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,2

MH-006:012 heimild um leið 64°43.900N 20°55.141V
"Fjósatunga er þríhyrna austan í bæjarhólnum neðan götu [003], markast af götu austur úr túni að ofan, mýri að austan og brunngötu (nú horfinni) að sunnan", segir í örnefnaskrá. Brunngata lá frá bæ (001) að brunnhúsi (015). Hún er nú horfin, hefur legið sunnan við brunnhúsið.
Þar sem gatan lá eru nú sléttuð en smáþýfð tún sem hallar til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,2

MH-006:013 *Nátthagi* hleðsla nátthagi 64°43.900N 20°55.141V




Leifar nátthagans, horft til suðvesturs

"Nátthagi hlaðinn úr hraungrjóti var í litlum hvammi undir hraunbrúninni sunnan við Hvolpapoll. Þjóðvegurinn liggur alveg meðfram nátthaganum og hefur vegfyllingin gegnið nokkuð á hann og fyllt sunnantil", segir í örnefnaskrá. Nátthaginn var fast austan við veg sem liggur að bæjarhólnum (001), milli hans og Kolstaðakvíslar.
Leifar nátthagans eru í grasigrónum hvammi sem afmarkast af hraunbrún til austurs, þjóðvegi til suðurs og kvíslinni og hlíðinni til norðurs.
Enn sér fyrir einum vegg nátthagans sem liggur frá suðvestri (milli vegs og kvíslar) til norðausturs að Hvolpapytti. Veggurinn er myndaður úr einfaldri röð steina, gróinn og siginn. Hér og þar eru göt í veggnum þar sem líklegt er að grjót hafi verið tekið í burtu. Veggjarleifarnar eru um 20 m langar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,3

MH-006:014 álagablettur 64°43.903N 20°55.116V
"Í Nátthaganum [013] var skógur, sem ekki mátti höggva, en mun nú horfinn", segir í örnefnaskrá. Nátthaginn var austan heimreiðar að bæjarhólnum (001) og vestan Kolstaðakvíslar.
Þar er nú grasigróin hvammur en enginn skógur
"Einu sinni, rétt eftir að Sigurður [Guðmundsson, faðir Þorkels Siguðrssonar, f. 1923] var tekinn þar við búi, var höggvið þarna móti vilja hans. Strax á eftir lá besta ærin dauð", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 3

MH-006:015 tóft brunnur 64°43.860N 20°55.452V





Tóftin, horft til suðvesturs

Brunnhús var yfir brunninum sem brunngatan (012) lá til, um 30 m suðaustan við bæ (001).
Tóft brunnhússins er í mýrlendum bletti ofarlega í sléttuðu en smáþýfðu túni, sem hallar til suðurs.
Stungið hefur verið upp um 30 cm djúp, 3 m löng og 40 cm breið hola og svo hlaðið norðan og sunnan við hana.
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, er um 3 m löng og 2 m breið. Veggjahleðlsurnar eru um 80 cm breiðar og um 50 cm háar, eingöngu úr torfi. Vatn hefur runnið út úr tóftinni til suðurs. Í norður enda tóftarinnar er grjót í botni hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-006:016 *Myrkvakimagata* gata leið 64°43.736N 20°55.363V

"Myrkvakimagata, beint undan bænum (gamla bæjarstæðinu) eru götur, er liggja þvert yfir tunguna suður að Litlafljóti. Myrkvikimi er sunnan fljóts", segir í örnefnaskrá. Um 260 m sunnan við bæ (001) sést móta fyrir götunni.
Slóðinn liggur vestan þéttasta skógarins, nyrst í hrauninu en liggur inn í hann þar sem skóglendið breiðir úr sér sunnar í hrauninu. Gatan liggur um mosavaxið helluhraun og birkiskóg.
Slóðinn er mjór, hefur sorfið burt mosann í hrauninu, hér og þar greinist hann í fleiri slóða sem svo koma saman aftur. Hann sést á um 60-80 m kafla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 3



Myrkvakimagata, horft til norðurs

MH-006:017 *Neðstifoss* heimild 64°43.953N 20°55.208V

"Gil(ið), -Kolstaðagil í munni afbæjarmanna ... Vegna brattans eru í því fossar, aðallega þrír ... Neðstifoss eða Mömmufoss, beint austur af bæ. Þar var til siðs að afvatna fisk undir bununni", segir í örnefnaskrá. Neðstifoss er neðsti fossinn í Kolstaðagili, um 320 m ANA við bæ (001).
Á þessum stað rennur lækurinn í dálitlu gili þar til hann steypist niður í stórann og djúpan gilkjaftinn. Á brúnum gilsins og niðri við lækjarbakkann í gilkjaftinum vaxa birkitré.
Stallur er undir brúninni þar sem fossinn steypist fram af og þar var fata með fiski sett og látin vera þar þar til fiskurinn hafði afvatnast.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10.

MH-006:018 varða landamerki 64°45.170N 20°56.008V

"Kúastapi. Hann er merkjapunktur móti Gilsbakka. Þar er nú hlið á merkjagirðingunni og eru hliðarstólparnir tvær vörður úr grjóti", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar er um 640 m VSV við Heiðarstapa (005:017) og um 1,2 km ANA við merkjavörðu á Sleggjuási (007:047).
Kúastapi er klettur sem stendur upp úr hálfgrónum melhrygg sem hallar frá Hallkelsstaðaheiði til vesturs og suðurs. Neðan við stapann eru uppblásnir melar og þá mýrlent svæði.
Vörðurnar eru svipaðar að stærð, fremur digrar og lágar. Sú eystri



Vörðurnar, horft til norðurs


er um 1,1 m há og um 1,2 m í þvermál en sú vestari er um 1,3 m há og um 1 m í þvermál. Um 2,5 m eru á milli þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 13

MH-006:019 *Stekkurinn* heimild um stekk 64°43.408N 20°56.448V
"Stekkurinn. Á þeim hluta eyrarinnar, sem er kvíslarmegin við veginn, var stekkjarrúst sem hvarf þegar sá hluti var gerður að túni eftir 1950 ", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 1 km VSV við bæ (001).
Milli Kolsstaðakvíslar og þjóðvegar er nú slétt tún, norðan kvíslarinnar er birkiskógur í hlíðinni en sunnan hennar og vegar er slétt túnspilda og þá mosavaxið helluhraun.
"Þetta var líklega aðalstekkur á jörðinni og a.m.k. sá síðasti áður en fráfærur lögðust af", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var hlaðinn úr grjóti og var síðasta grjótið hreinsað úr túninu á árunum 1993-4. Engin ummerki hans sjást nú í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,4

MH-006:020 *Hellirinn* hellir fjárskýli 64°43.230N 20°56.694V
"Hellirinn. Lýsingshellir. Kolstaðahellirinn er stór hellisskúti í Hrauntungu neðst, spölkorn SV af Holaðasteini", segir í örnefnaskrá. Hellisskútinn er í hrauninu sunnan þjóðvegar um 1,5 km suðaustan við bæ (001) og um 130 m suðvestan við Holaðastein (007).
Hellirinn er í mosa- og lyngivöxnu helluhrauni, hér og þar vaxa birkihríslur.
"Hann mun hafa verið notaður sem fjárhellir, e.t.v. fjárból meðan tíðkaðist að bæla fé á kvöldum framan af vetri, og þar voru kvíaær hýstar þegar Kolbeinn [Kolbeinn Guðmundsson, bróðir Sigurðar sem var bóndi á Kolsstöðum Þeir voru báðir aldir upp þar] var ungur, sjálfsagt þegar eitthvað var að veðri, eða vætutíð", segir í örnefnaskrá.
Op hellisins er sprunga í hrauninu, sem liggur A-V og skúti hefur myndast norðan við hana. Sprungan er um 6-8 m löng og hellirinn um 5 x 5 m að stærð, mjög lágur, mest um 1 m. Engar hleðslur eða önnur mannaverk eru í hellinum eða við hann fyrir utan litla vörðu sem stendur ofan við sprunguna. Hún er um 60-70 cm á hæð og um 30 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 4

MH-006:021 *Hvolpapollur* heimild um sundlaug 64°43.912N 20°55.135V
"Hvolpapollur er (eða var) hylur í kvíslinni, sem myndaðist þar sem gilið og kvíslin [Kolsstaðakvísl] koma saman", segir í örnefnaskrá. Hvolpapollur var um 330 m suðaustan við bæ (001).
Ekki er lengur hylur þar sem Hvolpapollur var heldur er kvíslin þar mjög grunn og stór malareyri í henni. Norðaustur- og austurbakki kvíslarinnar er hraunbrún en vestan og sunnan hennar er lágur grasbakki. Landið hækkar fast norðvestan við hana.
"Var hann um tíma notaður fyrir sundlaug. Síðan kvíslin var stífluð hefur hylurinn fyllzt af framburði gilsins, sem ryður grjóti niður snarbrattan farveg, en kvíslin, sem féll af lágum hraunstalli ofan í pollinn og hreinsaði upp úr hylnum, gerir það ekki lengur sem vonlegt er", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 3.

MH-006:022 tóft hesthús 64°43.883N 20°55.416V




"Kvíar voru austan við túnið, þar sem voru hesthús og lambhús fast ofan við heimgötuna þegar upphafleg örnefnaskráning var sett á blað. Þar eru nú rústir þessara húsa, sem fallin eru fyrir áratugum. Þessar kvíar munu haf verið hlaðnar úr torfi og grjóti og líklegt að þær hafi verið notaðar í húsin, sem síðar voru byggð þar, a.m.k. eru engar rústir þar eftir þær", segir í örnefnaskrá. Tóft af hesthúsi og lambhúsi eru fast ofan götu (003) og um 80 m austan við bæ (001).
Tóftin er í grasivaxinni hlíð sem hallar lítillega til suðurs.
Tóftin er tvískipt, um 13 x 8 m stór og snýr austur/vestur. Hólfin eru samsíða, snúa norður/suður og eru mjög svipuð að stærð, um 3 x 4 m. Þau eru bæði opin til suðurs. Hleðslur tóftarinnar standa enn en eru þó töluvert farnar að láta á sjá. Víða má sjá grjóthleðslur í veggjum, allt að átta umför en annars staðar er hrunið og gróið fyrir þær. Hleðslurnar eru hæstar um 1, 5 m. Bárujárnsþak hefur eflaust verið á húsunum og má sjá leifar af því inni í tóftinni, einnig má sjá leifar af steinsteypu innst í vestara hólfinu og á einum stað stendur gaddavír út úr veggnum,

hugsanlega leifar járnbindinga. Hólfin eru samsíða og í þeim báðum er hlaðinn garði í þeim miðjum, úr torfi og grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10

MH-006:023 heimild um ristu 64°44.482N 20°55.956V
"Kolsstaðaflói, mikill fjallaflói, votlendur mjög í keldum og ekki sízt austantil, þar sem eru allmargar smátjarnir. Í honum var heyjað, meðan títt var að heyja á fjalli. Hann liggur að segja má þvert yfir landareignina ofan við Háls og Hnúka, Botna og Framháls ... Rist úr Sundum og í Flóa", segir í örnefnaskrá. Flóinn er mjög víðfeðmur og ekki er vitað hvar rist var nákvæmlega, enda líklegt að það hafi verið rist víða í honum.
Flóinn er mjög blautur með stöku lækjum og nokkrum tjörnum.
Engin ummerki ristunar sáust þar sem gegnið var um Flóann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 12-13 , 16

MH-006:024 *Bjargarlind* lind vatnsból 64°43.883N 20°55.416V
"Bjargarlind hét lind eða vatnsból í láginni milli húsanna neðantil, nú komin í framræsluskurð eða undir jarðfyllingu", segir í örnefnaskrá. Bjargarlind var í túni um 20-30 m suðaustan við bæ (001) og um 20 m vestan við brunnhúsið (015). Hún fluttist sífellt neðar í túnið eftir því sem það rann fram, en því hallar nokkuð bratt til suðurs. Nú er lindin horfin með öllu.
Þar sem lindin var er nú sléttað en smáþýft tún.
"Ókunnugt um hverrar nafn þar er geymt, ef það er þá kvenmannsnafn en ekki bara þrautavatnsbólið sem hér kemur fram í örnefninu", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 6

MH-006:025 þúst stekkur 64°43.336N 20°56.672V
"Egilsrjóður er austan við Meralág, niður undir Kvísl, um það bil á móts við Holaðastein í hraunjaðrinum sunnan við Kvíslina. Það er kennt við Egil Egilsson sem var hér bóndi 1793 til 1804. ... Rétt hjá Egilsrjóðri eru gamlar rústir. Gæti verið gamall stekkur. Vera kann að Egill hafi þess vegna rutt skóginn", segir í örnefnaskrá. Þústin er um 10 m norðan við Kolsstaðakvísl, um 70 m NNA við Holaðastein (007) og um 1,3 km VSV við bæ (001).
Egilsrjóður er nú grasivaxið alveg niður að kvíslinni, ofan við það og beggja vegna við það er birkiskógur.
Engin skýr rúst er í eða við Egilsrjóður. Þó má greina neðarlega og austarlega í rjóðrinu þúfnabakka sem minna á hleðslur og eru líklega þær gömlu rústir sem um ræðir í örnefnaskránni. Þær eru ógreinilegar og signar. Þústin er um 8 m löng og um 4 m breið, snýr austur/vestur. Hún virðist vera tvískipt, stórt hólf sem snýr austur/vestur, opið á miðjum austurvegg og vestast á suðurvegg og annað minna hólf vestan við það sem snýr þvert á það. Það virðist vera opið til suðurs. Hvergi sér í grjót í þústinni, sem er hæst um 20 cm. Útilit þústarinnar og staðsetning hennar styður þá kenningu að um stekk sé að ræða.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 5-6.

MH-006:026 frásögn hænsnakofi 64°43.849N 20°55.592V
Um 30 m norðvestan við bæ (001) og um 15 m austan við túngarð (033) þar sem hann liggur til suðurs niður hlíðina, var hænsnakofi úr torfi og gjróti, samkvæmt Þorkeli Sigurðssyni (f. 1923) fyrrverandi ábúanda á Kolsstöðum.
Þar sem hænsnakofinn var eru nú grasivaxið og smáþýft svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-006:027 *Kobbavarða* varða 64°43.859N 20°57.097V
"Kobbavarða, vörðubrot vestur við Merkjalækinn í Hálsbrúninni. Hlaðin af Jakobi Guðmundssyni [Jakob mun vera föðurbróðir Þorkels Sigurðssonar (f. 1923)], síðar lengi á Húsafelli, þegar hann stóð yfir fé í æsku", segir í örnefnaskrá. Kobbavarða er vörðubrot um 700 m VSV við Hnúkana, um 700 m austan við eystri kvísl Merkjalækjar og um 1,2 km norðvestan við bæ (001). Hún er nánast í beinni línu við Stórasmala (007:050) og vörðuna fyrir ofan Lata (007:051) í Gilsbakkalandi.

Varðan er á grónu melholti, beggja vegna við það er mýrlendi.
Varðan er um 30 cm há, um 1 m löng austur-vestur og um 70 m breið norður-suður. Varðan virðist ekki hafa verið hærri því engin grjótdreif er í kringum hana, og er hún fremur steinhrúga en varða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 6

MH-006:028 varða 64°43.981N 20°55.654V



Varðan, horft til austurs

"Rauðhóll er uppi í brekkuhallanum beint upp af bæ, með vörðu", segir í örnefnaskrá. Varðan á Rauðhól er um 270 m NNA við bæ (001).
Rauðhóll er ber melhóll og er varðan á honum þar sem hann er hæstur.
Varðan erum 1,1 m á hæð, um 70 m löng og um 30 cm breið. Vel hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 9.

MH-006:029 *Rauðablásturstóftin* heimild um rauðablástur 64°43.657N 20°56.457V
"Við götuna rétt austan við Stekkjarlækinn var fram undir miðja öldina lítið tóftarbrot eða þúfnaþúst, sem kallað var Rauðablásturstóftin", segir í örnefnaskrá. Tóftin var ofan götu (003), um 800 m vestan við bæ (001).
Ofan götu og austan lækjar er ber melur en ofan hans tekur við grasivaxin hlíðin og dálítill birkiskógur. Neðan götu er hálfgróinn melur og þá skógurinn neðst í hlíðinni.
"Þar sást nokkuð af gjalli í moldinni kringum tóftarbrotið. Þessi ummerki eru öll horfin síðan vegur milli húsa og bæjar var lagfærður með jarðýtu", segir í örnefnaskrá. Engin ummerki tóftarinnar sjást nú. Sigurður Guðmundsson segir í Borgfizkri blöndu: "Einu sinni mátti glöggt sjá hvar bærinn hafði staðið [í Húsatúni] ... Og enn í dag sér fyrir smiðjutótt, sem staðið hefur utan túns. Heyrði ég talað um, að þar hefði verið rauðablástur. Var það og álit Brynjólfs frá Minna-Núpi." BOBL.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: BOBL II, 38-39, Ö-Kollstaðir, 9

MH-006:030 *Torflág* heimild um ristu 64°43.729N 20°56.018V
"Torflág er grunn lág neðan við Háöldu, sem nær ofan götu niður að Kvísl. Þar var rist torf og slegið. Var graslág en sekkur bráðum í skóg", segir í örnefnaskrá. Torflág er niður undan Húsagötu (003), um 450 m vestan við bæ (001) og um 500 m austan við beitarhúsin að vestari hólnum í Húsatúninu (004).
Torflág er grasivaxin lág umkringd birkiskóg.
Engin ummerki um ristu eru í Torflág.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 9

MH-006:031 *Kúagata* gata leið 64°43.766N 20°55.768V
"Kúagata liggur skáhallt upp hlíðina frá kvíslinni vestan Sandhóla upp og austur að Húsagötum [003]vestast í Djúpulaut. Horfin í skóg að miklu leyti. Þar voru kýrnar reknar í haga", segir í örnefnaskrá. Kúagata liggur skáhallt niður hlíðina úr norðaustri til suðvesturs. Hún er greinileg á stuttum kafla spotta neðan götu (003) um 240 m suðvestan við bæ (001) en hverfur í skóg neðar í hlíðinni.
Neðan við þar sem sést til götunnar eru sléttuð tún og skógur, vestar og ofar er lyngivaxinn mói upp að götu (003).
Merki götunnar eru um 1 m breið lægð í hlíðinni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 9

MH-006:032 *Litlavarða* varða 64°43.932N 20°55.607V
"Litlavarða og Stóravarða eru tvö vörðubrot í hallanum ofan (gamla) bæjar [001], um það bil miðja vega milli túngarðs [033] og Rauðhóls, Litlavarða í beinni línu milli bæjar og Rauðhóls, Stóravarða á að giska 100 m

vestar", segir í örnefnaskrá. Litlavarða er hrunin en þar sem hún var er lítil grjóthrúga um 70 m norðan við bæ (001). Um 70 m vestar eru tveir steinar ofan á stærri stein, hugsanlega leifar Stóruvörðu. Engin grjótdreif, sem gæti bent til að þar hafi staðið varða, er í kringum steininn. Engin vörðubrot eða vísbendingar um vörður eru annars staðar á þessum slóðum.
Þar sem vörðurnar voru er hlíðin hálfgróin mosa og lyngi. Í hlíðinni skiptist á ber melur og grónari brekkur og þúfnabakkar.
Grjótdreifin þar sem Litlavarða var er um 80 cm í þvermál, stór steinn í miðjunni og minni í kringum hann. Ekki er um eiginlegar hleðslur að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10

MH-006:033 garðlag túngarður 64°43.831N 20°55.633V
"Kinn, snarbrött brekka ofan við bæinn og austureftir, upp að túngarði [033] ... Meðfram túngarðinum ofan við götu [003] rann mikið vatn í leysingum ... Litlavarða [032]... um það bil miðja vega milli túngarðs og Rauðhóls ... ", segir í örnefnaskrá. Túngarður liggur í boga aftan, norðan, við bæ (001). Hann má rekja um 80 m VSV við bæ liggur þaðan í sveig, fjærst um 70 m norðan bæjar og endar svo um 80 m ANA við bæ.
Garðurinn liggur í grasivaxinni og brattri hlíðinni ofan götu (003).
Túngarðsboginn er um 245 m langur. Í honum er sums staðar, sérstaklega efst í hlíðinni norðan bæjar, stórt grjót, sigið og gróið. Hann er um 70 cm hár þar sem hann er hæstur og um 1,2-1,5 m breiður. Þar sem garðurinn endar hefur hann líklega verið sléttaður í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kollstaðir,1,2,10

MH-006:034 *Kúastapasel* heimild um sel 64°45.032N 20°55.860V
"Kúastapasel er ógreinilegar leifar af gömlu seli frá Kolsstöðum austan við Kúastapa. (Ekki ganga menn nú að þeim rústum vísum)", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning selsins er nú ekki kunn. Austan og sunnan við Kúastapa er lind sem heitir Kúastapalind og er líklegt að selið hafi verið í námunda við hana. Það er um 2,2 km NNV við bæ (001) og um 280 m suðaustan við Kúastapa.
Lindin er suðaustan við stapann á mörkum mels og mýrar. Úr lindinni renna tveir lækir samhliða til suðurs. Austan eystri lækjarins er votlent en á milli þeirra er þurr þýfður mói þar sem víða skín í beran melinn, þannig er einnig umhorfs vestan vestari lækjarins. Selið hefur því líklega verið á milli lækjanna eða vestan þess vestari.
Engar tóftir eða ummerki sels fundust á þessum slóðum þó gengið væri um allt svæðið umhverfis lindina sem og svæðið austan og sunnan stapans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 14

MH-006:035 *Þrívörður* varða 64°44.124N 20°55.614V
"Þrívörður standa þrjár í röð austur við gilið efst eða Botnana", segir í örnefnaskrá. Vörðurnar eru á klettabrún, um 500 m NNA við bæ (001).
Vörðurnar eru á berum mel, hér og þar vestan við þær vex mosi og lyng.
Vörðurnar standa í röð norður/suður, þær eru allar stæðilegar og vel hlaðnar. Nyrsta varðan er um 1,5 hæð og um 60 cm á kant. Varðan í miðið er um 70 m sunnar, hún er um 2 m á hæð og um 90 cm á kant. Þriðja og syðsta varðan er um 60 m sunnar. Hún er einnig um 2 m há og um 1 m á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10


Þrívörður, horft til suðvesturs

MH-006:036 *Góluvarða* varða samgöngubót 64°44.242N 20°55.598V
"Góluvarða, milli gilsins og Þrívarðanna. Þarna lá fjárgata [037] hjásetudrengja með kvíærnar á leið til fjalls og trúlega hefur einhver gólað þarna", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 780 m suðaustan við Rauðvörðu (044) og


um 730 m NNA við bæ (001).
Varðan er á mel, hálfgrónum lyngi og mosa. Norðan og VNV við vörðuna er mýri.
Varðan er um 70 cm á hæð, næstum ferhyrnd um 40 cm á kant. Talsvert hefur hrunið úr henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10

MH-006:037 heimild um leið 64°44.244N 20°55.584V
"Góluvarða [036] milli gilsins og Þrívarðanna. Þarna lá fjárgata hjásetudrengja með kvíærnar á leið til fjalls og trúlega hefur einhver gólað þarna", segir í örnefnaskrá. Engin merki þessarar leiðar sjást hjá Góluvörðu þar sem hún hefur legið.
Leiðin hefur legið um mosa og lyngi vaxinn mel, framhjá vörðunni og fram í mýrina norðan og vestan hennar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir,10

MH-006:038 frásögn hlaða 64°43.871N 20°55.515V
Hlaða var um 5 m norðan við fjósið (011) og um 5 m norðaustan við bæ (001), samkvæmt Þorkeli Sigurðssyni (f. 1923), fyrrverandi ábúanda á Kolsstöðum.
Þar sem hlaðan var er nú grasigróið og þýft svæði í hlíðarrótum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-006:039 *Bjargarstekkur* heimild um stekk 64°43.955N 20°53.196V
"Bjargarstekkur, rétt hjá gilinu (á austurbakkanum) við Neðstafossinn", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn fannst ekki við vettvangsskoðun, hann mun hafa verið um 350 m austan við bæ (001).
Þar sem stekkurinn er sagður vera vex þéttur birkiskógur og líklegt að hann hafi horfið í skóginn. Skógurinn vex austan við og upp með gilinu. Hér og þar eru þó auðir blettir fast við gilið, aldrei stórir.
"Munnmæli herma að þarna hafi búið einsetukerling, átt 6 ær og mjaltað þær þarna. Rústin sést enn, hvað sem sanngildi sögunnar líður. Þegar jarðabókin er skráð 1709 er ábúandi Kolsstaðaekkjan Björg Skúladóttir, hvort sem stekkurinn er nú við hana kenndur eða ekki. En stekkjarstæðið er ekki þægilegt eins og nú er umhorfs, gilið til annarrar handar, en skógarflóki á hina og bratti", segir í örnefnaskrá. Gengið var upp með gilinu frá Hvolpapolli til Góluvörðu og allir auðir blettir við það skoðaðir, auk þess sem brotist var í gegnum skóginn í leit að stekknum. Leitin bar engan árangur þó ekki sé óhugsandi að leifar stekkjarins kunni enn að leynast í þéttum skóginum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 10

MH-006:040 *Sel* tóftir sel 64°44.164N 20°56.814V




Selið, horft til suðurs

"Selhóll, allhár melhóll með vörðu, norðvestur af Hnúkum, norðvestan Selkeldu. Sunnan undir hólnum er gömul selrúst, sem heitir Sel", segir í örnefnaskrá. Selið er fast sunnan við Selhól, um 1,2 km norðvestan við bæ (001), um 180 m suðaustan við merkjavörðu sem er hlaðin ofan á merkjastein á Selhól á merkjum móti Gilsbakka (007:082).
Selið er í grasivöxnum, smáþýfðum móa, fast neðan við gróna suðurhlíð Selhóls, sem annars er ber. Suðvestan við selið er ber melur en suðaustan við hann er mýri með mýrarlækjum.
Tóftirnar eru þrjár, á svæði sem er um 20 x 15 m stórt og snýr austur/vestur. Tóftunum er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Vestasta tóftin (a) er einföld um 6 x 3 m að stærð og snýr norður/suður. Hún er opin vestast á suðurvegg. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 50 cm og er austurveggur hennar er hæstur en sá vestari lægri og

ógreinilegri. Tóftin í miðið (b) er stærst. Hún er um 3 m austan við (a). Hún er um 8 x 5 m stór og snýr austur/vestur. Tóftin er einföld og opin vestast á suðurvegg. með opi til suðurs. Hún er mjög greinileg og er hleðsluhæð hennar mest um 60 cm. Austasta tóftin (c) er minnst. Hún er um 3 m suðaustan við (b). Hún er einföld um 4 x 3 m stór og snýr norður/suður, með opi á miðjum suðurvegg. Hún er líkt og (b) greinileg og eru hleðslur hennar hæstar um 60 cm. Hvergi sér í grjót í tóftunum sem líklega eru allar eingöngu hlaðnar úr torfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 12

MH-006:041 varða 64°44.186N 20°56.816V
"Selhóll, allhár melhóll með vörðu, norðvestur af Hnúkum, norðvestan Selkeldu", segir í örnefnaskrá. Varðan er hæst á Selhól, um 1,2 km norðvestan við bæ (001) og um 40 m norðan við selið (040).
Varðan er á klöpp sem gægist upp úr berum melhólnum. Næst henni vex gras og lyng.
Varðan hefur að hluta hrunið til austurs, þar sem er grjótdreif. Hún er um 30 cm há, næst ferhyrnd um 50 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 12



Hnúkarnir, horft í ASA

MH-006:042 *Hnúkar* þjóðsaga 64°43.941N 20°56.232V
"Efst á Hnúkabrúninni, ofan við Hnúkabrekkur og um það bil upp af miðri Heimrihlíð, gnæfa tvær klettaborgir með stuttu millibili, mjög áberandi kennileiti, annar sunnar og annar norðar og heita Hnúkar. Á öðrum bæjum kalla menn þá Kolsstaðahnúka", segir í örnefnaskrá. Hnúkarnir eru um 600 m norðvestan við bæ (001).
"Það er merkilegt við þessa bergtappa, svo nærri hvern öðrum (c. 100 m á milli eða varla það), að þeir eru sinn úr hvorri bergtegund, sá syðri úr blágrýti, en hinn úr móbergi", segir í örnefnaskrá. Hnúkarnir standa upp úr berum melnum uppi á brún Síðufjallsins, sjálfir eru þeir vaxnir mosa og lyngi á stöku stað.
""Sagt er að Kollur á Kollsstöðum hafi farið upp á Hnúkana og hent þaðan staf sínum og hann komið niður hjá Kollslæk í Hálsasveit. Bærinn var áður þar sem beitarhúsin [sjá 004 og 005] eru Hnúkarnir hafa þá heitið Kollshamar og bærinn Kollshamar. Túngarður, er þarna var, var sléttaður í tíð þess bónda, sem nú er þar (þ.e. Sigurðar Guðmundssonar). Var vatnsbólið uppsprettulind í túninu" (Um þessa klausu úr upphaflegu örnefnaskránni er þetta að segja: það má vel vera rétt, að bær hafi staðið á beitarhúsastaðnum fyrir löngu, hvort sem hann hefði þá verið fluttur á hitt bæjarstæðið, eða verði annar bær og lagzt af. Um tilgátuna um Kollshamarsnafnið er það aftur að segja, að það mun ekki vera gömul hugmynd, en byggð á Landnámutexta, þar sem þetta nafn kemur fyrir. Af þeim stað verður þó ekki annað ráðið en að sá bær hafi verið í Tungunni í Kalmanstungu, enda verið að lýsa landnámi Kalmans og byggð afkomenda hans. Þjóðsagan um staf Kolls, sem kom niður hjá Kollslæk, er aftur nokkuð athyglisverð. Það er merkilegt að á Kolsstöðum var rauðablástursleifar [029] að finna, eins og fram kom hér á undan. Nú fyrir fáum árum var hinsvegar grafinn upp fornbær á Hálsum í Hálsasveit, en það eyðibýli er í landi Kollslækjar, ekki alllangt frá bæ. Í ljós kom að þar hafði búið járngerðarmaður. Hugsazt gæti, að þegar Kolur á Kolsstöðum var orðinn uppiskroppa með rauðann úr Sundunum, þó enn væri nógur eldiviður til kolagerðarinnar, sem járnvinnslan þurfti, hafi hann kastað staf sínum suður á mýrarnar í Hálsasveitinni og byggt Kolslæk, ekki Kollslæk", segir í örnefnaskrá. Varða er á syðri Hnúknum, hún er um 1 m há, 1 m á lengd norður/suður og um 60 cm breið austur/vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 12

MH-006:043 heimild um stekk
"Niður fellur vegna breyttrar efnisskipunar setningin "bæjarmegin við Stekkjarlæk eru stekkjarrústir". Þetta er


ekki tilgreint sem örnefni og núverandi heimildarmenn þekkja þetta ekki. Líklega er skógur vaxinn yfir þessa rúst, hvar sem hún er", segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar stekkurinn er eða var.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 14.

MH-006:044 *Rauðvarða* varða 64°44.657N 20°55.705V


Rauðvarða, horft til norðurs

"Rauðavarða (nafnið líklega dregið af mýrarlit á grjótinu) er beint upp af Tjörnum", segir í örnefnaskrá. Rauðvarða er um 1,5 km norðan við bæ (001) og um 1,3 km norðaustan við Sel (040).
Varðan er á stórgrýttum mel sem vaxinn er mosa og lyngi. Allt í kringum melinn er mýri.
Varðan er breið en ekki há. Hún er því sem næst kringlótt um 1,2 m í þvermál og um 1 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kollstaðir, 13

MH-007 Gilsbakki



Kirkjustaður. 48 hndr. 1848.- NJÍ ,54. Jarðarinnar er getið í Landnámabók (Sturlubók): "Dóttir Örlygs ens gamla var Vélaug, er átti Gunnlaugr ormstunga, sonur Hrómundar í Þverárhlíð; þeirra dóttir var Þuríðr dylla, móðir Illuga ens svarta á Gilsbakka" - ÍF I, 54, ". Börn þeira Hallkels [á Hallkelsstöðum] og Þuríðar váru þau Þórarinn ok Finnvarðr, Tindr ok Illugi enn svarti" - ÍF, 83 og síðar: "Auðunn skökull var faðir Þóru mosháls, móður Úlfhildar, móður Ástu, móður Ólbjörn hinn auðgi Harðarson. Dóttir þeira var Ingibjörg, er átti Illugi hinn svarti á

Gilsbakka." - ÍF I, 214-15. Einnig í Gunnlaugs sögu Ormstungu: "Þenna tíma bjó uppi á Hvítársíðu á Gilsbakka Illugi svarti Hallkelsson, Hrosskelssonar..." - ÍF III, 58 í Heiðarvígasögu og Sturlungu. Í Sturlungu segir: "Þar var beðið Styrmis Hreinssonar af Gilsbakka mágs Þorgils. Þar voru þá allir goðorðsmenn með Þorgilsi..." - Sturl I, 36. "Höggvandastader, forn eyðihjáleiga, hefur ekki bygð verið í 90-100 ár. Þar er nú stekkur frá heimastaðnum, sem hjáleigan hefur áður verið. Ekki má hjer aftur byggja nema staðnum til meins og skaða." - JÁM, IV, 265
Jarðarinnar er getið í máldaga krikjunnar í Ási í Hálsasveit, 26. ágúst 1258:"Þar er skyllt at syngia hvern helgan dag fra gilsbacka, oc alla ymbrv daga, jola tiðer..." - DI I, 594.
1306: "Gude er helgut Gizbacka kirkia og Mariu drottningu Michaele Gudz Eingle og Nicholao Erchibyskupe: er allann þennann stad a med Gude: Heimaland allt a krikia og lambatungur: og skog j husafellshraun allann firi nedan hagagard. og allt vpp a millum huijtar og dögurdar ar: allt vpp til gautu þeirrar er liggur fra husafelli og til tungu hinnar litlu vppe hia amote: og skoga alla firi nordan fliot þat er fellur næst tungu og vpp ad hafa hraune gagnvart seliatungu: fiskveide j vlfs vatni ad helminge oc j langa: Skamma vlfs vatza: og j flodlæk oc j austurlæk. Grunnavötn aull og lamba allt ofan til kiararar: Gasatiarnir fyrir hiedan lamba: og aull vötn vestur þadan. kuijsla vatn og reida tiörn og allar þær tiarner er þangat falla læker wr: Alptveide alla firi vestan Gnupdæla götu til huannstodz ens mýckla: sionhending fra huannstodenu og j floa enn Eysta: Ein tiörn nordur fra austur floa: vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fskveide: Aull vöthn firi sunnan a þa er fellur wr vesturfloa oc ofan j brattagil fra brattaGile med hrutafiardardal til nordurardals: med nordurardal sunnan til daugurdar Eyja og Gijslavathn nedast firi sunnan nordurardal: Tiarner allar j hellisdal: þuerarvötn og tiarner allar j lambadal. laxveide j Glennrar fosse j nordrardal: oc alptveide a breidavatne: holltavaurduvatn og reipavatn a hrutafiardar heide og alptveide a huoru tueggia: laxveide kiararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækiar: vidarrif j selia lande samstadamanna: hualreka allan a BordEyri. halfann a kolla: xij vættir j tuijtugum hual oc meira a hrexstödum a midfiardar nese: Þar fylgia kyr xij og gradungur xijdi og lxxxx asaudar. hrutur tuevetr forustu saudur: alptueida skip og hestur eirn.iiij c j Busgagne og husbuninge. þar fylgia v manna messufaut: oc diakns messufaut: iij gudvefiar höklar. og fustans hökull og lierepts hökull enn fimmte: kantara kapa af guduef og önnur vefiar kapa: enn þridia fustans kapa: silfr kaleikar ij: sloppar iiij. og allar tijda bökur: Tiöld vmhuerfis j kirkiu. kluckur v. tuennar samhringiur. vti klucka oc Biöllur ij. tuö glodarker og Eldbere. kertistikur iiij r. og kirkiu Munnlaug. og Gluggur eirn. og messu fata kristur tuær" - DI II, 358-9.
1367: "xcii. Nichulas kirkia a Gylsbacka a heimaland alltt oc lambatungur allar og skog j husafellzhraun. les vilchinsbok þui þad ber alltt saman. vtann hier stendur." - DI III, 224.
Þegar Hallur Svarthöfðason selur Jóni Gilssyni Kalmanstungu árið 1398 er ítaka Gilsbakka krikju í jörðinni getið: "...gilsbacki a skogh ofuan fræ hæfua rauni med vestrkuisl..." - DI III, 625.
1397: "CXXXVIII. Gilsbacke. Nicholaskirkia ad Gilsbacka a heimaland allt. Lambatungur og skog j Hvsafellzhraun. kyr xiij. xx asaudar oc hrutur tvævetur. gridungur oc forustugielldingur. hestar iij. hundradz virdi hver. alftveidarskip. cccc j bvsgognum. v manna messoklædi. kantarakapa af Gudvef oc onnur vefiarkapa oc hin þridia fustanskapa. kaleikar ij. sloppar iiij. cc j reflum. vc j bokum. kluckur v. oc biollur ij. glodarkier ij. elldbera oc glerglugg einn og messufata kistur ij. kiertistikur iiij oc kirkiu mvnnlaug. smelltann kross. alltaraklædi. v. onnur enn þau sem hvern dag ero hofd. Nichulasskriptt oc Laurentiusskriptt. Skrijn med helgum domumm. Jtem lagdi sira Petur Martiensson til kirkiunnar krossa ij oc alltarisbrijk. lagasongvabok. paxspialld. Sequentiubok sæmililga oc messubok ad pistlum oc Gudspiollum. sectetis oc orationibus fra Jolafostv til Trinitatisviku. þar skulu vera prestar ij oc diakn. kirkiann a skoga alla fyrer nordann fliot þat er fellur næst Tungu oc upp ad Hafa Hrauni gegnt Seliatunngv. Fiskveidi j Wlfsvatni ad Helmingi oc Langa. Skammæ Vlfvatzæ oc flodzlæk. austurlæk. Grunna votn oll com Lambæ allt ofan til Kiarrar. Gasatiarner fyrer nedan Lambæ og oll vötn þadann vestur. Kvyslavotn oc Reidartiorn oc allar þær tiarner er þangad falla læker vr. Alfttveidi alla firir vestann Gnvpdalagotu til Hvannstodz hinn micla . Sionhending fra stodinu oc i floa hinn eystra. ein tiorn nordur fra Austurfloa. Westurfloe nordast. Alftveidur a floa hvorum tveggia oc fiskveidi. oll votn firir sunnann a þa sem fellur vr Vesturfloa oc ofan j brattagil. fra brattagili med Hrutafiardardal til Nordurardals. med Nordurardal firir sunann til Dögurdarar eyar oc Gysla vatn nedast firir sunnan Nodurardal. tiarnir allar i Hellisdal. Þverarvotn oc tiarnir allar j Lambadal. laxveidur j Glennunar fosse j Norduræ oc alfttveide æ Breidavattni. Holltavorduvatn oc Reipavatn a Hrutafiardarheidi oc hvorutveggiu alftveidi. Laxveidi j Kiarra ofann ad grof þeirre er vt er fra seli Haukagilsmanna vt fra Merkigrof oc til fiskilækiar. Vidarrif j selialandi Samsstadamanna. Hualreka allan a Bordeyri oc halfann ad Kolla. xij vætter i tuitugumm hval oc meira a Hegstodumm a Midfiardarnesi. Jtem hefur þetta tillægist til kirkiunnar. iiij kyr. einn hestur. iijc j stdarspioll þa er sira Pall tok med oc var þar j ein kýr. cc voru. Kirkiann a oc jord er heiter æ Biarnarstodum j kirkiu reikning." - DI IV, 121-123.
1463: "Anno domini M. cd. lx. iij. lukust suo fellder peningar a gilsbacka stad þa sira gudmundr narfason afenti. en sira þorbiorn prestur amundason med tok. Jn primis xviij. kyr. oc x tigir asaudar. tueuetur hrutur. forustu saudr gamall. tuæuetur gradungur. fiorir hestar hundrad hverr. ccc. uorvuird j stadarspioll. atti kirkian jnnan sig. þrenn Messoklædi ath ollu oc uoru en af þeim vond. ij. höklar lauser. ij. kapur. vondr sloppr. misale samsett de tempore fra aduentu til paska oc er hon ecki eptir ordu. en önnur betri med kollectum pislum oc gudspiollum. siekuenciubok sæmilig per anni circvlum. lagasöngvabok. gradall per anni circvlum. lesbok de tempore a uetrin.

processiunall. de sanctis bok med les fra niuuikna föstu til paska. messubok utlendsk per anni circulum. einn salltari forn. oc xx. skrædur edur faneytar bækr. fontzklædi. oc glodarker. a krikian þar heimaland allt. biarnarstadi oc kollstadi. Jtem a krikian nichulas sögu oc lesbok de tempore per anni circulum." - DI V, 404
1499: "...Jtem ad siera þordur jonsson er þa hiellt stadenn sellde kirkiunne jordena alla kirkiubol er liggur [j Gilsbacka] kirkiusokn oc er xij c ad dyrleika. Jtem hier j mot skyl[ldi siera] þordur hafa hier [j mot] xj c af instædu kirkiunnar j sua [virdum] peningum. ij. kýr. ij. ausaudar kugillde. vj c. j [gielldfie] j nautum oc saudum oc hest firir hundrad. Jtem er nu jn[nstæda] kirkjiunnar xi kýr. attatijger asaudar oc atta betur. iiij. hestar. forustusaudur oc gridungur. reiknadist i porcio iiij merkur vppa v ar er siera þordur hefr halldid stadenn oc lagdi hann kirkiunne hialm er giordur var firir iiij merkur." - DI VII, 442-3.
1575: "Kirkian ad Gilzbacka a heimaland alltt og Lambatungur og skög i Husafellzhraun, allann Hagagard og alltt vppa mille Huijtar og Kalldar. alltt vpp til gautu theirrar er liggur fra Husafelle. og til Tungu hinnar litlu vppe hia amöte. og sköga alla fyrer nordann fliot thad er fellur næst Tungu og vpp ad Haffahrauni gagnvart Seliatungu. veidi j vlffsvatne ad helmingi og i Langa. Skamma. Vlffsvatza. og i Flodlæk og i Austurlæk, aull Grunnavötn og Lamba allt offann til Kialarar. Gæsatiarner fyrer hiedann Lamba og öll vötn vestur thadann. Kuijslavötn og Vrridatiorn og allar thær tiarner er thangad falla lækier vr. alfftveidi alla fyrer vestann Gnupdala gautu til Huannstödzt hins mikla. siönhending fra Huannstödinu og i flöa hinn eystra. ein tiorn nordur fra austurfloa. vesturfloa nordast Alffta floa huorutueggia og fiskveide. aull vötn fyrer sunan a tha sem fellur vr vesturfloa. og offann i Brattagil. fra Brattagile med Hrutafiardardal til Norurarzdalz (!) med Nordurardal fyrer sunnan til [Daugerdarar eyre] og Gijslavötn nedast fyrer sunnan nordurardal. tiarner allar i Hellisdal. Thuerarvötn og Tiarner allar í Lambadal. Laxveidi í Glenarar fossi i Nordurardal og alftveidi a Breidavatne. Holltavörduvötn og Reypavötn. Hrutafiardarveidi og afltveidur a huorutueggiu. Laxveijdi i Kiarara offann ad Gröff theirri er vt er fra sele Hukagilsmanna. vt fra Markagröff og til fiskelækiar. vidarriff i Selialandi Samstadamanna. Hualreka allan a Bordeyri. halffan [ad Kolla . xij vætter i tuijtugum hval og meira] a Heggstodum a Midfiardarnese. Jtem a kirkian a Gilzbacka . iij. kugilldi og .xx. er thar i .xij. kyr og .xj. asaudarkugilldi. Jtem .iij. hundradzhesta. eina hestamodur med folaldi .j c. Jtem jinnan stocks i daudu .iiij c. virdtt. Jtem i kirkiune ein gomul messuklædi og riffrilldi thar til. Jtem sæmeligur kaleikur og annar minne gamall. Jtem .iij. kluckur og ein bialla. eitt glodarkier. eirn jarnkall. Jtem ein kertastika med kopar og nöckrar Bokaskrædur faneytar. Jtem krikian vel standandi. Jtem a krkian Biarnastde og tekst aff .v. agillda leiga. thar liggia sex jarder til kirkiusoknar og a kongurinn .iiij. Jtem fastagotz. xl c. Jtem a kirkian Kolstade og Kirkiubol bader logbylis jerder." - DI XV, 553-4.
Tún 8.0 ha., 2/3 sléttur, kálgarður 740 m2. - Túnakort, 1917. "Skógur til raftviðar má kallast eyddur, en til kolgjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga lítt nýtandi.Laxveiðivon í Kjarará og silúngsveiði í Hvítá og Hrauná hefur áður mikil og góð verið, en nú gagnlítil í nokkur ár, og so í mörgum stöðuvötnum á Tvídægru. Eggver af álft gagnvænt og álftatekju alla á staðurinn á Tvídægru fyrir vestan Gnúpdælagötu, og er þetta kallað heimaland staðarins, brúkað lítt í nokkur ár. Grastekja hefur verið næg, fer til þurðar. Hvannatekja og rótargröftur mikil, brúkast lítt. Hvalreka á staðurinn allan að Borðeyri, hálfan að Kollá. Tólf vættir í tvítugum hval eður meira á Heggstöðum á Miðfjarðarnesi. Þessara rekaítaka hefur staðurinn ekki notið í manna minni. Item á staðurinn í mörgum ám og tjörnum, ekki verið brúkað í manna minni. Laxveiði í Glennrafossi, hefur ekki brúkast í manna minni. Engar engjar." - JÁM IV, 263.

MH-007:001 *Gilsbakki* bæjarhóll bústaður 64°43.323N 20°59.031V



Gilsbakki, horft til norðurs



Gamla bæjarstæðið, horft til vesturs

Bærinn stóð á svæði sem afmarkast af kirkjugarðinum til vesturs, girðingu í kringum íbúðarhús Magnúsar Sigurðssonar og Ragnheiðar Kristófersdóttur, byggt 1958, til austurs og brekkubrún til suðurs. Til norðurs náði hann inná lóð íbúðarhúss sem byggt var 1917.

Þar sem bærinn stóð er nú sléttaður hóll í túni þó má enn greina veggi framhúsanna sem hryggi í túninu. Á þeim hluta bæjarstæðisins sem nær inn fyrir lóðamörk íbúðarhúss sem byggt var 1917 hefur verið plantað trjám og ummerki bæjarins eru þar hvergi sjáanleg.
Bærinn sneri stöfnum suður. Hann með þremur burstum, þiljuðum að framan. Vestast var stofa og sneri stofugluggi fram á hlað, norðan við stofuna var svefnherbergi. Yfir vesturhlutanum var loft sem kallað var Norður- og Suðurloft. Í miðburst bæjarins voru bæjardyrnar og þaðan var gengið í stofu til vesturs og baðstofu til austurs. Inn af bæjardyrunum var eldhús. Líklega var loft einnig yfir bæjardyrunum, þó væntanlega aðeins skriðloft. Austasta burstin var baðstofa og inn af henni var afþiljað hjónahús þar sem afi og amma Magnúsar Sigurðssonar sváfu. Þar í horni var svo afþiljað kammers, prestskontórinn. Af mynd sem til er af bænum má sjá glugga undir hjónahússglugganum svo líklega hefur verið kjallari undir baðstofunni. Austan við bæinn, sambyggð honum, var smiðja og framan við hann var hlað. Talið var að reimt væri í hluta gamla bæjarins, þar átti Ingibjörg ráðskona hjá Hirti presti að ganga aftur með lyklakippuna og til eru nokkrar sögur af því. Enn má greina veggi milli framhúsanna, þeir eru þrír, um 1 m breiðir og 5 m langir, eru á svæði sem er um 8 m langt og 5 m breitt. Fyrir framan þá þar sem hlaðið var er nú um 2 m breið, slétt flöt í túninu en sunnan hennar er brekka sem hallar til suðurs. Bæjarstæðið er á hæð. Á sömu hæð vestarlega er kirkjan og kirkjugarður en austarlega á sömu hæðinni er íbúðarhús Magnúsar og Ragnheiðar. Þessi hæð er allstór, snýr austur-vestur og er 35 X 100 m að stærð. Hún er hæst um 3-4 m. Hæðin er eflaust að talsverðu leyti náttúruleg en að hluta til uppsöfnuð mannvistarlög.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-007:002 *Kirkjugarður* kirkjugarður kirkja 64°43.365N 20°59.076V



Gilsbakkakirkja, horft til suðausturs



Kirkjugarðurinn, horft til norðvesturs

"Rétt vestan við bæinn er Kirkjugarður og í honum stendur kirkjan", segir í örnefnaskrá. Austurhlið kirkjugarðsins myndar vesturhlið baklóðar íbúðarhúss, byggt 1917, á Gilsbakka. Kirkjugarðurinn var beint vestan við gamla bæinn (001) en lítil hestarétt var á milli bæjar og garðs.
Kirkjugarðurinn er lítið sléttaður og í honum eru mörg leiði ósléttuð og þó nokkuð um ómerkt, þó sérstaklega sunnan kirkju. Aðeins eitt birkitré vex í garðinum. Umhverfis garðinn var torfgarður og síðar steinsteypt girðing en hún hefur verið rifin. Nú er garðurinn girtur með timburgirðingu. Garðurinn hefur verið stækkaður lítillega til norðurs og vesturs. Á túnakorti frá 1917 er hann þó um 40-44 x 22-24 m að stærð, líkt og hann er enn.
Í kirkjugarðinum, norðaustanverðu horni hans, er reitur, sem er nefndur Sturlungareitur", segir í örnefnaskrá. Í Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum Jóns Ánasonar segir: "Það var og enn trú hjá alþýðu að maður sá er fyrst er grafinn í kirkjugarði rotni ekki og taki æ á móti þeim er síðar verða grafnir. Þann mann hafa menn kallað "vökumann" því hann á að vaka yfir garðinum. Ósjaldan hafa menn þótzt finna slíka vökumenn; eru þeir ófrýnir ásýndum, en þó rauðir íandliti eins og aðrir menn og órotnir; sumir segja að þeir eiga að vera rauðklæddir, en aðrir að þeir sú á grænum kjól. Í kirkjugörðunum í Reykholti, Síðumúla, á Lundi og Gilsbakka er sagt að vökumaður liggi í Sturlungareit, en það er útnorðurfjórðungur þessara garða. Ekki er langt síða að mönnum var lítið um að láta grafa sig í þessum reit eða ættingja sína." Í máldaga kirkjunnar í Ási í Hálsasveit frá 26.08.1258 segir : "Þar er skyllt at syngia hvern helgan dag fra gilsbacka, oc alla ymbrv daga, jola tiðer. Oc hina efstv vikv. Paska vikv alla. [ok] hina helv vikv. En bonde sa er þar byr skal giallda iiij merkr kaups preste. Þeim er þangat syngr oc fæða annat hvart mann eða hest með honvm þegar vetr kemr." 1306: "Gude er helgut Gizbacka kirkia og Mariu drottningu Michaele Gudz Eingle og Nicholao Erchibyskupe: er allann þennann stad a med Gude: Heimaland allt a krikia og lambatungur: og skog j husafellshraun allann firi nedan hagagard. og allt vpp a millum huijtar og dögurdar ar: allt vpp til gautu þeirrar er liggur fra husafelli og til tungu hinnar litlu vppe hia amote: og skoga alla firi nordan fliot þat er fellur næst tungu og vpp ad hafa hraune gagnvart seliatungu: fiskveide j vlfs

vatni ad helminge oc j langa: Skamma vlfs vatza: og j flodlæk oc j austurlæk. Grunnavötn aull og lamba allt ofan til kiararar: Gasatiarnir fyrir hiedan lamba: og aull vötn vestur þadan. kuijsla vatn og reida tiörn og allar þær tiarner er þangat falla læker wr: Alptveide alla firi vestan Gnupdæla götu til huannstodz ens mýckla: sionhending fra huannstodenu og j floa enn Eysta: Ein tiörn nordur fra austur floa: vestur floi nordast. alptveide a floa huorutueggia og ej fskveide: Aull vöthn firi sunnan a þa er fellur wr vesturfloa oc ofan j brattagil fra brattaGile med hrutafiardardal til nordurardals: med nordurardal sunnan til daugurdar Eyja og Gijslavathn nedast firi sunnan nordurardal: Tiarner allar j hellisdal: þuerarvötn og tiarner allar j lambadal. laxveide j Glennrar fosse j nordrardal: oc alptveide a breidavatne: holltavaurduvatn og reipavatn a hrutafiardar heide og alptveide a huoru tueggia: laxveide kiararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækiar: vidarrif j selia lande samstadamanna: hualreka allan a BordEyri. halfann a kolla: xij vættir j tuijtugum hual oc meira a hrexstödum a midfiardar nese: Þar fylgia kyr xij og gradungur xijdi og lxxxx asaudar. hrutur tuevetr forustu saudur: alptueida skip og hestur eirn.iiij c j Busgagne og husbuninge. þar fylgia v manna messufaut: oc diakns messufaut: iij gudvefiar höklar. og fustans hökull og lierepts hökull enn fimmte: kantara kapa af guduef og önnur vefiar kapa: enn þridia fustans kapa: silfr kaleikar ij: sloppar iiij. og allar tijda bökur: Tiöld vmhuerfis j kirkiu. kluckur v. tuennar samhringiur. vti klucka oc Biöllur ij. tuö glodarker og Eldbere. kertistikur iiij r. og kirkiu Munnlaug. og Gluggur eirn. og messu fata kristur tuær" - DI II, 358-9.

1367: "xcii. Nichulas kirkia a Gylsbacka a heimaland alltt oc lambatungur allar og skog j husafellzhraun. les vilchinsbok þui þad ber alltt saman. vtann hier stendur." - DI III, 224.

Þegar Hallur Svarthöfðason selur Jóni Gilssyni Kalmanstungu árið 1398 er ítaka Gilsbakka krikju í jörðinni getið: "...gilsbacki a skogh ofuan fræ hæfua rauni med vestrkuisl..." - DI III, 625.

1397: "CXXXVIII. Gilsbacke. Nicholaskirkia ad Gilsbacka a heimaland allt. Lambatungur og skog j Hvsafellzhraun. kyr xiij. xx asaudar oc hrutur tvævetur. gridungur oc forustugielldingur. hestar iij. hundradz virdi hver. alftveidarskip. cccc j bvsgognum. v manna messoklædi. kantarakapa af Gudvef oc onnur vefiarkapa oc hin þridia fustanskapa. kaleikar ij. sloppar iiij. cc j reflum. vc j bokum. kluckur v. oc biollur ij. glodarkier ij. elldbera oc glerglugg einn og messufata kistur ij. kiertistikur iiij oc kirkiu mvnnlaug. smelltann kross. alltaraklædi. v. onnur enn þau sem hvern dag ero hofd. Nichulasskriptt oc Laurentiusskriptt. Skrijn med helgum domumm. Jtem lagdi sira Petur Martiensson til kirkiunnar krossa ij oc alltarisbrijk. lagasongvabok. paxspialld. Sequentiubok sæmililga oc messubok ad pistlum oc Gudspiollum. sectetis oc orationibus fra Jolafostv til Trinitatisviku. þar skulu vera prestar ij oc diakn. kirkiann a skoga alla fyrer nordann fliot þat er fellur næst Tungu oc upp ad Hafa Hrauni gegnt Seliatunngv. Fiskveidi j Wlfsvatni ad Helmingi oc Langa. Skammæ Vlfvatzæ oc flodzlæk. austurlæk. Grunna votn oll com Lambæ allt ofan til Kiarrar. Gasatiarner fyrer nedan Lambæ og oll vötn þadann vestur. Kvyslavotn oc Reidartiorn oc allar þær tiarner er þangad falla læker vr. Alfttveidi alla firir vestann Gnvpdalagotu til Hvannstodz hinn micla . Sionhending fra stodinu oc i floa hinn eystra. ein tiorn nordur fra Austurfloa. Westurfloe nordast. Alftveidur a floa hvorum tveggia oc fiskveidi. oll votn firir sunnann a þa sem fellur vr Vesturfloa oc ofan j brattagil. fra brattagili med Hrutafiardardal til Nordurardals. med Nordurardal firir sunann til Dögurdarar eyar oc Gysla vatn nedast firir sunnan Nodurardal. tiarnir allar i Hellisdal. Þverarvotn oc tiarnir allar j Lambadal. laxveidur j Glennunar fosse j Norduræ oc alfttveide æ Breidavattni. Holltavorduvatn oc Reipavatn a Hrutafiardarheidi oc hvorutveggiu alftveidi. Laxveidi j Kiarra ofann ad grof þeirre er vt er fra seli Haukagilsmanna vt fra Merkigrof oc til fiskilækiar. Vidarrif j selialandi Samsstadamanna. Hualreka allan a Bordeyri oc halfann ad Kolla. xij vætter i tuitugumm hval oc meira a Hegstodumm a Midfiardarnesi. Jtem hefur þetta tillægist til kirkiunnar. iiij kyr. einn hestur. iijc j stdarspioll þa er sira Pall tok med oc var þar j ein kýr. cc voru. Kirkiann a oc jord er heiter æ Biarnarstodum j kirkiu reikning." - DI IV, 121-123.

1463: "Anno domini M. cd. lx. iij. lukust suo fellder peningar a gilsbacka stad þa sira gudmundr narfason afenti. en sira þorbiorn prestur amundason med tok. Jn primis xviij. kyr. oc x tigir asaudar. tueuetur hrutur. forustu saudr gamall. tuæuetur gradungur. fiorir hestar hundrad hverr. ccc. uorvuird j stadarspioll. atti kirkian jnnan sig. þrenn Messoklædi ath ollu oc uoru en af þeim vond. ij. höklar lauser. ij. kapur. vondr sloppr. misale samsett de tempore fra aduentu til paska oc er hon ecki eptir ordu. en önnur betri med kollectum pislum oc gudspiollum. siekuenciubok sæmilig per anni circvlum. lagasöngvabok. gradall per anni circvlum. lesbok de tempore a uetrin. processiunall. de sanctis bok med les fra niuuikna föstu til paska. messubok utlendsk per anni circulum. einn salltari forn. oc xx. skrædur edur faneytar bækr. fontzklædi. oc glodarker. a krikian þar heimaland allt. biarnarstadi oc kollstadi. Jtem a krikian nichulas sögu oc lesbok de tempore per anni circulum." - DI V, 404

1499: "...Jtem ad siera þordur jonsson er þa hiellt stadenn sellde kirkiunne jordena alla kirkiubol er liggur [j Gilsbacka] kirkiusokn oc er xij c ad dyrleika. Jtem hier j mot skyl[ldi siera] þordur hafa hier [j mot] xj c af instædu kirkiunnar j sua [virdum] peningum. ij. kýr. ij. ausaudar kugillde. vj c. j [gielldfie] j nautum oc saudum oc hest firir hundrad. Jtem er nu jn[nstæda] kirkjiunnar xi kýr. attatijger asaudar oc atta betur. iiij. hestar. forustusaudur oc gridungur. reiknadist i porcio iiij merkur vppa v ar er siera þordur hefr halldid stadenn oc lagdi hann kirkiunne hialm er giordur var firir iiij merkur." - DI VII, 442-3.

1575: "Kirkian ad Gilzbacka a heimaland alltt og Lambatungur og skög i Husafellzhraun, allann Hagagard og alltt vppa mille Huijtar og Kalldar. alltt vpp til gautu theirrar er liggur fra Husafelle. og til Tungu hinnar litlu vppe hia amöte. og sköga alla fyrer nordann fliot thad er fellur næst Tungu og vpp ad Haffahrauni gagnvart

Seliatungu. veidi j vlffsvatne ad helmingi og i Langa. Skamma. Vlffsvatza. og i Flodlæk og i Austurlæk, aull Grunnavötn og Lamba allt offann til Kialarar. Gæsatiarner fyrer hiedann Lamba og öll vötn vestur thadann. Kuijslavötn og Vrridatiorn og allar thær tiarner er thangad falla lækier vr. alfftveidi alla fyrer vestann Gnupdala gautu til Huannstödzt hins mikla. siönhending fra Huannstödinu og i flöa hinn eystra. ein tiorn nordur fra austurfloa. vesturfloa nordast Alffta floa huorutueggia og fiskveide. aull vötn fyrer sunan a tha sem fellur vr vesturfloa. og offann i Brattagil. fra Brattagile med Hrutafiardardal til Norurarzdalz (!) med Nordurardal fyrer sunnan til [Daugerdarar eyre] og Gijslavötn nedast fyrer sunnan nordurardal. tiarner allar i Hellisdal. Thuerarvötn og Tiarner allar í Lambadal. Laxveidi í Glenarar fossi i Nordurardal og alftveidi a Breidavatne. Holltavörduvötn og Reypavötn. Hrutafiardarveidi og afltveidur a huorutueggiu. Laxveijdi i Kiarara offann ad Gröff theirri er vt er fra sele Hukagilsmanna. vt fra Markagröff og til fiskelækiar. vidarriff i Selialandi Samstadamanna. Hualreka allan a Bordeyri. halffan [ad Kolla . xij vætter i tuijtugum hval og meira] a Heggstodum a Midfiardarnese. Jtem a kirkian a Gilzbacka . iij. kugilldi og .xx. er thar i .xij. kyr og .xj. asaudarkugilldi. Jtem .iij. hundradzhesta. eina hestamodur med folaldi .j c. Jtem jinnan stocks i daudu .iiij c. virdtt. Jtem i kirkiune ein gomul messuklædi og riffrilldi thar til. Jtem sæmeligur kaleikur og annar minne gamall. Jtem .iij. kluckur og ein bialla. eitt glodarkier. eirn jarnkall. Jtem ein kertastika med kopar og nöckrar Bokaskrædur faneytar. Jtem krikian vel standandi. Jtem a krkian Biarnastde og tekst aff .v. agillda leiga. thar liggia sex jarder til kirkiusoknar og a kongurinn .iiij. Jtem fastagotz. xl c. Jtem a kirkian Kolstade og Kirkiubol bader logbylis jerder." - DI XV, 553-4. Steinsteypt kirkja er nú á Gilsbakka á sama stað og eldri timburkirkjur stóðu. Kirkjan er 8 x 6 m að stærð en stendur á lítilli hæð sem er um 16 x 9 m að stærð, ógreinileg til norðurs og austurs, um 10-20 cm há. Kirkjugarðurinn sjálfur er á greinilegri hæð sem safnast hefur upp og er mest um 3-4 m á hæð þar sem hún er skýrust. Hæðin er um 10 m umhverfis garðinn. Mestur bratti er sunnan við hann um 3 m en annars staðar nokkuð lægri. Hæðin er skýr að sunnan og vestan en minni og lægri að norðan og fellur saman við bæjarhólinn að austan. Elstu leiðin í garðinum eru frá miðri 19. öld en næstum öll leiðin sunnan við kirkjuna eru ómerkt. Kirkjugarðshlið er á austanverðum garðinum en gengið er í kirkju að vestan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki,1 DI I, II, III, IV, VII, XV. Túnakort, 1917. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. I bindi, 216.

MH-007:003 hús bústaður 64°43.335N 20°59.021V
Á Gilsbakka eru nú þrjú íbúðarhús. Það elsta, byggt 1917, er merkt inn á túnakort sem var gert það ár. Húsið er um 10 m norðan við þar sem gamli bærinn (001) stóð og nú nær lóð sunnan við húsið, yfir hluta þess svæðis þar sem hann var.
Húsið er steinsteypt íbúðarhús. Það er á tveimur hæðum með kjallara og risi.
Húsið er ekki fornleif í lagalegum skilningi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

MH-007:004 heimild um fjós 64°43.314N 20°58.960V
"Fyrir austan Dyrahluta tekur við Fjósatunga, sem nær að Heimreiðinni, sem liggur upp í gegnum túnið", segir í örnefnaskrá. Fjós er merkt inn á túnakort frá 1917, um 30 m suðaustan við bæ (001). Það hefur verið um það bil þar sem syðri hluti núverandi fjóss er. Fjósið hefur verið um 40 m suðaustan við íbúðarhús Magnúsar Sigurðssonar og Ragnheiðar Kristófersdóttur, byggt 1958.
Núverandi fjósbygging með hlöðu og lágum súrheysturni stendur á lágum hæðarrana milli grunnra lægða vestan við heimreiðina að Gilsbakka.
Í bréfi frá Magnúsi Sigurðsyni á Gilsbakka til skrásetjara segir: "Torffjósið, sem merkt er 1917 og stóð til 1935, var þar sem syðri hluti núverandi fjóss er. Eftir að fjóshlaðan, sem enn stendur, var byggð 1930, var ca. 6 metra bil milli suðurveggjar vesturenda hennar og norðurgaflsins á torffjósinu. Það var tvístæðufjós, með níu básum. Hænsnakofi var til hliðar við inngangsranghalann. Steypta fjósið, sem leysti það af hólmi 1935, var einhölufjós, þ.e. einföld básaröð, með ellefu básum og náði að hlöðunni og ámóta langt suður og bæði torffjósið og núverandi fjós. Fjóshlaðan, sem rifin var 1930, sneri hinsvegar norður og suður og enda að fjósin, og var þar sem nú er vesturendi fjóshlöðunnar, og í þessu fyrrnefnda sex metra bili, því í hana var innangengt úr torffjósinu, en ekki í þá nýju. Þar þurfti að bera meisana á milli úti." Nú sjást engin ummerki eldri fjósa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Gilsbakki, 1. Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:005 *Hermundarhóll* dys legstaður 64°43.291N 20°59.200V
"Gilið vestan við túnið heitir Bæjargil. Vestur við það, vestur frá bænum, er hóll. Er heitir Hermundarhóll, kenndur við Hermund Illugason hins svarta og jafnvel talinn haugur hans", segir í örnefnaskrá. Hermundarhóll er stór og greinilegur í vesturjaðri túna, um 150 m VSV við bæ (001).

Hóllinn er rennisléttur, fast vestan hans er þverhnípt Bæjargilið.
Hóllinn er um 15 x 40 m að stærð og um 3 m á hæð. Hann hefur verið sléttaður að hluta. Ekkert bendir til þess að hóllinn sé að hluta manngerður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 1.

MH-007:006 hleðsla 64°43.208N 20°59.073V
"Neðsti og vestasti hluti túns, neðan við Kirkjuvöll, heitir Dyrahluti. Neðarlega í Dyrahluta er hlaðinn kross yfir sauðamann, sem varð þar úti á leið frá beitarhúsunum í norðanhríð", segir í örnefnaskrá. Krossinn er um 150 m SSA við bæ (001), um 50 m austan við Bæjargilið.
Umhverfis krossinn eru sléttuð tún.
Krossinn var úr torfhleðslu og var hlaðinn í túninu þar sem maðurinn varð úti. Enn má sjá móta fyrir honum þó hann sé að verða óskýr. Sá armur krossins sem snýr norður/suður er um 7 m langur og hinn um 6 m langur, austur/vestur. Armar hans um 1,5 m breiðir. Krossinn hefur oft verið sléttaður og sleginn og hefur smám saman máðst af honum í áranna rás.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 1.


Krossinn, horft til SSA

MH-007:007 *Smiðjutunga* örnefni smiðja 64°43.336N 20°58.941V
"Vestan við tröðina [017] austur af bænum [001], niður af fjárhúsunum [077] er Smiðjutunga", segir í örnefnaskrá. Smiðjutunga var bletturinn beggja vegna götunnar niður af Lambhúsum (077) kallaður, um 70-80 m VNV við bæ (001).
Gata er enn á þessum slóðum og slétt tún beggja vegna við hana.
Magnús Sigurðsson á Gilsbakka (f. 1924) man ekki eftir smiðju á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 1

MH-007:008 *Kvennastígur* gata leið 64°43.220N 20°59.131V
"Vestur af Dyrahluta er brekka í gilið er heitir Kvennastígur, mjög brött", segir í örnefnaskrá. Hluti brekkunnar niður í gilið, austan við það, heitir Kvennastígur. Hann er um 200 m suðvestan við bæ (001), þar sem lækurinn beygir til SSV í gilinu.
Kvennastígur er brött grasi vaxin brekka, í eins konar þrepum niður í gilið. Hún er grænni en brekkurnar í kring.
Samkvæmt Magnúsi Sigurðssyni fóru konur hér niður með þvott til skolunar í læknum (sjá 081), enda er brekkan í þrepum svo einna auðveldast hefur verið að komast að honum á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 1

MH-007:009 *Hundavað* heimild um vað 64°42.155N 20°54.361V
"Nokkuð fyrir neðan ármótin er vað á Hvítá, sem heitir Hundavað", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 380 m ofar, norðaustan við Oddavað (011), um 730 m ofar, norðaustan við Sesseljuvað (010) og um 4 km suðaustan við bæ (001).
Rétt ofan við vaðið, norðan ár er skógi vaxinn hóll. Hér er áin mjög breið og malareyri í henni miðri. Sunnan árinnar eru sandbakkar og síðar nokkuð brött skógi vaxin hæð.
Engir slóðar eða önnur ummerki um vaðið eru á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 2

MH-007:010 *Sesseljuvað* heimild um vað 64°42.155N 20°54.361V
"Nokkuð fyrir neðan Hundavað [009] er annað vað á Hvítá, sem heitir Sesseljuvað. Það er móts við Sesseljuvörðu sunnan ár", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 730 m neðan, suðvestan við Hundavað (009), og um 370 m neðan, VSV við Oddavað (011) og um 4,3 km suðaustan við bæ (001).
Norðan árinnar er talsverð grjót og sandeyri, sunnan hennar er einnig grýttur bakki en mun mjórri og fljótt taka við kjarrivaxnir grasblettir. Sunnan árinnar er einnig dálítill hóll með vörðubroti á.
Samkvæmt Magnúsi Sigurðssyni var Sellseljuvað/brot var ekki vað í þeim skilningi að þar væri alfara leið en


hins vegar bar við að þar væri vaðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 2

MH-007:011 *Oddavað* heimild um vað 64°42.329N 20°54.136V
"Heldur ofar en það [Sesseljuvað 010], en neðan Hundavaðs [009], er Oddavað á Hvítá. Það er til móts við Húsafellsskóg neðst", segir í örnefnaskrá. Oddavað er um 380 m neðan, suðvestan við Hundavað (009), um 370 m ofan, ANA við Sesseljuvað (010) og um 4,3 km suðaustan við bæ (001).
Norðan ár eru hraunhellur að ánni og ofar sandur og þá smá grasbakki, Vaðið er neðan við flúðir í ánni og sunnan hennar er sandbakki og ofar skógur.
Engin ummerki vaðsins eða slóða að því eru sjáanleg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakka, 2

MH-007:012 tóftir 64°44.829N 20°58.263V



Tóftirnar, horft til suðausturs



Í Bæjargili, um 3 km NNV við bæ (001), fast vestan við lækinn eru tóftir.
Tóftirnar eru undir brattri grasivaxinni brekku, fast vestan lækjarins sem rennur í gilinu. Á fremur þýfðum grasbakka. Eystri gilbarmurinn er ekki jafn grasivaxinn og sá vestari á þessum slóðum en er grýttari og brattari.
Á svæðinu, sem er 10 x 6 m stórt eru tvær tóftir. Þær virðast báðar vera einfaldar, engin skipting er greinanleg. Ekki er ljóst hvort eða hvar op hefur verið á þeim enda eru austurhliðar þeirra beggja talsvert skemmdar vegna kindagata. Það er þó ekki óhugsandi að op hafi verið þar sem kindagöturnar skera þær. Nyrðri tóftin er stærri og er aðeins hærra í landslaginu sem hér hallar eilítið til suðurs. Hún er um 6 x 3 m að stærð, snýr ANA-VSV. Sú syðri, sem er um 3 m sunnar er minni, um 3 x 4 m að stærð. Hún snýr austur/vestur. Báðar eru tóftirnar niðurgrafnar þannig eru hleðslur stærri tóftarinnar eru um 70 cm háar ef mælt er innan frá en um 20 cm þegar mál er tekið utan frá. Hleðslur þeirrar minni eru um 40 cm háar að innan máli en um 20 cm að utan. Báðar tóftirnar eru að hluta til afmyndaðar af stórþýfi en þó enn vel greinanlegar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í tóftunum. Hlutverk tóftanna er ekki þekkt en umhverfi þeirra og staðsetning benda helst til að um sel sé að ræða. Tóftirnar eru rétt við læk og gott beitilendi er í nágrenninu. Þar sem þær eru ofan í gilinu skapast, að auki, ágætt náttúrulegt aðhald við tóftirnar. Um 500 m norðan við þær er svo hlaðið gerði, hugsanlega nátthagi (034). Þó er ekki hægt að fullyrða um hlutverk þeirra að svo stöddu.
Hættumat: engin hætta

MH-007:013 *Gunnlaugshöfði* þjóðsaga 64°42.037N 20°57.069V
"Þar rétt neðar [en Halafoss] er móhelluhöfði upp úr hrauninu og heitir hann Gunnlaugshöfði. Hann er kenndur við einn af Hellismönnum. Þetta er beint austur af Hraunsásnum, enda er það þar á milli, sem sagt er, að Músa-Bölverkur hafi grafið skurðinn", segir í örnefnaskrá. Gunnlaugshöfði er við Hvítá um 2,7 km suðaustan við bæ (001) og um 1 km ofan, austan, við Barnafoss (014).
Höfðinn er norðan Hvítár, þéttvaxinn birkitrjám. Norðan við hann rennur kvísl í ánna sem á upptök sín fast norðaustan við höfðann.

Í Hellismannasögu (úr JÁ) segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Vilmundur var drepinn hjá Vilmundarsteini fyrir utan Húsafell; Gunnlaugur á Gunnlaugshöfða við Hvítá." JÁ
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 2. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292.

MH-007:014 *Barnafoss* þjóðsaga 64°42.099N 20°58.438V
"Nokkru neðar [en Gunnlaugshöfðakvísl] eru foss í ánni sem heitir Barnafoss. Hann eru þekktur fyrir þjóðsögur þær, sem um hann eru. En hvað sem þeim gamla niðurbrotna boga viðvíkur, þá eru nú tveir bogar að koma fram", segir í örnefnaskrá. Barnafoss er í Hvítá um 1 km neðan, vestan, við Gunnlaugshöfða (013).
Fossinn fellur niður af bergbrún í allmiklu gili. Gilbarmarnir eru vaxnir kjarri og birkitrjám og víða eru grasi grónar syllur.
Fræg er sagan í þjóðsögum Jóns Árnasonar um barnadauðann við fossinn. Þar segir: "Það er sagt að eftir það að Músa-Bölverkur í Hraunsási veitti Hvítá í gegnum ásinn hafi verið steinbogi á ánni sjálfgjörður. Átti þá Hraunsás kirkjusókn að Gilsbakka. Einu sinni bjó kona nokkur í Hraunsási. Hún átti tvo sonu stálpaða; auðug var hún að fé. Einhverju sinni fór hún og allt heimafólk hennar til kirkju upp að Gilsbakka. Vóru þá sveinarnir tveir einir heima og tók hún þeim vara fyrir að fara ekki frá bænum meðan hún væri í burtu. En þegar fólkið var farið í burt ætluðu drengirnir að elta kirkjufólkið og fóru norður ásinn. Þeir komu að boganum, en það er sagt að boginn var mjór og hátt ofan að vatninu, en foss undir. Sveinarnir tóku þá höndum saman og leiddust. Fóru þeir þá út á bogann og ætluðu yfir ána. En þegar þeir komu út á miðjan bogann varð þeim litið niður fyrir sig. Þá sundlaði þá er þeir sáu í iðuna undir boganum og féllu út af niður í ána. Þegar fólkið kom heim aftur fundust sveinarnir hvergi. Móðir þeirra lét leita að þeim, en allt kom fyrir eitt, sveinarnir fundust ekki. Hún frétti þá hvernig á stóð; því einhver átti að hafa séð til sveinanna, en orðið of seinn til hjálpar. Reiddist þá konan og lét höggva bogann af ánni með þeim ummælum að þar skyldi eigi framar lífs yfir komast. Fossinn heitir síðan Barnafoss. Konan hét því nú að ef börnin fyndust skyldi hún gefa þeirri kirkju Norðurreyki sem ætti þar sveit að ánni sem þau ræki upp og þeirri kirkju sem þau yrðu grafin við skyldi hún gefa Hraunsás og Húsafell í legkaup. Allar þessar jarðir átti hún. Nokkru seinna fundust bæði börnin rekin hjá Norðurreykjum, en það er í Reykjaholtssókn. Sveinarnir vóru grafnir í Reykholti svo Reykholtskirkja fékk jarðirnar allar. Og hvað sem satt er eða ekki í sögu þessari þá eru nú allar þessar jarðir eign Reykjaholtskirkju." JÁ


Barnafoss

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 2. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 105-106.

MH-007:015 *Barnafossbrú* brú brú 64°42.120N 20°58.469V
"Rétt neðar [en Barnafoss] er er gömul trébrú á ánni, og heitir hún Barnafossbrú. Er það ein elzta trébrú sem til er", segir í örnefnaskrá. Nú er göngubrú yfir Hvítá á þessum stað, hún liggur ANA-VSV yfir ána, um 45 m neðan við þar sem útsýnispallur er við fossinn.
Hvítá rennur í allmiklu gili þar sem brúin liggur yfir hana. Gilið er vaxið kjarri og birkitrjám. Norðaustan við brúna er mosavaxið helluhraun.
Brúin sem fyrst var byggð yfir Hvítá hjá Barnafossi var byggð árið 1891. Hún var síðar lagfærð og endurbætt. Brúin sem nú liggur yfir Barnafoss, var byggð árið 1953. Þá átti að byggja bílfæra brú, en þau plön runnu út í sandinn. Brúin er göngubrú, með trégólfi en burðarvirkið er úr járni sem og handriðið. Bitarnir undir gólfinu eru á steyptum stöplum á gilbörmunum. Brúin er um 11 m löng og 1,5 m breið.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 2

MH-007:016 gata leið 64°42.146N 20°58.429V



Leiðin, horft til NNV

"Frá Barnafossbrú [015] liggur gata þvert yfir hraunið. Er hún vörðuð", segir í örnefnaskrá. Gatan liggur frá Barnafossbrú (015) þvert yfir vesturhluta Gráhrauns, í gegnum Grenbollana og upp úr þeim yfir Stóraklif (024).
Gatan liggur yfir mosavaxið helluhraun, víða eru birkihrískur á stangli og í Grenbollunum er dálítill skógur.
Gatan er mjög vel vörðuð þar sem hún liggur yfir hraunið og aldrei er langt á milli varða. Um 50 vörður, um og yfir 1 m á hæð, eru við leiðina auk allmargra smærri varða. Vörðurnar eru allar hlaðnar úr hraungrýti, flestar kringlóttar neðst um 0,5 - 1 m í þvermál. Þær eru lítið hrundar og hefur eflaust verið haldið við. Samkvæmt Þorkeli Sigurðssyni frá Kolstöðum varðaði Guðmundur Sigurðsson, fyrrverandi bóndi á Kolsstöðum og afi Þorkels, leiðina 1891 og voru vörðurnar upphaflega 63. Slóði liggur með vörðunum þvert yfir hraunið, misgreinilegur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,2

MH-007:017 heimild um traðir 64°43.243N 20°58.785V
"Neðst í Austurtúni heitir Traðarpollur. Var hann þar í skurði, en nú mun hann hafa verið ræstur fram", segir í örnefnaskrá. Traðarpollur var um 250 m SSA við bæ (001), um 20 m austan við heimreið.
Skurður liggur ANA-VSV í sléttuðu tún austan við heimreiðina, frá skurðinum miðjum er renna til norðurs og rétt neðan, sunnan, við hana var Traðarpollur.
Á þessum stað mun hafa verði pollur við traðirnar eru lágu upp að bænum. Það munu vera eldri traðir en þær sem sýndar eru á túnakorti frá 1917. . Hvorki sér til traðanna né pollsins. Traðirnar munu líklega ekki hafa verið upphlaðnar. Þarna hefur þó legið leið heim að bænum og hefur, þegar hún var í notkun, legið utan túns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 1-2.

MH-007:018 frásögn rétt 64°43.320N 20°59.047V
Hestarétt var vestan við gamla bæinn (001), milli hans og kirkjugarðs (002). Svæðið þar sem hestaréttin stóð afmarkasta af kirkjugarðinum til vesturs og framgarði íbúðarhúss frá 1917 til norðurs. Réttin var fast vestan við gamla bæinn (001). Réttin er sýnd sem hluti af bæjarþyrpingunni á túnakorti frá 1917.
Þar sem réttin var er nú sléttað tún, hugsanlegt er að hún hafi einnig náð inn í garðinn fyrir framan húsið frá 1917, þar hefur trjám verið plantað.
Réttin var hlaðin úr torfi. Var notuð fyrir hross þegar gesti bar að garði. Engin ummerki réttarinnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-007:019 *Prestagata* gata leið 64°42.902N 20°54.859V
"Nokkuð fyrir vestan Miðkima meðfram Litlafljóti eru skógarbrekkur og kimar með fljótinu sem nefndir eru Blettir. ... Úr blettunum liggur gata suður í Kálfhólana. Þessi gata var fjölfarin í gamla daga og heitir Prestagata. Hefur verið máð upp úr klettunum, svo mikið hefur hún verið farin ... Brautin er gamlir götuslóðar úr Eden, sem liggja vestur í Grafninginn ... þvert yfir hraunið", segir í örnefnaskrá. Prestagata lá yfir hraunið að Húsafelli og var um 70 m langur kafli hennar nefndur Brautin. Gatan er ekki víða greinileg í hrauninu en við Prestavörðu (020) , um 1, 5 km frá þjóðvegi, sem nú liggur um Síðuna og 3,4 km suðaustan við bæ (001) má sjá lyngivaxna lægð í hrauninu, eflaust leifar götu sem nú er gróin.
Gatan liggur yfir mosavaxið helluhraun.
Gatan er greinileg norðan og austan við hraunbunguna sem Prestavarða (020) er á. Hún er nú gróin lægð í hraunið þar sem máðst hefur upp úr klettunum og síðar gróið fyrir. Gatan er greinileg á um 30 m löngum kafla fram hjá Prestavörðu (020), liggur SSA/NNV
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,3

MH-007:020 *Prestavarða* varða samgöngubót 64°42.897N 20°54.859V

"Suður við hólana [Kálfhólana], á hraunbungu við Prestagötu [019], er varða sem heitir Prestavarða", segir í örnefnaskrá. Prestavarða er um 3,4 km suðaustan við bæ (001) á hraunbungu, um 1,5 km sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.

Varðan er í mosa og lyngi vöxnu helluhrauni. Hún er á hraunbungu fasta norðan við sprungu í henni, sem liggur austur/vestur.

Varðan er næstum hringlaga, um 80 cm í þvermál og um 1,2 m á hæð. Varðan fauk árið 1942, en var endurhlaðin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gilsbakki,3



Varðan, horft til SSV

MH-007:021 frásögn smiðja 64°43.317N 20°58.999V

Smiðja var áður við suðvesturhorn íbúðarhúss Magnúsar Sigurðssonar og Ragnheiðar Kristófersdóttur, byggt 1958, og sneri skakk horn á gamla bæinn (001). Smiðjan var horfin áður en íbúðarhúsið var byggt.

Svæðið þar sem smiðjan var er nú lóð í kringum íbúðarhús Magnúsar og Ragnheiðar. Þar er slétt grasflöt og birkitré.

Engin ummerki smiðjunnar sjást. Um hana segir Magnús, í bréfi til skrásetjara: "Smiðjan, sem hér um ræðir, sást í mínu minni aðeins svo að mótaði fyrir veggjum. Ég held að þetta hús hafi ekki verið uppistandandi eftir að afi minn kom hingað 1881, máske horfið löngu fyrr og sögnin ein verið eftir um það."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gilsbakki,3. Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:022 frásögn kolagröf 64°43.116N 20°55.883V

Kolgrafir voru í Blettunum og mátti greina hér og þar. Engin ummerki um grafir fundust hins vegar við vettvangsskoðun og eru þær líklega horfnar við túnrækt og hugsanlega einhverjar í skóg. Hnit var tekið um 2, 5 km suðaustan við bæ (001) og um 1 km norðaustan við tófugildru (065), í skógi milli ræktaðra túna.

Þar sem kolagrafirnar voru er nú, slétt tún inni í birkiskógi.

Ekki sáust nein ummerki um kolgrafir við vettvangsskoðun og líklega hefur verið sléttað yfir þær eða þær horfið í skóg, sem hefur þéttst á síðustu árum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-007:023 *Hraunhús* heimild um beitarhús 64°42.645N 20°59.035V

"Á eyrunum [Hraunhúseyrunum] voru beitarhús til 1925, sem hétu Hraunhús", segir í örnefnaskrá. Hraunhúseyrar eru nú orðnar að sléttuðu túni neðan þjóðvegar. Engin merki sjást því um Hraunhús en þau voru um 1200 m SSV við bæ (001) og um 100 m sunnan við þjóðveg.

Þar sem húsin voru eru rennislétt tún í birki og mosavöxnu hrauni, sunnan við rennur Litlafljót en norðan við þar sem húsin hafa verið er lækur í túninu.

Hæð er í túninu þar sem húsin voru, svolítið dældótt. Önnur ummerki eru ekki um húsin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Gilsbakki,4

MH-007:024 *Stóraklif* hleðsla samgöngubót 64°42.579N 20°58.112V

"Á götunni til Barnafossbrúar, þegar farið er upp úr Grenbollunum, er Stóraklif", segir í örnefnaskrá. Stóraklif er á leið (016) sem liggur þvert yfir hraunið frá Barnafossbrú (015). Það er um 1,5 km suðaustan við bæ (001) og um 1 km norðan við Barnafoss (014), í norður hluta Grenbollanna.

Klifið er í mosavöxnu helluhrauni. Dálítill birkiskógur er sunnan við og fast norðan við klifið er varða.

Stóraklif er þar sem hlaðið hefur verið í sprungu á um 4 m kafla. Sprungan og þ.a.l. hleðslan snýr austur/vestur og er um 60 cm breið, hún er vaxin mosa, lyngi og grasi og er illgreinanleg nema vel sé að gáð. Sprungan er líklega um 1-2 m djúp og fyllir hleðslan hana þar sem gatan lá yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gilsbakki,4



Hleðslan í sprungunni, horft til vesturs

MH-007:025 *Þrengsli* gata leið 64°42.326N 20°59.679V
"Gata liggur gegnum hraunið af Stínuflöt og suður á Lambeyri ... Þessi gata heitir Þrengsli", segir í örnefnaskrá. Þrengslin liggja gegnum Stínuflöt, yfir lækinn sem rennur neðarlega í Skógarhrauninu og niður á Lambeyri. Þar sem gatan liggur yfir lækinn er hún um 2 km SSV við bæ (001).
Gatan liggur milli birkitrjáa í helluhrauninu.
Gatan er víðast aðeins einn skorningur, yfirleitt um 30 cm djúp, enda ekki rými til að ríða hlið við hlið á þessum slóðum, þar sem hraunið er þéttvaxið birkitrjám.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,4

MH-007:026 tóft sæluhús 64°42.236N 20°59.493V



Tóftin, horft til suðurs



"Vestan við Fljótsósinn sunnan undir Hellishrauni er brekka sem heitir Fljótsbrekka. Í henni eru leifar eftir kofa varðmanna úr kláðaverðinum", segir í örnefnaskrá. Kofatóftin er um 40 m neðan, vestan við ós Litlafljóts, þar sem það rennur í Hvítá. Hún er í rótum Fljótsbrekku um 2 km sunnan við bæ (001) og um 50 m norðan við Hvítá.
Tóftin er í grasivöxnum móa, umhverfis eru nokkur birkitré á stangli. Norðan tóftarinnar er Fljótsbrekkan vaxin grasi og birkitrjám.
Tóftin er tvískipt, 6 x 3 m stór og snýr norður/suður. Op er sunnarlega á vesturvegg hennar, fast sunnan við millivegginn og á milli hólfa austast á milliveggnum. Hólfin eru mjög svipuð að stærð en hið nyrðra er heldur stærra. Tóftin er að nokkru leyti hlaupin í þúfur en þó er byggingarlag hennar enn greinilegt. Hleðsluhæðin er um 60 cm, engar grjóthleðslur eru greinilegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,4

MH-007:027 *Grásteinn* heimild um landamerki 64°42.621N 21°01.131V
"Melkambur er hjá hliðinu á girðingunni [merkjagirðingunni milli Gilsbakka og Bjarnastaða] sem heitir Melshorn. Nokkuð hátt uppi er steinn á merkjum, er heitir Grásteinn. Á hann er klappað L.M", segir í örnefnaskrá. Grásteinn er á merkjum Gilsbakka og Bjarnastaða, fast vestan við merkjagirðinguna. Hann er um 90 m norðaustan við efsta sumarhúsið í Bjarnastaðalandi (það er nr. 2214077).
Steinninn er á grasivöxnu svæði, fast sunnan við hann vaxa tré svo hann sést ekki frá suðri og vart úr austri.
Magnús Sigurðsson á Gilsbakka sagði áletrunina sjást en hún fannst ekki við vettvangsskoðun. Steinninn er um 1 m hár og um 1,2 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,4

MH-007:028 *Skógarvarða* varða 64°42.598N 21°00.631V



Varðan, horft til norðausturs

"Skógarvarða er utan og ofanvert við Skóginn fyrrnefnda og norðaustur af Melshorni", segir í örnefnaskrá. Skógarvarða er í skógarrjóðri um 1,8 km suðvestan við bæ (001) og um 115 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.
Varðan er á dálítilli hæð í skógarrjóðri vöxnu lyngi og grasi. Allt í kringum hana vaxa birkitré.
Varðan er ferhyrnd, stæðileg og um 1 m á kant og 1, 5 m há. Í kringum hana er dálítil grjótdreif, líklega síðan varðan fauk árið 1942. Hún var endurhlaðin af Sigurði föður Magnúsar í byrjun fimmta áratugar 20. aldar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,4

MH-007:029 *Þrívörður* varða landamerki 64°42.814N 21°01.199V

"En efst í Úthlíð eru Þrívörður, sem eru á hlíðarbrúninni neðri", segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru fjórar vörður á merkjum milli Gilsbakka og Bjarnastaða, Bjarnastaðamegin við merkjagirðingu. Þær eru um 2 km suðvestan við bæ (001) og um 800 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.



Vörðurnar, horft til suðurs

Vörðurnar eru tvær og tvær saman á sitt á hvorum enda stórrar klappar sem er að hluta til mosavaxin. Klöppin hækkar til norðurs. Fyrir neðan tekur við allmikill greni- og birkiskógur en ofar birkikjarr og enn ofar berangurslegur melur.

Vörðurnar syðra megin eru tvær. Sú vestari er nærri ferhyrnd, um 1 m á kant og 1,6 m á hæð. Sú eystri er ílöng um 1 m á lengd, 60 cm breið og um 1 m á hæð. Um 1 m er á milli þeirra. Nyrðri vörðurnar tvær eru um 5 m norðar. Sú eystri er um 1, 5 m á lengd og 1m á breidd og 1,1 m á hæð. Hún hallar til norðurs. Sú vestari stendur hæst í landslaginu af þeim öllum. Hún er um 1 m á lengd, 70 cm á breidd og um 70 cm á hæð. Líklega hefur verið hlaðið ofan á hana í seinni tíð. Um 2 m eru á milli nyrðri varðanna. Vörðurnar hafa eflaust eitt sinn verið þrjár talsins eins og nafnið gefur til kynna en ekki er gott að segja til um hver þeirra bættist síðast í hópinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gilsbakki,5

MH-007:030 *Einstakavarða* varða landamerki 64°43.009N 21°00.987V

"Þaðan [úr Þrívörðum 029] breytir stefnan meir til austurs í vörðu á Kotbrún. Þessi varða heitir Einstakavarða eða Skaptavarða", segir í örnefnaskrá. Einstakavarða er á merkjum Gilsbakka og Bjarnastaða og er merkjagirðingin girt í hana. Hún er um 1,6 km VSV við bæ (001), um 1 km norðan við þjóðveg.



Varðan, horft til norðvesturs


Varðan er á mosavöxnum mel, sem heldur áfram til norðurs og austurs. Vestan við er grasivaxið svæði og neðar skógur.

Varðan er því sem næst ferhyrnd um 1,2 m á kant og um 1, 8 m á hæð. Sunnan og suðvestan við hana eru nokkrir steinar í hrúgu. Má ætla að þeir séu stuðningur við hana fremur en hrun úr henni. Um Einstökuvörðu segir Magnús Sigurðsson í bréfi til skrásetjara: "Steinarnir, sem eru upp við Einstökuvörðu að sunnan hafa verið þarna allt mitt minni, en mér er nær að halda, að þegar þarna var fyrst girt merkjagirðing, líklega 1914, eða því sem næst, hafi þessum steinum verið hlaðið þarna til að styrkja vörðuna þegar girðingin var strengd á hana."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Gilsbakki,5. Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:031 *Sauðhús* tóftir beitarhús 64°43.009N 21°00.130V





Efri tóftin, horft til NNV



Neðri tóftin, horft til norðurs

"Í Kotbrúninni eru beitarhúsatættur sem nefndar eru Sauðhús", segir í örnefnaskrá. Tóftirnar af sauðhúsunum eru tvær. Efri tóftin er um 1 km VSV við bæ (001), um 750 m norðan við þjóðveg og um 330 m vestan við Ytragil. Neðri tóftin eru m 30 m suðaustan við þá efri.
Tóftirnar eru í dálitlum halla til suðurs. Þær eru á grasivöxnu svæði neðan við Kotbrún sem er gróinn melhryggur. Fast austan við er mýrarslakki en í aðrar áttir er grasivaxinn mói, nokkuð þýfður.
"Í Kotbrúninni eru beitarhúsatættur sem nefndar eru Sauðhús. Munu þetta vera rústir hins gamla bæjar, er hét Höggvandastaðir. Eru þeir taldir gömul hjáleiga 1709, og getið er þessa býlis í Heiðarvígu. Trúlegt er að Kotbrún sé dregin af þessu koti", segir í örnefnaskrá. Í Heiðarvígasögu segir: "Fara þeir bræðr til Þorgísls á Höggvandastöðum" og síðar "Ferr verkrinn um síðuna, ok því meir er um sóttina sem meir líðr upp í heraðit ferðinni, ok þeir koma á Höggvandastaði, ok var þar allt þakt af hröfnum" ÍS VII. Í Íslenskum sögustöðum segir: "Fyrir vestan Gilsbakka var áður bærinn Höggvandastaðir, þar eru nú fjárhús." og í neðanmálsgrein aftan við þá setningu segir enn fremur "Í kirkjuhurð á Gilsbakka er einn af þessum venjulegu stóru málmhringjum, án áletrunar eða ártals. Er sagt að hann sé úr Höggvandastaðahofi, en allt er óþekkt um það hof." KK Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka segir í svari við fyrirspurn um rústir í landareigninni: "Sauðhúsin ... þar voru beitarhús, þar sem sauðirnir voru hafðir, meðan sauðaeign hélzt, en hún féll niður þegar hætt var að færa frá, sem hér mun hafa verið rétt fyrir fyrri heimsstyrjöld. Þau munu hafa verið rifin fyrir 1920, þ.e tekið ofan af þeim. En þegar ég man fyrst eftir stóðu allir veggir. Þeir eru nú mjög farnir að troðast niður, enda mæðir mikið á þeim traðk fénaðar, ekki sízt hrossa, því vel grænkar þar á vorin ... til samans minnir mig að ég heyrði að þau tækju upp undir 200 kindur." Í Kotbrúninni eru tvær tóftir á svæði sem er um 56 x 50 m stórt og snýr norður/suður. Efri fjárhústóftin er um 10 x 8 m að stærð, snýr SSA/NNV, hún er þrískipt. Tvö hólfanna eru samsíða, þau eru bæði opin á miðjum suðurvegg. Hvort hólfið um sig er um 2 m breitt að innan máli, það vestara ívið stærra. Veggir hólfanna eru hlaðnir úr torfi og grjóti og má sumstaðar greina allt að þrjú umför. Víðast er þó gróið fyrir hleðslurnar. Hleðsluhæðin er mest um 1,3 m og minnst um 20 cm. Í báðum hólfunum er grjóthlaðinn garði í þeim miðjum, þær hleðslur eru fremur grónar, sérstaklega í vestara hólfinu. Fast norðan við tóftina mótar fyrir torfhleðslum, þriðja hólfinu sem snýr þvert á hin tvö, með opi á miðjum austurvegg. Hleðslur þess eru að miklu leyti hlaupnar í þúfur en greinilegar hér og þar, mest um 40 cm háar. Tóftin er á mjög grænum bletti sem sker sig úr umhverfinu, hann er um 20 m langur og 13 m breiður, snýr eins og tóftinn. Bletturinn er mjög þýfður og þar má víða sjá grjót gægjast upp úr þúfunum. Framan við tóftina er svo aflöng hæð sem nær um 5 m fram undan henni til suðurs. Neðri tóftin er um 30 m suðaustan við þá efri. Hún er tvískipt um 12 x 6,5 m að stærð, snýr norður/suður. Stærra hólfið snýr norður/suður, það minna er norðan við það og snýr þvert á það. Stærra hólfið er


opið á miðjum suðurvegg en ekkert op er greinilegt á því minna. Eftir miðju stærra hólfinu er hlaðinn garði úr torfi og grjóti og eru hleðslurnar grónar. Austur- og vesturveggir tóftarinnar eru fremur signir, sérstaklega vestari veggurinn en þó má greina allt að tvö umför af grjóti. Aðrir veggir eru hærri og er hleðsluhæðin mest um 1,2 m. Tóftin er á lítilli hæð, vel grænni um 13 x 16 m að stærð sem snýr eins og tóftin. Báðar tóftirnar hafa talsvert látið ásjá vegna ágangs skepna. Magnús Sigurðsson á Gilsbakka taldi að garðlagsleifar væru greinilegar ofan við efri tóftina en það fannst ekki við vettvangsskoðun enda hlíðin ofan tóftanna á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki,5 . KK: Kristian Kaalund, Íslenskir sögustaðir II,12. Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 10699. ÍS: Íslendingasögur VII, bls. 274 og 343.

MH-007:032 *Kirkjustapi* varða 64°43.368N 20°59.711V

"Efst og austast í Kotbrún er hóll með vörðubroti á sem heitir Kirkjustapi, austur við Ytragil, næstum því vestur af bæ", segir í örnefnaskrá. Kirkjustapi er um 550 m vestan við bæ (001) og um 100 m vestan við Ytragil.
Vörðubrotið er á grasivöxnum hól. Fast austan við hann er kjarr skógur að gilinu. Sunnan við er skógivaxin ræma á annars grasivöxnu og sumstaðar mýrlendu svæði. Ofar tekur við lyngivaxinn melur.
Vörðubrotið er gróið og um 30 cm á hæð og um 15 cm í þvermál. Í kringum það er grjótdreif sem nær yfir svæði sem eru um 3 x 2 m að stærð, líklega hrun úr vörðunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,5


Varðan, horft til norðvesturs

MH-007:033 *Stekkurinn* tóftir+garðlag stekkur 64°42.760N 20°59.398V




"Stekkurinn er á hól milli giljanna (Ytragils og Bæjargilsins) neðst, en Stekkur er heildarnafn á svæðinu neðst milli giljanna", segir í örnefnaskrá. Á Stekknum, svæðinu, eru tvær tóftir og leifar tveggja garðlaga. Rústunum er hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Stærsta tóftin, líklega stekkurinn sjálfur (a) er um 1 km SSV við bæ (001), um 20 m norðan við Hrauná og um 50 m norðan við Bæjargilið, uppi á háum hól. Um 3 m sunnan við (a) er ógreinilegt gerði, ef til vill leifar aðhalds eða réttar (b). Um 5 m vestan við hólinn sem (a) er á, um 10 m norðan við Hrauná og um 70 m VSV við stekkjartóftina (a) er önnur tóft, hugsanlega annar stekkur (c). Milli tóftanna (a) og (c), í vesturhlíð stekkjarhólsins er óskýr hleðsla, gerði (d), svipað (b). Það er um 55 m VSV við (a).
Stekkjarhóllinn er grasivaxinn, smáþýfður í toppinn. Hlíðar hans eru mjög þýfðar sem og svæðið neðan hans.

Um 1 m norðan við (a) hefur verið plantað trjám. Til austurs og norðausturs er kjarrivaxin hæð fast við gilið en vestan við er graslendi þar til svæði vaxið kjarri og trjám tekur við.
Svæðið sem tóftirnar og gerðin eru á er alls um 65 x 42 m stórt og snýr austur/vestur. Stekkjarrústin (a) skiptist í þrjú hólf, (1), (2) og (3). Hún er um 11 x 7 m að stærð og snýr austur/vestur. Hún skiptist í tvö stór hólf sem snúa annars vegar norður/suður (1) og hins vegar ASA/VNV (2). (2) er fast vestan við (1). Þriðja hólfið (3) er ógreinilegra og öllu minna, það snýr austur/vestur út frá norðausturhorni (1). Öll hólfin hafa op en hvergi er opið á milli hólfa. (1) er opið á miðjum suðurvegg, (2) er opið til vesturs og (3) vestarlega á norðurvegg. Stekkurinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti og víða glittir í grjóthleðslur. Hleðslur hans eru hæstar um 80 cm. Gerðið (b), um 3 m sunnan stekkjartóftarinnar (a) er um 17 x 3 m á stærð og snýr austur/vestur. Hleðslur þess eru mjög signar, hæstar um 10 cm. Dældin innan gerðisins er þó vel greinileg og er hleðsluhæðin mæld innan frá um 20 cm. Op er á norðausturhorni gerðisins og er það um 4 m breitt. Gerðið er einfalt og hvergi sér í grjóthleðslur í því. Þriðja tóftin (c) sem er vestan við stekkjarhólinn, um 70 m VSV við (a) snýr SSA/NNV. Hún er 13 x 5 m að stærð og gæti hafa verið tvískipt þar sem norðurendi hennar er mun mjórri en syðri hlutinn. Tóftin er að nokkru leyti hlaupin í þúfur en enn vel greinileg. Tóftin er niðurgrafin en hleðsluhæð hennar er mest um 20 cm, mælt utanfrá, en 70 cm, mælt innan frá. Op er á tóftinni í suðvesturhorni hennar. Hvergi sér í grjót eða grjóthleðslur. Um 55 m VSV við (a) er gerði (d). Það er í vesturhlíð stekkjarhólsins og snýr norður/suður. Það er um 45 m langt og 20 m breitt, breiðara í suðurendann. Hleðslur þess eru hæstar um 15 cm. Ekkert op er greinilegt á gerðinu, enda hleðslur þess signar og ógreinilegar. Gerðið er einfalt líkt og (b) og hvergi sér í grjóthleðslur. Umfang rústanna á Stekknum minnir helst á seljabúskap, engar heimildir né örnefni styðja þó slíka notkun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,5

MH-007:034 gerði nátthagi 64°45.028N 20°57.768V




Nátthaginn, horft til norðurs



Gerði er í Bæjargilinu, um 540 m norðan við tóftir (012) og um 3,3 km norðvestan við bæ (001). Það er um 3 m vestan við læk sem rennur í gilinu, fast upp við kletta á vestur barmi þess.
Gerðið er við bratta kletta, vestan lækjar í gilinu. Umhverfis er grasivaxið og hallar landi að læknum, til austurs. Víða má sjá grjót á stangli sem fallið hefur úr klettunum.
Gerðið er um 23 x 10 m stórt og snýr norður/suður. Það er einfalt, þó hleðslur þess séu hrundar heldur það enn lagi sínu. Grjótdreifin er um 1 m breið þar sem hún er breiðust upp við klettana og í norður- og suðurveggjum gerðisins. Austurveggurinn er grennstur og mest gróinn, hann hefur líklega verið hlaðinn úr torfi

og grjóti, en aðrir veggir einungis úr grjóti, hleðslur hans eru mjög signar. Í svörum við fyrirspurn um rústir í landi Gilsbakka segir Magnús Sigurðsson: "Um það bil 400-500 m innar í gilinu en selið [012] eru leifar af aðhaldi, sem hlaðið hefur verið úr grjóti, en klettar notaðir fyrir annan hliðvegginn. Er líklegt að hér hafi verið nátthagi fyrir þann búsmala, sem hafður var í selinu. Ekkert aðhald er lengur í girðingu þessari, þó hún hafi verið úr grjóti einu saman, og bendir það til þess að hún sé gömul, að veggir skuli vera svo fallnir." MS.
Hættumat: engin hætta

MH-007:035 *Smalabyrgi* hleðsla smalakofi 64°44.656N 20°59.944V




Smalakofinn, horft til suðurs

"Austur af háþúfunni á Háastapa er Smalabyrgi", segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er um 2,5 m NNV við bæ (001) og um 1, 5 km norðvestan við Bæjargilið á norðurmörkum Háastapa. Háistapi stendur hátt upp úr landslaginu og þaðan sér langt til allra átta. Hann er mosa- og lyngivaxinn á toppnum þar sem kofinn er.
Í svari við fyrirspurn um rústir í Gilsbakkalandi segir Magnús Sigurðsson: "Háistapi er aflöng fellsalda (330 m.y.s.) NV frá bæ. Ca. 200-300 m. norðaustur frá háþúfunni er gamalt smalabyrgi, hlaðið úr fremur smáum hellum og veggir aðeins á þrjá vegu, en opið til norðurs, en þar, norðan við Háastapa, munu kvíaærnar oft hafa verið setnar. Veggir eru lágir, varla meter á hæð og hafa líklega aldrei verið meira. Óvíst er hvort nokkurntíma hefur verið þak, og þetta líklega hugsað sem skjól fyrir vindi þarsem hægt væri að sitja hátt og sjá vel yfir haga ánna. Varla rúmar það nema einn fullorðinn, en tveir krakkar geta troðið sér þar niður. Ég veit ekkert um aldur byrgisins, en það hefur ekkert breytzt í mínu minni." Kofinn er næstum ferhyrndur með opi til NNV. Vesturveggurinn er eilítið lengri en sá eystri, um 5-10 cm, og einnig þykkari. Kofinn er um 1,5 m á kant og eru hleðslurnar um 1 m háar. Aðeins hefur hrunið úr suðurvegg hans. Kofinn er eingöngu hlaðinn úr grjóti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,6. Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr 10699.

MH-007:036 frásögn rista 64°44.002N 20°59.034V
"Frá Ytragili móts við Kirkjustapa liggur djúp lág, er heitir Ytragilslág. Hún liggur skáhallt upp í Hrúthlíðarflóann, sem er þar fyrir utan gilið ... Torfhóll er við Bæjargilið móti Kollstaðatungusporði", segir í örnefnaskrá. Á Torfhól var þurrkað torf sem rist var í Hrúthlíðarflóa sunnan og vestan við hólinn. Hóllinn er um 300 m norðvestan við Efra Torfavað (048), um 1,3 km NNV við bæ (001). Flóinn er fast sunnan og vestan við hólinn, víðfeðmur til vesturs.
Torfhóll er melhóll vaxinn mosa og lyngi. Flóinn er mýrlendi, fremur blautt og nokkuð þýft.
Engin ummerki sjást nú um torfristu í Hrúthlíðarflóa á svæðinu næst hólnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,6


MH-007:037 varða 64°42.823N 20°58.252V
Um 310 m NNA við síðustu vörðuna við leið (016), þar sem hún kemur upp úr hrauninu er varða. Hún er um 1 km suðaustan við bæ (001) og um 200 m sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.
Varðan er á mosa- og grasivöxnum hraunbletti. Umhverfis hann er grasivaxinn valllendismói.
Varðan er ílöng, um 1 m á lengd og 70 cm á breidd. Hún er um 1,2 m á hæð. Hugsanlega hefur varðan verið áframhald á varðaðri leið um hraunið (016) en hún er þó of langt frá öðrum vörðum til að hægt sé að fullyrða um það.
Hættumat: engin hætta

MH-007:038 varða 64°42.835N 20°56.967V
Vörðubrot er í Gráhrauni, um 200 m ANA við refagildru (065) og um 1,8 km suðaustan við bæ (001).
Vörðubrotið er á mosavöxnu helluhrauni. Um 150 m norðar sleppir hrauninu og birki- og grasivaxið svæði tekur

við. Í aðrar áttir nær hraunið svo langt sem augað eygir.
Vörðubrotið er hlaðlið úr hraunhellum, það því sem næst hringlaga, um 80 cm í þvermál og um 50 cm á hæð.
Hættumat: engin hætta

MH-007:039 heimild um vað 64°47.703N 20°54.244V
"Heldur norðar en þessar tjarnir [Syðri- og Nyrðri-Blaðlækjartjörn] eru tveir tangar sitt hvorum megin við vatnið, er heita ekki neitt, en mynda eins og sérvatn syðst í Hólmavatni. Það er nefnt Lón. Milli tanganna er örmjór áll. Þar er stundum riðið yfir. Þá er kallað "að fara milli Lóns og vatns"", segir í örnefnaskrá. Tangarnir við Hólmavatn eru um 9 km NNA við bæ (001), um 160 m norðan en þar sem Vestri Hvannalækur rennur í vatnið.
Tangarnir eru mosavaxnir melur en svæðið í kringum vatnið er annars staðar mýrlent. Hér er vatnið einungis um 3 m breitt og fremur grunnt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 7-8.

MH-007:040 *Skálatóft* tóft 63°47.901N 20°53.746V




Tóftin, horft til norðurs

"Sunnan við vatnið [Hólmavatn], rétt austan við
hólmann eru gamlar kofatóftir er heita Skálatóft", segir í örnefnaskrá. Tóftin er austan við vatnið, austan við norðurenda hólmans, um 13 m austan við vatnið og um 30 m vestan við veg sem liggur að veiðihúsi við vatnið. Tóftin er um 540 m norðaustan við vaðið (039) og um 9,5 km NNA við bæ (001).
Tóftin er á dálitlum hól á mosavöxnum mel á bakka vatnsins. Suðaustar taka við mýrar með mýrarlækjum á stöku stað.
Tóftin er ekki mjög greinileg, hún er vaxin mosa og lyngi rétt eins og melurinn í kring. Tóftin er um 4 x 5 m að stærð, hún snýr norður-suður með opi til suðurs. Norðurveggurinn er mjög óskýr en þó mótar aðeins fyrir honum. Tóftin er niðurgrafin, hleðslur hennar eru um 20 cm háar, mælt utan frá, en um 40 cm háar ef mælt er innan frá. Á einum stað sér í grjót, við suðurenda vesturveggsins. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklega er hér um að ræða veiði- eða gangnamannakofa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,8 .

MH-007:041 *Tjaldhóll* heimild um tjaldstæði 64°45.445N 20°56.495V
"Við gilið [Bæjargilið] rétt neðan við Murtulæk er hóll, er heitir Tjaldhóll", segir í örnefnaskrá. Tjaldhóll er suðvestan við gilið, fast sunnan við læk sem rennur í það. Hann er um 1200 m norðvestan við nátthagann (034) og um 4,4 km norðaustan við bæ (001).
Tjaldhóll er ílangur melhóll, gróinn mosa og lyngi, nokkuð þýfður.
Tjaldað var á Tjaldhól þegar Slægjublettur, sem er norðvestan við hólinn, var sleginn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 8

MH-007:042 *Kolflöt* örnefni kolagröf 64°44.043N 20°54.132V
Kolflöt er á merkjum móti Fljótstungu þar sem nú eru sumarbústaðir sunnan þjóðvegar. Flötin er fast norðan við Hallmundarhraun um 250 m sunnan við þjóðveg og um 4 km ANA við bæ (001).
Á Kolflöt er nú skipulögð sumarbústaðarbyggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-007:043 *Selholt* tóftir sel 64°46.119N 20°55.613V



Nyrðri tóftin, horft til norðvesturs



Syðri tóftin, horft til suðvesturs



"Að sunnanverðu við gilið [Bæjargilið] eru holt er heita Selholt, og neðsti endi þeirra á móts við Fögrubrekku heitir Selholtstá", segir í örnefnaskrá. Við Selholtstánna, fast vestan við lækinn eru tvær tóftir, um 6 km norðaustan við bæ (001). Beggja vegna lækjarins eru mýrar og einstaka mýrarlækir en að norðan eru Selholtin, mosavaxinn melhryggur.
Tóftirnar eru talsvert skemmdar vegna þýfis og ágangs skepna svo að byggingarlag þeirra er vart greinilegt. Syðri tóftin er minni eða um 2 x 4 m að stærð og snýr norður/suður. Hleðslur hennar eru mest 80 cm háar. Stærri tóftin er um 2 m norðar. Hún er um 5 x 2,5 m að stærð og snýr einnig norður/suður. Hleðslur hennar eru hærri en í syðri tóftinni eða um 1 m. Ekki er hægt að greina hvort tóftirnar hafi verið skiptar eða hvar op hafi verið á þeim. Hvergi sér í grjót og líklegt er að þær hafi einungis verið hlaðnar úr torfi. Þó getur hugsast að grjót hafi einnig verið notað, en gróið sé fyrir það að öllu leyti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,8

MH-007:044 *Sveinsstígur* þjóðsaga 64°46.565N 20°54.613V
"Þá er komið að slakka inn í hlíðina móti Slægjubletti. Þessi slakki heitir Sveinsstígur og er sunnan Selholta, en austan við Einstakaholt ... Á Sveinsstíg er talið, að einn Hellismaður hafi verið drepinn", segir í örnefnaskrá. Sveinsstígur er mýrarslakki milli Bæjargilsins og Hallkelsstaðaheiðar. Um 7 km norðaustan við bæ (001).
Mýrarslakki með lækjum á víð og dreif.
Í Hellismannasögu (í Íslenskum Þjóðsögum og ævintýrum) segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fá af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Sveinn féll á Sveinsstíg..." Ólíklegt er að leið hafi legið um Sveinsstíg þó hann heiti svo þar sem hann er mýrarslakki og holtin hvor sínu megin við hann auðfærari.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 8-9. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292.

MH-007:045 varða landamerki 64°46.540N 20°54.811V
"Austast á Sveinsstíg [044] er varða. Um hana eru merki móti Hallkelsstöðum", segir í örnefnaskrá. "Landamerki fyrir Þorvaldsstaði í Hvítársíðu eru þessi. Að austanverðu ræður Merkjagil í Þrætutungusporði, þaðan sjónhending upp Tunguna í stein á heiðarbrúninni, frá steininum í vörðu þá er stendur á Sveinstíg...", segir í landamerkjalýsingu Þorvaldsstaða frá 1923. Vörðubrot er um 200 m ASA við þar sem merkjagirðing milli Gilsbakka og Hallkelsstaða mætir merkjagirðingu Þorvaldsstaða. Hún er á vesturjaðri Selholtsins, í landi Gilsbakka, um 1 km NNA við seltóftirnar (043) og um 7 km norðaustan við bæ (001). Varðan er í raun ekki á merkjum



Varðan, horft til norðurs

Gilsbakka, sem hér eru bein lína úr efri ósi Skammár í Heiðarstapa. Hins vegar er hún stefnumark merkjalínu fyrrgreindra jarða.
Vörðubrotið er á mosa- og lyngivöxnu holti á grasivaxinni hæð. Neðan holtsins er mýrarslakki, Sveinsstígur.
Vörðubrotið er mjög gróið, ílangt og um 1 m á lengd og um 50 cm á breidd. Ekki er um háar hleðslur að ræða, fremur nokkra steina sem gægjast upp úr mosanum og grasinu, og ná mest um 60 cm hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 9. Landamerkjabréf Þorvaldsstaða, nr. 287, 1923.

MH-007:046 *Sleggja* varða 64°44.637N 20°57.885V



Varðan, horft til norðurs

"Neðan til á Sleggjuás er varða sem heitir Sleggja", segir í örnefnaskrá. Varðan, Sleggja, er um 400 m norðaustan við Bæjargil en um 2,6 km norðan við bæ (001).
Varðan er á grasi- og mosavaxinni hæð sem gægist upp úr berangurslegum mel. Vestan við hann er mýrarspilda en í aðrar áttir er þýfður, lyngivaxinn mói svo langt sem augað eygir.
Varðan er stæðileg, um 1,3 m á hæð. Hún er ferhyrnd um 1 m á kant neðst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9

MH-007:047 *Merkjavarða* varða landamerki 64°44.759N 20°57.103V



Varðan, horft til norðausturs

"Sunnan til á Sleggjuás nokkuð austar en á honum miðjum er Merkjavarða", segir í örnefnaskrá. Varðan er á merkjum móti Kolsstöðum, um 650 m norðaustan við Sleggju (046) og um 3 km NNA við bæ (001).
Varðan er í mjög þýfðum, mosa- og lyngivöxnum móa. Um 10 m austar tekur við mýri, annars er mói svo langt sem augað eygir.
Varðan myndar hornstaur í girðingu á merkjum. Hún er því sem næst hringlaga, um 1 m í þvermál og um 1,1 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9

MH-007:048 *Efra-Torfavað* heimild um vað 64°43.864N 20°58.874V
"Kollstaðalækur rennur í Bæjargilið framan við Efra-Torfavað en það er yfir gilið móts við Hrúthlíðarflóa austast", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 1 km NNV við bæ (001), um 300 m norðan við Neðra-Torfavað (049).
Vaðið er í gilinu þar sem það breikkar talsvert og vesturhlíð þess lækkar frá því sem sunnar er. Við lækinn eru malareyrar, vesturhlíðin er grasigróin en sú eystri, hærri og brattari, grasigróin næst læknum en ofar skín í beran jarðveginn. Hér er lækurinn auðveldur yfirferðar og gilbarmarnir færir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9

MH-007:049 *Neðra-Torfavað* heimild um vað 64°43.607N 20°59.056V
"En Neðra-Torfavað er yfir gilið beint upp af túni nokkru neðar en [hitt (048)]", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 530 m norðvestur við bæ (001) og um 50 m norður við fossinn í gilinu.
Vaðið er yfir lækinn rétt norðan við þar sem klettabelti á vesturhlið víkur fyrir möl og sandi. Austur hlíð gilsins er grónari en víða glittir í beran jarðveginn. Slóðar eru greinilegir beggja vegna lækjarins.
Hér er lækurinn greiðfær sem og gilbarmarnir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9

MH-007:050 *Stórismali* varða 64°43.714N 20°58.691V



Varðan, horft til norðurs

"Á há-Holtinu er varða sem heitir Stórismali", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 1,6 km SSA við við vörðu (082) og um 770 m NNA við bæ (001). Hún er um 100 m austan við Bæjargil.
Varðan er á grasivaxinni hæð á mosa- og lyngivöxnu svæði.
Varðan er mjög stæðileg eða um 1,7 m á hæð. Hún er nærri ferhyrnd um 1,1 m á

kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9

MH-007:051 *"Varðan fyrir ofan Lat"* varða 64°43.800N 20°57.902V

"Austur í Hálsinum er varða sem heitir Lati-Bleikur eða Latur", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 650 m ANA við Stórasmala (050), um 170 m VNV við sjálfan Lata-Bleik, sem er stór steinn með öðrum smærri ofan á, og um 1200 m NA við bæ (001).
Varðan er á mosa- og grasivöxnum hól. Til vesturs, norðvesturs og suðvesturs er berangurslegur melur, til norðurs mýri og til austurs og suðausturs er þýfður mói þar sem glittir í beran malar melinn á stöku stað. Varðan er því sem næst ferhyrnd um 1 m á kant og um 1,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,9


Varðan, horft til norðurs

MH-007:052 *Torfdalur* frásögn rista 64°43.312N 20°58.287V

"[Torfdalur] er austur af túninu á Gilsbakka, liggur þar út og inn. Hefur hann allur verið ræstur fram og á að ræktast. Hann er austur af túninu neðan til, fyrir neðan Holtið og Hálsinn", segir í örnefnaskrá. Torfdalur er um 600 m ASA við bæ (001) og 300 m austan við heimreiðina að Gilsbakka.
Í Torfdal eru nú framræst og sléttuð tún. Norðan við túnin eru grasivaxinn og þýfður mói og þá melar, sunnan við þau er svo kjarrivaxið holt. Magnús Sigurðsson (f. 1924) sagði að rist hafi verið í Torfdal fram eftir 20. öldinni en engin ummerki torfristu sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 10

MH-007:053 *Túnvað* heimild um vað 64°43.138N 20°59.139V

"Yfir Bæjargilið, fyrir neðan túnið, er vað, er heitir Túnvað", segir í örnefnaskrá. Vaðið er yfir lækinn í Bæjargilinu, fast neðan við tún, um 350 m SSV við bæ (001).
Þar sem vaðið er er grasivaxinn bakki við lækinn og hlíðar gilsins aflíðandi að honum beggja megin. Bílslóði liggur að læknum þar sem vaðið er. Þar er lækurinn bæði breiður og grunnur. Ofan og neðan við vaðið er gilið brattara.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,10

MH-007:054 *Gvendarbrunnur* lind 64°43.146N 20°59.120V

"Í Túnvaðinu [053] er Gvendarbrunnur, lind, sem sagt er , að Guðmundur góði hafi vígt, svo og hvamminn við vaðið", segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er uppspretta um 20-30 m austan við Bæjargil í brekkurótum þeirrar hæðar sem tekur við upp úr gilinu og túnin eru á. Hún er um 330 m SSV við bæ (001).
Upp af brunninum tekur við grasi gróin brekka, snarbrött upp að túnum. Norðar og sunnar eru klettar við ána en lítill grasigróinn hvammur þar sem brunnurinn er. Frá brunninum seytlar vatn í lækinn. Hann var nærri þurr þegar hann var skoðaður haustið 2004 eftir mikið þurrkasumar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki,10


MH-007:055 *Símon* hleðsla 64°43.296N 20°57.674V

"Á henni [Þórðargerðishlíð] neðst í Sundunum er grjótdys, sem heitir Símon. Þar segir sagan, að sauðamaður frá Kollsstöðum hafi orðið úti", segir í örnefnaskrá. Símon er ofan við Þórðargerðishlíð um 100 m ofan við þar sem skógurinn hættir og sundin taka við, rétt innan við girðingu sem þar er. Dysin er um 1 km ASA við bæ (001) og um 1 km sunnan við "vörðuna fyrir ofan Lata" (051).
Dysin er í valllendismóa. VNV við hana eru ræktuð tún og eru ræktuð tún en neðan skógivaxin Þórðargerðishlíðin. Ofar, norðar, hækkar landið og þar eru melar.
Dysin er um 6,5 m löng og 5 m breið og snýr NNA-SSV. Hún er gróinn malarhóll að mestu ef ekki öllu leyti náttúrulegur. Víða glittir í grjót í henni og á norður enda hennar er dálítil grjóthleðsla, nokkurn veginn kringlótt, um 1 m í þvermál


Símon, horft til SSA

og um 70 cm á hæð. Dysin sjálf er um 80 cm á hæð. Um Símon segir Magnús Sigurðsson í bréfi til skrásetjara: "Símon er ekki dys né legstaður, heldur minningarmark ... andlátsstaður manns, sem úti varð -ef sagan er sönn."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 10. Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:056 *Þórðargerði* tóftir+garðlag býli 64°43.211N 20°57.402V



"Í hlíðinni niður af Kirkjuholtinu er eyðibýli er heitir Þórðargerði", segir í örnefnaskrá. Þórðargerði er í brekku, Þórðargerðishlíð, sem hallar lítillega til suðurs. Tóftirnar eru um 1,3 km ASA við bæ 001,um 400 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna en um 300 m suðaustan við Símon (055).
Tóftirnar eru á grasivöxnu svæði í brekkunni. Allt í kring er þéttvaxinn, náttúrulegur birkiskógur.
"Þórðargerði er ekki nefnt í frásögnum um hjáleigur þar svo líklega er hún nokkuð ung", segir í örnefnaskrá. Á svæðinu sem er um 40 x 40 m stórt, eru tvær tóftir og leifar garðlags norðan og vestan við þær. Nyrðri tóftin er 21 x 7 m stór og snýr ANA/VSV. Hún er tvískipt og hleðsluhæð hennar er mest um 20 cm. Stærra hólfið er vestar og það er opið til vesturs og austast á norðurvegg þess. Hugsanlega hefur því hólfi verið skipt í tvennt þar sem óljósar hleðslur eru sunnan við opið á nyrðri veggnum. Minna hólfið hefur líklega verið opið, norðarlega á austurvegg þess, en vel má vera að einungis hafi brotnað úr veggjarhleðslunum á þeim stað. Hvergi sér í grjóthleðslur í tóftinni. Syðri tóftin er um 8 m sunnar. Hún er um 23 x 5 m stór og snýr austur/vestur. Hún er þrískipt, og hleðsluhæð hennar er mest um 50 cm. Austasta hólf tóftarinnar er stærst, það er opið á tveimur stöðum, vestast á norðurvegg og austast á suðurvegg. Miðhólfið er öllu minna, það er einnig opið á tveimur stöðum, vestast á norðurvegg og austast á suðurvegg. Vestasta hólfið er svipað að stærð og miðhólfið. Op er á því austast á suðurvegg þess. Hvergi er opið á milli hólfa. Hvergi sér í grjóthleðslur í tóftinni og er líklegt að hún, líkt og sú nyrðri hafi einungis verið hlaðin úr torfi. Út frá suðvesturhorni þessarar tóftar er um 14 m löng hleðsla, garðlag, sem gengur til suðvesturs þar til það hverfur í skóg. Auk þess er garðlagsbútur um 1,5 m sunnan við eystri enda tóftarinnar. Hann er um 15 m langur, gengur til suðurs uns hann hverfur í skóg. Þessir garðlagsbútar eru hugsanlega hluti af garðlaginu sem greina má norðan og vestan tóftanna en vestur armur þess hverfur í skóg á svipuðum stað og garðlagsbúturinn sem gengur út frá suðvesturhorni syðri tóftarinnar. Garðlagið er um 3 norðan við nyrðri tóftina og um 14 m austan við þær, liggur í boga, alls um 72 m langt. Það hverfur einnig í skóg þar sem það endar og hefur því eflaust verið lengra. Garðlagið og garðlagsbútarnir sunnan syðri tóftarinnar líkjast mjög, hleðsluhæð þeirra er mest um 50 cm, og hleðslurnar einungis úr torfi. Sunnarlega á vesturarmi garðlagsins er op á því um 1 m breitt. Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka sagði frá því að einhverntíma hefði legið leið frá bæ (001) að tóftunum sem nú væri horfin í skóg og má ætla að hún hafi legið þar sem op er á garðlaginu.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 10

MH-007:057 *Hlíðargata* gata leið 64°43.157N 20°58.270V
"Hlíðargata liggur heiman frá túni, skáhallt niður Þórðargerðishlíð, niður veginn hjá Kollstaðakvísl", segir í örnefnaskrá. Gatan er greinileg ofan við hlíðina þar sem hún liggur til suðaustur niður hana. Slóðinn liggur til suðurs út af malarvegi sem liggur fyrir neðan túnið, suðaustan við bæ (001) í átt að Torfdal hjá skemmu sem þar er.
Fyrir ofan hlíðina eru ræktuð tún, efst í henni vaxa birkitré og þéttist skógurinn þegar neðar kemur. Neðan við hlíðina er graslendi að þjóðvegi sem liggur um Síðuna.
Gatan er um 30 cm breið, moldar- og malarslóði. Hún verður ógreinilegri eftir því sem neðar dregur í hlíðina og

skógurinn þéttist og neðst er hún vart greinileg.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 10

MH-007:058 *Kúagata* gata leið 64°43.126N 20°58.742V
"Fyrir vestan Háumela liggur upp á Hlíðarbrún Kúagata, er liggur niður frá túnhliðinu yfir Hellisgil og niður hlíðina", segir í örnefnaskrá. Slóðar eru greinilegir beggja vegna Hellisgils, um 430 m suðaustan við bæ (001) og um 120 m austan við heimreið að Gilsbakka.
Gatan liggur niður og yfir gilið um grasivaxið svæði. Nokkur birkitré vaxa í gilinu og í botni þess rennur lítill lækur.
Austan við gilið eru 2-3 grunnir paldrar samhliða upp gilbarminn en vestan megin er aðeins einn dýpri paldur. Paldrarnir austan megin ná yfir svæði sem er um 2 m breitt, vestan megin er slóðinn um 40 cm breiður. Gatan er einungis greinileg þar sem hún liggur ofan í og upp úr gilinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Gilsbakki, 10

MH-007:059 þúst heygarður 64°43.672N 20°58.380V
Þúst er um 830 m NNA við bæ (001), um 260 m austan við Stórasmala (050).
Þústin er í þýfðum móa. Neðar tekur við hálfgróinn melur en ofar ber melur.
Þústin er sem næstum ferhyrnd, um 7 x 5 m stór og snýr norðvestur/suðaustur. Bæði norður- og vesturhliðar hennar eru ógreinilegar sökum þýfis. Hleðsluhæð hennar er mest um 70 cm. Hvergi sér í grjót í hleðslunum. Ekkert greinilegt byggingarlag er á þústinni og ekki hægt að fullyrða um hvort hún hafi verið einföld eða ekki, þó svo það virðist líklegast, eða hvort op hafi verið á henni. Hlutverk hennar er ekki þekkt en Magnús Sigurðsson á Gilsbakka taldi að um heygarð væri að ræða og kemur það vel heim og saman við útlit og staðsetningu þústarinnar.
Hættumat: engin hætta

MH-007:060 *Votahvammsvað* frásögn vað 64°42.853N 20°59.712V
Vað var á læknum sem rennur í Ytragili, um 320 m norðvestan við Stekkinn (033) og um 1 km SSV við bæ (001). Vaðið er á miðju, um 30 m löngu, votlendu svæði, Votahvammi, í Ytragili þar sem aflíðandi grasigrónar brekkur eru beggja vegna gilsins.
Vaðið er í Votihvammi austan við gilið. Hvammurinn er, eins og nafnið gefur til kynna votlendur hvammur. Vestari bakkinn er grasi gróinn en fljótt tekur kjarr við.
Beggja vegna lækjarins liggja slóðar.
Hættumat: engin hætta

MH-007:061 *Miðvað* frásögn vað 64°42.960N 20°59.696V
Miðvað er á læknum sem rennur í Ytragili, um 850 m VSV við bæ (001) og um 200 m norðan við Votahvammsvað (060).
Við Miðvað er eystri bakki gilsins fremur brattur og grasivaxinn. Vestan við lækinn er um 2,5 m breiður malarbakki og ofan við grasivaxin hlíð. Norðan og sunnan við er kjarr alveg að læknum.
Slóðar eru beggja vegna lækjarins
Hættumat: engin hætta

MH-007:062 *Efstavað* frásögn vað 64°43.057N 20°59.737V
Efstavað er á læknum sem rennur í Ytragili, um 180 m norðan við Miðvað (061), um 750 m VSV við bæ (001).
Við Efstavað er eystri gilbarmurinn fremur brattur og kjarrivaxinn en sá vestari grýttur og brattur. Líklegt er að þegar vaðið var farið hafi verið farið upp með læknum til norðurs og upp úr gilinu á betri stað.
Ógreinilegir slóðar eru fast við eystri bakka lækjarins, í kjarrinu, og vestanmegin við lækinn.
Hættumat: engin hætta

MH-007:063 *Dysin* dys legstaður 64°43.428N 20°59.219V




Dysin, horft til norðurs

Dálítil lyngi- og mosavaxin hæð er um 300 m norðvestan við bæ (001). Hún er um 6 m norðvestan við túngirðingarhornið, alveg við Bæjargilið og er kölluð Dysin.
Dysin er á gilbarminum, mosa- og lyngivaxin hæð sem stendur upp úr berangurslegum melnum í kring.
Í svari Magnúsar Sigurðssonar við fyrirspurn um rústir í Gilsbakkalandi segir: "...ca 50 m ofanvið túnhornið ofan við bæ. Þar er dálítil þúst á melnum fast við gilið, og sést þegar betur er að gáð, að þar eru stórir steinar settir í ferhyrning, grafnir eða sokknir í melinn og afmarka lítinn reit, varla grafarstæði. Ekki er hægt að sjá annað en þetta séu mannaverk, en erfitt er að gera sér grein fyrir í hvaða skyni. Faðir minn kallaði þetta, í gamni og alvöru, dysina eða kumlið, og gat þess til að hér væri forn gröf. Ekki munu vera sagnir af byggð hér fyrr en Illugi svarti settist hér að, hann mun haf verið hér þegar kristni var tekin í lög. Kirkja er talið að hafi risið hér þá þegar. Er því varla að búast við mörgum kumlum úr heiðni hér í kring. Þess er þó gaman að geta, að við gilið, beint vestur af bænum, er örnefnið Hermundarhóll, og segja munnmæli, að Hermundur Illugason sé þar grafinn. Þó það sé samkvæmt framansögðu ólíklegt, er gaman að velta því fyrir sér, hvort menn hafi vitað af fornu kumli við gilið, en fært það yfir á Hermund og hólinn, sem er stór og áberandi. Mig minnir að Matthías Þórðarson gengi einhvern tíma uppeftir að skoða þessi ummerki, en ekki man ég hvað hann hélt um þetta." "Dysin" er 13 x 7 m stór og snýr norður/suður. Hún er um 0,5 m há þar sem hún er hæst. Víða glittir í grjót sem er mjög mosavaxið og myndar það einskonar ferhyrning sem nær frá austurmörkum dysjarinnar til þeirra vestari. Ferhyrningurinn er um 7 m langur og 2 m breiður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699



Refagildran, horft til austurs



Refagildran, horft til NNA

MH-007:064 hleðsla refagildra 64°42.452N 20°59.624V
Í Syðra Apalhrauni í Skógarhrauni er refagildra. Hún er vestarlega í hrauninu um 1,7 km SSV við bæ (001) en um 240 m SSA við rétt (074).
Gildran er í mosavöxnum og úfnum apalhraunsbletti í skógivöxnu helluhrauni.
Gildran er um 1,5 m á lengd og 60 cm breið, hlaðin úr apalhraunshellum. Hún er um 60 cm á hæð og snýr austur/vestur. Op er á gildrunni á vesturhlið hennar, það er um 10 cm breitt og um 40 cm hátt. Í opinu má sjá uppistandandi hellu. Hraunhellurnar eru misstórar og snúa ýmist upp á rönd eða liggja flatar, hver ofan á annarri þannig að úfið hraunið kræki saman. Fyrst hafa veggir hennar verið hlaðnir og þeir myndað einskonar stokk, opinn í annan endann og því næst nokkur lög hellna verið lögð ofan á.
Hættumat: engin hætta

MH-007:065 hleðsla refagildra 64°42.802N 20°57.203V



Refagildran, horft til suðvesturs



Refagildran, horft til austurs

Refagildra er í Gráhrauni um 150 m frá norðurjaðri þess, um 1,7 km suðaustan við bæ (001) og um 500 m sunnan við þjóðveg, þar sem hann liggur yfir Kolstaðakvísl.
Gildran er í mosavöxnu helluhrauni. Hér og þar eru birkitré á stangli. Um 150 m norðar er grasi- og skógivaxið svæði að veginum.
Gildran snýr suðvestur/norðaustur, hún er um 2 m löng og um 1,5 m breið. Op er á gildrunni á suðvestur hlið hennar, það er um 15 cm breitt og 30 cm hátt. Sjálf er gildran um 40 cm há. Hún er byggð úr hraunhellum og byrjuð að gróna. Gildran er hlaðin úr flötum hraunhellum sem liggja flatar hver ofan á annarri. Fyrst hafa veggir hennar verið hlaðnir og þeir myndað einskonar stokk, opinn í annan endann og því næst nokkur lög hellna verið lögð ofan á.
Hættumat: engin hætta

MH-007:066 hleðsla refagildra 64°42.642N 20°58.364V



Refagildran, horft til suðurs




Refagildran, horft til austurs

Refagildra er í norðurjaðri Gráhrauns, norðvestur af Grenbollum og suðaustur af Sílatjörn, um 100-150 m sunnan við Litlafljót. Refagildran er um 1,3 km SSA við bæ (001) og um 90 m vestan við þar sem gatan yfir hraunið frá Barnafossbrú (016) kemur upp úr hrauninu.
Gildran er í mosavöxnu helluhrauni, fast suðaustan við hana er apalhraunsblettur í hrauninu og fast norðan við hana er dálítil birkiskógarspilda.
Gildran er um 2 m löng og 1,2 m breið. Hún snýr norður/suður og op er á norðurhlið hennar og er upprétt hraunhella fyrir því. Gildran er um 1 m há, hlaðin úr misstórum hraunhellum sem ýmist liggja flatar eða standa upp á rönd. Hún er mosavaxin að hluta. Líkt og hinar gildrurnar (064 og 065) hafa veggir gildrunnar verið hlaðnir fyrst og þeir myndað einskonar stokk, opinn í annan endann og því næst nokkur lög hellna lögð ofan á.
Hættumat: engin hætta

MH-007:067 tóftir rétt 64°42.247N 20°59.787V



Rétt (a), horft til suðurs



Um 250 m vestar en sæluhússtóft (026) og um 2 km SSA við bæ 001 eru hlaðnar réttir við árbakka Hvítár og í hlíðunum undir hraunbrúninni.

Hlíðarnar undir hraunbrúninni, halla nokkuð bratt að ánni. Þær eru vaxnar grasi og birkitrjám efst en neðar er graslendi fast við ána. Í svari við fyrirspurn um rústir í Gilsbakkalandi segir Magnús Sigurðsson: "Mér var sagt, að það hefði komið fyrir í harðindum á vorin, jafnvel á öldinni sem leið, þegar heylítið var orðið á bæjum niður í Síðunni, að menn fengu að reka eitthvað af fé fram í hraunið og passa það þar, en hvergi lifnar fyrr gróður en með lindunum í skjóli við hraunið. Var talið að þessi byrgi hefðu verið notuð fyrir þesskonar hagagöngufénað. Þó held ég að það hafi fremur verið tilgáta, en að það væri haft eftir vitundarvottum." Réttirnar eru þrjár á svæði sem er um 20 x 30 m stórt. Tvær vel greinilegar en rétt mótar fyrir þeirri þriðju. Syðsta réttin (a) er á svolitlum stalli í brekkunni, neðan við mesta hallann, fast austan við uppsprettulind. Hún er um 3 x 3 m að stærð, hlaðin úr grjóti og eru 2 umför greinileg. Hleðsluhæðin er hæst um 60 cm. Réttin snýr norður/suður, opin til suðurs. Út frá austur- og vesturvegg hennar eru veggjarhleðslur annarsvegar að ánni og hins vegar að lindinni, líklega aðhöld til innrekstrar í réttina. Um 4 m norðan við (a), ofar í hlíðinni, er önnur rétt (b). Hún er hlaðin upp við hraunbrúnina sem myndar norðurvegg hennar. Réttin er um 6 x 3 m að stærð og snýr NNA/SSV. Hleðsluhæð hennar er um 40 cm. Réttin er ógreinilegri en (a) þar sem birkitré vaxa í kringum hana og í henni. Af þeim sökum var ekki hægt að ákvarða hvar eða hvort op hefur verið á henni. Víða er einungis um eina röð steina að ræða og hér og þar hafa þeir runnið til í brattri brekkunni. Þriðja réttin (c) er rétt austan við (b). Umhverfis hana er mikið af birkitrjám og grjóti sem hrunið hefur úr hraunbrúnuninni. Réttin er því illgreinanleg og ekki mælanleg. Hún virðist vera af svipaðri stærð og rétt (b) en er mun verr varðveitt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:068 hleðsla lögn 64°42.263N 21°00.649V

Neðst í Lambeyrarkvísl, þar sem hún rennur í Hvítá, við vestasta odda Lambeyrinnar mótar fyrir veiðigarði í ánni. Það er um 2,3 km SSA við bæ (001) og um 700 m austar en réttirnar (067).


Garðurinn er við vesturodda Lambeyrinnar sem er grasivaxin eyri milli Hvítár og Lambeyrarkvíslar. Á norðurbakka árinnar er dálítill grasbakki en fljótt tekur við birkiskógur. Á suðurbakkanum er malarbakki næst ánni og þá grasivaxinn melur upp að vegi, sem liggur til Húsafells.

Sjá má nokkra steina í læknum með torfhnausum á og eru það leifar garðsins. Steinarnir liggja í sveig þvert á straum árinnar. Ekki reyndist unnt að mæla garðinn. Um garðinn segir Magnús Sigurðsson í bréfi til skrásetjara: "Ég held að steinarnir hafi verið settir svona til að stífla ekki lækinn að jafnaði [þ.e. einungis nokkrir steinar en ekki heill garður þvert á lækinn], en þegar veiðigarðurinn var notaður til að standa fyrir silungatorfunni við ádrátt, hafi verið fyllt milli steinanna með hnausum eða torfum, sem svo voru teknar í burtu, að verki loknu. Það var áríðandi, að setja ekki frambúðarstíflu í kvíslina, því hún er hrygningarstöð sjóbleikjunnar í Hvítá."

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:069 *Kolstaðakofaholt* tóft smalakofi 64°45.545N 20°55.545V





Smalakofinn, horft til NNA

Smalakofi er um 5 km NNA við bæ (001), um 500 m austan við Bæjargil og um 2 km NNA við nátthaga í gilinu (034). Kofinn er á lyngi- og mosavöxnum mel, norðvestarlega á Hallkelsstaðaheiði. Hann er í brekku sem hallar til vesturs, mjög bratt um 1 m vestan við kofann. Til norðurs og norðvestur er Sveinsstígur (044) , mýrarslakki. Kofinn er um 1,5 x 1 m stór og snýr norður/suður. Ekkert op er á honum. Nú standa eftir 2 umför grjóts, um 40 cm á hæð. Utan við kofann eru nokkrir steinar sem sennilega hafa hrunið úr veggjum hans. Þeir eru ekki margir svo hleðslur kofans hafa eflaust aldrei verið mikið hærri en þær eru nú. Magnús Sigurðsson á Gilsbakka (f. 1924) sagði frá því að þarna hefði smalinn frá Kolsstöðum setið yfir ánum.
Hættumat: engin hætta

MH-007:070 heimild um túngarð 64°43.365N 20°59.120V
"Frá norðvesturhorni kirkjugarðsins liggur garðlag, leifar af fornum túngarði, vestur að bæjargilinu, sem bærinn dregur nafn af ... Garðurinn liggur síðan aftur frá gilinu á sama stað í sveig til norðurs, og er greinilegur austur á móts við gamla íbúðarhúsið og síðan aftur nokkru austar, nær fjárhúsum." segir Magnús Sigurðsson í svörum sínum til Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands, aðspurður um rústir. Garðurinn lá frá kirkjugarðshorni að gili og sveigði svo meðfram því til norðurs áður en hann beygði aftur til austurs og lág í boga eftir túninu. Á þeim slóðum eru merki hans alveg horfin og því erfitt að geta til um leguna en helst er á að giska að garðurinn hafi myndað eins konar hálfhring ofan bæjar og kirkju.
Nú eru sléttuð tún á þessum slóðum og einu ummerki garðlagsins er óljós hryggur í hluta túnsins.
"Tel ég þetta sem eitt mannvirki, en tala þó um efra og neðra garðlagið. Garðlagið hefur verið lækkað mjög við sléttun túnsins, gert véltækt, því tún er nú báðum megin við það, en hyllzt til að afmá það ekki. Það mun þó fyrir mitt minni hafa sézt betur fyrir því austur í kringum fjárhúsin . Var mér sagt að ekki hefði leynt sér, að það hefði afmarkað hálfmánalaga túnspildu að bæjarbaki, sem mun haf þekkzt víðar, og er líklegt að þannig hafi hinir fyrstu töðuvellir verið myndaðir. Efra garðlagið mun hafa verið túngarður lengst af, og var í órækt ofan við það, en neðra garðlagið mun fljótt hafa lent inni í túni. Ég minnist þess, að þegar sléttað var fyrir ofan efra garðlagið og það um leið lækkað sjálft, að þá var dálítið af grjóti, ekki stóru, innanum, sem mun hafa verið hleðsluefni, en annars mest mold, torf líkasttil aðalefnið, en undirstaðan er auðvitað óhreyfð. Nú í haust 1992, var dálítið skafið ofanaf neðra garðlaginu, vegna þess að kikjugarðsveggurinn var endurbyggður. Þar var ekkert grjót. Þetta jarðrask veldur því, að garðlagið er nú ógreinanlegt, og verður svo þar til flagið sígur á ný." segir Magnús Sigurðsson bóndi á Gilsbakka ennfremur í svari við spurningum Þjóðháttasafns. Ekki er hægt að tala um greinilegt garðlag á þessum slóðum, einungis er hægt að sjá hryggi í túninu á kafla þar sem garðurinn var. Greinilegri er sá hluti sem liggur frá gili og í boga til norðausturs, norðurs og suðausturs. Hann má greina á um 120 m löngum bogadregnum kafla frá gilinu. Hryggurinn er lágur og siginn, samfallinn í tún, um 5-6 m breiður. Sá hluti garðsins sem lá beint vestur af gilinu frá norðvestur horni kirkjugarðsins er ógreinilegri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:071 heimild um túngarð 64°43.186N 20°59.114V
"Annar garðlagsbútur [sjá 070], mun styttri, er neðarlega í túni, var neðan túns einsog ég man fyrst eftir. Hann liggur líka út á gilbarminn, þar er gilið mun grynnra, og skáhallt austsuðaustur að túnmýrinni, sem svo er kölluð. Ég heyrði aldrei talað um hann hefði verið lengri, en ekki hefur mikil varzla verið í honum. Í þeim garði var mikið grjót, þegar hann var gerður að túni, og hnökrar þar enn á stórum steinum" segir Magnús Sigurðsson í svari sínu til Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands, aðspurður um rústir. Garðurinn lá syðst í túni, um 260 m

sunnan við bæ 001.
Túngarðurinn var neðst í túni en er nú horfinn í slétt tún sem hafa verið stækkuð töluvert til suðurs þar sem áður var mói. Garðurinn lá frá gilsbrún og um 80-90 m til austurs en fjaraði út þar sem mýrar taka við neðar.
Ekki er alveg öruggt að garðurinn hafi verið túngarður en það er þó líklegast. Hann var að töluverðu leyti úr grjóti sem má til dæmis sjá á því að enn kemur mikið upp af grjóti þegar túnin eru slegin. Sumarið 2004 var síðast fjarlægt mikið magn af grjóti úr túninu á þessum stað. Um 5 metrar eru frá túnmörkum að gilsbarmi og er hnúta úr torfi á þeim slóðum þar sem garðurinn lá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699


MH-007:072 heimild um brunn 64°43.342N 20°58.978V
"Í lautinni milli bæjar og fjárhúsa, ca. 30 m austur af eldra húsinu er smáhola í túnið. Var mér sagt, að þar hefði verið brunnur, og minnir mig ég heyra að hann hefði verið notaður fyrir fjósið fremur en bæinn. Miklu styttra er í hann úr hvorutveggja en þann, sem notaður var eftir að ég man eftir ... Má vera, þó ég geti ekki fullyrt það, að brunnurinn í lautinni hafi verið notaður að einhverju leyti þar til vatn var leitt í bæ og fjós, snemma á öldinni" segir Magnús Sigurðsson í svari sínu til Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands, aðspurður um rústir. Brunnurinn hefur verið um 50 m norðaustan við bæ (001).
Einu ummerkin sem nú sjást um brunninn er dokk í slétt túnin sem á þessum slóðum eru í dálítilli dæld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:073 *Garðtunga* heimild um heygarð 64°43.316N 20°59.015V
Heygarður var austan við fjóshlöðu sem var sambyggð torffjósi (004) sem merkt er á túnakort frá 1917.
Þar sem heygarðurinn var er nú fjóshlaða, sambyggð núverandi fjósi á Gilsbakka.
"Garðtungan hef ég alltaf heyrt að hafi nafn af heygarðinum, sem þarna var austan við fjóshlöðuna og var fjarlægður þegar grafið var fyrir núverandi fjóshlöðu [byggð 1930], enda er austurhluti hennar þar sem heygarðurinn var." segir í bréfi til skrásetjara frá Magnúsi Sigurðssyni á Gilsbakka.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:074 tóft rétt 64°42.508N 20°59.862V



Réttin, horft til VSV



Norðvestarlega í Syðra Apalhrauni, sem er apalhraunsblettur í Skógarhrauni er hlaðin rétt. Hún er um 1,6 km suðvestan við bæ (001) og um 200 m sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.
Réttin er í mosavöxnu og úfnu apalhrauni. Í kringum hana og í henni vaxa birkitré. Umhverfis apalhraunsblettinn er skógivaxið helluhraun.
Í svari við fyrirspurn um rústir í Gilsbakkalandi segir Magnús Sigurðsson: "Í norðvestari blettinum [apalhraunsblettinum] er hlaðin lítil rétt eða byrgi úr apalhellum, sem þar eru nógar tiltækar. Ég rakst á þetta mannvirki í smalamennsku og held ég að enginn hafi þá vitað af því, enda ber lítið á því. Það er tilgáta mín, að þetta mannvirki sé gert í svipuðum tilgangi og litlu byrgin suður við ána [sjá 067] ... Byggingarefnið hefur ráðið

staðarvalinu. Birki vex inni í byrginu ... Ekki er að vita til hvers það hefur verið [þ.e. minna hólf réttarinnar], en hafi þetta mannvirki þjónað þeim tilgangi, sem hér er gizkað á, væri jafnvel hugsanlegt að reft hafi verið yfir litla byrgið og hirðirinn hýrzt þar um nætur við ylinn sem lagði gegnum grjóthleðsluna frá hjörðinni." Réttin er um 14 x 8 m að stærð og snýr norður/suður. Hún er tvískipt. Vestara hólfið er um 14 x 4 m stórt. Það snýr norður/suður og op er á miðri vesturhlið þess. Eystra hólfið, er mun minna, um 3 x 5 m að stærð, það snýr einnig norður/suður. Ekkert op er á því né á milli hólfa. Réttin er hlaðin úr apalhraunshellum og er hleðsluhæðin mest um 1 m. Á norðausturhorni minna hólfsins hefur verið hlaðin lítil varða, um 40 cm há.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:075 tóft rétt 64°42.178N 20°59.322V
Um 700 m neðan við Barnafossbrú (015) og um 100 m ofan við þar sem Litlafljót rennur í Hvítá er hlaðin rétt.
Réttin er í brattri gras-, lyngi- og birkivaxinni brekku, sem nær frá hraunbrúninni og niður að Hvítá. Fast vestan við réttina er uppsprettulind og er jarðvegur þarna mjög blautur og mjúkur þar sem lindirnar grafa sér leið undan hraunbrúninni til árinnar.
Réttin er byggð upp við hraunbrúnina sem myndar norðurvegg hennar. Vesturveggur hennar er greinilegastur, hann um 10 m langur norður/suður og hæstur um 70 cm. Austurveggurinn er mjög sigin og illgreinanlegur en það mótar fyrir honum um 2 m austan við vesturvegginn. Enginn suðurveggur virðist hafa verið á réttinni enda virðist áin hafa verið notuð sem náttúrulegt aðhald að sunnan. Réttin er því að miklu leyti náttúruleg, aðeins austur og veggir hennar eru hlaðnir. Ekki er unnt að greina hvar eða hvort op hafa verið á réttinni. Hún virðist hafa verið einföld.
Hættumat: hætta, vegna rofs


Vesturveggur réttarinnar, horft til vesturs

MH-007:076 öskuhaugur 64°43.323N 20°59.001V
Þegar íbúðarhús Magnúsar Sigurðssonar og Ragnheiðar Kristófersdóttur var byggt árið 1958 var komið niður á öskuhaug þar sem kjallaratröppur niður í íbúðarhúsið eru nú.
Öskuhaugurinn var þar sem nú er steinsteypt íbúðarhús.
Í öskuhaugnum var mikið af dýrabeinum, meðal annars svínsbein og mikið af fiskibeinum. Undir honum var svo grjótpúkk. Einnig var komið niður á tvær samsíða rendur af ösku undir húsinu. Þær voru um 9-10 m langar og eilítið bogadregnar. Þá fannst steinker úr móhellu sem brotnaði við framkvæmdirnar en var um 60 cm í þvermál. Kristján Eldjárn skoðaði kerið og stakk upp á að það hefði getað verið handlaug.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-007:077 heimild um lambhús 64°43.359N 20°58.934V
Lambhús og eldri fjárhús voru þar sem núverandi fjárhús eru. Þau voru um 100 m NA við bæ (001).
Nú standa steinsteypt fjárhús og hlaða á sama stað. Húsin eru að hluta byggð inn í hólinn sem er fremur stæðilegur og mest eru um 4-5 m niður frá húsunum á jafnsléttu.
Fram til 1925 stóðu á þessum stað lambhús, að Magnúsi Sigurðssyni minnti, tvö hlið við hlið og lítil hlaða aftan við þau. Þessi hús voru rifin á árunum 1925 og 1926 þegar alls sex samstæð fjárhús og hlaða voru byggð. Þau fjárhús voru svo rifin árið 1961 þegar núverandi fjárhús voru byggð, en hlaðan stendur enn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-007:078 frásögn hesthús 64°43.377N 20°58.940V
Hesthús var um 10 norðan við Lambhúsin (077), um 120 m NA við bæ (001).
Þar sem hesthúsið var eru nú tún og slóði sem liggur á bak við fjárhúsbyggingarnar. Ofar eru slétt tún sem hækka til norðurs.
Hesthúsið var hlaðið úr torfi og grjóti en vék á 20. öld fyrir útihúsabyggingum og túnum. Um hesthúsin sagði Magnús Sigurðsson í bréfi til skrásetjara: "Hesthúsin voru þrjú, hlið við hlið og tóft eða galtastæði á bakvið. Þegar byggt hafði verið nýtt hesthús, niður við fjóshlöðuna, þar sem enn er hesthús, voru þessi gömlu rifin, nema það vestasta. Það var notað sem hesthús í tvö eða þrjú ár, en þegar gamla torffjósið (004) var rifið og um leið

hænsnakofinn, sem var sambyggður þvæi, var þessu hesthúsi uppfrá breytt í hænsnakofa. Því hlutverki gegndi það í nokkur ár, unz nýr hænsnakofi var byggður, sem nú er líka horfinn. Það var þetta síðasta hesthús/hænsnakofi rifið og sléttað yfir, líklega um 1950-55. Var þá nokkru síðar ýtt ofan af hólnum þar sem hann stóð, til að draga úr brattanum á brekkunni vestan við - og er þó brött enn."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, bréf dagsett 19.01.2005 til skrásetjara.

MH-007:079 frásögn hjallur 64°43.336N 20°59.061V
Hjallur var nærri norðausturhorni kirkjugarðs 002, skammt frá íbúðarhúsi sem byggt var 1917. Hann sést á gömlum ljósmyndum frá því síðla á 19. öld en er ekki merktur inn á túnakort frá 1917, og því líklega horfinn fyrir þann tíma.
Þar sem hjallurinn var er nú bakgarður íbúðarhússins frá 1917, þar eru nú runnar og tré á svipuðum slóðum og hjallurinn var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-007:080 frásögn leið 64°43.338N 20°59.061V
Götur lágu frá bæ (001) og upp túnið, líklega á leið til haga.
Þar sem gatan lá eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-007:081 frásögn þvottastaður 64°43.213N 20°59.135V
Neðan við Kvennastíg (008) við lækinn í Bæjargilinu var þvottastaður.
Þar er hylur í læknum, rétt áður en hann beygir til SSV. Lækjarfarvegurinn er grýttur og vestan við lækinn eru snarbrattir klettar en austan grasigróin, ekki jafn brött brekka, Kvennastígur.
Magnús Sigurðsson (f. 1924) telur að skolaður hefði verið þvottur á þessum stað og þá var Kvennastígur (008) farinn að ánni.
Hættumat: engin hætta

MH-007:082 varða landamerki 64°44.228N 20°56.987V



Varðan, horft til ANA

Stæðileg varða myndar girðingastaur á landamerkjum Gilsbakka og Kolsstaða. Varðan er um 1,1 km sunnan við landamerkjavörðu (047) og um 2,3 km norðaustan við bæ (001).
Varðan er á berum mel. Norðan og norðaustan við hann er þýfð mýri með einstaka mýrarlækjum. Vestan við hann heldur melurinn áfram um 100 m uns grasivaxinn mói tekur við. Til suðurs og suðausturs teygir melurinn sig svo langt sem augað eygir.
Varðan er stæðileg, hringlaga, um 1, 5 m í þvermál og um 1,1 m á hæð. Hún er hlaðinn ofan á landamerkjastein sem klappað er í l m. Áletrunin sást ekki fyrir vörðunni.
Hættumat: engin hætta

MH-007:083 heimild um traðir 64°43.305N 20°58.930V
Vegur er merktur á túnakort frá 1917, úr suðri upp túnið á Gilsbakka, fast austan við fjós (004). Þar beygir hann til norðvesturs að bænum (001).
Vegurinn lá þar sem núverandi heimreið að bænum liggur. Beggja megin við hana eru sléttuð tún.
Hugsanlega er núverandi heimreið að hluta sami vegur og merktur er inn á túnakortið en hann hefur að öllum líkindum verið stórbættur í seinni tíð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-007:084 heimild um lambhús 64°43.321N 20°58.874V
"Hin húsarústin, sem ég minnist á, var á bungunni á Austurtúninu austan heimreiðar, beint austur af fjósbyggingunni. Þar var mér sagt afdráttarlaust að væri rúst af lambhúsi, sem séra Magnús Sigurðsson, sem hér var prestur um miðja nítjándu öldina, hefði byggt þar. Ég man betur eftir þeirri tóft, þó hún væri mun fyrr sléttuð, því hún var miklu nær bæ og ég lék mér þar stundum. Þar gæti ég trúað hefði mátt hýsa 40 lömb." segir Magnús Sigurðsson í svari sínu til Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands, aðspurður um rústir. Lambhúsin voru, austan við núverandi fjós, sunnan við íbúðarhús Ólafs Magnússonar.
Þar sem lambhúsin voru er nú slétt tún.

Engin ummerki húsanna sjást nú í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:085 heimild um fjárhús 64°43.198N 20°59.059V
Í svari við fyrirspurn um rústir, frá Þjóðháttasafni Þjóðminjasafns Íslands segir Magnús Sigurðsson: "Ég man á tveimur stöðum eftir rústum útihúsa þegar ég var barn. Annað var talin fjárhúsrúst, neðst í túni einsog það var þá, rétt ofan við túngarðsstubbinn [071]." Fjárhúsrústin var um 15 m suðaustan við torfkrossinn í túninu (006).
Þar sem fjárhúsin voru er nú slétt tún.
Í svörum við fyrirspurn um rústir segir Magnús ennfremur: "Þetta minnir mig vara rúst af litlu húsi, á að geta þrjátíu eða fjörtíu kinda, en man það þó óglöggt. Við þetta hús var tengd sú sögn, að gegningamaðurinn hefði verið að koma þaðan í ofsabyl, og orðið úti litlum spöl ofar á túninu. Þar sem hann fannst var hlaðinn torfkross í túnþýfið [006], sem var stórgert á þeim slóðum. Þetta var talið hafa gerzt snemma á öldinni sem leið" MS. Sléttað var yfir fjárhúsin, en þó mátti enn sjá móta fyrir þeim þar til sléttað var á þessum slóðum á nýjan leik um 1950.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Magnús Sigurðsson, svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699

MH-007:086 þjóðsaga
Í örnefnaskrá Gilsbakka segir:"Meðfram Kjarrá, austan við Húsadal, heita Gilsbakkaeyrar. Þær ná austur fyrir Gilsbakkasel (007b:004) og Þormóðslæk. En við hann var talið að einn af Hellismönnum hafi verið drepinn. Kemur hann upp úr Þormóðslækjardrögum"
Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Sveinn féll á Sveinsstíg [044], en Þormóður við Þormóðslæk fyrir ofan Hallkelsstaði" JÁ. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi.
Heimildir: Ö-Gilsbakki,7. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-007b Gilsbakki (selland)

Gilsbakkasel átti Kjarrárdal vestanmegin innan við Vatnshnjúkalæk en efri mörk eru óviss - sögn er að Staðarhóll í Vatnaflóa heiti svo vegna þess að hann hafi verið á mörkum sellands staðarins. Afréttarmörk Þverárhlíðar og Hvítársíðu (Gilsbakkasels) eru um Staðarhól, um Nautavatn og Breiðavatn í Þverárvötn. Þaðan niður Þverárvatnatungu í Hrólfsvatnskvísl. Þar heita Kvíslamót sem saman koma Hrólfsvatnskvísl og Litla-Þverá - GR II, 429. Lambatungur tilheyrðu Gilsbakkakirkju. Á síðari hluta 19. aldar mun oft hafa verið leigður þar upprekstur, en 1890 var gerður leigusamningur við Hálssveitunga og Reykdælinga um upprekstur til 99 ára, ákveðin fjártala ár hvert. Síðan hann rann út hefur hann verið framlengdur til skamms tíma í einu. Tveimur áratugum síðar er upprekstrarfélagi Þverárréttar selt landið með þeim formála, að það væri aðeins selt að grasnytjum og engu öðru leyti. Aðrar nytjar (fyrst og fremst veiðiréttur) tilheyra því Gilsbakka." - MS Afréttir, 10. "Magnús Sigursson, sem prestur var á Gilsbakka 1844-1858, lögfesti Gilsbakka allt það land, sem veiðiréttur Gilsbakka nær yfir ... Reisti hann um leið kröfu um afréttartoll fyrir upprekstur í þetta land. Forsvarsmenn upprekstrarsvæðisins munu í fyrstu hafa tekið þá kröfu gilda, en þá risu sveitarbændur upp og höfnuðu henni. Úr þessu varð mikið málastapp, en því mun hafa lyktað með amtmannsúrskurði, þar sem ályktað var að hefð væri komin á tollfrían upprekstur og var kröfunni hafnað." MS Afréttir, 3. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84
Lambatungur voru nytjaðar til slægna frá Gilsbakka þótt langt væri að sækja - MS Afréttir, 10

MH-007b:001 tóftir sel 64°49.102N 20°52.546V



Tóft A, horft til norðurs



Tóft B, horft til vesturs

"Austan við Hólmavatn er dálítið flatlendi og smáhólar, allt nafnlaust, en þar eru fornar rústir, sennilega seltóftir, en nú orðnar óljósar." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Tóftirnar eru um 3 km NNA frá vaðinu við Lónið (007:039), um 5,3 km austan við Gilsbakkasel (004) og um 12 km NNA af bæ (007:001). Þær eru um 100 m sunnan við slóða sem liggur austan við Hólmavatn, eftir að hann beygir til austurs hjá Skammá.



Tóftirnar eru norðan og sunnan undir melhól. Sú syðri er í grasivöxnum hvammi en sú nyrðri í mosa- og lyngivöxnum móa. Umhverfis skiptast á hálfgrónir melar og móar.

Tóft A er sunnan undir melhólnum. Hún er þrískipt, um 11 x 10 m stór, snýr nálega austur-vestur. Tóftin er stunginn inn í melhólinn að norðan. Miðhólfið er stærst um 4 x 4 m, opið í suðvesturhorni. Vestara hólfið er um 5 x 3 m stórt, það snýr norður-suður og er opið til suðurs. Það eystra er um 3 x 3 m stórt og einnig opið til suðurs. Opið er á milli eystra hólfsins og þess í miðið. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,8 m og hér og þar sér í grjót í hleðslunum. Um 25 m norðaustan við A er önnur tóft, B. Hún er einföld og snýr nálega austur-vestur. Hún er um 7 x 3 m að stærð, opin til austurs. Tóftin er að hluta til stunginn niður en veggir hennar eru um 0,7 m háir ef mælt er innan frá en einungis um 0,1 m ef mælt er utan frá. Aðeins glittir í hleðslugrjót innst í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 9.


MH-007b:002 tóft sel 64°46.795N 21°01.105V

Um 3,5 km suðvestan við Gilsbakkasel (004) er tóft. Hún er um 400-500 m suðaustan við Kjararárá á Gilsbakkaeyrum um 6,5 km NNV af bæ (007:001).

Tóftin er milli tveggja lækja sem renna úr Eggjunum í Kjararárá um 15 m austan við girðingu sem liggur yfir lækina á sinuvöxnum hól. Umhverfis eru þýfðir melar og móar.



Tóftin, horft til suðurs



Tóftin er óskýr, vaxin sinu líkt og umhverfið og að hluta hlaupin í þúfur. Enn má þó greina hleðsluleifar. Tóftin er einföld, snýr suðaustur-norðvestur og er um 7 x 5 m stór. Svo virðist sem hún sé opin til suðausturs. Hleðslurnar eru mest 0,6 m háar sem að nokkru leyti helgast af þýfi en hvergi sér í grjót. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en staðsetning hennar bendir til þess að um sel sé að ræða. Hér er gott beitiland og vatn í næsta nágrenni. Tóftin er hinsvegar fremur lítil en vel má vera að fleiri byggingar hafi verið í nágrenninu sem nú séu allar horfnar sökum þýfis og gróðurs.

Hættumat: engin hætta

MH-007b:003 *Bjarnastaðasel* heimild um sel 64°46.891N 20°01.734V

"Sunnan undir Bjarnastaðahöfða rétt austast er Bjarnastaðasel, og þar aðeins austar er Bjarnastaðaselgil" segir í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar. Engin ummerki Bjarnastaðasels fundust við vettvangsrannsókn. Gengið var frá gilinu til vesturs um 1 km en engin tóft fannst. Hnit var tekið í Bjarnastaðaselsgili um 3.5 km suðvestan við Gilsbakkasel (004).

Hlíðarnar við gilið eru grónar og nokkuð þýfðar, vaxnar grasi og sinu.

Svo er að skilja af örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar að tóft Bjarnastaðasels sjáist enn. Þá könnuðust heimildamenn einnig við tóftina. Þrátt fyrir það fannst hún ekki við vettvangsskoðun.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hvítsíðingaafréttur, 4.

MH007b:004 *Gilsbakkasel* tóftir sæluhús 64°48.489N 20°59.129V




Tóftin við braggann, horft til suðurs



Hesthústóftin, horft til vesturs

"Fyrir austan gilið [Bjarnastaðaselgil] tekur við með ánni sléttar eyrar, sem heita Gilsbakkaeyrar... Þessar eyrar ná fram að Gilsbakkaseli. Selið er á eystri bakka Vestra-Selgils", segir í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar. Selið er um 300 m norðan við Kjararárá, um 3,5 km norðvestan við Bjarnastaðaselsgil og um 9,5 km norðan við bæ (007:001). Selið er við hlíðarrætur norðan Kjararár. Umhverfis það er grasivaxinn mói.



Í Samtíningi um göngur og réttarhald Hvítsíðinga í Göngum og réttum II segir um Gilsbakkasel: "Ekki liggja á lausu neinar heimildir um það, hvenær fyrst er reistur gangnamannakofi við Gilsbakkasel, en þó má ætla, að það hafi orðið fljótlega eftir að selfarir lögðust af. Ingvar Magnússon, bóndi á Hofsstöðum í Stafholtstungum, ... segir mér að einhvern tíma á árunum milli 1915-20 hafi Sveinbjörn Jónsson frá Háafelli unnið við að hlaða upp og þekja kofa, sem þar hafi staðið, en verið fallinn. Hafi þar áður verið skýli gangnamanna, en hvort þar hafi verið um

upphaflegu seltóftina að ræða skal ég ekki segja. ... En orsök þess að gangnakofinn er upphaflega reistur við Gilsbakkasel er vafalaust sú, að þar hefir seljapeningur verið flestur ... Selið því verið stærra en önnur og ef til vill verið haft lengur þar í seli en frá öðrum bæjum, og rústin, hafi hún verið fallin á annað borð, hentað betur en aðrar til að þjóna því hlutverki, er breyttir tímar kröfðust. Sveinbjörn mun hafa byggt upp hesthús um sama leyti og kofann. Standa þessar byggingar, sem nú eru orðnar rústir einar, sín hvorum megin á lækjarbakka, fyrir innan grónar valllendiseyrar, sem Kjarrá liðast um og heita Gilsbakkaeyrar. Þröngt hafa sáttir mátt sitja í kofa þessum sem varla hefir verið meira en 4 x 7 álnir að flatarmáli. Samt hafa orðið að komast þar fyrir 16 menn, liggjandi andfætis hver öðrum. ... það mun svo hafa verið árið 1949 sem hafist var handa um að byggja það hús, sem ennþá er notað sem leitarmannaskáli [1979] og hesthús í Hvítsíðingaleitum. Í það var ráðist að kaupa aflagðan hermannaskála, bragga suður á Suðurnesjum.". Hermannabraggi stendur nú þar sem selið hefur líklega verið, á gróskumiklum hól. Hóllinn er um 13 x12 m stór, snýr norður-suður og um 2 m hár þar sem hann er hæstur. Bragginn stendur nyrst á hólnum en sunnan við hann sér móta fyrir torfhleðslum sem líklegt sé að séu fremur leifar eldri leitarmannaskála en hins upprunalega sels. Hleðslurnar mynda hólf, um 6 x 4 m stórt. Það snýr norður-suður og er opið til suðurs. Hleðslurnar eru signar, hæstar um 20 cm ef mælt er innan frá en um 60 cm utan frá . Austurveggurinn er hærri en vesturveggurinn sem er nánast útflattur. Hér og þar sér í grjót í hleðslunum sjálfum og á botni tóftarinnar, austan megin, er grjótdreif sem líkist hellulögn fremur en veggjarhruni. Bragginn og tóftin eru fast austan við læk sem rennur niður hlíðina í Kjarará en fast vestan við hann er hesthústóft. Hún snýr norður-suður, og er um 9 x 6 m stór. Garði er hlaðinn eftir tóftinni miðri sem er opin til suðurs sitt hvoru megin við hann. All víða sér í grjót í hleðslum sem standa hæstar um 1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvítsíðungaafréttur, 5 og GR II, 431-33.

MH-007b:005 *Þórishóll* sögustaður 64°51.010N 20°43.814V
"Norðan hans [Þórishólslækjar] við ána er Þórishóll. Þar segir, að Þórir hellismaður hafi verið veginn " segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Þórishóll er um 2,3 km SSV við tóftirnar í Skálatanga (011) og um 7,8 km norðaustan við seltóftirnar við Skammá (001).
Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim. ....Þiðrik var drepinn við Þiðrikstjörn, Þórir við Þórishól" Hóllinn var ekki skoðaður á vettvangi en hnit var tekið á honum af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 10. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-007b:006 *Lambavörðuhæðir* örnefni 64°48.961N 20°47.760V
"... Lambavörðuhæðir. Er það stórt svæði frá Þorvaldsvötnum og vestur að Hólmavatni." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar.
Lambavörðuhæðir voru ekki skoðaðar á vettvangi. Svæðið er stórt og víðáttumikið og samkvæmt staðkunnugum eru þar engar sérstakar vörður sem vitað er til að hæðirnar dragi nafn sitt af.
Hnit var tekið af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 9.

MH-007b:007 *Vörðuflói* örnefni 64°50.901N 20°43.055V
"Þóristjarnir eru vestast á því svæði, sem einu nafni er nefnt Vörðuflói, það er allstórt." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar.
Vörðuflói var ekki skoðaður á vettvangi. Svæðið er stórt og víðáttumikið og samkvæmt kunnugum eru þar engar sérstakar vörður sem vitað er til að flóinn dragi nafn sitt af.
Hnit var tekið af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 9-10.

MH-007b:008 *Neðri-Grafskurður* örnefni mógrafir 64°52.515N 20°48.483V
"...Neðri-Starir , sem eru bakkar með Kjarará, þar kemur lækur úr austri, er myndast í stórum og blautum flóaslakka og nefnist Neðri- (eða Syðri-) Grafskurður. Ber flóaslakkinn sama nafn." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar.
Flóinn var ekki skoðaður á vettvangi en kunnugir segja að hann dragi nafn sitt af því hvernig lækurinn grefur sig niður í jarðveginn en ekki af mótekju, enda staðurinn ekki líklegur mótekjustaður.
Hnit var tekið af korti.
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 4.


MH-007b:009 *Vambarhóll* heimild um tjaldstæði 64°53.462N 20°50.295V
Eftir að hafa smalað allan Vatnaflóa tjölduðu Hvítsíðungar við Vambarhól, sem er sunnan við Langavatn, á vesturbakka Langavatnskvíslar. Vambarhóll er um 5,3 km vestan við Valstrýtu (010) og um 6,9 km norðvestan

við Þórishól (005).
Vambarhóll var ekki skoðaður á vettvangi en samkvæmt staðkunnugum eru þar engar minjar.
Hnit var tekið af korti.

MH-007b:010 *Valstrýta* tóft sæluhús 64°54.016N 20°43.757V




Tóftin, horft til ASA



"Kvíslarvatnskvísl ... Þar norðan kvíslarinnar er smáhóll, sem heitir Valstrýta. Þar var byggður inn í hólinn smákofi, sem veiðimenn lágu í, þegar stunduð var veiði í vatninu. Hann er nú fallinn fyrir rúmum 20 árum (Ritað 1971)" segir í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar. Tóftin af kofanum er um 40 m vestan við Nyrðra Kvíslarvatn, um 100 m norðan við Kvíslarvatnskvísl, um 7,2 km vestan við gamla skálann við Úlfsvatn (002b:021) og um 2,9 km norðvestan við Þríhaus (012).
Skálatóftin er á grónum hól á mosavöxnum mel við vatnið. Sunnar við kvíslina er mýri.
Tóftin er eniföld og um 5 x 4 m stór. Hún snýr nálega austur-vestur með dyrum syðst á vesturvegg. Veggirnir eru allbreiðir, um 1 m, svo tóftin er aðeins um 3 x 2 m stór að innanmáli. Veggirnir eru nokkuð signir og standa hæst um 0,8 m. Í botni tóftarinnar er grjót sem ugglaust hefur hrunið úr veggjarhleðslum sem enn eru þó nokkuð heillegar, mest 5 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvítsíðingaafréttur, 9.

MH-007b:011 tóftir sæluhús 64°52.092N 20°42.271V



"Vestan í Grunnavatn sunnarlega gengur dálítill tangi, sem heitir nú Lokatangi ... Talsvert norðar er annar tangi, sem heitir Skálatangi, þar er skálarúst ekki mjög gömul" segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Tvær tóftir eru í Skálatanga um 1,4 km suðvestan við Þríhaus (012) og um 7 km suðvestan við gamla skálann við Úlfsvatn (002b:021).
Tanginn er hálfgróinn mosa.
Tóft A er 6 x 4 m stór, snýr austur-vestur. Hún er tvískipt, hlaðin úr grjóti sem illa hentar til hleðslu en hefur verið nærtækasta byggingarefnið. Á eystra hólfi tóftarinnar eru dyr syðst á austurvegg en það vestara er opið til norðurs. Ekki er op á milli hólfanna sem eru mjög svipuð að stærð. Vestara hólfið er ógreinilegra en það eystra, og er vesturveggurinn lægstur. Hæst eru hleðslurnar 0,3 m háar. Um 2 m sunnan við eystra hólfið er grjót í röð, um 4 m langri, sem hugsanlega hefur verið suðurveggur þriðja hólfsins en einnig má vera að upphaflega hafi skálinn verið stærri. Tóft B er um 25 m ANA við tóft A, norðan undir hól sem er þar yst á tanganum. Tóftin er um 2 x 2 m stór, mjög sigin og standa hleðslur hennar hæst um 0,1 m. Ekkert greinilegt op er á tóftinni. Tóftin er öll vaxin mosa og lyngi líkt og umhverfi hennar en hér og þar glittir í grjót í henni. Líklega er hún undanfari tóftar A, þó ekki sé hægt að útiloka að þær hafi verið í notkun á sama tíma.



Tóft A, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 5.

MH-007b:012 heimild um sæluhús 64°52.092N 20°42.271V



Þríhaus, horft til norðurs

"Skammt frá vatninu [Fremra-Grunnavatni] að vestanverðu við lækinn [Skálalæk] er strýtumyndaður hóll, sem heitir Þríhaus. Á toppi hans er rúst eftir lítinn kofa, sem veiðimenn hafa notað fyrir löngu síðan." segir í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar. Hóllinn er um 40 m vestan við Grunnuvötn, um 1,4 km norðaustan við Skálatanga (011) og um 2,9 km suðaustan við Valstrýtu (010).

Þríhaus er um 3-4 m hár hóll með brattar hlíðar. Hann er gróinn grasi og mosa, flatur í toppinn sem er um 5 x 2,5 m að flatarmáli. Við rætur hólsins er stórþýft en hálfgróinn melur austan við og blautur flói til vesturs.

Engar hleðsluleifar né ummerki mannvistar eru á hólnum né í nágrenni hans. Hnit var tekið á hólnum þar sem í örnefnaskrá afréttarins segir að þar hafi verið skáli. Þó verður að draga það í efa að leifar skála hafi horfið svo skjótt. Hóllinn verður einnig að teljast lélegt kofastæði vegna þess hve hár hann er og hlíðar hans brattar. Gengið var um svæðið í nágrenni vatnsins og með Skálalæk en engar tóftir fundust.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Arnarvatnsheiði, 5.

MH-007b:013 *Heiðarvíg* heimild um vígi


"En annat vígi er í sunnanverðum Flóanum, er ek vilda síður, at þér hefðið, ok yðr gegnir verr, ef þér þurfuð að taka. Þar gengr enn nes fram í vatn; þar megu standa átján menn jafnfram, ok deilir suðr vatnfoll til heraða þeira ór því vatni." segir í Heiðarvígasögu og urðu Heiðarvíg á þessum stað. Í örnefnaskrá Arnarvatnsheiðar segir: "Nyrðra Kvíslarvatn er allstórt ... vesturströnd þess er mjög vogskorin. Þar er ma. tangi, og mjótt eiði á einum stað og halda sumir, að þar hafi heiðarvíg gerzt." Í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar segir ennfremur: "Hrólfsvatn ... er smávatn .... austan í þetta vatn gengur tangi alllangur. Var það skoðun margra áður fyrr, að þar hefðu Heiðarvíg gerzt. Í tanga þessum fann Jón á Haukagili eitt sinn járnbrot, eins og brot úr sverði" og síðar: "Nyrðra-Kvíslarvatn ... Þar gengur stór og langur tangi fram í vatnið og halda sumir, að þar hafi heiðarvíg, sem um getur í Heiðarvígasögu, gerzt. Öðrum þykir það ósennilegt."

Ekki eru menn sammála um hvar á Tvídægru þetta vatn á að vera, þó líklegt verði að þykja að það eigi að vera annarsvegar á leið milli Kjarrárdals og Núpsdals og hinsvegar á vatnaskilum, sem næst því sem nú er kallað Vatnaflói. Brynjúlfur Jónsson stakk upp á nyrðra Hávaðavatni í Árbók Fornleifafélagsins árið 1895. (sbr. Árb. 1895,18-19) en "Torfi Magnússon bóndi í Hvammi í Hvítársíðu telur, að lýsing Brynjólfs á því vatni komi alls ekki heim, og getur þess til, að farið sé nafnavillt og lýsingin eigi við Urðhæðavatn, en þótt svo væri, skortir nokkuð á, að það samrýmist því er sagan segir." -ÍF III, 283 2. nmgr. Sigurður Guðmundsson á Kirkjubóli telur hinsvegar að lýsing sögunnar "gæti sem best átt við Krókavatn. Í vestara andnesinu má gjarnan hafa vígi nokkurt, og gætu sem best níu menn, sem verjast samsíða, lokað tanganum, þannig að ekki yrðu þeir sóttir á bak." sbr. frásögn í Göngur og réttir. Kaalund telur helst að vígin hafi gerst við Hrólfsvatn skammt frá Gilsbakkaseli (Kaalund II, 15-) en það er hinsvegar ekki í Vatnaflóa og hvergi nálægt vatnaskilum. Í seinni tíð virðast menn sammála um að telja nyrðra Kvíslarvatn vera staðinn.

Heimildir: Heiðarvígasaga 24. kap. Sbr. 29. kap, Ö-Arnarvatnsheiði, 4, Ö-Hvítsíðingaafréttur, 5, 9. ÍF III, 283. Árb. 1895, 18-19, GR II, 430 og Kaalund II, 15.

MH-008 Bjarnastaðir

Bjarnastaðir - túnakort 1917



20 hdr. 1709. Eign Gilsbakkakirkju. Einnig Bjarnarstaðir. Fyrst getið í Máldögum Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi 1397, varðandi eignir Gilsbakka: "Kirkiann a oc jord er heiter aa Biarnarstodum j kirkiu reikning."- DI IV, 123. Jarðarinnar er getið í kaupbréfi frá 28.2.1398, en þó ber að taka fram að tilvitnunin gæti átt við Bjarnastaði í landi Kalmanstungu: "(eiga biarnarstadir ok halkelsstadir skog) j millum nordr klifs oc skridu vpp af selia tunghu." - DI III, 625. Getið í staðarreikningi Gilsbakka 1463: "a kirkian þar heimaland allt. Biarnarstadi oc kollstadi. -DI V, 404. Getið í Gíslamáldögum 1575, varðandi eignir Gilsbakka: "Jtem ä kirkian Biarnastade og tekst aff .v. agillda leiga." -DI XV, 554. "Selstöðu brúkar jörðin frí í staðarins landi á Kjarardal, og er þó erfið til að sækja, vide supra Gilsbakka" JÁM IV,266.

Tún 7 ha; 4/5 sléttað; Garður 340 m2 - Túnakort, 1917. ,"Skógur til kolgjörðar og eldiviðar nægur, er mestur kominn í fausk og fornviði. Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Silúngsveiðivon lítil í Hvítá, brúkast lítt...Túninu granda lækir með landbroti...Engjunum granda skriður úr smálækjum til stórskaða, og því valla til engja að telja annað en hent verður úr hagbeit. Landþröngt er..." - JÁM IV, 266. "Undirlendið er breiðara austan túns vegna bugðu í Hvítá, og þar eru malareyrar...næst ánni, en ofar, upp að hlíðinni, var mýrlendi...sem nú er framræst og breytt í tún. Haustbleikjuveiði í Hvítá." - BB III, 23. "Landstærð talin 640 ha." Ö-Bjarnastaðir, 1.


MH-008:001 *Bjarnastaðir* bæjarhóll bústaður 64°42.393N 21°20.781V



Bæjarhóllinn á Bjarnastöðum, horft til norðausturs

"Bæjarhóll er gamla bæjarstæðið í miðju túni spölkorn ofan við fjós og hlöðu ", segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn á Bjarnastöðum er í sléttuðu túni um 120 m NNA íbúðarhús Guðmundar Jónssonar og Margrétar Júlíusdóttur sem byggt var árið 1950.
Hóllinn er í sléttu túni og hefur sjálfur að einhverju leyti verið sléttaður og jafnaður út. Engar tóftir eru sjáanlegar á hólnum svo ljóst er að rutt hefur verið úr rústum bæjarins og hefur hóllinn eflaust verið sléttaður að einhverju leyti þegar það var gert. Hóllinn er í brekku sem hallar til suðurs. Suðurhlið hans er því mun greinilegri og hærri en aðrar hliðar.
Þar stóð síðasti torfbærinn fram yfir 1950. Hann var með fjórum burstum móti suðri fram á hlaðið. Sléttað hefur verið yfir bæjarstæðið en hóllinn heldur sér. "Baðstofan var vestust, fimm stafgólf að lengd. Gengið var inn í miðstafgólfið frá austri, um mjó göng, sem gengu þvert á baðstofuna. Voru afþiljuð hús sitt til hvorrar handar er inn var komið, suður- og norðurendi baðstofunnar. Næsta burst austan við hýsti stærsta hluta bæjarins, stofu, eldhús og bæjardyr mm.. Bæjardyr voru vestast á því þili og gangur inn frá þeim samhliða baðstofunni. Úr honum var gengið inn í stofuna til hægri, upp tvö þrep. Undir stofu var kjallarinn, hlaðinn úr grjóti og geymdi súrmeti og aðrar matarbirgðir. Yfir stofunni var loft, sem notað var til geymslu. Stigar að kjallara og lofti voru úr eldhúsinu, sem kom næst aftan (norðan) við stofuna. Innan við eldhúsið endaði gangurinn, en þvert á hann til vinstri og nokkru framan við eldhúsdyr opnaðist gangurinn til baðstofunnar. Á enda gangsins voru dyr og gangur innan við, að gamla eldhúsi. Í því voru tvennar hlóðir og öskustó framan við. Þar fór fram sláturgerð, stórþvottar, kjötreyking og fleira. Aftan við gamla eldhús var svo gangur, sem lá til taðkofans, þar sem eldiviður var geymdur. Skemman kom næst austan við bæjardyr og stofu og hafði að geyma amboð, reið-tygi, kartöflugryfju og margt fleira. Í austustu sambyggðu burstinni var smiðjan, viðgerðarstaður búshluta. Mjór hellulagður gangstígur, sund, var milli smiðju og fjóssins, sem var sérstætt , með grjóthlöðnu haugstæði austanvið. Fjóshlaðan var áföst, að baki smiðju og skemmu. Enn mótar fyrir bæjarstæðinu (Lýsing P.J. [Páls Jónssonar]", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 30 x 20 m stór og snýr austur/vestur. Hann er mest um 3 m hár, líklega að
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Bjarnastaðir, 2.

MH-008:002 *Guðmundarhús* tóft fjárhús 64°42.428N 21°02678V






Tóft (002), horft til NNA

"Við jaðar Húsaflatar að sunnanverðu voru áður gripahús: Nálægt austurenda hennar hesthús með heytóft að baki [006]. Aðeins vestar voru fjárhústóftir, tvö samstæð hús og og heytóft, svonefnd Guðmundarhús", segir í örnefnaskrá. Þar sem Guðmundarhús voru eru nú tvennar fjárhústóftir með heytóft aftan við og ekki er ljóst hvor þeirra mun hafa verið nefnd Guðmundarhús. Bæði húsin eru merkt á túnakort frá 1917. Um 8 m eru á milli tóftanna og er sú eystri (004), ívið norðar en sú vestari sem hér er skráð.

Tóftin er í ósléttum bletti í sléttu túninu. Bletturinn er afgirtur og grasivaxinn.
Tóftin er 8 x 6 m stór, snýr austur/vestur. Hún skiptist í að minnsta kosti þrjú hólf og vottar fyrir því fjórða. Tvö samsíða hólf, sem snúa norður/suður eru í tóftinni og eru þau bæði opin til suðurs. Norðan við þau er þriðja hólfið og snýr það þvert á þau, á því er ekkert op. Vestan við samsíða hólfin vottar fyrir fjórða hólfinu, það snýr austur/vestur og er opið til vesturs. Ekkert op er á milli hólfa. Fjárhúsin hafa verið byggð úr torfi og grjóti og sér í grjót hér og þar. Hleðsluhæð er um 30 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:003 *Hjallhóll* heimild um hjall 64°42.383N 21°02.715V
"Hjallhóll var framan við fjósið [009]. Þar stóð hjallurinn", segir í örnefnaskrá. Hjallur var um 40 m ASA við bæ (001). Hann er merktur á túnakort frá 1917.
Þar sem hjallur var er nú slétt tún.
Smá mishæð er á þessum stað í annars rennisléttu túninu. Hugsanlega ummerki hjallsins, en engin skýr ummerki hans sjást enda ekki ólíklegt að hann hafi að mestu eða öllu leyti verið úr timbri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Bjarnastaðir, 2.

MH-008:004 *Guðmundarhús* tóft fjárhús 64°42.432N 21°02.654V




Tóft (004), horft til NNA

"Við jaðar Húsaflatar að sunnanverðu voru áður gripahús: Nálægt austurenda hennar hesthús með heytóft að baki [006].
Aðeins vestar voru fjárhústóftir, tvö samstæð hús og og heytóft, svonefnd Guðmundarhús", segir í örnefnaskrá. Þar sem Guðmundarhús voru eru nú tvennar fjárhústóftir með heytóft aftan við og ekki er ljóst hvor þeirra mun hafa verið nefnd Guðmundarhús. Bæði húsin eru merkt á túnakort frá 1917. Um 8 m eru á milli tóftanna og er sú eystri, sem hér er skráð, ívið norðar en sú vestari (002).
Tóftin er í ósléttum bletti í sléttu túninu, hann er afgirtur og grasivaxinn.
Tóftin er 8 x 6 m stór, snýr norður/suður. Hún er þrískipt. Sunnar eru tvö samsíða hólf snúa norður/suður. Þau eru bæði opin til suður. Þriðja hólfið er norðan við þau og snýr þvert á þau. Á því er ekkert op og hvergi er op á milli hólfa. Fjárhúsin hafa verið byggð úr torfi og grjóti og víða sér í grjót, mest 2 umför. Hleðsluhæðin er mest um 1,1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:005 heimild um fjárhús 64°42.437N 21°02.772V
"Þar sem Húsflöt endar að vestan, ofan við og móts við bæjarhúsin [Bæjarhólinn (001)] voru fjárhús eða lambhús með heytóft á bak við... ", segir í örnefnaskrá. Húsin voru um 60 m norðan við bæ (001). Þau eru merkt á túnakort frá 1917.
Þar er nú slétt tún.
Aðeins mótar fyrir hæð í sléttu túninu þar sem fjárhúsin voru. Hún er um 15 x 20 m stór og snýr austur/vestur. Engin skýr ummerki fjárhúsanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:006 heimild um hesthús 64°42.452N 21°02.614V
"Við jaðar Húsaflatar að sunnanverðu voru áður gripahús: Nálægt austurenda hennar hesthús með heytóft að

baki", segir í örnefnaskrá. Hesthúsið var um 40 m ANA við fjárhús (004), um 110 m norðaustan við bæ (001).
Þar sem hesthúsin voru er mjög þýfður, afgirtur blettur skammt norðan við íbúðarhús byggt 1998. Þar er grjót á víð og dreif. Ofan (norðan) og vestan við er slétt tún.
Þar sem hesthúsið var er kargaþýfi og stórgrýtt. Hugsanlega er grjótdreifin leifar veggja en ekki er hægt að segja til um það fyrir víst sökum þýfis.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:007 heimild um traðir 64°42.380N 21°02.766V
Traðir lágu upp að bænum (001) úr suðri. Þær eru merktar á túnakort frá 1917.
Þar sem traðirnar lágu er nú slétt tún.
Engin ummerki traðanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917.

MH-008:008 *Hali* gata leið 64°42.358N 21°02.635V
"Hali er neðst og austast í túninu, hornið austan íbúðarhússins frá 1950 og upp fyrir heimreiðina að því. Þar voru grónar reiðgötur, heimreið frá fyrri tíð, nú slétt tún.", segir í örnefnaskrá. Aðeins sést móta fyrir götum um 3 m ofan við heimreið að íbúðarhúsi Guðmundar Jónssonar og Margrétar Júlíusdóttur. Um 100 m suðaustan við bæ (001).
Þar sem göturnar voru er nú slétt tún.
Aðeins sést móta fyrir götunum, tveir grunnir samhliða paldrar, á um 20 m löngum kafla austur/vestur áður en þær hverfa í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2.

MH-008:009 *Fjóshóll* heimild um fjós 64°42.422N 21°02.874V
"Fjóshóll er ca. 80 metra vestur frá Bæjarhólnum [001] og dregur nafn sitt af fjósi, er þar hefur staðið. Rústir þess voru greinilegar allt til þess að tún var sléttað og ræktað þar 1950. Þá afmáðust ummerki þeirra og það urðu einnig örlög annarra torfhúsa í túninu", segir í örnefnaskrá. Fjóshóll er um 85 m norðvestur af bæ (001).
Þar sem fjósið var er nú slétt tún.
Þar sem fjósið var sést móta fyrir hæð í sléttu túninu. Hún er um 30 x 24 m að stærð og snýr austur/vestur. Ekki sjást önnur ummerki Fjóshóls eða fjóssins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 2.


MH-008:010 *Hesthúsflöt* heimild um hesthús 64°42.411N 21°03.022V
"Hesthúsflöt er gömul slétta vestur af Fjóshól [009], aflöng austur vestur og nær að norðvesturhorni túngirðingar...Austast á flötinni var hesthúsrúst", segir í örnefnaskrá. Hesthúsið var um 200 m VNV við bæ (001).
Þar sem hesthúsið var er nú slétt tún.
Engin ummerki hesthússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:011 *Mógrafarmói* náma mógrafir 64°43.233N 21°02.700V
"Mógrafarmói er stórþýfður mói er liggur þvert yfir Flóamel vestantil. Ekki sjást þar heillegar mógrafir lengur en mór í bökkum og börðum", segir í örnefnaskrá. Mógrafarmói er sunnan við Bjarnastaðaflóa, fast VNV við Hnappinn. Hann er um 1, 5 km norðan við bæ (001) og um 950 m SSV við Náttmálavörðu vestari (028).
Móinn er stórþýfður og nokkuð blautur. Norðan við er Bjarnastaðaflói, mýrarflæmi, en sunnan hálfgróinn melur.
Engar heillegar mógrafir fundust við vettvangsskoðun en hér og þar í móanum er sem stungið hafi verið upp, mest í honum vestanverðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.

MH-008:012 *Selgata* gata leið 64°43.091N 21°01.138V
Selgata liggur frá Bjarnastöðum í norðaustur upp hlíð Síðufjallsins, síðan í norður um 200 m vestan við Einstökuvörðu (007:030) á merkjum móti Gilsbakka í átt að Bjarnastaðaseli (007c:005) sem er á afrétti.
Þar sem gatan er greinileg er grasivaxinn, þýfður mói. Neðar og ofar skiptast á móar, melar og valllendi.
Gatan er tveir til þrír samhliða paldrar, um 10 cm djúpir. Þar sem hún sést er hún nokkuð hlykkjótt og um 50-80

cm breið. Gatan er greinileg þar sem hún liggur upp fyrir hlíðarbrún Síðufjallsins og áfram til norðurs um 1, 8 km norðaustan við bæ (001). Á um 300 m kafla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 8 og 10.

MH-008:013 hleðsla rétt 64°42.399N 21°02.592V



"Kvíar eru ekki þekktar, en grjóthlaðin réttarrúst var bakvið fjárhúsin sem nú er, á stað alllíklegum fyrir kvíar. En ekki hafa heimildarmenn neinar spurnir af því að svo hafi verið", segir í örnefnaskrá. Rústir réttarinnar eru um 15 m norðan við austurenda núverandi fjárhúsa, um 200 m austan við bæ (001).
Réttin er í grasivöxnum, smáþýfðum og fremur stórgrýttum móa.
Norðan við fjárhúsin sést móta fyrir grjóthleðslum, einungis neðsta umfarið er eftir og það er nokkuð gróið. Réttin er um 11 x 7 m að stærð og snýr norður/suður. Hún er einföld með tveimur opum. Annars vegar vestast á suðurveggnum og hins vegar norðarlega á vesturvegg. Sunnan við opið á vesturveggnum sveigir veggurinn aðeins inn í réttina. Guðmundur Jónsson, ábúandi á Bjarnastöðum sagði að grjótið úr réttinni hefði í gegnum árin verið nýt í hitt og þetta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 10.

MH-008:014 öskuhaugur 64°42.383N 21°02.779V
Fast sunnan í bæjarhólnum, framan (sunnan) við þar sem bærinn (001) stóð var öskuhaugur.
Bæjarhóllinn er áberandi hóll í sléttu túninu.
Öskuhaugurinn er nú hluti af bæjarhólnum og ekki hægt að greina þar á milli. Líklega hefur verið sléttað úr honum að mestu leyti þegar bæjarrústunum var rutt út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-008:015 heimild um heygarð 64°42. 337N 21°02.814V
Fast vestan við íbúðarhús frá 1950, við norðvesturhorn þess komu í ljós hleðslur þegar grafið var fyrir heitum potti árið 1984. Þór Magnússon, þáverandi þjóðminjavörður rannsakaði minjarnar. Þetta er um 100 m SSV við bæjarhólinn (001).
Þar sem hleðslurnar komu upp og uppgröftur fór fram er nú skemma, í kringum hana er grasivaxið svæði og malarplan austan við.
Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1983 segir í skýrslu um þjóðminjasafnið: "Þjóðminjavörður kannaði hústótt heima við íbúðarhúsið á Bjarnastöðum í Hvítársíðu, þar sem heitið hafði Bænahóll. Datt mönnum því í hug, að þar kynni að hafa staðið bænhús. Svo reyndist þó ekki vera, enda engar heimildir um bænhús á Bjarnastöðum, og reyndist rústin af óvönduðu húsi, ef til vill heygarði." Vegna minjanna sem þarna fundust var heitur pottur ekki settur á staðinn heldur var byggð skemma yfir hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Árbók 1984, 203.

MH-008:016 *Brunntún* frásögn brunnur 64°42.490N 21°02.889V
"Brunntún er ofan Fjóshóls [009], en niður undan Holtum, vestan við Túnmýri og skurður milli þess og Langatúns. Dregur nafn af vatnsbóli bæjarins", segir í örnefnaskrá. Brunnurinn sem Brunntún er kennt við er ofan við túnið, um 200 m norðan við bæ (001), um 20 m norðan við túngirðingu.
Brunnurinn er í valllendishvammi í hlíðinni ofan við bæ.
Þar sem brunnurinn var er nú plaststokkur og slöngur úr honum, núverandi vatnsból bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3.

MH-008:017 *Hraunárvað* heimild um vað 64°42.297N 21°01.053V
"Hraunárvað er á Hvítá spölkorn neðan við Hraunárós", segir í örnefnaskrá. Hraunárvað er um 15 m vestan við ósa Hraunár, um 1 km austan við þar sem Hvítá er brúuð.
Hér er áin tiltölulega lygn á um 300 m löngum kafla. Bakkar hennar eru hálfgróinn melur, lágir beggja vegna.
"Var með betri vöðum á ánni á þessum slóðum og talið breyta sér tiltölulega lítið", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 3.


MH-008:018 *Snagi* þjóðsaga 64°42.253N 21°01.609V
"Snagi er flatneskja vestan við Runna, lágu þrepi lægri en Melar og Runnar ... Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er

saga, er gerist "á grundinni við vaðið á Bjarnastöðum", gæti verið hér ", segir í örnefnaskrá. Snagi er eyrartangi þar sem bugða er á Hvítá, austan við þar sem þjóðvegurinn liggur yfir hana.
Á nyrðri hluta Snaga eru ræktuð tún en syðri hluti hans, næst ánni, er hálfgróinn melur. Trjám hefur verið plantað á Snaga, næst ánni.
"Einu sinni sem oftar var biskupinn í Skálholti að vísitera í Hvítársíðu í Borgarfirði. Var hann þegjandalegur mjög um daginn og hugsandi og bað menn sína hraða sér sem mest til að ná tjaldstað, en hann skyldi vera á grundinni hjá Bjarnastöðum við vaðið í Hvítá. Þeir gjörðu svo og tjölduðu, en biskup gekk um gólf á grundinni einn sér. Þegar búið var að tjalda og biskupi var sagt að allt væri í lag komið dæsti hann og sagði: "Stundin er komin, en maðurinn ekki." En í sama bili sést hvar maður kemur og ríður ákaflega og stefnir að vaðinu á ánni. Biskup fer með menn sína í veg fyrir manninn og segist vilja tala við hann. En svo var mikill ákafi í manninum að komast út í ána, þó biskup og hans menn segði hana bráðófæra, að hann tók aðeins undir við biskup og bað hann tefja sig ekki því sér lægi á. Biskup skipaði þá mönnum sínum að taka manninn og fara með hann inn í tjaldið. Þeir gjörða það, en þá verður manninum svo illt að enginn hugði honum líf stundu lengur og var eins og hann berðist við öndina og gæti ekki dáið. Biskup lét þá sækja vatn í ána og dreypa á manninn, og á saman augnabragið og vatnið kom inn fyrir varir mannsins þá dó hann. Biskup sagði þá að af hrafnamáli um daginn hefði hann vitað að feigð hefði kallað að manni þessum og hann hefði átt að drukkna í ánni; því hefði hann og getað dáið undireins og vatnið kom í munn honum, en fyrr ekki."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 615.

MH-008:019 *Bjarnastaðavað* heimild um vað 64°42.205N 21°01.653V
"Bjarnastaðavað (Ásvað) á Hvítá var farið vestur úr Snaga nokkuð ofan núverandi brúarstæðis", segir í örnefnaskrá. Bjarnastaðavað er á Hvítá um 700 m austan við brúna, um 520 m vestan við ósa Hraunár.
Hér er áin fremur straumhörð en virðist nokkuð grunn. Bakkar eru lágir og hálfgróinn melur beggja vegna ár.
"Það mun einkum hafa verið farið á 19. öld, þótti ekki gott vað og einhverjar sagnir voru um slys á fólki þar. Nikulás Björnsson, bóndi á Hallkelsstöðum hafði misst þar hest, eða tvo hesta, sem köfnuðu úr lest í kaupstaðarferð, um eða fyrir miðja öldina", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 1 og 4.

MH-008:020 *Markúsarkofi* þúst hesthús 64°42.313N 21°02.551V
"Markúsarkofi var við ána sunnan vegar (kofastæðið a.n.l. í vegastæðinu nú) móts við bæjarhlaðið sem nú er", segir í örnefnaskrá. Kofinn er um 15 m norðan við Hvítá, fast sunnan þjóðvegar. Hann er um 150 m sunnan við bæ (001).
Umhverfis kofann er árbakkinn grasivaxinn, milli vegar og ár.
"Hann var kenndur við Markús Jónsson sem var vinnumaður á Bjarnastöðum af og til á þremur fyrstu þrjá áratugi 20. aldar. Hann hafði hesta sína og hey í kofanum; jafnvel svefnstað á sumrum. Nafnið helst við staðinn, þó kofans sjái lítil merki lengur", segir í örnefnaskrá. Aðeins sést móta fyrir dálítilli þúst þar sem kofinn var. Hún er um 2,5 x 2 m stór og snýr norður/suður. Þústin er um 10 cm há. Hér og þar glittir í grjót í þústinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4.

MH-008:021 *Ferjukofinn* tóft naust 64°42.313N 21°02.551V
"Ferjukofinn var í árbakkanum dálitlu vestar en bærinn 001 er nú", segir í örnefnaskrá. Ferjukofinn var um 170 m vestan við þar sem nú er brú yfir ána, um 240 m suðaustan við bæ (001).
Þar sem Ferjukofinn var er árbakkinn grasi gróinn, en fast við ána er um 1,5 m breiður sandbakki.
"Ferja var á Bjarnastöðum a.m.k. frá 1886 og þar til brúin kom þar 1972. Eftir að ungmennafélagið Brúin var stofnað, eignaðist það ferju á þessum stað og gerði þá skýli yfir bátinn, líklega með því að grafa þarna skarð inn í árbakkann og refta yfir og þekja. Ekki mun kofinn hafa staðið lengi með þaki, en skarðið er lítt breytt neðan við götuna og fylgir nafnið því enn", segir í örnefnaskrá. Skarðið er um 3 m langt, 1 m breitt og 25 cm djúpt. Engar hleðslur eru sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 4.



MH-008:022 gripir 64°42.537N 21°01.694V
Austan við bæinn á Bjarnastöðum, skammt frá merkjum móti Gilsbakka eru ræktuð tún, sem nefnd eru

Mýrarblettir. Um 900 m vestan við efsta ræktaða blettinn er sumarhús úr timbri, um 1,3 km ANA við bæ (001). Þegar grafið var fyrir bústaðnum kom í ljós gripur úr járni, sem talinn var forn.
Sumarhúsið stendur á berangurslegum mel ofan við það er gróinn melur en neðan ræktuð tún.

MH-008:023 *Náttmálavarða eystri* varða eyktarmark 64°43.786N 21°01.807V



Varðan, horft til norðurs

"Náttmálavarða eystri er á brúninni (Náttmálabrún) þar sem hún er einna hæst. Hún er eyktarmark frá Gilsbakka", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 2,7 km NNA við bæ (001) og um 1,6 km norðan við Einstökuvörðu (007:030).
Varðan er á grasivöxnum hól, á berum, stórgrýttum mel. Neðar er hálfgróinn melur og þá Bjarnstaðaflói.
Varðan er um 70 cm há, um 1,5 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.

MH-008:024 varða 64°42.884N 21°03.280V




Varðan, horft til norðvesturs

Varða er um 1 km NNV við bæ (001), um 550 m suðvestan við Nyrðri Hnappvörðu (031).
Varðan er á berum mel, á austurhluta Bjarnastaðahnapps.
Varðan er stæðileg, um 1, 5 m á hæð, næstum ferhyrnd og um 1 m á kant.
Hættumat: engin hætta

MH-008:025 *Stekkur(inn)* tóft stekkur 64°42.577N 21°01.946V



Stekkurinn, horft til austurs



"Stekkurinn er vestur við Mjóulágarlæk, ofan Gömlu Mýrabletta. Rústir hans sjást enn", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 750 m norðaustan við bæ (001), í hlíð sem hallar lítillega til suðurs, um 210 m VNV við sumarbústað úr timbri (sjá fornleif 022).
Stekkurinn er í mjög þýfðum móa, innan girðingar þar sem kindum og hrossum er beitt. Ofar tekur við brött hlíð Síðufjallsins þar sem skiptist á ber og gróinn melur, neðan eru ræktuð tún (Gömlu Mýrarblettir).
Stekkurinn er tvískiptur, um 7 x 9 m að stærð og snýr austur/vestur. Hann er á hól sem er um 11 x 8 m stór og snýr eins og stekkurinn. Syðra hólf stekkjarins er mun stærra. Það er um 6 x 4 m að stærð og snýr austur/vestur. Op er nyrst á vesturvegg þess. Hólfið norðan við er mun minna eða um 2 x 4 m, það snýr einnig austur/vestur. Ekkert op er á því hólfi. Veggurinn sem skilur hólfin að er lengstur, nær lengra til vesturs en útveggir tóftarinnar og skýlir opi syðra hólfsins. Stekkurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og allvíða sér í grjóthleðslur allt að þrjú

umför. Hleðsluhæðin er mest um 50 cm. Stekkurinn er lítillega afmyndaður af þýfi og ágangi skepna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 5.

MH-008:026 *Siggusel* heimild um sel 64°42.879N 21°01.572V
"Siggusel er gömul selrúst, sést ógreinilega, ofarlega í hlíðinni vestan við Stórulág, um það bil í hæð við Þrívörður [007:029]", segir í örnefnaskrá. Guðmundur Jónsson á Bjarnastöðum (f. 1929) sagði að Siggudys (027) væri í Sigguseli en samkvæmt örnefnaskrá er Siggusel vestar en dysin, í hæð við Þrívörður (007:029). Hann sagði jafnframt að dysin væri greinileg en ekkert sæist af selinu. Svæðið frá dysinni að Stórulág var gengið en engar rústir fundust. Hnit var tekið um 60 m ASA við dysina (027), um 1,3 km norðaustan við bæ (001) og um 280 m VNV við Þrívörður (007:029), þar sem samkvæmt örnefnaskrá er líklegt að selið hafi verið.
Grasivaxin hlíð, hallar til suðurs, neðar skiptast á melar og valllendi.
Engin ummerki selsins fundust við vettvangsskoðun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 6.

MH-008:027 *Siggudys* dys legstaður 64°42.890N 21°01.594V
"Siggudys er gömul dys eða grjótholt með jarðföstum steinum í Selbrekkum miðjum vestan Selsins [026]", segir í örnefnaskrá. Siggudys er um 340 m VNV við Þrívörður (007:029), um 1,3 km norðaustan við bæ (001) og um 530 m suðvestan við Einstökuvörðu (007:030).
Dysin er í grasivaxinni kvos í hlíð Síðufjallsins. Fast neðan við er ber melur en í kring skiptast á melar og vallendi.
Dysin er um 5 m löng og 4 m breið og hæst um 1 m. Hún snýr norðaustur/suðvestur. Hún er lítil grashæð með talsvert stórum steinum í, aðallega sunnan megin. Engin skýr mannaverk eru á dysinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 6.



Dysin, horft til vesturs

MH-008:028 *Náttmálavarða vestari* varða eyktarmark 64°43.730N 21°02.446V
"Náttmálavarða vestari er nokkuð vestar á brúninni (en 023), nokkuð austan við Sellæk. Við hana er helluhlaðin rúst af smalakofa (029), sem notaður var frá Kirkjubóli og Bjarnastöðum", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 520 m vestan við Náttmálavörðu eystri (023), um 2,5 km NNA við bæ (001).
Varðan er á lítilli, grasivaxinni hæð á norðurjaðri stórgrýtts og mosavaxins mels, ofar og norðar er mýri.
Varðan er hlaðinn á stórum steini eða klett. Hún er um 50 cm há, ferhyrnd um 60 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.


Varðan, horft til norðurs

MH-008:029 tóft smalakofi 64°43.731N 21°03.450V


Smalakofinn, horft til ASA



"Náttmálavarða vestari er nokkuð vestar á brúninni (en 023), nokkuð austan við Sellæk. Við hana er helluhlaðin rúst af smalakofa (029), sem notaður var frá Kirkjubóli og Bjarnastöðum", segir í örnefnaskrá. Smalakofinn er fast vestan við Náttmálavörðu vestari (028), við klettinn sem hún er hlaðin á, um 2,5 km NNA við bæ (001).
Kofinn er í grasivöxnum móa á mörkum mels og mýrar.
Kofinn er ekki mjög greinilegur því hleðslur hans eru mikið hrundar. Þær eru hæstar næst klettinum, um 50 cm. Kofinn er um 3 x 2 m að stærð og snýr norður/suður. Austan við hann er að auki um 1 m breið grjótdreif. Hugsanlegt er að op hafi verið á honum á vesturhliðinni fast upp við klettinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.

MH-008:030 *Syðri-Hnappvarða* varða landamerki 64°43.148N 21°02.974V



Varðan, horft til suðvesturs

"Syðri-Hnappvarða er vestarlega á Hnappnum. Hún er merkjavarða móti Kirkjubóli", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 920 m norðvestan við bæ (001) og um 130 m SSV við vörðu (024). Merkjagirðingin milli Bjarnastaða og Kirkjubóls er girt í hana.
Varðan er á grýttum mel, hlaðin á steini. Í kringum hana er mikil grjótdreif, sérstaklega vestan við hana þar sem hlaðið hefur verið undir girðinguna.
Varðan er á stórum steini. Hún er um 70 cm há og um 1 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.

MH-008:031 *Nyrðri-Hnappvarða* varða 64°43.148N 21°02.974V




Varðan, horft til NNV

"Nyrðri-Hnappvarða er varða á Hnappklettum", segir í örnefnaskrá. Varðan er á norðurbrún Hnappkletta um 1,4 km norðan við bæ (001) og um 1,2 km suðvestan við Náttmálavörðu vestari (028).
Hnappklettar eru mosa og lyngivaxnir í toppinn. Neðan við vörðuna er Mógrafarmói, austan er hálfgróinn Flatamelurinn.
Varðan er stæðileg um 1,2 m á hæð, um 1 m á lengd norður/suður og um 60 cm á breidd austur/vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 7.

MH-008:032 örnefni sel 64°43.125N 21°03.093V
"Sellækur kemur niður vestan við Náttmálaflóann og Náttmálabrún og rennur niður hlíðina ofan á Bjarnastaðaflóann norður af Hnappnum. Ekki þekkjast hér neinar selrústir ... ekki er vitað um neitt sel hér í grennd [við Sellæk]", segir í örnefnaskrá.
Sellækur rennur vestarlega í landareign Bjarnastaða í mýrum og flóum.
Ekkert sel er þekkt við Sellæk, Böðvar Guðmundsson frá Kirkjubóli (f. 1939) minnti að rústir hefðu verið vestan undir Bjarnastaðahnappnum, um 1,3 km NNV við bæ (001) og taldi hugsanlegt að það hafi verið selrústirnar. Engar rústir fundust hins vegar þar við vettvangsskoðun. Staðurinn væri heppilegt selstæði en þó helst til nærri bæ.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Bjarnastaðir, 8 og 10.

MH-009 Kirkjuból

Kirkjuból - túnakort 1917



10 hdr 1709. Jarðarinnar er getið í máldaga kirkjunnar á Gilsbakka í Hvítársíðu árið, 1499: "Jtem ad siera þordur jonsson er þa hiellt stadenn sellde kirkiunne jordena alla kirkiubol er liggur [j Gilsbacka] kirkiusokn oc er xij c ad dyrleika" - DI, VII, 442 og 1575:"Jtem a kirkian Kolstade og Kirkiubol badar logbylis jerder" - DI XV, 554. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, frá 1709 segir: "Eyðijörð og hefur í auðn verið næstliðið ár og enn nú."

Tún 3.6 ha, 4/7 sléttur, kálgarður 350 m2. - Túnakort 1917. "Túninu grandar skriða úr brattlendi, sem rennur yfir um bæjarlækinn og síðan á túnið. Engjar, þær litlar sem eru, spillast af skriðum úr brattlendi og jarðföllum." - JÁM IV, "Landi hallar að ánni báðu megin bæjar og er það að mestu ræktað neðan þjóðvegar nema eyri í ánni .... Ofan vegar verður hlíðin brattari og nokkuð blásin. Að brúnabaki er allblautur flói en heiðamóar og keldudrög hærra." -BB III, 34.

MH-009:001 *Kirkjuból* bæjarstæði bústaður 64°42.447N 21°04.141V



Gamla bæjarstæðið,(núverandi fjós) horft til NNV

Bærinn á Kirkjubóli, sem merktur er á túnakort frá 1917, stóð þar sem nú er fjós og hlaða, um 15 m vestan við Bæjarlækinn og um 90 m suðaustan við núverandi íbúðarhús á Hornahól (014).
Fjósið og hlaðan sem eru þar sem bærinn stóð eru á talsvert stórum, grasivöxnum hól í túninu. Neðar eru sléttuð tún en ofar útihús og núverandi íbúðarhús.
Í örnefnaskrá Kirkjubóls segir: "Síðan örnefnaskráin var fyrst gerð hefur mikið breytzt á láglendinu ... Bæjarstæði það neðan götu, sem við er miðað í eldri skránni er aflagt. Þar stóð timburhús þegar hún var gerð, byggt 1927 nærri fyrra bæjarstæði [001], nú horfið" og síðar "Bæjarhóll [005] er vestan gamla bæjarstæðisins [001]..." Bærinn á Kirkjubóli hefur því ekki alltaf staðið á þessum stað, heldur verið fluttur hingað frá Bæjarhólnum (005) sem er vestar og litlu neðar í túninu. Böðvar Guðmundsson (f. 1939) sagði frá því að þegar bærinn var fluttur hafi skemma staðið eftir á Bæjarhólnum sem notuð hafi verið sem smiðja og reykhús, og mundi hann eftir því. Bærinn hefur því að öllum líkindum verið fluttur á þennan stað í byrjun 20. aldar eða rétt fyrir aldamótin 1900. Hann er merktur á þessum stað á túnakort frá 1917. Hóllinn sem bærinn stóð á eftir að hann var fluttur, þar sem fjós og hlaða eru nú á er að öllum líkindum að lang mestu leyti náttúrulegur, enda líkist hann mjög öðrum náttúrulegum hólum í túninu sem er mjög hæðótt. Hóllinn snýr norður/suður og hallar bratt niður að ræktuðum túnum á bökkum Hvítár. Hann er um 4 m hár, frá suðri, en ógreinilegur úr norðri enda er hann í hlíð sem hallar til suðurs. Austurmörk hólsins eru þar sem Bæjarlækurinn hefur grafið sér leið í gegnum hlíðina en vesturmörk hans eru óskýr. Hóllinn er um 30 m langur austur/vestur og um 40 m breiður norður/suður. Útihúsin sem nú standa á hólnum eru að hluta grafinn niður í hann og hafa mannvistarleifar sem án efs leynast hér undir sverði vafalaust raskast í þeim framkvæmdum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Kirkjuból, 1, 2.

MH-009:002 heimild um fjárhús 64°42.488N 21°04.154V
"Efri Fjárhúshóll er allhátt hólbarð upp af gamla bæjarstæðinu [001] en vestan lækjar, vestur af Kvíabóli [018]. Þar standa fjárhús og hlaða. Svínahús er þar ofan við", segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1917 er útihús merkt á Efri Fjárhúshól, um 60 m norðan við bæ (001) og mun það vera fjárhúsin.
Eldri fjárhús voru þar sem núverandi fjárhús eru, á grasivöxnum hól, í hlíð sem hallar til suðurs, fast neðan þjóðvegar. Austan við rennur Bæjarlækurinn og fast austan við hann er skógarreitur.
Ekkert sést af eldri fjárhúsum enda yngri fjárhús á sama stað og þau stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Kirkjuból, 2.

MH-009:003 heimild um fjárhús 64°42.440N 21°04.053V
"Fjárhúshóll er ofan við Þríhyrning austan lækjar. Þar á brekkubrúninni ofan við Þríhyrning stóðu fjárhús fram um 1930", segir í örnefnaskrá. Útihús er merkt á Fjárhúshól á túnakorti frá 1917, um 30 m austan við Bæjarlæk en um 50 m austan við bæ (001).
Þar sem fjárhúsin voru eru nú slétt tún. Neðan (sunnan) við túnið er fremur brött brekka til suðurs að árbakkanum. Enginn hóll er greinilegur.
Engin ummerki fjárhúsanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Kirkjuból, 2.

MH-009:004 heimild um leið 64°42.464N 21°04.213V
"Hornahóll er vestur af Efri-Fjárhúshól [002]...niður að gömlu götunni (þjóðleiðinni) gegnum túnið", segir í örnefnaskrá. Reiðgötur lágu í gegnum túnið á Kirkjubóli og þær eru merktar á túnakort frá 1917. Göturnar lágu úr vestri að bænum og frá honum til NNA.
Sunnan við þar sem göturnar lágu er slétt tún en norðan útihús og núverandi íbúðarhús.
Bílvegur hefur verið lagður ofan í gömlu göturnar og því sést ekki fyrir þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Kirkjuból, 2.

MH-009:005 *Bæjarhóll* bæjarhóll bústaður 64°42.445N 21°04.258V
"Bæjarhóll er vestan gamla bæjarstæðisins [001], sunnan gömlu götunnar [004],, suður undan Hornahól [014]. Þar voru rústir, sléttaðar nú", segir í örnefnaskrá. Áður en bærinn var færður þangað sem hann sýndur á túnakorti frá 1917 stóð hann um 100 m vestar, um 70 m sunnan við núverandi íbúðarhús á Hornahól, á hól í túninu.
Hóllinn sem bærinn stóð er sléttaður í tún. Hóllinn er enn greinilegur í hlíð sem hallar til suðurs. Hann er ógreinilegur frá norðri en suðurhlíð hans er brött.
Hóllinn sem bærinn stóð á líkist talsvert öðrum hólum í túninu sem eru náttúrulegir. Líklega er hann að töluverðu leyti náttúrulegur þó efalaust sé einhverra uppsafnaðra mannvistarlaga að vænta í honum. Hann hefur verið sléttaður í toppinn en þar mótar fyrir hæð eða bungu. Hún er um 45 x 5 m stór og snýr austur/vestur. Hæðin er 15-20 cm há, ógreinileg vestan megin. Hóllinn sjálfur er talsvert stærri. Hann snýr austur/vestur, er greinilegur úr suðri þar sem honum hallar bratt niður að sléttuðum túnum á bakka Hvítár, en ógreinilegri úr öðrum áttum. Hann er um 50 m langur en ekki er hægt að ákvarða breidd hans því norðurmörk hans eru óljós þar sem hann rennur saman við hlíðina sem hallar til suðurs. Hóllinn er um 2 m hár, frá suðri. Böðvar Guðmundsson (f. 1939) sagði frá því að þegar bærinn var fluttur hafi skemma staðið eftir á Bæjarhólnum sem notuð hafi verið sem smiðja og reykhús, og mundi hann eftir því. Bærinn hefur því að öllum líkindum verið fluttur frá þessum stað í byrjun 20. aldar eða rétt fyrir aldamótin 1900. Hann er merktur um 100 m vestar í túninu á túnakorti frá 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-009:006 öskuhaugur 64°42.449N 21°04.109V
Öskuhaugur var fast austan við bæ (001), um 10 m vestan við Bæjarlækinn.
Þar sem öskuhaugurinn var er nú fjós og austan við það fjóshaugur vaxinn arfa. Öskuhaugurinn var í austurhlíð hólsins sem bærinn (001) stóð á. Hún er grasivaxin. Sunnar og austar eru sléttuð tún.
Engin skýr ummerki öskuhaugsins eru greinileg en Böðvar Guðmundsson sagði frá því að hlaðinn hringur hafi verið um hauginn. Hleðslurnar hafa líklega horfið við þær framkvæmdir sem hafa átt sér stað á hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-009:007 *Bænhúshóll* heimild um bænhús 64°42.465N 21°04.164V
"Bænhúshóll var lítill hóll með greinilegum rústum ofan gamla bæjarstæðisins [001] en neðan gamla vegar [004]. Þar stendur nú skemma. Nafnið er því fallið úr notkun", segir í örnefnaskrá. Bænhúshóll var þar sem nú er skemma fast neðan (sunnan) við heimreið að íbúðarhúsi Ragnars Sigurðssonar, um 40 m norðan við bæ (001). Hann er um 80 m norðaustan við Bæjarhól (005).
Skemman stendur á jafnsléttu, ofan og vestan við hana er malarslóði en sunnan og austan grasblettir. Skemman er fast norðvestan við núverandi fjós og hlöðu.
"Um þetta segir: G.B. [Guðmundur Böðvarsson] í örnefnaskrá: "Ég tel rétt að geta þess, að þegar ég gróf fyrir undirstöðum skemmunnar í Bænhúshól, kom ég niður á hellugólf, og hef ég varla séð annað slíkt svo vandlega lagt. Undir því var þunnt sandlag, en gólfskán var þar hvergi að sjá. Því miður kallaði ég engan til að líta á þessi gömlu mannaverk, sem vit hefði á slíku, og fór hér sem oftar, að hin síðasta mögulega vitneskja um gamla rúst var að engu ger." Engin hóll eða ummerki eldri mannvirkja sjást við skemmuna og hefur hólnum því líklega verið rutt út við byggingu skemmunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 2


MH-009:008 frásögn leið 64°42.543N 21°04.101V
Leið lá frá bæ (001) upp með Bæjarlæknum og svo til vesturs í hlíð Síðufjallsins að Kinnargili. Leiðin var heybandsvegur frá því að engi voru slegin á vesturmerkjum, milli Kirkjubóls og Hvamms.
Hlíð Síðufjallsins þar sem leiðin lá er ber melur og mýrarslakkar til skiptis auk gróinna grasbala hér og þar.
Engin ummerki leiðarinnar sáust við vettvangsskoðun.
Hættumat: engin hætta

MH-009:009 *Erlingsbrekka* sögustaður 64°42.716N 21°05.253V
"Gilbrekkur heita einu nafni brekkurnar neðantil í hlíðinni [suðurhlíð Sandsins], vaxnar grasi og berjalyngi. Erlingsbrekka er þeirra neðst og stærst. Einhver óljós munnmæli eru um að þar hafi maður verið drepinn fyrrum (einn Hellismanna?)", segir í örnefnaskrá. Erlingsbrekka er neðarlega í tungunni sem myndast milli merkjagirðingar milli Kirkjubóls og Hvamms annars vegar og Kinnargils hins vegar, þar sem gilið sveigir til norðausturs. Hún er um 1 km norðaustan við bæ (001).
Brekkan er grasigróin og fremur brött. Ofar tekur við svæði þar sem skipast á grasbalar og hálfgrónir melar.
Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu hugðust koma Hellismönnum að óvöru og drepa þá í Vopnalág. Ekki tókst þeim að drepa þá alla þar en þeir voru eltir og drepnir víðs vegar um sveitina. Hvorki er

minnst á Erling né Erlingsbrekku í frásögnum af því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 6. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292.

MH-009:010 *Vörðuhóll* varða 64°42.645N 21°04.072V
"Vörðubrekka er beint vestur af neðstu Lækjarbrekkunni en ofan við Grjóthól. Grjóthóll er neðan Vörðubrekku en beint upp af bæ, vestan Bæjarlækjar. Vörðuhóll er eldra nafn á Grjóthól. Þar hefur engin varða verið í manna minnum", segir í örnefnaskrá. Á Vörðuhól er lítil varða, ekki fornleg. Hún er um 370 m norðan við bæ (001).
Varðan er á grýttum hól í miðri hlíð Síðufjallsins. Umhverfis skiptast á berir og hálfgrónir melar og mýrarspildur.
Varðan er hlaðin á stórum steini. Hún samanstendur einungis af nokkrum steinum. Hún er um 20 cm á kant og um 20 cm há. Varðan er hvorki fornleg né vel hlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 5.

MH-009:011 *Fornistekkur* tóft stekkur 64°42.508N 21°04.761V





Stekkurinn, horft til suðvesturs

"Fornistekkur (Gamlistekkur) er stekkjarrúst, nokkru ofan vegar, niður undan Grásteini [013]", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn erum 100 m suðaustan við Grástein (013), um 20 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna og um 500 m norðvestan við bæ (001).
Stekkurinn er á barði neðst í hlíð Síðufjallsins, beggja vegna seytla mjóir lækir niður hlíðina. Umhverfis skiptast á melar og móar.
Stekkjarrústin er ekki greinileg, hún er að talsverðu leyti afmynduð af þýfi auk þess sem hún er á kafi í grasi. Hún er um 6 x 5 m stór og snýr austur/vestur. Tóftin virðist vera tvískipt og mótar fyrir tveimur samsíða hólfum. Þau snúa bæði austur/vestur og eru jafnlöng. Hið syðra er breiðara og er sem op séu á því á austur og vestur vegg þess en hið nyrðra virðist vera opið til austurs og vesturs. Líklega hafa einhver þessara opa verið dyr á tóftinni en þýfið myndað önnur. báða enda en líklegra er að brotnað hafi af tóftinni. Hvergi sér í grjóthleðslur þó grjót ætti ekki að vera torsótt héðan, hleðslur eru signar og er hæð þeirra mest um 20 cm.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 5

MH-009:012 *Gerði* heimild 64°42.457N 21°04.037V
"Gerði er flöt ofan við Fjárhúshól [003]. Sá þar fyrir fornum garðlögum og elztu garðlögin utast. Hefur nú verið sléttað út", segir í örnefnaskrá. Gerði er um 80 m ANA við bæ (001) og um 35 m norðan við Fjárhúshól.
Gerði er nú slétt tún, sunnan við skógarreit þar sem vaxa bæði lauf- og barrtré.
Engin ummerki garðlaga sjást í Gerði. Hvers konar garðlög voru í Gerði er ekki ljóst, en líklega hafa þau verið leifar matjurtagarða. Þar sem elsztu garðlögin eru sögð utast er ólíklegt að um túngarða sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 2

MH-009:013 *Grásteinn* heimild um huldufólksbústað 64°42.538N 21°04.836V

"Grásteinn er stór stakur steinn neðan við Grænamóa. Það er dvergasteinn", segir í örnefnaskrá. Grásteinn er um 70 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna. Hann er um 600 m norðvestan við bæ (001).
Steinninn er neðarlega í hlíð Síðufjallsins. Umhverfis hann er grasivaxinn og á köflum votlendur mói.
Steinninn er afar stór um 1,5 m á hæð og 1,3 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 4



Grásteinn, horft til vesturs

MH-009:014 *Hornahóll* heimild um leikvöll 64°42.479N 21°04.229V

"Hornahóll er vestur af Efri-Fjárhúshól [002], var áður efst og vestast í túni og brött brekka framan í niður að gömlu götunni (þjóðleiðinni) [004] í gegnum túnið. Nafnið er dregið af leikjum barna. Þar stendur nú íbúðarhús bónda, Sigurðar Guðmundssonar, byggt úr steinsteypu 1966-1967", segir í örnefnaskrá. Hornahóll erum 90 m norðvestan við bæ (001), fast norðan við gömlu götuna (004).
Hóllinn er grasivaxinn og á honum stendur steinsteypt íbúðarhús. Sunnar eru sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 2.

MH-009:015 *Hærrahússbrún* örnefni smalakofi 64°43.727N 21°03.790V

"Hærrahússbrún er graslendi ofan við Hallanda, trúlega kennd við smalahús er þar hefur staðið. Ekki er vitað um annan kofa á þessum slóðum, en kofann á Víðistapa [017], en hann er nokkuð langt frá til að þetta nafn sé af honum dregið", segir í örnefnaskrá. Engin ummerki fundust um kofa á þessum slóðum við vettvangskönnun. Hærrahúsbrún var gengin, um 300-500 m ofan og vestan Víðistapa.
Hlíðin er grasivaxin en neðar er votlent.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 7


MH-009:016 heimild um ristu 64°43.177N 21°03.481V

"Torfmelur er nokkuð austan við Fossholtstjarnir, norður af Löngubrekku; líklega verið þurrkað þar torf", segir í örnefnaskrá. Norðan Torfmels er mýrarflói, Kirkjubólsflói. Þar hefur það torf sem þurrkað hefur verið á Torfhól líklega verið rist. Syðri hluti flóans er um 1,4 km norðan við bæ (001).
Flóinn tekur við norður af berum og hálfgrónum melum á hlíðarbrúninni. Að austan við afmarkast hann af Bjarnastaðahnapp en norðan af Hallanda þar sem landið hækkar.
Engin ummerki sáust um ristu í mýrinni í námunda við hólinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 7

MH-009:017 tóft smalakofi 64°43.499N 21°03.431V



Smalakofinn, horft til NNV




"Víðistapi er grasi vaxinn urðarhóll með gömlum smalakofa, austast í Hallanda", segir í örnefnaskrá. Smalakofinn á Víðistapa er um 2 km NNA við bæ (001) um 900 m suðvestan við Náttmálavörðu vestari og smalakofann (008:029) við hana í Bjarnastaðalandi. Um 20 m norðaustan við smalakofann er vörðubrot, hlaðið á stórum steini.
Kofatóftin er á grónum urðarhól miðjum. Hann er í hlíð sem hallar lítillega til suðurs. Allt í kringum hólinn er mýrlendi.
Kofinn og varðan eru á svæði sem er um 24 x 22 m og snýr austur/vestur. Kofatóftin er 3 x 3 m að stærð og er hlaðin úr torfi og grjóti, opin til suðurs. Hleðsluhæð hennar er mest um 70 cm. Hér og þar glittir í grjót en hvergi heillegar grjóthleðslur. Um 20 m norðaustan við tóftina er vörðubrot á stórum steini. Það er um 20 cm hátt og um 30 cm á kant, líklega hlaðin af smalanum við yfirsetu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 7

MH-009:018 *Kvíaból* tóft kvíar 64°42.482N 21°04.055V



Horft inn í kvíarnar til norðausturs



"Kvíaból er hornið austan lækjar og ofan gamla vegar [004] (sem er nú heimreið að húsi Ragnars Sigurðssonar og heim á gamla hlaðið), var áður í túni, en nú afgirt og þar gerður skógarreitur. Þar eru kvíarústir", segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 10 m austan við Bæjarlækinn, um 10 m norðan við heimreið að bænum og um 100 m norðaustan við bæ (001)
Kvíarnar eru í grasivöxnum, afgirtum skógarreit sem hallar dálítið til suðurs. Í honum vaxa bæði barr- og lauftré. Trén vaxa fast norðan við rústina og í henni norðanverðri en á aðrar hliðar hennar er bersvæði.
Tóftin er um 11 x 6 m á stærð. Hún er tvískipt og snýr SSV-NNA. Stærra hólfið er sunnar, op er á miðjum suðurvegg þess. Minna hólfið er ógreinilegra þar sem í því vaxa tré, það virðist vera opið til norðurs. Veggurinn sem skiptir tóftinni í tvennt er nokkuð sigin og ekki er ljóst hvort op hefur verið á milli hólfa. Aðrar veggjahleðslur eru um 50-60 cm háar, hlaðnar úr torfi og grjóti. Reyndar sést aðeins í grjót á tveimur stöðum en tóftin er á kafi í grasi og gróið er fyrir hleðslurnar. Tóftin er í stórhættu vegna trjágróðurs og er þegar byrjuð að skemmast af þeim völdum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 2


MH-009:019 heimild um landamerki 64°42.340N 21°03.444V
"Merkjaskarð er upp af Fremrieyri og Lambeyri, skarð í melaköstin sem þarna verða upp frá ánni. Brot af merkjavörðu milli bæjanna er á kastinu austan við skarðið og er það því allt í landi Kirkjubóls", segir í örnefnaskrá. Merkjaskarð er nú dæld í sléttu túni um 600 m ASA við bæ (001) og um 35 m vestan við

merkjagirðingu milli Kirkjubóls og Bjarnastaða.
Skarðið er grasigróin dæld í sléttuðu túninu. Neðar rennur áin í kvísl norðan eyranna sem í henni eru.
Engin ummerki vörðu eru nú á þessum slóðum enda svæðið orðið að túni.
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 4

MH-009:020 *Nýistekkur* heimild um stekk 64°42.430N 21°04.059V
"Nýistekkur var neðan gömlu götunnar [004] miðja vegu milli bæjar [001] og Kinnargils. Þar var stíað fram yfir aldamót þar til fráfærum var hætt, líklega á árunum 1912-1914, en rústunum hefur nú verið rutt út í tún", segir í örnefnaskrá. Nýistekkur var um 570 m vestan við bæ (001) um 200 m sunnan við Grástein (019).
Þar sem stekkurinn var eru nú slétt og framræst tún.
Böðvar Guðmundsson (f.1939) sagði að tóftin hafði verið tvískipt og ekki ósvipuð kvíarústinni (018). Engin ummerki stekkjarins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 3

MH-009:021 *Volgudý* heimild um vatnsból 64°42.401N 21°04.784V
"Volgudý er veitusvæði, sem svo heitir einu nafni, inn í túninu nokkuð neðan við veg, mörg uppgönguaugu með 20-30°heitu vatni", segir í örnefnaskrá. Volgudý eru um 520 m VSV við bæ 001.
Volgudý eru nú blautur mýrarblettur í ræktuðu túni.
Vatn var sótt í Volgudý þegar önnur vatnsból þrutu að sögn Böðvars Guðmundssonar. Volgudý var þrautavatnsból bæjarins.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Ö-Kirkjuból, 8

MH-010 Hvammur



10 hdr. 1709. Konungseign. Fyrst getið í fornskjölum 24. apríl 1527: "Teitr Þorleifsson geldr Ingu Jónsdóttur konu sinni jarðarinnar...er hann hafði áðr í burtu feingið í Borgarfirði:...og Hvamm í Hvítársíðu." - DI IX, bls. 403. Jöðin er á skrá yfir jarðir er "Ögmundr biskup átti í Vestfjörðum og í Borgarfirði, og teknar voru án dóms og laga undir kongsvaldið" frá árinu 1541 - DI X, 678. Jarðarinnar er getið í fógetareikningum árin 1548-1549, 1549-50, 1552 og í veitingabréfi Kristjáns III til Daða Guðmundssonar fyrir nokkrum jörðum leigulaust árið 1553. - DI XII, 132,147,392 og 522..

Tún 4,8 ha., 1/2 sléttur, kálgarður 400 m2. - Túnakort, 1917. "Túnrista og stunga bjargleg. Túninu grandar bæjarlækur með grjótsburði. Landþröng er og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna um beitina, en geldur ei toll

fyrir. Silungaveiðivon valla teljandi, brúkast lítt. Engjar öngvar nema hvað hent er úr vallendisbrekkum, fordjarfast þó af skriðum og grjóti." JÁM, IV, 267- 8. "Land Hvamms, 622 ha. liggur frá Hvítá norður á Síðufjall, sem vötnum hallar. Láglendið, grundir, eyrar, malarköst og lítilsháttar mýrlendi er að mestu leyti orðið að túni ... Hlíðin er allbrött og há upp á Hvammssand ... Brekkur eru vel gróna, þar til kemur upp undir hásandinn. Uppi er gróið land báðum megin lækjar en heiðamóar, þegar hærra dregur. Silungsveiði í Hvítá á haustin." - BB, III, 31.

MH-010:001 *Hvammur* bæjarstæði bústaður 64°42.581N 21°06.613V



Hvammur, horft til norðurs

Gamli bærinn í Hvammi stóð þar sem austurhluti núverandi íbúðarhúss er nú. Það var byggt á árunum 1936-37 og byggt var við það árunum 1958-59. Gamli bærinn stóð þar sem viðbyggingin er en teygði sig lengra til austurs. Kjallari er á íbúðarhúsinu en engar sögur fara af fornleifum við gerð hans.
Enginn bæjarhóll er sýnilegur þar sem bærinn stóð. Núverandi íbúðarhús og fjós austan við það eru á stalli við hlíðarrætur Síðufjallsins og neðar eru sléttuð tún sem halla til suðurs.
Gamli bærinn hafði sjö burstir. Vestast var smiðja þá hjallur og svo skemma. Miðburstin var svo baðstofa. Austan við hana var inngangur, þá kaldageymsla og búr og austast taðkofi. Úr innganginum var gengið upp á loft ofan við baðstofuna, þar var hjónaherbergi og eldhús. Ekkert sést af gamla bænum, nú er í kringum íbúðarhúsið slétt tún og garður. Enginn bæjarhóll er greinilegur þar sem íbúðarhúsið stendur og er líklegt að rutt hafi verið úr honum, ekki er vitað til þess að bærinn hafi staðið annars staðar á jörðinni. Í kringum íbúðarhúsið er slétt tún og afgirtur garður, þar hefur verið plantað tjrám og öðrum gróðri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-010:002 heimild um hlöðu 64°42.577N 21°06.595V
"Hlöðuvöllur er túnið austur af bænum, nú meðal annars fjós og hlöðustæði ofan og heimantil", segir í örnefnaskrá. Útihús er merkt á túnakort frá 1917 austan við Hlöðuvöll og er líklegt að það sé hlaðan sem völlurinn er kenndur við. Hún var um 2 m austan við bæ (001).
Þar sem hlaðan var er nú slétt tún og bakgarður austan við núverandi íbúðarhús.
Engin ummerki hlöðunnar sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Hvammur, 2.

MH-010:003 heimild um fjárhús 64°42.529N 21°06.654V
Á túnakort frá 1917 eru fjárhús merkt inn á svipuðum stað og fjárhúsin eru núna, um 100 m SSV við bæ (001).
Núverandi fjárhús eru í sléttu túni og liggur malarslóði umhverfis þau.
Engin ummerki eldri fjárhúsa sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-010:004 *Fjárhúshóll* heimild um fjárhús 64°42.523N 21°06.578V
"Fjárhúshóll var suðaustur og niður af bænum, allstór hóll, rennisléttur að ofan, fornt fjárhúsastæði. Var rutt út í túnið og sléttaður eftir 1980. Sér lítið fyrir honum", segir í örnefnaskrá. Á túnakort frá 1917 er fjárhús merkt inn á Fjárhúshól. Hann er um 100 m SSA við bæ (001).
Þar sem Fjárhúshóll var er nú slétt tún og lítið sem ekkert mótar fyrir tóftum eða hól.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Hvammur, 2.

MH-010:005 vegur traðir 64°42.586N 21°06.719V



Traðirnar, horft til vesturs

Traðir lágu að bænum frá VNV og frá honum til suðausturs. Þær eru merktar inn á túnakort frá 1917. Þær eru enn greinilegar þar sem þær lágu vestan við bæ og læk. Fast norðan við fornleif (028) og um 80 m vestan við bæ (001).
Leiðin liggur á grasivöxnu svæði vestan lækjar.
Traðirnar hafa verið niðurgrafnar þær eru 1,5 m breið og 80 cm djúpar. Þær sjást á um 15 m löngum kafla. Traðirnar koma vel heim og saman við leiðina sem sýnd er að bænum á túnakorti frá 1917.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

MH-010:006 gerði kálgarður 64°42.586N 21°06.719V
"Í Görðunum heitir vestur við gilið ofan bæjar, þar sem vor þrír uppgrónir matjurtagarðar, nú tún, nema sér fyrir uppgrónum grjóthleðslum vestur við lækinn", segir í örnefnaskrá. Leifar gerðis eru fast vestan við lækinn, sem rennur úr Hvammsgili, um 70 m vestan við bæ (001).
Gerðið er á grasivöxnum, nokkuð þýfðum lækjarbakka. Fast austan við hann eru slétt tún.
Aðeins sést ein hlið gerðisins. Hún liggur norður/suður og er 14 m löng, 60 cm breið og 80 cm há þar sem hún er hæst. Hún er vaxin grasi og mosa en allvíða skín í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 2.

MH-010:007 *Smiðjulaut* heimild um smiðju 64°42.571N 21°06.644V
"Smiðjulaut er lægðin suðvestan bæjar", segir í örnefnaskrá. Smiðjulaut er lítill slakki í sléttu túninu fast neðan við núverandi bílastæði og heimreið vestan íbúðarhússins, um 30 m suðvestan við bæ (001).
Þar sem smiðjan var er nú slétt tún.
Steinunn Guðmundsdóttir hafði það eftir tengdaföður sínum, Torfa Magnússyni, að smiðja hafi verið í Smiðjulaut. Hann kom að Hvammi á árunum 1927-28.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 2.

MH-010:008 öskuhaugur 64°42.581N 21°06.574V
Öskuhaugur var um 16 m austan við bæ (001), austan fjóss (028).
þar er nú kartöflugarður, trjám hefur verið plantað í kringum garðinn og fast austan við hann er útihúsasamstæða.
Steinunn Anna Guðmundsdóttir sagði frá því að við ræktun kartaflanna hafi hún oft komið niður á öskulög. Enginn hóll eða haugur er þar sem öskuhaugurinn var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-010:009 frásögn heygarður 64°42.585N 21°06.591V
Heygarður var norðan við fjósið (028) sem var fast austan við bæinn (001), jafnvel sambyggt honum Hann var fast norðan við bakgarð íbúðarhússins og vestan við kartöflugeymslu.
Þar er nú slétt tún. Nyrst í bakgarðinum eru birkitré.
Engin ummerki heygarðsins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-010:010 *Gamlistekkur* heimild um stekk 64°42.482N 21°05.845V
"Gamlistekkur var valllendisblettur með tóftarbrotum austan til við miðbik mýranna. Nú horfið í túnið. Óvíst hvenær notkun á honum lagðist af", segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur var um 640 m ASA við bæ (001), um 70 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna.
Þar sem stekkurinn var eru nú framræst og sléttuð tún.
Engin ummerki stekkjarins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 2.

MH-010:011 *Brunnbrekkur* örnefni brunnur 64°42.757N 21°05.438V
"Brunnbrekkur eru tvær stakar grasbrekkur, ofarlega og austarlega í Kinn", segir í örnefnaskrá. Brunnbrekkur eru


um 1 km ANA við bæ (001), um 420 m ASA við Vörðubrekkur (014).
Brekkurnar eru grasivaxnar, á milli þeirra og neðar er berangurslegur melur.
Uppruni örnefnisins er ókunnur. Þar er enginn brunnur og enginn lækur rennur í námunda við brekkurnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 3.

MH-010:012 *Háavarða* heimild 64°42.809N 21°05.980V
"Háavarða er vörðubrot á kletti sunnan í Sandinum, beint upp af Mjóageira", segir í örnefnaskrá. Kletturinn sunnan í Sandinum er um 650 m norðaustan við bæ (001), um 130 m austan við Gildruholt (017) og um 25 m NNV við Snasa.
Ofan á klettinum er ber melur.
Engin varða er sjáanleg á klettinum, þó hafa á einum stað þrír steinar verið settir upp á stærri stein, en það getur vart talist vörðubrot. Steinunn Guðmundsdóttir kannaðist ekki við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 4.

MH-010:013 *Stekkurinn* tóft+garðlag stekkur 64°42.621N 21°06.002V



Stekkurinn, horft til NNA



"Stekkurinn er rétt ofan við Mýrarnar vestanverðar, vestan við Mjóageira. Þar sér fyrir rústum og er að líkindum síðasti stekkur, sem notaður var á bænum, áður en fráfærur voru lagðar af, sem hér um slóðir var víðast rétt fyrir fyrri heimsstyrjöld", segir í örnefnaskrá.
Stekkurinn er um 490 m ANA við bæ (001), beint í suður af Snasa.
Stekkurinn er í grasivöxnum hvammi í hlíð sem hallar til suðurs. Neðar eru ræktuð tún en ofan gras- og melbrekkur og efst kletturinn Snasi.
Stekkurinn er 8 x 6 m stór og snýr norður/suður. Hann er þrískiptur, vestasta hólfið er stærst og út frá vestur vegg þess liggur hlaðinn garður um 7 m til suðurs, hleðslur hans eru að mestu leyti hrundar. Líklega hefur hann verið einskonar innrekstrar aðhald. Austan við vestasta hólfið eru tvö hólf. Syðra hólfið er stærra og op er á milli þess og vestasta hólfisins, nyrst á milliveggnum. Op er einnig á því austast á suðurveggnum. Nyrðra hólfið er mun minna og á því eru engin op. Hleðsluhæð stekkjarins er mest um 70 cm, mælt utanfrá en um 1 m ef mælt er innan frá. Vestara hólfið virðist vera að hluta niðurgrafið og hlaðið upp innan frá með grjóti. Víða sér í grjóthleðslur í stekkjarrústinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 4.

MH-010:014 *Vörðubrekkur* örnefni 64°42.777N 21°05.963V
"Vörðubrekkur eru brekkurnar sunnan í Snasa", segir í örnefnaskrá. Brekkurnar sunnan í Snasa eru um 60 m SSA við Háuvörðu (012) og um 630 m norðaustan við bæ (001).
Brekkurnar sunnan í Snasa eru grasigrónar og brattar. Ofan við þær er auk klettarins Snasa, ber melur. Neðar er hálfgróinn melur niðri á jafnsléttu.
Engar vörður eru í brekkunum. Hugsanlega eru þær kenndar við Háuvörðu sem, ef hún hefur borið nafn með rentu, hefur trónað yfir þeim. Steinunn Anna Guðmundsdóttir kannaðist ekki við vörður í brekkunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 4.

MH-010:015 *Kvíabrekka* örnefni kvíar 64°42.633N 21°06.494V
"Kvíabrekka er stór grasbrekka bæjarmegin við Holtið. Kvíabrekkubotnar eru framhald Kvíabrekku vestur með fyrir ofan túnið", segir í örnefnaskrá. Kvíabrekka er um 140 m NNA við bæ (001), fast norðan við skógræktarreit norðan bæjar.
Kvíabrekka er stór grasigróin brekka sem hallar til suðausturs. Hún er tiltölulega brött efst en verður meira aflíðandi er neðar dregur. Hér og þar gægjast stórir steinar upp úr grasinu. Neðan og vestan við brekkuna er skógræktarreitur þar sem vaxa birki og grenitré.
Nákvæm staðsetning kvíanna er ekki kunn, trúlega hafa þær þó verið neðarlega í brekkunni þar sem hún er ekki eins brött. Öll ummerki kvíanna eru horfin. Heimildamaður kannaðist ekki við tóftir á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hvammur, 4.

MH-010:016 *Tæpugata* gata leið 64°42.694N 21°06.641V
"Tæpugata er gata úr Kvíabrekku [017] vestur yfir Hvammsgilið, sem hér fellur í alldjúpu gljúfri, með mörgum nafnlausum fossum", segir í örnefnaskrá. Tæpugata liggur yfir Hvammsgil um 200 m NNV við bæ (001).
Gatan liggur niður snarbrattar en grasivaxnar hlíðar gilsins, klettar eru í gilinu beggja vegna við brekkuna.
Sneiðingur sést í brekkunum beggja vegna gilsins. Farið hefur verið til suðvesturs austanmegin gilsins en til norðvesturs vestanmegin. Þessi gata hefur ekki verið riðin, til þess er hún of tæp og ljóst að hún hefur verið varasöm fótgangandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 5.

MH-010:017 *Gildruholt* hleðsla refagildra 64°42.818N 21°06.140V



Refagildran, horft til SSV




Refagildran, horft til ASA

"Gildruholt er hátt uppi í brúninni að austanverðu við Gilið. Þar er forn, en vel gerð tófugildra", segir í örnefnaskrá. Gildruholt er um 580 m NNA við bæ (001) og um 250 m suðaustan við Þrívörðuholt (023), austan Hvanngils.
Holtið er stórgrýttur klettaás, mosavaxinn að ofan. Austan við það er grasivaxinn slakki og þá berangurslegur melur. Að vestan er einnig grasivaxið milli ássins og gilsins. Sunnan við það er hins vegar hálfgróinn melur.
Fyrir um 4-5 árum voru hellurnar teknar ofan af gildrunni og varða byggð úr þeim við vestur enda hennar. Rennan sést þó enn vel. Hún er um 2 m á lengd og 70 cm á breidd, snýr VSV/ANA. Göngin sjálf eru um 15 cm breið, hleðslur rennunnar eru um 30 cm háar. Varðan er um 1,2 m há, hlaðin úr flötum steinum sem upphaflega hafa myndað þak gildrunnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 5.

MH-010:018 *Hvammssel* tóftir sel 64°43.971N 21°04.448V



Selið, horft til suðurs



"Hvammssel er rústir af fornu seli í brekku suðvestan í holti, langt upp með læknum. Skráin [eldri örnefnaskrá] segir, að hér "eru rústir af fornu seli" og mun það rétt vera", segir í örnefnaskrá. Selið er um 260 m suðvestan við merkjavörðuna á Selholtinu (019), fast suðvestan við holtið, um 3,1 km NNA við bæ (001). Tóftir þess eru um 10 m austan við læk sem þar rennur.
Selið er í dálítilli brekku sem hallar til suðvesturs að læknum. Það er á grasivöxnu svæði en norðar á holtinu vex lyng og mosi. Sunnar er kræklóttur mosagróður og víða skín í beran jarðveginn.
"Enginn mun nú vita hvenær þar var síðast haft í seli. (Selið hefur án efa verið notað frá Hvammi og málnytupeningi haldið til beitar á fjallinu, e.t.v meðan enn var skógur í hlíðum, en hann mun raunar hafa horfið fyrir löngu víðast í Hvítársíðu, þó líklegt megi telja að hlíðin hafi öll verið skógi vaxin um landnám. Jarðabókin 1709 nefnir ekki skóg nema þar sem hann er enn í dag. En meðan hann var, hafa menn að sjálfsögðu orðið að koma búsmalanum upp fyrir skógarmörkin, bæði af því að hann týndist í skóginn og svo er skógbotninn einkar lélegt beitiland", segir í örnefnaskrá. Tvær tóftir eru við Selholtið á svæði sem er um 13 x 7 m stórt og snýr austur/vestur. Vestari tóftin er einföld, um 4 x 3 m að stærð. Hún snýr norður/suður og er opin til suðurs. Hleðslur hennar eru talsvert signar, hæð þeirra er um 15 cm, ef mælt er utan frá, en um 50 cm, þegar mælt er innan frá og ljóst að tóftin hefur verið talsvert niðurgrafin. Hún hefur verið hlaðin úr torfi en hvergi sér í grjót. Austari tóftin er um 3 m austar. Hún er mun stærri, um 6,5 x 7 m og snýr norður/suður. Hún er illa varðveitt og mjög afmynduð af þýfi. Erfitt er að segja til um byggingarlag hennar en hún virðist hafa skipst í þrjú samsíða hólf sem öll snúa norður/suður, með op á suðurvegg. Suðurveggurinn er hins vegar verst útleikinn svo ekki er hægt að segja með fullri vissu hvort hólfin hafi verið opin þar. Alls óvíst er hvort op hafi verið á milli hólfa. Hleðsluhæð tóftarinnar er mest um 70 cm og hún virðist eingöngu vera hlaðin úr torfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 5.

MH-010:019 varða landamerki 64°44.043N 21°04.166V
"Selholt heitir holtið fyrir ofan Selið [018]. Á því er smávarða og um hana merkin milli Hvamms og Kirkjubóls", segir í örnefnaskrá. Varðan er á merkjum um 3,3 km norðaustan við bæ (001) og er merkjagirðingin girt í hana.
Varðan er á mosavöxnu holti, fast vestan við það rennur lækur en vestan hans og allt í kringum holtið er mýri.
Varðan er rúnuð, um 1,1 m í þvermál og um 70 cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 6.

MH-010:020 *Hrafnavörðusund* örnefni 64°43.252N 21°06.120V
"Hrafnavörðusund er nokkru austar [en Grænasund]. Hrafnavörðuholt er austan við Hrafnavörðusund", segir í örnefnaskrá. Hrafnavörðuholt er um 1,3 km norðan við bæ (001).
Holtið er mosa- og lyngivaxinn melur, grýttur. Fast vestan við hann er Hrafnavörðusund, mýrarsund, enn vestar annað holt og þá annað mýrarsund, Grænasund.
Örnefnin Hrafnavörðusund og Hrafnavörðuholt, draga eflaust nöfn sín af sömu vörðu sem líklega hefur verið á holtinu. Þar er hins vegar engin varða né vörðubrot og Steinnunn Anna Guðmundsdóttir, ábúandi í Hvammi, kannaðist ekki við vörður á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 6.


MH-010:021 *Rauðkollur* heimild um huldufólksbústað 64°42.551N 21°06.735V



Rauðkollur, horft til NNV

"Rauðkollur er stór molabergssteinn á bakkanum vestan við Gilið, á móti Kodda", segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 17 m vestan við lækinn sem rennur úr Hvammsgilinu og um 115 m suðvestan við bæ (001).
Steinninn er á grasivöxnu svæði vestan lækjarins.
"Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er minnst á steininn mikla fyrir utan Hvamm í Hvítársíðu, og varað við, því að þar búi alheiðnar og illar vættir. Er þar átt við Rauðkoll, en ekki er þar annars af þessu nein sérstök saga", segir í örnefnaskrá. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er tvisvar minnst á Rauðkoll. Annars vegar í umfjöllun um álfa þar sem segir í neðanmálsgrein: "Þar er sagt að Álfa-Árni (Ljúflinga Árni) hafi varað við að ganga í steininn mikla sem er fyrir utan Hvamm í Hvítársíðu því þar búi illir álfar og allheiðnir." Hins vegar í umfjöllun um steina á Álftanesi, þar segir: "Flestir álfar eru eru alvarlegir og hafa óbeit á öllum gáska og gapaskap. Skyldi maður því forðast allt ósiðsamlegt nálægt bústöðum þeirra því annars getur hlotizt illt af því, því álfar reiðast illa. Þetta hefur Álfa-Árni tekið fram. Hann varar menn við að ganga í steininn mikla sem stendur fyrir utan Hvamm í Hvítársíðu; þar búa illir álfar og allheiðnir." Steinninn er allstór, um 1,5 m hár og rúmlega 1 m í þvermál, og mosavaxinn. Steinunn Anna Guðmundsdóttir, ábúandi í Hvammi, sagði að börnum hefði ekki verið bannað að leika sér við eða á steininum en ekki mætti taka af honum mosann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 9. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, I bindi, 6 og III bindi, 8.

MH-010:022 tóft útihús 64°42.582N 21°06.712V





Tóftin, horft til suðausturs

Fast vestan við lækinn sem rennur úr Hvammsgili er tóft. Hún er um 50 m norðan við Rauðkoll (021) og um 80 m vestan við bæ (001).
Tóftin er á velgrónum, grasivöxnum mel þar sem víða skín í grjót.
Steinunn Anna Guðmundsdóttir, ábúandi í Hvammi, sagði frá því að tengdamóðir hennar, Jóhanna Egilsdóttir, f. 1900, hefði verið með útihlóðir á þessum stað þar sem hún þvoði ull sem hún svo skolaði í læknum. Hlóðirnar eru í norðvesturhorni tóftarinnar. Þar er grjóthleðsla sem er um 20 cm á hæð og um 50 cm í þvermál. Tóftin er 12 x 10 m stór, snýr norður/suður. Hún er tvískipt, skiptist í eitt stórt hólf sem er um 8 x 6 m og snýr norður/suður, með opi á miðjum suðurvegg og út frá suðvestur horni þess er einfalt hólf. Það er 4 x 3 m stórt og snýr austur/vestur, opið til vesturs. Ekkert op er á milli hólfa.Tóftin er mjög gróin, einungis eitt umfar af grjóti stendur eftir og er hleðsluhæðin um 30 cm. Svo virðist sem hlaðið hafi verið úr torfi og grjóti; tvöfaldar grjóthleðslur og torf á milli. Þannig eru að minnsta kosti austur- og norðurveggur. Við austurvegg hennar er timburstaur og steinar í kringum hann, kúagata liggur í gegnum tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-010:023 *Þrívörðuholt* varða 64°42.935N 21°06.316V
"Steinþúfa er sá efri af tveimur smámelhólum, sem eru á hæðinni, rétt vestur undan Efriklöpp. Þrívörðuholt er neðri (syðri) hóllinn)", segir í örnefnaskrá. Þrívörðuholt er um 20 m vestan við Hvammsgil og um 700 m

norðvestan við bæ (001).
Holtið er ber melur. Vestan við það er grýttur melur með þýfðum grasivöxnum blettum á stöku stað. Austan við holtið er Hvammsgilið.
Vörðubrotin eru þrjú, það nyrsta er um 1 m í þvermál og um 30 cm á hæð. Önnur varða er um 13 m sunnar. Hún er einungis nokkrir steinar ofan á klöpp, um 15 cm há og um 30 cm í þvermál. Syðsta varðan er um 10 m sunnar, einnig fáir steinar á klöpp. Hún er um 20 cm há og um 50 cm í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 8.

MH-010:024 *Móflatir* örnefni mógrafir 64°42.925N 21°06.925V
"Móflatir eru dálitlir grasivaxnir flákar milli Steinþúfuhlíðar og Miðgils. Þær ná niður að brúninni milli Miðgils og Hvammsgils. Líklegt er að þær dragi nafn af mólendi en ekki mótekju, sem ekki er kunnugt um að hafi verið í Hvammi", segir í örnefnaskrá. Móflatir eru fremur víðfeðmt svæði ofarlega upp við brún Síðufjallsins, um 700 m norðvestan við bæ (001).
Móflatir eru grasivaxinn mói, austan við er Steinþúfuhlíð, hálfgróinn melur og vestar er ber, stórgrýttur melur næst Hvammsgili.
Engar mógrafir eru sjáanlegar á Móflötum, enda eru þær þurrar og ólíklegt að þar hafi verið tekinn mór. Sé örnefnið dregið af mó en ekki móa er líklegra að þar hafi mór verið þurrkaður en tekinn. Þá er þó ekki ljóst hvar mórinn hefur verið tekinn og eru því mestar líkur eru á því að hér hafi orðið brottfall á [a] og örnefnið hafi upphaflega verið Móaflatir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 8.

MH-010:025 *Stekkjarbrekka* örnefni stekkur 64°42.641N 21°06.948V
"Stekkjarbrekka er gróin brekka austan Miðgils, frá brún og niður undir tún", segir í örnefnaskrá. Stekkjarbrekka er löng og fremur brött brekka, austan við Miðgil, um 300 m vestan við bæ (001).
Efst er brekkan gróin mosa og grasi, er neðar dregur tekur graslendi við.
Ekki er vitað um stekk í Stekkjarbrekku en hugsanlega hefur hann verið um miðbik brekkunnar þar sem smá stallur er í brekkunni. Hvorki þar, né annars staðar í brekkunni eru hins vegar ummerki um stekk og engar tóftir sáust neðan né ofan hennar. Steinunn Anna Guðmundsdóttir, ábúandi í Hvammi kannaðist ekki við stekk á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 8.

MH-010:026 *Hesthústún* heimild um hesthús 64°42.603N 21°06.787V
"Hesthústún er ofan vegar milli Miðgils og Hvammsgils, nær þó ekki alveg að hinu síðarnefnda [Hvammsgili], þar er barðið næst því óræktað. Hesthústúnið er nú fallið inn í stærri túnspildu, nýlega ræktaða", segir í örnefnaskrá. Hesthústún er um 140 m VNV við bæ (001). Hesthús var í túninu ofarlega í dálitlum halla til suðurs, um það bil 100 m norðvestan við Rauðkoll (021).
Hesthústún er sléttað tún en ofarlega í því, þar sem hesthúsið var, er lítill hóll eða hæð í túninu. Ofar við túnið er gróinn melur upp að brún Síðufjallsins.
Engin skýr ummerki hesthússins eru sjáanleg enda hefur túnið verið sléttað. Það má þó greina litla hæð í túninu þar sem það var. Hún er um 14 m löng og 4 m breið og snýr austur/vestur. Suðurbrún hæðarinnar er 1,5 m há en hæðin hverfur inn í brekkuna til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 9.


MH-010:027 heimild um ristu 64°42.520N 21°05.827V
"Hvammsmýri, hallandi mýrarfláki neðan við bröttustu hlíðina vestan Kinnargils, nú allar orðnar að túni ... Torf hefur þvínæst með fullri vissu verið rist frammi í Hvammsmýrum. Trúlega verið notað á hús og hey eins og allsstaðar annars staðar. Enginn reiðingur", segir í örnefnaskrá. Hvammsmýrar eru um 650 m ASA við bæ (001). Mýrarnar hafa verið framræstar og eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hvammur, 2 og 11.

MH-010:028 frásögn fjós 64°42.582N 21°06.589V
Steinunn Anna Guðmundsdóttir, ábúandi í Hvammi, sagði frá fjósi sem var fast austan við bæ (001). Hún var ekki viss um hvort að fjósið hafi verið sambyggt bænum (001) eða ekki. Samkvæmt teikningu af gamla bænum (001) sem Guðmundur Þórarinsson rissaði upp, árið 1990, var fjósið ekki sambyggt bænum. Það er þó ekki merkt inn á túnakort frá 1917, sem bendir til þess að það hafi verið það. Öskuhaugurinn (008) var austan fjóssins

og heygarður (009) aftan, norðan, við það.
Þar sem fjósið var er nú lóð umhverfis núverandi íbúðarhús. Þar hefur verið plantað tjrám og öðrum gróðri.
Engin ummerki fjóssins sjást á lóðinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-011 Haukagil

Haukagil - túnakort 1917



16 hdr. 1709. Kirkjueign Skálholtsbiskupsstóls, lögð prestinum að Húsafelli til uppeldis. Jarðarinnar er getið í máldaga Gilsbakkakirkju árið 1306: "...laxveide kiararar ofan ad grof þeirre er vt er fra sele haukagilsmanna vt fra merkigrof og til fiskelækiar" - DI II, 359 og 1575 - DI XV, 554. Jörðin er á skrá frá árinu 1541 yfir þær jarðir "...er Ögmundur biskup átti í Vestfjörðum og í Borgarfirði, og teknar voru án dóms og laga undir kongsvaldið ...Haukagil. iiij. kugilldi. jc." - DI X 678-679. Jarðarinnar er getið í fógetareikningum árin 1548-1549, 1549-50, 1552 og í veitingabréfi Kristjáns III til Daða Guðmundssonar fyrir nokkrum jörðum leigulaust árið 1553. - DI XII, 132,147,392 og 523. "Munnmæli eru hjer hafi að fornu bænhús verið, og sjást enn tóftaleifar, en þó fallið fyrir manna minni." - JÁM IV,268. Það styður örnefnið Bænhúshóll. - Ö-Haukagil, 2.

Tún 9.2 ha., 6/7 sléttur, kálgarður 300m2 - Túnakort 1917. "Afrétt engin, torfrista og stunga bjargleg. Enginu granda skriður úr brattlendi með aur og grjóti. Vatnsból erfitt um vetur fyrir fannlögum og bregst í frosti stundum" - JÁM IV,269. "Land jarðarinnar, um 620 ha, nær frá Hvítá norður á há Síðufjall. Undirlendi hallar að ánni, næst henni melköst, nú að mestu grædd í tún, en milli þjóðvegar og hlíðarróta voru grundir og hálfdeigjur, sem nú eru að mestu tún merkja milli." - BB,29.

MH-011:001 *Haukagil* bæjarhóll bústaður 64°42.664N 21°67.937V



Haukagil, horft til norðurs

"Bæjarhús standa á hjalla eða hólbarði nokkru hærra en grundirnar, ofan hlíðarróta... ", segir í örnefnaskrá. Gamli bærinn á Haukagili stóð þar sem núverandi íbúðarhús er. Það var byggt árið 1994 eftir að húsið sem þar stóð áður brann. Húsið stendur á hól við neðan við hlíðarrætur Síðufjallsins. Núverandi í búðarhús er ekki með kjallara.
Núverandi íbúðarhús stendur á grasivöxnum hól fast austan við læk sem þar rennur úr Haukagili, neðan við eru ræktuð tún.
Helgi Jónsson (f. 1951) sagði frá því að þegar núverandi íbúðarhús var byggt hafi komið upp mikið af grjóti. Hóllinn sem íbúðarhúsið er á er um 27 x 20 m stór og um 2 m hár. Hann snýr austur/vestur. Suðurbrún hans er greinileg en hann er ógreinilegur úr öðrum áttum. Um 2 m austan við íbúðarhúsið er smá stallur á hólnum og glittir þar í grjót á einum stað, stallurinn er hugsanlega leifar eldri bygginga.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,1.


MH-011:002 *Bænhúshóll* tóft útihús 64°42.670N 21°07.898V



Bænhúshóll, horft til NA



Bænhúshóll, horft til suðurs




"Bænhúshóll er austan við bæ en ofan Leyni, fáum metrum ofan við vesturenda [núverandi] fjóshlöðu", segir í örnefnaskrá. Bænhúshóll er um 12 m ANA við bæ (001) og um 5 m norðan við vesturenda fjóshlöðu.
Hóllinn er í suðvesturhorni sléttaðs túns, sem hallar lítillega til suðurs. Sjálfur hefur hóllinn ekki verið sléttaður. Fast vestan við túnið er malarbílastæði norðan við íbúðarhúsið en austar eru fleiri ræktuð tún.
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: Munnmæli eru hjer hafi að fornu bænhús verið, og sjást enn tóftaleifar, þó affallið fyrir manna minni" "Þar sér fyrir rústum af byggingu og má ekki hreyfa við þeim. (einskonar álagablettur)", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 3 m hár þar sem hann er hæstur í vesturendanum. Hann snýr austur/vestur og er um 30 m langur, 8 m breiður austast en um 12 m breiður vestast. Í austurenda hans er steinsteyptur hænsnakofi með bárujárnsþaki. Á vesturhluta hólsins mótar fyrir hóltopp og á honum er einföld tóft. Hóllinn sem tóftin er á er um 12 x 10 m stór og snýr austur/vestur en tóftin sjálf er um 5 x 3,5 m stór, snýr eins og hóllinn. Hún er opin til vesturs. Hleðsluhæð hennar er mest um 40 cm á

suðurvegg hennar en annars staðar eru hleðslurnar lægri og vart mótar fyrir hleðslum norðurveggjarins. Hvergi sér í grjót í tóftinni. Tóftin er augsýnilega byggð á leifum eldri bygginga og hefur líklega ekkert með bænhúsið að gera. Á mynd af bænum á Haukagili sem prentuð er í Úr byggðum Borgarfjarðar I, bls. 129 og talið er að hafi verið tekin árið 1884 sér í hús austan bæjarins. Húsið er á svipuðum stað og tóftin er og er hún hugsanlega leifar þess húss. Hóllinn er að öllum líkindum að mestu leyti uppsöfnuð mannvistarlög og er líklegt að byggt hafi verið á þessum stað lengi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,2. JÁM IV, 268. Úr byggðum Borgarfjarðar, I bindi, 129.

MH-011:003 tóft lambhús 64°42.672N 21°07.662V




Tóftin, horft til norðurs



Lambhús og hesthús eru merkt á túnakort frá 1917 um 220 m ANA við bæ (001). Þar er tóft húsanna enn.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er 23 x 11 m að stærð, snýr norður/suður og er tvískipt. Tveir hlaðnir garðar eru í nyrðri hluta hennar en neðan (sunnan) við þá er grjóthlaðinn milliveggur, mjög siginn. Op er á nyðra hólfinu til vesturs, upp við millivegginn. Sunnan við vegginn er minna hólfið, op eru á því bæði til austurs og vesturs, upp við millivegginn. Austurveggur hólfsins er, líkt og milliveggurinn, eingöngu hlaðinn úr grjóti. Aðrir veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og allvíða sér í grjóthleðslur. Út frá vesturvegg nyrðri hluta tóftarinnar er um 2 x 2 m breið þúst og er hugsanlegt að þar hafi verið annað hólf eða heystæði. Hleðsluhæðin tóftarinnar er mest um 1,5 m. Garðarnir eru um 9 m langir, 60 cm breiðir og 60 cm háir. Sá eystri er hlaðinn úr torfi og grjóti en sá eystir úr grjóti, með steyptri plötu efst og steyptu fjárbaði í suðurendanum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-011:004 tóft fjárhús 64°42.672N 21°07.703V






Tóftin, horft til suðausturs

Fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917 um 200 m ANA við bæ (001). Tóftir þeirra eru þar enn.
Tóftin er í sléttu túni.
Tóftin er um 18 x 15 m stór og snýr norður/suður. Hún er einföld, opin til suðurs með fjórum hlöðnum görðum. Austur-, vestur- og norðurveggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en enginn suðurveggur er á tóftinni og hefur líklega verið þar timburþil. Veggjarhleðslurnar eru hæstar um 1,5 m og um 2 m breiðar, breiðastar syðst. Víða sér í grjóthleðslur. Garðarnir eru um 6 m langir og 1 m breiðir og aftan við þá er um 4 m breitt og 12 m langt autt svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-011:005 heimild um leið 64°92.660N 21°07,921V
Vegur er merktur á túnakort frá 1917 að bænum úr austri og frá honum til vesturs, þvert í gegnum túnið. Þetta mun vera hluti af aðalvegurinn um Síðuna áður en núverandi vegur var lagður.
Þar sem vegurinn lá eru nú slétt tún og hlaða, heimreiðin að Haukagili liggur þvert á gamla veginn.
Engin ummerki vegarins eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-011:006 *Álfkonuhvammur* álagablettur 64°42.753N 21°07.824V
"Álfkonuhvammur er í Haukagilinu rétt fyrir ofan túnið. Það er álagablettur", segir í örnefnaskrá. Álfkonuhvammur er suðvestan við Vörðuhól (027), fast austan við Haukagil, um 200 m NNA við bæ (001).
Hvammurinn er grasivaxinn og nokkuð grýttur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,6

MH-011:007 *Ferjuskarð* þúst naust 64°42.424N 21°07.662V



"Ferjuskarð er skarð í melkastið við ána [Hvítá], niður undan Eystrigrund, lítið eitt austan við ós Haukagilslækjar", segir í örnefnaskrá. Ferjuskarð er um 170 m vestan við ós Haukagilslækjar, um 500 m SSA við bæ (001).
Fast við bakka Hvítár er um 5 m breitt svæði vaxið grasi og hvönn og ofan við það eru ræktuð tún. Skarðið er mörkum þessa grasivaxna svæðis og túnsins.
"Í Ferjuskarði var lengi ferja á ánni, amk. Fram um 1950, og þótti bezti ferjustaður hér í sveit, áin lygn og mjó milli bakka", segir í örnefnaskrá. Skarðið er á ská til norðausturs, vik inn í bakkann, þó ekki fast við ána heldur um 1-2 m frá henni. Skarðið er um 4 m langt og 2 m breitt og um 30 cm djúpt. Í því glittir í grjót á tveimur stöðum, það er þó líklega of smátt til að um hleðslugrjót geti verið að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,3

MH-011:008 *Djúpadalsvarða* varða 64°43.102N 21°07.093V

"Djúpadalsvarða er ævaforn varða, nú farin að hallast, á Húsagilsbakkanum ofan við Sjónarhól, móts við miðjan Djúpadal", segir í örnefnaskrá. Djúpadalsvarða er um 1 km NNA við bæ (001), um 1 km SSA við Selsíus (024).

Varðan er á hálfgrónum mel á eystri bakka Húsagils. Niðri í gilinu eru bakkar lækjarins grasivaxnir annars staðar eru melar svo langt sem augað eygir.

Varðan hrundi fyrir 2 árum og liggur á hliðinni vestan við stein sem hún hefur verið hlaðin á. Á steininum stendur eftir um 35 cm há hleðsla, ferhyrnd um 70 cm á kant.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Haukagil,5



Varðan, horft til suðurs

MH-011:009 *Fornistekkur* tóft stekkur 56°42.639N 21°08.522V


"Fornistekkur er ofan við Stekkjargrundir austan Eystri-Stekkjar. Er nú alveg í girðingunni. Rústin greinileg", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 460 m VSV við bæ (001) fast norðan við bakgarð sumarhúss, fast vestan við girðingu sem þar er, um 1 m NV við hornstaur hennar.

Stekkurinn er í grasivöxnum móa um 3 m vestar eru ræktuð tún.

Tóftin er um 5,5 x 3,5 m að stærð. Hún er á kafi í grasi og því er byggingarlag hennar ekki skýrt en svo virðist sem hún sé einföld. Tóftin snýr NNA-SSV og er opin vestast á suðurvegg. Hleðsluhæð veggja er um 15 cm. Hvergi sér í grjót í hleðslunum og hefur stekkurinn að öllum líkindum eingöngu verið hlaðinn úr torfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Haukagil,7



MH-011:010 *Gíslabrekkur* þjóðsaga 64°42.667N 21°07.341V

"Gíslabrekkur eru brekkurnar ofan við mýrina, milli Húsagils og Grýttakima. Þar á einn Hellismanna að hafa verið drepinn", segir í örnefnaskrá. Brekkurnar eru um 500 m austan við bæ (001) í suðurhlíð Síðufjallsins, milli gilja.

Brekkurnar eru grasi- og mosavaxnar, ofar er ber melur en neðar ræktuð tún.

Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Gísli var drepinn í Gíslabrekkum og Mundi eða Guðmundur á Mundaflöt fyrir framan Haukagil" JÁ

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Haukagil,4. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-011:011 *Grafhólsmýri* náma mógrafir 64°43.033N 21°07.456V

"Grafhólsmýri er vestan Bæjardals, milli hans og Haukagilsins, ofan Miðhóls. Þar var mótekja. Grafhóll er upp af Grafhólsmýri, mitt á milli giljanna. Smálækir sinn hvoru megin við hann falla í gilin", segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru í Grafhólsmýri um 780 m NNA við bæ (001) og um 260 m sunnan við Grafhólsvörðu (012).

Grafhólsmýri er fremur blaut og þýfð mýri neðan við Grafhól. Vestan við mýrina er grasivaxinn og þýfður mói.

Neðarlega í mýrinni eru ummerki mótekju á svæði sem er um 10 x 7 m stór og snýr austur/vestur. Grafirnar eru um 40 cm djúpar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Haukagil,6

MH-011:012 *Grafhólsvarða* varða 64°43.168N 21°07.514V

"Grafhólsvarða er á Grafhól, hlaðin af Narfa Jónssyni, f. 1872, sem hér var vinnumaður fyrir síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá. Grafhólsvarða er um 1 km NNA við bæ (001) og um 360 m VNV við Djúpadalsvörðu (008).

Varðan er á grónum melhól, sunnan við hann er hann er mýrarspilda en í aðrar áttir grasivaxinn, þýfður mói.


Varðan hefur verið hlaðin ofan á stóran stein en er að mestu leyti hrunin til vesturs þar sem nú er grjótdreif við steininn. Nokkrir steinar eru þó eftir á steininum en þar er ekki hægt að tala um hleðslu lengur. Um 1,5 m suðaustan við steininn er annar aðeins minni steinn með nokkrum steinum ofan á, engin grjótdreif er í kringum hann svo líklega hefur sú "hleðsla" aldrei verið hærri. Einnig er mjög stór steinn með nokkrum minni ofan á um

50 m suðvestan við Grafhólsvörðusteininn en ekkert bendi til þess að þar hafi einhvern tíma verið upphlaðin varða heldur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,6

MH-011:013 *Haukagilssel* tóft sel 64°43.776N 21°07.384V



Selið, horft til austurs



"Haukagilssel er efst og vestast í Selslakka upp undir Draga, á eystri bakka Sellækjar. Þar er góð lind eins og víðast þar sem seljum var valinn staður. Rúst er greinileg af að minnsta kosti einu húsi", segir í örnefnaskrá. Selið er um 1,7 km VSV við merkjastein á Selsandi (034) og um 2,1 km NNA við bæ (001).
Selið er fast austan við Sellæk sem rennur til suðurs, á grasigrónum bakka. Austan við er berangurslegur melur en vestan við lækinn er dálítil mýrarspilda og þá hálfgróinn melur.
Selið er 6 x 6 m stórt og er tvískipt. Norðurveggurinn er að hluta til blásinn burt. Nyrðra hólfið er mun skýrara , þar er hleðsluhæð um 40 cm. Op er í norðvesturhorni þess. Syðra hólfið er óskýrt og er hleðsluhæð þess einungis um 10 cm. Sennilega hefur verið op austast á vesturvegg þess. Ekkert op er á milli hólfa. Hvergi sér í grjót í tóftinni og hefur hún líklega eingöngu verið hlaðin úr torfi.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Haukagil,10

MH-011:014 *Hauksleiði* heimild um legstað 64°42.667N 21°07.823V
"Þúfa austan við Húsabrunn [016] var kölluð Hauksleiði, en er nú með öllu horfin", segir í örnefnaskrá. Hauksleiði var um 90 m austan við bæ 001.
Þar sem þúfan var er nú sléttað tún sem nú er smáþýft og útsparkað.
Þúfan hefur eflaust hlotið nafn sitt vegna bæjarheitisins, Haukagils, þó alls sé óvíst að það sé dregið af mannanafninu Haukur. Engar sagnir eru um hver eigi að hvíla á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,2

MH-011:015 *Lambhúshóll* örnefni lambhús 64°42.678N 21°07.833V
"Lambhúshóll er hár hóll austur af Grænhól. Þar voru fjárhúsrústir, en eru nú horfnar fyrir löngu við túnasléttun", segir í örnefnaskrá. Lambhúshóll er nú lág hæð í túninu um 15 m norðaustan við steinsteyptan hænsnakofa í austurenda Bænhúshólsins (002), um 85 m norðaustan við bæ (001).
Hæðin er í sléttuðu túni sem nú er smáþýft.
Hæðin snýr austur-vestur og er 12 x 10 m stór. Hún er ógreinileg, hæst um 20 cm. Engin tóft eða önnur ummerki fjárhúsa eru sýnileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,2

MH-011:016 *Húsabrunnur* heimild um vatnsból 64°42.667N 21°07.831V
"Húsabrunnur var uppsprettulind á hól í túninu niður undan Lambhúshól [015] ... Frá honum rann lítill lækur austur túnið austur að Mundaflöt [022], líklega þó því aðeins að væta væri. Farvegur hans hefur verið fylltur upp og er síðan nefndur Langalína", segir í örnefnaskrá. Húsabrunnur var fast austan við þar sem nú er rabbabaragarður, austan við girðingu sem nú er við austurenda hans, um 90 m austan við bæ (001).

Þar sem lindin var er sléttað tún sem hallar til suðurs, nú smáþýft.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,2


MH-011:017 *Laxalögn* heimild um lögn 64°42.409N 21°07.742V
"Laxalögn er gömul hleðsla útí ána [Hvítá] í Ferjuskarði [007]. Þó veiddist þar aldrei neitt. (Vafi virðist á hvort þetta var ekki neðar við ána...)... (Laxalögn taldi Björn að fremur sé við Klásusarhvamm [023] en í Ferjuskarði, en þó væru þar einhverjar garðleifar)", segir í örnefnaskrá. Ferjuskarð er er um 170 m vestan við ós Haukagilslækjar, um 500 m SSA við bæ (001).
Fast við bakka Hvítár er um 5 m breitt svæði vaxið grasi og hvönn og ofan við það eru ræktuð tún. Skarðið er mörkum þessa grasivaxna svæðis og túnsins
"Merkilegt er, að hér er talað um laxalagnir, jafnvel á tveimur stöðum og umvitjun um laxanet. Laxgengd um Hvítá var til skamms tíma nær engin, enda um engar hrygningarstöðvar að ræða. Á Haukagili var hinsvegar alltaf allgóð göngubleikjuveiði á haustin og væri líklegra að lagaðar væru netlagnir hennar vegna", segir í örnefnaskrá. Engar hleðslur eru sjáanlegar við Ferjuskarð, þó er úti í ánni mjó eyri sem gengur niður ána, fram við skarðið. Hún er örugglega náttúruleg.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Haukagil,3

MH-011:018 *Móraskarð* frásögn draugur 64°42.585N 21°08.782V
"Stóraskarð er vestan við Votahvamm. Móraskarð er annað nafn á Stóraskarði", segir í örnefnaskrá. Móraskarð er um 1 km vestan við ós Haukagilslækjar, um 220 m vestan við Kláusarhvamm (023) og um 680 m suðaustan við bæ (001).
Skarðið er votlend enda rennur Stórilækur í því. Hlíðar þess eru grasivaxnar en hér og þar skín í grjót og beran melinn.
Helgi Jónsson (f. 1951) á Haukagili kunni sögur af Móraskarði. Hann sagði að sögur færu af því að þegar keyrt væri fram hjá skarðinu, en þjóðvegurinn sem liggur um Síðuna, liggur fast norðan við skarðið, væri stundum sem kippt væri í stýrið og bílar hefðu drepið á sér við skarðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,3

MH-011:019 *Kvíaból* tóft kvíar 64°42.666N 21°07.971V



Kvíarnar, horft til norðurs



"Kvíaból er tunga í túninu milli gilsins [Haukagils] og Haukatungulækjar, ofan við nýja húsið (Jóns og Ásgerðar), nær ekki alveg upp á móti bænum [001 ÞÁ?]. Þar eru gamlar kvíarústir neðan til", segir í örnefnaskrá. Kvíarnar eru um 30 m VNV við bæ (001), um 5 m norðan við Haukatungulæk og um 8 m vestan við Haukagil.
Kvíarústin er í grasivaxinni kvos við gil. Ofan við hann vaxa grenitré, birkihríslur og nokkrar aspir. Lækur rennur í gegnum tóftina og kemur í Haukatungulæk þar sem hann rennur í gilið.
Tóftin er ekki greinileg, hún er á kafi í grasi og mikið skemmd vegna lækjarins sem rennur í gegnum hana. Tóftin er um 6 X 3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ekki er hægt að segja til um hvort hún hefur verið einföld eða skipst í tvö eða fleiri hólf. Austur- og vesturveggir tóftarinnar eru best varðveittir en lækurinn hefur grafið hina veggina í burtu. Hleðsluhæðin er mest um 15 cm. Ekki er hægt að segja til um hvar op hefur verið á tóftinni, það hefur líklega verið annað hvort á norður- eða suðurvegg hennar en eins og áður sagði eru þeir ekki varðveittir. Ekkert grjót sést í veggjahleðslunum.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Haukagil,2

MH-011:020 *Lambhúsmýri* heimild um lambhús 64°42.614N 21°08.147V
"Lambhúsmýri var neðan Haukatungu en vestan gamla túns , Ytrigrundar, niður að vegi og úr að Stekkjargrund. Nú [1995] löngu framræst og orðin að grasgefnu túni. Þar var áður Lambhúshóll, en er nú horfinn", segir í örnefnaskrá. Lambhúshóll var um 200 m suðvestan við bæ (001) og um 65 m suðvestan við timburhús sem stendur nú um 150 m suðvestan við íbúðarhúsið á bæjarhólnum.
Þar sem hóllinn var er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,7

MH-011:021 heimild um landamerki 64°42.956N 21°07.084V
Í landamerkjaskrá Haukagils frá 1890 segir: "Að austan milli Haukagils og Hvamms ræður Miðgil uppá fjallið austur fyrir Sjónarhólsmýri, að læk þeim er þar rennur í Miðgil, úr torfvörðu þeirri , er þar stendur á syðri bakka Miðgils..." Ekki er vitað hvar torfvarðan sem nefnd er í merkjabréfinu var nákvæmlega. Varðan hefur þó verið á vestari bakka Miðgils um 150 m norðaustan við Sjónarhól (032), af merkjabréfinu að dæma.
Við gilið er á þessum slóðum hálfgróinn, mosavaxinn melur.
Engin ummerki torfvörðunnar sjást.
Heimildir: Landamerkjabréf Haukagils, 1890.

MH-011:022 *Mundaflöt* þjóðsaga 64°42.956N 21°07.084V
"Mundaflöt var stór valllendisgrund vestan Húsagils en austan heimatúns, ofan við Stóramel og upp undir brekkurót, nú (1995) löngu orðin að túni", segir í örnefnaskrá. Mundaflöt er túnið suður af núverandi fjárhúsum, um 350 m suðaustan við bæ 001.
Mundaflöt er nú slétt tún.
"Þar átti líka einn Heillismanna að hafa verið drepinn og hafa þeir Gísli og Mundi fylgzt að á flóttanum og fallið því sem næst saman", segir í örnefnaskrá. Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu komu að Hellismönnum í Vopnalág og hugðust drepa þá: "Þó gátu bændur ekki drepið nema fáa af þeim þar í láginni og hlupu þeir víðs vegar, en hinir eltu þá og drápu þá hvar sem þeir náðu þeim ... Gísli var drepinn í Gíslabrekkum og Mundi eða Guðmundur á Mundaflöt fyrir framan Haukagil" JÁ
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,5. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292

MH-011:023 *Kláusarhvammur* heimild um lögn 64°42.517N 21°08.545V
"Kláusarhvammur er skarð í mel við lítinn læk, niður undan Stekkjargrun, við ána milli Stekkjarlækja. Þar á að hafa drukknað maður við að vitja um laxanet. (Laxalögn taldi Björn að fremur sé við Kláusarhvamm en í Ferjuskarði [007], en þó væru þar einhverjar garðleifar.)", segir í örnefnaskrá. Kláusarhvammur er um 900 m vestan við ós Haukagilslækjar, um 760 m vestan við Ferjuskarð (007) og um 570 m suðaustan við bæ (001).
Hvammurinn er grasivaxinn, skarð í gróið melkastið við Hvítá.
"Merkilegt er, að hér er talað um laxalagnir, jafnvel á tveimur stöðum og umvitjun um laxanet. Laxgengd um Hvítá var til skamms tíma nær engin, enda um engar hrygningarstöðvar að ræða. Á Haukagili var hinsvegar alltaf allgóð göngubleikjuveiði á haustin og væri líklegra að lagaðar væru netlagnir hennar vegna", segir í örnefnaskrá. Engar hleðslur eða önnur mannaverk eru sjáanlegt í eða við ána við Kláusarhvamm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil, 3.

MH-011:024 *Selsíus* varða 64°43.642N 21°07.009V

"Selsíus er varða vestast í Selslakka ofan til við hann miðjan, sem Eyjólfur Gíslason, síðar bóndi á Hofsstöðum, hlóð og hjó þar nafn sitt í stein", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 2 km NNA við bæ (001), um 410 m suðaustan við Haukagilssel (013) og um 450 m vestan við merki móti Hvammi.
Varðan er á grýttum mel, austan við skiptast á grasi grónir þúfnabakkar og mýrarspildur en vestar er grasigróinn og þýfður mói.
Varða er ekki há en talsvert breið. Hún er um 1 m á hæð, næst hringlaga um 1,8 m í þvermál. Áletrunin sást ekki við vettvangsskoðun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,9.



Varðan, horft til VSV

MH-011:025 *Stekkur(inn)* heimild um stekk 64°42.655N 21°08.582V

"Stekkur(inn) er litlu vestar, vestan við lækinn. Tóftin er nú horfin, sléttuð í tún", segir í örnefnaskrá. Stekkur var um 60 m vestan við stekk (009), um 520 m vestan við bæ (001).
Þar sem stekkurinn var er nú slétt tún.
"Þar fundust glerbrot, öskulag og e.t.v. fleiri mannvistarleifar. Ekki er vitað um manadvöl þarna", segir í örnefnaskrá. Engin ummerki stekkjarins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Haukagil,7.

MH-011:026 *Sundpollur* heimild um sundlaug 64°42.789N 21°07.082V

"Kattarpyttur er nokkru ofar [en Hvolpapyttur], einnig nýlegt nafn ... Sundpollur er annað nafn á Kattarpytti. Kallapyttur var hann líka nefndur", segir í örnefnaskrá. Sundpollur er í Miðgili neðan við talsverða flúð eða foss í læknum, þó ofan við Fossinn. Hann er um 280 m suðaustan við Sjónarhól (032) og um 715 m norðaustan við bæ (001).
Gilið er hér djúpt og bratt. Það má komast niður í það vestan megin þar sem barmarnir eru ekki eins háir. Austurbarmurinn er grasivaxinn og klettabelti efst en vesturhliðin er mörkuð af kletti alveg við lækinn, mosavaxinn hér og þar.
Engin mannaverk eru í eða við Sundpoll og ekki víst að synt hafi verið í honum að staðaldri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,5.

MH-011:027 *Vörðuhóll* varða 64°42.754N 21°07.719V

"Vörðuhóll er brattur hóll og hár, upp og norðaustur af bæ [001] með tveimur vörðum upp af túni milli Húsagils og Haukagils, nær hinu síðarnefnda", segir í örnefnaskrá. Vörðuhóll er um 240 m norðaustan við bæ (001).
Hlíðar hólsins eru grasivaxnar en ber melur í toppinn, mjög grýttur.
Á hólnum eru nokkrir frekar stórir steinar og ofan á þremur þeirra eru smáhleðslur. Þær eru allar lágar um 30 cm á hæð og um 40 cm á kant. Örnefnaskráin segir frá tveimur vörðum á Vörðuhól. Engin varðanna sem þar er núna er sérlega fornleg en líklegt er að sú vestasta hafi síðast bæst í hópinn, þó ekki sé hægt að segja til um það með vissu. Um 1 m er á milli varðanna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,6.

MH-011:028 heimild um ristu 64°42.680N 21°08.200V

"Torf á hey og hús [var rist] í mýrunum út með brekkunum. Rista ekki talin sérlega góð. Ekki vitað til að reiðingsrista fyndist, enda hvergi þessháttar mýri", segir í örnefnaskrá. Líklega er hér átt við mýrarspildur með hlíðum Síðufjallsins enda ágætir ristustaðir þar víða.
Vestan við bæ skiptast á við hlíðarrætur mýrarspildur og grasmóar.
Engin ummerki ristu sáust í mýrunum við hlíðarræturnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil, 13.

MH-011:029 heimild um landamerki 64°43.133N 21°09.400V

"Víðirbrekkur eru á merkjum ofan við brún. Ná út í Sámsstaðaland. Samkvæmt merkjabréfi er þar merkjavarða

úr torfi og merkin bein lína þangað úr Merkjahvammi við Hvítá", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning vörðunnar er ekki kunn. Hún hefur verið um 1,5 km norðvestur af bæ (001), um 500-600 m norðan við Náttmálakletta.
Í Víðirbrekkum skiptast á grasivaxnar brekkur og hálfgrónir melar.
Heimildir: Ö-Haukagil, 9.

MH-011:030 *Þokukerling* varða 64°42.892N 21°08.592V



Varðan, horft til norðurs

"Þokukerling er varða uppi á brún, milli Stekkjarlækjar og Bleikalækjar, Sigurður Jónsson, einn heimildarmanna, gaf henni það nafn vegna þess hve oft hann var hræddur með henni", segir í örnefnaskrá. Varðan er um 670 m norðaustan við bæ (001).
Varðan er á stórgrýttu holti sem er mosa- og grasivaxið á stöku stað. Holtið er í hlíðarbrún og ofar eru grónir melar. Neðan (sunnan) við vörðuna er hálfgróin melur en til austurs mýrarspildur og lækir í hlíðinni.
Varðan er stæðileg. Hún er hlaðin á steini sem er um 1 m hár. Varðan sjálf er um 1,3 m á hæð, næstum ferhyrnd og um 60 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil,8.

MH-011:031 heimild um smalakofa 64°43.697N 21°06.417V

""Hjá yfirsetukofanum" nefnist svæði vestan við Grænasund, við vesturmerkin. Þar er tóft af gömlu yfirsetuhúsi (smalakofa). Merkjabréfið nefnir merkjavörðu "rétt við yfirsetukofann frá Hvammi", segir í örnefnaskrá Hvamms. Í landamerkjabréfi Hvamms frá 1890 segir enn fremur: "Að vestanverðu ræður Miðgil frá Hvítá upp að Giljaklofum, þaðan sjónhending í torfvörðu rétt við yfirsetukofann frá Hvammi, úr vörðunni sjónhending í stóran stein uppi á hjá Draga". Í landamerkjabréfi Haukagils frá sama ári segir: "...ræður Miðgil uppá fjallið austur fyrir sjónarhólsmýri, að læk þeim er þar rennur í Miðgil, úr torfvörðu þeirri er þar stendur á syðri bakka Miðgils, beina línu norður í vörðu við yfirsetukofa..." og í örnefnaskrá Haukagils segir "Selsíus [024] er varða vestast í Selslakka...þar var selkofi (Þetta síðasta [að Selkofi hafi verið hjá Selsíusi] mun orka tvímælis, að því er Jón [Jón Ingimundarson fyrrv. bóndi á Haukagili] telur, og öllu líklegra að átt sé við hjásetukofa, sem var nokkru austar, rétt við þar sem merkjagirðingin er nú. Leifar hans eyðilögðust þegar jafnað var með jarðýtu girðingastæðið...)"
Að öllum líkindum er hér átt við einn og sama smalakofann, enda ólíklegt að fleiri en einn smalakofi hafi verið á merkjum Hvamms og Haukagils, milli Miðgils og Draga þó það sé ekki óhugsandi. Smalakofinn var um 2,2 km NNA við bæ á Haukagili (011:001) og um 2 km norðan við bæ á Hvammi (010:001), um 480 m austan við Selsíus (024).
Þar sem smalakofinn var er þýfður sundurgrafinn melur, beggja vegna skiptast á grasigrónir þúfnabakkar og mýrarspildur.
Ekkert sést af kofanum þar sem hann var eyðilagður við jöfnun girðingarstæðis á merkjum og engin ummerki vörðu eru sjáanleg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvammur, 6. Landamerkjabréf Hvamms, 1890, nr. 157. Ö-Haukagil, 9. Landamerkjabréf Haukagils, 1890.

MH-011:032 *Sjónarhóll* varða 64°42.921N 21°07.254V

"Sjónarhóll er hólstrýta með vörðu mitt á milli giljanna ofan við fossana", segir í örnefnaskrá. Sjónarhóll er á milli Húsagils og Miðgils, um 720 m norðaustan við bæ 001 og um 260 m sunnan við Djúpadalsvörðu (008).
Hóllinn er malarhóll, stórgrýttur og mosavaxinn á stöku stað. Við vörðuna sem stendur hæst á hólnum er melurinn algróinn.
Varðan er hlaðin ofan á stórum steini, hann er um 30 cm hár en varðan sjálf um 90 cm. Varðan er ferhyrnd um 40 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil, 5.



Varðan, horft til norðurs

MH-011:033 heimild um landamerki 64°44.391N 21°05.989V

Í landamerkjabréfi Haukagils frá 1890 segir: "...úr torfvörðu þeirri, er þar stendur á syðri bakka Miðgils [021], beina línu norður í vörðu við yfirsetukofa [031], úr þeirri vörðu, norður í stóran stein vestan til við efstur dragabungu merktan LM" Steinninn er í Sámstaðalandi við enda merkjagirðingar milli Hvamms og Haukagils. Það er um 3, 5 km NNA við bæ (001) og um 1,3 km norðan við þar sem smalakofinn (031) var.
Steinninn er á mosavöxnum og grýttum mel. Sunnan við hann, bæði í landi Hvamms og Haukagils er mýri sem einnig teygir sig inn í Sámstaðaland austan við steininn.
Steinninn er fremur stór um 70 cm hár og um 1 m í þvermál, keðja úr girðingunni er um hann. Áletrunin sást ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Haukagils, 1890.

MH-011:034 heimild um landamerki 64°43.768N 21°09.475V

Í landamerkjalýsingu Haukagils frá 1890 segir: "...norður í torfvörðu sunnan við Víðirbrekkur fyrir vestan Flata [029], úr þeirri vörðu, norður í stóran stein, vestarlega á Selsandi, merktan LM". Steinninn er á merkjum Haukagils og Sámsstaða þar sem þau beygja til austurs. Steinninn er um 1 m austan við girðinguna, Haukagilsmegin, um 2,4 km NNV af bæ (001).
Steinninn er á berangurslegum mel sem teygir sig til norðurs, sunnan við er mýri.
Steinninn er mjög stór, hann snýr norðaustur/suðvestur og er um 1,5 m langur, 1 m breiður og um 1,2 m hár. Áletrun sást ekki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Haukagils, 1890

MH-011:035 *Náttmálaklettar* varða eyktarmark 64°42.955N 21°09.330V

"Náttmálaklettur er stakur klettur með tveimur vörðum uppi á hábrún upp af Breiðumýrarbrekkum. Hann er eyktarmark frá Haukagili", segir í örnefnaskrá. Náttmálaklettur er um 1,2 km norðvestan við bæ (001), um 600 m norðvestan við Þokukerlingu (030) og um 50 m austan við merkin móti Sámsstöðum.
Vörðurnar eru á klöpp á hálfgrónum meli í hlíðinni.
Vörðurnar eru hlið við hlið, um 3 m eru á milli þeirra. Sú eystri er mun stærri. Hún er um 1,5 m há, ferhyrnd um 1 m á lengd og um 60 cm á breidd . Sú vestari er um 50 cm há, ferhyrnd og um 50 cm á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil, 8.



Varðan, horft til norðvesturs

MH-011:036 *Kúagata* gata leið 64°42.768N 21°07.786V

"Kúagata er þrep eða sneiðingur ofan í gilið fyrir ofan Álfkonuhvamm [006], að nokkru leyti um klapparstalla og ólíklegt að kýr hafi verið reknar þar, enda fara stórgripir þar varla nema að eigin frumkvæði", segir í örnefnaskrá.
Kúagata er fast ofan við Álfkonuhvamm (006), um 230 m norðan við bæ 001, í gilbarminum.
Gilbarmurinn er brattur beggja vegna við lækinn, nokkuð grýttur austanmegin en grasivaxinn vestan við.
Í austurhlíð gilsins má sjá um 4 samhliða sneiðinga og einn vestan megin, breiðari og dýpri.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Haukagil, 6.

MH-011:037 garðlag túngarður 64°42.706N 21°07.922V




Túngarðurinn, horft til austurs



Túngarðurinn, horft til norður

Túngarður hefur verið umhverfis tún í Haukagili. Hann sést enn norðan við bæ þar sem hann liggur frá austurbakka Haukagils til austurs með núverandi túngirðingu um 70 m norðan við bæ (001), hann er einnig greinilegur við austurmörk túnsins.
Túngarðurinn liggur á mörkum sléttaðs túns og grasivaxinnar hlíðar.
Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti, alls eru um 240 m af honum varðveittir. Þar sem garðurinn liggur frá austurbakka Haukagils og austur að norðaustur horni túns er hann um 200 m langur víðast um 1 m hár og 2 m breiður. Hann er lægstur í norðausturhorni túnsins þar sem hann loks hverfur í tún. Garðurinn verður aftur greinilegur, um 45 m sunnar, við suðausturhorni tóftar (004) þaðan sem hann liggur til suðurs, um 40 m niður túnið þar til hann hverfur í sléttað tún. Þar er garðurinn um 1 m breiður og hæstur um 10 cm. Leifar túngarðsins koma vel heim og saman við mörk túns á Haukagili eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 191

MH-012 Sámsstaðir



40 hdr. 1709. Bændaeign. Fyrst getið í Sturlungu í Þorgils sögu skarða. 28.2.1398 seldi Jón Gilsson Halli Svarthöfðasyni jörðina. - DI III, 624. 3.10. 1544 selur Stepeán Ólafsson Jóni Jónssyni jörðina ,"er legið hefir í eyði, fyrir fimtán hundruð í lausafé." - DI XI, 331. 1463-1470: "Sámstaðamáldagi í Hvítársíðu. Halfkirkjan a samstöðum er helgut hinum helga bartolemeus." - DI V, 404. "Hjer hefur áður bænhús, og stendur nú skemmuhús sem bænhús var og heldur enn nafninu, en ekki hafa hjer tíðir verið veittar í næstu 30 á 40 ár." - JÁM, IV, 269. "Ætt núverandi bónda hefur setið jörðina frá 1828" BB III, 36.
Tún 11,1 ha., allt sléttað, kálgarður 500 m2. - Túnakort, 1917. "Túninu grandar lækur úr brattlendi, sem ber á það grjót og aur í vatnagangi til stórskaða. Engjar dreifar með smáblettum í fjallshlíð, sem spillast af aur og grjóthruni árlega." - JÁM IV, 270. "Gljúfur Sámsstaðagils sker hlíðina austan við miðju. Vestan gils, að Teigsá, er allbreitt, þurrt sléttlendi með ánni. Bærinn stendur í brekkurótum á því miðju, og er láglendið að miklu leyti tún, gamalt og nýtt. Hlíðin ofan þess allvel gróin. Austan gils er hlíðin brött ofan í á, gróin neðan til en blásin upp í Höfðanum." - BB III, 36.

MH-012:001 *Sámsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°42.629N 21°12.467V



Sámsstaðir, horft til norðurs

Gamli bærinn á Sámstöðum stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Það var byggð árið 1937 og seinna var forstofa byggð austan við það. Húsið stendur á hól í sléttuðu túni neðan við hlíðarrætur Síðufjallsins.
Bærinn stóð á grasivöxnum hól, sem nú hefur verið sléttaður að hluta, sem og túnið í kringum hann. Framan við húsið er lóð og þar hefur verið plantað trjám. Fast austan við húsið er bílastæði.
Bæjarhóllinn er greinilegur og stendur núverandi íbúðarhús framarlega (sunnarlega) á honum og er eilítið grafið niður í hann, norðan við. Kjallari er ekki á húsinu. Hóllinn er um 40 x 15 m stór og snýr austur/vestur. Í vesturjaðri hans er kartöflugeymsla byggð inn í hólinn. Hóllinn er hæstur um

1,5 m, greinilegastur að vestan en ógreinilegur að austan þar sem bílastæðið er, austan við það er fjós.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. BB III, 36.

MH-012:002 heimild um bænhús 64°42.633N 21°12.450V Í
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709 segir: "Hjer hefur áður bænhús, og stendur nú skemmuhús sem bænhús var og heldur enn nafninu, en ekki hafa hjer tíðir verið veittar í næstu 30 á 40 ár" Ekki er vitað hvar bænhúsið stóð en skemma (024) stóð þar sem viðbygging austan við núverandi íbúðarhús er. Hún var úr timbri með hlöðnum kjallaraveggjum, var flutt þegar viðbyggingin var gerð og síðar rifin. Sú skemma sem minnst er á í Jarðabók Árna og Páls var vafalaust stutt frá bænum, hugsanlegt er að skemman hafi staðið á sama stað og þessi skemma, en ekki er hægt að fullyrða um það með neinni vissu.
Þar sem skemman var er nú steinsteypt viðbygging austan við íbúðarhúsið og fast austan hennar malarhlað.
Í Sámsstaðamáldaga sem áætlað er að hafi verið skrifaður á tímabilinu 1463-1470 segir: "Sámstaðamáldagi í Hvítársíðu. Halfkirkjan a samstöðum er helgut hinum helga bartolemeus." Ekki er vitað til þess að bændur á Sámsstöðum hafi komið niður á bein eða aðrar vísbendingar um bænhús á þessum stað, þrátt fyrir byggingar og framkvæmdir á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM-IV, 269. DI V, 404.

MH-012:003 gata leið 64°42.562N 21°12.729V
Á túnakort frá 1917 er merktur vegur gegnum túnið á Sámsstöðum. Í örnefnaskrá segir: "Gamla þjóðleiðin er enn heimreið að bænum austanfrá, en sá hluti hennar, sem lá vestur úr túni er aflagður sem leið heim að bænum" Vegurinn austan við bæinn er enn greinilegur í túninu, er nú aflagður sem heimreið að bænum en nýr vegur hefur verið gerður rétt vestan við Þvottalág (017).
Vegurinn liggur í gegnum sléttað túnið.
Fimm samhliða paldrar eru greinilegir í túninu, þeir ná yfir svæði sem er um 5 m breitt. Paldrarnir eru greinilegir á um 200 m kafla frá heimreið og út fyrir endimörk túnsins þar sem hann hverfur í deiglendi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Sámsstaðir, 1.

MH-012:004 heimild um fjárhús 64°42.605N 21°12.656V
Fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917 um 130 m VSV við bæ (001).
Þar sem fjárhúsin voru er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-012:005 heimild um fjárhús 64°42.587N 21°12.668V
Fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917, um 30 m sunnan við fjárhús (004) og um 170 m suðvestan við bæ (001).
Þar sem fjárhúsin voru er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-012:006 heimild um hænsnakofa 64°42.662N 21°12.451V
Á túnakort frá 1917 er útihús merkt um 35 m NNA við bæ (001), í norðurjaðri túns. Það varnotað sem hænsnakofi og reykhús.
Þar sem húsið var er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


MH-012:007 heimild um útihús 64°42.624N 21°12.401V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 60 m ASA við bæ 001, fast neðan við gamla vegin (003) að bænum. Kofinn hefur verið vestan við þar sem núverandi heimreið beygir til suðurs.
Þar sem útihúsið var er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-012:008 heimild um útihús 64°42.687N 21°11.487V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús í Húsatúni um 45 m suðvestan við fjárhús (009) og um 800 m austan við bæ (001).
Þar sem kofinn var er nú slétt tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-012:009 tóft fjárhús 64°42.712N 21°11.404V

Á túnakort frá 1917 eru merkt fjárhús í Húsatúni um 850 m austan við bæ (001), fast vestan við Húsagil. Tóftir þeirra eru greinilegar en þau voru aflögð árið 1956.
Tóftir fjárhúsanna eru í sléttu túni.
Fjárhústóftin eru um 14 x 27 m að stærð og snýr austur/vestur. Hún samanstendur af þremur hólfum; einu stóru hólfi með fjórum hlöðnum görðum og tveimur minni hólfum, þau snúa öll norður/suður. Stærsta hólfið er í miðjunni og eru minni hólfin, annars vegar austan við það og hins vegar vestan. Hleðslur aðalhólfsins eru hæstar um 1,6 m og þar eru grjóthleðslur, allt að 12 umför. Hleðslur útbygginganna eru mun lægri. Í þeirri er vestari eru hleðslur hæstar um 1 m en í þeirri eystri um 1,1 m. Í þeim sér einnig víða í grjóthleðslur. Austur útbyggingin er opin bæði á norður og suðurvegg en á þeirri vestari er einungis op vestarlega á suðurhlið hólfsins. Aðalhólf fjárhúsanna hefur, undir lokin, verið steypt að hluta. Í suðurenda þess, þar sem dyr þess hafa verið, má sjá um 40 cm háan steyptan grunn. Um 30 cm hár steyptur veggur er aftan við garðana. Við suðurenda austur- og vesturveggja má einnig sjá leifar steyptra veggja en hugsanlega hafa þeir einungis verið steyptir syðst. Allir garðarnir hafa steypta plötu efst og annar frá vestri hefur einnig steypt fjárbað í suðurendanum. Þó hleðslur fjárhúsanna standi víða hátt hafa þær annars staðar mikið látið á sjá, sérstaklega í norðurveggnum.





Tóftin, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-012:010 heimild um fjós 64°42.636N 21°12.415V

"Fjóstunga er spildan austan bæjar, ofan vegar upp að túngarði [011], sem sést enn þarna. Þar stendur nú vélageymsla", segir í örnefnaskrá. Núverandi fjós er neðan og vestan við Fjósatungu og líklega hafa fyrri fjós einnig verið þar. Það er um 10 m norðan við heimreið og um 20 m austan við núverandi íbúðarhús.
Núverandi fjós stendur ofan heimreiðar í sléttu túni.
Engar heimildir eru um eldri fjós á þessum stað en Ólafur Guðmundsson (f. 1941) taldi líklegt að fjósið hafi alltaf verið á þessum stað. Ekkert útihús er sýnt á túnakorti austan við bæinn og líklega hefur fjósið þá verið sambyggt bænum. Engin ummerki bygginga sáust í Fjósatungu enda er hún nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 1

MH-012:011 garðlag túngarður 64°42.667N 21°12.455V

"Fjósatunga [010] er spildan austan bæjar, ofan vegar upp að túngarði ...Ytrigrund, sem er sunnan gömlu götunnar [003]...vestan gamla túngarðsins", segir í örnefnaskrá. Túngarður hefur verið umhverfis tún á Sámstöðum og er greinilegur norðan og austan við bæ 001 og einnig við vesturmörk gamla túnsins. Sunnan við bæ má einnig sjá móta fyrir mishæð í túninu þar sem garðurinn var en þar hefur hann verið sléttaður. Leifar garðsins koma vel heim og saman við túnið á Sámsstöðum eins og það er sýnt á



Hluti túngarðarins, horft til VNV

túnakorti frá 1917.
Túngarðurinn er á mörkum sléttaðs túns og grasivaxins móa norðan og vestan við bæ en sunnan við er hann í sléttuðu túninu. B
Leifar túngarðsins eru greinilegar á þremur stöðum, í fyrsta lagi um 60 m norðan við bæ (001), í öðru lagi um 280 m vestan við hann, við vesturmörk túns og í þriðja lagi um 220 m sunnan við bæ (001) í sléttu túninu. Norðan við bæ (001) er garðurinn hlaðinn úr torfi og grjóti og víða glittir í grjót. Þar er hann að jafnaði um 1 m hár og um 1,5 m breiður. Hann liggur á um 110 m löngum kafla til austurs og svo ASA þar til að hann hverfur í tún. Þar sem garðurinn sést við vesturmörk túnsins liggur túngirðing í honum. Þar er hann um 1 m hár, túnmegin, og hallar inn til túnsins, en lægri utan frá eða um 30-40 cm. Hann er um 80 cm breiður og 30 m langur, liggur norður/suður. Talsvert grjót er við norður- og suðurenda garðsins en ekki sér í grjót í honum sjálfum. Einnig má sjá móta fyrir túngarðinum, neðarlega í túni, um 60 m ofan við þjóðveg sem liggur um Síðuna, um 220 m sunnan við bæ (001). Á þessum stað hefur túngarðurinn verið sléttaður í tún en þó má enn sjá móta fyrir honum, sem hrygg í túninu með stefnuna austur/vestur. Hryggurinn er um 1-1,5 m breiður og hæst um 5 cm hár og um 140 m langur. Alls eru leifar garðsin því um 280 m langar, og ljóst er að stærstur hluti hans hefur horfið í tún og við aðrar framkvæmdir við bæinn. Ekki er hægt að segja til um hversu stórt svæði hann hefur afmarkað en leifar hans koma vel heim og saman við heimatúnið á Sámsstöðum eins og það er sýnt á túnakorti frá 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 1 og 2. Túnakort, 1917.


MH-012:012 *Lögréttutunga* örnefni þingstaður 64°42.649N 21°12.551V
"Lögréttutunga er spilda vestan við Guðmundarhól, í láginni sem Prettur er í að Uxahól og Kattartungu; nær niður á jafnsléttu. Hún er að miklu leyti enn nýtt sem tún. Nafnið gæti tengst því, að hér á bæ hefur alltaf verið þingstaður sveitarinnar", segir í örnefnaskrá. Lögréttutunga eru 60 m norðvestan við bæ (001).
Tungan er milli tveggja hóla efst í sléttu túninu og hallar til suðurs. Hólarnir eru grasivaxnir og smáþýfðir en tungan sjálf hefur verið sléttuð. Ofan (norðan) við tún eru hlíðar Síðufjallsins þar sem skiptast á grónir og berir melar en neðar (sunnar) eru sléttuð tún.
Engin mannaverk eru í eða við tungunna og ekki er vitað til þess að hér hafi staðið þinghús eða önnur mannvirki tengd þinghaldi. Örnefnið bendir þó til þess að tungan hafi dregið nafn sitt af þingstörfum, enda voru Sámsstaðir þingstaður sveitarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 2

MH-012:013 frásögn rista 64°42.446N 21°11.957V
"Snagi er flata láglendið neðan við köstin þar sem áin tekur stóran bug til suðurs, neðan við Húsagil", segir í örnefnaskrá. Torf var rist á Snaga, um 500-600 m suðaustan við bæ (001).
Snaginn er mýrlendur næst melköstunum en þurrari næst ánni.
Engin ummerki ristu sáust á Snaga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámsstaðir, 3

MH-012:014 frásögn rista 64°42.577N 21°12.802V
Torf var rist í mýrum skammt vestan við tún, ofan (norðan) gamla vegarins. Ristan var um 300 m VSV við bæ (001).
Vestan við tún rennur dálítill lækur frá austri til vesturs og ofan við hann er mýri sem hallar til suðurs í hlíðarrótum Síðufjalls.
Engin ummerki torfristu sáust í mýrinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 2

MH-012:015 heimild um ferju 64°42.464N 21°12.377V
"Hvítá fellur með endilöngu láglendi jarðarinnar, á leið sinni frá austurjöklum í sjó. Hér var lengi ferja á henni, líklega fram á 5. áratug 20. aldar", segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað með fullri vissu hvar ferjustaðurinn í Sámsstaðalandi var nákvæmlega. Ólafur Guðmundsson (f.1941) telur að hann hafi verið nærri Þvottalág (017). Um 30 m vestan við lágina er áin tiltölulega mjó og líklegt að þar hafi verið róið yfir, þá hefur verið farið vestan við eyrina sem er í ánni framan við Þvottalág. Þetta er um 320 m sunnan við bæ (001).
Þar er norðurbakki Hvítár grasigróin en hálfgróinn melur sunnan við.
Engin ummerki ferjustaðarins sáust við Þvottalág eða í námunda við hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 3

MH-012:016 *Neðristekkur* tóft+garðlag stekkur 64°42.388N 21°13.447V




"Neðristekkur er brekkukriki með stekkjarrúst við Teigsá ca. 150 m neðan þjóðvegar", segir í örnefnaskrá. Stekkjarrústin er um 200 m sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna, um 900 m suðvestan við bæ (001).
Tóftin er á mjög þýfðu svæði austan Teigsár, fast neðan eða vestan við sléttuð og framræst tún.
Tóftin er mjög óskýr sökum þýfis og að miklu leyti afmynduð af þeim sökum. Þó má enn greina tóftarlag í þýfinu. Stekkurinn er 10 x 9 m stór og snýr norður/suður. Hann er tvískiptur og eru hólfin samsíða og svipuð að stærð. Ekkert op er greinilegt á eystra hólfinu en op er á því vestara á miðjum norður vegg þess. Hleðslur stekkjarins eru hæstar um 30 cm, ef mælt er utan frá, en um 60 cm þegar mælt er innan frá og er sem hann sé niðurgrafinn um 30 cm. Hvergi sér í grjót í tóftinni og er hún líklega eingöngu hlaðin úr torfi. Um 24 m sunnan við stekkjarrústina er 12 m langt garðlag sem liggur í sveig frá norðvestri að ánni (Teigsá). Það er um 70 cm hátt þar sem það er hæst en 60 cm á breidd. Hvergi sér í grjót í garðinum frekar en tóftinni. Ekki er víst að garðlagið sé tengt stekknum, þó ekki sé hægt að útiloka það. Hann virðist vera yngra mannvirki, hleðslurnar heilllegri og hærri. Ólafur Guðmundsson, bóndi á Sámsstöðum sagði frá því að Guðmundur Hjálmarsson frá Háafelli hefði sagt honum frá e-um sem ætlaði að gera sundlaug við Teigsánna og hann gat upp á því að garðurinn gæti tengst þeim framkvæmdum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 3

MH-012:017 *Þvottalág* heimild um þvottastað 64°42.473N 21°12.301V
"Þvottalág er skarð í árköstin niður undan vélaskemmu. Þar er orðið stutt frá vegi að ánni", segir í örnefnaskrá. Þvottalág er um 320 m sunnan við bæ (001).
Þvottalág er mjótt skarð í melköstin við ána. Eystri melbakkinn er gróinn sem og botninn en sá vestari er ber. Hér er grasigróin eyri í ánni sem er lygn og grunn við norðurbakkann.
Í svörum við spurningum örnefnastofnunar er það talið líklegt að hvort tveggja þvottur og ull hafi verið þvegin í Þvottalág.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 3

MH-012:018 *Nauthúslág* örnefni útihús 64°42.484N 21°12.135V
"Nauthúslág er sams konar skarð í kastið [og Þvottalág 017] niður af Skotti austast í túni", segir í örnefnaskrá. Nauthúslág er um 130 m austan við Þvottlág (017) og um 380 m suðaustan við bæ (001).
Nauthúslág er nokkuð breitt skarð í árköstin. Í botni hennar rennur lækur austan til og vestan við hann er malarslóði. Milli slóðans og lækjarins er grasigróinn bakki.
Engin ummerki útihúss sjást í láginni eða við hana. Það hefði getað staðið norðan hennar þar sem nú er vegur eða sunnan hennar þar sem árbakkinn er fremur breiður. Ekki er heldur hægt að útiloka að húsið hafi staðið í láginni sjálfri þó það verði að teljast ólíklegri staðsetning en hinar tvær.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 3

MH-012:019 tóft 64°42.454N 21°12.025V





Tóftin, horft til SSV

Um 100 m austan við Nauthúslág [018] og um 480 m suðaustan við bæ (001) er tóft sunnan í melkasti norðan

Hvítár.
Sunnan við tóftina er mýrarsvað, nyrst á Snaga. Nær ánni er þurr mói.
Tóftin hefur tvo veggi sem báðir eru að hluta uppblásnir. Norður-suðurveggur er hlaðinn er upp að melkastinu en austur-vesturveggur út frá suður enda hans. Þeir hafa líklega eingöngu verið hlaðnir úr torfi því hvergi sér í grjót í þeim. Í melkastinu glittir hins vegar í grjót á stöku stað og má vera að þar hafi verið hlaðinn veggur úr grjóti sem nú er nær alveg horfinn. Enginn austurveggur virðist hafa verið á húsinu. Tóftin er um 6 x 5 m stór. Hleðslur hennar standa hæst um 60 cm. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt, hugsanlega hefur hún tengst ristu eða slætti í mýrinni þó e.t.v. sé líklegra að slíkar byggingar væru uppi á melkastinu þar sem þurrara er.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 3 - 4

MH-012:020 *Stekkur(inn)* heimild um stekk 64°42.454N 21°12.025V
"Stekkurinn var á austurbakka Húsagils neðan götu. Horfinn við vegagerð", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn var um 900 m ASA við bæ (001) og um 110 m SSA við fjárhús (009).
Húsagil er djúpt og bratt með klettaveggjum ofan þjóðvegar en neðan hans hefur það grynnst og barmar þess aflíðandi, þar skiptist á gróinn og ber melur. Á austurbakka gilsis, neðan vegar er hálfgróinn melur.
Engin ummerki stekkjarins sjást.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 4

MH-012:021 *Gvendarstekkur* tóft stekkur 64°42.586N 21°13.604V




Stekkurinn, horft til SSV

"Gvendarstekkur er grasbrekka við gilið með stekkjarrúst á barði, skammt ofan við veg. Gvendur ókunnur", segir í örnefnaskrá. Gvendarstekkur er um 150 m norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna, um 15 m vestan við Teigsá og um 900 m vestan við bæ (001).
Stekkurinn er á stalli í grasigróinni brekku sem hallar til suðvesturs að gilinu sem Teigsá rennur í. Ofar er gróinn melur meðfram gilinu og neðar er graslendi að veginum.
Stekkurinn er þrískiptur. Hann er um 13 x 5 m stór og snýr suðaustur/norðvestur. Hólfinn eru öll svipað stór, um 3 x 2 m. Þau snúa eins og stekkurinn, fyrir utan austasta hólfið sem snýr austur/vestur. Ekkert op er á austasta hólfinu en op er á milli hinna tveggja hólfanna og vestasta hólfið er opið til vesturs. Hleðslur eru mest um 1 m háar. Aðeins sér í grjót á einum stað í tóftinni, í vesturenda suðurveggsins og hefur stekkurinn að öllum líkindum að mestu verið hlaðinn úr torfi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 4

MH-012:022 *Varða* varða eyktarmark 64°42.562N 21°13.193V
"Varða heitir þar sem nokkrir steinar voru áður ofan á stórum steini, uppi á barði fyrir heiman Gvendarblett. Þar var haldinn miðaftann frá Sámsstöðum, meðan dagsmörk voru talin. Nú er þar stóri steinninn en engir ofan á", segir í örnefnaskrá. Steinninn er um 580 m vestan við bæ (001) og um 330 m austan við Gvendarstekk (021).
Steinninn er í grasivaxinni hlíð, neðarlega í Síðufjalli. Neðar er valllendi og þá ræktuð tún.
Steinninn er fremur stór, ofan á honum eru örfáir smásteinar, líklega leifar þeirrar vörðu er þar hefur staðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 4

MH-012:023 *Stöðlaból* örnefni kvíar 64°42.703N 21°12.424V
"Stöðlaból er valllendisbali stórgrýttur á barði ofan bæjar austan við Bæjarlæk, neðan Bæjardalsbrekku", segir í

örnefnaskrá. Stöðlaból er um 140 m NNA við bæ (001), uppi í hlíðinni, um 6 m austan við Bæjarlæk.
Stöðlaból er neðarlega í grasivaxinni hlíð Síðufjallsins, suðaustan við er mýri í hlíðarrótum.
Engin ummerki bygginga eða hleðsla sjást á Stöðlabóli eða í námunda við það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 5

MH-012:024 frásögn útihús 64°42.634N 21°12.458V
Skemma var fast austan við núverandi íbúðarhús, þar sem viðbygging þess er nú.
Þar er nú malarbílastæði og hellulögð gangstétt fast austan við húsið.
Skemman var úr timbri, járnklædd með hlöðnum kjallaraveggjum. Hún var flutt, þegar viðbygging við núverandi íbúðarhúsvar gerð, norðar í túnið og síðar rifin. Hugsanlega stóð skemman þar sem bænhús stóð áður, sjá 002.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 5

MH-012:025 *Hundaþúfa* varða 64°42.994N 21°12.036V
"Hundaþúfa er þúfa með vörðu, á brún austanhallt ofan við Vettlingsdal", segir í örnefnaskrá. Hundaþúfa er um 760 m norðaustan við bæ (bein loftlína) og um 620 m norðaustan við Stöðlaból (023).
Þúfan er velgróin, u.þ.b. 10 steinar í hrúgu, vart eiginleg varða. Hún er á berangurslegum mel.
Vörðubrotið er um 50 cm í þvermál, hleðslurnar eru að mestu leyti hrundar og stendur brotið hæst um 10 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 5

MH-012:026 *Selgötur* gata leið 64°42.969N 21°11.587V
"Selgötur er götuslóði sem liggur skáhallt upp og austur hlíðina, "milli Brekkna og Dala", en í henni má segja að sé dálítill hallaminni hjalli, sem hækkar til austurs, frá Grímsdal austur í náND við Húsagil. Göturnar lágu frá bænum upp á Stöðlabólið [023], beygja þar til norðausturs neðan við Mjóalæk, Grímsdal, Vettlingsdal og Þumalsdal og fylgja rót brekkunnar ofan við hjallann smáhækkandi upp og fram miðhlíðis, að Selvörðu [027], en beygja þar beint upp á fjallið, upp á sandinn og áfram yfir fjallið austan við Fífutjarnarsund en vestanvið Kirkjusteinasund [031] og síðar niður með Þverlæk að austan og yfir Kjarará að Sámsstaðaseli [012b-001], sem er undir Sámsstaðahöfða norðan Kjarará. Sama leið mun hafa verið farin frá Reykholti yfir Síðufjall, þegar þaðan var haft í seli í Reykholtsseli á Kjör", segir í örnefnaskrá. Gatan er mjög greinileg þar sem hún liggur í hlíðinni og beygir upp á fjallið hjá Selvörðu (027). Þar liggur hún fast sunnan og austan við melhólinn sem varðan er á. Hún er um 2 m breið og hefur verið ekin í seinni tíð.


Selgötur, horft til VSV

Göturnar liggja í hlíðinni þar sem skiptast á berir melar og grónir grasbalar.
Gatan er greinileg á talsverðum kafla á þessari leið, sem lýst er hér að ofan, í suðurhlíð Síðufjallsins og upp á það. Sunnan undir brún fjallsins hefur hún skemmst vegna vatnságangs þar sem vatn hefur leitað í hjólför, eftir að gatan var ekin.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 6

MH-012:027 *Selvarða* varða samgöngubót 64°42.975N 21°11.612V
"Selvarða er melhóll með vörðu upp og austur í hlíðinni, sést heiman frá bæ; upp af Stórubrekku og nokkru vestar en upp af gamla fjárhúsastæðinu [009]", segir í örnefnaskrá. Selvarða er um 940 m norðaustan við bæ (001) og um 340 m ASA við Hundaþúfu (025).
Vörðubrotið er á hálfgrónum melhól, nokkuð grýttum með velgrónum grasbölum hér og þar.
Vörðubrotið er gróið, það er sem næst ferhyrnt um 1 m á kant og um 10 cm á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 6

MH-012:028 gata leið 64°43.111N 21°10.831V
"Heyvegslækur dregst saman uppi í Kirkjusteinasundi [031], rennur niður Kósir, spölkorn fyrir vestan Bleiksbollavörðu [030] og í gilið milli Kósabrekkna", segir í örnefnaskrá og síðar: "Heyvegur þekkist ekki. Gæti hafa verið gata sem liggur meðfram gilinu og yfir lækinn og kynni að hafa verið heybandsvegur úr Víðibrekkum eða norðan af fjalli. Ekki eins brött og Selgötur [026]" Slóði er greinilegur þar sem hann liggur yfir lækinn um

1,5 km norðaustan við bæ (001) og u m 670 m norðaustan við Selvörðu (027).
Gatan liggur með Húsagili, á velgrónum melköstum við gilið.
Gatan er víða greinileg frá Selvörðu (026) og upp með gilinu, yfir Heyvegslæk og áfram. Smá slóði víðast hvar, mest um 1 m breiður en víðar einungis mjór kindaslóði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 6, 10.

MH-012:029 *Mólækur* örnefni mógrafir 64°43.288N 21°10.236V
"Mólækur kemur ofan að í gilið nærri upptökum þess, austan við Kósir, myndar gilið ásamt lækjum austan frá, úr Víðibrekkum", segir í örnefnaskrá og síðar "Enginn mór við Mólæk, né annarsstaðar í landareigninni, svo vitað sé." Mólækur er um 520 m austan við Bleiksbollavörðu (030) , um 2,1 km norðaustan við bæ (001).
Vestan við lækinn er berangurslegur melur en austan hans er valllendisspilda.
Engin ummerki mótekju sjást við lækinn en ekki er óhugsandi að einhvern tíma hafi mór verið tekin í valllendinu austan við hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 7, 10.

MH-012:030 *Bleiksbollavarða* varða 64°43.295N 21°10.883V



Varðan, horft til vesturs

"Bleiksbollavarða er ofarlega í hallanum, upp í brún ofan við Kósir, og austan við Heyvegslæk", segir í örnefnaskrá. Bleiksbollavarða er um 1,8 km norðaustan við bæ (001) og um 350 m norðaustan við þar sem slóði liggur yfir Heyvegslæk (sjá 028).
Varðan er í Bleiksbolla sem er kvos ofan við Húsagil. Varðan er á stórgrýttu melholti í kvosinni, neðar eru mýrarspildur og þá hálfgróinn melur.
Varðan hrundi í jarðskjálfta árið 1974 og hefur ekki verið verið endurreist. Hún stendur þó enn að hluta, um 90 cm há, ferhyrnd, um 70 cm á kant. Mikil grjótdreif er norðvestan við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámsstaðir, 6

MH-012:031 *Kirkjusteinar* örnefni 64°43.401N 21°11.408V
"Kirkjusteinasund er norðan við Kósabrún en sunnan við Sand, dálítið austan Fífutjarnarsunds og nær austur að Sámsstaðavatni. Kirkjusteinar eru tveir steinar vestast á Kirkjusteinasundi", segir í örnefnaskrá. Kirkjusteinar eru um 1,7 km NNA við bæ (001) og um 460 m norðvestan við Bleiksbollavörðu (030).
Steinarnir eru á grónum, þýfðum mel í suðvestur jaðri mýrar, Kirkjusteinasunds, til vesturs handan mýrarinnar er sandur.
Steinarnir eru nánast alveg upp við hvorn annan, afar stórir um 1 - 1,2 m á hæð og um 1, 5 m í þvermál. Orsök nafnsins er ekki kunn. Hugsanlega er um álfakirkju að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámstaðir, 7, 10.




Kirkjusteinar, horft til NNA

MH-012:032 *Sámsstaðavað* heimild um vað 64°42.314N 21°11.677V
Vað er á Hvítá í landi Sámsstaða. Kristian Kaalund minnist á Sámsstaðavað í Íslenskum sögustöðum og segir jafnframt að ekkert vað gegnt Hvítársíðu sé gott né tíðfarið. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags er minnst á Snagavað skammt austan við Sámsstaði og það talið alltíðfarið. Er þar átt við sama vaðið. Ólafur Guðmundsson (f. 1941) tali að það væri um 860 m suðaustan við bæ (001) og um 380 m suðaustan við tóft (019).
Hér er norðurbakki árinnar grasi gróinn og lágur en sunnan við eru há melköst, skörðótt. Áin er breið og tiltölulega lygn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: KK II, 14, Árbók 1884-1885, 131.

MH-012:033 *Brekkubær* örnefni býli 64°42.758N 21°12.178V
"Brekkubær er deiglend grasbrekka austan Bala, þýfð að neðan, en brött að ofan, austan Skriðulækjar, en niður undan Grímsdal austanverðum", segir í örnefnaskrá. Grasbrekkan Brekkubær er um 340 m norðaustan við bæ (001).
Brekkan er gróin og þýfð efst, neðar tekur við hálfgróinn og grýttur melur og neðst er deiglendi.
Engin ummerki bygginga eða önnur mannaverk eru í brekkunni. Uppruni nafnsins er ekki kunnur. Örnefnið bendir til þess að hér hafi verið bær en staðsetningin og umhverfið dregur úr líkum á því, hugsanlega hefur hér verið leikstaður barna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sámsstaðir, 5.

MH-012:034 hleðsla smalakofi 64°43.348N 21°13.072V
Smalakofi er um 1,4 km NNA við bæ 001 og um 1,3 km vestan við Kirkjusteina (031).
Smalakofinn er hlaðinn vestan við klett á grónum mel. Í kring er mýrlendur flói.
Smalakofinn hefur þrjá hlaðna veggi, er opinn til suðurs en opinu er skýlt af klettinum sem hann er hlaðinn upp við. Hleðslur hans eru talsvert hrundar, mest standa um 2 umför, hæst um 20 cm. Kofinn er um 1 x 0,8 m að stærð, snýr SSA/NNV.
Hættumat: engin hætta


Smalakofinn, horft til vesturs



MH-012b Sámsstaðir (selland)

Sellandið er milli Fanngils og Vatnshnúkalækjar neðarlega í Kjarrárdal og er Örnólfsdalssandur á mörkum við Kvíar. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84

MH-012b:001 *Sámsstaðsel* þúst sel 64°45.474N 21°06.222V

"Sunnan undir honum [Sámsstaðahöfða] gengur dálítil lægð austur með hlíðinni, gamall farvegur. Lægð þessi heitir Forsæla og er nú grasigróin. Lítið eitt fyrir austan hana er Sámsstaðasel. Þar sjást töluverðar rústir." segir í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar. Um 100 m norðvestan við Höfðarétt (002) og um 1,3 km austan við Víghól (017b:005) er gróskumikill og tóftarlegur hóll. Hann er um 7,2 km norðaustan við bæ (012:001).

Hóllinn er í suðurhlíð Sámsstaðahöfða sem er grasivaxin og þýfð. Hann er vel gróinn, stórþýfður neðst en flatur í toppinn og smáþýfður.

Ekkert byggingarlag er á þýfinu sem þó hlýtur að vera leifar Sámsstaðasels. Hóllinn er um 10 x 5 m stór, snýr norður-suður. Hann er um 3 m hár úr suðri en um 1 m hár úr norðri þar sem hann fellur inn í hlíðina.



Tóftarhóllinn, horft til ANA

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hvítsíðingaafréttur, 4.

MH-012b:002 *Höfðarétt* hleðsla rétt 64°45.424N 21°06.187V




Réttin, horft til SSA

1848 byggðu Hvítsíðungar rétt "á Kjörinni við Kjarvará hjá Sámsstaðahöfða." segir í Göngum og réttum. Í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar segir enn fremur: "Lítið austar [en Sámsstaðasel 001] á grjótkasti við ána eru fornar fjárréttir". Réttin er um 4,4 km vestan við Bjarnastaðaselsgil, um 100 m suðaustan við Sámsstaðasel (001) og um 1,3 km austan við Víghól (017b:005).

Réttin er í lyngi- og mosavöxnum móa. Umhverfis er talsvert af stórgrýti á stangli og skammt sunnan við rennur Kjararáin í djúpu gili.

Rétt þessi var byggð vegna óánægju með Fiskivatnsrétt og mun Magnús Sigurðarson á Gilsbakka hafa haft forgöngu þar sem hann var þá farinn að taka fé í upprekstur af Hálssveitungum í Lambatungur. Réttin var notuð til 1852 en var þá bönnuð af Páli Melsteð amtmanni. Endursögn eftir hdr. Daniels Jónssonar frá 1873-74 - (úr GR II, 375). Réttin er um 26 x 26 m stór og skiptist í fimm hólf. Hleðslur hennar eru hrundar en vel sér móta fyrir neðsta umfarinu sem þó er hálfskokkið í mosa. Í miðju réttarinnar er stærsta hólfið, A, það er um 8 x 20 m stórt, snýr norður-suður, op austast á suðurhlið. Um 4 m innan við opið eru leifar veggjarhleðslu út úr vesturvegg hólfsins og inn í það mitt, um 4 m á lengd. Norðan við A er svo lítið hólf, B. Ekkert op er á því. Það snýr austur-vestur og er um 8 x 6 m stórt. Austan við A eru tvö hólf, C og D. C er norðan við D. Það er um 6 x 6 m stórt, ekkert greinilegt op er á því fremur en á D sem er sunnar. Það snýr norður-suður og er um 12 x 6 m stórt. Vestan við A er svo fimmta hólfið, E. Það snýr einnig norður-suður og er um 14 x 8 m stórt. Ekki er heldur hægt að greina op á því.




Hættumat: engin hætta

Heimildir:GR II, 375; Ö-Hvítsíðingaafréttur, 4.

MH-013 Háfafell

Háafell - túnakort 1917



16 hdr. 1709. Bændaeign. Einnig Háafell. Jarðarinnar er fyrst getið í Sturlungu. Hennar er getið í skrá og reikningsskap eigna Guðna Jónssonar frá 1504. - DI VII, 744 og í vitnisburði, um hvernig jarðirnar Ögur í Ísaf., Hvammur í Hvammsv., Kirkjuból í Valþjófsd., Síðumúli í Borgarf. og Draflast. í Fnjóskad. urðu eign Björns Guðnasonar, frá um 1550. - DI IX, 57. Þá er hún nefnd í reikningi Daða heitins úr Snóksdal. - DI XIV, 205. 10.07.1570 samþykkir Þórey Ólafsdóttir jarðaskipti Arngríms Jónssonar, eiginmanns hennar og Eggerts Hannessonar lögmanns og eignast hún jörðina Háafell í Borgarfirði. - DI XV, 420.
Tún 7.0 ha.; 3/5 sléttur; Garðar 360 m2. - Túnakort, 1917. "Torfrista og stúnga lök og erfið til að sækja. Móskurður lítill og lakur til eldiviðar. Túnið liggur undir stórum skaða og eyðilegging af skriðurfalli, og er meir en þriðjúngur þess fordjarfaður..." - JÁM, IV., 271. "Landareignin, um 1000 ha....Vestan túns er votlend flaga með fjallinu en melar, er fjær dregur. Túnrækt er á melunum næst gamla túniu. Sunnan við melana og lægra er stórt graslendi, votlent....Ofan brúna er heiðarland, að mestu gróið, sumt blautt. Bleikjuveiði í ánni." - BB III, 30.

MH-013:001 *Háfafell* bæjarstæði bústaður 64°42.602N 21°15.034V



Gamla bæjarstæðið á Háafelli, horft til NNA

Gamli bærinn á Háafelli stóð um 80-100 m NNA við núverandi íbúðarhús.
Þar sem bærinn stóð er nú kartöflugarður og slétt tún í kringum hann. Fast norðan við bæjarstæðið er steinsteypt hús með tveimur burstum.
"Núverandi íbúðarhús úr steini stendur í miðju túni. Á undan því var hér timburhús, er stóð mun nær brekkurótum og ofar í túni og litlu vestar. Gamla torfbæjarstæðið var þar nærri og litlu austar", segir í örnefnaskrá. Hér er stallur í hlíðinni sem hallar til suðurs en engin skýr hólmyndun er greinileg. Stallurinn hefur eflaust rúmað bæinn og hlað framan við hann. Hann er um 25 m langur og 15 m breiður, snýr austur/vestur. Á honum er smávegis hæð, um 8 m breið og 10 m löng og snýr eins og stallurinn. Hugsanlega leifar bæjarhóls en einnig má vera að hún helgist af kartöfluræktinni sem hér fer fram. Heimildamaður sagði að aska og ýmislegt fleira hafi komið upp úr kartöflugarðinum. Enginn hóll á jörðinni er líklegur bæjarhóll og ekki er vitað til þess að bærinn hafi staðið annars staðar, að undanskildu timburhúsinu sem stóð litlu vestar áður en núverandi íbúðarhús var byggt árið 1967. Því er líklegt að bæjarhólnum hafi verið rutt út en upplýsingar um það fengust ekki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Háafell, 1.

MH-013:002 heimild um útihús 64°42.598N 21°15.059V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 20 m suðaustan við bæ (001).
Þar er nú slétt tún og engin ummerki hússins sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-013:003 heimild um útihús 64°42.624N 21°15.105V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 20 m norðan við núverandi fjós og um 70 m VNV af bæ (001).
Þar er smá stallur í túninu sem hallar til suðurs. Fast austan við þar sem húsið hefur staðið rennur lækur ofan úr hlíðinni.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-013:004 heimild um útihús 64°42.618N 21°15.206V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 60 m vestan við annað útihús (003) og um 120 m VNV við bæ (001).
Þar sem húsið stóð er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-013:005 heimild um útihús 64°42.519N 21°15.145V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 160 m SSV við bæ (001), á svipuðum stað og núverandi fjárhús, byggð 1936, eru.
Fjárhúsin eru neðan við slétt tún, fast ofan þjóðvegar og vestan heimreiðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-013:006 heimild um fjárhús 64°42.538N 21°14.875V
"Húsatún er austan við Kálgarðsflatir, sunnan í og neðan við háa hólbarðið (nafnlaust) fyrir austan lækinn. Dregur nafn sitt af fjárhúsum, sem stóðu þar ofan við á háhólnum. Þar voru rústir fleiri húsa ofar, nú sléttaðar út", segir í örnefnaskrá. Fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917 um 130 m ASA við bæ (001) í Húsatúni.
Þar er nú dálítill hóll í sléttu túninu sem illa hefur gengið að slétta.
Hóllinn er um 3 m breiður og um 16 m langur, snýr austur/vestur. Suðurbrún hans er skörpust en þaðan eru um 1,2 m niður á jafnsléttu. Jóhanna Þorvaldsdóttir (f. 1961) sagði frá því að þarna hefðu verið fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917 Ö-Háafell, 2.

MH-013:007 heimild um fjárhús 64°42.535N 21°14.792V
"Húsatún er austan við Kálgarðsflatir, sunnan í og neðan við háa hólbarðið (nafnlaust) fyrir austan lækinn. Dregur nafn sitt af fjárhúsum, sem stóðu þar ofan við á háhólnum. Þar voru rústir fleiri húsa ofar, nú sléttaðar út", segir í örnefnaskrá. Fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917, um 50 m austan við fjárhús (006), um 180 m VSV við bæ, í Húsatúni.
Þar sem fjárhúsin voru er nú slétt tún.
Jóhanna Þorvaldsdóttir (f. 1961), sagði að þessi hús hefðu líklega líkt og 006 verið fjárhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917, Ö-Háafell, 2.

MH-013:008 heimild um traðir 64°42.599N 21°15.060V
Gata eða heimreið er merkt á túnakort frá 1917 að bænum úr suðvestri.
Þar er nú slétt tún og engin ummerki götunnar sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-013:009 *Stöðultunga* tóft kvíar 64°42.646N 21°15.054V


Kvíarnar fyrir miðri mynd, horft til suðurs
"Stöðultunga er efst í túni, vestan lækjarins [Bæjarlækjarins] ofan gamla bæjar. Þar ofan við sér fyrir rústum, líklega af kvíum", segir í örnefnaskrá. Um 80 m NNV við bæ (001) er tóft, um 7 m vestan við Bæjarlækinn, í Stöðultungu.
Tóftin er á stalli í fremur brattri grasigróinni brekku neðarlega í hlíð Síðufjallsins.
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Jú líklegast hefur verið mjólkað á stöðlinum, en kvíféð verið bælt á kvíabólinu. Stutt er á milli. Rústir sjást á Stöðultungu. Óvíst hvenær notkun féll niður, en fráfærur hættu hér víðast fyrir eða um byrjun fyrri heimsstyrjaldar."
Tóftin er 12 x 5 m stór og snýr austur/vestur. Hún er tvískipt og víða glittir í grjót í veggjum. Hleðsluhæð hennar mest um 30 cm. Vestara hólfið er mun minna, um 3 x 3 m. Op er á milli þess og stærra hólfsins sem virðist einnig hafa haft tvö op á austurvegg. Vel má þó vera að brotnað hafi af tóftinni sem er fremur sigin og á kafi í grasi. Stærra hólfið er um 8 x 4 m stórt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 1 og svör við spurningum Örnefnast.

MH-013:010 *Efri-og Neðri-Fjósatunga* heimild um fjós 64°42.609N 21°14.963V
"Efri-Fjósatunga er efst í túni austan Bæjarlækjar, móti Stöðultungu. Neðri Fjósatunga neðan við þá efri. Vatnsrásum sem mörkuðu tungurnar hefur verið breytt á vélaöld", segir í örnefnaskrá. Fjósið hefur líklega verið í Neðri Fjósatungu fremur en þeirri efri sem er nokkuð brött brekka í hlíðarrótum Síðufjallsins. Neðri Fjósatunga er um 60 m ANA við bæ (001).
Báðar tungurnar hafa verið sléttaðar en eru nú smáþýfðar.
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Já, þar [í Efri eða Neðri Fjósatungu] eða á næstu grösum var líklega fjós fram á þessa öld en nú vestar. Engin ummerki bygginga sjást í tungunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Háafell, 1 og svör við spurningum Örnefnast.

MH-013:011 *Kálgarðsflatir* heimild um kálgarð 64°42.559N 21°14.987V
"Kálgarðsflatir eru neðst í túni, austan við Bæjarlækinn og ofan við hann þar sem hann beygði til austurs neðst í túninu, en þar hefur nú rennsli hans verið breytt og fer nú beint niður fyrir túngirðingu (og veg). Þarna mun sjást fyrir gömlum kálgörðum", segir í örnefnaskrá. Kálgarðsflatir eru fast austan við lóð í kringum núverandi íbúðarhús, austan við lækinn, um 80 m SSA við bæ (001).
Þar er nú slétt tún.
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir að á Kálgarðsflötum muni hafa sést fyrir görðum og jafnvel djarfi fyrir henni enn. Við vettvangsskoðun sáust engin ummerki kálgarða í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Háafell, 2 og svör við spurningum Örnefnast.

MH-013:012 hleðsla smalakofi 64°44.344N 21°13.341V

Smalakofi er um 3,5 km norðan við bæ (001) og um 250 m vestan við Eystra Háafellsvatn.
Kofinn er á mosavöxnum mel, austan og sunnan er mýri við vötnin.
Kofinn er hlaðinn upp við vörðu. Hann er um 3 x 2 m stór og snýr norður/suður með opi til suðausturs. Hleðsluhæð hans er mest upp við vörðuna, um 20 cm, en víðast stendur einungis eitt umfar af grjóti. Varðan sem kofinn er hlaðinn sunnan við er um 1 m á hæð, um 1,5 m á lengd austur/vestur og um 1 m á breidd.






Smalakofinn og varðan, horft til *norðvesturs*

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 2.

MH-013:013 *Teitstættur* tóft býli 64°42.355N 21°13.559V

"Teitstættur (Teitstóttir) voru fornar rústaleifar í Spotta, austur undir Teigsá. Voru þær á nokkrum stöðum á öldunni meðfram ánni", segir í örnefnaskrá. Um 200 m sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna, vestan við Teigsá er tóft, síðustu leifar Teitstófta, um 1,26 km suðaustan við bæ (001).
Tóftin er á grasivöxnu svæði við Hvítá, um 20 m neðan (sunnan) við sléttuð tún.
"Þar átti að hafa verið býlið Teitsbær. Tilgáta er líka að þær hafi heitið Teigstættur, og væri þarna þá hugsanlega leifar af býli eða afbýli, sem hefði heitið Teigur. Á hinn bóginn líka að áin [Teigsá] hafi heitið Teitsá. Rústirnar eru nú horfnar við túnsléttun, nema einar, sem eru óhreyfðar. Er sumu af þeim var raskað með jarðýtu 1970 kom upp gólfskán og mjög mikið af svartbrunnum viðarkolum. Jarðabókin 1709 nefnir ekki byggð hér, né aðrar heimildir, svo vitað sé", segir í örnefnaskrá. Tóftin er á dálitlum hól. Hún er 13 x 5 m stór og snýr norður/suður. Tóftin er tvískipt, með litlu hólfi syðst. Hleðsluhæð hennar er mest um 40 cm og á þremur stöðum sér í grjót í veggjum hennar. Minna hólfið er opið til vesturs en op er á norðurvegg stærra hólfsins, ekki er opið á milli hólfa. Tóftin er aðeins afmynduð af þýfi en byggingarlag hennar er enn skýrt. Um 10 m sunnan við tóftina er hóll, þýfður í toppinn. Á honum eru engar skýrar byggingaleifar en hóllin stingur nokkuð í stúf við umhverfið og hugsanlegt er að þar hafi verið hleðslur einhvern tíma sem nú eru algjörlega afmyndaðar af þýfi.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Háafell, 2.

MH-013:014 *Stekkjagrund* heimild um stekk 64°42.339N 21°14.247V

"Sekkjargrund er sléttur blettur, nú orðinn að túni, neðarlega í Spotta, austan við fyrrnefnda dæld [dældardraginu niður undan Stórulág]. Þar var áður stekkur og voru miklar rústir jafnaðar út, þegar ræktað var", segir í örnefnaskrá. Stekkjargrund er nú slétt tún fast neðan (sunnan) við þjóðveg sem liggur um Síðuna, vestan við Teitstóttir (013) og um 800 m suðaustan við bæ (001). Nákvæm staðsetning stekkjarins er ekki kunn.
Neðan við túnið er gróinn melur við Hvítá.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Háafell, 2.

MH-013:015 *Bjarnavað* heimild um vað 64°12.200N 21°14.245V

"Bjarnavað var á Hvítá neðan við Teigsá, eitt hinna betri og fjölfarnari vaða á Hvítá í Síðunni. Það er á að giska

300 m neðan við Teigsárósinn, aðeins austar en áin fer þarna í bugunum", segir í örnefnaskrá. Vaðið er um 970 m suðaustan við bæ (001) og um 615 m VSV við Teitstættur (013).
Við vaðið er um 2 m breiður grasigróinn bakki við ánna niður undan bröttu melkasti. Syðri bakkinn er há grasigróin brekka. Í ánni er grasigróin eyri, Bjarnavaðseyri.
"Bjarnavaðseyri er í ánni ofan við Bjarnavað. Vaðið var farið suður yfir af neðri odda eyrarinnar og mjög skáhallt undan straumi. Það var því miklu erfiðara yfirferðar norður yfir, því þá þurfti að sækja móti straumi, en djúpt fyrir neðan", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 2.

MH-013:016 *Háafellshver* heimild um þvottalaug 64°42.253N 21°14.349V
"Háafellshver er sjóðandi hver í ánni móts við Norðurreykjahveri sunnan ár. (Er reyndar hver þar í árbakkanum á móti). Hverinn var í malareyri við árbakkann , en áin hefur nú tekið eyrina og er hverinn undir vatni. Borhola er uppi í bakkanum ofan við hann", segir í örnefnaskrá. Hverinn er nú undir vatni, um 840 m suðaustan við bæ (001) og um 130 m vestan við Bjarnavað (015).
Þar sem hverinn er er hálfgróinn melur við ánna neðan við há melköst.
"Hverinn var áður notaður til þvotta og brauðbaksturs á bænum og ullarþvotta frá næstu bæjum", segir í örnefnaskrá. Nú sést hann ekki lengur en borhola er á árbakkanum þar sem hann er.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Háafell, 3.

MH-013:017 *Ferjuskarð* heimild um ferju 64°42.395N 21°14.644V



Ferjuskarð, horft til VSV

"Ferjusteinslágar eru grasi vaxin skörð við ána vestan Hveraskarðs. Vestari lágin er nú oftast nefnd Ferjuskarð en áður Ferjulág", segir í örnefnaskrá. Ferjuskarð er um 500 m suðaustan við bæ (001) og um 350 m vestan við Háafellshver (016).
Ferjuskarð er grasivaxið skarð í melköstin við Hvítá sem hér eru hálfgróin.
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunnar segir: "Já, það var ferjustaður í Ferjuskarði og ferjan stunduð frá Háafelli, en var þó stundum Norðurreykjamegin. Þaðan er litlu lengra að henni." Í skarðinu er um 2 m breitt vik í bakkann og tvíæringur út tré er á hvolfi ofan (norðan) við það. Engar hleðslur eru við vikið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Háafell, 3 og svör við spurningum Örnefnast.

MH-013:018 *Grafarbrekkur* heimild um mógrafir 64°42.412N 21°15.468V
"Grafarbrekkur eru við ána [Hvítá] þar sem hún byrjar að renna suður í beygjunni, austan í háa kastinu og vita mót austri", segir í örnefnaskrá. Grafarbrekkur eru um 500 m suðvestan við bæ (001).
Þar eru mjög há og brött melköst fast við ána. Hlíðar þeirra eru berar en köstin eru gróin í toppinn.
"Neðan undir Grafarbrekkunum var allbreið graslendiseyri við ána og voru þar mógrafir, sem tekið var upp úr á fyrrihluta aldarinnar, en áin hefur nú með öllu brotið eyrina burtu og nagar rætur Grafarbrekknanna. (Var nafnið e.t.v. Grafabrekkur, dregið af mógröfunum ?)", segir í örnefnaskrá. Nú er engin eyri við ána, heldur ná melköstin fast að henni.
Heimildir: Ö-Háafell, 3.

MH-013:019 *Nesið* náma mógrafir 64°42.142N 21°16.390V

"...en milli Melanna og Hvítár, lágu þrepi lægra en þeir [Háfellsmelar], er grösugt votlendi, sem heitir Nesið. Þar er nú væn túnspilda, en þó er Nesið aðeins að litlu leyti ræst eða ræktað. Mótak var gott víða í Nesinu", segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru á Nesinu, ANA við Grafarmel um 1,3 km suðvestan við bæ (001).

Nesið er mýrlent næst ánni en norðar er landið þurrara og þar er gróinn melur. Austan við mýrina er þýfður mói en vestan og suðvestan ber melur.

Í svörum við spurningum Örnefastofnunar segir: "Mógrafir voru víða á Nesinu, m.a. nærri Grafarmel. Þar var þurrkað. Mótak þótti gott, og stundum léð afbæjamönnum. Fjórar stungur voru ofan á hann víðast, en síðan 6-7 af mó, en erfitt vegna vatnsaga að ná því neðsta og bezta. Hætt um 1950 að taka upp mó." Mógrafirnar eru á svæði sem er um 40 x 20 m stórt austur/vestur. Þær eru dýpstar um 50 cm og fullar af vatni.



Hluti mógrafanna, horft til NNA

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 3-4 og svör við spurningum Örnefnast..

MH-013:020 *Fjárhústorfa* örnefni fjárhús 64°42.145N 21°15.743V

"Fjárhústorfa er melur suðaustast í Nesinu", segir í örnefnaskrá. Fjárhústorfa er hálfgróinn melur um 1 km SSA við bæ (001).

Vestan við melinn er grasivaxinn, þýfður mói.

Engin ummerki bygginga eða önnur mannaverk sáust á eða við melinn við vettvangsskoðun og ekki er annað er örnefnið sem bendir til fjárhúss á þessum slóðum, né heldur kannaðist heimildamaður við að fjárhús hafi staðið á Fjárhústorfu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 3.

MH-013:021 varða landamerki 64°42.093N 21°16.918V

"Litlimelur er við ána vestast í Nesi. Á þessum mel er grjótvarða. Hún er á merkjum móti Þorgautsstöðum", segir í örnefnaskrá. Varðan var um 20 m vestan við þar sem merkjagirðingin er núna, Þorgautsstaðamegin við hana. Hún var um 1,8 km suðvestan við bæ (001).

Þar sem varðan var er nú ber melur milli móa, norðar, og mýrar næst ánni.

Varðan er alveg hrunin, en sjá má að steinum hefur verið raðað í hring á einum stað í melnum. Steinarnir eru að hluta sokknir í melinn og gróið er í kringum þá og eru þetta að öllum líkindum leifar þeirrar vörðu sem þarna stóð. Hringurinn er um 70 cm í þvermál.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Háafell, 4.

MH-013:022 *Byrgi* þúst heygarður 64°42.592N 21°16.157V

"Byrgi er rúst af gömlu heybyrgi (mun hafa verið einskonar heygarður og hlaðið fyrir heyið til að verja það fyrir skepnum) efst og austast í Flögunni", segir í örnefnaskrá. Heygarðurinn er um 360 m VSV við Stekk (023) og um 890 m vestan við bæ (001).

Heygarðurinn er í mosa- og grasivöxnum, stórþýfðum móa.

Kargaþýfi er umhverfis heygarðinn og hleðslur því mjög afmyndaðar, svo vart er hægt að greina nokkurt mannaverk á þeim. Svo virðist sem hann hafi verið um 5 x 5 m að stærð og er hleðsluhæðin er mest um 60 cm.



Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Háafell, 4

MH-013:023 *Stekkur* tóft stekkur 64°42.637N 21°15.724V



Stekkurinn, horft til SSV



"Stekkur, stekkjarrúst utan við túnið vestan við Skriðu og Svartaskurð, upp við brekkurót", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 550 m VNV við bæ (001) en um 360 m ANA við Byrgi (022).
Stekkurinn er á dálitlum hól á grasivöxnu svæði, í hlíðarrótum Síðufjallsins. Sunnan og suðaustan eru ræktuð tún.
Stekkurinn er 11 x 9 m stór og snýr norður/suður. Hann er þrískiptur, nyrsta hólfið er langstærst, um 7 x 5 m, og tvö minni hólf eru við það, annað sunnan við það og hitt við suðaustur horn þess. Op er á milli stærsta hólfsins inn í þau minni. Auk þess eru minni hólfin einnig opin út úr tóftinni. Hólfið sunnan við á vesturvegg þess og hólfið suðaustan við sunnarlega á austurvegg þess. Stekkurinn hefur verið hlaðinn hvorttveggja úr torfi og grjóti og víða glittir í grjót. Hleðsluhæðin er mest um 70 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Háfell, 4

MH-013:024 heimild um leið 64°42:024N 21°16.466V
"Stórabrekka er ofan og austan við Geir, austar og ofar en Langabrekka. Þessar brekkur voru heyjaðar meðan slegið var útengi, mjög grasgefnar. Brattur heybandsvegur", segir í örnefnaskrá. Stórabrekka er í hlíð Síðufjallsins um 1,2 km norðvestan við bæ (001).
Stórabrekka er grasivaxin en í hlíð Síðufjallsins þar sem gatan lá skiptast á berir melar og grasivaxnar brekkur. Hlíðin er fremur brött en stallar eru í henni og þá hefur leiðin eflaust þrætt.
Engin ummerki götu sjást frá Stórubrekku.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 4.

MH-013:025 *Stórubrekkugata* heimild um leið 64°42.789N 21°16.466V
"Stórubrekkugata liggur neðan við bollana [Utasta- Mið- og Djúpabolla] framan í Hnappnum vestur í Stórubrekku og austur að Hnappmýri", segir í örnefnaskrá. Stórabrekka er um 1,2 km norðvestan við bæ (001) í hlíð Síðufjallsins.
Stórabrekka er grasivaxin en í hlíð Síðufjallsins þar sem gatan lá skiptast á berir melar og grasivaxnar brekkur. Hlíðin er fremur brött en stallar eru í henni og þá hefur leiðin eflaust þrætt.
Engin ummerki götu sjást frá Stórubrekku.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 4.

MH-013:026 *Hryggjasteinn* áletrun landamerki 64°44.273N 21°11.345V
"Hryggjasteinn er merkjasteinn á Hryggjum og klappað á LM. Þar eru þriggja jarða merki, Háafells, Sámsstaða og Síðumúla", segir í örnefnaskrá. Hryggjarsteinn er Sámsstaðamegin við merkjagirðinguna, um 4,3 km norðaustan við bæ 001.
Steinninn er á berangurslegum mel.
Á norðurhlið steinsins sést móta fyrir áletrun. Fjögur strik höggvin í hann, hlið við hlið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 5.

MH-013:027 varða 64°43.343N 21°15.461V
Um 1,4 km NNV við bæ (001) er vörðubrot uppi á Síðufjalli í hlíð Háafellshnapps sem hallar til norðvesturs. Vörðubrotið er á grónum mel í hlíðinni.
Varðan er um 60 cm löng suðvestur/norðaustur, um 30 cm breið og um 60 cm há, vel gróin. Fast austan við vörðuna er slóði sem liggur úr suðvestri og stefnir í norður. Hann er hvorki breiður né djúpur, líklega einungis kindagata. Varðan er í beinni stefnu suðvestur af vörðubroti (029) og vörðurnar sjást vel hvor frá annarri.
Hættumat: engin hætta


MH-013:028 *Merkjasteinn* heimild um landamerki 64°42.958N 21°16.596V
"Merkjasteinn er á norðvesturbarmi gilsins í Giljatungum og klappað á LM. Þaðan er merkjalínan í Merkjaklett", segir í örnefnaskrá. Merkjasteinninn er fast austan við merkjagirðingu milli Háfells og Þorgautsstaða, um 1,4 km norðvestan við bæ (001).
Steinninn er á berum mel, neðar og austar eru grasigrónar brekkur í hlíðinni en vestar heldur melurinn áfram að Þorgautsstaðagili.
Áletrun sást ekki á steininum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Háafell, 5.

MH-013:029 varða 64°43.355N 21°15.199V
Vörðubrot er um 1,4 km norðan við bæ (001), uppi á fjalli í vesturhlíð Háafellshnapps, um 200 m norðaustan við vörðu (027).
Varðan er á grónum mel.
Vörðubrotið er um 50 cm í þvermál og um 30 cm á hæð. Brotið er gróið og sést vel að. Það er í beinni stefnu norðaustan við (027) og vörðurnar sjást vel hvor frá annarri.
Hættumat: engin hætta


Varðan, horft til suðvesturs

MH-014 Þorgautsstaðir

Þorgautsstaðir - túnakort 1917



24 hdr.1709. Bændaeign. JÁM IV, 271. Jarðarinnar er fyrst getið í Landnámabók: "Hrosskell gaf Þorgauti skipverja sínum landi niðri í síðu, hann bjó á Þorgautsstöðum..." ÍF, 83, einnig í Heiðarvígasögu. Jarðarinnar er getið í skrá og reikningsskap eigna Guðna Jónssonar, frá 1504. - DI VII, 743 og í vitnisburði, um hvernig jarðirnar Ögur í Ísaf., Hvammur í Hvammsv., Kirkjuból í Valþjófsd., Síðumúli í Borgarf. og Draflast. í Fnjóskad. urðu eign Björns Guðnasonar, frá um 1550. - DI IX, 56. Varðveittur er Þorgautsstaða máldagi frá því um 1463-1470. Þar segir: "Halfkirkian æ þorgautstaudum er helgut jomfrv Mariu. Hun æ. x. hundrud j heimalandi. Mariuskript sæmilega oc adra forna. barthalameus likneski. ij. biollur. Þar eigv æt takazt heima tollar oc tiunder bonda oc husfreyiv oc alra þeirra sem þar eru heimilisfaster. skulu þar syngiazt. xx Messur æ huerium tolf manaudum." - DI V, 405. "Þessari jörðu er sundurskift í tvo bæi og standa báðir innan garða, og heldur

heimajörðin nafninu, en hinn parturinn er kallaður Tóftahríngur. Hann er úr skiftur að húsum, túnum og engjum, en öðrum hlunnindum óskift. Hjer hefur að fornu bænhús verið, en nú niður fallið og ekki tíðir veittar í manna minni" JÁM IV, 271. "...en um 1655 var þar byggt á gömlu fjárhúsastæði afbýlið Tóftarhringur, talið 5 hundruð, eða vel fimmtungur jarðarinnar. Það var í byggð til 1868, líklega samfellt, en fór þá í eyði og var lagt undir heimajörðina" - Ö-Þorgautsstaðir, 1.
Tún 8.3 ha; 3/4 sléttur; kálgarðar 350 m2. - Túnakort, 1917. "Túni grandar lækur úr brattlendi, sem ber á það grjót og aur í vatnagngi til stórskaða. Engjar dreifðar með smánblettum úr fjallshlíðs, sem spillast af aur og grjóthruni árlega." JÁM, 272. "Landið liggur með Hvítá og norður á háfjallið. Austan til fellur áin að suðurhlíðinni, og er láglendið þar breitt, en suður af bæ tekur áin bug upp að norðurhlíðinni og er þar brekka niður í á. Klettagil skásker hlíðina ofan og austan úr Háafellslandi, og rennur lækur úr því, Síki. Sunnan Síkis er undirlendið melar en grasbakkar við ána. Vestast á melunum eru víðlend tún ... Austar grösugt undirlendi, nú orðið að túni. Hlíðin er löng og há og mikið gróin, þurrari austan til en mýrlendari vestan túns ofan vegar.... Bleikjuveiði í Hvíá á haustin." BB III, 39.

MH-014:001 *Þorgautsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°42.715N 21°18.294V
Bæjarhóll Þorgautsstaða er í hlíðarrótum Síðufjallsins um 300 m norðvestan við núverandi íbúðarhús á bænum.
Á hólnum stendur nú steinsteypt og bárujárnsklætt hús, byggt 1933. Í kringum húsið er garður og þar hefur verið plantað trjám. Fast vestan hússins er timbur verönd. Hóllinn er grasivaxinn, neðan við hann eru sléttuð tún.
Bæjarhóllin er stór. Hann snýr austur/vestur og er um 40 x 30 m stór, hæstur sunnan megin eða um 3 m hár. Norðurmörk hólsins eru óljós þar sem hann er við hlíðarrætur Síðufjallsins þar sem landi hallar til suðurs. Húsið sem nú stendur á hólnum hefur verið grafið inn í hann að hluta. Húsið var byggt í tveimur hlutum, aðalhluti þess árið 1933 en seinna viðbygging austan við. Áður en viðbyggingin var gerð stóð eftir ein burst af gamla bænum vestan við húsið. Hún var rifin þegar byggt var við. Enginn kjallari er á húsinu. Framan við húsið er um 6 m breitt hlað og þá aflíðandi brekka. Nú er húsið nýtt sem sumarhús og fast vestan við það er verönd. Þegar hún var byggð var komið niður á grjót og þar komu eining upp aska og glerbrot enda mun öskuhaugurinn (032) hafa verið vestan bæjar. Árni B. Bragson bóndi á Þorgautsstöðum hirti úr grjótinu tilhöggvinn ferhyrndan stein.


Þorgautsstaðir, horft til NNV


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-014:002 heimild um bænhús 64°42.714N 21°18.295V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Hjer hefur að fornu bænhús verið, en nú niður fallið og ekki tíðir veittar í manna minni" Í örnefnaskrá segir ennfremur: "Hér var fyrr á öldu hálfkirkja eða (síðar) bænhús, og átti tíu hundruð í heimalandi 1463-1470, en ekki talin nauðsynleg um 1600 og niðurfallin 1709". Staðsetning bænhúss er ekki kunn og engin örnefni eru þekkt sem gætu hjálpað til við að staðsetja húsið. Ekki er heldur vitað til þess að bændur á Þorgautsstöðum hafi nokkru sinni komið niður á bein eða rekist á aðrar vísbendingar um staðsetningu bænhúss. Bænhús voru oftast staðsett örstutt frá bæ á bæjarhól. Ekkert bendir til þess að bærinn á Þorgautsstöðum hafi einhvern tíma verið á öðrum stað en þar sem bæjarhóllinn er enn greinilegur og því var hnit tekið þar.
Á hólnum stendur nú steinsteypt og bárujárnsklætt hús, byggt 1933. Í kringum húsið er garður og þar hefur verið plantað trjám. Fast vestan hússins er timbur verönd. Hóllinn er grasivaxinn, neðan við hann eru sléttuð tún.
Varðveittur er Þorgautsstaða máldagi frá því um 1463-1470. Þar segir: "Halfkirkian æ þorgautstaudum er helgut jomfrv Mariu. Hun æ. x. hundrud j heimalandi. Mariuskript sæmilega oc adra forna. barthalameus likneski. ij. biollur. Þar eigv æt takazt heima tollar oc tiunder bonda oc husfreyiv oc alra þeirra sem þar eru heimilisfaster. skulu þar syngiazt. xx Messur æ huerium tolf manaudum."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 271. Ö-Þorgautsstaðir, 1. DI V, 405,


MH-014:003 heimild um útihús 64°42.710N 21°18.253V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 20 m SSA við bæ (001), fast neðan götu (006) sem þar er merkt inn. Þar sem húsið var er nú grasivaxin brekka sem hallar til suðurs og austurs.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-014:004 heimild um útihús 64°42.671N 21°18.240V
Inn á túnakort frá 1917 er útihús merkt um 80 m SSA við bæ (001).
Þar sem húsið var er nú sléttað tún.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-014:005 tóft fjárhús 64°42.705N 21°18.306V



Tóftin, horft til suðurs



Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 250 m austan við bæ (001) í stökum túnskika sem nefndur er Húsatún. Örnefnið Húsatún er ekki þekkt nú en um 250-260 m austan við bæ er tóftaþyrping (sjá fornleifar 039-042). Líklegast er húsið sem merkt er inn á túnakort, og hér er skráð, best varðveitta tóftin í þyrpingunni. Hún er um 250 m ANA við bæ (001).
Tóftin er á grasivöxnu smáþýfðu svæði sem hallar lítillega til suðurs. Sunnar er þýfður móa en fast austan við tóftina er mýrarspilda.
Tóftin snýr NNA-SSV og er 16 x 10 m stór. Hún er tvískipt og snýr syðra hólfið eins og tóftin en hið nyrðra þvert á það. Op er í suðvesturhorni syðra hólfsins og í því miðju er hlaðinn garði. Ekkert op er á nyrðra hólfinu. Hleðslur syðra hólfsins eru úr torfi og grjóti, hvort tveggja í veggjum og í garðanum en hvergi sér í grjót í nyrðra hólfinu. Hleðsluhæðin er mest um 40 cm og um 5 umför grjóts eru greinileg.Tóftin er væntanlega af fjárhúsi og hlöðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-014:006 heimild um traðir 64°42.705N 21°18.306V
Inn á túnakort frá 1917 er merktur vegur heim að bænum úr suðvestri og áfram frá bænum til norðausturs.
Þar sem vegurinn lá við bæinn er nú grasivaxið svæði en fjær honum eru sléttuð tún.
Þar sem vegurinn er merktur á kortið liggur nú vegslóði upp að húsinu sem stendur á bæjarhólnum. Líklega hefur nýr vegur verið byggður upp á sama stað og vegurinn á túnakortinu var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


MH-014:007 heimild um útihús 64°42.699N 21°18.360V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt útihús um 80 m suðvestan við bæ (001).
Þar sem húsið stóð er nú slétt tún.
Engin ummerki hússins sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-014:008 heimild um fjós 64°42.709N 21°18.351V
"Fjósalækur er litlu vestar [en Litlalind], utan við þar sem gamla fjósið stóð. Rennur milli Átjánálnavallar að vestan og Tóftarhrings [015:001]", segir í örnefnaskrá. Fjósið er merkt inn á túnakort frá 1917 um 20 m vestan

við bæ (001).
Allstór grasigróinn hóll er þar sem fjósið var, hann er nokkuð þýfður í toppinn. Neðar eru ræktuð tún.
Fjós og hlaða, byggð um 1880, stóðu vestan við bæinn. Hlaðan var fyrsta mannvirkið sem klætt var með bárujárni á bænum. Engar tóftir eru greinilegar á hólnum sem er allstór og líklega að miklu leyti myndaður af uppsöfnuðum mannvistarlögum. Hann er um 20 x 10 m stór og snýr austur/vestur. Suðurbrún hólsins er skýrust og þaðan og niður á jafnsléttu eru um 2 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Þ,2.

MH-014:009 tóftir heystæði 64°42.487N 21°18.048V


Tvær tóftir eru um 460 m sunnan við bæ (001) og um 140 m VNV við fornleif (022). Þær eru á melköstunum norðan við Síkið.
Tóftirnar eru á grasivöxnum og þýfðum hól, umhverfis er þýfður mói.
Tóftirnar eru báðar einfaldar og litlar, hlaðnar úr torfi og ekkert op er á þeim. Önnur, sú syðri, er um 4 x 3 m að stærð og snýr austur/vestur. Hleðsluhæð hennar er um 50 cm en hleðslur nyrðri tóftarinnar eru lægri eða um 20 cm. Hún er einnig minni um 3 x 2 m stór og snýr austur/vestur. Báðar tóftirnar eru að hluta afmyndaðar af þýfi. Hlutverk tóftanna er óþekkt, en lögun þeirra og staðsetning bendir helst til þess að þær séu heystæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



MH-014:010 tóft stekkur 64°42.175N 21°17.788V





Stekkurinn, horft til vesturs



"Þórðarbrekka er brekka með ánni [Hvítá], eftir að hún beygir til norðvesturs, vestan Ness og Breiðabakka", segir í örnefnaskrá. Norðvestan undir Þórðarbrekku er rúst af stekk. Stekkurinn er um 12 m norðar við enda skurðar sem er neðan (sunnan) við fornleif (028). Stekkurinn er um 50-60 m austan við Hvítá og um 1 km suðaustan við bæ (001).
Tóftin er á grasivöxnu, deiglendu svæði. Um það rennur vatn úr skurði í ánna og hefur það ekki enn myndað sér fastan farveg.
Tóftin er 6,5 x 3 m og snýr norður/suður. Op er á suðurvegg hennar og hugsanlega einnig á norðurvegg. Hleðslur eru fremur signar og er hleðsluhæðin mest um 20 cm. Hvergi sér í grjót í veggjarhleðslunum og hafa þær líklega eingöngu verið úr torfi. Vera má að tóftin hafi verið tvískipt, með minna hólfi nyrst en hleðslurnar eru of signar til að hæg sé að fullyrða um það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 2, 7.

MH-014:011 tóft stekkur 64°42.047N 21°18.624V





Stekkurinn, horft til SSV

"Sláttufit er sléttur engjabakki sunnan undir Melanesinu", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefastofnunar segir Ketill Jómundsson enn fremur: " Stekkjarrústir eru á eftirtöldum stöðum...austast á Sláttufit." Stekkurinn um 10 m norðan við Hvítá og um 1,3 km SSV við bæ (001).

Stekkurinn er á grasivöxnum bakka Hvítár í brekkurótum. Brekkan norðan við hann er fremur brött og ofan hennar er hálfgróinn melur.

Stekkurinn er tvískiptur og hólfin eru svipuð að stærð. Hann er um 6 x 3 m stór og snýr austur/vestur. Vestara hólfið er opið til vesturs en ekkert op er á því eystra. Hleðslur stekkjarins eru farnar að síga en byggingarlag hans er enn skýrt. Hvergi sér í grjót og líklega hefur hann eingöngu verið hlaðinn úr torfi. Hleðsluhæðin er mest um 60 cm.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3, 7.

MH-014:012 tóft stekkur 64°42.643N 21°18.926V



Stekkurinn, horft til suðurs



"Árbrekkur eru brattar grasbrekkur með ánni eftir að hún fellur upp að hlíðinni, allt að Fróðastaðamerkjum", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefastofnunar segir Ketill Jómundsson ennfremur: " Stekkjarrústir eru á eftirtöldum stöðum...austast í Árbrekkum." Stekkurinn er fast undir Árbrekkum, um 100 m norðan Hvítár og um 520 m suðvestan við bæ (001).

Stekkurinn er á grasivöxnu svæði undir grasbrekku. Vestar eru Árbrekkurnar hálfgrónar og efst í þeim skín í sand og möl. Sunnan og austan við stekkinn eru ræktuð tún.

Stekkurinn er tvískiptur. Hann er um 8 x 6 m og snýr austur/vestur með opi á miðjum vesturvegg. Hugsanlega er annað op á honum á miðjum norðurveggnum en það er ekki skýrt. Stærra hólfið er vestar og snýr austur/vestur en það minna er austan við það og snýr þvert á það, ekkert op er á því. Aftan við eystra hólið er U-laga garðhleðsla eða veggur hlaðinn í skakkhorn við stekkinn. Hún er um 6 m löng í ASA, um 4 m löng í N og um 4 m löng VNV. Hugsanlega er þessi hleðsla hluti stekkjarbyggingarinnar, einhverskonar aðhald eða gerði. Þessi hleðsla er breið og fremur há, um 1 m þar sem þær standa hæst. Hleðslur stekkjarins eru lægri, um 80 cm og farnar að síga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3, 7.

MH-014:013 *Gullteigur* sögustaður 64°42.772N 21°16.167V
"Gullteigur, breið og lítið eitt bunguvaxin mýrarspilda í hallanum, að miklu leyti ofan vegar upp af Skörðum. Frægur úr Heiðarvígasögu því þar stóðu Þorgautssynir að slætti, þegar Barði kom að þeim með ófriði", segir í örnefnaskrá. Gullteigur er um 700 m vestan við bæ (001).
Teigurinn er grasivaxinn og mýrlendur á köflum.
Í Heiðarvígasögu segir frá Gullteig í tilskipun Þórarins um suðurförina. Þar segir: "Þat munuð þér ok spurt hafa, at þeir bræðr, synir Þorgauts, hafa sýslu fyrir höndum í sumar at slá teig þann, er heitir Gullteigr ... Þá munuð þit sjá á Gullteig, er þit farið ofan með ánni, hvárt þar sé menn at slætti, sem nú er eftir hermt. Í frásögn af suðurför og njósnamönnum segir: "...ok kómu til brúar ok nú á Hallvarðsstaði ok sá tíðendi gerva á Gullteig ok sá þat, at þar váru karlar á teignum ok slógu allir í skyrtum , ok sýndist jafnt eftir því, sem sagt var, sýndist, at jafnt mundi eftir dagslátta sem sagt var...". Í kafla um Þorbjörn á Veggjum og draumana segir enn fremur: "Nú er sagt frá því, at þeir synir Þorgauts rísa upp allir ok fara at slá á Gullteig og ræddu um þat, at nú mundi vel vita ok nú mundi sleginn verða Gullteigrinn sama dag, ganga til teigs ok lögðu af sér klæði sín ok vápn. Gekk Gísli um teiginn nokkut svá ok sá á, er þeri æltuðu að slá ... Hann segir draum sinn , at honum þótti sem þeir væri staddir á Gullteig ok kæmi at þeim vargar margir og ættist þar við, ok var mikit um" ÍS VII.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 4. ÍS: Íslendingasögur VII, 260,61,64,69,70.

MH-014:014 *Flói* heimild um ristu 64°42.651N 21°17.674V
"Flói er graslendið neðan hlíðarróta, ofan Síkis milli gamla túns og gils, áður mýrlendi, en nú framræstur og að mestu orðinn að túni ... Torfholt er undir hlíðinni ofan við Flóa (nú túnin), upp af Gæsastykki I, um það bil mitt á milli gils og gamla bæjarstæðis [001]. Þar var þurrkað torf, sem rist var í Flóa", segir í örnefnaskrá. Flóinn þar sem rist var er um 500 m austan við bæ (001).
Þar eru nú framræst og sléttuð tún.
Engin ummerki ristu sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 4.


MH-014:015 *Byrgishóll* örnefni 64°42.671N 21°19.290V
"Byrgishóll er hæð milli skarðanna [Þorgautsskarða], sem einna hæst ber og sést þaðan fyrst heim þegar komið er utan veginn", segir í örnefnaskrá. Byrgishóll eru 800 m suðvestan við bæ (001) og um 50 m sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna.
Hóllinn er grasivaxinn og þýfður, hallar bratt til suðurs að ánni.
Engin ummerki hleðslna eða annarra mannvirkja sjást á Byrgishól.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3.

MH-014:016 heimild um landamerki 64°42.403N 21°16.429V
"Flaga er flatt deiglendi suður yfir melana, framhald af Flögunni á Háfelli, þ.e. merkin liggja yfir vesturenda Flögunnar og var þar á henni merkjavarða úr torfi, nú horfin", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning merkjavörðunnar ekki kunn, líklega hefur hún verið um 900 m suðaustan við stekk (017) og um 1,5 km suðaustan við bæ (001).
Þar er nú deiglendi neðan við þýfðan móa. Vestar er hálfgróinn melur.
Engin ummerki vörðunnar sjást.
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3.

MH-014:017 tóft stekkur 64°42.695N 21°17.347V



Stekkurinn, horft til suðurs



"Harðivöllur er grund vestan við gilið upp við brekkurætur...Austan við hann við gilið er yngsta stekkjarrústin", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum örnefnastofnunnar segir Ketill Jómundsson enn fremur: "Stekkjarústir eru á eftirtöldum stöðum:... Fyrir vestan gilið í hlíðarrótum...Þar munu einnig hafa verið kvíarnar." Stekkurinn er fast vestan við lækinn sem rennur úr gilinu, um 750 m austan við bæ (001) og um 60 m VSV við stekkinn austan gilsins (026).
Stekkurinn er í grasivaxinni og smáþýfðri kvos við lækinn. Þar hallar landi eilítið til suðurs. Suðvestan við eru sléttuð tún en í aðrar áttir er graslendi.
Stekkurinn er 17 x 6 m stór og snýr norður/suður. Hann er tvískiptur og út frá honum ganga garðlög til SSV og ASA að læknum. Hólfin eru samsíða og bæði opin til suðurs en ekkert op er á milli hólfa. Stekkurinn er að mestu leyti hlaðinn úr grjóti en víða er lág torfhleðsla undir grjóthleðslunni, annars staðar er sem stungið hafi verið niður í brekkuna og grjót hlaðið upp með skurðinum. Það er greinilegt í suðvestur horni vestara hólfsins þar sem um 5 umför grjóts sjást innan frá en einungis 1-2 utanfrá. Eystra hólfið hefur hins vegar að miklu leyti verið hlaðið úr torfi. Hleðsluhæð stekkjarins er mest um 70 cm, ef mælt er utan frá, en um 1,2 m, ef mælt er innan frá. Hleðslurnar eru mikið farnar að láta á sjá, víða hrundar auk þess sem Ketill Jómundsson (f. 1927) sagði að grjót hefði verið tekið úr stekknum og nýtt í annað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3, 7.

MH-014:018 heimild um myllu 64°42.691N 21°17.330V
"Í gilinu, rétt neðan við stekkinn [017] var að sögn kornmylla er lækurinn knúði. Þar leggur lækinn ekki á kafla (volgra eða kaldavermsl)", segir í örnefnaskrá. Um 3 m austan við eystri vegg stekkjarins eru smá flúðir í læknum og neðan við þær hefur lækinn ekki lagt. Líklega er þetta sá staður sem myllan var á, um 760 m austan við bæ (001).
Hér er allstór eyri í læknum, grasivaxin og grýtt og hann er straumharðari en annars staðar. Beggja vegna lækjarins er graslendi.
Engin ummerki myllunnar sjást við lækinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 3-4.


MH-014:019 *Þrívörður* varða 64°43.011N 21°17.165V
"Þrívörður eru neðst á Grásteinshlíð, austur undir gilinu", segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru þrjár vörður með stuttu bili á milli sín, um 1 km norðaustan við bæ (001) og um 200 m vestan við Þorgautsstaðagil.
Vörðurnar eru í grasivaxinni og stórgrýttri hlíð.
Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir um Þrívörður að þær séu hlaðnar úr grjóti en tvær séu hrundar. Vörðurnar er hrundar að einhverju leyti en þó eru þrjár hleðslur enn vel greinilegar. Hugsanlega hafa vörðurnar verið að hluta endurhlaðnar. Vörðurnar eru allar hlaðnar á stórum steinum. Sú í miðið er best hlaðin og eflaust er hún helst sú sem ekki hefur verið endurhlaðin og minnst hefur hrunið úr. Hún er um 1,1 m á hæð, ferhyrnd um 80 cm á kant. Báðar hinar vörðurnar eru ræfilslegri og illa byggðar. Austasta varðan er um 4 m austan við vörðuna í miðið. Hún stendur hæst af þeim þar sem hún er hlaðin á stærsta steininum, með steininum er hún um

1,6 m á hæð en sjálf er varðan um 50 cm há, ferhyrnd neðst, um 60 cm á kant. Grjótdreif er í kringum stóra steininn sem ber vott um að varðan hafi verið stærri. Vestasta varðan er jafnframt nyrst. Hún er um 6 m vestar en varðan í miðið. Hún er um 60 cm há, um 30 cm á annan veginn en um 50 cm á hinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 4, 7.

MH-014:020 *Byrgisklettur* hleðsla smalakofi 64°44.686N 21°15.117V




Smalakofinn, horft til austurs



"Byrgisklettur (Merkjaklettur samkvæmt merkjabréfi Þorgautsstaða)
er á merkjum móti Sleggjulækjar- og Síðumúlasellöndum, norður af Þorgautsstaðahömrum", segir í örnefnaskrá. Hleðsla er á milli tveggja steina eða kletta vestan í Byrgisklettum. Um 4,4 km norðaustan við bæ (001) og um 390 m VNV við merki móti Háafelli þar sem Flatavarða (021) var.
Hleðslan er á milli tveggja grjóthnausa í vestanverðum klettunum. Klettarnir eru allir mosa- og lyngi vaxnir. Norðan og sunnan við klettana er mosagróinn melur en austan og norðaustan er mikil mýri með einstaka tjörnum í.
Byrgið er hlaðið á milli grjóthnausanna og ofan á nyrðri hnausinn sem er lægri en sá syðri og er hleðslan því L-laga. Hún er um 1 x 1 m að stærð, er mest 6 umför og um 80 cm há. Mikið og gott skjól er á milli grjótsins, í byrginu. Útsýni er mjög gott af klettunum til austurs, norðurs og norðvesturs en síðra til vesturs og suðurs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 5.

MH-014:021 *Flatavarða* heimild um landamerki 64°44.628N 21°1°4.648V
"Flatavarða er (var) merkjavarða úr torfi skammt suðaustur af Byrgiskletti. Þriggja jarða merki, Þorgautsstaða, Síðumúla (sellands) og Háafells. Hún er nefnd i merkjabréfum Síðumúla og Háafells, en ekki Þorgautsstaða og ber bréfunum ekki saman að þessu leyti", segir í örnefnaskrá. Merki þessara þriggja jarða koma saman um 4,6 km norðaustan við bæ (001) og um 390 m ASA við smalakofann (020).
Þar sem jarðirnar koma saman er mýri sem heldur áfram til norðurs en sunnan, austan og vestan við er mosavaxinn melur.
Þar sem merkin koma saman er nú grind, úr við, byggð við hornstaur girðingarinnar, fyllt með grjóti. Ekki sést til vörðunnar þar né í nágrenninu. Hugsanlegt er að rutt hafi verið úr leifum vörðunnar þegar girt var á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 5.

MH-014:022 tóftir 64°42.423N 21°17.959V




Um 600 m SSA við bæ (001) á hól á melköstunum norðan Síkisins eru tóftir.
Tóftirnar eru á grasigrónum og þýfðum hól eða hæð. Vestan og sunnan eru brattar brekkur niður að Síkinu. Þýfður mói heldur áfram til austurs og norðurs uns sléttuð og framræst tún taka við.
Á þessum þýfða hól eru þrjár litlar þústir, og er þeim hér gefinn bókstafur til aðgreiningar. Í tveimur þeirra, a og b, má greina byggingarlag og veggjahleðslur en ekki í þeirri þriðju c, sem er syðst af þeim og einnig stærst. Þó engar skýrar veggjarhleðslur séu greinilegar í þessari þúst er líklegt að þústin sé að leifar byggingar sem spillst hefur af þýfi. Minnsta tóftin a er í norðvestanverðum hólnum . Hún er einföld, um 5 x 4 m að stærð, snýr austur/vestur með opi til vesturs. Hún er á lítilli hæð sem nær lengra til austurs og suðurs en tóftin sjálf. Tóftin er ekki þýfð þó þýft sé í kringum hana. Hleðslur hennar eru mikið signar, hæstar um 15 cm. Hvergi sér í gjót svo líklega hefur hún eingöngu verið hlaðin úr torfi. Önnur tóft, b, er um 12 m austan við tóft a, á hólnum og er öllu stærri. Hún er um 8 x 10 m að stærð, einföld og snýr austur/vestur. Op er á tóftinni á miðjum suðurvegg hennar. Þessi tóft er talsvert hlaupin í þúfur og er hleðsluhæð hennar mest um 40 cm, hvergi sér í grjót fremur en í hinni tóftinni. Þriðja hæðin eða þústin c er syðst á hólnum, um 12 m sunnan við tóft b. Hún er um 20 x 6 m að stærð, snýr einnig austur/vestur. Hún er mjög þýfð og ekkert byggingarlag eða skýrar veggjarhleðslur eru greinilegar. Hlutverk þessara tófta er óþekkt. Líklegt er að um útihús eða aðhöld sé að ræða.
Hættumat: engin hætta

MH-014:023 *Vörðuholt* varða 64°43.763N 21°15.922V
"Vörðuholt er holt ofan til í miðjum Giljatungum og sér þaðan allt upp að Þorgautshömrum", segir í örnefnaskrá. Tvö vörðubrot eru á Vörðuholti, norðaustarlega á holtinu. Þau eru um 2,7 km norðaustan við bæ (001) og um 890 m NNV merkjastein (030).
Vörðuholt er stór melur, grýttur en gróinn. Umhverfis eru mýrarspildur.
Vörðubrotin eru hlið við hlið, bæði hlaðin á stórum steinum. Hrunið hefur úr þeim báðum þó meira úr syðri vörðunni. Hún er um 30 cm há og um 30 cm á annan veginn en um 60 cm á hinn (austur/vestur). Nyrðri varðan erum 40 cm há og um 80 cm í þvermál. Um 40 cm eru á milli steinanna sem vörðurnar eru hlaðnar á.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 5.


MH-014:024 *Gildruholt* örnefni refagildra 64°43.081N 21°19.287V
"Gildruholt er stórt lyngi vaxið holt miðhlíðis upp af Ytriteig", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir Ketill Jómundsson, enn fremur: "Þó líkur bendi til tófugildur sjást hennar ekki merki." Holtið er um það bil miðri hlíð Síðufjallsins, um 1 km VNV við bæ (001).
Holtið er stórgrýtt og mosavaxið. Víða skín í beran jarðveg, möl og sand.
Ekki fannst gildra á holtinu en margar staðsetningar koma til greina auk þess sem nægur efniviður til gildrugerðar er á holtinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 4, 7.

MH-014:025 þúst 64°43.013N 21°18.872V



"Gildruholt er stórt lyngi vaxið holt miðhlíðis upp af Ytriteig", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Óljós rúst austan við Gildruholt, ofan við Sniðbrekkur, en niður undan vestanverðri Löngubrekku." Um 700 m norðvestan við bæ (001) eru þústir í dálitlum hvammi við læk, aðeins neðar en í hlíðinni miðri.
Þústirnar eru í grasivöxnu stórþýfi fast vestan við læk sem rennur niður hlíðina. Í kring skiptast á grasbalar, mosavaxinn og ber melur.
Í hvamminum og við hann eru að minnsta kosti tvær þústir. Önnur með nokkuð skýru byggingarlagi þó það sé að miklu leyti afmyndað af þýfi en hin er alls óljós. Mjög þýft er á þessu svæði svo erfitt er að koma auga á þústirnar. Þær eru báðar smáar, eða um 3 x 2 m að stærð. Sú vestari er skýrari snýr austur/vestur og virðist vera opin í báða enda. Hleðsluhæð hennar er mest um 50 cm í mesta stórþýfinu. Hin þústin er um 3 m norðaustar, hún er svipuð af stærð en óskýrari. Hvergi sér í grjót í þústunum. Hlutverk þeirra er óþekkt en hugsanlegt er að þær hafi annað hvort verið heystæði, frá þeim tíma þegar brekkurnar í hlíðinni voru slegnar, eða jafnvel sel. Stærð þeirra bendir þó fremur til að um heystæði sé að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 4, 7.

MH-014:026 tóft+garðlag stekkur 64°42.707N 21°17.278V



"Stekkjarrústir eru á eftirtöldum stöðum: Fyrir austan gilið í hlíðarrótum", segir Ketill Jómundsson í svörum við spurningum örnefnastofnunar. Stekkurinn erum 40 m austan við Þorgautsstaðagil, um 60 m ANA við aðra stekkjartóft sem er vestan við gilið (017) og um 800 m austan við bæ (001).
Stekkurinn er í grasbrekku, aflíðandi til suðurs í hlíðarrótum Síðufjalls. Neðar er grasivaxið svæði og þá ræktuð tún.
Stekkurinn er um 8 x 5 m að stærð, snýr norður/suður. Hann virðist niðurgrafinn af stórum hluta en einnig upphlaðinn, líklega eingöngu úr torfi. Hann er grafinn inn í brekkuna þannig að í austurhlið hans eru aðeins greinilegar hleðslur syðst, engar hleðslur sjást í norðurhlið hans og einungis lágar hleðslur í vesturhliðinni. Það er þó líklegt að hleðslur hafi verið í norður- og austurhlið stekksins en þar hafa þær verið í meiri halla og því sigið fram og orðið ógreinilegar. Milliveggur er hlaðinn inni í tóftinni sem skiptir henni í tvennt en gengur lengra til suðurs en útveggir stekkjarins. Einnig virðist sem stungið hafi verið upp úr brekkunni vestan við stekkinn, á um 6 m kafla, og hefur það ásamt löngum milliveggnum líklega myndað eins konar innrekstraraðhald að stekknum. Op er á báðum hólfum til suðurs, þ.e. á milli milliveggjarins og útveggja og hugsanlega hefur verið op á milli hólfa nyrst. Hæð milliveggjarins er um 40 cm, en hæð útveggja er um 50 cm þar sem hún er mest. Hvergi sér í grjót í hleðslum stekkjarins og þó vel geti hugsast að hann hafi eingöngu verið hlaðinn úr torfi má vera að það grjót sem í honum hafi verið hafi seinna verið tekið og notað í stekk (017) sem er vestan við gilið og mun vera yngri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 7.

MH-014:027 náma mógrafir 64°42.061N 21°16.844V
Mógrafir eru á Breiðabakka um 1,6 km suðaustan við bæ (001).
Grafirnar eru í þýfðum valllendismóa ofan við melköstin við Hvítá, vestan við þær eru ræktuð tún.
Grafirnar eru um 70 x 20 m austur/vestur og má samtals greina um 10-12 stakar grafir á svæðinu. Grafirnar vestast eru ógreinilegri en þær eystri sem eru mjög skýrar. Allar grafirnar eru þurrar og er dýpt þeirra frá 20 cm og upp í 80 cm. Hugsanlegt er að grafirnar hafi náð lengra til vesturs en þar eru nú ræktuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-014:028 náma mógrafir 64°42.165N 21°17.539V
Mógrafir eru norðaustan við Þórðarbrekku, fast sunnan við ræktuð tún, um 1,2 km suðaustan við bæ (001).
Grafirnar eru í þýfðum móa. Ofan þeirra er grasivaxinn brekka neðan við tún og eru grafirnar fast í rótum hennar. Fast sunnan við grafirnar liggur skurður austur/vestur.
Grafirnar eru á svæði sem er um 100 x 10 m austur/vestur. Þær eru misgreinilegar og misdjúpar, allt frá um 30

cm og upp í 1,3 m. Flestar grafanna eru þurrar enda skurður fast sunnan við þær. Blautustu og dýpstu grafirnar eru vestast, þær eru mjög skýrar og eflaust yngstar þar sem þær eru ekki alls staðar fullgrónar.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-014:029 *Laugamýri* álagablettur þvottastaður 64°42.745N 21°18.449V
"Laugamýri, mýrarblettur með volgru vestan við túnið efst, innan girðingar. Þar mátti ekki slá og missti bóndi kú, ef svo var gert", segir í örnefnaskrá. Bletturinn er um 140 m norðvestan við bæ (001).
Laugamýri er mýrarblettur, neðan við hann er grasivaxið svæði og svo sléttuð og framræst tún, austar er þýfð grasivaxin brekka sundur skorin af lækjum og votlendisspildum í kringum þá.
Álagabletturinn Laugamýri er kennd við volga laug. Stundum var þvegið í lauginni og telst mýrin því einnig til þvottastaða. Lækina sem runnu úr og í mýrina lagði auk þess seint og voru þeir því þrautavatnsból bæjarins. Mýrin hefur að hluta verið ræst fram.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 2.

MH-014:030 áletrun landamerki 64°43.289N 21°16.087V
Í landamerkjabréfi Þorgautsstaða frá 1890 segir: "...þaðan sjónhending austanvert við einstakahamar og þaðan í stóran stein, sem stendur á mel við eystra giljatungugil, og högginn Kross á steininn..." Steinninn er á vesturbarmi eystra Þorgautsstaðagils eftir að það hefur greinst í tvö, um 990 m norðaustan við Þrívörður (019) og um 2 km norðaustan við bæ (001).
Steinninn er á hálfgrónum mel sem afmarkast af giljum austan og vestan við.
Steinninn er stór og merkjagirðingin er girt í hann. Ofan á honum er lítill steinn og undir honum leynist krossinn. Hann er um 20 cm langur og um 10 cm breiður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabók Mýrasýslu. Landamerkjabréf Þorgautsstaða, nr. ???, 1890.

MH-014:031 tóft fjárhús 64°42.696N 21°18.205V




Um 80 m suðaustan við bæ (001) er fjárhústóft.
Tóftin eru á grasivöxnu svæði sem hallar lítillega til suðurs. Neðan við eru sléttuð og framræst tún.
Tóftin er 30 x 25 m og snýr austur/vestur. Hún skiptist í fjögur hólf, sem hér er öllum gefinn bókstafur til aðgreiningar. Vestasta hólfið, a, er minnst og hlaðinn garði er eftir því miðju. Það er um 9 x 6 m stórt og snýr norður/suður. Hólfið er opið til suðurs þar sem eflaust hefur verið timburþil. Næsta hólf austan við, b, er um 12 x 8 m stórt og snýr einning norður/suður og er opið til suðurs. Eftir því endilöngu eru tveir hlaðnir garðar. Aftan við b er lítið hólf, c, sem snýr þvert á það, eða austur/vestur. Ekkert op er á því og líklega hefur það verið heygarður. Það er um 2 x 6 m að stærð. Stærsta hólfið, d, er svo austast. Það er einnig norðar en hin þrjú hólfin, suðurmörk þess standast á við norðurmörk a og b. Hólfið, d, er um 15 x 17 m stórt. Í því eru fjórir hlaðnir garðar, tveir úr torfi og grjóti, einn einungis úr grjóti og sá austasti er hlaðinn úr grjóti með steyptri plötu ofan á og steyptu fjárbaði í suðurendanum. Það er opið til suðurs, þar sem líkleg hefur verið timburþil. Hér og þar má sjá grjóthleðslur í veggjum tóftarinnar en víðast hvar er gróið fyrir þær. Hleðsluhæðin er mest um 1,6 m, víðast er hún þó 1-1,3 m og lægst að norðanverðu , um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-014:032 tóft herminjar 64°42.432N 21°18.186V



Tóftin, horft til NNA



Tóftin, horft til Á stríðsárunum var braggi sunnan við Síkið, um 500 m sunnan við bæ (001) og um 50-60 m norðan þjóðvegar sem liggur um Síðuna. Bragginn var reistur af breska hernum. Í honum bjuggu hermenn sem gættu þess að flugvélum væri ekki lent á sléttunum norðan Hvítár. Þar sem bragginn var er gróinn melur ofan á melköstunum sunnan við Síkið.
Tveir samsíða torfveggir með um 7 m millibili eru nú þar sem bragginn var. Þeir liggja VNV-ASA og eru báðir um 11 m langir og mest um 1 m háir. Dyr hafa verið á miðjum syðri veggnum. Við vesturenda veggjanna má merkja lága torfhleðslu, um 20 cm háa. Hvergi sér í grjót í hleðslunum.
Hættumat: engin hætta

MH-014:033 öskuhaugur 64°42.713N 21°18.321V
Öskuhaugur var vestan við bæ (001), milli bæjar og fjóss (008).
Milli bæjarhóls og fjóshóls er grasivaxin lægð. Austan lægðarinnar hefur verið plantað trjám austan verandar sem nú er vestan við húsið sem stendur á bæjarhólnum.
Þegar veröndin var byggð og trjánum plantað komu upp aska og glerbrot.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-014:034 varða landamerki 64°44.517N 21°16.110V
Varða er á merkjum milli Þorgautsstaða og Ásbjarnarstaða í Stafholtstungum, þar sem þau beygja til suðvesturs, um 850 m vestan við Byrgisklett (020) og um 3,7 km NNA við bæ (001).
Varðan er á mosavöxnum grjóthól, allt í kring er hálfgróinn melur.
Varðan er fremur grjóthrúga en eiginlega varða, þar sem hún er illa hlaðin og hrunin. Hún er um 50 cm há og um 1 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta

MH-014:035 *Einbúavarða* varða landamerki 64°44.137N 21°17.318V
Einbúavarða er um 300 m norðaustan við Einbúa, um 1,2 km VSV við merkjavörðu (034) og um 2,75 km NNA við bæ (001).
Varðan er á mosavöxnum mel. Fast norðan við hana fer landi að halla til norðurs og þar eru mýrarspildur og grónir melar.
Varðan er lítil en ágætlega hlaðin. Hún er um 30 cm á hæð og um 40 cm í þvermál.
Hættumat: engin hætta

MH-014:036 garðlag túngarður 64°42.743N 21°18.288V
Túngarður hefur verið umhverfis tún á Þorgautsstöðum. Hann er enn greinilegur ofan við bæjarhólinn, fast ofan kvosar sem bærinn er í, um 50 m norðan og norðaustan við bæ (001).
Garðurinn liggur í grasigróinni brekku ofan bæjar. Ofar hefur verið plantað barrtrjám í hlíðinni og neðar er lóð í kringum húsið sem nú stendur á bæjarhólnum og á henni er trjágróður.
Garðurinn liggur í sveig frá suðausturs til norðurs og þá til suðvesturs. Hleðsluhæð hans er hæst um 50 cm, þó víðast sé hann lægri. Garðurinn er í talsverðri hættu, annars vegar vegna trjáræktar og hins vegar vegna vatnságangs. Skemmdir af völdum trjáræktar eru þó ekki miklar enn, einungis eru nokkur lítil barrtré í garðinum. Hins vegar hefur garðurinn spillst af vatnságangi þar sem vatn leitar niður hlíðina úr uppsprettum ofar í fjallinu í skurð sem grafinn hefur verið aftann við bæ (001). Þó ekki sjáistí grjót garðinum finnst það vel undir fæti en er á kafi í grasi líkt og garðurinn allur. Garðurinn sést á um 50 m kafla og er um 80 cm breiður. Þar sem garðurinn hverfur hefur hann spillst vegna framkvæmda og rasks við bæjarhólinn (001).
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


MH-014:037 frásögn þvottastaður 64°42.471N 21°18.323V
Þvottastaður var niðri við Síkið um 450 m SSV við bæ (001) og um 230 m VSV við Tóftarhring (015:001).
Þvottastaðurinn var þar sem norðurbakki Síkisins er grasigróinn en fast við suðurbakkann eru há melköst að mestu leyti ber. Eyri er í læknum þar sem þvegið var og fast við norðurbakkann er stór steinn sem nýttur var við þvottinn.
Hættumat: engin hætta

MH-014:038 tóft stekkur 64°42.615N 21°18.883V




Stekkur er um 60 m suðvestan við annann stekk (012) í brekkukrika um 500 m SSV við bæ (001).
Stekkurinn er á grasivöxnu svæði undir grasbrekku. Sunnan og austan við hann eru ræktuð og slétt tún.
Stekkurinn er ógreinilegur og hleðslur hans eru næstum útflattar. Það má þó enn greina byggingarlag hans. Stekkurinn er tvískiptur, hann snýr ASA-VNV og líklega hefur op verið sunnarlega á vesturvegg hans. Stekkurinn er um 6 x 5 m stór. Líklega hefur ekki verið op á milli hólfa en þó er ekki hægt að fullyrða um það þar sem milliveggurinn er mjög sigin. Hvergi sér í grjót í hleðslum stekkjarins en þær eru hæstar um 15 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-014:039 tóft fjárhús 64°12.736N 21°17.960V



Tóftin, horft til suðurs



Um 7 m austan við tóft 005 er önnur fjárhústóft, um 260 m austan við bæ (001).
Tóftin er í grasivöxnu smáþýfði, sunnar er þýfðari mói.
Tóftin er 10 x 8 m stór og snýr norður/suður, hún er líklega tvískipt, þó hugsanlega þrískipt. Stærsta hólfið snýr norður/suður og er um 6 x 4 m stórt. Hólfið er opið til suðurs og það mótar fyrir hlöðnum garða í því miðju. Aftan (norðan) við hólfið er annað hólf sem snýr þvert á það og opið er á milli þeirra, það er um 2 x 6 m stórt. Vestan við stærra hólfið er dæld, hugsanlega þriðja hólfið. Hleðslur tóftarinnar eru nokkuð signar, hvergi sér í grjót. Hleðsluhæð er mest um 30 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-014:040 tóft fjárhús 64°42.726N 21°17.971V
Um 5 m suðaustan við tóft 005 og um 6 m sunnan við tóft 039 er þriðja fjárhústóftin í Húsatúni. Hún er um 255 m austan við bæ (001).
Tóftin er í grasivöxnu smáþýfi. Sunnar er þýfðari mói.
Tóftin snýr NNA-SSV. Hún er einföld, um 12 x 7 m stór. Op er syðst á vesturvegg hennar og mótar fyrir hlöðnum garða eftir henni henni miðri. Hvergi sér í grjót í hleðslunum sem eru signar. Hleðsluhæðin er mest um 15 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


MH-014:041 tóft útihús 64°42.711N 21°17.974V
Um 10 m sunnan við tóft 040 og um 250 m sunnan við bæ 001 er fjórða tóftin í Húsatúni.
Tóftin er í stórþýfðum móa, um 15 m neðar er vegslóði og þá ræktuð tún.
Tóftin er mjög afmynduð af þýfi og byggingarlag hennar ekki skýrt. Svo virðist sem hún hafi aðeins verið eitt hólf en garðlag hafi gengið út frá suðurvegg hennar til vesturs. Tóftin snýr austur/vestur og er um 10 m löng, þegar garðlagið talið með, og um 6 m breið. Hólfið sjálft er hins vegar um 5 x 6 m að stærð. Ekki er gott að sjá hvort eða hvar op hefur verið á því, hugsanleg op eru á tveimur stöðum í norðaustur og/eða suðvesturhorni þess. Hvergi sér í grjót í hleðslunum sem virðast eingöngu hafa verið gerðar úr torfi þó ekki sé útilokað að gróið sé fyrir grjóthleðslur. Hleðsluhæðin er mest um 30 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-014:042 tóft útihús 64°42.706N 21°17.985V
Um 4 m sunnan við tóft 041 og um 245 m ASA við bæ 001 er fimmta tóftin í Húsatúni.
Tóftin er í stórþýfðum móa, um 10 m neðar er vegslóði og þá ræktuð tún.
Tóftin er mjög afmynduð af þýfi en þó er byggingarlag hennar skýrt. Hún snýr austur/vestur, er einföld með opi á vesturvegg. Tóftin er um 6 x 4 m að stærð. Hvergi sér í grjót í hleðslunum sem virðast eingöngu hafa verið gerðar úr torfi þó ekki sé útilokað að gróið sé fyrir grjóthleðslur. Hleðsluhæðin er mest um 60 cm.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-014:043 hleðsla 64°42.111N 21°17.692V



Hleðslurnar, horft til norðvesturs



Vestan undir Þórðarbrekku, um 140 m sunnar en stekkjartóft 010 eru tóftarleifar um 1,2 km sunnan við bæ (001).
Hleðslurnar eru í grasivöxnu svæði milli ár og brekku. Það er deiglent næst brekkunni þar sem tóftirnar eru sökum þess að þar rennur vatn úr skurði í Hvítá sem ekki hefur myndað fastan farveg.
Torfhleðslurnar eru á tveimur stöðum á svæði sem er um 50 m langt og um 6 m breitt undir brekkunni og snýr norður/suður. Nyrst eru leifar fjögurra samsíða hleðslna. Tvær þeirra eru langar en tvær aðrar styttri eru norðaustan við þær. Ekkert skýrt byggingarlag er á hleðslunum. Jafnvel er hugsanlegt að þær séu náttúrulegar, til að mynda leifar gamals lækjarfarvegs. Hæð þeirra og lögun bendir þó til að um mannaverk sé að ræða. Lengri hleðslurnar eru báðar um 11 m langar, sú eystri litlu norðar. Hleðsluhæð þeirra er mest um 40 cm. Styttri hleðslurnar eru lægri eða um 20 cm háar. Sú vestari um 4 m löng en sú eystri einungis um 2 m á lengd. Vera má að þetta séu leifar tveggja bygginga sem báðar hafi verið opnar í báða enda. Hvergi sér í grjót í hleðslunum og líklega hafa þær einungis verið gerðar úr torfi. Um 25 m sunnar við hleðslurnar eru veggjarleifar hlaðnar upp að og meðfram brekkunni. Hleðslan er um 4 m löng, fast upp við brekkuna við norðurenda hennar en um 2 m frá henni sunnan við. Hugsanlegt op er á henni miðri þó líklegra sér að þar hafi brotnað af henni. Hleðsluhæðin er hér mest um 30 cm. Hlutverk þessara hleðslna vestan undir Þórðarbrekku er óþekkt. Vera má að þetta séu leifar heystæða síðan bakkar árinnar voru slegnir en eins og svæðið er nú er þar of blautt til að vera vænlegur staður fyrir heystæði.
Hættumat: hætta, vegna rofs

MH-015 Tóptahringur

5 hdr. 1709. Bændaeign. Einnig Tóftarhringur. BB III, 42. "Þessari jörðu [Þorgautsstöðum 014] er sundurskift í tvo bæi og standa báðir innan garða, og heldur heimajörðin nafninu, en hinn parturinn er kallaður Tóftahríngur. Hann er úr skiftur að húsum, túnum og engjum, en öðrum hlunnindum óskift." JÁM IV, 271. "...en um 1655 var þar byggt á gömlu fjárhúsastæði afbýlið Tóftarhringur, talið 5 hundruð, eða vel fimmtungur jarðarinnar. Það var í byggð til 1868, líklega samfellt, en fór þá í eyði og var lagt undir heimajörðina" - Ö-Þorgautsstaðir, 1.
"Torfrista lök og lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast nú eyddur. Túninu granda lækir með landbroti. Engjunum granda skriður og aur úr fjallinu. Hætt er kvikfje fyrir hrakningi á vetur í Hvítá" JÁM IV, 273.


MH-015:001 *Tóptahringur* bæjarstæði bústaður 64°42.585N 21°18.434V
"Tóftarhringur, hóll, eða hólbarð neðarlega í túni niður af bæ [014:001], upp frá Síkinu", segir í örnefnaskrá Þorgautsstaða. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: " Toptahringur. Þetta er annar bærinn, sem áður um getur að standi í túninu, og var fyrst upp bygður fyrir vel 50 árum á fjárhústúninu, og nokkrum árum síðar fluttur þángað, sem nú er hann, og hefur síðan verið talinn partur úr jörðunni..." Tóftarhringur var bær neðarlega í túni Þorgautsstaða, um 270 m SSV við Þorgautsstaðabæinn (014:001).
Þar sem bærinn stóð er nú hóll í sléttu túninu. Sléttur í toppinn. Hóllinn er að langmestu leyti náttúrulegur.
"Þar stóð um tvær aldir bær með þessu nafni, síðast í byggð 1868. Ekki sér fyrir rústum, en þær eru staðsettar með vissu", segir í örnefnaskrá Þorgautsstaða. Ketill Jómundsson sem kom að Þorgautsstöðum um 1947 mundi vel eftir rústunum en þeim var ýtt út um það leyti. Bærinn mun hafa verið byggður á gömlu fjárhússtæði og dregið nafn sitt af því. Á hólnum sem bærinn stóð á er smá mishæð, hugsanlega leifar bæjarstæðisins, hún er um 18 m löng og 12 m breið og hæst um 30 cm. Snýr austur/vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þorgautsstaðir, 2. JÁM VI, 272.

MH-015:002 frásögn útihús 64°42.562N 21°18.496V
Útihús var í túni Tóftarhrings, um 60 sunnan við bæinn 001, um 120 m ofan (norðan) þjóðvegar sem nú liggur um Síðuna.
Þar sem húsið stóð eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-015:003 frásögn útihús 64°42.588N 21°18.532V
Útihús var í túni Tóftarhrings, fast vestan við læk sem rann vestan bæjar (001), en rennur nú í skurði. Húsið var um 70 m suðvestan við bæ (001) og um 70 m norðvestan við útihús (002).
Þar sem húsið stóð eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-016 Fróðastaðir

Fr asta ir - tœnakort 1917



16 hdr. 1709. Kirkjueign. Síðumúlakirkjueign. Jarðarinnar er getið í Heiðarvígasögu: "...ok sendi Ketill þær út á Fróðastaði ok Síðumúla- ÍF III, 297. Þá er hennar getið í máldaga kirkjunnar í Síðumúla árið 1367 : "xciii.

Mariukirkja j Sijdumula a land a frodastodum þad sem leigist þrim hundrudum." (DI III, 224). Jarðarinnar er getið á sama hátt í máldaga kirkjunnar árið 1397, þar sem leigan er enn þrjú hundruð. - DI IV, 125. Í máldaga kirkjunnar frá 1472 segir: "Kirkia j sijdumula a land a frodastodum iiij hundrud oc xx.". - DI V, 675. Fróðastaða er einnig getið í máldaga Síðumúla kirkju frá 1575, en þar segir ekkert um leigu. - DI XV, 554. Jarðarinnar er getið í reikningsskap eigna Guðna Jónssonar frá árinu 1504 - DI VII, 743 og í reikningum Eggerts Hannessonar lögmans um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal árin 1563-4. - DI XIV, 204 og 212.
Tún: 7.7 ha; 3/5 sléttur; kálgarður 500 m2. - Túnakort, 1917. "Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Enginu, sem liggur með Hvítá, granda jarðföll og grjóthrun." - JÁM IV, 273. "Land jarðarinnar, um 430 ha...Með Hvítá er grösugt láglendi, votlendi, nú að mestu framræst, og vallendi, breiðast vestastí framhaldi af Síðumúlaflóa en mjókkar austur, uns hlíðarbrekkan nær niður að á við austurmerkin...Bærinn stendur í brekkurótum utarlega í landinu, og þar er gamla túnið en nýræktin á láglendinu fram og austur af bænum" - BB III, 27.


MH-016:001 *Fróðastaðir* bæjarhóll bústaður 64°42.665N 21°20.954V



Bæjarhóllinn, horft til SSV



Bæjarhóllinn, horft til NNA



Gamli bærinn á Fróðastöðum stóð um 50 m austan við núverandi íbúðarhús
Bærinn stóð á stórum hól í sléttu túni. Trjám hefur verið plantað í suðvestur hlið hólsins.
Hóllinn snýr austur/vestur. Hann er um 52 x 40 m stór, hæstur um 3 m. Hann er í túni sem hallar til suðurs og er hærri að sunnan. Miklar rústir eru ofan á hólnum, leifar síðasta bæjarins sem þar stóð. Úr honum var flutt um 1948. Að öllum líkindum hafa fyrri bæir staðið á svipuðum slóðum því hólinn virðist að miklu leyti vera manngerður. Allvíða gægist grjót fram, hann er dældóttur í toppinn og stallar í brekkum hans. Á hólnum eru tvær tóftir a) og b) og vestan við b) L-laga veggjaleifar. Austasta tóftin á hólnum, a), er tóft gamla bæjarins. Hún snýr eins og hóllinn austur/vestur. Hún skiptist í þrjú samsíða hólf sem snúa norður/suður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og hér og þar sér í grjóthleðslur. Hún er 14 x 8 m stór. Hleðslurnar eru hæstar um 1 m, ef mælt er utan frá en um 1,6 m ef mælt er innan frá en vestasta hólfið er að hluta niðurgrafið. Vestur veggur þess er aðeins varðveittur að hluta og framan (sunnan) við hólfið er steinsteyptur veggur. Á honum er gluggi. Op þessa hólfs hefur líklega verið á vesturveggnum þar sem hleðslurnar eru rofnar. Bæði hin hólfin eru opin til suðurs þar sem líklega hefur verið timbur þil. Framan (sunnan) við bæjartóftina er sléttur flötur, bæjarhlaðið, ofan á hólnum um 7 m breitt.

Um 2 m vestan við a) er einföld tóft, b), hún snýr norður/suður og er um 5 x 7 m stór. Tóftin er hlaðin úr torfi og hleðslur hennar eru hæstar um 1 m, ef mælt er utan frá. Hún er líkt og vestasta hólfið í tóft a) að hluta niðurgrafin og því eru hleðslur hennar mun hærri eða um 1,5 m ef mælt er innan frá. Ingibjörg taldi að þetta væru jafnvel leifar íbúðarhúss sem stóð vestan við bæinn. Um 4 m vestan við b) eru L-laga veggjaleifar, c). Þær eru um 5 x 6 m að stærð, hæstar um 20 cm, hlaðnar úr torfi. Ingibjörg Daníelsdóttir (f. 1954) taldi að þær væru leifar skrúðgarðs sem einu sinni var þarna og var trjánum í suðvestur hluta hólsins plantað þegar hann var gerður. Um 1 m norðan við vestur hluta a) og austurhluta b) er dæld í bæjarhólnum, hún er um 2 x 2 m að stærð og um 10-20 cm djúp. Önnur dæld er í norðurhlíð hólsins um 5 m norðan við miðhólf a). Sú dæld er ílöng, snýr norður/suður, um 2 m löng og 1 m breið. Hún er mun dýpri eða um 30-40 cm. Árið 1990 var reist timburhús sunnan við austurenda hólsins og komu þá upp skæri, beygð en ekki steypt. Húsið var ekki með kjallara og varð það síðar flutt að Haukagili (MH-011) þar sem það stendur nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 1. Túnakort, 1917.

MH-016:002 tóft fjós 64°42.668N 21°20.905V
Um 13 m austan við bæjartóftina (001 a)) og um 3 m austan við smiðjutóftina (032) eru rústir fjóss og hlöðu. Fjósið er merkt er inn á túnakort frá 1917. Það er um 8 m austan við bæjarhólinn.
Tóftin er á dálítilli hæð, austan bæjarhólsins í sléttu túninu.
Fjósið og hlaðan eru samföst og er tóftin um 30 m löng og 12 m breið. Hún snýr austur/vestur, hlaðin úr torfi og gjróti. Hæð veggja er mest um 1 m, ef mælt er utan frá, en mest um 2 m ef mælt er innan frá, enda er hlaðan að hluta niðurgrafin. Allvíða sér í grjóthleðslur, mest um 5 umför. Tóftin skiptist í þrjú, hugsanlega fjögur hólf. Vestasta hólfið var fjósið sjálft, það snýr norður/suður og er opið til suðurs. Þar hefur hugsanlega verið timburþil og má þar sjá grjótdreif svo líklega hefur verið hlaðið undir þilið. Nyrst í hólfinum eru leifar svokallaðs bolabáss, bás afmarkaður með grjóti. Næsta hólf austan við fjósið var hlaðan og enn er steyptur gafl framan (sunnan) við það og dyr á honum. Hlöðu hólfið snýr norður/suður líkt og fjósið. Austan við hlöðuna eru breiðar og signar hleðslur og ekki er laust við að móti fyrir þriðja hólfinu. Það er þó mjög ógreinilegt. Fast austan þess er svo enn eitt hólf, mjög skýrt. Það er styttra en hin hólfin en snýr eins og þau norður/suður. Ekki er ljóst hvaða hlutverki það gegndi. Hólfið er opið til suðurs, þar sem líklega hefur verið timburþil. (Sjá teikningu við 016:001)


Fjósið, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-016:003 heimild um fjárhús 64°42.586N 21°20.967V
Fjárhús er merkt á túnakort frá 1917, um 150 m sunnan við bæ (001).
Þar sem fjárhúsin voru eru nú sléttuð tún.
Grjótið úr fjárhúsunum var nýlega hreinsað úr túninu og kom þá upp steypt ker. Nú sjást engin merki húsanna í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-016:004 heimild um útihús 64°42.559N 21°20.964V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917, um 30 m sunnan við fjárhús (003), um 180 m sunnan við bæ (001).
Þar sem húsið stóð eru nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-016:005 heimild um útihús 64°42.543N 21°20.998V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917, um 15 m suðvestan við útihús (004), um 200 m SSV við bæ (001).
Þar sem húsið stóð eru nú sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-016:006 gata leið 64°42.661N 21°20.943V
Fast sunnan við bæinn (001) og fjósið (002) sér móta fyrir götu. Hún er merkt á túnakort frá 1917.
Gatan liggur framan við tóftirnar (001) og (002) á grasivöxnum og smáþýfðum stalli. Stallurinn er breiðastur

framan við bæjarrústirnar enda hefur líklega verið hlað þar og gatan framan við það.
Á túnakorti frá 1917 er gatan merkt þvert yfir túnið frá ANA til VSV framan við bæ og fjós. Þar sem sést fyrir götunni er hún um 2 m breiður slóði hvorki niðurgrafinn né ruddur. Gatan er greinileg á um 70 m kafla framan við tóftirnar (001) og (002) en annars staðar er hún horfin í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917.

MH-016:007 heimild um leið 64°42.592N 21°21.001V
Leið er merkt á túnakort frá 1917, um 140 m sunnan bæjar (001), fast norðan fjárhúsa (003).
Þar sem gatan lá, liggur nú þjóðvegur um Síðuna.
Á túnakortinu frá 1917 er gatan merkt þvert yfir túnið norðan við útihús (003), frá austri til vesturs. Engin ummerki hennar sjást nú vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort, 1917.


MH-016:008 *Brunnlág* heimild um brunn 64°42.671N 21°20.995V
"Næst vestan við bæinn er lág, sem liggur upp og niður og heitir Brunnlág og vestan við hana ofan að götunni [006], sem lá um hlaðið að gamla bænum, hét Tólfálnatún en austan við lágina var Baðstofutún", segir í örnefnaskrá. Brunnlág er fast vestan við bæjarhólinn (001). Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar, sem Ingibjörg Daníelsdóttir (f. 1954) svaraði, segir að brunnur hafi verið í Brunnlág en hann sjáist ekki lengur, nákvæm staðsetning hans er ekki kunn.
Brunnlág er mýrlend lág. Beggja vegna hennar er smáþýft grasivaxið svæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, AG, 3, 1997, 11.

MH-016:009 *Lambhúshóll* örnefni fjárhús 64°42.671N 21°20.995V
"Næst bæ [001] og ofar er svo Lambhúshóll", segir í örnefnaskrá. Lambhúshóll er fast austan Litlalækjar, um 120 m NA við bæ (001).
Hóllinn er geysistór og hár séð frá suðri og vestri en ógreinilegur frá norðri og lágur frá austri þar sem hann rennur saman við hlíðina sem hann er í, sem hallar til suðurs.
Í svörum við spurningum örnefnastofnunnar segir, Ingibjörg Daníelsdóttir, að ekki votti fyrir rústum á Lambhúshól. Hóllinn er vafalaust að mestu eða öllu leyti náttúrulegur en ekki er útilokað að fjárhús hafi staðið á toppi hans sem er fremur sléttur eða fast neðan við hann og hóllinn dregið nafn sitt af þeim. Þar eru hinsvegar engin ummerki fjárhúsa sjáanleg svo það verður að teljast ólíklegt því hvorki hóllinn né svæðið umhverfis hann hefur verið sléttað. Um 120 m vestar er annar, öllu minni hóll í túninu og á honum eru tvær tóftir (026) og (027). Vera má að sá hóll hafi í upphafi heitið Lambhúshóll en nafnið hafi í seinni tíð færst yfir á þennan hól sem er stærri og greinilegri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, AG, 3, 1997, 11.

MH-016:010 garðlag túngarður 64°42.604N 21°21.202V
Túngarður hefur girt af tún á Fróðastöðum. Leifar vesturhliðar hans má enn greina, austan heimreiðar að Fróðastöðum og m 2 m austan við Stóralæk.
Girðing er á garðinum sem liggur í vesturjaðri sléttaðs túns.
Garðurinn liggur austur/vestur neðan við heimreiðina að íbúðarhúsinu og niður að þjóðvegi. Alls liggur garðurinn á 90 m kafla en um 30 m langt gat er þó á honum þar sem vegur liggur út frá heimreiðinni að nýbyggðu íbúðarhúsi. Um 20 m langur garðspotti er ofan (norðan) við gatið og um 40 m neðan (sunnan) við það. Garðurinn er um 1,1 m breiður þar sem hann er breiðastur og um 80 cm hár þar sem hann er hæstur, þó víðast sé hann aðeins um 40 cm hár. Garðinum hallar inn í túnið. Hvergi sér í grjót í honum. Á einum stað er um 1 m breið og 1 m löng og um 10 cm há hleðsla út frá garðinum, hlaðin úr torfi. Hún hefur líklega verið hlaðin til styrkingar veggnum. Ekki sér fyrir túngarðinum annars staðar og hefur hann að öllum líkindum horfið í tún. Staðsetning garðsins kemur vel heim og saman við vesturmörk túns á Fróðastöðum eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


MH-016:011 frásögn rista 64°42.472N 21°21.441V
Torf var rist sunnan þjóðvegar, við merki móti Síðumúla, um 500 m suðvestan við bæ (001).
Þar eru nú framræst en þýfð tún.
Engin ummerki ristu eru sjáanleg
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

MH-016:012 tóft kvíar 64°42.685N 21°20.729V






Tóftin, horft til SSV



"...ofan gömlu götunnar [006] er Kvíabrekka", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum örnefnastofnunar segir, Ingibjörg Daníelsdóttir, enn fremur: "Kvíar taldar hafa verið austan Kvíabrekku, þar sem nú er rúst af aðrekstrarrétt." Réttarrústin er um 20 m suðaustan við Lambhúshól (009), um 180 m austan við bæ (001).
Tóftin er í grasivöxnu þýfðu túni. Sunnan og suðvestan hennar er deiglendi.
Tóftin er þrískipt og 14 x 10 m stór, snýr norður/suður. Hún samanstendur af einu stóru hólfi, um 6x 10 m stórt, syðst sem snýr austur/vestur það er opið austarlega á norðurvegg þess. Tvö minni hólf eru sunnan við það, þau snúa norður/suður. Það eystra er um 4 x 6 m stórt, með opi til norðurs, austast á suðurvegg þess en hið vestara, sem er 4 x 3 m stórt,er án ops. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og víða sér í grjóthleðslur, allt að þrjú umför. Hleðslur tóftarinnar eru hæstar um 1,1 m. Út frá suðausturhorni tóftarinnar gengur garður til SSV, hlaðinn úr grjóti. Hann er um 20 cm hár og um 20 m langur og 80 cm breiður. Annar sambærilegur garður er um 4 m norðan við tóftina og stefnir í NNA. Hann er um 45 m langur. Ekki er víst að þessar grjóthleðslur séu tengdar notkun tóftarinnar, líklegra er að þetta séu leifar girðingar sem þarna hafi verið og hlaðið hafi verið undir. Garðarnir virðast vera yngri en tóftinn og auk þess eru stórir steinar í honum með steyptum járnum upp úr, líklega girðingastaurar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, AG, 3, 1997, 11.

MH-016:013 *Stekkur* tóft stekkur 64°42.416N 21°20.450V
"Stekkur er dálítill hóll upp af vesturenda Stekkjareyrar. Þar er stekkjarrúst", segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 200 m norðan við Hvítá og um 610 m suðaustan við bæ (001).
Stekkurinn er í grasivöxnum, þýfðum móa á litlum hól. Ofar og vestar eru sléttuð og framræst tún.
Stekkurinn er tvískiptur, um 11 m langur og 8 m breiður. Hann snýr norður/suður. Stærra hólfið er sunnar. Það snýr norður/suður en hið minna snýr þvert á það. Hvergi sér í grjót og virðist stekkurinn eingöngu hafa verið hlaðinn úr torfi. Hleðslur hans eru fremur signar, hæstar um 60 cm. Stekkurinn er að einhverju leyti afmyndaður af þýfi en þó er byggingarlag hans enn greinilegt. Ekki er op á milli hólfa en op er á suðurenda austurveggjar stærra hólfsins.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 4.

MH-016:014 *Grafir* heimild um mógrafir 64°42.548N 21°20.494V
"Grafir eru nokkuð upp af keldunni (í átt að þjóðvegi). Þar voru gamlar mógrafir, en nú hafa verið sléttaðar og gert dálítið barð, þar sem skepnur leita skjóls. Ekki er nú tiltæk vitneskja um mótak, að öðru leyti, stungudýpt eða gæði", segir í örnefnaskrá. Barðið þar sem mógrafirnar voru er um 250 m norðan við stekk (013) og um 420 m suðaustan við bæ (001).
Mýrin þar sem grafirnar voru hefur verið framræst og eru ræktuð tún ofan og vestan við barðið. Það er hins vegar í þýfðum og þurrum móa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 4.

MH-016:015 *Fróðastaðavað* heimild um vað 64°42.341N 21°20.642V
"Vestan við Stekkjarkeldu er svo nafnlaust skarð í bakkann, og enn vestar koma tvö skörð. Milli þeirra er grasi gróin brekka, sem nefnd er Vaðbrekka. Þar var Fróðastaðavað, sem nú hefir ekki verið farið í 15-25 ár", segir í örnefnaskrá Fróðastaða, sem skráð var af Ara Gíslasyni. Nákvæm staðsetning Fróðastaðavaðs yfir Hvítá er ekki kunn, það hefur að öllum líkindum verið um 200 m VSV við stekkinn (013) og um 650 m suðvestan við bæ (001).
Vaðið hefur líklega verið þar sem um 3 m breiður grasbakki er við ána, norðan við, undir hálfgrónu melkasti. Sunnan við ána eru há melköst en skarð í þau.
"Þetta var þjóðleið yfir ána og þótti eitt hið bezta á Hvítá, enda hafði Guðmundur góði vígt það eitt sinn endur fyrir löngu. Vaðið var talið nokkuð djúpt en gott í botn og breytti sér ekki. En vatnið hrein ekki á hærupokunum, þó djúpt væri og klyfjar drægjust eitthvað ofaní. Þegar örnefnin eru skráð í fyrstu, er sagt að vaðið hafi ekki verið farið í 15-20 ár. Líklega hefur það sjaldan eða aldrei verið farið síðan. (Ekki er gott að gera sér grein fyrir vaðinu. Þúfan er horfin og útlit fyrir að áin hafi grafið sig þar niður með norðurbakkanum, neðan við Stekkjareyraroddann, svo að nú er að kalla sundvatn þar með honum, sem talið er að farið væri yfir og ær fráleitt að hestur rifi sig þar upp á bakkann, jafnvel laus, nema á einum smábletti og er þó allillt)", segir í endurskoðaðri örnefnaskrá frá 1997. Ingibjörg Daníelsdóttir á Fróðastöðum (f.1954) hafði það eftir gamalli konu að þegar vaðið var farið ætti að horfa á rauðan blett í melköstunum sunnan árinnar. Hann sást ekki við vettvangsskoðun. Tveir til þrír samhliða paldrar eru í grasbakkanum norðan ár á þeim slóðum sem vaðið var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, AG, 1. Ö-Fróðastaðir, 1997, 4.


MH-016:016 heimild um landamerki 64°42.283N 21°21.661V
Í landamerkjabréfi Fróðastaða frá 1923 segir: "Lækur sem rennur vestarlega um Merkjanes í Hvítá og kallaður er Merkjalækur. Úr lækjarbotninum í torfvörðu. Sem er skammt fyrir ofan". Nákvæm staðsetning vörðunnar er ekki kunn. Hún hefur líklega verið um 900 m suðvestan við bæ (001) á svipuðum stað og merkjaskurðurinn liggur nú. Nú er skurður á merkjum og uppkast úr honum beggja megin við hann á þýfðu og grasivöxnu svæði.
Engin ummerki vörðunnar sjást.
Heimildir: Landamerkjabréf Fróðastaða, nr. 95. 1923.

MH-016:017 frásögn mylla 64°42.688N 21°21.089V
Ingibjörg Daníelsdóttir á Fróðastöðum (f. 1954) man eftir myllu sem var við Stóralæk um 120 m VNV við bæ (001).
Ingibjörg taldi líklegast að myllan hefði verið í dálítil kvos fast austan við Stóralæk. Umhverfis er grasigróið og stórgrýtt. Þar er lækurinn fremur straumharður og smá flúðir í honum. Stór steinn er í honum miðjum, neðan flúðanna.
Ingibjörg taldi að ekki væri mjög langt síðan að myllan var byggð, þó það væri fyrir hennar tíð. Hún taldi ennfremur óvíst hvort hún hefði einhvern tíma verið notuð. Þar sem myllan var er stórgrýtt kvos við bakkann, en ekkert skýrt byggingarlag er á grjótinu. Þó er sem hlaðið hafi verið með brúnum kvosarinnar L-laga grjóthleðsla um 3 x 4 m stór. Hún er þó mjög óskýr og grjótið sem er mjög stórt og líkist meira framburði læksins en hleðslugrjóti. Ekki verður því fullyrt að þetta séu leifar myllunnar.
Hættumat: hætta, vegna rofs

MH-016:018 *Gömluhús* tóftir beitarhús 64°42.740N 21°20.200V



Tóftin, horft til norðurs



"Gömluhús eru beitarhúsarústir í brekkunni upp af Börðum (efst í Börðum)", segir í örnefnaskrá. Gömluhús eru um 430 m austan við aðrekstarréttina (012) og um 600 m ANA við bæ (001).
Tóftirnar eru á dálitlum hól í grasivöxnum og þýfðum móa sem hallar til suðurs. Hér og þar í móanum eru mýrarspildur og lækjarsprænur.
Tóftirnar eru tvær og er sú syðri mun stærri. Þær eru á svæði sem er um 17 x 12 m stórt, og snýr norður/suður. Syðri tóftin er þrískipt, snýr norður-suður og er um 11 x 10 m stór. Vestasta hólfið er stærst, um 5 x 10 m og snýr eins og tóftin. Það er opið austarlega á suðurvegg. Hin hólfin tvö eru fast austan við veststasta hólfið og snúa einnig norður/suður. Þau eru minni en það, nyrðra hólfið er um 3 x 4 m og hið syðra er um 5 x 6 m. Op er á milli norður og suður hólfsins. Nyrðra hólfið er einnig opið sunnarlega á austurvegg en ekkert op er á syðra hólfinu út úr tóftinni né heldur er op á milli stærsta hólfsins og hinna tveggja. All víða sér í grjót í veggjum og er hleðsluhæð tóftarinnar mest um 1 m. Nyrðri tóftin er um 2 m norðan við þá syðri. Hún snýr austur/vestur, einföld, um 6 x 3 m að stærð. Hér og þar glittir í grjót í veggjum og er hleðsluhæðin mest um 40 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 6.

MH-016:019 *Rögnvaldarflói* sögustaður 64°42.325N 21°21.654V
"Rögnvaldarflói (Rögnvaldsflói eldri skrá) vestur við merkin, neðan við Ytri- og Ystugrund", segir í örnefnaskrá. Svæðið þar sem Rögnvaldarflói var hefur verið framræst og er nákvæm staðsetning hans ekki kunn. Hann hefur að öllum líkindum verið um 850 m suðvestan við bæ (001), við vesturmerki.
Þar er nú framræst en fremur þýft tún.
"Munmæli eru að þar hafi einn Hellismanna verið drepinn", segir í örnefnaskrá. Í Hellismannasögu segir frá því er bændur í Hvítársíðu hugðust koma Hellismönnum að óvöru og drepa þá í Vopnalág. Ekki tókst þeim að drepa þá alla þar en þeir voru eltir og drepnir víðs vegar um sveitina. Hvorki er minnst á Rögnvald né Rögnvaldarflóa í frásögnum af því.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 6. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, II bindi, 292.

MH-016:020 *Sel(ið)* örnefni sel 64°43.194N 21°20.171V
"Sel(ið) er grjóthóll ofarlega í hlíð, vestur af Kýrbrekkum, nokkru austar en beint upp af bæ. Þar er engin rúst sjáanleg", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 1,1 km NNA við bæ (001).
Selhóll er í suðurhlíð Síðufjallsins. Hann er stórgrýttur, vaxinn mosa og lyngi og klappir eru á honum efst.
Engar rústir sjást á hólnum eða í námunda við hann, enda verður þessi staður að teljast ólíklegt selstæði, að minnsta kosti eins og umhorfs er á þessum slóðum nú. Vestan við hólinn er grasivaxinn slakki en annars staðar er hálfgróinn eða ber melur. Á þessum slóðum eru þó tvö örnefni sem benda til sels, auk Selsins er þekkt örnefnið Selflár á mosagrónum hól norðan við Selið. Ingibjörg Daníelsdóttir gat sér þess til að hugsanlega væri um álfasel að ræða. Enda hóllinn stórgrýttur með klöppum í toppinn ekki ólíkur dæmigerðum stöðum þar sem álfar eru sagðir búa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 7.

MH-016:021 tóftir heygryfja 64°42.666N 21°20.897V
Um 1 m sunnan við austur enda fjóss tóftarinnar (002) og um 6 m austan við (033) eru tvær sambyggðar tóftir. Tóftirnar eru á grasivöxnu og smáþýfðu svæði í sléttu túni.
Tóftirnar tvær eru sambyggðar og myndar hleðslan á milli þeirra hólf sem opið er til norðurs, þar sem eystri tóftin er um 2 m norðar en sú vestari. Tóftirnar og hleðslan á milli þeirra eru eingöngu hlaðnar úr torfi og er hleðsluhæðin mest um 30 cm. Báðar eru tóftirnar ílangar og snúa austur/vestur og hvorug þeirra er opin. Alls ná þær yfir svæði sem er um 14 m langt og um 6 m breitt, austur/vestur. Vestari tóftin er um 5 m löng og 3 m breið en sú eystri, sem er um 6 austar og 2 m norðar, er minni, um 3 x 3 m að stærð. Ingibjörg Daníelsdóttir bóndi á Fróðastöðum (f. 1954) sagði að þarna hefði verið hlandfor og súrheysgryfja. (Sjá teikningu við 016:001)
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-016:022 *Heyskarð* heimild um leið 64°43.384N 21°20.749V
"Heyskarð er norður á hálsinum í framhaldi af Fögrubrekku. Skarðið er alllangt, liggur NA-SV, sem er hér meginstefna ása og lægða, langleiðina að Grýtuvatnsflóa. Líklegt er að heyband þaðan hafi verið reitt um Heyskarð. Slægjur eru ekki í skarðinu", segir í örnefnaskrá. Heyskarð er skarð í klettana á brúninni um 1,35 km NNV við bæ (001).
Í skarðinu er nokkuð grýttur mosavaxinn melur, klettar beggja vegna við, hærri vestanmegin.
Enginn slóði er sjáanlegur í skarðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997,8.

MH-016:023 *Merkjasteinn* áletrun landamerki 64°42.881N 21°21.598V



Steinninn, horft til austurs



Áletrunin

"Merkjasteinn merktur LM er upp undir hlíðabrún, á merkjum móti Síðumúla, á að gizka miðja vegu frá vegi að Vörðuhnaus. Frá steininum sést merkjavarðan [024] á Vörðuhnaus", segir í örnefnaskrá. Merkjasteinninn er upp undir hlíðarbrún, ofarlega (norðarlega) í svokallaðri Skógræktargirðingu, um 650 m norðvestan við bæ (001).
Steinninn er á mosavöxnu holti, ofan og beggja vegna við hann vex lúpína og nokkru neðar hefur birki og lerki verið plantað í hlíðinni.
Steinninn er stór, um 1,2 m langur, norður/suður, um 80 cm breiður og um 60-70 cm hár. Áletrunin er ofan á honum austan til, mjög skýr.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 7.

MH-016:024 *Vörðuhnaus* varða landamerki 64°43.309N 21°21.363V




Varðan, horft til suðurs

"Hnausar eru hæðir vestan Heyskarðs ... Vörðuhnaus. Hann er á suðurbrún Hnausa, þeirra lægstur og er á honum merkjavarða", segir í örnefnaskrá. Varðan á Vörðuhnaus er um 10 m vestan við merkjagirðinguna, Síðumúlamegin. Hún er um 1,2 km norðvestan við bæ (001).
Varðan er á klettahnaus á grýttum hól. Neðar er hálfgróinn melur.
Varðan er um 90 cm norður/suður en 60 cm austur-vestur og um 80 cm há.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Fróðastaðir,1997, 8.

MH-016:025 *Sjömannavarða* heimild um landamerki 64°43.648N 21°18.780V
"Sandbrún er austan Fróðastaðavatns, ofan Skuggabrekkna. Á henni er merkjavarða móti Þorgautsstöðum sem heitir Sjömannavarða. Ekki er vitað um uppruna nafnsins", segir í örnefnaskrá. Í landamerkjabréfi Fróðastaða segir: "Þaðan bein lína í grjótvörðu sem er á kletti í Sandbrúninni, sem kölluð er Sjömannavarða." Lítill klettur er norðan við Hnúkana, Fróðastaðahnúk og Þorgautsstaðahnúk, um 1,8 km norðvestan við Þorgautsstaðabæ (014:001) og um 2,5 km norðaustan við gamla bæinn á Fróðastöðum (001). Líklega hefur varðan verið á honum. Kletturinn er mosavaxinn og í kringum hann er hálfgróinn melur.
Engin varða eða vörðubrot er á klettinum en þetta er að öllum líkindum sá staður sem hún hefur verið á. Engin varða er á Sandbrúninni.
Heimildir: Ö-Fróðastaðir, 1997, 8. Landamerkjabréf Fróðastaða, nr. 95. 1923.


MH-016:026 tóft útihús 64°42.715N 21°20.991V
Ofan við bæjarhólinn (001) er hóll eða hæð í túninu. Efst á þessum hól, um 90 m norðan við bæjartóftina (001) og um 115 m vestan við Lambhúshól (009) er tóft.
Tóftin er á grasivöxnum, smáþýfðum hól ofarlega í túni sem hallar til suðurs.
Tóftin er 6 x 4 m stór og snýr austur/vestur. Hún er tvískipt og snýr eystra hólfið austur/vestur en hið vestara þvert á það. Hólfin eru mjög svipuð að stærð. Op er á eystra hólfinu austast á suðurvegg þess en vestara hólfið er opið til suðurs. Ekkert op er á milli hólfanna. Hleðslur tóftarinnar eru signar, hæstar um 20 cm og hvergi sér í grjót í þeim.


Tóftin, horft til NNV



Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-016:027 tóft útihús 64°42.701N 21°20.970V




Tóftin, horft til VNV

Um 20 m SSA við tóft 026 og um 60 m norðan við bæjartóftina (001), er tóft á stalli í suðurhlíð sama hóls og tóft 026 er á.
Tóftin er í suðurhlíð hóls sem er í grasivaxinni hlíð sem hallar til suðurs.
Tóftin er um 10 x 7 og snýr austur/vestur. Hún skiptist í fernt. Stærsta hólfið er austast, það snýr eins og tóftin og er um 7 x 3 m að stærð. Op eru á hólfinu vestast á norðurvegg þess og vestast á suðurvegg þess. Vestan við hólfið eru tvö minni hólf. Það nyðra er um 2 x 2 m að stærð en hið syðra aðeins stærra, um 3 x 2 m, það snýr austur/vestur. Op er á milli hólfanna tveggja, auk þess eru op á suðurvegg syðra hólfsins á tveimur stöðum, á honum miðjum og vestast á honum. Vestan við syðra hólfið er svo annað lítið hólf um 3 x 2 m að stærð. Það snýr norður/suður. Op eru á því á miðjum suðurvegg og austarlega á vesturveggnum. Tóftin er sigin og hefur líklega

að mestu leyti verið hlaðin úr torfi. Hleðsluhæð er mest um 30 cm. Á einum stað er stór og mikill steinn í byggingunni, sem fremur lítur út fyrir að vera náttúrulegt grjót í hlíðinni sem hlaðið hafi verið ofan á en hleðslugrjót. Tóftin er að nokkru leyti afmynduð af þýfi og þó byggingarlag hennar sé enn skýrt leikur vafi á sumum opum hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-016:028 varða landamerki 64°43.821N 21°20.073V



Varðan, horft til SSV

Um 2,25 km NNA við bæ (001) er varða á merkjum móti Síðumúla. Hún er um 1,4 km norðaustan við vörðuna á Vörðuhnaus (024) og um 15 m norðan við merkjagirðinguna, Síðumúlamegin.
Varðan er á mosavöxnum klettaás. Austan við er mýrarspilda í dal sem myndast hefur milli ása.
Varðan er um 80 cm há, um 1 m á annan veginn (austur/vestur) en 60 cm hinn. Vörðunnar er getið í landamerkjabréfi Fróðastaða frá 1923, þar segir: "...þaðan bein lína austur yfir Hnausana í grjótvörðu austan til á Hnausataglinu."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Fróðastaða, nr. 95. 1923.

MH-016:029 varða landamerki 64°43.902N 21°19.233V

Landamerkjavarða er um 680 m ANA við vörðu á Hnausatagli (028) og um 2,7 km norðan við bæ (001). Hún er um 50-60 m norðan við merkjagirðingu sem liggur norður fyrir Fróðastaðavatn.
Varðan er á mosavöxnu og grýttu klettaholti norðanvert við Fróðastaðavatn.
Varðan er um 1 m á hæð, næst ferhyrnd um 70 cm á kant. Hrunið hefur úr vörðunni til austurs. Vörðunnar er getið í landamerkjabréfi Fróðastaða frá 1923, þar segir: "Þaðan bein lína í grjótvörðu á kletti, sem er að norðanverðu við Fróðastaðavatn."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Fróðastaða, nr 95. 1923.



Varðan, horft til suðausturs

MH-016:030 varða landamerki 64°43.686N 21°18.755V

Landamerkjavarða er um 550 m austan við vörðuna norðan við Fróðastaðavatn (029), og um 2,6 km norðvestan við bæ (001).
Varðan er á grýttu holti ofarlega í brekku sem hallar til vesturs. Brekkan er vaxin mosa og lyngi, fremur stórgrýtt.
Varðan er hlaðin upp við nokkuð stóra steina. Hún er um 60 cm há, næstum ferhyrnd neðst, um 50 cm kant. Hún er lítil og sést illa, þó er ekki að sjá að mikið hafi hrunið úr henni. Í landamerkjabréfi Fróðastaða frá 1923 segir: "...bein lína í grjótvörðu á kletti, sem er að norðanverðu við Fróðastaðavatn. Þaðan bein lína í grjótvörðu á Skuggabrekkum." Þetta er að öllum líkindum sú varða, þó ræfilsleg sé.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Fróðastaða, nr. 95. 1923.

MH-016:031 heimild um landamerki 64°42.435N 21°21.642V

Í landamerkjabréfi Fróðastaða segir: "Úr lækjarbotninum í torfvörðu [016], sem er skammt fyrir ofan. Þaðan bein lína í aðra vörðu sem stendur á svokölluðu Barði í Flóanum." Flóinn hefur verið framræstur og enginn varða er þar nú. Hún hefur líklega verið um 700 m suðvestan við bæ (001), á merkjum móti Síðumúla.
Þar sem varðan var er nú framræst, þýft, grasivaxið svæði.
Heimildir: Landamerkjabréf Fróðastaða, nr. 95. 1923


MH-016:032 tóft smiðja 64°42.668N 21°20.924V

Fast austan við bæjarhólinn (001) um 6 m austan við bæjartóftina (001 a)) er einföld tóft. Líklega smiðjutóft.
Tóftin er á grasivöxnu, smáþýfðu svæði austan við bæjarhólinn í sléttu túni.

Tóftin snýr norður/suður og er um 5 x 4 m stór. Hún er eingöngu hlaðin úr torfi og er hleðsluhæð hennar mest um 50 cm. Tóftin er opin á tveimur stöðum á suðurvegg hennar, bæði austast og vestast á veggnum. Ingibjörg Daníelsdóttir bóndi á Fróðastöðum (f. 1954) taldi að þarna hefði verið smiðja. Hestasteinn er framan við suðvestur horn smiðjutóftarinnar. Hann er nokkuð gróinn en heimildamaður sagði að járnhringur væri í honum sem hún hefði áður reitt mosa og skófir frá. (Sjá teikningu við 016:001).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-016:033 tóft+garðlag 64°42.666N 21°20.908V
Um 2 m sunnan við fjóstóftina (002) er lítil tóft og garðlag út frá henni.
Tóftin er á grasivöxnu og smá þýfðusvæði í sléttu túni.
Tóftin snýr austur/vestur. Hún er um 8 m breið og 6 m, hlaðin úr torfi og grjóti og sér í grjóthleðslur í suðvestur horni hennar. Op er á tóftinni austarlega á suðurvegg hennar. opin til suðurs. Vestan við opið gengur garðlag um 12 m til suðurs. Ekki er víst að garðlagið sé tengt notkun tóftarinnar, því fast vestan við það er lægð sunnan og austan við bæjarhólinn þar sem var kálgarðurinn og hugsanlega eru þetta leifar hans. Hleðslur tóftarinnar sjálfar eru hæstar um 50 cm en garðlagsins um 30 cm. (Sjá teikningu við 016:001).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-017 Síðumúli



60 hdr. 1709. Bændaeign. Jarðarinnar er getið í Heiðarvíga sögu: "...ok sendi Ketill þær út á Fróðastaði ok Síðumúla..." - ÍF III, 297, í Bandamanna sögu og í Sturlungu. "Síðumúlakot. Eyðihjáleiga, byggð fyrst í heimatúninu, skammt frá bænum hérum fyrir vel 50 árum, og varaði byggðin í fáein ár; hefur síðan í auðn verið, og fyrir löngu niðurfallið. Lauga ás eður, Lauga gerði, eður Gvendarkot er allt hið sama. Eyðihjáleiga, byggð fyrst á fornu stekkjarstæði, þar sem ekki hafði áður byggð verið, hér um fyrir 30 árum, og varaði byggðin fáein ár, síðan í auðn" - JÁM IV, 274-5. Kirkjustaður. - JÁM IV, 273. 1367: "xciii. Mariukirkia j Sijdumula a land a

frodastodum þad sem leigist þrim hundrudum . vij kýr og sex ær og hest. veide j kiarra æ ad helminge vid stadenn j Reykiaholltte. les vilchinsbok vtann hier stendur. þar skal vera prestur og taka hundrad." - DI III, 224. 1397: "CXLII. Sijdumvle. Mariukirkia i Sydumvla a land æ fordastodum. leiga ccc. xvij kyr oc vj ær oc hest. veidi i Kiarra ad vid stadinn j Reykiahollti millumm þverlækiar og Skialldmeyargils. tiund heimamanna liggur þar til oc af iiij bæiumm odrumm. iiij Bænhus ero þar j þyngum. Lykafærsla oc lysetollar liggia þar til epter landsid. kirkiann a kaleik. alltaraklædi v. messuklædi tvenn. smelltann kross. Mariuskript. mvnnlaugar ij. bokakista. glodarkier. elldberi. tiolld vmm kirkiu. kiertistikur ij oc kluckur v. þielahogg oc messingarkietill oc veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækiar þess er næstur fellur Brv. Corporalia tvenn og glerglugg. vjc j bokumm. slopp oc kantarakapu. Jtem þa er Arne tok lx kyroc ij hross. cc vadmala. enn sijdann hann tok gaft iij kyr oc iij hross. portio Ecclesiæ xiiij hudrud voruvird" - DI IV, 125-6. 1472: "Kirkian i Sidumula er helgud hinum sæla Þorlaki biskupi hvn [a] allt land a frodastodum. fiorum hund[rudum] oc xx. æ hvn lx. kugilldi bulæg. var þetta [þat allt] at helgi biarnason tok med. stod eptir hia oddi bonda ij. kyr. stod oc....eptir nockut litit porcio sidan oddr bondi tok med. lagdi einar jonsson til kirkiunnar ij. bileti er standa yfir alltari. oc glodarker. haukul oc alltarisduk med brun. litin kross gylltan. skurþili at kori oc frammi fyrir kirkiu. golf i kor oc framkrirkiu. hafdi greindr oddur bondi burt fra kirkiunni sæmelegt mariulikneski er greindr einar heitinn hafdi lukt kirkiunni i procio. a kirkian i ornamentis kirkiunnar. ein messoklædi vond oc hokul lausan. kantara kapu oc slopp vondan. fontklædi vont. alltarisklædi .ij. uond. iiij. kluckur oc biollu oc broten onnur. missale de tempore fra aduentu til paska. oc onnur messubok fra paskum til aduentu oc er roten vm nidurlagit. sequenciubok per anni circulum de sanctis et de tempore oc vantar dominikurnar a sumarit. þorlaks historia. ij. salltarar. jstoriubok fra jolum oc fram yfir paskauiku de sanctis et de tempore. processivnal vondan. canonum bok. kirial vondan. kapitolarius vondan. lesbok vonda oc en skrædur nokorar. artidaskra. koparstikur. ij. messofata stol. bokaforma. lectara. kalek litin. mariuskript gomul. þorlaks likneski sæmiligt. mariuskript magdalene. smelltan kross oc annan smelltan kross brotin. steindan kross yfir kordyrum. merki vont." - DI V 674-675. 1478: "...virduligs herra herra magnus med gudz nad biskup(s) j skallhollte. reiknnadist ornnamenntum kyrkiunnar j sijdumula samt oc hier stenndur fyrr skrifad vtann porcio þad sem fell vmm v. ar. medann helge hiellt ccc. oc eirn eyrar betur." - DI VI, 172. 1575: "Kirkian i Sijdumula a Frodastada land. veijde i Kiarara ad helminge vid stadenn i Reykiaholltte millum Thuerlækiar og Skialldmeyiargilz og veijde vnder Bru Sijdumula meiginn til lækiar thess er næstur fellur Bru. Jtem halffann Aurnolffsdal i Kior. Jtem i kirkiunne .ij. hauklar . eirn serkur .iiij. kluckur. eirn silffur kaleikur brotinn lijtill og ein bialla. iij koparpijpur affgamlar. Jetem brijk yffer allttari. lasinn allttarisbuningur med gyllenis [stijckia krossi]. Jtem .vij. bokarskrædur. eirn kopar kaleikur. Jtem ein met sæmelig. Jtem .x. kugilldi j c hest. Jtem fastagotz med gardinum hundrad hundrada lxxx c. og .iiij." - DI XV, 554-55. Jarðarinnar er getið í skrá og reikningsskap Guðna Jónssonar frá 1504 - DI VII, 742-44 og í reikningum Eggerts Hannessonar lögmans um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal árin 1563-4. - DI XIV, 209,211-13, 251-2. Um 1510 átti Björn Guðnason jörðina sbr. "Vitnisburður tólf manna um það, hvernig Ögur í Ísafirði, Hammr í Hvammsv., Kirkjuból í Valþjófsd, Síðumúli í Borgarfirði og Draflastaðir í Fnjóskadal er komið undir Björn Guðnason..." - DI IX, 53. Árið 1537 færir Ögmundur biskup í Skálholti Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur, konu hans, til fyllrar eignar garðinn Bæ á Rauðasandi með Mábergi, Klúku og Gröf fyrir jörðina Síðumúla. - DI X, 108.
Tún: 8.6 ha, 2/5 sléttur, kálgarður 2200 m2. - Túnakort, 1917. "Skógur hefure lítill verið áður til eldiviðarstyrks, en nú að kalla gjöreyddur og í fauska fallinn. Torfrista og stúnga næg. Laxveiðivon í Karará fyrir Síðumúla sellandi, hveru gagnvæn veriði og brúkast enn nú...Skóg á jörðin nokkurn í áðursögðu sellandi fyrir norðan Kjarará, sem brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu. Túninu grandar sandfok, og blæs upp á stórviðrum. Engjunum , sem með Hvítá liggja, spillir grjóthrun og jarðföll, so og sandfok. Vatnsból bregst um vetur, og er þá erfitt mjög vatns að afla." - JÁM IV, 274. "Heimaland jarðarinnar, um 720 ha, er breitt og grösugt láglendi við Hvítá neðan við Síðufjallsendann; þá hálsinn norðaustan Síðumúlaveggjalands og hallinn vestan í fjallsendanum upp í háfjall. Láglendið algróið, mýri og hálfdeigjur en valllendi með ánni o.v. Hálsinn klöppóttur og grýttur með mýrarsundum en hallinn berangurslegur....Túnin umhverfis og niður af bæ á lágum hjalla ofan við flóann. Bæjarlækurinn fellur gegnum túnið fram á flóann og myndar Votuspildu, afar grasgefið engi...Laxveiði er í Kjarará. Jarðhiti vestan og neðan bæjar, 78 gráður." BB III, 38.

MH-017:001 *Síðumúli* bæjarhóll bústaður 64°42.626N 21°22.256V



horft til VSV




horft til NNA



horft til ASA



Dældin, horft til norðurs



"Bæjarhóll er sunnan vegar, fast við Bæjarlækinn", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er fast sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna og fast austan við Bæjarlækinn. Kirkjan og kirkjugarðurinn eru austast á hólnum og eru austur mörk hólsins jafnframt austurmörk garðsins.
Hóllinn er grasivaxinn og neðan hans eru sléttuð tún.
"Bæjarhóll er sunnan vegar, fast við Bæjarlækinn, brattur vestur í lækinn og suður á túnið, sem liggur miklu lægra neðan Bæjarhóls. Eldri bærinn, nú (1995) ónotaður til íbúðar, stendur syðst og vestast á hólnum. Afleggjari frá veginum að bæjarbaki liggur austan við bæjarhúsin suður á hlaðið framan við bæinn. Milli hans og kirkjugarðs var annar bærinn meðan tvíbýli var í Síðumúla, sem oftast var, og fram á þessa öld", segir í örnefnaskrá. Hóllinn snýr austur/vestur. Hann er um 80 m langur og 50 m breiður. Hóllinn er óljós að norðaustanverðu, norðan kirkju og kirkjugarðs en annarsstaðar greinilegur, allhár og augljóslega að miklu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hóllinn er um 4-5 m hár frá suðri, um 8 m hár frá vestri, þá er öskuhaugurinn (018) talinn með, og um 1 m hár frá austri. Suðvestarlega á hólnum stendur gamalt íbúðarhús, byggt 1930. Húsið er steinsteypt með bárujárnsþaki. Það hefur þrjár burstir og vestan við er sambyggð skemma. Húsið er tvílyft, snýr austur/vestur um 16 x 8 m stórt án kjallara. Í kringum húsið er smá upphækkun, um 20 cm há, 18 x 12 m stór. Gamli bærinn, sem merktur er á túnakort frá 1917, hefur staðið á svipuðum stað og húsið frá 1930 stendur nú, örlítið austar og ofar á hólnum. Um 10 m austan við norðaustur horn hússins sem nú stendur á bæjarhólnum, milli þess og kirkjugarðsins er dæld í bæjarhólinn. Hún er um 9 x 5 m snýr austur/vestur. Dældin er breiðari, austan megin, um 11 m, þar sem hún dýpkar nyrst. Dældin mun vera leifar húss sem stóð hér áður. Það var flutt og stendur nú á Laugarmel. Það hús er ekki merkt á túnakort frá 1917 en í örnefnaskrá segir: " Milli hans [bæjarins] og kirkjugarðs var annar bærinn meðan tvíbýli var í Síðumúla, sem oftast var, og fram á þessa öld."

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku

Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 2.

MH-017:002 kirkjugarður kirkja 64°42.646N 21°22.219V



horft til suðausturs



þústin, horft til austurs

"Skammt sunnan núverandi vegar, en norðaustan bæjar á hólnum, er kirkjan og kirkjugarðurinn", segir í örnefnaskrá. Kirkjugarðurinn er fast sunnan þjóðvegar sem liggur um Síðuna, um 20 m austan við húsið sem nú stendur á bæjarhólnum. Kirkjan er í garðinum miðjum, um 30 m austan við bæ (001). Vegur (009) lá sunnan við kirkjugarðinn að krikju og bæ.
Kirkjugarðurinn er á grasivöxnum hól. Austan og sunnan við hann eru ræktuð tún. Garðurinn er grasigróinn og í hann hefur verið plantað nokkrum trjám vestast.
1367: "xciii. Mariukirkia j Sijdumula a land a frodastodum þad sem leigist þrim hundrudum . vij kýr og sex ær og hest. veide j kiarra æ ad helminge vid stadenn j Reykiaholltte. les vilchinsbok vtann hier stendur. þar skal vera prestur og taka hundrad." - DI III, 224. 1397: "CXLII. Sijdumvle. Mariukirkia i Sydumvla a land æ fordastodum. leiga ccc. xvij kyr oc vj ær oc hest. veidi i Kiarra ad helmingi vid stadinn j Reykiahollti millumm þverlækiar og Skialldmeyargils. tiund heimamanna liggur þar til oc af iiij bæiumm odrumm. iiij Bænhus ero þar j þyngum. Lykafærsla oc lysetollar liggia þar til epter landsid. kirkiann a kaleik. alltaraklædi v. messuklædi tvenn. smelltann kross. Mariuskript. mvnnlaugar ij. bokakista. glodarkier. elldberi. tiolld vmm kirkiu. kiertistikur ij oc kluckur v. þielahogg oc messingarkietill oc veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækiar þess er næstur fellur Brv. Corporalia tvenn og glerglugg. vjc j bokumm. slopp oc kantarakapu. Jtem þa er Arne tok lx kyroc ij hross. cc vadmala. enn sijdann hann tok gaft iij kyr oc iij hross. portio Ecclesiæ xiiij hudrud voruvird" - DI IV, 125-6. 1472: "Kirkian i Sidumula er helgud hinum sæla Þorlaki biskupi hvn [a] allt land a frodastodum. fiorum hund[rudum] oc xx. æ hvn lx. kugilldi bulæg. var þetta [þat allt] at helgi biarnason tok med. stod eptir hia oddi bonda ij. kyr. stod oc....eptir nockut litit porcio sidan oddr bondi tok med. lagdi einar jonsson til kirkiunnar ij. bileti er standa yfir alltari. oc glodarker. haukul oc alltarisduk med brun. litin kross gylltan. skurþili at kori oc frammi fyrir kirkiu. golf i kor oc framkrirkiu. hafdi greindr oddur bondi burt fra kirkiunni sæmelegt mariulikneski er greindr einar heitinn hafdi lukt kirkiunni i procio. a kirkian i ornamentis kirkiunnar. ein messoklædi vond oc hokul lausan. kantara kapu oc slopp vondan. fontklædi vont. alltarisklædi .ij. uond. iiij. kluckur oc biollu oc broten onnur. missale de tempore fra aduentu til paska. oc onnur messubok fra paskum til aduentu oc er roten vm nidurlagit. sequenciubok per anni circulum de sanctis et de tempore oc vantar dominikurnar a sumarit. þorlaks historia. ij. salltarar. jstoriubok fra jolum oc fram yfir paskauiku de sanctis et de tempore. processivnal vondan. canonum bok. kirial vondan. kapitolarius vondan. lesbok vonda oc en skrædur nokorar. artidaskra. koparstikur. ij. messofata stol. bokaforma. lectara. kalek litin. mariuskript gomul. þorlaks likneski sæmiligt. mariuskript magdalene. smelltan kross oc annan smelltan kross brotin. steindan kross yfir kordyrum. merki vont." - DI V 674-675. 1478: "...virduligs herra herra magnus med gudz nad biskup(s) j skallhollte. reiknnadist ornnamenntum kyrkiunnar j sijdumula samt oc hier stenndur fyrr skrifad vtann porcio þad sem fell vmm v. ar. medann helge hiellt ccc. oc eirn eyrar betur." - DI VI, 172. 1575: "Kirkian i Sijdumula a Frodastada land. veijde i Kiarara ad helminge vid stadenn i Reykiaholltte millum Thuerlækiar og Skialldmeyiargilz og veijde vnder Bru Sijdumula meiginn til lækiar thess er næstur fellur Bru. Jtem halffann Aurnolffsdal i Kior. Jtem i kirkiunne .ij. hauklar . eirn serkur .iiij. kluckur. eirn silffur kaleikur brotinn lijtill og ein bialla. iij koparpijpur affgamlar. Jetem brijk yffer allttari. lasinn allttarisbuningur med gyllenis [stijckia krossi]. Jtem .vij. bokarskrædur. eirn kopar kaleikur. Jtem ein met sæmelig. Jtem .x. kugilldi j c hest. Jtem fastagotz med gardinum hundrad hundrada lxxx c. og .iiij." - DI XV, 554-55. "Geta má þess, að í kirkjugarðinum eru nokkrir gamlir legsteinar, auk nokkurra nýlegra. Gömlu steinarnir eru gerðir úr hellum frá Húsafelli og dröngum úr Baulu. Þar var og blágrýtis-drangur. Á hann var höggvin konumynd. Sú þjóðsaga fylgdi steini þessu, að hann væri á leiði brúðguma, sem myrtur hefði verið í Síðumúlakirkju. Trúlega á sú sögn rót sína

að rekja til þess atburðar, er Jón Grímsson var veginn í Síðumúla 1570. Steinn þessi er nú kominn á Þjóðminjasafnið, en afsteypa af honum er í kirkjugarðinum í sama stað og áður var. Nýjasta skýring á steini þessum mun vera sú, að hann sé kirkjugripur frá kaþólskri tíð, en hafi verið færður út í kirkjugarðinn eftir siðaskiptin", segir í örnefnaskrá. Í Íslenskum þjóðsögum og ævintýrum Jóns Ánasonar segir: "Það var og enn trú hjá alþýðu að maður sá er fyrst er grafinn í kikjugarði rotni ekki og taki æ á móti þeim er síðar verða grafnir. Þann mann hafa menn kallað "vökumann" því hann á að vaka yfir garðinum. Ósjaldan hafa menn þótzt finna slíka vökumenn; eru þeir ófrýnir ásýndum, en þó rauðir íandliti eins og aðrir menn og órotnir; sumir segja að þeir eiga að vera rauðklæddir, en aðrir að þeir sú á grænum kjól. Í kirkjugörðunum í Reykholti, Síðumúla, á Lundi og Gilsbakka er sagt að vökumaður liggi í Sturlungareit, en það er útnorðurfjórðungur þessara garða. Ekki er langt síða að mönnum var lítið um að láta grafa sig í þessum reit eða ættingja sína." Kirkjugarðurinn er ferhyrndur, um 25 x 30 m stór og snýr norður/suður. Girt er í kringum hann með tréstaurum og vírneti. Kirkjugarðurinn stendur hærra en umhverfið og upphækkunin nær austur og suður fyrir grindverkið. Hækkunin er mest um 70 cm há, grasigróin en finna má grjót undir fótum, eflaust leifar eldri kirkjugarðsveggs, sem hefur verið hlaðinn. Kirkjan stendur um 3 m sunnan við norðurmörk garðsins, í honum miðjum. Hún er steinsteypt um 10 x 4 m að stærð, snýr austur/vestur með forkirkju og kór. Í Byggðum Borgafjarðar segir: "Núverandi kirkja var vígð á jóladaginn 1926 af Jóni Helgasyni, biskupi. Byggði síðasti kirkjuhaldarinn, Andrés Eyjólfsson, núverandi kirkju í stað torfkirkju sem þar stóð áður, og afhenti söfnuðinum á vígsludegi til eignar og umsjár" Mörg leiði eru í kirkjugarðinum sem er ósléttaður og nærri fullur sunnan við kirkjuna. Langflest leiðanna eru ómerkt. Á nokkra legsteina er ekki hægt að lesa, því letrið er gróið eða afmáð. Árni B. Bragason á Þorgautsstöðum sagði frá því að tóft torfkirkju væri í kirkjugarðinum. Engin skýr tóft sást við vettvangsskoðun en erfitt getur reynst að greina á milli leiða og veggjaleifa. Þó hefur tóftin líklega verið um 14 m sunnan við kirkjuna, um það bil í miðjum garðinum. Þar gægjast steinar upp úr jörðinni sem ekki líkjast legsteinum. Hér er þó ekki um skýra tóft að ræða, fremur þúst. Hún er um 6 x 3 m að stærð og snýr austur/vestur, dældótt efst. Enn er grafið í krikjugarðinum og eru eldri minjar í hættu sökum þess.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 3. Árbók, 1912, 22, 32. JÁ: Jón Árnason. Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. I bindi, 216. BB III, 22. DI, III, IV, V, VI, XV, VII.

MH-017:003 heimild um útihús 64°42.733N 21°22.378V
"Efra-Húsatún er ofan og vestan Fjósatungu [013], aðskilið með laut (þar er nú lækur síðan vatnsveita var lögð). Þar átti annar bóndinn fjárhús sín, meðan tvíbýli var í Síðumúla", segir í örnefnaskrá. Tvö hús eru merkt á túnakort frá 1917 í Efra-Húsatúni, (003) og (004). Ekki er ljóst hvort þessara húsa eru fjárhúsin sem um er rætt í örnefnaskrá. Syðra húsið (003) er um 80 m sunnan við útihús (004) og um 160 m NNV við bæ (001).
Þar sem útihúsið var er nú grasivaxið tún, fremur þýft.
Engar veggjarleifar eða önnur ummerki hússins eru sjáanleg, en þar sem það stóð er grænn blettur í túninu. Túnið hefur verið sléttað en er nú orðið þýft, ekki er ljóst hvenær sléttað var, það er hvort sléttað hafi verið yfir leifar hússins eða í kringum það þegar það var enn í notkun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 5.

MH-017:004 heimild um fjárhús 64°42.774N 21°22.363V
"Efra-Húsatún er ofan og vestan Fjósatungu [013], aðskilið með laut (þar er nú lækur síðan vatnsveita var lögð). Þar átti annar bóndinn fjárhús sín, meðan tvíbýli var í Síðumúla", segir í örnefnaskrá. Tvö útihús eru merkt á túnakort frá 1917 í Efra-Húsatúni, (003) og (004). Ekki er ljóst hvort þessara húsa eru fjárhúsin sem um er rætt í örnefnaskrá. Nyrðra útihúsið er í norðvestur horni túnsins um 250 m NNV við bæ (001) um 80 m norðan við það syðra (003).
Þar er nú grasivaxið, þýft svæði. Í túnhorninu rennur lækur fast austan við þar sem húsið stóð.
Engin ummerki hússins sjást, það hefur líklega verið rifið. Hér hefur ekki verið sléttað og er hugsanlegt að síðustu leifar hússins séu svo hlaupnar í þúfur að hún þær verði ekki greindar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 5.

MH-017:005 heimild um útihús 64°42.628N 21°22.331V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 40 m VNV við bæ (001), fast vestan Bæjarlækjar.
Þar sem húsin stóðu er nú grasivaxið svæði fast vestan við lækinn og sunnan þjóðvegar en vestar og sunnar eru sléttuð og ræktuð tún.
Engin ummerki húsanna sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 4.

MH-017:006 heimild um útihús 64°42.577N 21°22.416V
"Húsatún er vestan Bæjarlækjar, á móti Bæjarhól og neðar. Horn af því er nú ofan þjóðvegarins. Þar voru fjárhúsin þegar skráin [eldri örnefnaskrá] var gerð, steinsteypt hús með járnþaki og hlaða úr sama efni. Þau hús eru nú (1995) jöfnuð við jörðu og gróið yfir, en ný úr timbri og bárujárni risin ofan vegar og vestan lækjar", segir í örnefnaskrá. Útihús er merkt á túnakort frá 1917, í Húsatúni, um 140 m VSV við bæ (001) og um 80 m suðvestan við fjárhúsin (005) á svipuðum stað og steinsteyptu fjárhúsin stóðu, sem nefnd eru í örnefnaskránni, en líklega eru það ekki þau sem merkt eru á túnakortið.
Þar sem húsið var er nú slétt tún en ósleginn blettur fast ofan við þar sem steinsteyptu fjárhúsin stóðu ásamt niðurgrafinni hlöðu.
Steinsteyptu fjárhúsin og hlaðan sem þarna stóðu voru rifin um miðjan níunda áratuginn og sléttað yfir en enn kemur þar upp grjót við sláttur. Útihúsið sem merkt er á túnakortið (006) hefur hugsanlega einnig verið fjárhús og eflaust verið rifið við byggingu steinsteyptu fjárhúsanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917. Ö-Síðumúli, 4.

MH-017:007 heimild um útihús 64°42.547N 21°22.399V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 70 m sunnan við fjárhús (006) og um 150 m suðvestan við bæ (001).
Þar sem húsið stóð er nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-017:008 heimild um útihús 64°42.609N 21°22.249V
Útihús og kálgarður fast sunnan við það eru merkt á túnakort frá 1917 um 4 m sunnan við bæ (001). Húsið og garðurinn voru sunnan bæjarhólsins, niðri á jafnsléttu.
Þar sem kálgarðurinn og húsið voru eru nú slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-017:009 gata leið 64°42.609N 21°22.249V
"Lá þá gatan fram í Hvítársíðu á milli bæjanna, með suðurhlið kirkjugarðsins og þar fram úr túni", segir í örnefnaskrá. Gatan er merkt á túnakort frá 1917, sunnan við kirkjugarðinn.
Gatan liggur til austurs í suðurbrún Bæjarhólsins. Austar hverfur hún í slétt tún.
"Var sú gata oft illfær á vorin. Var það gamalla manna mál, að þegar fært væri orðið með klyfjahest frá Fróðastöðum út að Síðumúla, þá vær orðið fært í skreiðarferð vestur fyrir Jökul", segir í örnefnaskrá. Gatan er um 3 m breið, líklega verið rudd og ekin í seinni tíð. Hún er greinileg á um 60 m kafla, sunnan í bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917 Ö-Síðumúli, 3.

MH-017:010 *Fróði* dys legstaður 64°42.634N 21°21.673V
"Skammt vestan við merki [milli Síðumúla og Fróðastaða], sunnan vegar, er urðarþúfa sem heitir Fróði", segir í örnefnaskrá. Fróði er um 30 m vestan við merkin móti Fróðastöðum, um 20 m sunnan við þjóðveg sem liggur um Síðuna og um 460 m austan við bæ (001). Dysin er um 570 m vestan við bæjarhólinn á Fróðastöðum (016:001).
Fróði er á hálfgrónum mel, sunnar, vestar og austar eru ræktuð tún.
"Munnmæli eru um það, þar sé Fróði sá heygður, er Fróðastaði nam. En ekki gerir þúfan þá frásögn sennilega", segir í örnefnaskrá. Þúfan er allstór og í raun fremur lítill hóll en þúfa. Hann er mosavaxinn en uppblásinn neðst svo skín í beran jarðveginn. Hóllinn er um 1,2 m á hæð, um 5 x 4 m stór, snýr austur/vestur. Ekkert bendir til þess að hann sé manngerður. Gatan milli Fróðastaða og Síðumúla (009) mun hafa legið beggja vegna við Fróða. Hennar sjást engin merki nú á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 3.



Fróði, horft til vesturs

MH-017:011 *Stórhóll* þúst býli 64°42.486N 21°22.187V
"Stórhóll er fyrirferðarmikill hóll niður á miðju túni vestur við lækinn. Þar voru allmiklar húsarústir, sem nú hafa verið sléttaðar út. Mun þar hafa verið húsmennskubýli eða afbygging frá Síðumúla", segir í örnefnaskrá. Stórhóll er um 270 m sunnan við bæ (001).
Stórhóll er greinilegur og hár séð úr austri og suðri, en lægri og ógreinilegri úr norðri og vestri. Austur og suður hlíðar hans eru grasivaxnar en uppi á hólnum og neðan hans eru sléttuð tún.
Hóllinn er eflaust að öllu leyti náttúrulegur líkt og Uxahóll sem er austar í túninu. Hvort tveggja gróin melköst sem Hvítá hefur myndað. Syðst og austast á Stórhól er óslegin þúst, dældótt í toppinn. Hún er um 6 x 4 m stór, snýr austur/vestur. Ekkert greinanlegt byggingarlag eða hleðslur eru á henni en hugsanlega eru þetta leifar þeirra bygginga sem hér voru en sléttað hefur verið yfir þær.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúli, 4.

MH-017:012 *Síðumúli vestari bær* heimild um bústað 64°42.624N 21°22.282V
Á túnakort frá 1917 er "bær" merktur um 10 m vestan við bæ (001). Líklega er þetta annar tveggja bæja sem verið hafa í Síðumúla þegar kortið var teiknað, þó hann sé vestan við bæ (001) en ekki austan eins og sagt er í örnefnalýsingu að hinn bærinn hafi jafnan staðið (sjá 001).
Bærinn hefur staðið á vestur brún Bæjarhólsins sem er grasivaxinn. Vestar og sunnar eru sléttuð tún.
Engin ummerki bæjarins sjást á Bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort, 1917

MH-017:013 *Fjósatunga* heimild um fjós 64°42.656N 21°25.280V
"Fjósatunga heitir túnspildan norðan þjóðvegar, á móti Bæjarhól [001] og Kirkjuvelli og nær út að Bæjarlæk bak við fjósbygginguna", segir í örnefnaskrá. Núverandi fjós er neðarlega í Fjósatungu, fast norðan þjóðvegar og hafa fyrri fjós líklega staðið á sama stað. Það er um 60 m norðan við bæ (001).
Fjósið er á grasivöxnu svæði fast ofan þjóðvegar í hlíðarrótum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúli, 4.

MH-017:014 tóft hesthús 64°42.734N 21°22.357V



Um 200 m NNV við bæ (001) er hesthústóft, fast vestan við Bæjarlækinn.
Tóftin er í grasivaxinni, þýfðri hlíð sem hallar til suðurs.
Hesthúsrústin var á kafi í sinu þegar hún var skoðuð í nóvember og því fremur ógreinileg. Veggjahleðslur hafa sigið töluvert og gróið er fyrir allt grjót. Tóftin snýr NNA-SSV.Hún er um 10 x 10 m að stærð og hleðsluhæðin er mest um 70 cm. Hún er opin til suðurs og skiptist að því er virðist í fjögur hólf. Þrjú þeirra eru samsíða og snúa norður/suður en fjórða hólfið er norðan við þau og snýr þvert á þau, það er opið til austurs. Vestasta hólfið er óskýrast og virðist vera opið bæði til suðurs og norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúli, 5.

MH-017:015 heimild um stekk 64°42.369N 21°22.915V
"Langimelur er neðan við Flatir (og Húsatún) og nær frá Bæjarlæk vestur að Laugarmýri, litlu austar en móts við Laugarás norðan vegar. Vestan til var hann gróinn og voru þar rústir eftir stekk og ef til vill húsmennskubýli", segir í örnefnaskrá. Engar rústir eru sjáanlegar vestan til á melnum sem nú er ræktað og slétt tún. Líklega hefur stekkurinn verið um 700 m VSV við bæ (001).
Þar sem stekkurinn var eru nú sléttuð tún á melnum, vestan við hann er þýfður mói uns Laugarmýri tekur við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúli, 4.

MH-017:016 *Kláffoss* heimild um kláfferju 64°41.570N 21°24.654V
"Kláffoss er lágur foss í Hvítá, undir brúnni á þjóðveginum", segir í örnefnaskrá. Brúin er um 1,4 km suðaustan

við bæ á Síðumúlaveggjum (018:001) og um 2,7 km suðvestan við gamla bæinn í Síðumúla (001).
Kláffoss er talsverð flúð í ánni þar sem árfarvegurinn þrengist milli klappa. Þar er áin mun mjórri en annarsstaðar þar sem há melköst eru beggja vegna við hana. Yfir Kláffoss er nú brú og liggur þjóðvegurinn yfir hana.
"Niður í klöppina, sunnan árinnar, var kringlótt hola, nokkuð djúp, sjáanlega gerð af mannahöndum. Virðist hún vart hafa getað gengt öðru hlutverki en því, að kláfstreng væri þar fest. Ekki hef ég aðgætt, hvort hola þessi hefur horfið undir brúarstöpulinn, þegar Kláffossbrú var endurbyggð. (Þetta mun eiga við fyrri endurbyggingu brúarinnar á þessari öld. Aths. MS.) Þegar Kláffossbrú var frumbyggð hafði mikið verið sprengt úr klöppunum, til að auka vatnsrýmið. Áður hafði verið örstutt á milli klappanna, þegar áin var lítil", segir í örnefnaskrá. Í Sturlungu er talað um brú á Hvítá og Sigurður Vigfússon skrifar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1884-5: "Undan Hurðarbaki, eða litlu neðar í stefnu, heitir nú Kláffoss á Hvítá. Bjarni bóndi á Hurðarbaki fylgdi mér þangað. Þar ganga klappir út í ána beggja megin, hvor á móti annarri. Klöppin að sunnanverðu er lengri, og nær langt út í ána, enn er lægri enn sú að norðanverðu. Áin fellur á þessum stað í þrengslum og eru þar klettar niðri í. Myndast þar nokkur hallandi foss; fyrir neðan einkanlega slær áin sér mjög út aftur, og er þar ákaflega breið. Á milli klappanna hefir verið mælt með færi þegar áin var lögð ísi, og eru það 17 álnir, að Bjarni sagði mér. Hér er því frá náttúrunnar hendi eitt hið hentugasta brúarstæði; er það því víst, að Hvítárbrú, sem Sturlunga talar um, hefir verið hér. Af orðum sögunnar er það líka nær ákveðið, því Gizurr, kom að sunnan, var með flokk sinn að Hurðarbaki, sem er næsti bær við brúna að sunnanverðu við ána, sem fyr segir, enn Órækja, sem að vestan kom, reið í Síðumúla um kveldið, sem er næsti bær við Síðumúla-Veggi, og stutt á milli, enn þeir eru nær því beint á móti Hurðarbaki fyrir norðan ána upp frá Kláffossi" Nú er einbreið brú yfir Hvítá hjá Kljáfossi með steyptum stöplum. Norðan árinnar má sjá talsverðar grjóthleðslur, um 2 m háar en annað sést ekki af eldri brúm. Engin mannaverk sáust á klöppunum undir brúnni.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Ö-Síðumúli, 6. Sturlungasaga, 1988, 452-3. Árbók 1884-1885,125

MH-017:017 náma mógrafir 64°42.266N 21°21.963V
"Háubakkar eru niður með Hvítá, frá því um það bil beint suður af vesturenda Uxahóls og vestur á móts við austurenda Stórhóls. Eru þar gamlar mógrafir", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar á Háubökkum eru um 700 m sunnan við bæ (001), fast við ána.
Fyrir neðan Stórhól eru sléttuð tún þá tekur við mýrarslakki næst ánni og fast við hana, á háum bökkum hennar, er þýfður móa og þar eru grafirnar.
Grafirnar eru á svæði sem er um 60 x 40 m stórt, snýr norður/suður. Þær eru um 10 - 15 talsins og mest um 50 cm djúpar. Sumar grafanna eru þurrar en aðrar mjög blautar. Hluta af þeim hefur verið ýtt út vegna þess að fé drukknaði í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúli, 6.

MH-017:018 öskuhaugur 64°42.637N 21°22.278V
Fast norðan og vestan við húsið sem nú stendur á Bæjarhólnum í Síðumúla er öskuhaugur.
Hóllinn er fast neðan þjóðvegar. Hann er grasivaxinn, vestan og sunnan hans eru sléttuð tún.
Hóllinn er snýr VSV-ANA, er um 20 x 10 m stór, líklega gamall öskuhaugur. Kartöflugeymsla er grafin inn í þennan hól að vestanverðu og tveir strompar standa upp úr henni. Efst á hólnum er auk þess vindrella vegna rafstöðvar sem þarna var. Hóllinn virðist að öllu leyti vera uppsöfnuð mannvistarlög. Hann er um 1 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku


Öskuhaugurinn, horft til vesturs


MH-017:019 *Byrgishóll* örnefni 64°42.363N 21°24.324V
"Byrgishóll er neðst og vestan til í Húsadal, alláberandi hóll, litlu ofar er beint vestur af efri vegamótum", segir í örnefnaskrá. Byrgishóll er um 200 m vestan við veg sem liggur upp í Þverárhlíð, um 1,7 km vestan við bæ (001).
Hóllin stendur upp úr mýri sem umkringir hann, hann er lágur, gróinn malarhóll, mjög þýfður.
Engin ummerki um byrgi eða hleðslur/mannaverk af neinu tagi eru á hólnum eða í námunda við hann. Eyjólfur Andrésson bóndi í Síðumúla sem fæddur er og uppalinn á bænum kannaðist ekki við mannvirki á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Síðumúli, 7.

MH-017:020 *Síðumúlahús* tóftir býli 64°42.653N 21°24.284V



Tóftin, horft til NNV



"Síðumúlahús eru ofarlega í Húsadal, ofan við Veggjagötu [018:013]", segir í örnefnaskrá. Síðumúlahús eru um 1,6 km VNV við bæ (001) og um 540 m NNV við Byrgishól (019).
Húsin eru á hól milli klettaása, efst í Húsadal. Sunnan og suðaustan við þau er mýri en í aðrar áttir er gróinn melur og klettaásar.
"Þar voru beitarhús Síðumúlabænda, en síðast var þar húsmennskubýli í fáein ár snemma á þessari öld, byggt upp úr beitarhúsum af Guðmundi Hallgrímssyni og Ingveldi Kristjánsdóttur. Þar er nú grænn og gróinn hóll og sér fyrir rústum Viðirnir úr þessum bæ voru síðan fluttir heim að Síðumúla og notaðir í bæ, sem þar stóð í fáein ár austan við götuna heim á hlaðið en sunnan kirkju. ... Þegar bærinn var rifinn ... munu þessir viðir enn hafa verið notaðir í hús Kristjáns á Laugamel [sjá 001] ", segir í örnefnaskrá. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Guðmundur Hallgrímsson og Ingveldur Kristjánsdóttir voru í húsmennsku eða þurrabúð í Síðumúla 1916-1922. Nefndist bær þeirra Síðumúlahús og var við gömlu fjárhúsin úti í hálsi." Á svæðinu, sem er um 32 x 18 m stórt eru tvær tóftir. Talsvert er hrunið úr veggjum rústanna og á flestum stöðum gróið fyrir hleðslur. Nyrðri tóftin er af sjálfum húsunum. Hún snýr NNV/SSA, um 24 x 18 m að stærð og skiptist í fimm hólf. Vestasti hluti húsanna er betur varðveittur, þar sér allvíða í grjóthleðslur, allt að fjögur umför. Hleðsluhæðin er mest um 1,3 m. Vestast er eitt langt hólf, sem snýr eins og tóftin, það er hvergi opið. Austan við það eru svo fjögur hólf, misjafnlega stór. Nyrsta hólfið er minnst, það snýr austur/vestur og er op í norðaustur horni þess, í því sést víða í grjóthleðslur. Sunnan við það er stærra hólf, sem snýr eins. Hlaðinn garði er í því miðju. Op er á miðjum austurvegg þess. Á miðjum norðurveggnum og vestast á suðurveggnum eru hleðslurnar rofnar. Þar hafa hugsanlega verið op en líklegra er að þar hafi brotnað úr tóftinni. Sunnan við þetta hólf er L-laga hólf sem liggur í kringum fimmta og síðasta hólfið. L-laga hólfið liggur annars vegar norður/suður og hins vegar austur/vestur. Það er opið til austurs og einnig er op austast á suðurvegg þess. Fimmta hólfið snýr norður/suður. Op er vestast á norðurvegg þess inn í L-laga hólfið og syðst á austurvegg þess. Í tveimur síðast nefndu hólfum sést víða í grjóthleðslur. Sunnan við tóft húsanna er svo stök tóft, einföld um 3 x 3 m að stærð með opi á miðjum suðurvegg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 7. BB III, 41.

MH-017:021 *Síðumúlakot* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, frá 1709 segir: "Síðumúlakot. Eyðihjáleiga, byggð fyrst í heimatúninu, skammt frá bænum hérum fyrir vel 50 árum, og varaði byggðin í fáein ár; hefur síðan í auðn verið, og fyrir löngu niðurfallið" Staðsetning hjáleigunnar er nú alveg gleymd og engar leifar sjást um hana í námunda við Síðumúlabæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 274.

MH-017:022 *Gálgaklettur* heimild um aftökustað 64°43.251N 21°23.587V
"Gálgaklettur er í Gálgaás, móti norðvestri, skemmt suðvestan Kleifa", segir í örnefnaskrá. Gálgaklettur er um

1,5 km NV við bæ (001), um 530 m VNV við Brúarsund (029), sunnan vegar inn í Stafholtstungur.
Kletturinn er hluti af klettaás, Gálgaás. Efst í ásnum er klettabelti en neðar brattar hálfgrónar hlíðar. Mýrarsund er á milli Gálgaáss og næsta áss norðan við.
"Niður um rönd (brún) hans er gat. Þar áttu sakamenn að hafa verið hengdir", segir í örnefnaskrá. Hvorki gatið né önnur mannaverk í klettinum fundust við vettvangsskoðun. Eyjólfur Andrésson bóndi í Síðumúla (f. 1925) kannaðist þó við gatið en taldi ósennilegt að það hafi nýst við hengingar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 8.

MH-017:023 frásögn fjárhús 64°42.717N 21°22.314V
"...en ný [fjárhús] risin ofan vegar og vestan lækjar. Túnið ofan húsanna er að mestu gamalt, og voru þar húsakofar og heygarður, sem nú er horfið", segir í örnefnaskrá. Eyjólfur Andrésson í Síðumúla (f. 1925) man eftir fjárhúsum í tungunni milli Bæjarlækjarins og lækjarins sem rennur í lægðinni sem aðskilur Fjósatungu og Efra-Húsatún um 170 m N við bæ (001) og taldi að það gætu verið þeir húskofar sem talað er um í örnefnalýsingunni.
Þar sem húsin voru er nú grasivaxið, nokkuð þýft tún, aflíðandi til suðurs.
Engin ummerki húsanna sjást. Þessi tún hafa einhvern tíma verið sléttuð en óvíst er hvort það var meðan fjárhúsin stóðu enn eða hvort sléttað hefur verið yfir þau.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-017:024 gata leið 64°42.929N 21°22.635V
"Síðumúlaháls...
Hallandi niður frá vesturenda há-Síðufjallsins og nær vesturundir veginn upp í Þverárhlíð um Húsadal og Langasund. Yfir hann, frá túni og upp í Kleifar, lá gatan, upp í Þverárhlíð áður fyrr, og þar var þjóðleiðin í Borgarnes, eftir að þar hófst verzlun og var þar farið með hestvagna, út Þverárhlíð og yfir Norðurá á Gafleyri eða Hábrekknavaði, unz brýr komu á árnar", segir í örnefnaskrá. Gatan er greinileg þar sem hún liggur upp á hálsinn og yfir hann þar til hún kemur niður við Brúarsund (019) en þar hverfur hún. Þar sem gatan beygir yfir hálsinn er varða. Það er um 640 m NNV við bæ (001).


Leiðin, horft til suðurs


Varðan, horft til norðurs

Gatan liggur yfir Síðumúlaháls sem víðast hvar er hálfgróinn melur.
Slóðinn er um 1,3 m breiður ruddur malarslóði. Varðan er um 20 m vestan við slóðann, þar sem hann beygir yfir hálsinn. Hún er um 1,2 m á hæð, hringlaga neðst, um 1,1 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 9.

MH-017:025 *Gömlugrafir* náma mógrafir 64°42.806N 21°23.700V
"Gömlugrafir eru í mýrarræmu vestur undir vegi, áður en kemur upp í Langasund", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar eru austast í mýrarræmunni, þar sem mýrin mætir melnum. Þær eru 1,1 km NV við bæ (001) og um 550 m ANA við Síðumúlahús (020).
Grafirnar eru í mýri, austar tekur við hálfgróinn melur. Norðar liggur klettaás ANA-VSV, sem afmarkar Langasund að sunnan.
"Þar var síðast færður upp mór í Síðumúla, en var lélegur og síðast þrotinn", segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar ná yfir svæði sem er um 10 X 50 m N-S. Grafirnar eru fremur óreglulegar og óskýrar, mest um 20 cm djúpar, enn blautar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 9.

MH-017:026 frásögn fjárhús 64°42.755N 21°22.307V
"...en ný [fjárhús] risin ofan vegar og vestan lækjar. Túnið ofan húsanna er að mestu gamalt, og voru þar húsakofar og heygarður, sem nú er horfið", segir í örnefnaskrá. Eyjólfur Andrésson í Síðumúla (f. 1925) man

eftir fjárhúsum í tungunni milli Bæjarlækjarins og lækjarins sem rennur í lægðinni sem aðskilur Fjósatungu og Efra-Húsatún. Önnur húsin (023) voru um 170 m norðan við bæ (001) en hin, þau sem hér eru skráð, litlu ofar í tungunni, um 240 m norðan bæjar. Eyjólfur taldi líklegt þetta væru þeir húskofar sem talað er um í örnefnalýsingunni.
Þar sem húsin voru eru nú grasivaxin aflíðandi og smáþýft tún.
Þar sem fjárhúsin voru hefur einhvern tíma verið sléttað en óvíst er hvort það hefur verið meðan húsin voru í notkun eða hvort sléttað hefur verið yfir þau.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-017:027 náma mógrafir 64°42.268N 21°23.663V
Mógrafir eru um 1,3 km VSV við bæ (001) og um 60 m sunnan þjóðvegar, vestarlega í Laugarmýri.
Mógrafirnar eru í þýfðri mýri, sem teygir sig langt til allra átta, þar til ræktuð tún taka við austan við.
Grafirnar eru dreifðar á svæði sem er um 40 x 60 m stórt og snýr austur/vestur. Þær eru flestar litlar, grunnar og blautar. Dýpstar eru þær um 40 cm.
Hættumat: engin hætta

MH-017:028 *Síðumúlalaug* laug þvottalaug 64°42.422N 21°23.063V
"Melurinn [Laugarmelur] ber þetta nafn þó hann sé slitinn í tvennt um Síðumúlalaug, sem kemur upp í lægð stutta spöl frá veginum ... Við laugina standa tvö hús á melnum,sitt hvoru megin. Laugarmelur að vestan, byggður 1931 ... Laugarás er austan við laugina. Það hús er byggt 1938", segir í örnefnaskrá. Laugin er fast norðan við þjóðveg sem liggur um Síðuna, milli tveggja húsa sem þar standa, um 750 m VNV við bæ (001).
Laugin er á mýrlendu svæði milli húsanna. Í kringum hana og í henni er mikið af pípum og rörum enda er borhola steinsnar norðan við hana.
"Laugin var lengi notuð til þvotta frá næstu bæjum og segir sagan að þar hafi verið hver, sem flutti sig suður að Hurðarbaki, þegar í honum voru þvegin blóðföt manns sem saklaus var vegin", segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 8.

MH-017:029 *Brúarsund* hleðsla brú 64°43.124N 21°22.995V



Brúarsund, horft til ASA

"Brúarsund er sunnan við Búrfellstagl. Dregur nafn af grjótbrú, sem gerð hefur verið þar sem gatan [024] upp í Kleifar og Þverárhlíð lá yfir það. Enn sést fyrir brúnni", segir í örnefnaskrá. Brúin er suðaustan við Búrfellstaglið áður en gatan liggur yfir suður enda þess, eftir að hún kemur niður af Síðumúlahálsi, um 1 km norðvestan við bæ (001).
Brúin liggur yfir mýrarsund milli Hálsins og Taglsins sem hvort tveggja eru melásar.
Brúin var þannig gerð að steinar voru settir í mýrinna og hún þannig brúuð á um 15 m löngum kafla. Hún er um 1 m breið. Margir steinanna eru sokknir en vel mótar fyrir brúnni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 10

MH-017:030 heimild um leið
"Hnausatagl er norðan og vestan við Djúpadal. Þar lá gamla gatan að Sleggjulæk frá Síðumúla", segir í örnefnaskrá. Syðsti hluti þessarar leiðar er í raun sama leið og 024 en greindist frá henni þegar komið var upp á hálsinn og lá þá í norður en 024 liggur til VNV.
Þar sem leiðin lá yfir hálsinn er hálfgróinn melur.
Engin ummerki götunnar sáust greinast frá 024 á hálsinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúli, 10.

MH-017:031 *Laugaás* heimild um býli 64°42.433N 21°23.000V
"Lauga ás eður, Lauga gerði, eður Gvendarkot er allt hið sama. Eyðihjáleiga, byggð fyrst á fornu stekkjarstæði, þar sem ekki hafði áður byggð verið, hér um fyrir 30 árum, og varaði byggðin fáein ár, síðan í auðn", segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Ekki er vitað með vissu hvar þessi hjáleiga var en trúlega hefur hún verið á svipuðum slóðum og sumarhúsið Laugarás er nú. Það er fast norðan þjóðvegar sem liggur um Síðuna, um 700 m VNV við bæ (001).
Húsið stendur á grasivöxnu svæði, fast vestan við það er skurður og þá Síðumúlalaug, við laugina er mýrlent.
Ekkert sést til eldri mannvirkja á svæðinu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM IV, 275.

MH-017:032 náma mógrafir 64°42.622N 21°22.926V
Mógrafir eru ofarlega og vestarlega í Stuttumýri, um 530 m VNV við bæ (001).
Grafirnar eru á mörkum mýrar og móa. Ofar er hálfgróinn Síðumúlahálsinn.
Grafirnar eru dreifðar um svæði sem er um 100 m langt og 60 m breitt, snýr austur/vestur. Þær eru misstórar og misblautar. Þær dýpstu eru um 1 m djúpar.
Hættumat: engin hætta

MH-017b Síðumúli (selland)

"...jörðin [Síðumúli] er tvískipt og er hluti hennar útlendan Selland (Síðumúlaselland). Það liggur á Kjarradal (Kjör), sunnan Kjarrarár, sem ræður merkjum að norðan mót afréttarlandi Hvítsíðunga (áður sellöndum Reykholts og Sámsstaða). Að neðan (vestan) er Sleggjulækjarselland, Þorgautsstaða-, Háafells- og Sámsstaðalönd að sunnanverðu (á fjallinu) talið neðanfrá, og Sámsstaðaland austan Þverlækjar að austanverðu. Stærð .... Sellands [er talin] um 1260 ha." Ö-Síðumúli, 1. Heiðarvígasaga: "En þér munuð koma suðr þriðja dag þann til selja, er allir menn eru farnir ór seljum eptir endilong- [284] um Kjarradal, ok þar eigu allir Síðumenn selfarar, ok hér til hafa þeir dvalizk." ÍF III, 283-84.
" Laxveiðivon í Karará fyrir Síðumúla sellandi, hveru gagnvæn veriði og brúkast enn nú...Skóg á jörðin nokkurn í áðursögðu sellandi fyrir norðan Kjarará, sem brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu." - JÁM IV, 274.

MH-017b:001 *Selið* tóftir býli 64°45.546N 21°12.667V





Tóft A, horft til austurs



Tóft B, horft til suðurs




Tóft F, horft til norðus

"Selið er upp af Selflóanum í valllendi upp undir brekkunni og lækur hjá" segir í örnefnaskrá. Síðumúlasel eða Selið eins og það er kallað, er um 300-500 m sunnan við Kjarará í brekkurótum um 9,5 km norðaustan við bæ (017:001) og um 3,8 km vestan við Víghól (005).
Selið er á grónu svæði sunnan við vegslóða sem liggur inn Kjarardal. Til norðurs er áfram gróið svæði að Kjarará en sunnar hálfgróinn melur í norðurhlíð Síðufjallsins.
"Þar eru fornar rústir og hefur verið töðukragi í kringum þær. Þarna mun hafa verið ævalengi selstaða frá Síðumúla, en lengi legið niðri framan af 19. öld. Svo mun hafa verið um selför úr Hvítársíðu yfirleitt, að hún féll af eftir Móðuharðindin, og tókst ekki upp aftur nema í Síðumúla. Þegar frú Sigríður Pálsdóttir, ekkja séra Þorsteins Helgasonar í Reykholti, flutti að Síðumúla 1840 lét hún byggja upp selið og hafði þar selför til 1845, en þá um haustið flutti hún burt, en bú hennar stóð til vorsins 1846. Selstaðan var svo öðru hvoru notuð af Síðumúlabændum o.fl. fram yfir 1860. Búið var í Selinu 1875-1882, ekki þó samfellt, og enn 1891-1892. Líklega hefur selhúsið verið gert að bæ, hvort sem meira hefur þurft um byggingar fyrir fólk. Eftir aldamótin var svo hafizt handa um bæjarbyggingu þar með búskap í huga og var komin baðstofutóft. Ekki komst það áform lengra, og mun nýbýlingnum, Sigurði Jónssyni refaskyttu... hafa boðizt betra jarðnæði eða athvarf. En tóftin stendur enn og mun vera ofan í selstæðinu gamla." segir í örnefnaskrá. Fimm tóftir eru á svæðinu sem er um 100 x 40 m stórt og snýr austur-vestur. Tóftirnar verða hér merktar með bókstöfum til aðgreiningar. Tóft A er á grónum hól fast sunnan við vegslóðann. Hún snýr norður-suður og er um 14 x 10 m stór. Tóftin skiptist í þrjú hólf a, b og c. Tvö hólfanna eru óskýr en það vestasta, a, er allskýrt með hlöðnum garða í miðjunni. Það er um 6 x 4 m stórt, snýr austur-vestur og opið til vesturs, beggja vegna garðans. Austan við a er lítið

ógreinilegt hólf sem snýr norður-suður. Það er um 4 x 3 m stórt opið til norðurs. Þriðja hólfið c, er stærst. Það er sunnan við a og er um 10 x 7 m stórt, snýr norður-suður, opið til vesturs. Veggir þess eru óskýrir. Hér og þar glittir í grjót í tóftinni, sérstaklega í hólfi a og hér og þar í hólfi c. Hleðsluhæð veggja er mest um 0,7 m. Um 30 m austan við tóft A er lítil tóft, B, á grasivöxnu svæði. Hún er einföld um 6 x 4 m stór og snýr norður-suður. Op er á tóftina í norðvesturhorni. Hleðslur hennar eru lágar um 0,2-0,3 m og hvergi sér í grjót í þeim. Um 10 m austan við B eru tóftir C og D, báðar óskýrar. D er um 2 m norðan við C. Tóft C virðist vera tvískipt, hún er um 14 x 5 m stór og snýr norður-suður. Hún er í aflíðandi halla til norðurs og er að hluta til stungin inn í brekkuna að austan og vestan. Hólfin eru samsíða og bæði opin til norðurs. Hleðsluhæð veggja er mest um 0,15 m og hvergi sér í grjót. Tóft D er minni en C, um 7 x 5 m stór og snýr einnig norður-suður, opin til norðurs. Hleðsluhæð hennar er líkt og C einungis um 0,15 m. Um 95 m suðaustan við tóft A er svo fimmta tóftin, E. Hún er á gróskumiklum hól, um 9 x 9 m stór, tvískipt. Nyrðra hólfið er um 9 x 6 m stórt og snýr austur-vestur. Í því miðju er hlaðinn garði. Op er á hólfinu nyrst á vesturhlið. Syðra hólfið snýr einnig austur-vestur. Það er um 7 x 3 m stórt, opið til vesturs. Hér og þar sér í grjót í tóftinni, sérstaklega í garðanum og í suðurvegg hennar. Hleðslur hennar eru hæstar um 60 cm.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Síðumúli, 12.

MH-017b:002 *Heyvað* heimild um vað 64°45.660N 21°14.234V
"Heyvað er á ánni lítinn spöl austan við Skjaldmeyjargil, á broti þar sem lágt er að ánni", segir í örnefnaskrá. Vaðið er á Kjararárá um 1,3 km VNV við Síðumúlasel (001).
Við vaðið eru bakkar árinnar lágir en grýttir beggja vegna, en fjótt taka við gróin svæði. Norðan við ána liggur slóði að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Síðumúli, 11.

MH-017b:003 *Víghólsrétt* hleðsla rétt




Réttin, horft til suðurs

"Víghólsrétt er við ána innan Hnitbjarga, skammt neðan Þverlækjar", segir í örnefnaskrá. Víghólsrétt er um 10 m sunnan við Kjararárá, um 90 m sunnan við Víghól (005) og um 1,4 km vestan við Höfðarétt (012b:002).
Réttir er hlaðin á grasivöxnum bakka Kjararárár í skeifumyndaðri kvos með klettaveggjum til suðurs og vesturs.
Í örnefnaskrá segir enn fremur: "... hún er hálfgerður skápur inn í hæðina suður frá ánni. Fyrrum, og fram á byrjun þessarar aldar, var Síðufjallið að neðan og austan frá Sílungalæk smalað á hverjum mánudegi að réttum loknum og þar til farið að taka fé að húsi. Sundurdráttur fór fram í Víghólsrétt. Meðan á honum stóð var safnið geymt í Víghól". Réttin er að einhverju leyti hrunin og hugsanlegt er að norðurhluti hennar sé farin í ána. Hleðslurnar eru í þrennu lagi afmarkaðar af klettum. Hún er nú opin til norðurs að ánni. Hleðslurnar eru alls 19 m langar en mest um 1,1 m háar þar sem þær eru hæstar. Ásamt klettunum mynda þær skál sem er um 14 x 10 m stór og snýr norður-suður úr henni er svo op til suðurs inn í minni skál sem er umkringd klettum á allar hliðar. Þar eru engar hleðslur en ekki er ólíklegt að þar hafi einhvern tíma verið hlaðnir veggir sem nú eru hrundir og að grjótið hafi blandast urðinni sem hefur hrunið úr klettunum. Innri skálin er um 5 x 4 m stór og snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna vatnsaga
Heimildir:Ö-Síðumúli, 13.

MH-017b:004 *Víghólsvað* heimild um vað 64°45.367N 21°07.868V
"Víghólsvað er á ánni rétt neðan við hólinn [Víghól 005]" segir í örnefnaskrá. Víghólsvað er um 50 m austan við Víghólsrétt, neðan og austan Víghóls.
Þar sem vaðið er er áin breið og lygnari en hún er hvort tveggja ofar og neðar. Bakkar hennar eru grýttir að norðan og sunnan ...
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Síðumúli, 13.

MH-017b:005 *Víghóll* örnefni vígi 64°45.407N 21°07.833V



Víghóll, horft til vesturs


"Þar sem austasta Rangagilið fellur í ána, rís hóll úr eyrunum, sem áin hefur myndað. ... Þessi hóll heitir Víghóll. Ekki er vitað um aldur þessa nafns né tildrög þess." segir í örnefnaskrá Hvítsíðingaafréttar. Víghóll er fast norðan við Kjararárá, um 90 m norðan við Víghólsrétt (003) og um 3,8 km austan við Síðumúlasel (001).
Hóllinn rís stakur á grasivöxnum eyrum Kjararár.
Í örnefnaskrá segir enn fremur: "Hóllinn er grasivaxinn að vestan en móhellustandberg að austan, sem áin hefur sífellt brotið af." Engar minjar eru á hólnum né við hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvítsíðingaafréttur, 3.

MH-017b:006 *Víðihálsavarða* heimild um landamerki 64°44.533N 21°12.924V
"Svo er línan austur hálsinn bundin við þessi nöfn. Flata varða norðaustur af Þorgautsstaða-hömrum, þá um Víðihálsavörðu og í Hryggjastein..." segir í örnefnaskrá. Ekki er minnst á Víðihálsavörðu í nýrri útgáfu örnefnaskrár Síðumúla enda er hún horfin. Staðurinn var ekki skoðaður sérstaklega á vettvangi en ekki sást til vörðu þegar Hryggjarsteinn (013:026), eða Flatavarða (014:021) voru skráð. Hún hefur verið mitt á milli Hryggjarsteins (013:026) og Flötuvörðu (014:021) um 500 m NNA af smalakofa í landi Háafells (013:012). Hnit var tekið af korti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Síðumúli, (eldri skrá), 4.

MH-017b:007 *Bárðarvarða* heimild um landamerki 64°45.212N 21°14.746V
"Bárðarvarða er (var) merkjavarða á Bárðarkletti", segir í örnefnaskrá. Bárðarklettur er um 2 km suðvestur af Síðumúlaselil (001).
"Sú varða hafði verið rifin um aldamót síðustu og grjótinu, sem hún var hlaðin úr kastað norður af klettinum. Talið var að ástæðan væri sú að þáverandi eiganda Sleggjulækjar hafi þótt æskilegra að hún stæði nokkru austar! (K.G.) Hún mun ekki hafa verið byggð upp. Tilefni nafns óþekkt." segir í örnefnaskrá. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en hnit var tekið af korti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Síðumúli, 13.

MH-018 Síðumúlaveggir

S umœlaveggir - tœnakort 1917



16 hdr 1709. Bændaeign. Einnig Veggir. Fyrst getið í Landnámu: "Ísleifr ok Ísröðr, bræðr tveir, námu land ofan frá Sleggjulæk milli Örnólfsdalsár og Hvítár ... Ísröðr á Ísröðarstöðum ok átti land et syðra með Hvítá; hann var faðir Þorbjarnar föður Ljóts á Veggjum, er fell í Heiðarvígi." - ÍF I,85. Í Heiðarvíga sögu: "Þorbjörn Brúnason stóð upp snimma á Veggjum ok biður húskarl sinn stand upp með sér" - ÍF III, 288. Árið 1493 gefur Andrés Magnússon Helgafellsklaustri jörðina: "Andries Magnusson gaff sier til saluhialpar og framfæres Sijdumulavegge j Sijdumula kirckiu sokn clostrenu a Helgafelle. og abota Halldore og þar til xxj c i frijdu Anno 1493" - DI VII, 200. Árið 1559 skiptir Hallur Ólafsson við Daða Guðmundsson á jörðunum Síðumúlaveggjum og Fjalli fyrir Galltarvík og Beitistaði: "Hier j mot gaf Hallur bondi Olafsson Weggi er liggur j Sijdumula kirkiu sokn xvj c ad dýrleika..." - DI XIII, 438. Jarðarinnar er getið í reikningum Eggerts Hannessonar lögmans um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal frá árunum 1563-4. - DI XIV, 204,212. "Í eigu og ábúð sömu ættar síðan 1848" BB III, 37

Tún: 4.5 ha ; 3/4 sléttur ; kálgarður 420 m2. - Túnakort, 1917. "Skógur lítill til eldiviðarstyrks, torfrista og stunga

næginleg svo og reiðingrista fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar nægur, engjar litlar spillast árlega af aur og grjóti sem sagt minni hagbeit. Kvikfé er ekki óhætt fyrir afætudýjum og holgryfjulækjum, vatnsból bregst bæði sumar og vetur og er þá kvikfénu beitt á einni mýrarkeldu."- JÁM IV, 275 "Neðsta jörðin í sveitinni og hin eina sem ekki nær til fjalls né heiðar. Land jarðarinnar, 363 ha, liggur í lágum klapparhálsi, sem er suðvestur frá enda Síðufjalls, gróin á köflum. Suðaustan við hálsin grösugt, flatt láglendi, mýri ofan til en valllendi næst Hvítá." - BB III, 37

MH-018:001 *Síðumúlaveggir* bæjarstæði bústaður 64°42.043N 21°25.985V



Síðumúlaveggir, horft til norðurs

Gamli bærinn á Síðumúlaveggjum stóð þar sem núverandi íbúðarhús stendur nú. Það var að mestu leyti byggt árið 1938 en síðar byggt við húsið að austan og það einnig hækkað, kjallari er ekki í húsinu. Fjós og hlaða voru sambyggð gamla bænum, austan við. Íbúðarhúsið stendur um 60 m norðan við þjóðveg sem liggur austur/vestur gegnum landareignina.
Núverandi íbúðarhús ásamt fjósi og hlöðu sem eru skammt austan við það, standa á stalli í hlíð sem hallar lítillega til suðurs. Sunnan við húsið og vestan við fjósið er malarhlað og neðan við það sléttuð tún. Í túninu eru klettaásar, bæði norðan og sunnan við bæinn.
Ekki er greinilegur hóll þar sem íbúðarhúsið stendur og gamli bærinn stóð áður. Smá hæð er hins vegar fast sunnan við íbúðarhúsið. Hún er um 1 m há og um 30 m löng, austur/vestur. Hæðin er einungis greinanleg úr suðri og því ekki hægt að áætla breidd hennar. Hugsanlegt er að hæð þessi hafi myndast þegar gamla bænum var rutt út og sé því uppsöfnuð mannvistarlög en ekki er hægt að útiloka að um náttúrulega hæð sé að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

MH-018:002 heimild um fjárhús 64°41.483N 21°26.052V
Útihús er merkt á túnakort frá 1917, um 120 m suðvestan við bæ (001). Þar hafa líklega verið fjárhús.
Þar er nú hlaða og malarplan í kringum hana. Umhverfis malarplanið eru slétt tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


MH-018:003 heimild um fjárhús 64°41.917N 21°25.976V
"Fjárhúsbrekka er vestan í Stöðli, bak við gömlu fjárhúsin", segir í örnefnaskrá. Útihús er merkt á túnakort frá 1917 undir Fjárhúsbrekku, um 200 m SSV við bæ (001).
Þar er nú smá hæð í sléttu túninu. Hún snýr austur/vestur og er um 20 m löng og 4 m breið. Husanlega eru leifar útihúsanna að hluta varðveittar undir sverði en öll ummerki á yfirborði hafa verið sléttuð út.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Síðumúlaveggir, 2.

MH-018:004 heimild um traðir 64°42.027N 21°25.916V
Á túnakort frá 1917 er merktir vegir heim að bænum (001). Annars vegar úr suðri og hins vegar úr vestri (024). Traðir lágu að bænum úr suðri og voru þær m.a. hlaðnar yfir læk í túninu.
Þar sem traðirnar voru er nú slétt tún.
Ekkert mótar fyrir tröðunum í sléttu túninu. Lækurinn sem hlaðið var yfir hefur nú verið grafinn í skurð og ekkert sér fyrir hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917.

MH-018:005 *Smiðjuhóll* heimild smiðja 64°42.092N 21°25.938V
"Smiðjuhóll er austur frá núverandi fjóshlöðu", segir í örnefnaskrá. Smiðjuhóll er um 100 m ANA við bæ (001), austan núverandi fjóss og hlöðu.
Hóllinn er lítill og lágur klapparkollur gróinn grasi. Í kringum hann eru sléttuð tún.
"Smiðjan mun hafa verið sunnan undir honum. Þar bar á gjalli við jarðrask, líklega eftir rauðblástur", segir í örnefnaskrá. Sunnan við Smiðjuhólinn er dældóttur stallur þar sem smiðjan hefur að öllum líkindum verið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúlaveggir,1

MH-018:006 tóft kvíar 64°42.036N 21°25.852V






Tóftin, horft til suðurs

"Stöðull er holt suður af bæ, sunnan við skurð, sem þar er nú innan túngirðingar. Þar telur G.Þ. [Guðmundur Þorgrímsson, fyrrv. bóndi á Síðumúlaveggjum, f. 1927], að kvíar muni hafa verið og þar var (og er) hestarétt [036] og önnur lítil rétt eða byrgi austan við hestréttina", segir í örnefnaskrá. Stöðull er klettaás í túninu um 80-100 m sunnan við bæ (001). Líklega eru kvíarnar byrgið sem enn sést austan við hestaréttina.
Norðan og vestan við ásinn eru slétt tún.
Hestaréttin (036) og réttin austan við hana eru einu hleðslurnar við Stöðulinn. Kvíarnar eru líklega það sem nefnt er austari réttin. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og snúa norðaustur/suðvestur eins og Stöðullinn. Op er á kvíunum austarlega á norðurhlið. Hleðslurnar eru um 1,2 m háar og nokkuð grónar. Tóftin er um 10 m löng og um 3 m breið, einungis eitt hólf. Engar aðrar hleðslur eða rústir eru nú á Stöðlinum eða í námunda við hann sem gætu hafa verið kvíar. Sé sú tóft sem hér er lýst ekki kvíatóftin þá eru þær alveg horfnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Síðumúlaveggir, 2.

MH-018:007 garðlag túngarður 64°42.153N 21°25.890V



túngarðurinn, horft til SSA





Hleðslan upp við garðinn, horft til SSV



túngarðurinn, horft til ANA

"Stóravarða er suðaustur frá bænum, falleg grjótvarða. Mun hafa verið hlaðin af Jón Bjarnasyni bónda hér á fyrsta þriðjung 19.aldar, sem talið er að hafi meðal annars lagt túngarð um allt Veggjatún, sem enn sér stað", segir í örnefnaskrá. Leifar grjóthlaðins túngarðs sjást á nokkrum stöðum í túninu. Garðurinn liggur í boga aftan (norðan) við bæ og þar er hann velvarðveittur. Austan og sunnan við bæ (001) sést fyrir honum þar sem hann liggur yfir Stöðulinn og sunnan við hann uns hann hverfur. Vestur armur garðsins er verr varðveittur en þó sér móta fyrir honum í túninu sunnan heimreiðar, þar sem hann svo hverfur.
Túngarðurinn er í jaðri sléttaðs túns, norðan við bæ en sunnan hans liggur hann í sléttuðu túni. Austan við bæ liggur hann yfir klapparkoll, Harðhaus, og framan (sunnan við bæ) yfir Stöðulinn.
Garðurinn er einungis hlaðinn úr grjóti. Hann er víða allgreinilegur en mikið grjót hefur verið tekið úr honum og einungis stærstu steinarnir eru eftir. Sumstaðar hefur

allt grjót verið tekið í burtu en þar má þó enn sjá dæld þar sem hleðslan hefur verið. Annars staðar er garðurinn horfinn með öllu. Garðurinn er víðast hvar um 0,8-1 m breiður. Hann er hæstur um 80 cm, þar sem einhverjar hleðslur standa enn. Þa má rekja garðinn á um 610 m kafla. Ef gert er ráð fyrir að hann hafi lokast, austur og vestur armur hans komið saman, framan (sunnan) við bæ, þar sem nú er slétt tún má ætla að um 500 m af honum séu horfnir. Þá má gera ráð fyrir að garðurinn hafi afmarkað svæði sem hefur verið um það bil 400 m breitt norður/suður og 300 m langt austur/vestur, það eru þó ekki nákvæmar tölur því garðurinn hefur ekki verið ferhyrndur heldur hefur eystri langhlið hans verið lengri en sú vestari og nyrðri skammhliðin lengri en sú syðri. Erfitt er því að ákvarða hversu stórt svæði hann hefur afmarkað en hann virðist koma ágætlega heim og saman við mörk túns eins og þau eru sýnd á túnakorti frá 1917, og er túnið þá sagt 4,5 ha. Sunnan við heimreið og Stöðulinn er lítið hólf sambyggt túngarði (007(2)), um 200 m suðvestan við bæ (001) í sléttuðu en nú er smáþýfðu túninu. Ekki er hægt að tala um eiginlegar hleðslur þar sem grjót hefur að öllum líkindum verið fjarlægt og eftir standa einungis stærstu steinarnir. Þeir mynda hólf upp við túngarðinn með hugsanlegu opi í norðvestur horninu. Hleðslurnar eru um 1,2 m breiðar og hæstar um 20 cm. Hólfið er um 3 x 3 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 4. Túnakort 1917.

MH-018:008 *Vaðgróf* heimild um vað 64°41.252N 21°26.187V
"Bugur heitir einu nafni svæðið næst ánni [Hvítá] vestur frá Veggjagróf, valllendi með lækjaskörðum alllanga leið, að annarri gróf, sem heitir Vaðgróf", segir í örnefnaskrá. Vaðgróf er um 370 m vestan við Bugeyri, 50-70 m austan við merki móti Brúarreykjum og um 1,5 km SSV við bæ (001).
Á þessum stað er áin breið, fremur lygn og bakkar hennar lágir beggja vegna. Sunnan og norðan ár eru skörðótt melköst fast að ánni. Vaðgróf er skarð í melkastið norðan ár.
"Við hana [Vaðgróf] var vað á ánni, sem stundum mun hafa verið farið fram á síðari ár, en var þó varla talið með hinum betri eða fjölfarið, enda stutt til brúar á Kljáfossi síðan fyrir aldamótin síðustu", segir í örnefnaskrá. Óljósir slóðar liggja með nyrðri bakka árinnar, hjá vaðinu, varla meira en kindagötur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 2-3

MH-018:009 *Bugeyri* heimild um lögn 64°41.318N 21°25.749V
"Bugeyri er malareyri við ána undan Bugnum. Þar sáust til skamms tíma járnhælar, sem reknir voru ofan í eyrina til halds fyrir laxalögn, sem þarna var gerð á fyrri hluta aldarinnar, en ekkert veiddist í", segir í örnefnaskrá. Bugeyri er í Hvítá um 1,4 km sunnan við bæ (001) og um 990 m suðvestan við brúnna yfir Kljáfoss.
Bugeyri er malareyri, stöku gras vex á vesturodda hennar. Á þessum stað er Hvítá lygn og fremur grunn norðan eyrinnar en straumharðari og dýpri sunnan við.
Ekki var farið út í eyrina, engin ummerki um lögn sáust í henni frá bakkanum. Stakur torfhnaus er á eyrinni norðan til á henni miðri, gæti hugsanlega verið í tengslum við lagnina en ekki er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir,3

MH-018:010 *Gildruholt* hleðsla refagildra 64°41.642N 21°26.179V
"Gildruholt, klapparkollur með vörðubroti, dregur nafn af refagildru, sem þar er enn með ummerkjum. Það er vestan við Bringur, og blasir við af veginum, þegar farið er vestur og upp af flóanum", segir í örnefnaskrá. Gildruholt er um 750 m suðvestan við bæ (001) og um 550 m ASA við Jónsvörðu á merkjum (011).
Gildruholt er klapparkollur sem er vaxinn mosa og grasi. Vestan og sunnan við hann er mýri og þá ræktuð tún. Norðan við kollinn eru klettaholt og melar.
Refagildrur gætu hafa verið víða á holtinu, þar sem mjóar rásir og göng eru víða milli klappa og stórgrýtis og gnægð er af grjóti. Á holtinu eru þrjár vörður (sjá 021). Um 6 m SSV við vestustu vörðuna er sem hlaðið hafi verið sunnan við klöpp. Þar stendur stór, flatur steinn upp á rönd og á milli hans og klapparinnar eru smærri steinar sem hrunið hafa þangað, hugsanlega þak gildrunnar. Þó er ekki útilokað að grjótið sé þarna af náttúrulegum orsökum. Ef um refagildru er að ræða hefur hún verið um 1 m löng, snýr ANA-VSV, 40 cm breið og um 60 cm há.


Gildran, horft til ANA

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö- Síðumúla-veggir,3

MH-018:011 *Jónsvarða* varða landamerki 64°41.516N 21°26.805V



"Jónsvarða er á klettahrygg norðan við Gildruholtssund, á móti Brúarreykjum", segir í örnefnaskrá. Varðan er Brúarreykjamegin við núverandi merkjagirðingu, um 1,2 km VSV við bæ (001).
Varðan er á klettaási sem er mosavaxinn í toppinn.Umhverfis klettinn er mýri.
Varðan er um 1,1 m há, um 1 m löng austur/vestur og um 60 cm breið norður/suður. Hún er ágætlega hlaðin. Ekki er vitað hver hlóð vörðuna en líklegt er að það hafi verið Jón bóndi, sem hlóð Stóruvörðu (015). Hann var bóndi á Síðumúlaveggjum 1812-1835.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir,3, 4,6.

Varðan, horft til VNV

MH-018:012 *Reiðholt* heimild um leið 64°42.035N 21°24.735V

"Reiðholt (flt.) eru alda á flóanum eða lágt þrep. Þau eru að mestu í Síðumúlalandi en ná vestur yfir merki allofarlega á Veggjaflóa ofan vegar ... Leið lá um Reiðholtin milli Síðumúla og Veggja og þar um hlaðið, alloft farin", segir í örnefnaskrá. Reiðholt ná yfir merkin um 1 km SA við bæ (001).
Holtin eru grasivaxin við merkin, þó skín víða í beran melinn. Beggja vegna við holtið er mýri.
Engin ummerki leiðarinnar eru á holtunum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir,3

MH-018:013 *Veggjagata* gata leið 64°42.412N 21°24.995V



"Veggjagata var uppi í hálsinum", segir í örnefnaskrá. Veggjagata liggur um 400 m sunnan við merkjastein (030) þvert yfir merkin, móti Síðumúla, um 1 km NA við bæ (001).
Gatan liggur um hálfgróin mel milli klettaása.
Gatan sést mjög vel, um 1 m breiður, ruddur, malarslóði. Hlið er á merkjagirðingunni þar sem hún liggur yfir merkin. Gatan er víða greinileg á svæðinu milli Síðumúla og Síðumúlaveggja, t.a.m. við Síðumúlahús (017:020). Hún liggur ýmist yfir hálfgróinn mel, á klettaásum og yfir einstaka mýrarsund.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúlaveggir, 6.


Leiðin, horft til norðausturs

MH-018:014 *Gamlistekkur* tóft stekkur 64°42.064N 21°25.485V



Stekkurinn, horft til suðurs

"Gamlistekkur er sunnan við Bæjarsund upp á hálsinum, rétt suðaustur frá bænum", segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er um 400 m suðaustan við bæ (001) og um 250 m suðaustan við Stóruvörðu (015).
Stekkurinn er uppi á hálsinum suðaustan við bæ (001) á grasivöxnu svæði. Ofar er grýtur ber melur. Fast vestan við stekkinn er dálítið gil og í því lækjarspræna.
Stekkurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti norðan við klettahnaus. Stekkurinn er tvískiptur, um 6 m breiður og 9 m langur. Hann snýr SSA-NNV. Bæði hólfin hafa op á norðurvegg, eystra hólfið á honum miðjum, en hið vestara austast í honum, fast upp við millivegginn. Hleðslur stekkjarins eru signar, sérstaklega að vestan og hefur grjót eflaust verið tekið úr honum. Vart er hægt að tala um grjóthleðslur heldur fremur sokkna gróna grjótdreif. Eystra hólfið stendur hærra í landslaginu. Hæð frá innri brún veggja í vestara hólfinu um 70 cm, annars staðar er hún mest um 20 cm í stekknum.



Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 4.

MH-018:015 *Stóravarða* varða samgöngubót 64°42.042N 21°25.787V



Varðan, horft til ANA

"Stóravarða er suðaustur frá bænum, falleg grjótvarða... Varðan sést vel frá vegi, og er jafnvel talin hafa verið leiðarvarða, þegar komið var um Reiðholt [012]", segir í örnefnaskrá. Stóravarða er um 150 m SA við bæ (001) á klettaás, um 50 m SA við kvíarnar (006).
Varðan er á grasi- og mosavöxnu klettaholti.
"Mun hafa verið hlaðin af Jón Bjarnasyni bónda hér á fyrsta þriðjung 19.aldar", segir í örnefnaskrá. Varðan er mjög stór og vel hlaðin. Hún er um 2,2 m há, ferhyrnd um 1,5 m á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 4, 6.

MH-018:016 *Mósund* heimild um mógrafir 64°41.935N 21°26.261V
"Mósund. Stutt sund VSV af bænum. Vegurinn heim liggur eftir því og er sundið sem slíkt því nærri horfið undir veginn. Þar var mótekja, víst fremur lítilfjörleg", segir í örnefnaskrá. Heimreiðin að Síðumúlaveggjum liggur í sundinu sem er um 300 m vestan við bæ (001).
Mósund er mýrarsund milli klettaása.
Engin ummerki mótekju sjást í sundinu, enda liggur heimreiðin í því miðju.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 4.

MH-018:017 *Sortudý* heimild 64°42.478N 21°25.853V
"Sortudý er í Löngumýri niður undan Torfsneið. Þangað var um langar leiðir sótt at (sorta) til litunnar. Dýið mun þornað síðan að merkjaskurðurinn var grafinn", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Sortudýs er ekki kunn. Það hefur líklega verið um 800 m NNA við bæ (001), steinsnar norðvestan við Torfmel.
Þar sem dýið var er víðfeðm mýri, Langamýri, sem afmarkast af klettahálsi sunnan við og merkjaskurði milli Síðumúlaveggja og Gunnlaugsstaða norðan við.
Engin ummerki um dýið sáust í mýrinni sem er þó fremur blaut á þessum stað. Í örnefnaskrá er þess getið að dýið muni hafa þornað þegar merkjaskurðurinn var grafinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir,5

MH-018:018 *Langamýri* heimild um ristu 64°42.459N 21°25.834V
"Torfmelur er neðan kletta, skammt norðan við Torfsneið. Þar var þurrkað torf, sem rist var í Löngumýri neðan við klettana og reitt upp Torfsneið", segir í örnefnaskrá. Langamýri er víðfeðm mýrarsund norðan Veggjahálsa. Rist var meðfram hálsinum um 800 m NA við bæ (001).
Mýrin afmarkast af hálsinum að sunnan og merkjaskurði að norðan. Hún er blautust í miðjunni en þurrari næst skurðinum og hálsinum.
Engin ummerki um ristuna sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 5

MH-018:019 *Kelduhnaus* heimild um landamerki 64°42.346N 21°26.479V
"Kelduhnaus er torfvarða við Löngumýrarkelduna þar sem merkin milli Síðumúla og Síðumúlaveggja koma þvert að henni ofan frá merkjasteininum við Lækjarskarð og mæta Gunnlaugsstaðalandi. Kelduhnausarnir munu vera tveir?, með stuttu millibili (sjá einnig 031), því merki Síðumúla ná skemmra út í mýrina en Veggja og kemur þar krókur á land Gunnlaugsstaða", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning vörðunnar er ekki kunn, þar sem keldan hefur verið ræst fram. Hún mun hafa verið um það bil þar sem vesturmerki Gunnlaugsstaða og norðurmerki Síðumúlaveggja mætast, um 680 m norðan við bæ (001) og um 450 m NNV við Jónsvörður (022).
Varðan mun hafa verið í Löngumýri, á merkjum. Þar er nú merkjaskurður og uppkast úr honum báðum megin við hann.
Engin ummerki vörðunnar sjást.
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 5

MH-018:020 *Byrgissneið* heimild um fjárskýli 64°42.321N 21°25.962V
"Byrgissneið er norðaustan við þann klett [Hrafnsungaklett]. Dregur nafn af gömlu lambabyrgi. Leifar þess sjást enn", segir í örnefnaskrá. Leifar byrgisins fundust ekki við vettvangsskoðun þótt gengið væri undir og uppi á hálsinum milli Torfsneiðar og Hrafnsungakletts. Það hefur þó líklega verið neðan við Byrgissneið um 500 m NNA við bæ (001).
Byrgissneið er í hálsinum sunnan Löngumýrar. Undir hálsinum þar sem byrgið var að öllum líkindum, er mosavaxið og grýtt svæði.
Heimildamaður sagðist aldrei hafa fundið byrgið þó hann hefði svipast um eftir því. Byrgið er því líklega horfið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 5

MH-018:021 varða 64°41.649N 21°26.173V


Vörðurnar, horft til suðvesturs

"Gildruholt, klapparkollur með vörðubroti... ", segir í örnefnaskrá. Þrjár vörður eru á Gildruholti, í röð austur/vestur. Þær eru um 740 m SSV við bæ (001), og um 560 m ASA við Jónsvörðu á merkjum (011).
Vörðurnar eru á klapparkolli sem er vaxinn mosa og grasi. Vestan og sunnan við hann er mýri en norðan við eru klettaholt og melar.
Vörðurnar eru þrjár, allar ferhyrndar neðst. Sú austasta er um 70 cm há og um 1 m á kant, ekki sérlega vel hlaðin. Varðan í miðið er um 8 m vestar. Hún er um 1 m á hæð og um 60 cm á kant, mun betur hlaðin en varðan austan við hana. Vestasta varðan er um 8 m vestar. Hún er um 80 cm á hæð og um 70 cm á kant nokkuð vel hlaðin. Ekki er hægt að fullyrða um hver að vörðunum er elst, sú sem nefnd er í örnefnaskránni, enda gæti

hún hafa verið endurhlaðin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúlaveggir, 3.

MH-018:022 *Jónsvörður* varða 64°42.123N 21°26.145V

"Jónsvörður eru tvær vörður, vestanvert við Grafarsund, NNV af bæ 001. Taldar kenndar við Jón Bjarnason fyrrnefndan", segir í örnefnaskrá. Jón Bjarnason var bóndi á Síðumúlaveggjum árin 1812-1835. Jónsvörður eru á norðarlega á Veggjahálsi, vestur og norður af Grafarsundi [033], um 200 m NNV við bæ (001).



Vörðurnar, horft til NNV

Vörðurnar eru á klettahálsi, mosavöxnum en víða skín þó í beran jarðveginn. Fast sunnan við þær er mýrarsund.
Vörðurnar eru stæðilegar og vel hlaðnar. Um 20 m eru á milli þeirra. Vestari varðan erum 1,5 m á hæð, ferhyrnd um 1,1 m á kant. Eystri varðan er einnig um 1,5 m á hæð, ferhyrnd en örlítið mjórri, eða um 1 m á kant.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 6

MH-018:023 *Þrívörður* varða 64°42.202N 21°25.802V



Vörðurnar, horft til suðvesturs

"Þrívörður, þrjár vörður stutt frá túni, á klettbungu norður af Harðhnaus", segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru um 330 m ANA við bæ (001).
Vörðunar eru á klettabungu. Hún er hálfgróin mosa og lyngi. Í kringum klettinn er gróinn melur og Veggjahálsinn um 10 m norðan við, sunnar eru mýrar.
Vörðurnar eru þrjár í röð norður/suður. Þær eru allar fremur lágar og ferhyrndar neðs. Sú nyrsta er um 50 cm á hæð og um 60 cm á kant. Varðan í miðið er um 6 m sunnar. Hún er um 1 m á hæð og um 1 m á kant. Syðsta varðan er um 2 m sunnar. Hún er um 70 cm á hæð og um 80 cm á kant.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 6


MH-018:024 gata leið 64°42.027N 21°25.916V

Á túnakort frá 1917 er merkt vegur að bænum 001. Annars vegar úr suðri [004] og hins vegar úr vestri.
Þar gatan lá er nú heimreið að bænum, en vestar er sund milli klettaása.
Enn sér fyrir götunni vestan við þar sem heimreiðin beygir til suðurs að þjóðvegi, um 2 m breiður slóði. Hann hefur hugsanlega verið niðurgrafinn. Nær bæ er hann horfinn í tún en enn sést móta fyir honum til vesturs frá því þar sem heimreiðin beygir til suðurs, nokkra tugi metra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

MH-018:025 tóft hesthús 64°41.984N 21°25.871V



Tóftin, horft til SSA



Um 200 m SSA við bæ (001), sunnan við Stöðulinn er tóft af hesthúsi, um 10 m austan við túngarð (007).
Tóftin er á grasivöxnu, smáþýfðu svæði, ofar eru klettaholt en neðar mýri.
Tóftin er um 8 x 8 m að stærð. Hún skiptist í tvö hólf, eitt stórt sem snýr eins og tóftin með hlöðnum garða í miðjunni og annað aftan við sem snýr þvert á það. Opið er milli hólfanna, ofan við garðann. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sér í grjóthleðslur jafnt inni í henni og utan, allt að sex umför. Hleðslur hennar eru hæstar um 1,1 m. Tóftin líkist mjög fjárhúsum, en samkvæmt heimildamanni var þetta hesthús. Hugsanlega hafa fjárhúsin verið nýtt sem hesthús á einhverju tímabili.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-018:026 heimild um landamerki 64°42.038N 21°24.664V
"Reiðholt (flt.) alda á flóanum eða lágt þrep. Þau eru að mestu í Síðumúlalandi en ná vestur yfir merki allofarlega á Veggjaflóa ofan vegar. Á þeim vestanverðum er merkjavarða", segir í örnefnaskrá. Engin varða er á Reiðholtum við merkin. Hún hefur líklega verið um 1 km SA við bæ 001, þar sem merkjagirðingin liggur yfir holtin.
Reiðholt eru grasivaxin við merkin, þó skín víða í beran melinn. Beggja vegna við holtið er mýri.
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 3

MH-018:027 heimild um landamerki
Landamerkjabréf Síðumúlaveggja og landamerkjabréf Síðumúla nefna torfvörðu við Fossgróf á merkjum jarðanna. Landamerkjabréf Síðumúla frá 1923 segir: "Fossgróf við Hvítá neðanvert við Kláffoss, ræður landamerkjum til torfvörðu þeirrar er stendur vestanvert við Fossgrófartotu." Engin ummerki vörðunnar sjást og eru menn ekki sammála um hvar hún hafi verið, nákvæmlega.
Heimildir: Landamerkjabréf Síðumúlaveggja og Landamerkjabréf Síðumúla nr. 91,

MH-018:028 heimild um landamerki 64°42.219N 21°24.823V
Landamerkjabréf Síðumúlaveggja nefnir vörðu í mýrinni sunnanvert við Veggjaháls. Hún hefur verið um það bil 950 m ASA við bæ (001).
Sunnan við Veggjahálsinn sem er aflíðandi, mosavaxinn og grýttur við merkin, er mýri þar sem varðan var.
Girt er á merkjum milli Síðumúla og Síðumúlaveggja nú en engin varða er sunnanvert við Veggjahálsinn og engin ummerki um hana sjáanleg í mýrinni.
Heimildir: Landamerkjabréf Síðumúlaveggja

MH-018:029 heimild um landamerki 64°42.380N 21°24.953V
Landamerkjabréf Síðumúlaveggja nefnir grjótvörðu á sunnanverðum Veggjahálsi. Víða í merkjagirðingunni á hálsinum hafa verið byggðir kassar og fylltir af grjóti. Svo er einnig á þeim stað sem varðan hefur líklega staðið, um 1 km ASA við bæ (001) og um 70 m sunnan við Veggjagötu (013).
Á þessum stað rennur lækur við merkin og er mýrarspilda í kringum hann, annars er hálfgróinn melur uppi á hálsinum.
Enginn grjótvarða er á sunnanverðum Veggjahálsi en þar er hins vegar kassi við girðinguna fylltur af grjóti og líklegt er að þar hafi varðan verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabréf Síðumúlaveggja

MH-018:030 áletrun landamerki 64°42.584N 21°25.295V

Merkjasteinn er á merkjum móti Síðumúla, á norðurbrún Veggjahálsins, um 1,1 km NA við bæ (001).
Steinninn er á mosavöxnum og grýttum mel ofan á hálsinum. Vestan og suðvestan við hann er mýrarspilda og lækur.
Merkjasteinninn er talsvert stór og merkjagirðingin er girt í hann. Ofarlega framan á honum, vestan við hann er klappað í hann L.M.
Hættumat: engin hætta



Steinninn, horft til austurs

MH-018:031 heimild um landamerki 64°42.617N 21°25.996V

"Kelduhnaus er torfvarða við Löngumýrarkelduna þar sem merkin milli Síðumúla og Síðumúlaveggja koma þvert að henni ofan frá merkjasteininum [030] við Lækjarskarð og mæta Gunnlaugsstaðalandi. Kelduhnausarnir munu vera tveir?, með stuttu millibili (sjá (019)), því merki Síðumúla ná skemmra út í mýrina en Veggja og kemur þar krókur á land Gunnlaugsstaða", segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Kelduhnausanna er ekki kunn. Líklega hefur annar þeirra verið um 600 m austan við hinn (019), um 1 km NNA við bæ (001).
Skurður er á merkjum Síðumúlaveggja og Gunnlaugsstaða og uppkast úr honum beggja vegna við. Sunnan við skurðinn er mýri.
Engin varða er á þessum stað og engin ummerki um hana sáust í mýrinni.
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 5

MH-018:032 frásögn brunnur 64°41.999N 21°26.040V

Hlaðinn brunnur var um 15 m norðaustan við núverandi fjárhúshlöðu, um 90 m suðvestan við bæ (001).
Þar sem brunnurinn var er nú slétt tún.
Engin ummerki brunnsins sjást í sléttu túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-018:033 *Grafarsund* heimild um mógrafir 64°42.145N 21°26.050V

"Grafarsund er á hálsinum norðaustur af bæ, upp á milli háklettanna. Mótak lélegt var þar", segir í örnefnaskrá. Grafarsund er á Veggjahálsi, milli tveggja klettabelta, það liggur austur/vestur, um 180 m norðvestan við bæ (001).
Sundið er þýft og blautt en ekki er djúpt niður á klappir.
Engar mógrafir eða skýr ummerki um mótak eru í sundinu. Hér og þar eru pollar í því þar sem hugsanlega hefur verið stunginn upp mór, aðallega austarlega og sunnarlega í sundinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Síðumúlaveggir, 6.

MH-018:034 varða landamerki 64°41.677N 21°27038V

Merkjavarða er fast vestan við merkjagirðingu móti Brúarreykjum, norðan við Veggjaháls, um 1 km VSV við bæ (001).
Varðan er í norðurhlíð Veggjahálsins sem er stórgrýttur og grasivaxinn. Fast austan vörðunnar rennur lækjarspræna á merkjum. Norðar er Langamýri Síðumúlaveggjamegin en framræst tún Brúarreykjamegin.
Varðan er að hluta hrunin til suðurs. Hún er byggð á klöpp, er um 1 m á hæð, ferhyrnd neðst, um 70 cm á kant.
Hættumat: engin hætta




Varðan, horft til suðausturs

MH-018:035 gryfja heygryfja 64°41.677N 21°27.038V

Fast sunnan í bæjarhólnum (001,) um 20 m sunnan við núverandi íbúðarhús, er dálítill hóll fast neðan hlaðsins. Ofan á hólnum mótar fyrir tveimur dældum og þar voru súrheysgryfjur.

Hóllinn er fast neðan við hlað, fyrir framan núverandi íbúðarhús, neðar eru sléttuð tún.
Hóllinn erum 3 m hár frá suðri en ógreinilegri úr öðrum áttum. Hann erum 10 m langur og 5 m breiður, snýr ANA-VSV. Dældirnar eru tvær efst á honum um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-018:036 *Hestaréttin* hleðsla rétt 64°42.026N 21°25.873V





Réttin, horft til suðvesturs

"Stöðull er holt suður af bæ, sunnan við skurð, sem þar er nú innan túngirðingar. Þar telur G.Þ [Guðmundur Þorgrímsson, fyrrv. bóndi á Síðumúlaveggjum, f. 1927], að kvíar muni hafa verið og þar var (og er) hestarétt og önnur lítil rétt eða byrgi [006] austan við hestréttina", segir í örnefnaskrá. Stöðull er klettaás í túninu um 80-100 m sunnan við bæ (001).
Norðan og vestan við ásinn eru slétt tún.
Hestaréttin er vestari réttin við Stöðulinn. Hún er eingöngu hlaðin úr grjóti. Hleðslurnar eru um 1,2 m háar. Hún er um 12 m löng og 8 m breið. Réttin er opin til austurs í norðaustur horni réttarinnar. Hún er um 12 m suðvestan við kvíarnar (006) og snýr eins og Stöðullinn norðaustur/suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 2.

V. Fornleifar og byggð

Bæirnir í Hvítársíðu standa í einfaldri röð, sem norðan Hvítár, sem afmarkar hreppinn að sunnan, frá upptökum árinnar suðvestan Eiríksjökuls til landamerkja Síðumúlaveggja og Brúarreykja, á merkjum Hvítársíðu og Borgarbyggðar. Heimalöndin liggja milli Hvítár og Kjararár og var allt það svæði skráð haustið 2004. Byggðinni í Hvítársíðu er í daglegu tali skipt í þrennt, Krók, Miðsíðu og Niðursíðu. Króknum tilheyra innstu bæirnir í sveitinni, Gilsbakki og bæir innan hans. Miðsíðu tilheyra bæir frá Bjarnastöðum til Sámsstaða og Niðursíðu Háafell og bæir þar fyrir vestan. Landslag þessara þriggja hluta sveitarinnar er mismunandi og þó sker umhverfi í Króknum sig sérstaklega úr. Þar klofnar dalurinn í tvennt um Tunguna. Úr syðri dalnum kemur Hvítá en sá nyrðri er fullur af mosa- og sums staðar kjarri vöxnu helluhrauni. Bæirnir í Króknum standa ofarlega í hlíðum Síðufjallsins, sem þar eru á kafla þéttvaxnar skógi. Í Mið- og Niðursíðu standa bæirnir lægra og nær ánni sem þar rennur nær rótum Síðufjalls. Frá Haukagili og að Síðumúla er farvegur árinnar djúpur og afmarkast af háum melköstum beggja vegna ár. Í Miðsíðu er láglendi fremur þurrlent en verður votara eftir því sem neðar dregur og farvegur árinnar grynnist. Síðufjallið, bak við bæina, er víða sundurskorið af giljum og lækjum, og í hlíðum þess skiptast á grónar grasbrekkur og berir melar. Ofar er fjallið vaxið heiðargróðri, þar eru stararsund og flóar, en öldur með mela- og móagróðri á milli. Afréttur Hvítsíðinga, sellönd og Arnarvatnsheiði sem áður tilheyrði Kalmanstungu voru skráð sumarið 2005.

Í hrauninu í Króknum leynast hellar, hlaðin aðhöld úr hraungrýti, tófugildrur og fjölmargar vörður sem oft marka einhverjar af þeim fjölmörgu fornu leiðum sem lágu yfir hraunið og hafa hér og þar sorfið upp úr því. Á undirlendinu, milli ár og fjalls, eru tóftir stekkja og heystæða auk fjölmargra mógrafa neðst í Síðunni þar sem votlendara er. Í hlíðum fjallsins standa vörður hér og þar, sumar hlaðnar sem eyktarmörk en aðrar eflaust eingöngu til dægrastyttingar. Á fjallinu eru svo seljarústir, smalakofar og fjölmargar vörður, margar hverjar hlaðnar af fólki í yfirsetu. Á Arnarvatnsheiði eru fjöldi sæluhúsa, leitarmannakofa og veiðikofa, og réttarrústa. Þar eru einnig fjöldi varða sem marka fornar leiðir yfir heiðinna auk ýmissa annarra minja.

Hér verður gert grein fyrir helstu minjaflokkum sem skráðir voru í Hvítársíðuhreppi.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir eru að hluta

uppsafnað byggingarefni, s.s torf og grjót, gólflög sem hlaðast upp í tímans rás og öskuhaugar og geta orðið margir metrar á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því oft mikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á síðustu öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst. Alls voru skráðir 11 bæjarhólar í hreppnum og sjö bæjarstæði. Ástand bæjarhóla er yfirleitt fremur slæmt en þeir hafa því fyrst og fremst látið á sjá vegna bygginga og framkvæmda í seinni tíð.

Best varðveittu bæjarhólarnir á skráningarsvæðinu eru á Kolsstöðum, Bjarnastöðum og Fróðastöðum en þeir virðast að mestu óskemmdir. Þó hefur bæjarhóllinn á Bjarnastöðum verið sléttaður að hluta í seinni tíð. Bæjarhóllinn á Síðumúla er einnig í fremur góðu ástandi þó á honum standi byggingar. Aðrir bæjarhólar eru mikið skemmdir vegna bygginga sem á þeim standa. Bæði voru skráð bæjarhóll og bæjarstæði á Kirkjubóli en þar var bærinn færður ofar í tún, líklega á 19.öld. Vart sést móta fyrir bæjarhól þar sem bærinn stóð fyrst enda hefur hann verið sléttaður. Þar sem bærinn stóð síðar er engin greinileg hólmyndun. Bæjarstæði voru auk þess skráð í Kalmanstungu, á Hallkelsstöðum, í Hvammi, á Háafelli, Tóptahring og Síðumúlaveggjum. Þar hefur verið sléttað úr bæjarhólum eða þeim rutt út. Auk bæjanna 17 sem rætt er um hér að ofan voru skráð 16 býli á svæðinu.

Heiti (nr.)	**Í byggð**	**Ástand**
Brenna (002:008)	fyrir 1600	garðlag sést
Kötlutún (002:030)	fyrir 1600	tóft og garðlag sjást
Bjarnastaðir (002:048)	frá miðöldum?	tóftir* og garðlag sjást
Halldórstóftir (002:074)	fyrri hl. 18. aldar	tóft sést
Bugakot (002b:001)	1899-1901	tóftir sjást
Fornaból (003:009)	1908-10	óljós tóft/dæld sést
Leynir (004:027)	1878-88	tóft sést
Höggvandastaðir (007:031)	fyrir 1600	tóftir sjást*
Þórðargerði (007:056)	óvíst	tóftir og garðlag sjást
Brekkubær (012:033)	óvíst	engin mannaverk sjást
Teitstættur (013:013)	óvíst	tóft sést
Stórhóll (017:011)	óvíst	þúst sést

nafnlaust býli (017:015)	óvíst	horfið vegna sléttunar
Síðumúlakot (017:021)	um 1650-1660	staðsetning ókunn
Laugaás/Laugagerði/Gvendarkot (017:031)	um 1670-80	horfið vegna bygginga
Síðumúlasel (017b:001)	1875-82 ; 1891-92	tóftir sjást
Síðumúlahús (017:020)	1916-1922	tóftir sjást

* Fjárhús síðar byggð á bæjarstæðunum.

Elstu býlin eru í landi Kalmanstungu: Bjarnastaðir, Brenna, Kötlutún og Höggvandastaðir í landi Gilsbakka. Bjarnastaða er getið í Landnámu[14] og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709.[15] Þar segir um Bjarnastaði að það muni vera fornt býli. Enn fremur segir að þar séu fjárhúsin frá Kalmanstungu og eru þau eflaust hluti þeirra rústa sem nú sjást á yfirborði. Bjarnastaðir og dysjaleifar í Tungunni litlu eru friðlýstar fornleifar. Um Brennu og Kötlutún segir í Jarðabókinni að þar hafi ekki verið byggt í 100 ár en tóftir og garðlög sjáist.[16] Brennu er einnig getið í Landnámu, þar segir: "Þjóðólfr, son Karla, drap Kýlan Kárason í Kýlanshólmum. Síðan brenndi Þjóðólfr Kára inni, þar sem nú heitir á Brennu"[17] Um Höggvandastaði segir að þar hafi ekki verið byggð í 90-100 ár og nú sé þar stekkur frá Gilsbakka.[18] Tóftirnar sem nú sjást þar eru af fjárhúsum.

Önnur býli í hreppnum eru yngri. Tvö býli í landi Síðumúla eru samkvæmt Jarðabókinni frá miðri 17. öld, Laugaás og Síðumúlakot, og varaði byggð þar einungis í fáein ár.[19] Í Jarðabókinni segir um Halldórstóftir: "Ekki vita menn að þar hafi nokkurntíma bygð verið eður sjeu þar seltóftir, þó líklegra þyki af rústaleifum að þar muni sætur hafa verið."[20] Í jarðatali Johnsens frá 1847 segir hins vegar að Halldórstóftir hafi verið taldar eyðibýli frá Kalmanstungu árið 1804.[21] Vera má að þær hafi byggst og farið í eyði á árunum milli 1709 og 1804 en verið sel fyrir það eða jafnvel að byggð hafi verið þar fyrir 1709 og það sé það eyðibýli sem vísað sé í árið 1804. Halldórstóftir eru friðlýstar. Vitað er að Síðumúlahús, Síðumúlasel, Leynir og Fornaból eru býli frá lokum 19. aldar og byrjun þeirrar 20. og að ekki var byggt þar lengi. Sömu sögu er að segja um Bugakot í landi Kalmanstungu. Þórðargerði og Teitstættur eru talin vera býli vegna rústa og garðlaga sem greinileg voru á yfirborði, og sjást

[14] ÍF I, 81.
[15] JÁM IV, 259.
[16] s.r., 259-60.
[17] ÍF I, 82.
[18] s.r., 265.
[19] s.r., 274-5.
[20] s.r. 260

rústirnar enn í Þórðargerði. Engar eldri heimildir eru hins vegar þekktar um býlin og því ekki vitað hvenær var búið þar. Stórhól og nafnlaust býli (017:015) í landi Síðumúla eru í örnefnaskrá talin gömul húsmennskubýli og eru líklega ekki eldri en frá seinni hluta 19. aldar. Ekkert er vitað um örnefnið Brekkubæ í landi Sámsstaða. Það bendir til þess að þar hafi staðið bær en staðhættir og umhverfi eru ólíkleg fyrir býli og engar leifar býlis er að finna á þessum slóðum.

Kirkjur og mannabein

Kuml úr heiðnum sið hafa ekki fundist í Hvítársíðu en einungs eru þrjú kuml þekkt úr Mýrasýslu. Um kumlafæð á Vesturlandi segir í Kumlum og haugfé:

> "Ekki kemur til mála að þessi héruð hafi ekki verið þéttbyggð á 10. öld. Spurningin er því hvort hér sé um einbera tilviljun að ræða eða hvort skilja megi kumlaleysið sem bendingu um að íburðarminni grafsiðir hafið tíðkast í þessum landshlutum en hinum sem flesta hafa kumlfundina. Ef borið er saman við t.d. Eyjafjörð, þar sem heiðinglegir grafsiðir setja svip á sveitir, sækir sá grunur allfast að, en á þessu stigi funda og rannsókna er varlegast að láta hér staðar numið um þetta efni"[22]

Sóknarkirkjur voru á þremur stöðum í hreppnum í Kalmanstungu (MH-002:002), á Gilsbakka (MH-007:002) og í Síðumúla (MH-017:002). Þeirra er allra getið í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá um 1200.[23] Kirkjan í Kalmanstungu var lögð niður árið 1812 og sóknin lögð til Gilsbakka.[24] Sóknarkirkjur eru enn á Gilsbakka og í Síðumúla. Núverandi kirkja á Gilsbakka er frá 1908, endurbyggð 1953. Kirkjugarðurinn er lítið sléttaður en hefur verið stækkaður lítillega til norðurs og vesturs. Kirkjan í Síðumúla var byggð árið 1926 en tóft af eldri kirkju, sem byggð var úr torfi og grjóti, er í kirkjugarðinum sem er ósléttaður. Kirkjutóftin og garðurinn í Kalmanstungu var sléttaður um 1950 og er kirkjustæðið nú hluti af heimatúni.

Heimildir eru um bænhús á Sámsstöðum (MH-012:002) og hálfkirkju á Þorgautsstöðum (MH-014:002). Þeirra er beggja getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1709. Þar er sagt að tíðir hafi ekki verið veittar í 30-40 ár á Sámsstöðum og ekki í manna minni á Þorgautsstöðum[25]. Sámsstaða- og Þorgautsstaðamáldagar eru varðveittir frá árunum um 1463-1470. Staðsetning þessara húsa er nú ókunn og engar sagnir fara af

[21] JJ, 124.
[22] Kristján Eldjárn 2000, 261.
[23] DI XII, 10.
[24] DI V, 556-557.
[25] JÁM IV, 269,271.

fundnum mannabeinum eða öðru sem gæti gefið vísbendingar um hvar húsin stóðu. Í Jarðabókinni segir enn fremur að munnmæli séu um bænhús á Haukagili og þar er þekkt örnefnið Bænhúshóll (MH-011:002), sem er mikill og stór hóll í túninu nálægt bæ. Tóft er á hólnum en hún er að öllum líkindum af útihúsi. Vert er þó að hafa í huga að ekki er óalgengt að aflagðar bænhústóftir væri síðar byggðar upp og notaðar sem smiðjur og/eða útihús og að í slíkum tilfellum megi oft, undir langri röð útihúsa finna leifar bænhúss. Örnefnið Bænhúshóll (MH-009:007) er einnig þekkt á Kirkjubóli. Það ásamt heiti bæjarins bendir til þess að þar hafi verið kirkja eða bænhús en engar frekari heimildir eða sannanir eru fyrir því. Hvorki hafa komið upp bein á Haukagili né á Kirkjubóli.

Tveir mannabeinafundir eru þekktir í hreppnum. Annar þeirra var í Tungunni litlu eða á Bjarnastöðum í landi Kalmanstungu (MH-002:048). Um þann stað segir í Landnámu að Bjarni Sturluson hafi látið gera kirkju[26] og hljóta beinin að vera vísbending um sanngildi þess. Í umfjöllun um Bjarnastaði í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1893 segir að gamalt fólk muni eftir beinfundinum[27] en þau munu hafa fundist vegna uppblásturs á svæðinu. Hinn fundurinn var í Skeggjabungu (MH-003:016) í landi Fljótstungu en þar fundust mannabein árið 1924. Beinin munu hafa borið merki átaka og þótti sannað að þarna væri kominn Skeggi húskarl sem Grettir Ásmundarson vó. Það skal látið liggja á milli hluta. Engar sögur fara af fundnum gripum í Skeggjabungu og flokkast legstaðurinn ekki sem kuml. Hvenær beinunum var komið þarna fyrir er þó ekkert hægt að fullyrða um.

Í hreppnum eru nokkrir meintir legstaðir og dysjar. Í landi Gilsbakka eru örnefnin Hermundarhóll (MH-007:005), Símon (MH-007:055) og Dysin (MH-007:063). Í örnefnaskrá Gilsbakka segir um Hermundarhól að hann sé kenndur við Hermund Illugason og jafnvel talinn haugur hans. Hóllinn er mjög ólíklegur legstaður, enda náttúrulegur að öllu leyti. Símon mun fremur hafa verið minningarmark (um mann sem þar varð úti) en legstaður enda ólíklegt að maðurinn hafi verið lagður þar til hvílu á kristnum tímum[*]. Dysin, sem er skammt utan við túnmörk á Gilsbakka fellur hins vegar ágætlega í staðsetningarmódel kumla sem Adolf Friðriksson fornleifafræðingur hefur sett fram. Í grein sinni *Haugar og heiðni; minjar um íslenskt járnaldarsamfélag* segir Adolf: "Nýjar rannsóknir sýna að kumlstæðin eru ekki valin af tilviljun, heldur var fylgt fáum og formföstum reglum: Kumlin eru ýmist nærlæg, nærri bæjum og **rétt utan túns**, eða fjarlæg, fjarri bæ og jafnvel út við landamerki"[28] Dysin er við

[26] ÍF I, 81.
[27] Árbók 1893, 76.
[*] Símon er biblíunafn og þekkist ekki fyrr en á 12. öld.
[28] Adolf Friðriksson, 2004, 40.

túnjaðar og að sumu leyti virðist hún manngerð. Ekki er þó hægt að fullyrða neitt um hana að svo stöddu. Á Bjarnastöðum er örnefnið Siggudys (MH-008:027), ekki er það líklegur legstaður en dysin virðist að öllu leyti náttúruleg. Á Haukagili er örnefnið Hauksleiði. Það er nú í túni en áður var áberandi þúfa á þessum stað. Þúfan var sléttuð og ekki komu upp nein mannabein svo líklega er ekki um raunverulegan legstað að ræða. Á merkjum milli Síðumúla og Fróðastaða er lítill hóll sem heitir Fróði (MH-017:010). Staðurinn fellur líkt og Dysin vel að staðsetningarmódeli kumla en í grein sinni segir Adolf ennfremur: "Einkum er athyglisvert hve mörg kuml finnast út við jaðar landareigna eða miðja vegu milli bæja. Má vera að þau hafi haft táknrænt gildi sem einskonar landamerki"[29] Einnig er algengt að kumlstæði hafi verið valin við þjóðleiðir en leiðin milli Síðumúla og Fróðastaða lá hjá Fróða. Hóllinn virðist þó að öllu leyti náttúrulegur og engin mannaverk eru sjáanleg á honum.

Útihús og túngarðar

Útihús í túnum og nærri bæjum eru víðast hvar horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum vegna túnasléttunar og byggingaframkvæmda. Á flestum bæjanna sem skráðir voru haustið 2004 sjást alls engar tóftir útihúsa í túnum. Í töflunni hér að neðan sjást tegundir útihúsa á skráningarsvæðinu og fjöldi þeirra sem eru horfin:

Tegund	**Heildarfjöldi**	**þar af horfin**
útihús, nánara hlutverk óþekkt	32	24
Fjárhús	40	32
Lambhús	8	7
Hesthús	19	13
Fjós	13	12
Hrútakofi	2	2
Hænsnakofi	6	4
Hlaða	4	4
Smiðja	10	8
Hjallur	3	3
Alls	**132**	**105**

Hafa skal í huga að sum útihúsanna sem skráð voru hafa fleira en eitt hlutverk og því er fjöldi

[29] Adolf Friðriksson, 2004, 40.

skráðra útihúsa, sem kemur fram í töflunni hér að ofan, ekki sá sami og fjöldi skráðra minjastaða, þ.e. á einum og sama minjastaðnum hafa í nokkrum tilvikum verið útihús með fleira en eitt hlutverk. Einnig ber að athuga að fjöldi fjósa og hlaða í töflunni gefur ekki rétta mynd af fjölda þessara útihúsa í hreppnum, þar sem fjós voru oft sambyggð bæ og því skráð með honum og hlöður oftar sambyggðar þeim útihúsum sem þær þjónuðu fremur en að standa stakar.

Alls eru 105 útihús horfin af 132 eða tæp 80%. Af þeim 27 minjastöðum þar sem ummerki um útihús sjást á yfirborði eru einungis um 12 í góðu ástandi. Þar af eru fjögur fjárhús, eitt fjós, tvö hesthús, einn hænsnakofi, eitt lambhús, ein smiðja og tvær kartöflugeymslur[*]. Af þessum 11 stöðum eru sex sem ekki teljast til fornleifa í lagalegum skilningi, þ.e. eru yngri en 100 ára. Það eru fjárhús á Þorgautsstöðum (MH-014:031), smiðja á Hallkelsstöðum (MH-005:023), hesthús á Kolsstöðum (MH-006:022), hænsnakofi (MH-003:053) og ein kartöflugeymsla (MH-003:056) í Fljótstungu. Þessi mannvirki hafa verið skráð vegna þess að þau eru byggð með gömlu lagi, úr torfi og grjóti og tilheyra byggingarhefð og búskaparháttum fyrri tíma. Aldur hesthúss, sem er í ágætu ástandi, á Síðumúlaveggjum (MH-018:025) er óljós, en líklega er húsið ekki mikið eldra en 100 ára ef það nær þeim aldri. Mikilvægt er að hafa í huga að algengast var að endurbyggja útihús á leifum eldri húsa og því er algengt að undir yngstu tóftunum leynist leifar eldri húsa.

Leifar af túngörðum sjást á níu bæjum af 16 í hreppnum. Víða eru það óverulegir stubbar sem standa eftir af stærri görðum en býsna veglegir túngarðar eru eftir í Fljótstungu (MH002:010), á Kolsstöðum (MH-006:033) og Haukagili (MH-011:037) auk þess sem túngarðurinn á Síðumúlaveggjum (MH-018:007) er heillegur. Flestir garðanna koma vel heim og saman við mörk túna eins og þau eru sýnd á túnakortum frá 1917.

Stekkir og kvíar

Kvíar og stekkir voru á flestum bæjum á Íslandi á 20. öld. Hvoru tveggja voru aðhöld sem voru ómissandi við fráfærur og mjaltir á ám. Yfirleitt voru þau hlaðin úr torfi og grjóti en í seinni tíð fóru þó að tíðkast færikvíar úr trégrindum. Stekkir voru almennt í nokkurri fjarlægð frá bæ, notaðir fyrst á vorin meðan lömbin gengu enn undir mæðrum sínum. Kvíar voru hins vegar oftast í túnum eða túnjöðrum. Í þeim voru ærnar mjólkaðar eftir að lömbin höfðu verið vanin undan þeim og rekin á fjall. Fráfærur tíðkuðust víða fram á 20. öld.

Sökum þess að kvíar voru oft í túnjaðri eru þær sjaldnar varðveittar en stekkir. Alls

[*] Kartöflugeymslan er skráð sem “útihús þar sem nánara hlutverk er óþekkt” þar sem

voru skráðir 42 stekkir í hreppnum. Oftast voru einn eða fleiri á hverri jörð, fyrir utan Tóptahring enda munu einhverjir af þeim sex stekkjum sem skráðir voru á Þorgautsstöðum hafa tilheyrt þeirri jörð. Lengi hefur verið tvíbýli á Þorgautsstöðum og skýrist fjöldi stekkja vafalaust af því. Sex stekkir voru einnig skráðir í Kalmanstungu, fimm í Fljótstungu og fjórir á Kolsstöðum en færri annars staðar. Eflaust hafa einhverjir þeirra sex stekkja sem skráðir voru í Kalmanstungu tilheyrt þeim býlum sem þar voru. Til að mynda er stekkur 002:029 einungis 250 m NNV við Kötlutún en 2,6 km ANA við bæjarþyrpinguna í Kalmanstungu. Einnig eru stekkir 002:026 og 002:117 nær Kötlutúni en Kalmanstungu. Torveldara er að segja til um aðra stekki á jörðinni. Fjölda stekkja í Fljótstungu er erfiðara að skýra, þar ekki eru heimildir fyrir býlum á jörðinni, fyrir utan Fornaból. Fornaból er þó það nálægt bæ að ekki er hægt að fullyrða að stekkur hafi fremur tilheyrt því en bænum. Ekkert býli er þekkt á Kolsstöðum og hljóta allir fjórir stekkirnir sem þar voru skráðir að hafa tilheyrt bænum, þó eflaust á mismunandi tímum. Af þeim 42 stekkjum sem skráðir voru í hreppnum eru tóftir greinilegar á 26 stöðum, á einum stað er einungis þúst greinileg á yfirborði en á 15 stöðum eru öll ummerki stekkja horfin. Af þeim 15 stekkjum sem horfnir eru hafa flestir horfið vegna túnræktar. Tíu stekkjartóftir af 26 í hreppnum eru í slæmu ástandi, illgreinilegar og signar en ástand annarra stekkjartófta er gott. Flestir stekkjanna eru í innan við 1 km radíus frá bæ, oftast eru þeir tvískiptir og í langflestum tilfella er um staka tóft að ræða. Þó eru á nokkrum stöðum hlaðin lítil gerði eða einhverskonar aðhöld við tóftirnar.

Kvíar voru skráðar á 15 stöðum í Hvítársíðu á 13 jörðum, þrennar kvíar voru skráðar í Fljótstungu. Ummerki kvía eru greinileg á yfirborði á níu stöðum. Svo virðist sem tóft (MH-014:017) á Þorgautsstöðum hafi verið notuð ýmist sem stekkur eða kvíar og er það eina dæmið um slíkt. Af þeim níu kvíarústum sem skráðar voru í hreppnum eru þrjár mjög signar og lítt áberandi, það eru kvíar á Haukagili (MH-011:019) og tvær kvíarústir í landi Fljótstungu (MH-003:009 og 011). Á Kolsstöðum hurfu kvíarnar er hesthús var byggt yfir þær (MH-006:022) en annars staðar eru þær oftast horfnar vegna túnræktar, gjarnan þegar tún voru stækkuð. Ekki voru skráðar kvíar á fjórum jörðum: Gilsbakka, Bjarnastöðum, Tóptahring og Síðumúla. Færikvíar voru notaðar á Gilsbakka í seinni tíð, kvíar á Þorgautsstöðum hafa að öllum líkindum einnig verið kvíar frá Tóptahring, enda bæirnir nálægt hvor öðrum en ekki er ljóst hvar eða hvernig fært var frá á Bjarnastöðum, í Síðumúla né heldur á Gilsbakka áður en færikvíarnar þar voru teknar í notkun. Flestar kvíarústanna eru innan við 200 m frá bæ, stakar og einfaldar, þó tvískiptar og jafnvel þrískiptar kvíar þekkist einnig.

“kartöflugeymsla” er ekki þekkt hlutverk í gagnagrunninum sem skráningin tilheyrir.

Sel og beitarhús

Alls voru 18 sel skráð í hreppnum. Víða hefur verið haft í seli bæði í Kjarardal og á Síðufjallinu, ofan bæja, enda kostir heiðarlandsins mikils metnir og ómetanleg auðlind hreppsins fyrr á tímum. Selfarir hafa að líkindum lagst af á flestum bæjum á ofanverðri 18. öld en lengst var haft í seli, svo vitað sé, frá Síðumúla (MH-017b:001).

Þrettán sel voru skráð í heimalandi jarðanna í hreppnum. Af þeim stöðum eru greinilegar tóftir á átta stöðum. Heimildarmenn könnuðust við tóftir á þremur stöðum til viðbótar (tóftir Kúastapasels í landi Kolstaða (MH-006:034), Siggusels (MH-008:026) í landi Bjarnastaða og Magnúsarsels (MH-004:022) í landi Þorvaldsstaða). Rústir Kúastapasels og Siggusels eru sagðar ógreinilegar í örnefnaskrám jarðanna og eru nú líklega alveg horfnar en rústir Magnúsarsels eiga að vera greinilegar en fundust ekki við vettvangsrannsókn þrátt fyrir ítrekaða leit. Sellækur á Bjarnastöðum (MH-008:032) og örnefnið Selið á Fróðastöðum (MH-016:020) benda til selja en á hvorugum staðnum eru þekktar tóftir, bæði selin voru þó staðsett með hniti. Að auki voru skráðar tóftir í landi Gilsbakka (MH-007:012) sem líklega eru af seli þótt hlutverk þeirra sé ekki þekkt og hugsanlega hefur verið sel á Halldórstóftum (MH-002:074) líkt og Árni og Páll geta sér til um í Jarðabókinni. Hnit voru tekin á öllum þessum stöðum, fyrir utan Magnúsarsel. Siggusel og Kúastapasel voru því staðsett þótt engar rústir sæjust á yfirborði. Áhugavert er að af þeim 12 tilfellum þar sem staðsetning seljanna er þekkt eru fjögur sel í aðeins um 1 km fjarlægð frá bæ. Það eru tvö sel á Bjarnastöðum (MH-008:026 og 032), eitt á Kolsstöðum (MH-006:040) og eitt á Fróðastöðum (MH-016:020). Greinilegt er að haft hefur verið í seli, svo nálægt bæ á Kolstöðum til að koma fénu upp fyrir skógjaðar, en sauðfjárbúskapur hefur verið torveldur á svæðinu í kringum bæ vegna skógarins sem þar er. Leiða má líkur að því að sú hafi einnig verið raunin á Bjarnastöðum og á Fróðastöðum, þótt þar sé nú ekki lengur skógur. Fimm sel voru skráð í afréttarlandi hreppsins. Af þeim stöðum eru tóftir greinilegar á þremur stöðum. Bjarnastaðasel (MH-007b:003)fannst ekki á vettvangi og engar greinilegar tóftir eru í Sámsstaðaseli (MH-012b:001) þó rústahóllinn standi enn. Tóftir voru hins vegar skráðar á Gilsbakkaeyrum (MH-007b:002), við Svínalæk (MH-002b:002) og við Bleikjupoll í Hæðarsporði (MH-002b:005). Hlutverk þessara tófta eru ekki þekkt en staðsetning þeirra og umhverfi eru líkleg selstæði.

Á þeim selstæðum, sem skráð hafa verið, þar sem tóftir eru greinilegar eru þær í flestum tilvikum fleiri en ein á hverjum stað. Flestar eru þær í Sigguseli (MH-003:013) í landi Fljótstungu og í Síðumúlaseli (MH-017b:001), eða fimm. Tóftirnar í Síðumúlaseli eru þó líklega ekki allar tengdar selför heldur leifar býlisins sem þar var eftir að selför lagðist niður.

Þar sem tóftirnar eru fleiri en ein eru þær yfirleitt mismunandi að stærð og jafnan einfaldar. Á þremur stöðum er einungis ein tóft greinileg, það er í Kleppaseli í landi Fljótstungu (MH-003:014), Dalseli í landi Þorvaldsstaða (MH-004:021) og Haukagilssel (MH-011:013) á Haukagili. Í Dalseli og Haukagilsseli eru tóftirnar þó fremur stórar og tvískiptar, en Kleppasel er miðlungs stór og einföld tóft. Hvergi voru garðlög greinileg við selin. Selin eru í langflestum tilvika staðsett við læk eða lind, í góðu beitilandi og sum hver þar sem náttúran myndar gott aðhald í kringum tóftirnar, með náttúrulegum giljum og brekkum.

Beitarhús, þ.e. fjárhús í úthögum, voru skráð á fjórum jörðum. Frá Gilsbakka, á gömlu bæjarstæði Höggvandastaða (MH-007:031) og á Hraunhúseyrum (MH-007:023), frá Kolsstöðum í svo kölluðu Fjárhústúni (MH-006:004 og MH-006:005), Gömluhús frá Fróðastöðum (MH-016:018) og Síðumúlahús (MH-017:020) í landi Síðumúla. Tóftir Gömluhúsa, beitarhúsanna á Höggvandastöðum og Síðumúlahúsa sjást enn. Sléttað hefur verið yfir beitarhúsin á Hraunhúseyrum og beitarhúsin á Kolsstöðum eru horfin undir byggingar. Beitarhúsin eru flest í um 1 km fjarlægð frá bæ. Lengst frá bæ eru Síðumúlahús, sem eru um 1,6 km frá bænum á Síðumúla og næst bæ eru beitarhúsin á Fróðastöðum sem eru um 600 m frá Fróðastaðabænum. Tóftir þeirra beitarhúsa sem enn sjást eru mismunandi að gerð. Tóftirnar á Höggvandastöðum eru garðahús með hlöðu eða heygarði aftan við en tóftirnar á Fróðastöðum hafa hins vegar ekki garða. Erfitt er að segja til um hvernig beitarhúsin á Síðumúla, Síðumúlahús, hafa litið út þegar þau voru nýtt sem beitarhús, en áður en notkun húsanna féll niður var búið þar. Tóftin skiptist í allmörg hólf og er garði í einu þeirra. Flest beitarhúsanna féllu úr notkun snemma á 20. öld.

Mótekja og torfrista

Á skráningarsvæðinu eru 16 staðir á níu jörðum þekktir þar sem mór var tekinn. Auk þess eru þekkt örnefni á Sámsstöðum og í Hvammi sem benda til mótekju þó ekki sé vitað nákvæmlega hvar mór hafi verið tekinn þar. Af þeim 16 stöðum sem þekktir eru sáust greinileg ummerki mógrafa á 11 þeirra. Þar af eru fjórar mógrafir í landi Síðumúla, tvær á Þorgautsstöðum, ein á Hallkelsstöðum, Haukagili, Bjarnastöðum, Háafelli og Þorvaldsstöðum. Einungis einn mókofi er þekktur, á Hallkelsstöðum (MH-005:019). Mógrafirnar eru mestar á bæjunum neðst í Síðunni, á Háafelli, Þorgautsstöðum og í Síðumúla. Þær jarðir sem hafa aðgang að skógi hafa eflaust einnig notað við til upphitunar og gæti það skýrt hvers vegna gröfunum fjölgar eftir því sem neðar dregur í Síðuna, því þá hverfur skóglendið.

Fjórtán torfristustaðir voru skráðir í hreppnum á 10 jörðum. Hvergi voru ummerki

ristunnar sjáanleg enda gróa slík ör tiltölulega fljótt.

Refagildrur

Átta refagildrur voru skráðar í hreppnum og eru ummerki þeirra greinileg á sjö stöðum sem verður að teljast harla gott þar sem algengt er að refagildrur hrynji saman og týnist á tiltölulega skömmum tíma. Á Þorgautsstöðum er örnefnið Gildruholt það eina sem bendir til gildru. Af hinum gildrunum sjö eru fjórar í mjög góðu ástandi; það eru gildrurnar þrjár á Gilsbakka (MH-007:064, 065 og 066) og gildran í Fljótstungu (MH-003:061). Gildran í Fljótstungu er ekki fornleif í lagalegum skilningi en er skráð vegna minjagildis hennar. Gildran í Hvammi (MH-010:017) var í mjög góðu ástandi þar til fyrir nokkrum árum þegar hún var tekin í sundur og varða byggð úr grjótinu. Stokkur hennar er þó enn greinilegur í ágætu standi. Gildrurnar á Þorvaldsstöðum (MH-004:009) og Síðumúlaveggjum (MH-018:010) eru hrundar.

Refagildrur eru rúmlega 1 % þeirra fornleifa sem skráðar voru í hreppnum, átta gildrur á 17 jörðum. Til samanburðar eru samtals þekktar 167 refagildrur á þeim 3812 jörðum sem skráðar hafa verið af Fornleifastofnun Íslands og gerir það einungis um fjórðung úr prósentu skráðra minja (0,25% minjastaða). Fáar eru í eins góðu ástandi og gildrurnar í Gilsbakkalandi. Fjöldi gildra í hreppnum skýrist að nokkru leyti af landslagi sveitarinnar, fjalllendi til norðurs og í Króknum hraunbreiður til suðurs. Einnig má þó vel hugsa sér að bændur Hvítársíðu hafi verið öðrum duglegri að útrýma þeim óvini sem tófan er sauðfjárbændum. Í *Atla*, riti Björns Halldórssonar frá 1780, er nákvæm lýsing á því hvernig byggja skuli tófugildru. Í ritinu segir:

> *"Þú ert skyldur, eftir lögréttumannasamþykki 1680 að veiða einn melrakka gamlan eða tvo unga á 12 mánuðum hverjum eða greiða tvær álnir í mat fyrir fardaga. Hér veiðast refir mest með byssu, dýrabogar leggjast mjög af, sem er þó hægari veiðar og kostnaðarminni. En allra minnst kostar þig að gjöra þér tóugildru .... En hún er gjörð eftir forskrift nokkurs gamals prests, sem gaf mér hana, og með því sá umbúningur er nú flestum ókenndur, hér í grennd, vil eg segja þér hana. Hún er þessi:*
>
> 1. *Gildran sé hlaðin á hellu eða grjótgrundvelli sem tóft eða kvíar, nokkuð lengri og hærri en tófa kanna að vera en svo þröng að tófa geti ekki snúið sér þar inni.*
> 2. *Í gafli miðjum standi tréhæll, afsleppur að neðanverðu.*
> 3. *Síðan er byggt yfir þessa tóft með grjóti svo það hlað hafi hæð sjálfrar jarðarinnar.*
> 4. *Innar við gaflinn skal vera svo mikið op að þar verði bæði náð inn til að egna*

og líka að veiðin megi þar út takast ef á þarf að halda.

5. *Strengur með lykkju á endanum, smokkaður á hælinn, liggur svo upp úr þessu opi, yfir áminnstu grjóthlaði allt til dyra. Þar er krossbundinn hella (eða með gati) í hans öðrum enda, sem tilætlað er að niður detti, og því skal grjóthlaðið vera svo þykkt sem hæð hellunnar verður að vera.*
6. *Fyrri framan dyrnar standi fallega kantaðir steinar, sinn hvoru megin ei svo langt frá að hellan hafi nóga þröm eða pláss til að falla í millum þeirra og gildruveggjanna. En fyrir ofan lykkjuna á hælnum hangir agnbiti á annarri lykkju, svo tilætlað er að tófa kippi strengnum fram af undir eins og agninu.*
7. *Þegar gildran er tvídyruð þá er sín hellan við hvorn enda, eins og fyrr segir um þá eindyruðu, en agnhællinn í miðjum vegg annarrar hvorrar langhliðar og á honum báðir hellustrengirnir.*
8. *Líklegt er að tófur séu óvarari við þá tvídyruðu. Loksins er agnopið með grjóti byrgt og allt látið verða sem líkast náttúrulegu grjótholti. Þetta er forskriftin".*[30]

Af umfjöllun Björns um tófugildrur má ætla að notkun þeirra hafi ekki verið algeng þegar *Atli* kom út í lok 18. aldar. Birni hefur fundist ráð að hvetja menn til að byggja gildrur og jafnframt talið nauðsynlegt að útlista hvernig það skuli gert. Í grein undir fyrirsögninni Fréttir í *Reykjarvíkurpóstinum* árið 1847 er rætt um þann skaða sem tófan veldur og allir landsmenn hvattir til að skera upp herör gegn skaðvaldinum. Þar segir:

> *"Það er eins og allir vita mörg aðferðin til að vinna tóu, en ekki má telja að brúkuð sé, að minnsta kosti hér sunnanlands, nema sú eina, að það er byssu veiðin. ... Dýrabogar eru nú orðnir mjög sjaldséðir, og teljum vér það mikinn skaða, því drjúgir hafa þeir reynst þeim, sem kunnað hafa með að fara, og öllu hægri og kostnaðar minni eru þeir heldur enn byssan. ... Enn er ein aðferðin, sem víða var tíðkuð hér á landi fyrrum, en nú má segja að því nær enginn beri við, það er að hafa refagildrur"*[31]

Reykjavíkurpósturinn birtir svo að lokum forskrift Björns um hvernig skuli byggja gildrur "...til þess menn geti ekki borið fyrir sig, að þeir kunni ekki að búa til refagildru...". Gilsbakkagildrurnar samræmast forskrift Björns sem og gildran í Hvammi. Hún hefur þó líklega verið mun lágreistari en gildrurnar á Gilsbakka, en lýtur sömu lögmálum. Ekki er hægt að fullyrða um byggingarlag gildranna á Þorvaldsstöðum og Síðumúlaveggjum. Þær hafa þó líklega að ýmsu leyti verið ólíkar fyrrnefndum gildrum þar sem þær voru hlaðnar á milli tveggja grjóthnullunga. Hvort gildrurnar í Hvítársíðu hafa verið byggðar eftir hvatningarorð

[30] Atli: Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal 1983, 166-67.
[31] Reykjavíkurpósturinn nr. 2, 1846, 26-28.

Björns Halldórssonar eða *Reykjavíkurpóstsins* verður ekki skorið úr um að þessu sinni. Ef þær hafa verið byggðar fyrr benda fyrrgreindar heimildir til þess að þær séu allfornar.

Hellar

Landslag í Hvítársíðu er um margt sérstakt þar sem Hallmundarhraunið breiðir úr sér milli ár og fjalls innst í Króknum. Í hrauninu sem víðast hvar er mosavaxið helluhraun leynast djúpar gjótur, hellisskútar og stærstu hellar á Íslandi. Við fornleifaskráningu voru skráðir þeir hellar þar sem mannvistarleifar voru þekktar í eða við hellana. Samtals voru skráðir tólf hellar í hreppnum. Þar af eru þrír sem notaðir voru sem fjárskýli, tveir í landi Fljótstungu (MH-003:035 og 036) og einn á Kolsstöðum (MH-006:020). Í átta hinna hellanna hafa fundist hleðslur og eða bein sem eru til vitnis um að hafst hafi verið við í þeim í lengri eða skemmri tíma. Það eru Víðgelmir (MH-003:015), Bergþórshellir (MH-003:017), Surtshellir (MH-002:064), Hallmundarhellir (MH-002:122), Sauðaskál (MH-002:123), Franzhellir (MH-002:124), Eyvindarhola (MH-002:125) og Beinahola (MH-MH-002:126). Tólfti hellirinn er Stefánshellir í landi Kalmanstungu (MH-002:064). Þessir hellar eru merkilegar minjar og um margt forvitnilegar. Þeir hafa ævintýralegt yfirbragð og hafa blásið á glæður ýmissa þjóðsagna um útilegumenn og sauðaþjófa.

Fornleifarannsóknir í Víðgelmi benda til þess að dvalist hafi verið í hellinum á síðari hluta 10. aldar.[32] Hellirinn er því afar merkilegur burtséð frá ótvíræðum mikilfengleika hans frá sjónarhorni jarðfræðingsins. Mannvistarleifar í Surtshelli eru einnig taldar vera frá fyrstu árum Íslandsbyggðar[33]. Samkvæmt Landnámu drápu Torfi Valbrandsson og Illugi svarti átján Hellismenn á Hellisfitjum[34]. Hellisfitjar munu vera þar sem nú eru nefndar Fugleyrar og eru fyrir utan Surtshelli. Það verður því að teljast líklegt að Hellismenn hafi verið kenndir við Surtshelli. Hvað sem sanngildi sögunnar um Hellismenn líður, þá er ljóst að Surtshellir hefur verið þekktur á 13. öld þegar Landnáma var rituð. Hallmundarhellis er getið í Grettissögu sem talin er rituð í upphafi 14. aldar[35] og má telja að hellirinn hafi þá verið þekktur og jafnvel að vitað hafi verið til þess að búið hafi verið í honum. Það eru þó hreinar getgátur þar til frekari rannsóknir hafa farið fram í hellinum. Sauðaskál er um 750 m austan við Hallmundarhelli. Hleðslan þar er lítil og ekki líklegt að hafst hafi verið við í hellinum að staðaldri. Hugsanlega tengist hún sauðaþjófnaði en hvort hún er verk sömu manna og höfðust við í Hallmundarhelli

[32] Árbók 1998, 125-140.
[33] ÚAT, 40.
[34] ÍF I, 75.
[35] Íslensk bókmenntasaga II, 1993,144.

er ómögulegt að fullyrða.

Mannvistarleifar í hellunum/gjótunum við Reykjavatn, Franzhelli, Eyvindarholu og Beinaholu eru jafnan tengdar útilegumönnunum, Fjalla-Eyvindi, Höllu, og Jóni Franz. Fjalla-Eyvindur og Halla eru talin hafa lagst út á Arnarvatnsheiði við Reykjavatn eftir að þau hröktust frá Hveravöllum á árunum 1761-2[36] og er Eyvindarhola kennd við Eyvind. Jón Franz var seinna á ferð við Reykjavatn en hann var handtekinn í Franzhelli árið 1814. [37] Jafnan er talið að minjarnar í Franzhelli séu frekar verk Eyvindar en Jóns.[38] Beinahola er líklega einhvers konar forðabúr en ómögulegt er að segja frá hvaða tíma hún er að svo stöddu. Það er því ljóst að hellarnir í Hvítársíðu geyma merkar minjar og frekari rannsóknir á þeim ættu að geta varpað skýrara ljósi á nýtingu þessara náttúrufyrirbæra.

Leiðir og vöð

Alls voru skráðar 68 leiðir í Hvítársíðuhreppi. Langflestar þeirra eru styttri eða lengri leiðir innan jarða, s.s. heybands- og smalaleiðir, leiðir að seljum, stekkjum eða jafnvel kvíum, ásamt heimreiðum. Nokkrar leiðanna sem skráðar voru eru á milli bæja í Síðunni, annað hvort á milli tveggja skilgreindra bæja eða þjóðleiðin um Síðuna, sem legið hefur hjá flestum bæjum. Fimm leiðanna liggja út úr hreppnum. Leið MH-017:024 liggur frá Síðumúla yfir Síðumúlahálsinn og yfir í Þverárhlíð, leið MH-002:036 liggur frá Kalmanstungu að Helluvaði (002:072), leið MH-002b:006 er svo framhald þeirrar leiðar upp á Arnarvatnsheiði og áfram til norðurs. Leið MH-002:045 liggur hjá Skollhóli en þar var talið jafnlangt, ein þingmannaleið, að Búðará við Arnarvatn stóra, á Hofmannflöt í Þingvallasveit, að Mannamótsflöt við Hesthála og Hestaþingseyrar við Norðurá og loks eru Núpdælagötur MH-002b:025. Þær liggja frá Núpdælavaði (002:069) á Norðlingafljóti og yfir Arnarvatnsheiði til Austurárdals eða Núpdals í Húnavatnssýslu.

Hvítá hefur áður verið einn helsti farartálmi svæðisins, enda er hún látin skipta hreppum, sýslum og fyrr jafnvel landshlutum. Alls voru sjö vöð skráð á ánni og fjórir ferjustaðir. Að auki eru heimildir fyrir brú yfir Kljáfoss, allt frá 13. öld (MH-017:016). Göngubrú var byggð yfir ána við Barnafoss árið 1891 (MH-007:015) og snemma á 20. öld voru uppi áform um að gera göngubrú yfir ána skammt neðan við Farveginn í Kalmanstungu (MH-002:053). Þá skemmdi áin annan stöpulinn ófullgerðan og var fallið frá framkvæmdum. Brúarstöplar eru einnig ofan við Veitufoss sem voru samkvæmt örnefnaskrá Kalmanstungu

[36] ÚAT, 30
[37] s.r. , 54
[38] s.r. , 56.

áður notaðir fyrir lausabrú (MH-002:028). Þá var göngubrú yfir Hvítá hjá Hraunsnefi (MH-002:089), ein af þeim fyrstu sem steypt var yfir ána og sjást stöplar þeirrar brúar enn. Tvær síðast töldu brýr munu hafa verið byggðar til að auðvelda vetrarbeit sauðfjár frá Kalmanstungu í Geitland. Norðlingafljót er annað vatnsfall í hreppnum sem hindrað hefur för manna og voru alls 17 vöð skráð á því.

Sæluhús

Alls voru 11 staðir skráðir með hlutverkið sæluhús í hreppnum. Sex þeirra eru leitarmannaskálar en fimm munu hafa verið nýttir sem veiðikofar. Það má þó ætla að skálarnir hafi verið notaðir eins og hentaði hverju sinni, jafnt sem sæluhús á ferðalögum, leitarmanna- og veiðikofar. Leitarmannaskálarnir eru í Gilsbakkaseli (MH-007b:004), tveir við Úlfsvatn (MH-002b:019 og 023), í Krummavatnshæðum (MH-002b:011), við Reykjavatn (MH-002:127) og í Álftakrók (MH-002b:008). Tóftir sjást á öllum þessum stöðum, bæði af skála og hesthúsi á þremur, í Gilsbakkaseli, í Austurlækjarbrekkum við Úlfsvatn (MH-002b:019) og í Álftakrók. Tóftirnar af skálunum eru allar einfaldar og fremur litlar, svo ekki hefur verið rúmt um gangnamenn. Þær eru flestar vel farnar og stæðilegar en verst farin er tóftin í Gilsbakkaseli. Tóftinni í Krummavatnshæðum hefur verið breytt síðan hún gegndi hlutverki sínu sem leitarmannakofi og er því ekki upprunaleg að fullu. Skálinn við Reykjavatn mun vera elstur þessara skála, en hans er getið í frásögnum af handtöku Jóns Franz árið 1814.[39] Þá er skálinn við Mókoll, við Úlfsvatn (MH-002:023) frá seinni hluta 19. aldar, en hans er getið í frásögnum af leitum frá árinu 1887.[40] Aðrir skálar voru reistir í byrjun 20. aldar.[41] Enn eru leitarmannakofar í Gilsbakkaseli, í Austurlækjarbrekkum við Úlfsvatn og í Álftakrók og standa þeir skammt frá tóftum eldri skála. Skálinn í Krummavatnshæðum var einungis notaður í fáein ár en staðsetning hans þótti afar óheppileg.

Veiðikofarnir fimm eru Valstrýta við Nyrðra Kvíslarvatn (MH-007b:010), tveir við Grunnuvötn, á Þríhaus (MH-007b:012) og í Skálatanga (MH-007b:011), við Veiðitjörn (MH-002b:012) og við Arnarvatn litla (MH-002b:010). Tóftir eru sjáanlegar á öllum þessum stöðum nema á Þríhaus við Grunnuvötn en þar fundust engar mannvistarleifar. Tvær tóftir eru á tveimur stöðum, í Skálatanga og við Arnarvatn litla. Á báðum stöðunum er önnur tóftanna mjög ógreinileg og líklega undanfari hinnar sem betur stendur. Veiðikofatóftirnar eru allar mjög litlar og hafa í besta falli rúmað tvo til þrjá menn. Þær eru flestar í ágætu ásigkomulagi

[39] Úr byggðum borgarfjarðar II, 306-307.
[40] GR II, 355.
[41] BB III, 360.

og vel greinilegar. Erfitt er að ákvarða aldur tóftanna og ekki liggja neinar heimildir á lausu um hvenær veiðikofarnir voru byggðir. Veiði hefur eflaust verið stunduð á heiðinni frá upphafi byggðar svo líklegt er að menn hafi snemma ráðist í kofabyggingar.

VI. Niðurstöður

Tölfræði og hættumat

Fornleifaskráningu í Hvítársíðuhreppi er nú lokið og má ælta að með henni fáist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa í hreppnum. Gengið var á langflesta þekkta minjastaði og við þá yfirreið fundust nokkrir minjastaðir sem áður voru óþekktir. Heildarfjöldi skráðra minja reyndist 783. Fornleifaskráning er þarfur grundvöllur og undirbúningur að hvers lags frekari úttekt á fornleifum, s.s. nákvæmum uppmælingum, prufuskurðum og uppgreftri. Þeirri vinnu er hér með lokið og því möguleikar á frekari rannsóknum í Hvítársíðu meiri og betri en nokkru sinni fyrr. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þeirra sem á annað borð var unnt að flokka:

hlutverk	fjöldi
aftökustaður	2
áfangastaður	3
áveita	4
beitarhús	5
brunnur	10
brú	6
bústaður	22
býli	14
bænhús	3
draugur	4
eldhús	1
eyktarmark	5
ferja	2
fjárhús	40
fjárskýli	5
fjós	13
geitakofi	2
herminjar	3
hesthús	19
heygarður	5
heygryfja	4
heystæði	1
hjallur	3
hlaða	4
hlóðir	1
hrútakofi	2
huldufólksbústaður	5
hænsnakofi	6
kálgarður	3
kirkja	3
kláfferja	1
kolagröf	3
kvíar	13
lambhús	8
landamerki	45
legstaður	7
leið	69
leikvöllur	2
lögn	4
manndómsraun	1
mógrafir	19
mylla	2
naust	2
nátthagi	8
rauðablástur	1
refagildra	8
rétt	20

hlutverk	fjöldi
rista	14
samgöngubót	2
sel	17
skotbyrgi	1
smalakofi	13
smiðja	10
stekkur	42
sundlaug	2
sæluhús	13
sögustaður	1
tjaldstæði	5
traðir	11
túngarður	12
útihús	32
útilegumannabúst.	3
vað	41
varnargarður	1
vatnsból	5
vígi	3
vörslugarður	1
þingstaður	1
þvottalaug	2
þvottastaður	6

- Um 270 fornleifar eru með öllu horfnar, yfirleitt vegna túnasléttunar og bygginga en einnig vegna rofs af völdum vatns eða vinda, vegagerðar eða rasks af öðru tagi. Langflestar fornleifar í þessum flokki eru nærri bæjum, yfirleitt í heimatúni.
- Tóftir sjást á alls 124 stöðum.
- Að auki sjást víða annars konar mannvirki sem ekki flokkast undir tóftir: 12 þústir, 17 garðlög, 7 gerði og 42 hleðslur af öðru tagi.
- Hættumat var gert fyrir alla minjastaði sem fundust við vettvangsrannsókn. Matið skiptist þannig:

hættumat	**fjöldi**
engin hætta	390
hætta	344
stórhætta	15

Staðir sem eru ekki í hættu eru yfirleitt fjarri bæjum. Allir staðir sem eru í heimatúnum eða nærri hugsanlegum framkvæmdum teljast í hættu en í stórhættu eru einungis þær fornleifar sem eru í námunda við stórframkvæmdir eða á barmi eyðileggingar. Hættu orsakir eru eftirfarandi:

hættuorsök	**fjöldi**
vegna ábúðar	269
vegna trjáræktar	29
vegna rofs	23
vegna jarðræktar	14
vegna rasks	9
vegna efnistöku	3

Fornleifar teljast í hættu vegna ábúðar ef þær eru nálægt mannabústöðum, á eða undir bæjarstæðum eða í íbúðarhverfum; vegna jarðræktar ef þær hafa verið sléttaðar undir tún eða aðra jarðrækt; vegna trjáræktar ef þeim er ógnað af trjágróðri; vegna efnistöku ef eitthvert jarðvegsnám á sér stað nálægt minjastaðnum, grjótnám eða annað; vegna rofs ef þær eru í hættu vegna uppblásturs eða vatnsrofs og vegna rasks eru fornleifar sem eru í hættu af ágangi manna eða dýra eða öðrum óskilgreindum ástæðum.

Samtals voru 14 minjastaðir taldir í stórhættu af ýmsum orsökum. Í stórhættu teljast þeir minjastaðir þar sem sýnt þykir að ef ekkert verði að gert muni minjastaðurinn skemmast verulega eða jafnvel hverf á næstu árum/áratugum. Eftirfarandi fornleifar teljast í stórhættu:

- **Kalmanstunga:**
    1. Bæjarstæðið (001). Talsvert hefur verið plantað af trjám þar sem bærinn stóð og ógna þeim fornleifum sem þar leynast undir sverði.
    2. Surtshellir (039). Minjar í Surtshelli eru í stórhættu vegna ágangs ferðamanna.
    3. Tóft (078). Tóftin er inni í birkiskógi og tré vaxa í henni norðaustanverðri.
    4. Tóft (079). Tóftin er inni í birkiskógi og tré vaxa í henni allri.
    5. Tóft (044). Tóftin er inni í birkiskógi sem ógnar henni.
    6. Garðlag (083). Garðlagið liggur í birkiskógi og tré vaxa á því.
    7. Gerði (084). Gerðið er við birkiskóg sem ógnar því.
    8. Bjarnastaðir (048). Tóftirnar eru á mörkum uppblásins rjóðurs og þétts birkiskógar. Birki vex á hluta tóftar (048c) og þar sem meint kirkja er sögð hafa verið (048d) er allt blásið niður í urð og grjót.
- **Kolsstaðir:**
    1. Bjargarstekkur (039). Stekkurinn er alveg horfinn inn í birkiskóg og fannst af þeim sökum ekki á vettvangi.
    2. Stekkur (043). Stekkurinn er horfinn, líklega í birkiskóg.
- **Gilsbakki:**
    1. Þórðargerði (056). Birkiskógur vex allt í kringum rústirnar og er garðlagið í kringum þær er að hluta horfið í skóg.
- **Kirkjuból:**
    1. Kvíatóft á Kvíabóli (018). Trjám hefur verið plantað umhverfis og í tóftina.
- **Þorgautsstaðir:**
    1. Túngarður (036). Trjám hefur verið plantað ofan við og í túngarðinn.
- **Síðumúli:**
    1. Bæjarhóll (001). Efni hefur verið tekið úr bæjarhólnum og er nú dæld í hann norðaustanverðan af þeim sökum.
    2. Öskuhaugur (018). Efni hefur verið tekið úr bæjarhólnum sem öskuhaugurinn er á, fast austan við hauginn.

Kynning og varðveisla

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Menningartengd ferðaþjónusta er tiltölulega nýtt hugtak hér á landi en verður vafalaust vaxandi atvinnugrein á komandi árum.

Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Slík skilti hafa t.d. verið sett upp á Hengilsvæðinu og gefið góða raun.

Friðlýstir fornleifastaðir eru þrír í hreppnum. Rúst Bjarnastaða og dysjaleifar í Tungunni litlu (MH-002:048), Halldórstóftir (MH-002:074) og grjóthringur eða tóft og önnur mannvirki í Surtshelli (MH-002:039). Allar þessar fornleifar voru friðlýstar árið 1931.[42]

Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi. Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Eftirtaldir staðir skara þó framúr að einhverju leyti og hafa mikið varðveislu-, rannsóknar- eða kynningargildi:

Bæjarhóllinn á Fróðastöðum (MH-016:001) er best varðveitti bæjarhóllinn í hreppnum og hefur sem slíkur ótvírætt rannsóknargildi. Bæjarhólar eru án efa merkastir allra minjastaða. Í þeim eru upphlaðin mannvistarlög og þar finnast oft merkir gripir. **Bæjarhólarnir í Síðumúla (MH-017:001) og á Bjarnastöðum (MH-008:001)** eru einnig nokkuð vel varðveittir og sérstaklega er **öskuhaugurinn (MH-017:018)** stór og mikill í Síðumúla. Öskuhaugar eru mikilvægar heimildir um mataræði og lifnaðarhætti og því hefur hann mikið rannsóknargildi.

Bænhúshóll á Haukagili (MH-011:002) er stór og mikill hóll og eflaust að nokkru leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir að munnmæli séu um bænhús á Haukagili sem hafi fallið úr notkun fyrir manna minni en enn sjáist tóftarleifar. Sú tóft sem nú er á hólnum er eflaust mun yngri en engu að síður er hóllinn spennandi rannsóknarverkefni enda gætu reynst áhugaverðar minjar undir sverði.

[42] Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990.

Kynningar- og rannsóknargildi hellanna, **Víðgelmis (MH-003:015) og Surtshellis (MH002:039)**, þarf vart að tíunda. Rannsóknir eða athuganir hafa farið fram í báðum þessum hellum. Vel er staðið að kynningu hellanna nú og eru leiðir að þeim merktar með skiltum. Þeir eru góð dæmi um menningartengda ferðaþjónustu í hreppnum þar sem vel hefur til tekist. Minjarnar í Surtshelli eru þó í stórhættu vegna ágangs ferðamanna og nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til að sporna gegn því.

Umfang mannvistarleifa í **Hallmundarhelli (MH-002:122)** er töluvert og bendir til búsetu í lengri tíma. Miklar hleðslur eru í hellinum og ljóst að þar hefur ekki verið tjaldað til einnar nætur. Minjarnar eru vel varðveittar en eru í hættu vegna sands sem safnast upp við hellismunnann. Þær hafa ótvírætt varðveislu- og rannsóknargildi en hellirinn hentar illa til kynningar þar sem erfitt er að komast að honum.

Útilegumannminjar við **Reykjavatn (MH-002:124, 125, 126)** eru einstaklega spennandi og sveipaðar ævintýrablæ. Þær henta vel til kynningar en vanda yrði alla framkvæmd þar sem ljóst er að við aukin ágang gætu viðkvæmar minjarnar spillst. Þar eru einnig ónýtt rannsóknartækifæri sem varpað gætu ljósi á búsetu svo fjarri mannabyggðum.

Reykjavatnsskáli (MH-002:127) er heilleg tóft við Reykjavatn og ein af elstu skálatóftunum sem þekktar eru á Arnarvatnsheiði. Sem slík hefur hún varðveislu- og rannsóknargildi

Beitarhús á Höggvandastöðum (MH-007:031) eru vel varðveitt og að mörgu leyti gott dæmi um beitarhús. Þau hafa því kynningargildi sem slík en ekki má gleyma að undir sverði leynast býlisrústir Höggvandastaða sem eru áhugavert rannsóknarefni.

Rústir í Þórðargerði (MH-007:056) eru í stórhættu sökum birkiskógar sem umkringir þær og sækir sífellt á. Ekkert er vitað fyrir víst um eðli og aldur rústanna og því eru þær ekki einungis spennandi heldur einnig áríðandi rannsóknarefni. Aðrar meintar býlisrústir sem lítið er vitað um eru rústir **Teitstótta (MH-013:013)**. Einungis ein tóft er eftir af þyrpingunni sem þar var áður og mikilvægt að henni verið ekki raskað, þar sem hún geymir nú einu vísbendingarnar um hið meinta býli.

Tófugildrurnar í landi Gilsbakka (MH-007:064, 065 og 066) eru einstaklega vel varðveittar og vel gerðar. Þær eru minnisvarði um forna veiðiaðferð og hafa mikið kynningargildi. Sérstaklega má hugsa sér að gildra MH-007:066 sem er í norðurjaðri Gráhrauns geti hentað vel til kynningar þar sem aðkoma að henni er auðveld. Kynningu á henni mætti jafnframt flétta inn í kynningu á **Barnafossi (MH-007:014) og varðaðri leið yfir hraunið (MH-007:016)** þar sem gildran er skammt frá henni. Leiðin er auk þess skemmtileg gönguleið í fallegu umhverfi.

Einungis ein **fjóstóft** er þekkt í hreppnum. Hún er á Fróðastöðum **(MH-016:002)** austan bæjarhólsins og er vel varðveitt. Þar sem hún er eina sinnar tegundar á skráningarsvæðinu hefur hún ótvírætt varðveislugildi.
Fáar dæmigerðar **kvíatóftir**, sem hafa einungis haft það hlutverk, eru eftir í hreppnum og af þeim eru tvær sem eru í hættu. Kvíatóftin á Kirkjubóli **(MH-009:018)** er í stórhættu vegna trjáræktar og eins er tóftin á Haukagili **(MH-011:019)** í hættu vegna vatnsrofs. Tóftirnar sem eftir eru þ.e.í Fljótstungu **(MH-003:025)**, á Háafelli **(MH-013:009)** hafa því mikið varðveislugildi. Mikilvægt er að reyna að sporna við þeirri hættu sem stafar að tóftunum á Kirkjubóli og Haukagili og að hinum verði ekki raskað.

Aðrar útihúsatóftir sem hafa varðveislugildi eru tóftir **geitakofanna** í Kalmanstungu **(MH-002:040)** og **(MH-002:046)** en það eru einu tóftir sinnar tegundar á skráningarsvæðinu.

Sauðfjárbúskapur hefur löngum verið mikill á skráningarsvæðinu og auðvelt væri að gera skemmtilega gönguleið þar sem minjar fornra búskaparhátta væru skoðaðar. Til að mynda mætti skoða **Stekkinn á Bökkunum (MH-003:018)** í landi Fljótstungu og **réttina í Hraungörðunum (MH-002:017)** í landi Kalmanstungu, þá mætti ganga hluta **Tíðagötu (MH-003:028)** og að **Fljótstungurétt (MH-003:027)**. Þeir sem vildu leggja í lengri ferð gætu skoðað **Dalsel (MH-004:021)** í landi Þorvaldsstaða og **Andrésarsel (MH-003:052)** í landi Fljótstungu. Bæði selin eru nokkuð vel varðveitt og á mjög fallegum stað við Litlafljót.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson. 2004. Haugar og heiðni; minjar um íslenskt járnaldarsamfélag. *Hlutavelta tímans; menningararfur á Þjóðminjasafni.* Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.). Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

ÁFÍ 1962: Þorsteinn Þorsteinsson. 1962. Arnarvatnsheiði og Tvídægra. *Árbók Ferðafélags Íslands 1962.*

Árbók 1884-1885: Sigurður Vigfússon. 1885. Rannsókn í Borgarfirði 1884. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885,* 61-138.

Árbók 1893: Brynjúlfur Jónsson. 1893. Nokkur bæjarnöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893,* 74-80.

Árbók 1895: Brynjúlfur Jónsson. 1895. Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1895,* 1-21.

Árbók 1904: Brynjúlfur Jónsson. 1904. Rannsókn í Þverárþingi sumarið 1903. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1904,* 1-17.

Árbók 1906: Brynjúlfur Jónsson. 1907. Fornleifafundir. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1906,* 28-35.

Árbók 1909: Matthías Þórðarson. 1910. Smávegis um nokkra staði og fornmenjar. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1909,* 40-49.

Árbók 1923: Hannes Þorsteinsson.1923. Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923,* 1-96.

Árbók 1984: Þór Magnússon. 1985. Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1984. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1984,* 193-213.

Árbók 1998: Guðmundur Ólafsson. 2000. Fylgsnið í hellinum Víðgelmi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1998,* 125-142.

Árni Þorsteinsson. Svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 11073.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar. Mýrarsýsla og Borgarnes*. III bindi. 1993. Jakob Jónasson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson. (ritnefnd).

BOBL II: Borgfirzk blanda. II bindi. 1978. Bragi Þórðarson safnaði.

Daniel Bruun. 1987. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*. Steindór Steindórsson (þýð.). Reykjavík.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*. I- XV bindi. 1853-1967 Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Friðþór Eydal. 1997. *Vígdrekar og vopnagnýr; Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Bláskeggur.

GJ : Frásögn Guðrúnar Jónsdóttur. Varðveitt hjá Örnefastofnun Íslands.

GR II: *Göngur og réttir; Árnessýsla-Mýrarsýsla*. II bindi, . 1984. Bragi Sigurjónsson annaðist útgáfu. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.

GR III: *Göngur og réttir; Hnappadalssýsla-Húnavatnssýslur*. III bindi, 1985. Bragi Sigurjónsson annaðist útgáfu. Bókaútgáfan Skjaldborg, Akureyri.

ÍF I: Íslensk fornrit. I bindi. 1968. Jakob Benediktsson annaðist útgáfu.

ÍF III: Íslensk fornrit. III bindi. 1938. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson önnuðust útgáfu.

ÍF VII: Íslensk fornrit VII bindi. 1936. Guðni Jónsson annaðist útgáfu.

ÍF VIII: Íslensk fornrit. VIII bindi. 1939. Einar Ól. Sveinsson annaðist útgáfu.

ÍF XIII: Íslensk fornrit. XIII bindi. 1991. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu.

ÍS: Íslendinga sögur. VI og VII bindi. 1953. Guðni Jónsson annaðist útgáfu.

Íslensk bókmenntasaga II bindi. 1993. Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius og Vésteinn Ólason (ritstj.). Mál og menning, Reykjavík.

JÁ: Jón Árnason. 1954-60. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. I og II bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla*. IV bindi. Kaupmannahöfn, 1925 og 1927. Reykjavík, 1982.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

KK: Kristian Kaalund. 1985. *Íslenskir sögustaðir II Vestfirðingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson (þýð.). Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1994. *Hundrað ár í Þjóðminjasafni*. Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi.*

Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Landamerkjabréf Þorvaldsstaða, 1923, nr. 287 ; landamerkjabréf Þorgautsstaða, 1890, nr 338; landamerkjabréf Fróðastaða, 1923, nr. 95; landamerkjabréf Haukagils, 1890, nr. 1; landamerkjabréf Hvamms, 1890, nr. 157. Landamerkjalýsing heiðarlands Reykholts og Hálsasveitar, 1884, nr. 242.

Landamerkjabréf Síðumúlaveggja. 1886.

Magnús Sigurðsson. Bréf dagsett 19.janúar 2005 til skrásetjara.

Magnús Sigurðsson. Svar við fyrirspurn um rústir. Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands, nr. 10699.

Mælingar á áveituskurði og uppistöðugörðum á Norðurengjar í Kalmanstungu. 1922. Varðveitt hjá Búnaðarfélagi Íslands.

NJÍ: Ný jarðabók fyrir Ísland: samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. 1981 (2. útg.). Reykjavík.

Reykjavíkurpósturinn 2. 1846.

Ólafur Kristófersson. Bréf dagsett 1. mars 2005 til skrásetjara.

Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal. 1983. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon sáu um útgáfu. Reykjavík.

Skírnir 1910: Matthías Þórðarson. 1910. Tveir hellar í Hallmundarhrauni. *Skírnir*.

Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Sturl: *Sturlungasaga*. I og II bindi.1988. Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík.

Túnakort: Túnakort Hvítársíðuhrepps 1917. Þjóðskjalasafn Íslands.

ÚAT: Ólafur Briem. 1959. *Útilegumenn og auðar tóttir*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Úr Byggðum Borgarfjarðar. I. bindi. 1971 (2. útg.). Þórður Kristleifsson annaðist útgáfu.

Úr Byggðum Borgarfjarðar II bindi. 1972 (2. útg.). Þórður Kristleifsson annaðist útgáfu.

Þorvaldur Thoroddsen. 1913. *Ferðabók um rannsóknir á Íslandi 1882-1896.* Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn.

Ö-Arnarvatnsheiði: Örnefni á Arnarvatnsheiði. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin af Torfa Magnússyni í Hvammi. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Bjarnastaðir: Örnefni á Bjarnastöðum. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 2000. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Fljótstunga: Örnefni í Fljótstungu. Skráð eftir upplýsingum frá Bergþóri Jónsyni, yfirfarin og staðfest af Páli Bergþórssyni 1966. Viðauka skráði Jóhannes Benjamínsson eftir Erlingi Jóhannessyni 1977. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Fróðastaðir: Örnefni á Fróðastöðum. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1997. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Gilsbakki: Örnefni á Gilsbakka. Skráð af Ara Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hallkelsstaðir: Örnefni á Hallkelsstöðum. Skráð af Jóhannesi Benjamínssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Haukagil: Örnefni á Haukagili. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Háafell: Örnefni á Háafelli. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1996. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvammur: Örnefni í Hvammi. Skráð af Torfa Magnússyni, endurskoðuð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1997. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvítsíðingaafréttur: Örnefni á Hvítsíðingaafrétti. Skráð eftir upplýsingum frá Torfa Magnússyni í Hvammi. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kalmanstunga, 2001: Örnefni í Kalmanstungu, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 2001. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kalmanstunga, KÓ: Örnefni í Kalmanstungu skráð af Ara Gíslasyni. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kirkjuból: Örnefni á Kirkjubóli. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1998. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kolsstaðir: Örnefni á Kolsstöðum. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1994-1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sámsstaðir: Örnefni á Sámsstöðum. Upphaflega skráð af Guðmundi Ólafssyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 2002. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Síðumúlaveggir: Örnefni á Síðumúlaveggjum. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Síðumúli: Örnefni í Síðumúla. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1995. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þorgautsstaðir: Örnefni á Þorgautsstöðum. Upphaflega skráð af Ara Gíslasyni, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 1996. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þorvaldsstaðir: Örnefni á Þorvaldsstöðum. Skráð eftir upplýsingum frá Erlingi Jóhannessyni og móður hans, Torfa Magnússyni og Sigurði Jóhannessyni. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmenn:

Kalmanstunga: Ólafur Kristófersson og Kalman Stefánsson

Fljótstunga: Páll Bergþórsson og Bjarni Johansen

Þorvaldsstaðir: Halldór Sigurðsson

Hallkelsstaðir: Erlingur Jóhannesson

Kolsstaðir: Þorkell Sigurðsson

Gilsbakki: Magnús Sigurðsson

Bjarnastaðir: Guðmundur Jónsson

Kirkjuból: Böðvar Guðmundsson

Hvammur: Steinunn Anna Guðmundsdóttir og Torfi Guðlaugsson.

Haukagil: Helgi Jónsson

Sámsstaðir: Ólafur Guðmundsson

Háafell: Jóhanna Þorvaldsdóttir og Þorbjörn Oddsson

Þorgautsstaðir. Árni B. Bragason

Fróðastaðir: Ingibjörg Daníelsdóttir

Síðumúli: Eyjólfur Andrésson

Síðumúlaveggir: Guðjón Kjartansson

Arnarvatnsheiði: Ólafur Kristófersson og Snorri H Jóhannesson


Kort:

Fornleifar á heimalöndum voru merktar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Kortin voru unnin hjá Húsi og Skipulagi af Selmu Reynisdóttur og Ágústu Edwald.

Fornleifar á afrétti Hvítsíðinga og Arnarvatnsheiði voru merktar inn á gervihnattamyndir, SPOT 5, frá Landmælingum Íslands. Kortin voru unnin af Ágústu Edwald.


Fornleifakort

Landamerki eru merkt með svörtum línum
Fornleifar eru merktar með appelsínugulum krossum
Leiðir sem sáust á vettvangi eru dregnar með rauðri punktalínu*
Leiðir sem ekki sáust á vettvangi eru dregnar með appelsínugulri punktalínu*
Túnstæði eins og þau voru árið 1917 eru skástrikuð




*Leiðir voru ekki hnitsettar að fullu, staðsetning þeirra byggir á rituðum heimildum og upplýsingum frá heimildamönnum.


Kort 1, yfirlitsmynd yfir minjar skráðar haustið 2004




Kort 2, yfirlitsmynd yfir minjar skráðar sumar 2005




Kort 3, Kalmanstunga, suður




Kort 4, Kalmanstunga, norður




Kort 5, Kalmanstunga, norðaustur




Kort 6, Kalmanstunga Arnarvatnsheiði, norður




Kort 7, Kalmanstunga Arnarvatnsheiði, suður




Kort 8, Fljótstunga, suður




Kort 9, Fljótstunga, norður



Kort 10, Þorvaldsstaðir, suður





Kort 11, Þorvaldsstaðir, norður




Kort 12, Hallkelsstaðir

1:15000



N
MH-006:018
MH-006:034
MH-006:044
MH-006:023
Kolsstaðir
MH-006:037
MH-006:036
MH-006:041
MH-006:040
MH-006:035A
MH-006:035B
MH-006:035C
MH-006:026
MH-006:042
MH-006:039
MH-006:017
MH-006:032
MH-006:008
MH-006:014
MH-006:013
MH-006:027
MH-006:010
MH-006:031
MH-006:030
MH-006:016
MH-006:029
MH-006:009
MH-006:019
MH-006:025
MH-006:007
MH-006:020
Kort 13, Kolsstaðir
1:15000




Kort 14, Gilsbakki, suður




Kort 15, Gilsbakki, miðhluti




Kort 16, Gilsbakki, norður




Kort 17, Gilsbakkaselland



Kort 18, Bjarnastaðir



Kort 19, Kirkjuból




Kort 20, Hvammur



N
MH-011:034
MH-011:013
MH-011:031
MH-011:024
Haukagil
MH-011:029
MH-011:012
MH-011:008
MH-011:017
MH-011:035
MH-011:021
MH-011:032
MH-011:030
MH-011:036
MH-011:027
MH-011:006
MH-011:026
MH-011:016
MH-011:022
MH-011:023
MH-011:007
MH-011:017
1:20000
Kort 21, Haukagil




Kort 22, Sámsstaðir




Kort 23, Sámsstaðaselland



N
MH-013:027
MH-013:029
MH-013:028
MH-013:024
Háafell, syðri hluti
MH-013:023
MH-013:022
MH-013:018
MH-013:017
MH-013:014
MH-013:013
MH-013:016
MH-013:015
MH-013:019
MH-013:020
MH-013:021
Kort 24, Háafell, suður
1:15000




Kort 25, Háafell, norður



Kort 26, Þorgautsstaðir, suður og Tóptahringur




Kort 27, Þorgautsstaðir, norður




Kort 28, Fróðastaðir


1:15000



Kort 29, Síðumúli



Kort 30, Síðumúlaselland


N
MH-018:031
MH-018:030
MH-018:017
MH-018:018
MH-018:013
MH-018:029
MH-018:019
MH-018:020
MH-018:023
MH-018:028
MH-018:033
MH-018:022
Síðumúlaveggir
MH-018:014
MH-018:015
MH-018:026
MH-018:012
MH-018:025
MH-018:024
MH-018:034
MH-018:021
MH-018:010
MH-018:011
MH-018:009
MH-018:008
1:15000
Kort 31, Síðumúlaveggir